FYRSTI FUNDUR, mánudaginn 15. febrúar. Eftir að hið sameinaða alþingi hafði lokið störfum sínum, var fundur settur í þingsal neðri deildar.

Allir þingmenn deildarinnar voru viðstaddir og voru þeir þessir:

1. Benedikt Sveinsson, þm. N.-Þing.
2. Bjarni Jónsson, þm. Dal.
3. Björn Jónsson, þm. Barð.
4. Björn Kristjánsson, 1. þm. G.-K.
5. Björn Sigfússon, 2. þm. Húnv.
6. Eggert Pálsson, 1. þm. Rangv.
7. Einar Jónsson, 2. þm. Rangv.
8. Hannes Hafstein, 1. þm. Eyf.
9. Hannes Þorsteinsson, 1. þm. Árn.
10. Hálfdan Guðjónsson, 1. þm. Húnv.
11. Jóh. Jóhannesson, 2. þm. N.-Múl.
12. Jón Jónsson, 1. þm. N.-Múl.
13. Jón Jónsson, 1. þm. S.-Múl.
14. Jón Magnússon, þm. Vestm.
15. Jón Ólafsson, 2. þm. S.-Múl.
16. Jón Sigurðsson, þm. Mýr.
17. Jón Þorkelsson, 1. þm. Rvk.
18. Magnús Blöndahl, 2. þm. Rvk.
19. Ólafur Briem, 1. þm. Skagf.
20. Pjetur Jónsson, þm. S.-Þing.
21. Sigurður Gunnarsson, þm. Snæf.
22. Sigurður Sigurðsson, 2. þm. Árn.
23. Skúli Thoroddsen, þm. N.-Ísf.
24. Stefán Stefánsson, 2. þm. Eyf.
25. Valtýr Guðmundsson, þm. Sfjk.
26. Þorleifur Jónsson, þm. A.-Sk.

Eftir fyrirmælum þingskapanna og áskorun ráðherra gekst aldursforseti Björn Jónsson þm. Barð. fyrir kosningu forseta og hlaut kosningu:

Hannes Þorsteinsson 1. þm. Árn. með 15 atkv., Sig. Gunnarsson þm. Snæf. fékk 1 atkv., 8 seðlar voru auðir. Forseti Hannes Þorsteinsson gekk þá í forsetastól og lét kjósa 1. varaforseta: —

Ólafur Briem 1. þm. Skagf. hlaut kosningu með 17. atkv., Sig. Gunnarsson þm. Snæf. fékk 1 atkv., 8 seðlar voru auðir.

Þá lét forseti kjósa 2. varaforseta og hlaut Sigurður Gunnarsson þm. Snæf. kosningu með 14 atkv., 9 seðlar voru auðir.

Þá voru kosnir skrifarar með hlutfallskosningu og hlutu kosningu:

Bjarni Jónsson, þm. Dal. og
Jón Ólafsson, 2. þm. S.-Múl.

Á 2. fundi þingd. þriðjudaginn 16. febr. lagði ráðherrann fram, til meðferðar í deildinni, frumvörp þau er hér segir:

1. Frv. til laga um samþykt á landsreikningnum fyrir árin 1906 og 1907.
2. Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1906 og 1907.
3. Frv. til fjárlaga fyrir árin 1910 og 1911.
4. Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1908 og 1909.
5. Frv. til laga um bráðabirgðahækkun á aðflutningsgjaldi.
6. Frv. til laga um styrktarsjóð handa barnakennurum.
7. Frv. til laga um skipun varabiskups.
8. Frv. til laga um löggilding verzlunarstaðar í Viðey í Kjósarsýslu.
9. Frv. til laga um ríkisréttarsamband Danmerkur og Íslands.
10. Frv. til stjórnskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin

sérstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1874 og stjórnarskipunarlögum 3. okt. 1903.

Öllum þessum frv. var útbýtt meðal þingmanna.

Fjárhagsyfirlit.

Um leið og ráðherra lagði stjórnarfrumvörpin fram á 2. fundi Nd. 16. febr., gaf hann eftirfarandi yfirlit yfir fjárhagsástandið.

Ráðherrann (H. H.): Eg ætla í þetta sinn ekki að fara frekar út í hin einstöku frumvörp, sem eg hefi fram lagt, heldur geyma mér þær athugasemdir, sem eg kynni að þurfa að gera við þau, þangað til þau koma til umræðu í deildinni. Í dag vildi eg að eins mega eins og á tveimur síðast undanförnum þingum, skýra með fáeinum orðum frá fjárhagsástandinu, eins og það nú er og ætla má að það verði við lok yfirstandandi fjárhagstímabils.

Þegar eg nefni fjárhagsástandið í þessu sambandi, á eg auðvitað að eins við fjárhag landsjóðsins, hins sameiginlega sjóðs, sem þing og stjórn hefir meðgerð og umsjá með. Aftur á móti ætla eg mér ekki í þetta sinn að tala um fjárhagsástandið í landinu, efnahag og horfur almennings, er tilefni getur þó gefið til ýmislegra alvarlegra hugleiðinga. En þótt náið sé nef augum, þá er þó sitthvað fjárhagur landsjóðs og fjárhagsástandið í landinu, og ber ekki að sama brunni að því er ábyrgðina snertir. Þetta þarf væntanlega ekki nánar að útlista, þótt svo virðist, sem þessu hafi stundum verið blandað undarlega saman, þegar rætt hefir verið um fjárhagsráðstafanir þings og stjórnar.

Síðastliðnu fjárhagstímabili, 1906—1907, reiddi þannig af, að tekjuhallinn varð hér um bil helmingi minni, en áætlað hafði verið í fjárlögunum. Á þessum árum var ritsíminn og talsíminn lagður um landið, geðveikrahælið bygt, óvenjulega miklu varið til vega og brúa, dýrir vitar reistir og auk þess allmiklu fé varið til óvenjulegs kostnaðar, o. s. frv. og sagði mörgum þunglega hugur fyrir um, hvernig kljúfa ætti fram úr öllum þeim gjöldum, sem þetta fjárhagstímabil hafði í för með sér. En svo fóru leikar, að þótt útgjöldin yrðu allmikil umfram áætlun, bæði samkvæmt fjáraukalögum og nýjum lögum og upp á væntanlega aukafjárveiting, eins og landsreikningarnir greina og fjáraukalagafrv. fyrir 1906—1907 ber með sér, þá urðu á hinn bóginn tekjurnar einnig svo mikið fram yfir áætlun, að öll þessi aukagjöld borguðust upp, og þar að auki hér um bil helmingurinn af hinum áætlaða tekjuhalla fjárlaganna.

Það má nú segja, að þetta sé slembilukka ein, að þannig réðist, en það er ekki rétt. Tekjurnar voru í fjárlögunum með ásettu ráði af hálfu stjórnar og þings áætlaðar mjög lágt og varlega, þannig að þegar frá upphafi mátti búast við því með réttu, að tekjurnar yrðu eigi alllítið hærri, ef ekki bæri alveg óvanalegan hnekki að höndum, að því er snerti atvinnuvegi og viðskiftalíf landsins, og gátu menn þess vegna verið öruggari til framkvæmdanna. — Þegar liða fór fram á árið 1906, kom það í ljós, að tekjur urðu langt um vonir fram, og eftir áramótin 1906—1907 var hægt að slá því föstu, að tekjurnar á árinu 1906 hefðu orðið um 350 þúsund kr. umfram áætlun. Þegar kom fram undir þing 1907 var það orðið sjáanlegt, að það ár ætlaði ekki að verða lakara heldur jafnvel betra, en hið fyrra, að því er landsjóðstekjur snerti, og þess vegna var engan veginn rent blint í

sjóinn, er bætt var við aukaútgjöldum, eins og gert var á þinginu með fjáraukalögum og nýjum lögum. Eftir því, sem þá varð séð, var ekki annað líklegra, en að tekjur fjárhagstímabilsins mundu jafnvel hrökkva alveg, svo að ekkert yrði eftir af áætluðum tekjuhalla fjárlaganna, enda mundi svo hafa farið, ef kostnaður hér innanlands við flutninga o. fl. út af komu konungs og ríkisþingsmanna, hefði eigi orðið svo miklu meiri, en nokkur hafði við búist, sem raun ber vitni um. En það má hugga sig við, að þau útgjöldin hafa í öllu falli ekki orðið til þess að spilla fjárhagsástandinu í landinu, því á þessu hefir margur landinn allvel grætt.

Peningaforði landsjóðs var 31. desbr. 1907 . . .	340,068
Viðlagasjóður	1,210,428
Samtals kr.	1,550,496

Eins og niðurstaðan varð, má hún heita góð eftir atvikum, þó að ekki lánaðist að jafna alveg allan hinn áætlaða tekjuhalla. Hann hefir oft orðið meiri en varð, án þess það hafi vaxið í augum, og þó ekki verið meira að gert.

Þá kemur yfirstandandi fjárhagstímabil. Að vísu er svo skamt liðið frá áramótum, að ekki er unt enn þá, að gera upp nákvæman reikning fyrir hið liðna ár. En hins vegar hefir verið hægt að fá með ritsímans hjálp þær upplýsingar, frá gjaldheimtumönnum, að hægt er að sjá hér um bil, hve miklar tekjurnar hafa orðið; gjöldin er oss kunnugt um. Það hefir því verið gert bráðabirgðayfirlit yfir tekjur og gjöld landsjóðsins árið sem leið, sem að vísu sumpart er bygt á áætlun, en þó ekki getur skakkað neinu verulegu frá hinu rétta.

Í fjárlögunum fyrir fjárhagstímabilið 1908—1909 eru tekjurnar taldar 2,822,530 kr., gjöldin 2,848,042 kr., tekjuhalli talinn 25,512 kr. 67 aurar. En af tekjunum eru 500,000 kr. lántaka samkvæmt heimildarlögum frá 19. desbr. 1903. Eru eiginlegar tekjur ekki nema 2,322,530. Það er þannig rétt að segja, að hinn eiginlegi tekjuhalli sé 525,512 krónur, sem ætlast er til að verði minkaður um ½ miljón með lántöku.

Af hinum áætluðu tekjum kemur á árið 1908	kr. 1,157,265
en á árið 1909	— 1,165,255
Af útgjöldunum kemur á árið 1908	— 1,616,436
en á árið 1909	— 1,231,606
Af hinum nýnefnda tekjuhalla kemur þannig á árið 1908 . . .	kr. 459,171
en á árið 1909 að eins .	— 66,341
	kr. 525,512

Öll hin nýnefnda gjalda-upphæð, 1,616,436, hefir komið til útgjalda á árinu 1908, að undanskildum kr. 21,458, sem er mismunur á óútborguðu fé og umframgreiðslunni á fjárlögunum 1,594,978
En auk þess hefir orðið að greiða eftir nýjum lögum . 124,500
Samtals kr. 1,719,478

Þetta eru því gjöld ársins. En tekjurnar urðu, eftir því sem næst verður komist og telja verður . kr. 1,461,766 sem er 304,500 kr. fram yfir hina áætluðu tekjuupphæð.

Í árslokin var svo tekið hið fyrirhugaða lán, sem ekki varð lengur dregið, þegar vegna þess, að póstávísanasendingar héðan af landi höfðu orðið svo langt fram yfir það, sem vant er, og skuld landsjóðs í viðskiftareikningnum þess vegna svo há, að svo búið mátti ekki standa. Að meðtöldum þessum . . . . . kr. 500,000
verða árstekjurnar því taldar . . . . . kr. 1,961,776
og þegar nýnefnd gjalda-upphæð . . . . . — 1,719,478

er frá dregin verður eftir
til síðara ársins . . . kr. 242,288
sem þá ætti að verða reikningslegur tekjuafgangur í landsreikningnum fyrir 1908. Upp í það, sem þegar er búið að borga út, hefir þá gengið af lánsupphæðinni c. 257,700 kr., en hitt gengur yfir til ársins 1909. Nú kemur, eins og eg skýrði frá áðan, ekki nema 66,341 kr. af áætluðum tekjuhalla fjárhagstímabilsins á það ár, og ættu því að vera c. 242,288 — 66,341 = 175,947 kr. til þess að borga það, sem óútborgað er af fyrra árs fjárveiting og gjöld eftir væntanlegum fjáraukalögum frá þessu þingi fyrir fjárhagstímabilið 1908—1909.

Jafnvel þótt tekjurnar 1909 yrðu ekki meiri en fjárlögin gera ráð fyrir, ætti þó enginn, eða mjög lítill tekjuhalli að verða. En alt það, eða mestalt, sem tekjurnar verða umfram áætlun, ætti þá að verða eftir sem tekjuafgangur fyrir fjárhagstímabilið. Eg skal engu spá. En úr því tekjurnar á árinu 1908, sem var tiltölulega tekjurýrt og gaf rúmum 183 þúsundum króna lægri tekjur heldur en næsta ár á undan, gaf samt af sér meira en 300 þúsund umfram áætlunina, sem er næstum hin sama fyrir bæði árin, þá virðist ekki djúpt tekið í árinni, þótt menn segi að það sé sennilegt, að tekjurnar verði eins miklar í ár eins og í fyrra, og ætti þá tekjuafgangurinn í lok fjárhagstímabilsins, sem nú stendur yfir, að vera talsvert mikill.

Þær 242 þúsund krónur, sem samkvæmt framansögðu eiga að vera afgangs láninu í landsreikningnum 1908, bætast ekki allar við peningaforðann, af því að á árinu hafa gengið til lánveitinga 150 þús. kr. fram yfir það, sem nú hefir borgast af lánum, og vex viðlagasjóður um þá upphæð. En við peningaforðann bætist c. 92000 kr., og hefir hann þá verið við árslok 1908 c. 432,000 krónur.

Lántakan, sem að framan var nefnd, var þegar ráðgerð og leyfð árið 1903, áður en núverandi stjórn tók við, og hefir í rauninni jafnan verið reiknað með henni síðan, þannig að hún hefir verið skoðuð sem bakhjarl, þegar um aukin fjárútgjöld eða kostnað hefir verið að ræða. Hún var samþykt með lögum á hinu svo nefnda miljónaþingi, sem bjó í hendurnar á hinni nýju innlendu stjórn, er þá var væntanleg, fjárlög með meira en 400 þúsund króna áætluðum tekjuhalla, auk nýmæla, sem höfðu að auki um 100 þús. kr. útgjöld í för með sér, á því fjárhagstímabili. Hygg eg, að fáir hafi búist við, að komist yrði hjá því, að taka lánið þá; en efni landssjóðs hafa blessast svo, að þess hefir ekki þurft, þrátt fyrir mikil og margvísleg útgjöld og fyrirtæki, þangað til það loks nú er tekið og notað mestmegnis til arðberandi framkvæmda og fyrirtækja, sem sjálf borga vextina af láninu, eins og eg síðar mun drepa á.

Til frekari skýringar því, hver áhrif þessi lántaka hefir á upphæð landssjóðsins, skal eg leyfa mér að bera saman fjárhag landssjóðs, eins og hann var í ársbyrjun 1904, þegar núverandi stjórn tók við, og eins og hann er nú í þessu augnabliki, eða var við nýafstaðin áramót.

Þá, hinn 31. desbr. 1903, var eins og landsreikningarnir sýna, upphæð viðlagasjóðsins 1,105,261
Peningaforði landssjóðs . . 666,106
Samtals kr. 1,771,367

Á þessum stofni hvíldu samkvæmt fjárlögum og öðrum lögum fjárveitingar og útgjöld, sem námu yfir 500 þúsund krónum.

Hinn 31. desbr. 1908 var

viðlagasjóðurinn	1,360,623
Þar við verður að bæta upphæðum, sem lagðar hafa verið til annara sjóða landssjóðs, fiskiveiðasjóðs og byggingarsjóðs m. m.	109,038
Peningaforðinn 31. desembr. 1908 . . . . . c.	432,161
	1,901,822
	1,771,367
Mismunur	130,455

Á þessum stofni hvílir hin margnefnda 500,000 kr. lántaka, tekin í árslok 1908, samkvæmt lögum, sem alþingi án tilmæla stjórnarinnar samþykti þegar á alþingi 1903 til þess að standast þann tekjuhalla, sem þá var ákveðinn og samþyktur af þinginu. En nú er viðlagasjóður og stofninn liðlega 130,000 kr. hærri en þegar núverandi stjórn tók við. Það er með öðrum orðum: það er að eins tæplega 370 þús. króna skuld, sem lagst hefir á stofninn frá því sem hann var í ársbyrjun 1904. Ef öll skuldin væri borguð upp nú þegar í stað, þá væri upphæð viðlagasjóðs og peningaforða samanlögð að eins tæpum 370 þús. kr. lægri nú í svipinn, heldur en þegar núverandi stjórn tók við, og væri beðið loka yfirstandandi fjárhagstímabils, og tekjuafgangur sá, sem eg áður hefi leitt rök að, að verða megi við lok þess, látinn ganga til greiðslu lánsins, eða lagður við viðlagasjóðinn, þá yrði þessi mismunur enn þá miklu minni — ef til vill enginn, ef vel árar.

En hvað hefir þá orðið af þessum tæpl. 370 þús. krónum, sem mismunurinn nemur nú í svipinn? Hafa þær gengið í súginn? Orðið eyðslufé? Sér þeirra engar menjar í neinu, sem sé þess virði? Jú, á móti þessari upphæð kemur það, að vér höfum á þessum árum eignast allmargt það, sem telja má landssjóði til eflingar og vegsauka, þar á meðal landsímanet, sem kostað hefir 971,200 krónur, og óhætt má meta á miljón króna, auk alls óbeins hagnaðar, gagnfræðaskóla á Akureyri, Geðveikrahælið, Kennaraskólann, Brýr á Lagarfljóti, Jökulsá, Fnjóská, Hvítá o. m. fl. Vita á Reykjanesi (nýjan fyrir alt að 90,000 kr.), á Vestmannaeyjum, á Dalatanga og Siglunesi, keypt skóglönd til ræktunar og byrjað að rækta þau, o. s. frv., o. s. frv. Eflt búnaðarfyrirtæki og verklegar framfarir að miklum mun og auk þess varið á þessu tímabili 217,000 krónum til útrýmingar fjárkláðanum, Þar að auki hefir verið varið 220 þús. til þess að halda uppi sóma landsins og auka því álit hjá öðrum þjóðum með sæmilegri móttöku á konungi vorum og hinum dönsku ríkisdagsmönnum, og þó hefir landið lagt fram fé til safnhússins, fegursta og stærsta hússins hér á landi. Eg held því að engum geti blandast hugur um, að landssjóður hefir auðgast og það stórauðgast að eignum síðan árið 1903, og að hagur hans er eins góður og eftir verður vænt í landi, sem er eins fátækt og fámennt og þurfandi kostnaðarsamra umbóta og framkvæmda í öllum greinum, eins og okkar land.

Eg gat þess áðan, að lánið af ríkissjóði væri tekið til arðvænna fyrirtækja, og skal eg nú færa því stuttlega stað.

Þau fyrirtæki, sem lánsfénu, eða því sem enn er eytt af því, hefir verið varið til, er ritsímar og vitar. Það verður að skoða vitagjaldið sem afrakstur af vitunum, því það getur ekki verið nein siðferðisleg heimild til þess að heimta slíkt gjald nema sem borgun fyrir afnot vita, sem til eru. Nú nam vitagjaldið á síðasta fjárhagstímabili . . . . . 34,500 kr.

en starfræksla vitanna að eins c. . . . . 15,000 kr.
Mismunur 19,500 kr.

er renta af miklu meiri upphæð, heldur en vér enn höfum lagt í vitabyggingar, og eigum vér þar skyldur af hendi að inna, sem vér með réttu getum tekið lánsfé til.

Að því er snertir landsímana er það að segja, að þeir eru nú þegar að verða landssjóði tekjugrein. Af þeim 971200 kr., sem landsímarnir ásamt bæjarkerfunum alt í alt hafa kostað og eiga verðmæti fyrir, hefir stóra norræna lagt til 300,000
og sýslufélög . . . 48,500 348,500

Landssjóður hefir þá als lagt fram til þessara fyrirtækja að meðtöldum öllum undirbúningskostnaði . . . 622,700

Af þessu fé fór til Vestfjarða-álmunnar og annara lína, sem bygðar voru á síðasta sumri og ekki teknar til afnota fyr en síðasta ársfjórðunginn 292,484

Allar aðrar línur, sem voru til almenningsnota alt árið 1908 hafa því kostað landssjóð alls 330,216

Nú urðu tekjurnar af þessum símum á árinu 1908 — sem sannarlega ekki var neitt veltiár í verzlun og viðskiftum — að frádregnum öllum starfskostnaði, 17,000 kr. nettó, en það samsvarar fullum 5% af öllu því fé, sem landssjóður hafði lagt til þessara landsíma. En um þá síma, sem að eins voru til afnota síðasta ársfjórðunginn, er það að segja, að þeir gáfu af sér nettó, að frádregnum öllum starfskostnaði 3000 kr. á ársfjórðungnum, er samsvarar 12,000 kr. á ári, en það er meira en 4% af því fé, sem landssjóður hefir til þeirra lagt. Þegar þetta er þannig, þegar á fyrsta ári, og það í afturfararári að öðru leyti, þá má og renna grun í, hvað verða muni, þegar frá líður, ef hér gildir líkt lögmál um slíkt eins og annarstaðar í veröldinni. — Til þess að forðast misskilning, vil eg taka það fram, að það væri ekki rétt að draga tillagið til Mikla Norræna frá landsímaarðinum, fremur en tillagið til póstgufuskipanna er dregið frá arðinum af póstferðum innanlands. Það fé er greitt fyrir hinn óbeina hag, sem öll viðskifti landsins við umheiminn hafa af sambandinu, eins og sýslufélög leggja tillög til landsímans fyrir hagnaðinn við að fá hann í héraðið, og höfum vér auk þess fengið talsvert í aðra hönd, þar sem eru þær 300,000 kr., sem félagið hefir lagt til landsímans, og aukið með því eign landssjóðs.

Það eru ekki slík fyrirtæki, sem valda því, að tekjur landssjóðs, eins og þær eru eftir núgildandi lögum, geta ekki með gætilegri áætlan nægt til þess að vega á móti þeim gjöldum, sem nauðsynlegt hefir þótt að fara fram á í fjárlagafrumvarpi því, sem nú er fram lagt. Eins og sýnt er fram á í aths. við frumv. um bráðabirgðahækkun á aðflutningsgjaldi, eru það aðrar aðkallandi þarfir, sem því valda, þarfir, sem ekki verður á bug vísað, en sem eftir eðli sínu ekki geta gefið beinan arð af fé því, sem til þess gengur. — En á það atriði mun eg minnast lítið eitt nánar, þegar fjárlögin koma til umræðu.

Fjárlög 1910 og 1911.

FRUMVARP til fjárlaga fyrir árin 1910 og 1911; 1. umr. 17. febr. (A. bls. 1.).

Ráðherrann (H. H.): Í fjárl.frv. þessu eru tekjur landsins áætlaðar 2,612,530 kr. á fjárhagstímabilinu 1910—11, og

er það 311 þús. kr. lægra, en tekjurnar reyndust 1908—9, og um 400 þús. kr. lægra en reyndist 1906—7. Gjöldin eru áætluð 2961004 kr., og því gert ráð fyrir um 348 þús. kr. tekjuhalla. En þann tekjuhalla er gert ráð fyrir, að jafna með bráðabirgðarhækkun á aðflutningsgjaldi, sem annað frv. stjórnarinnar hljóðar um, og þyrfti jafnvel eigi á neinni slíkri hækkun að halda, ef treysta mætti því, að tekjurnar færu eins fram úr áætluninni, eins og þær hafa gert undanfarin 4 ár. En jafnvel þótt tekjurnar séu í þessu frumv. svo varlega áætlaðar, að t. d. aðflutningsgjald er sett um 146 þús. kr. lægra, heldur en búast mætti við eftir meðaltali 3 síðustu ára, þá hefir ekki þótt undir því eigandi.

Þessi áætlaði tekjuhalli stafar engan veginn eingöngu af framkvæmd nýrra fyrirtækja, heldur af vaxandi árlegum kostnaði til landsþarfa, þarfa, sem hljóta að vaxa með vaxandi menningararviðleitni. Sérstaklega hefir aukist mjög kostnaður til mentamála, en einnig önnur gjöld hafa aukist mjög á síðari árum, svo sem ljóst má sjá á töflu þeirri, sem prentuð er í athugasemdunum við tollhækkunarfrumv., og sýnir samanburð á gjöldum landsjóðs eftir fjárlögunum fyrir þau fjárhagstímabil, sem af eru 20. öldinni við þetta fjárlagafrumvarp, að því er snertir einstaka málaflokka. Sem dæmi má nefna, að á þessu stutta tímabili aukast gjöldin til

	1900—1901.	Nú.
Læknamálefna	úr 197 þús.	upp í 283 þús.
Vegamála	- 166 —	— 252 —
Samgangna á sjó	- 121 —	— 169 —
Ritsíma og talsíma		377 —
Vita	úr 14 —	— 85 —
Kirkjumála	- 47 —	— 91 —
Kenslumála	- 204 —	— 382 —

Um þessa síðustu upphæð er þó það að athuga, að við hana ætti að bæta gjöldunum til bændaskóla, iðnskóla o. fl., sem nú telst með útgjöldum til verklegra framkvæmda, þá yrði kenslumálakostnaðurinn á frv. 513 þús. kr. til móts við 232 þús. kr. árin 1900—1901. Til vísinda og bókmenta gengur nú 122 þús. kr., þá 58 þús. Til verklegra fyrirtækja nú 395 þús. kr., þá 109 þús. kr., eða ef frá er dregið það, sem að réttu lagi heyrir til kenslumála, nú 264 þús. kr., þá 82 þús. kr. Yfirleitt stafar útgjaldaaukinn af nýjum lagafyrirmælum og umbótum í helztu velferðarmálum þjóðarinnar. Það er misskilningur, að hann stafi mest af samgöngumálakostnaði. Þess verður að gæta, að samgöngufyrirtæki gefa af sér beinar tekjur, sem draga verður frá gjöldunum til þeirra. — Þannig er í frumv. landssjóðs taldar tekjur af póstferðum, ritsímum og talsímum, svo og vitagjaldi: 345 þúsund krónur, og heggur það stórt skarð í kostnaðinn. En gjaldaaukningin skiftist niður á ýmsa aðra liði, og skal eg nefna nokkur ný gjöld og viðbætur við gjöld fram yfir það, sem nú nægir á yfirstandandandi fjárhagstímabili:

1. Afborgun og vextir af láni landssjóðs 89911 kr. með jöfnum greiðslum í 15 ár. Það væri ef til vill réttara, að afborga $^1/_{15}$ hluta lánsins á ári auk vaxta, þó að greiðslan verði hærri fyrst í stað, því við það verða vextir, sem greiðast samtals, dálítið minni, og má breyta því á þinginu.

2. Til fátækramála (ný gjöld) 6000 kr.

3. Til geðveikrahælis (hækkun) 13000 kr.

4. Til póstmála (hækkun) 9500 kr.

Um þessa síðustu upphæð er það

að segja, að hún er ætluð sumpart til nýrra póstafgreiðslumanna, en þó einkum til launabótar eldri póstafgreiðslumönnum. Búið er við, að póststjórnin missi marga hina færustu þeirra, ef laun þeirra verða ekki bætt, og væri það ilt. Það er mjög óheppilegt, að hafa opinbera starfsmenn á svo lágum launum, að landsstjórnin getur ekki haldið einurð sinni gagnvart þeim af ótta fyrir því, að þeir sem nú eru fleygi starfinu frá sér, og enginn sæmilega hæfur maður fáist til að takast það á hendur.

5. Viðbót til gufubátsferða til Hornafjarðar hefir verið áætluð 12 þús. krónur. Það fé, sem síðast var veitt, reyndist ekki nægilegt til þess, að neitt gæti orðið úr sérstökum ferðum þangað, en vegna sárrar þarfar þess héraðs, er lagt til þessarar hækkunar og stungið upp á því, að veita alls 24 þúsund krónur til sérstaks gufubáts, sem helzt ætti að ganga sunnanlands milli Reykjavíkur og Hornafjarðar, með viðkomustöðum á fleiri brimhöfnum á Suðurlandi, sem afskiftar eru samgöngum.

Meðal annara gjaldahækkunar, um fram það, sem nú er veitt, skal eg nefna:

Vitar 67 þús. kr.
Prestlaunasjóður 48 þús. kr.
Lagaskólinn 11 þús. kr.
Kennarakensla 14 þús. kr.
Kvennaskóli 6 þús. kr.
Barnaskólar 9 þús. kr.
Farskólar 10 þús. kr.
Bygging barnaskólahúsa 28 þús. kr.
Umsjón fræðslumála $3^1/_2$ þús. kr.
Kensla heyrnar- og málleysingja 1500 kr.
Lýðskólinn um 1 þús. kr.
Landsbóka- og landsskjalasöfnin um 11 þús. kr.
Fornmenjar- og gripasöfn um 3 þús.
Búnaðarfélagið 6 þús. kr.
Skógrækt 6 þús. kr.
Verzlunarskólinn 4 þús. kr.

Til bygginga á bændaskólunum á Hólum og Hvanneyri 74,600 kr.

Um hina síðustu fjárveitingu skal þess getið, að hún er óhjákvæmileg, ef skólarnir eiga að koma að tilætluðum notum, eftir því sem lögin mæla fyrir; eru teikningar og áætlanir tilbúnar, og verða lagðar fyrir þingið ásamt ítarlegum skýrslum um nauðsyn bygginganna.

Alls nema þessar nauðsynlegu hækkanir frá því á núgildandi fjárlögum 435,136 kr., og er því ekki von, að tekjurnar fylli í skörðin.

Upphæðin til gufuskipaferða er sett eins og áður, þó að ferðirnar hafi orðið 10 þús. kr. ódýrari á ári en áætlað var. En eg hefi fengið nýtt tilboð frá Kaupmannahöfn um gufuskipaferðir til Reykjavíkur 14. hvern dag fyrir þessa upphæð. Mun það tilboð verða lagt fyrir væntanlega fjárlaganefnd og einstök atriði þess skýrð.

Eg álít óþarft, að fjölyrða meira um frumv. að sinni, er auðvitað fús til, að gefa háttv. þingd. allar þær upplýsingar, sem mér er unt að gefa.

Vona eg, að háttv. deild taki frumv. vel og samþykki stefnu þess og tillögur.

Björn Jónsson: Eg legg til, að þessari umræðu sé frestað og 7 manna nefnd kosin í málið.

ATKV.GR.: 1. umr. frestað í e. hlj.

Samþ. að kjósa 7 manna nefnd í einu hlj.

Kosningu hlutu með hlutfallskosningum:

Björn Sigfússon,
Jón Jónsson, 1. þm. S.-Múl.,
Skúli Thoroddsen,
Sigurður Sigurðsson,
Pétur Jónsson,

Björn Jónsson,
Eggert Pálsson.

Hinn síðast taldi með hlutkesti milli hans og Jóns Sigurðssonar er hafði jafna hlutfallstölu.

Í nefndinni var Skúli Thoroddsen kosin formaður en Björn Jónsson skrifari og framsögumaður.

Á fundi deildarinnar 20. marz skýrði forseti frá að í stað forseta sameinaðs þings (Björns Jónssonar), er utan færi hefði meiri hlutinn samþykt að taka Björn Kristjánsson í fjárlaganefndina. Eftir það varð Skúli Thoroddsen framsögumaður nefndarinnar.

Framh. 1. umr. 17. marz (A. 245, n. 243).

Framsögumaður (Björn Jónsson): Það hefir verið vani þegar fjárlögin hafa verið til framh. fyrstu umr., að nota þá tækifærið til þess að rekja störf stjórnarinnar, og finna að því, sem menn álíta aðfinsluvert í fari hennar. En nú hefir öllum komið saman um mér og mínum flokksmönnum að láta þennan eldhúsdag niður falla, vegna þess að hann er búinn að vera þetta árið, var 23. febr., þegar rædd var vantraustsyfirlýsingin til stjórnarinnar (ráðherrans), svo það er ekki sérstaklega þörf á því að hafa hann nú. Ennfremur má benda á það að núverandi stjórn er þegar farin frá völdum, svo það virðist vera þarflítið að rifja upp sakir á hendur henni. Af þessum ástæðum tel eg langréttast að láta þennan svonefnda eldhúsdag niður falla að þessu sinni. Hef svo ekki annað um þetta að segja en æskja að málinu sé vísað til 2. umr.

Að öðru leyti þykir mér mikið undir því komið að málinu verði hraðað, vegna þess að eg fer utan, eins og menn vita, að 3 dögum liðnum og þyrfti þá að hafa lokið framsögu minni við 2. umr.

Jón Ólafsson: Háttv. frams.m (B. J.) tók það fram í ræðu sinni, að ekki væri vert að hafa framhald fyrstu umr., eins og vant hefir verið undanfarin þing, eða eldhúsdag, sem kallað er, af því ekki væri ástæða til þess þar sem stjórnin færi frá völdum. En þetta er misskilningur, að ekki sé þörf á að halda eldhúsdag. Vér minni hl. menn héldum komandi stjórn, eða hennar flokkur, meiri hlutinn, mundi gera grein fyrir fjármálastefnu sinni, eða framleggja eitthvert prógram, einkum ætti þetta ekki að vera erfitt, þar sem háttv. framsögumaður fjárlaganna (B. J.), er sá maður, sem stendur nú til að komist til valdanna og minni hlutinn getur, ef til vill, átt tilefni til að halda eldhúsdag yfir fjármálastefnu hinnar nýju stjórnar; en frá þessu er oss algerlega bægt, ef háttv. meiri hluti ætlar nú þegar að skera niður 1. umr.

Vér höfum fengið hér í hendur nefndarálitið; það kom svo seint, að eg hefi ekki getað fengið tíma til að lesa það alt, sízt rækilega; en satt að segja bjóst eg við því miklu stórfenglegra, og mér er engin launung á því, að nefndarálit þetta er óefað hið lang ómerkilegasta fjárlaganefndarálit, sem eg hefi séð síðan alþing var stofnað. Í því sjást ekki nein princip. En svo hugsaði eg; nefndarálitið er eins og umgerð tóm af andliti; breytingatillögurnar munu fylla það út og gefa því svip og drætti. En br.till. komu ekki fram hér í deildinni fyrri en nú eftir að háttv. framsm. (B. J.) hóf ræðu sína og ná ekki enn nema að 15. gr. Eg sé í nefndarálitinu, að talað er um meiri hluta og minni hluta, en hver þessi meiri hluti er, veit maður ekki.

Er það framsögumaður og hans flokkur? eða eru það þeir sem fylgja núverandi stjórn?. Þetta fær maður enga hugmynd um, því að þeir hafa allir nefdarmennirnir skrifað athugasemdalaust undir nefndarálitið.

Það er skiljanlegt, að háttv. framsm. vill flýta fjárlögunum svo sem auðið verður, þar sem hann verður að fara utan á sunnudaginn kemur. En hitt álasa eg nefndinni fyrir, að hafa látið nefndarálitið koma svo seint. Eg veit, að framsm. nefndarinnar er svo vel ritfær og starfsamur, að honum hefði verið innan handar að láta álitið koma svo sem degi fyr. En þetta flaustursverk get eg ekki kallað annað en að taka fyrir munninn á minni hlutanum.

Framsögumaður (Björn Jónsson): Fremur finnast mér ónot háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) borin fram af vilja en mætti og ákúrur hans með öllu átyllulausar. Hann byrjaði á því að álasa hinni nýju stjórn fyrir það að ekkert fjármálaprogram hafi komið fram í nefndarálitinu. Það er nokkuð skrítið að tala um nýja stjórn áður hún er fædd. Það mætti ef til vill búast við slíku fyrsta daginn, sem hún situr á veldisstóli, en varla fyr. Honum þótti, hinum sama virðulega þm., lítils vert um nefndarál. og taldi þar engar meginreglur hafa fram komið. Þar til er því að svara, að áherzluna ber að leggja á efnið en ekki á lengdina. Með því að um enga nýja stjórn var að ræða, gat og ekki verið um neitt nýtt prógram að tala. Nefndinni var ekki skylt að gera annað en færa rök fyrir br.till. sínum. Og þeirri meginreglu fylgdi nefndin að spara sem mest.

Ekki hefir það verið gert, fremur en áður hefir tíðkast um nefndarálit fjárlaganefndar, að geta um meiri og minni hluta í hverju einstöku atriði; þar getur á ýmsu oltið. Yfirleitt hafa allir nefndarmenn frjálsar hendur um atkvæði sín, eins og venjulega hefir verið.

Eg segi ekki, að flýta þurfi fjárlögunum svo, að síðdegisfundur verði á morgun, ef þm. þykir það bagalegt. Þó þykir mér líklegt, að 30 klst. frestur sé hæfilegur tími til íhugunar, enda geri eg ráð fyrir því, að fjárlögunum verði skift í kafla, svo sem áður hefir tíðkast, og komi þá 1. kafli þeirra til umræðu á morgun. Þetta sýnist mér nægja. Vitanlega eru þetta tilmæli mín og nefndarinnar vegna þess að svo stendur á sem kunnugt er; en engin er það flokksályktun.

Jón Magnússon: Eg fæ ekki séð, að nokkur þörf sé að flýta svo fjárl., að 2. umr. sé á morgun, þar sem bæði föstudagur og laugardagur eru til stefnu. Eg sé ekki heldur, hvernig það má vera, þar sem ekki eru enn framkomnar breyt.till. nefndarinnar og ekki verður vitað, hvenær þær koma. Það getur ekki komið til mála og eg mótmæli því gagngert, að 2. umræða byrji fyr en á föstudagsmorgun; annars kemur umræðan ekki að haldi.

Framsögumaður (Björn Jónsson): Eg held því alls ekki til kapps, að fundur sé fyr en á föstudagsmorgun; forseti og þingdeildin ræður, hvað gert verður í því efni.

Jón Ólafsson: Háttv. frams.m. skýrði frá því, að princip nefndarálitsins væri sparnaður. Eg hefi verið á nokkrum þingum, alloft í fjárlaganefnd og þá framsögumaður hennar, og hefi eg aldrei heyrt nokkura fjárlaganefnd annað segja en að sparnaður væri meginreglan. Svo að þetta hjá háttv. framsm. er ekki neitt nýtt eða sérlega sláandi. Aftur í móti hafa verið skiftar skoðanir um, hvort sparnaðurlnn hafi orðið

efst á baugi í raun og veru, og eins kann enn að fara.

Hann (framsm.) taldi enga ástæðu til að vænta þess, að skoðanir hinnar nýju stjórnar kæmu fram í nefndarálitinu, því að engin ný stjórn væri til. Mér þykir nú samt líklegt, að honum muni ekki vera svo mjög ókunnugt um, hverjar verða muni skoðanir hinnar nýju stjórnar. En ef svo er, að honum er það ókunnugt, þá er engin ástæða til þess að hraða málinu til þess eins, að framsm. geti verið viðstaddur umræður.

Eg skal fúslega kannast við það, að mér finst ekki nema sanngjarnt að 2. umr. þessa máls sé hraðað svo, sem kostur er á, til þess að henni geti orðið lokið, áður en framsm. fer utan.

En þá hlýtur líka háttv. framsm. að kannast við það, að hann geti talað hér af hálfu komandi stjórnar, sökum þess að fyrnefnd utanför hans mun þó ekki eiga með öllu óskylt við það mál.

Háttv. framsm. gat þess ennfremur, að minnihlutinn myndi hafa nægan tíma til undirbúnings, þar sem nefndarálitið nú lægi fyrir, með því líka að skoðanir hans myndu fast ákveðnar fyrir fram; minni hlutinn myndi standa þar sem einn veggur.

En fyrst og fremst stoðar það lítið, þótt verið sé að útbýta nefndarálitinu núna, og enginn tími vinst til að gera breyt.till.

Hinsvegar vil eg taka það fram fyrir mína hönd, að eg mynda mér ekki svo rígfasta skoðun í neinu máli fyrirfram, að eg beygi mig ekki fyrir góðum og gildum rökum, er kynnu að koma fram fyrir hinu gagnstæða, enda veit eg ekki til að slíkt hafi komið fram af hálfu minni hlutans á þessu þingi.

En meiri hlutinn hefir fengið fram þessi þingskapa afbrigði fyrir aðstoð minni hlutans; án hans samþykkis hefði það ekki verið unt.

Oss virtist sanngjarnt að verða við þeim tilmælum.

Þá sagði háttv. framsm. að ekkert tjón væri að því, þótt mál þetta væri rætt, áður en til niðurlagsins kæmi.

Hann vill sýnilega ekki að minni hlutanum gefist kostur á að taka þetta málið til rækilegrar íhugunar í heild sinni. Mætti þó búast við, að nefndarálitið væri að mestu samfelt mál — hvíldi á einhverri grundvallarskoðun, og því ekki heppilegt að fá ekki að sjá það nema í pörtum.

Eg hygg því, að það sé engan veginn sanngjarnt, að málið sé tekið á dagskrá á morgun með nýjum afbrigðum, enda engin nauðsyn á því, af því að 2. umr. ætti að geta orðið lokið á laugardagskvöld fyrir því.

Það er einmitt miklu hentugra, að fá að nota tímann á milli (morgundaginn) til þess að gera breytingartill., og að 2. umr. yrði þá á föstudag og laugardag. Það ætti að verða nóg.

Í annan stað er meiri hlutanum það í lófa lagið, að skera niður umr. þegar honum býður svo við að horfa — deildin mun geta það, ef henni sýnist.

Skúli Thoroddsen: Sem formaður fjárlaganefndarinnar, og út af því sem háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) sagði um það, að nefndarálitið kæmi seint fram þá skal eg geta þess, að nefndarálitið var undirskrifað 16. marz, og kom því eins fljótt fram, eins og vanalegt mun hafa verið. — Áður hefir nefndarálitið komið í júlílok, og ef háttv. þm. minnist þess, hvenær þing var sett að þessu sinni, þá hlýtur hann að sjá, að tíminn við nefndarstörfin hefir ekki orðið lengri, en venja er til.

Í sambandi við það, er eg nú hefi tekið fram, má og geta þess, að áður

hefir aldrei legið fyrir fjárlaganefndinni jafnmikill aragrúi af bænarskrám og ýmiskonar erindum, frá stjórnarráðinu og öðrum, sem í þetta sinn. Það hefir því aukið mjög starfa nefndarinnar.

Nefndin ákvað að hafa fund með sér á hverjum degi, og hefir aðeins orðið hlé á því, þegar annars var ekki kostur, sakir þingfunda framan af þingi. — Annars má altaf segja, og finna eptir á, að meira hefði mátt starfa, og að störfunum hefði mátt ljúka á skemri tíma. En hvað sem því líður, hefir nefndin viljað leggja alt kapp á, að hraða störfum sínum sem mest mátti verða.

Háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) bjóst við, að í till. fjárlaganefndarinnar, eða meiri hluta hennar, sæist fjármálastefna komandi stjórnar — eða flokks þess, er nú hefir afl atkvæða á þingi. — En hafi hann ætlast til þessa, átti hann þegar í þingbyrjun, að inna í þá átt við flokksbræður sína í nefndinni, því að nú er svo komið, að nefndarálitið er að mestu samhljóða álit allra nefndarmannanna; þar hefir ekki verið um neina flokkaskifting að ræða, nema þá í einstaka, en þó örfáum atriðum.

Þó að það gæti í rauninni verið heppilegt, að glögg flokkaskifting kæmi fram í fjármálum, þá hefir slíkt eigi verið á undanförnum þingum, nema í stöku meiri háttar fjármálum, eins og t. d. var um ritsímamálið. —

Þegar litið er á fjárlagafrumv. stjórnarinnar, þá getur nefndarálitið ekki verið öðru vísi en mótað af störfum eða fjármálastefnu fráfarandi stjórnar; — það hlýtur að verða nokkurs konar spegill af gerðum fráfarandi stjórnar, þar sem allur þorri gjaldliða á fjárlögunum eru lögákveðin gjöld, eða miða til þess, að halda áfram almennum störfum, og stofnunum, sem þegar hefir verið komið á fót.

Þegar þessa er gætt, sem og hins, að andstæðingaflokknum hefir ekki gefist kostur á, að undirbúa neitt undir þetta þing, og þar sem skattamálanefndin hefir óskað, og ráðherra fallist á, að endurskoðun tolla- og skattalöggjafarinnar biði næsta þings, þá er ekki að vænta þess, að fjárlaganefndarálitið sýni neina ákveðna stefnuskrá í fjármálum að þessu sinni. —

Mér virðist svo ekki ástæða til að fara frekari orðum um þetta mál. Eg hefi gert grein fyrir, hvers vegna nefndarálitið gat ekki komið fyr.

Hinsvegar er það misskilningur, að hægt sé að sýna stefnuskrá komandi stjórnar, þar sem þannig var að mestu í garðinn búið af fráfarandi stjórn, að því verður ekki við komið.

Jón Ólafsson: Eg skal kannast við það sem háttv. form. nefndarinnar gat um, að ekki hafi nefndin haft lengri tíma nú en viðgengist hefir áður.

En þar sem nefndinni var kunnugt um, að hér þurfti að hafa hraðara á en áður, sakir utanfararinnar, þá virðist hefði mátt flýta störfunum um einn sólarhring.

Framsögumaður (Björn Jónsson): Eg get leitt minn hest hjá því að þrasa við háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.), ef hann hefir ekki annað fyrir sig að bera en þetta. Að vera nú að lasta það, að umr. séu keyrðar áfram — einmitt þegar búið er að fallast á að þær biði til föstudags og laugardags, það verð eg að kalla vindhögg og ekki annað.

Þá gat hann þess, að minni hlutanum gæfist ekki kostur á að kynnast nefndarálitinu, þar sem ekki yrði frekara framhald 1. umr. En þetta er ekki réttmæt aðfinsla, með því að aðalumræðurnar eru við 2. umr., og tíminn því nægur þangað til, enda sagðist honum svo fyrir skemstu, að

nefndarálitið væri ekki það stórvirki, að ekki verði yfir það komist.

Þar sem virðul. þm. var að hreyta því, að meiri hlutinn gæti skorið niður umræðurnar — og mundi það gera þegar honum sýndist, þá finst mér sú aðdróttun hans mjög óviðurkvæmileg og að engu hafandi.

Eg sé ekki, að hér geti verið um neitt það að ræða, er geti verið athugavert af hálfu nefndarinnar, með því líka að engum nefndarmannanna hefir fundist neitt aðfinsluvert í þessu efni, ekki minni hlutamönnum í nefndinni fremur en hinum.

Um það má auðvitað lengi deila, hve mikilsvert starfið sé, ef sitt sýnist hverjum. En ef það gerir sitt gagn — þá er nóg.

ATKVGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Önnur umr. 19. marz (Atkv.skrá A. 302).

I. Tekjukaflinn 1.—6. gr.

Framsögumaður (Björn Jónsson): Eg get farið mjög fljótt yfir tekjurnar. Að eins skal eg benda á nokkur atriði, sem fjárlaganefndin hefir breytt til frá frumv. stjórnarinnar.

Hækkanirnar eru eins og segir í nefndarálitinu á síðasta lið 2. gr., og leggur nefndin til að 18., 19. og 20. lið sé slengt saman. Aðalástæða til þess er, að okkur finst hégómi að vera að reikna þá sérstaka liði. Höfum við einnig lagt til að við þann lið bætist sektir fyrir ólöglegar veiðar í landhelgi, sem síðastliðið ár nam fullum 60,000 kr. en þrátt fyrir það teljum vér eigi ráðlegt að áætla það hærra en 30,000 hvort árið. Liðurinn verður þannig hjá oss 36 þús. á ári. Þá hefir nefndin fallist á að slengja saman 1. lið. a. b. og kalla hann ábúðar- og lausafjárskatt, eins og alt af er gert í daglegu tali. Þann lið hefir stjórnin áætlað 94,000 kr. en nefndin hefir leyft sér að færa hann upp í 100 þús.

Þá er húsaskattur. Hann hafði síðastliðið ár orðið miklu ríflegri en áætlað var, og finst oss því sannsýnt að áætla hann 12 þús. í stað 11, sem stjórnin gerir ráð fyrir.

Á einum stað hefir fjárlaganefndin leyft sér að lækka áætlun stjórnarinnar, en það er tekjur af símum landsins, en oss stendur á sama hvort það verður látið halda sér eða ekki.

Pósttekjur álítur nefndin að ofdjarflegt sé að áætla 100 þús. kr., þótt þær hafi orðið það síðastliðið ár, og vill áætla þær 75 þús. kr. á ári.

Breytingar nefndarinnar á tekjunum færa þær því alls upp um 38 þús. kr. fyrra árið, en 33 þús. síðara árið. Þetta drýgir tekjurnar ekki svo lítið,, en þó ekki nærri nóg, því útgjöldin verða mikil.

Nú geri eg ráð fyrir að margan muni langa til að vita eitthvað um fjárhagshorfurnar. Um það skal þó ekki mikið sagt að sinni, en þó skal eg benda á það, að ef tillögur fjárlaganefndar fá að standa óbreyttar, sem eg raunar geri mér alls enga hugmynd um — þá yrði tekjuhallinn 50 þús. kr. minni en stjórnarfrumv. gerði ráð fyrir. Það er vitanlega lítilfjörleg lækkun, en þó skal eg benda á það, að það er örsjaldan að fjárlaganefnd hefir skilað fjárlögunum með minni tekjuhalla en stjórnin hefir gert ráð fyrir.

Hins vegar er þess að gæta, að eg held að fjárlaganefnd hafi aldrei borist jafnmikið af allskonar fjárbeiðnum, áætað 7—800 skjöl, sem legið hafa fyrir nefndinni. Eg held því að nefndin, þótt henni hafi verið brugðið um það,

þurfi alls ekki að blygðast sín fyrir ódugnað.

Þá hefir nefndin komið sér saman um að athugasemdir, sem standa hingað og þangað innan um frumv. við ýmsar greinar þess, verði allar færðar aftur fyrir og safnað þar saman í eina heild, í eina grein og vitna svo í hverja gr. frv., sem hver aths. á við. Við álítum þetta miklu einfaldara og hagkvæmara heldur en að hafa alt í graut eins og verið hefir.

Jón Ólafsson: Það er sjaldan að mikill ágreiningur verði um tekjurnar, enda vil eg ekki verða til að vekja hann nú. Að eins eru það smáatriði svo sem nöfn á tekjuliðunum, sem nefndin hefir komið með breytingu um. Eg skal játa það að nöfn þau, sem nefndin hefir stungið upp á eru viðkunnanlegri og einatt notuð í daglegu tali, en hin nöfnin eru þau lögskipuðu nöfn, og þarf þess vegna lagaákvæði til þess að breyta þeim; vildi eg því skjóta því til nefndarinnar, hvort henni þætti ekki ráðlegt að geyma þessar breytingar til næsta þings. En þetta eru smámunir, sem eg að eins vildi benda á.

Aftur á móti get eg með engu móti verið háttv. framsm. (B. J.) samdóma um það, að hægðarauki sé að því, að safna öllum athugasemdum og skýringum við frumv. aftan við það. Eg er viss um, að meiri hluti þingm. eru mér samþykkir um það, að slík tilhögun sé einungis til þess, að gera mönnum örðugra fyrir, og muni valda ruglingi, og vona eg, að háttv. þingm. greiði atkvæði á móti þessari breytingu. Það er líka lítilfjörlegt atriði, að vilja færa niður tekjur af símum landsins síðara árið, því þá eru einmitt líkindi til, að þær hækki að miklum mun, þá er hinar nýju álmur fara að gefa arð, svo sem Vestfj.- og Árnessýslulínan. Líklegra, að þær mundu verða 90 þús. en 80 þús., og áreiðanlegt er það, að þær verða meiri en ekki minni. En í rauninni gerir það ekki til, hvað þær eru áætlaðar, þær verða jafnar, hvort sem heldur er.

Framsögumaður (Björn Jónsson): Ekki skal eg þræta um heitin. Ef ekki má kalla liðina í fjárlögunum annað en það, sem lögin heimila, þá kalla eg það of mikla skriffinsku. — Því viðvíkjandi, að færa til athugasemdirnar aftan við, finst mér það liggja svo í augum uppi, að óþarft sé að peksa um það, og get ekki séð, að það sé til annars, en að hafa eitthvað á móti.

Lækkunin á símatekjum síðara árið byggist á því, að þær urðu síðastliðið ár ekki nema 65 þús. kr., og þá þótti nefndinni heldur djarft að fylgja áætlun stjórnarinnar. Enda verða þær hinar sömu símatekjurnar, hvort sem áætlað er meira eða minna.

Um samsteyping liðanna er hið sama að segja og áður, en hégómi er það, að halda, að maður viti ekki um það eftir sem áður, hversu mikið hver liður gefur af sér.

Jón Ólafsson: Eg skal ekki fjölyrða um þessa smámuni. En úr því eg fór að minnast á lögheitin, þá vil eg til dæmis taka, að undir leyfisbréfagjöld kæmi þá bæði liðir 7. og 14., og ætla það yrði þá ekki erfitt fyrir almenning, að átta sig á því, hversu mikið hefði til dæmis komið inn fyrir veitingasöluleyfi.

Viðvíkjandi athugasemdunum, þá sný eg ekki aftur með það, sem eg hefi sagt, að sú breyting er til stórra óþæginda fyrir þingmenn og vona eg, að

meiri hluti þm. sé mér samdóma um það.

Framsögumaður (Björn Jónsson): Það er undarleg áfergja í háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.), að halda jafn langar ræður út af smámunum.

Um leyfisbréfagjötdin sé eg ekki betur, en að þau haldist óbreytt.

Það er bara tilbúningur út í loftið, til þess að geta komið með einhverjar aðfinslur, eins og hans er von og vísa.

Um færslu athugasemdanna aftur fyrir frumv. er svo mikið veður hefir verið gert úr, er það að segja, að eg man ekki betur, en að samþykt hafi verið í einu hljóði af fjárlaganefndinni — og hygg eg að ekkert mál hafi haft þar meira fylgi — að færa skýringarnar aftur fyrir.

Eg hafði hugsað mér, að við hvern lið yrði sett tilvitnun í athugas. aftan við, hvar skýringarnar væri að finna, og skil eg ekki annað, en að hver maður megi láta sér það nægja. Það voru ekki nein smáræðis ósköp, sem á gengu fyrir háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) yfir því, að þurfa að gæta í 2 staði. Það er eins og hann hafi aldrei lesið bækur, þar sem skýringar eru aftan við, en ekki neðanmáls.

Ráðherrann (H. H.): Að eins örfá orð. Nefndin hefir lagt til, að lækka tekjur af símum, en hækka þær af póstferðum. Mér finst, að það ætti að vera öfugt. Tekjuaukning af póstferðum stafar undanfarin ár mest af frímerkjasölu til útlanda, en ekkert útlit er fyrir, að ný frímerki verði gefin út næsta fjárhagstímabil, og því ekki vert, að hækka áætlunina.

Símatekjurnar aftur á móti hækka stöðugt vegna vaxandi notkunar, og nú, er nýjar álmur bætast við og eru komnar til, hljóta tekjurnar að verða eigi all-lítið hærri en undanfarin ár. Áætlun stjórnarráðsins tekur að vísu nokkurt tillit til þess, en mjög hóflega, svo að þá áætlun mætti sjálfsagt hækka. Vitanlega skiftir það minstu; tekjurnar verða þær sömu, hvað sem áætlað er.

Viðvíkjandi athugasemdunum, þá er miklu handhægara, að hafa þær við hvern lið fyrir sig, eins og verið hefir til þessa, heldur en að draga þær allar aftur fyrir, eins og nefndin vill gera. Þó væri það nokkur bót í máli, ef tilvitnun væri við liðina í athugasemdunum, en samt held eg að menn verði fljótt leiðir á þessari nýbreytni, og eg skil jafnvel ekki, að það sé rétt, þegar búið er að samþykkja fjárveitingarnar skilyrðislausar, að fara nú eftir á, að hnýta við þær skilyrðum, eða í öllu falli mun það oft koma all-óþægilega við það, að slíta atkvæðagreiðsluna sundur um fjárveitinguna og skilyrðið, eins og gera verður með þessu nýja fyrirkomulagi,

Jón Þorkelsson: Mér er að vísu þetta fyrirkomulag um skýringarnar ekkert kappsmál, en eg verð að taka undir með háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) um það, að það er óhagræði að flytja þær aftur fyrir. Það er reyndar oft svo í bókum, einkum kenslubókum, og er það með vilja gert, til þess að lausn gátunnar liggi ekki opin fyrir nemandanum.

Þetta hefir líka tíðkast í vísindabókum, m. a. í bók þeirri, er Kn. Berlin hefir nú sent oss; þar er haugað saman svo hundruðum skiftir af skýringum og athugasemdum aftan við. Og er að því margfaldur vinnuauki og bagi fyrir hvern þann, sem vill rannsaka tilvitnanirnar, og miklu óhentugra, en ef það væri neðanmáls. Eg legg því til, að aths, haldist við hvern lið,

eins og áður hefir verið, til sparnaðar þá með smærra letri, svo að enginn þurfi að gera sér leit úr þeim. (*Björn Jónsson:* Þarf enga leit). Eg þarf ekki að spyrja háttv. framsm. að því, að þetta er nauða óhentugt; hann má skilja það, að með þessu er verið að vinna úr hendinni, en ekki í hendina.

Skúli Thoroddsen: Viðvíkjandi þessari færslu athugasemdanna, skal eg geta þess, að eg vissi alls ekki af þeirri tillögu, fyr en eg sá hana í nefndarálitinu, en eg var fjarverandi á einum fundi, og má vera, að tillagan hafi þá verið samþykt.

Eg fyrir mitt leyti greiði atkvæði móti tillögunni, því að eg tel miklu gleggra og handhægra að hafa hverja athugasemd við sinn lið í fjárlögunum.

Framsögumaður (Björn Jónsson): Mér er ekki ljúft að eiga í þrætu um jafnómerkt mál; eg vil skjóta því til háttv. þingd., hvort ekki muni nægja, ef við hvern lið er höfð tilvitnun í aths.

Jón Jónsson (1. þm. S.-Múl.): Eg vil geta þess, út af því sem háttv. framsm. sagði um atkvgr. þessa máls í nefndinni, að eg hefi aldrei greitt atkv., hvorki með né móti þessari tillögu — og man raunar ekki að það hafi nokkurn tíma komið til atkvgr.

Framsögumaður (Björn Jónsson): Eg bið afsökunar, hafi mér missagst, enda sagði eg ekki annað, en að mig hefði mint, að öll fjárlaganefndin hefði verið á einu máli um að færa athugasemdirnar aftur fyrir; það getur vel hafa verið að einhvern hafi vantað á fund, þótt eg hafi ekki munað það.

ATKVGR: 1. brt. n. við 2. gr. 1. sþ. með 16 atkv. shlj.

2. brt. n. við 2. gr. 2. sþ. með 16 atkv. shlj.

2. gr. 3.—6. frv. sþ. með 20 atkv. shlj.

3. brt. n. við 2. gr. sþ. með 14:8 að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Jón Ólafsson,
Björn Jónsson,	Björn Kristjánss.,
Björn Sigfússon,	Einar Jónsson,
Björn Þorláksson,	Hannes Hafstein,
Eggert Pálsson,	Jón Jónsson, S.-M.,
Hálfdan Guðjónss.,	Jón Sigurðsson,
Jóh. Jóhannesson,	Sig. Sigurðsson,
Jón Jónsson, N.-M.,	Stefán Stefánsson.
Magnús Blöndahl,	
Ól. Briem,	
Pétur Jónsson,	
Sig. Gunnarsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Þorl. Jónsson,	

Jón Þorkelsson greiddi ekki atkv. og taldist með meiri hlutanum.

Fjarstaddir voru:

Benedikt Sveinsson,
Jón Magnússon.

Liðurinn þannig orðaður, sþ. með 18 shlj. atkv.

4. brt. n. við 2. gr. 8 sþ. með 16 atkv. shlj.

5. brt. n. við 2. gr. 9 sþ. með 17 atkv. shlj.

6.—8. brt. n. við 2. gr. 10.—12. sþ. með 21 atkv.

9. brt. n. við 2. gr. frv. 15. sþ. með 14:9, að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Jón Ólafsson,
Björn Jónsson,	Björn Kristjánss.,
Björn Sigfússon,	Einar Jónsson,
Björn Þorláksson,	Jóh. Jóhannesson,
Eggert Pálsson,	Jón Jónsson, N.-M.,
Hálfdan Guðjónss.,	Jón Sigurðsson,
Jón Jónsson, S.-M.,	Jón Þorkelsson,
Magnús Blöndahl,	Ól. Briem,
Pétur Jónsson,	Stefán Stefánsson.
Sig. Gunnarsson,	

Já:
Sig. Sigurðsson,
Skúli Thoroddsen,
Þorl. Jónsson.

Hannes Hafstein greiddi ekki atkv. og taldist með meiri hlutanum.

Fjarstaddir voru:
Benedikt Sveinsson,
Jón Magnússon.

10. brt. við 2. gr. 16 sþ. með 18 shlj. atkv.

11. brt. n. við 2. gr. 18.—20. sþ. með 17 shlj. atkv.

2. gr. frv. með áorðnum breytingum, sþ. með 23 shlj. atkv.

3. gr. frv. sþ. með 23 shlj. atkv.

Brt. n. við 4. gr. 1 sþ. með 12 shlj. atkv.

4. gr. frv. þannig breytt sþ. með 23 shlj. atkv.

5. gr. frv. sþ. með 23 atkv. shlj.

6. gr. frv. sþ. með 23 atkv. shlj.

1. gr. breytt samkv. atkvgr. um hinar greinarnar sþ. með 23 shlj. atkv.

II. Gjaldakaflinn 7.—12. gr.

Framsögumaður (Björn Jónsson): Styrkveitingu til Brynjólfs Björnssonar tannlæknis, er nefndin mótfallin, ekki vegna mannsins, heldur vegna þess, að landssjóður styrkir annan slíkan lækni hér í bænum. Annars er þetta álitamál, og ekki skal eg leggja á móti því. Hygg líka að sá læknir er við styðjum, þurfi nú reyndar ekki þess stuðnings við. En það er altaf örðugra, að kippa að sér hendi í slíkum efnum en rétta hana út.

Ráðherrann (H. H.): Eg skal taka það fram, að þessar sundurliðanir, sem háttv. framsm. er svo illa við, eru settar inn í fjárlögin af þinginu sjálfu, og stjórnin hefir að eins lofað því að standa. Eg sé ekki að þær geri neitt ógagn, þvert á móti eru þær til frekari nákvæmni.

Háttv. framsm. skildi ekki, hversvegna annari reglu er fylgt viðvíkjandi geðveikrahælinu á Kleppi, heldur en holdsveikraspítalanum. Ástæðan er sú, að geðveikrahælið hefir tekjur af sjúklingum sínum, og landssjóður leggur að eins til mismuninn, sem gjöldin fara fram úr þessum tekjum. Það er því ómögulegt að sundurliða í fjárlögum, hvað af þeim styrk fer til hverrar útgjaldagreinar hælisins, og verður að hafa upphæðina í einu lagi. Gjöld holdsveikraspítalans borgar landssjóður aftur á móti að fullu, og má því sundurliða gjöldin, lið fyrir lið.

Einar Jónsson: Það gladdi mig mjög, er eg heyrði háttv. framsm. segja, að þessi viðaukatill. um styrk til hr. Brynjólfs Björnssonar tannlæknis, hefði komið til umtals í nefndinni, og að hann persónulega væri henni ekki mótfallinn.

Þótt ekki sé nema sjálfsagt, og eðlilegt að menn standi á móti auknum útgjöldum af fremsta megni, ef þau eru óþörf, finst mér að ekki sé vel hægt að mæla á móti þessari tillögu með sanngirni. Þessi maður stundar tannlækningar hér í bænum, og er sérlega mikið sóttur.

En þess ber vel að gæta, að í hóp þeirra manna, er til hans leita, eru margir bláfátækir, og hafa ekkert til að borga með; hann hjálpar þessvegna oft þeim er aldrei geta borgað, og eyðir að því leyti tíma og vinnu, sem hann vitanlega má ekki missa, án þess að hafa nokkuð fyrir.

Eg álít þetta fé — 1000 kr. hvort árið, gegn ókeypis læknishjálp, ekki mega minna vera.

Og loks finst mér eitt að athuga, sem sé það, að hér á í hlut maður, sem

hefir aldrei áður beðið um landssjóðsstyrk, en hefir komist í gegn um langt og strangt nám, með mestu sæmd, — fátækur bóndason — tilhjálparlaust að öllu. Vona eg því að háttv. deild taki tillögu þessari vel.

Jón Þorkelsson: Beiðni þessi frá hr. Brynjólfi tannlækni Björnssyni, finst mér á rökum bygð.

Hann ætlar að fræða fólkið — halda fyrirlestra, og lækna ókeypis.

Tannlæknir sá, sem styrktur er af landsfé, hefir ekki aðrar skyldur en þær, að kenna lítils háttar á læknaskólanum og veita fátæklingum ókeypis hjálp einu sinni á mánuði.

Eg er nú reyndar komin á raupsaldurinn, enda verð eg að segja það, að margt er nú annan veg farið, en í mínu ungdæmi.

Unga fólkið er margt hvað orðið eins og gamlar tannlausar kerlingar voru þá, getur nú ekki lagt sér til munns þá fæðu, er okkur þótti hvað bezt, svo sem harðfisk. Það er því ekki vanþörf á að hér sé leitað við að ráða nokkrar bætur á.

Hr. Brynjólfur Björnsson hefir hugsað sér að gefa tíma í ýmsum skólum bæjarins og allar nauðsynlegar leiðbeiningar áhrærandi verndun tannanna. Öll þörf og sanngirni mælir þess vegna með því, að háttv. deild samþ. viðaukatill. þessa.

Jón Magnússon: Eg ætla ekki að tala langt um það, að lækka skrifstofufé bæjarfógeta í Reykjavík. Embættið var auglýst með 1400 kr. skrifstofufé. Mér er alveg sama, þó deildin færi það niður, en þá verður það að vera dómstólarnir, er skera úr því, hvort það muni vera löglegt. En lög ákveða nú þetta, og sem sagt embættið er auglýst með 1400 kr. í skrifstofufé, og um það sótt þannig.

Eg hefi mælst til, að læknirinn við geðveikrahælið fái sanngjarna þóknun fyrir að kenna lagalega læknisfræði við læknaskólann. Eg álít, að það sé hart, að skylda manninn til þess, að gera þetta starf án nokkurs endurgjalds, einkum þegar tekið er tillit þess, að hann á heima eigi all-skamt frá bænum.

Framsögumaður (Björn Jónsson): Þetta sem háttv. þm. Vestm. (J. M.) var að tala um, þóknun til geðveikralæknisins fyrir kenslu á læknaskólanum, þá er fjárlaganefndin því meðmælt, að það verði veitt. Öðru máli er að gegna með ritfé bæjarfógeta í Reykjavík, að eg tel það ekki svo mikinn sparnað, að eg telji það ekki á sama standa, þótt sú tillaga fjárlaganefndarinnar verði feld. Þó minnir mig, að þessar 1400 kr. hafi að eins verið veittar í fjárlögum, og þess vegna vafamál, hvort lagaheimild er fyrir að veita embætti með þeim hlunninda-auka.

Það er kunnugt, að embætti þetta er mjög tekjuhátt og mundi vera mjög lífvænlegt, þó að honum væri slept.

Jón Magnússon: Eg vildi benda á það, að hingað til hefir það verið álitið svo, að embætti sé veitt með þeim kjörum, sem það er auglýst með. — Skal sömuleiðis benda á það, að skrifstofukostnaðurinn við þetta embætti hefir aukist síðan bæjarstjórnarmálefnin voru tekin burt.

Að öðru leyti skal eg ekkert fara út í það, hvort embættið þolir þessa viðbót, álít að eins, að brotinn sé lagalegur réttur embættisins, ef þessar 400 kr. eru teknar af skrifstofufénu.

Ráðherrann (H. H.): Skrifstofufé þetta sem hér er um að ræða, hefir aldrei verið veitt sem persónuleg launaviðbót. Það hefir verið gengið út frá því, sem vissu, að það fylgdi embættinu, og þess vegna hefir embættið verið veitt

með þessu skrifstofufé, og ekki hægt að taka af því í tíð þessa bæjarfógeta, nema með hans samþykki.

Framsögumaður (Björn Jónsson): Eg vil að eins benda á það, að fjárveitingarvaldið getur breytt, hvaða fjárframlagi sem vera vill, þó það standi á fjárlögum, ef ekki önnur lög eru fyrir, sem hefta það. Mér stendur á sama, hvort ofan á verður með þessa tillögu fjárlaganefndarinnar og skal kannast við það, að kalla megi það nokkuð ómannúðlegt og nærgöngult við þennan mann, sem hér á hlut að máli, að svifta hann þessu fé, en full lagaheimild er fyrir því,

ATKV.GR. 8. gr. sþ. með 20 atkv.

1. br.till. við 9. gr. 7 samþ. með 19 atkv.

2. br.till. við 9. gr. 8 samþ. með 21 atkv.

9. gr. þannig breytt samþ. með 22 atkv.

10. gr. samþ. með 23 atkv.

1. brt. við 11. gr. A. 2 feld með 13 : 3 atkv.

2. brt. við 11. gr. A. 3 a samþ. með 22 atkv.

3. brt. við 11. gr. A. 3 b samþ. með 16 atkv.

4. brt. við 11. gr. A 3 c– f, og i, sþ. með 17 atkv.

5. brt. við 11. gr. A 3 g—h sþ. með 16 atkv.

6. (281) við 11. gr. A 5 a. tekin aftur.

7. (281) við 11. gr. B 1 c samþ. með 18 atkv.

8. (281) við 11. gr. B 1 d. sþ. með 19 atkv.

9. (281) við 11. gr. B 6 d sþ. með 15 : 2 atkv.

11. gr. þannig breytt samþ. með 20 atkv.

12. gr.

1. Við 2. Feld með 16 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Jón Ólafsson,
Björn Jónsson,	Bened. Sveinsson,
Björn Kristjánss.,	Björn Þorláksson,
Björn Sigfússon,	Eggert Pálsson,
Hálfdan Guðjónss.,	Einar Jónsson,
Ólafur Briem,	Hannes Hafstein,
Sig. Gunnarsson,	Jóh. Jóhannesson,
Sig. Sigurðsson.	Jón Jónsson N.-M.
	Jón Jónsson S.-M.,
	Jón Magnússon,
	Jón Sigurðsson,
	Jón Þorkelsson,
	Magnús Blöndahl,
	Skúli Thoroddsen,
	Stefán Stefánsson,
	Þorleifur Jónsson.

2. Við 3 a. feld með 15 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Jón Ólafsson,
Björn Jónsson,	Bened. Sveinsson,
Björn Kristjánss.,	Eggert Pálsson,
Björn Sigfússon,	Einar Jónsson,
Björn Þorlákss.,	Hannes Hafstein,
Hálfdan Guðjónss.,	Jóh. Jóhannesson,
Ólafur Briem,	Jón Jónsson N.-M.
Sig. Gunnarsson,	Jón Jónsson S.-M.,
Sigurður Sigurðss.,	Jón Magnússon,
	Jón Sigurðsson,
	Jón Þorkelsson,
	Magnús Blöndahl,
	Skúli Thoroddsen,
	Stefán Stefánsson,
	Þorleifur Jónsson,

3. Við 3 b feld.

4. Við 4 b samþ. með 21 atkv.

5. Viðaukatillaga (294) feld með 14 : 6 atkv.

6. Við 5. samþ. með 15 atkv,

7. Við 6. samþ. með 18 atkv.

8. Við 8. samþ. með 14 : 1 atkv.

9. Við 8 samþ. með 18 atkv.

10. Við 8 samþ. með 20 atkv.

11. Við 8 1 samþ. með 21 atkv.

12. Viðaukatill. við gr sþ. með 15 atkv.

12. gr. með áorðnum breytingum samþ. með 24 atkv.

---

13. grein, 19. og 20. marz.

Framsögumaður (Björn Jónsson): Um framsögu þessa kafla er hið sama að segja og hinn, er síðast var rætt um. Um till. nefndarinnar nægir að vísa til nefndarálitsins. Það eru að eins þær till. sem upp bornar hafa verið utan nefndar, er eg vil minnast á hér. Þó vil eg geta þess, að við A. 1. b. 1. er 500 króna hækkun, er stafar af viðbót (300+200).

Breyttill. 281 (2) við A. 4. a. hefir viljað færa 5000 niður í 4000, en nefndin vill láta hina fyrri tölu halda sér, með því að ekki mun hægt að komast þar af með minna.

Breyttill. 281 (4) við B. I. 3. vill færa skrifstofukostnað landsverkfræðingsins úr 800 kr. niður í 500, en nefndin getur ekki fallist á þá lækkun.

Breyttill. 281 (3) við B. I. 2. vill færa laun aðstoðarmanns verkfræðings úr 2700 niður í 2000. Má vera að hæfur maður fengist fyrir þau laun, en nefndin hefir þó hér viljað hallast að stjórnarfrumv. (2700).

Viðaukatill. 275 leggur til að 5000 kr. hvort árið séu veittar til akvegar frá Selós til Kópavogs, og þótt æskilegt væri að veita þetta, þá sér nefndin sér það ekki fært.

Breyttill. 258 fer fram á fjárveitingu til brúar á Laxá, og til framhalds þjóðvegar, en af því að nefndin hafði nauman tíma og ekki átt kost á skýrslum um þetta mál, þá sá hún sér ekki fært að vera með því að svo stöddu.

Hið sama er að segja um breyttill. 265 um fjárveiting til brúar á Bleikdalsá og viðaukatill. 254, er fer fram á fjárveitingar til brúa á Hölkná og Sandá. Þess má þó geta, að þetta kjördæmi, N.-Þing., hefir jafnan verið létt á landssjóði, eða kvabblitið með öðrum orðum. Þetta sparnaðarþing getur þó ekki lagt með þessari fjárveiting að svo stöddu, en gæti komið til mála síðar ef unt væri.

Breyttill. 281 (5) hefir lagt til, að bættir yrðu 2—3 kaflar á Vestfjarðabraut, þ. e. brautinni sunnan frá Norðurá í Norðurárdal vestur að Arngerðareyri. Þetta er geysilangur vegur og erfiður, og vildi nefndin ekki fara að káka við að leggja eitthvert lítilræði til smákafla af veginum, þótti hyggilegra að bíða þangað til meira fé væri hægt að veita, t. d. 20—30 þús.

Má vera að háttv. flutningsm. eða aðrir kunnugir hafi svo skýr rök að færa fyrir því, að ýmsar torfærur séu á þessari leið, er bráðnauðsynlegt væri að bæta úr; þá mætti auðvitað fallast á það við 3. umr. En að svo stöddu getur nefndin, er jafnan hefir sparnaðinn fyrir augum, ekki mælt með því.

Breyttill. 262 (2) fer fram á að veittar séu hvort árið 300 kr. til dragferjuhalds á Lagarfljóti. Meiri hluti nefndarinnar var á móti þessu, en ef glögg grein yrði gerð fyrir því, að þetta væri til stórbóta, þá mundi hún ekki verða því mótfallin.

Viðaukatill. 252 fer fram á 2000 kr. fjárveitingu til akvegar inn Svarfaðardal, gegn því að 4000 kr. að minsta kosti komi annarsstaðar frá. Þessi liður (29.) er nýmæli, sem stórmikið er í varið. Það er svo vaxið, að nokkrir sveitamenn, er hlut eiga hér að máli, hafa ásett sér að bæta þennan veg. Af 190 verkfærum mönnum í sveitinni hafa 120 boðist til að vinna sitt dagsverkið hver á ári, móti því, að þeir njóti þessa stuðnings frá landssjóði.

Þetta verð eg að segja að sé ánægjulegt. Í stað þess að hlaupa undir eins í landssjóð, framlagslaust frá sjálfum sér, bjóða þessir menn vinnu sína — með stuðningi landssjóðs. Líkt tilboð

(í fjáraukal.) var frá Fljótshlíðingum. Þeir vildu leggja á sig svona vinnu gegn láni (5 þús. kr.)

Fyrir nokkrum árum kom fram till. frá sæmdarmanni, um að leggja þegnskylduvinnu á landsmenn; þessu var þá illa tekið, og maðurinn óvirtur í stað þess að hann átti lof skilið. Honum var ámælt í samtöstu og sundurlausu máli, en það stafaði eingöngu af vanhyggju þeirra, er það gerðu. Tillagan var að minni hyggju bæði viturleg og þjóðræknisleg, sem kallað er. Mér er ánægja að minnast á þetta nú, af því að meðal annars hafði maður þessi, áður á þessu þingi, orðið fyrir ómildum ummælum frá mér, en þó réttmætum, út af öðru. Hann hefir haldið þessari tillögu fram í ræðu og riti, þrátt fyrir megna mótspyrnu. En það sem eg sagði þá, tek eg ekki aftur nú, af því að það er ekki nið, þótt sagt sé um mann, að hann hafi þá eða þá annmarka. Það er sjúkdómur, er í minum augum gerði hann óhæfan í þá stöðu, er honum hafði verið trúað fyrir.

Þá er 40. liður á atkv.skrá. Þar fer breyttill. 265 fram á fjárveiting til símalagningar frá Keflavík að Kotvogi. Væri mér sönn ánægja að geta fallist á þessa till., með því að bæði er línan stutt og ódýr; liggur hún auk þess í veiðistöð, en eftir meginreglu nefndarinnar verður hún að leggja á móti því.

Viðaukatill. 263, fer fram á fjárveiting til talsíma frá Vatnsleysu í Skagafirði út í Siglufjörð (Siglufjarðarsíma), mót töluverðu tillagi úr sýslusjóði.

Nefndarmenn kannast við að æskilegt væri að geta orðið við þessum tilmælum, ekki síst þar sem Skagafjörður hefir orðið útundan með samgöngubætur, einkum akbrautir. En nú er búið að leggja síma frá Akureyri út í Ólafsfjörð (við Siglufjörð), og virðist hentugra eða að minsta kosti miklu kostnaðarminna að halda honum áfram þaðan út á Siglufjörð.

En þá er sá galli á, að símasamband vantar um Höfðaströnd og Fljót, er ekki kæmust í neitt samband að heldur með þessu lagi.

Í nefndarálitinu er rökstudd breyt. á símaleiðinni milli Búðardals og Stykkishólms; það eru að eins 1—2 sveitir, er gagn hafa þar af símanum eins og ætlast er til í stjórnarfrumv. að hann liggi. En ef hann verður látinn liggja heldur sunnanfjalls frá Borgarnesi vestur Mýrar, þá mundu tekjurnar af honum verða miklu meiri.

Í sambandi við þetta atriði og Siglufjarðarsímann má geta þess, að í fjárlaganefndinni voru það fyrst 4 menn, þ. e. meiri hluti í nefndinni en síðar að eins 3, er vildu algerlega hætta við að heimta tillag frá héruðunum af góðum og gildum ástæðum. Síðan símalagningin kom um landið, hafa héruðin orðið mjög misjafnt úti, eftir því hvort þau liggja að meginæð símans milli Seyðisfjarðar og Reykjavíkur eða ekki.

Af öðrum héruðum hefir verið gert að reglu að heimta tillag (úr sýslusjóði), móts við eitthvað úr landssjóði. En það er ranglát byrði, sem gerir sýslufélögunum afarörðugt eða nær ókleyft að leggja nokkuð í annan kostnað og hann engu ónauðsynlegri nema framar sé.

Það sem móti þessu er haft, er í stuttu máli þetta: Ef ekki er farið þannig að, að krefjast tillaga frá sýslufélögunum, þá færi svo mikið fé til símalagningar, að landssjóður fengi ekki risið undir því.

Vitanlega yrði þeim, sem þegar hafa lagt til símalagningar, ekki endurgoldið tillag sitt, þeir hafa haft gagn af

símanum á undan öðrum — og verða því að gjalda þess.

Nú segja menn, að með þessari tilhögun dembi þingið kröfum á fjárveitingavaldið, um símasamband í allar áttir í hvern hrepp.

En því svara eg á þann veg, að sömu aðferð megi hafa hér og við brúa- og vegagerð: að láta þau héruð mæta afganginum, þar sem þörfin er minst. Munurinn er þó sá, að á vegum má klöngrast, þótt þeir séu illir yfirferðar, annaðhvort fótgangandi eða ríðandi. En símaleysi er ekki úr bætt fyr en síminn er kominn alla leið.

Þess vegna er einna réttast, að afgangi mæti þau annes landsins, þar sem minst verða notin af símanum.

Það væri ómissandi að hafa skrá yfir allar ólagðar símaleiðir á landinu, þá mætti velja úr, eftir því sem þörfin virtist brýnust og mest notin.

Um símana læt eg svo fulltalað.

En eftir er að minnast á vitana.

Stjórnin leggur til, að til fasts eftirlits með þeim séu veittar 2900 kr. fyrra árið og 2100 kr. síðara árið.

Nefndin átti tal við annan verkfræðing landsins um þetta, og eftir skýringum hans hyggur hann muni mega komast af með minna fé til þessa; varð niðurstaðan sú, að henni þótti hæfilegast að veita 1500 kr. til þess hvort árið. Hún hafði hugsað sér að hægt væri að fá til þessa skipstjóra, 1 eða fleiri, er til þess væru færir. Þetta virðist vel kleyft. Eða þá verkfræðingurinn tæki það sjálfur að sér.

Þá hefir nefndin stungið upp á að hafa aðra röð á vitunum í fjárlögunum, setja þá sólarsinnis kring um landið, en ekki af handahófi, og vona eg að háttv. þingm. sýni ekki það skriffinsku-þrá, að sjá þetta ekki í friði.

Bjarni Jónsson: Eg hefi hér ýmislegar uppástungur og fjárbeiðnir, sem hljóta að auka útgjöldin dálítið, en eg hefi þó reynt að takmarka það eftir föngum, og slept mörgu, sem eg hefði fundið ástæðu til að fara fram á, vegna erfiðs fjárhags, en sparnaðartill. frá mér eru þó hreinasta neyðarúrræði, og einkum fólgnar í því að færa á milli liðanna og draga úr þar sem hægt var. Mér er því ekkert kappsmál með þessar niðurfærslur, en verð að leggja áherzlu á að þær fjárbeiðnir séu samþyktar, sem eg fer fram á, þegar eg hefi leitast við að hliðra svo mikið til.

Eg sting upp á því að aðstoðarmaður landsverkfræðingsins fái 2000 í stað 2700 kr. Eg trúi því ekki, að ekki sé hægt að fá mann í stöðuna fyrir það fé, og þingið hefir ekki hingað til borið svo fé á menn, sem í landsins þjónustu eru, að 2000 kr. megi ekki nægja handa aðstoðarmanni.

Þá hefi eg farið fram á að lækka skrifstofufé landsverkfræðingsins úr 800 ofan í 500 kr. Eg hygg að sá liður sé óþarfur.

Eftir ósk og áskorun Dalamanna, hefi eg stungið upp á að fá fé til nokkurra vega í Dalasýslu, og þeim er mikið kappsmál að fá þetta fé, því að vegirnir eru vondir. Eg hefi því farið fram á að fá 5000 kr. til vegar frá Dalsmynni yfir Bröttubrekku að Þórólfsstöðum, 1000 kr. til vegar frá Ljárskógum til Svínadals og 2000 kr. til vegar frá Höskuldsstöðum til miðrar Laxárdalsheiðar, og að vegur þessi verði svo gerður að þjóðvegi.

Ef þingið ætlar að byrja á braut frá Norðurá til Arngerðareyrar og eigi það að gerast bráðlega, vonast eg eftir að héraðsmenn fáist til að bíða, því eg vil ekki fara með neina skreytni um vegi þessa, að eftir því sem eg bezt veit eru engar drepandi hættur eða torfærur á leiðinni. Upphæðir þær, sem eg nefni til veganna eru ekki eftir áætlun verk-

fræðings, en eg mun leita álits þeirra um málið og koma þá fram með breyt.till. við 3. umr. ef þörf gerist, — 2 fyrstu vegirnir, sem eg nefndi geta komið undir brautina frá Norðurá að Arngerðareyri, en það er ómögulegt með veginn frá Höskuldsstöðum yfir á miðja Laxárdalsheiði.

Það er spá manna þar vestra, og mun það rétt vera, að vaxa muni mjög mikið umferð um þennan veg — frá Höskuldsstöðum yfir Laxárdalsheiði — einkum ef hann væri gerður akfær. Það væri þá hægt að flytja menn frá Hvammsfirði til Borðeyrar á hestum og vögnum, og þeir yrðu víst margir, sem tæku heldur þann kostinn heldur en að flækjast í kringum alla Vestfirði með skipi. Eg vil því fastlega mæla með fé til þessa vegar, og benda á, að það sé um leið haft fyrir augum, að haga svo vegargerðinni, að vegurinn sé akfær.

Eg hefi borið fram breyt.till. við 13. gr. D. II. 1, 2, 3, þess efnis, að símatillögin frá héruðunum falli niður. Eg heyrði að háttv. framsm. fjárlaganefndarinnar tók vel í þetta mál, og vonast eg því eftir, að það fái byr í háttv. deild, svo að héruðin sleppi við þetta rangláta gjald, og allar sveitir fái símann með sömu kjörum og þær sveitir, sem aðallínurnar liggja eftir. Það er augljóst, að öll héruð ættu að vera jöfn í þessu efni, en ekki eins og nú er að hvert fái happ, sem hlýtur.

Eg vil ekki orðlengja meira um þetta mál að sinni, eg fæ máske tækifæri til að hverfa til þess aftur við umræðurnar um 14. og 15. gr.

Björn Þorláksson: Eg hefi hér litla breyt.till. um smá fjárupphæð. — Tildrög málsins eru þau, að fyrir nokkrum árum veitti alþingi fé til svifferju á Lagarfljót, en hún reyndist óbrúkleg og var breytt í dragferju. Það kostar 300 kr. á ári að hafa ferjumann, og till. fer fram á, að landssjóður greiði þetta fé, svo að menn í Múlasýslum njóti jafnréttis við aðra t. d. Skagfirðinga. — Eg vonast eftir að háttv. þd. líti sanngjarnlega á málið og láti það ganga fram, þar sem um lítið fé er að ræða, og öll sanngirni mælir með að það sé veitt.

Ólafur Briem: Hér liggur fyrir hv. þingd. till. þess efnis, að landssjóður veiti nokkurt fé til símalagningar frá aðallínunni í Skagafirði til Siglufjarðar. Eins og nú standa sakir, þá liggur síminn yfir þvera sýsluna, og að eins 2 stöðvar í sýslunni, svo það er erfitt fyrir allan þorra sýslubúa að nota hann.

Það liggur í augum uppi, að úr því kostað hefir verið stórfé til aðallínunnar, þá þarf hún að verða að sem fylstum notum, en það getur hún að eins orðið með því að leggja aukalínur, ekki síst þær sem kosta tiltölulega lítið fé.

Að hverfa frá þeirri stefnu að leggja aukalínur er naumast rétt frá hvaða hlið, sem það er skoðað — hvort heldur frá sjónarmiði landsmanna eða landssjóðs.

Á þeim stöðvum, þar sem aukalínan til Siglufjarðar á að liggja, hagar svo til, að aðalatvinnuvegurinn er sjávarútvegur, og á seinustu árum hefir verið komið þar upp töluvert af vélabátum. Það er einkum nauðsynlegt fyrir þann útveg, að geta fylgst með og vita hvernig tilhagar á öðrum stöðum með fisk og síld. Þetta hefir svo stóra þýðingu, að naumast mun hægt að meta það til peninga.

Á símaleiðinni eru 4 kauptún: Kolkuós, Grafarós, Hofsós og Haganesvík auk Siglufjarðar, sem er endastöðin.

Á Siglufirði er stórkostleg síldarveiði, sem Norðmenn o. fl. reka á sumrum. Landsjóður hefir miklar tekjur af þessari veiði, einkanlega útflutningsgjald og skipagjöld og hefir það numið á seinni árum nokkuð á annað hundrað þús. kr. — Einmitt af því það er svo mannmargt á Siglufirði, þá er nauðsynlegt að hann komist í símasamband, enda mundu símatekjur þaðan verða miklar.

Eg skal geta þess, að stungið hefir verið upp á annari leið nefnilega frá Ólafsfirði til Siglufjarðar. Máli þessu var hreift í hreppunum og á sýslufundi Skagfirðinga og fyrirspurn gerð til sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu, um það, hvort henni væri áhugamál að síminn væri lagður þessa leið. Oddviti sýslunefndarinnar svaraði þessum fyrirspurnum á þann veg, að sýslan mundi ekki fús til að leggja fé til þessarar aukalínu, enda kæmi síminn miklu færri mönnum að notum, ef þessi leið væri valin, og mjög erfitt og kostnaðarsamt að leggja hann þá leið. Enn fremur var gerð fyrirspurn til Siglfirðinga um það, hverja leiðina þeir kysu heldur, og kváðust þeir helst vilja standa í sambandi við Skagfirðinga, eins og fundargerð, sem liggur frammi á lestrarsalnum sýnir. Það er því áhugamál beggja aðila að þessi leið sé valin.

Skagfirðingar og Siglfirðingar hafa lofað 10000 kr. framlagi á móts við 25000 kr. úr landssjóði, og eg hygg að þetta tillag sé meira, en ætlast er til úr öðrum héruðum.

Mál þetta er því nægilega undirbúið að öllu leyti. Í því sambandi vil eg taka það fram, að áður hefir verið veitt fé til síma úr landssjóði, þótt engin vissa hafi verið fyrir tillagi úr héruðunum, nægir að benda á að þingið 1907 veitti fé til símalagningar austur í Árnes- og Rangárvalla-sýslur, og gerði sér von um till. frá þeim héruðum, sem brást með öllu, svo að símalagningin fórst fyrir. Um neitt slíkt getur ekki verið að ræða hér.

Eg vona því, að þótt fjárþurðar kenni í landsjóðnum um þetta leyti, að þá verði þó ekki eingöngu litið á málið frá þeirri hlið, heldur jafnframt athugað, að málið er gagnlegt og mikið nauðsynjamál fyrir héruðin, sem í hlut eiga, og að það getur orðið arðvænlegt fyrir landsjóðinn og þá, sem kost eiga á að nota símann.

Þótt fjárlaganefnd hafi ekki beinlínis samþykt þessa fjárveiting, þá hefir hún ekki lagt á mót henni, og vonast eg því eftir, að háttv. deildarmenn styðji málið með atkvæði sínu.

Þorleifur Jónsson: Eg hefi, sem fleiri góðir menn, brtill. við 13. gr. fjárlaganna, og eg er hræddur um að sumir hafi rekið upp stór augu, er þeir sáu, að Skaftfellingurinn fór fram á 10000 og 5000 kr. fjárveiting úr landssjóði, því háttv. þm. eru svo óvanir að heyra fjárbeiðnir úr þeirri átt, í svona stórum stíl.

Eg vil geta þess, að það er full þörf þessa fjár, og að krafan er réttmæt. En eg get búist við að sumum af hinum háttv. deildarm. sé málið ókunnugt, þar sem útlit er fyrir að hinni háttv. fjárlaganefnd hafi sést yfir erindi það, er eg sendi henni um þetta mál, eða hefir álitið að það væri út í bláinn, því ekki sést að hún hafi sint því að neinu.

Háttv. þgm. álíta ef til vill, að hér sé um hreppaveg eða eitthvað því um líkt að ræða, sem fáir hefðu gagn af eða þyrftu að nota. En þessu er ekki þannig varið. Þetta er lögákveðinn þjóðvegur og þennan vegarkafla á að gera akfæran, og því til sönnunar skal eg geta þess, að þegar verkfræð-

ingur landsins í tillögum sínum til stjórnarinnar 1907 ákvað hvaða þjóðvegi eigi að gera akfæra, telur hann einmitt veginn frá Hólum að Bjarnanesi. Hann getur þess í þessum tillögum sínum, að frá Höfn í Hornafirði að Hólum liggi sýsluvegur, sem sé akfær og þess vegna sé rétt að þjóðvegurinn, sem tekur þar við og liggur inn eftir Nesjasveit, sé einnig gerður akfær, og getur þess jafnframt, að þá þurfi nauðsynlega að brúa Laxá.

Eg vona því, að háttv. deild sjái, að hér er um nauðsynjamál að ræða. Hér er verið að biðja um fé til vegar, sem ekki er hreppavegur eða sýsluvegur, heldur fjölfarinn þjóðvegur, er liggur eftir endilangri sýslunni, og það því fremur sem sýslan hefir lagt akfæran vegarkafla frá kauptúninu í Hornafirði upp á þjóðveginn, og lagt til þess um 5000 kr. Þessi þjóðvegarkafli, sem hér er um að ræða er áframhald af veginum frá kauptúninu, vestur sýsluna, og verkfræðingurinn hefir lagt til, að sá kafli sé gerður akfær, eins og eg gat um hér að framan.

Háttv. þingd. mun nú spyrja, hvort þörf sé á þessum vegi strax. Eg skal þá svara því með því að geta þess, að nú er byrjað á veginum; seinasta alþing veitti 4000 kr. til vegarins. Peningar þessir komu að vísu ekki allir til skila til vegagerðarinnar, vegna þess að strandferðabáturinn, sem flutti verkfæri og fólk til vegagerðarinnar, fór í það skifti, eins og oft endranær, fram hjá Hornafirði, og varð því að skipa öllu í land á Djúpavogi, og eyddist því töluvart af fénu í flutninginn. Vegurinn komst þó í sumar að Laxá, og var lagður að hinu fyrirhugaða brúarstæði á Laxá, og þar sem hann endar, tekur við árgljúfur, svo hann kemur að litlum eða engum notum, eins og nú standa sakir.

Það er eftir umtali við verkfræðinginn, að eg hefi stungið upp á þessari upphæð til brúarinnar, 10000 kr., og er þá gert ráð fyrir, að hún sé bygð úr járni. Eg verð því að halda mér við þessa upphæð og vona fastlega, að deildin líti á málið með fullri sanngirni, því eins og eg gat um áðan, kemur vegurinn að sama sem engum notum, ef brúin fæst ekki, og það fé, sem þegar hefir verið kostað til hans, liggur alveg arðlaust.

Eg hef einnig farið fram á, að veittar séu 5000 kr. til þess að halda veginum áfram og vonast eg fastlega eftir, að háttv. deild vilji ekki skifta fé til vegagerðar þessarar niður á mörg fjárhagstímabil, meðfram að af því leiðir æfinlega óhjákvæmilegur aukakostnaður, við flutning á fólki og verkfærum, en veita það nú í eitt skifti fyrir öll, og það því fremur, þegar þess er gætt, að þar sem þjóðvegurinn liggur nú, og á að liggja, er enginn vegur, heldur fúamýrar og troðningar, og sumstaðar liggur hann um tún og engjar á þessu svæði, og er þar víða illfært yfirferðar í rigningatíð.

Áður var þetta öðruvísi, þá lá vegurinn utar, eftir bökkum Hornafjarðarfljóta og yfir Skógey. En nú hafa Fljótin breyzt svo á síðari árum, að þau eru oftast ófær á þeim vöðum, og því varð að leggja þjóðveginn inn alla Nesjasveit, inn til Hoffells, og þar yfir vöð á Fljótunum, sem oftast eru fær.

Eg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta mál að sinni, en bið háttv. þingdeild að athuga þær ástæður, sem liggja til þessa máls. Eg hefi heldur ekki margar fjárbeiðnir handa þessum héruðum og fáar komið á

undanfarandi árum, enda lítið fé veitt til þessa landshluta, og það má líka á á það líta, að vér höfum að mestu leyti farið á mis við strandferðirnar, og því meiri ástæða til þess að veita dálítið fé til samgöngubóta á landi.

Stefán Stefánsson: Tillaga sú, á þgskj. 252, sem eg hefi leyft mér að bera fram fyrir hina háttv. deildarmenn, fer fram á að landsjóður veiti 2000 kr. til akbrautar í Svarfaðardal, móti því að sveitarmenn leggi fram 4000 kr. til brautarinnar. Þetta framlag sveitarfélagsins sýnir það ótvírætt, hve þörfin er brýn, því eins og högum almennings er nú háttað yfirleitt, þá verður ekki öðruvísi á það litið, en að svona mikil fjárútlát sé allþung byrði fyrir eitt sveitarfélag.

Það var fyrst nú fyrir nokkrum dögum síðan, að eg fékk í hendur ítarlegt erindi um þetta frá Svarfdælum, og afhenti það þá þegar fjárlaganefndinni, ásamt nokkrum línum, er eg skrifaði nefndinni, málinu til enn frekari skýringar og meðmæla, en nú hefir nefndinni þóknast að líta öðrum augum á þetta mál, en eg hafði búist við, þar sem hún hefir ekki tekið upp neina fjárveitingu til akvegarins. En út af þeim orðum, sem féllu hjá háttv. framsögumanni nefndarinnar viðvíkjandi undirbúningi málsins, þá hefi eg þó fulla ástæðu til að álíta, að háttv. fjárlaganefndarmenn beri hlýjan hug til þessa fyrirtækis.

Þetta mál hefir verið rætt og undirbúið heima í héraði, og samþykt þar á fjölmennum fundum, að byrja nú strax á næsta sumri á framkvæmd verksins, að svo miklu leyti sem vinnukraftur sveitarmanna til hrykki, og fé væri fyrir hendi.

Þessi akvegarleið er hvorki á þjóðvegi eða sýsluvegi, og getur þess vegna ekki átt nokkra beina kröfu til styrks af hálfu hins opinbera, en þrátt fyrir það, er hér um svo afarmikinn kostnað að ræða, að það er ofvaxið sveitarfélaginu að fá verkið svo fljótt unnið, sem nauðsyn er á, og þess vegna er þetta mál hér flutt, í þeirri von, að þingið vilji líta á allar þær ástæður, er fyrir liggja, í trausti til þess, að það þá álíti fyrirtækið stuðningsvert.

Þessi ósk byggist aðallega á því tvennu, að eins og nú er, þá er tíðfarnasti og aðal-flutningavegur Svarfdæla, illfarandi vegar-troðningar um tún og engjar, til stórbaga fyrir ábúendur og mikillar hindrunar fyrir ferðir manna og aðdrætti, en á hina hliðina sveitin mjög mannmörg og þéttbýl, svo ferðir og flutningar innsveitis eru afar miklar.

Auk þessa vil eg taka það fram, að Svarfdælir stunda allmikið fiskiveiðar frá Dalvík og aðdrættir þaðan þess vegna eru meiri og samgöngur tíðari, sérstaklega vor og haust, meðan vertíðir standa yfir, þegar hvað mest nauðsyn er á að vegir séu góðir og greiðfærir, ef ekki á að valda því meiri og tilfinnanlegri skemdum.

Allur undirbúningur þessa máls frá hendi sveitarfélagsins er, að því er mér virðist, svo góður, sem frekast er við að búast, á svo skömmum tíma, sem að málinu hefir verið unnið, því nú þegar hafa allflestir verkfærir karlmenn af fúsum vilja skuldbundið sig til, hver einstakur án alls endurgjalds að leggja fram 6 dagsverk á þessu yfirstandandi og næstkomandi ári. Með þessu framlagi og þeim peningum, er sveitin hefir síðustu ár sparað af hreppsvegafé, ásamt væntanlegum hreppsvegagjöldum næstu 2 ár, þá er áætlað, að fengin sé nokkurn veginn full vissa fyrir 3000 kr. til fyrirtækisins, en þeir líta svo á að ef alþingi vildi veita 2000 kr., þá sé með því fengin svo

mikil uppörfun fyrir sveitina, að enginn minsti vafi sé á því, að hún bæti við fjórða þúsundinu, og þar af leiðandi er styrkbeiðnin miðuð við þá upphæð, eða með öðrum orðum: að landssjóður styrki fyrirtækið að þriðjungi.

Þegar eg svo ber saman staðhætti í þeim héruðum, er eg bezt þekki til, þar sem akvegir eru lagðir, að öllu leyti af landsfé, og er þegar með lögum ákveðið að leggja, þá fæ eg eigi betur séð, en að hér hagi öldungis eins til, bæði fólksfjöldi og þéttbýli langt fram yfir það, er alment á sér stað í sveitum, og staðurinn svo sjálfsagður, þar sem alt er flutt að og frá; hið eina sem hér skilur á og ávantar er lagaskyldan, en það eitt út af fyrir sig, vona eg að háttv. þingd.m. láti ekki ráða atkvæði sínu, hafi mér hins vegar tekist, að gera það nokkurn veginn ljóst, hvað hér er um verulegt nauðsynjafyrirtæki að ræða,

Að svo komnu ætla eg þó ekki að fara fleiri orðum um málið, en treysti svo á sanngirni deildarinnar, að hún ekki eyðileggi eða stórspilli svo lofsverðu fyrirtæki, og sem að mínu áliti er hrein fyrirmynd.

Þá vil eg með fá fáum orðum minnast á síma-álmuna til Siglufjarðar. Það er fyllilega mín skoðun, að það sé hreint og beint tap fyrir landssjóð, hvert ár sem það dregst, að sími sé lagður þangað. Þessi skoðun mín byggist á þeirri reynslu, sem fengin er á símalínunni, sem lögð var til Hjalteyrar fyrir 2 árum, sú lína — séu tekin til greina andvirði fyrir öll símskeyti og samtöl, er hún flutti — borgaði nálega á fyrsta ári allan kostnað við lagningu álmunnar, sem var 14—1500 kr. Þessi gífurlega miklu not símans stöfuðu að miklu leyti frá að eins þremur útlendum síldveiðifélögum, er héldu til á Hjalteyri rúman tveggja mánaða tíma, en á Siglufirði hafa bækistöðu sína langtum fleiri útlend síldveiðifélög og er því sennilegt, að búast við því, að sá væntanlegi Siglufjarðarsími verði enn meir notaður og gefi því landssjóði mjög verulegar tekjur. Þegar svo lítið er til þess, að héraðsbúar bjóða fram 10,000 kr. til fyrirtækisins, sem eins og þegar hefir tekið fram, er fyrirsjáanlegt gróðafyrirtæki fyrir landssjóð, þá virðist mér alt mæla með því, að símalínan sé bygð, sem allra fyrst. Annars mætti taka fleira fram þessu máli til skýringar, en eg ætla þó ekki að lengja umræðurnar frekar að sinni.

Björn Kristjánsson: Eg hef gerst flutningsmaður að breyt.till. á þgskj. 265. Eins og kunnugt er, þá hefir á síðustu fjárlög og stjórnarfrv. slæðst inn nýr liður um skrifstofufé handa verkfræðing landsins, sbr. 13. gr. B. I. 3. lið í fjárlagafrumvarpi stjórnarinnar. Hér er verið að fara fram á, að störf sem hvíla á stjórnarráðinu séu færð út í bæ. Það er auðvitað sjálfsögð krafa, að stjórnarráðið sé skipað svo mörgum mönnum, að það geti leyst af hendi þau störf, er fyrir liggja, en að koma upp smá ráðaneytisskrifstofum út um bæinn, álít eg óheppilegt fyrirkomulag. Eg verð því að greiða atkvæði móti þessum lið, ekki af því, að eg geti ekki vel unt manninum þessarar upphæðar, heldur af því, að stefna þessi í sjálfu sér er svo athugaverð, að hún getur leitt út í það óendanlega.

Fjárlaganefndin hefir lagt til, að 13. gr. B. I, 2. lið. falli burtu, en hefir gleymt þessum tölulið. Við það sparast 800 kr. á ári, sem verja má til annars þarfara.

Við 13. gr. B. III., hef eg lagt til, að komi nýr liður aftan við 5. lið um brúargerð á Bleikdalsá, 3900 kr. síðara

árið. Bleikdalsá rennur úr djúpum fjalladal, Bleikdal, og er reyndar á sumrum lítil, en vex mjög á vetrum, svo að hún stundum er með öllu ófær og tálmar ferðum og samgöngum. Eg skal viðurkenna, að hún er ekki verri en margar aðrar ár, sem óbrúaðar eru, en hún er í bygð, á fjölförnum þjóðvegi og mikil almanna þörf, að brúuð verði. Fyrir mörgum árum var verkfræðingur fenginn til að gera áætlun yfir kostnaðinn og taldist honum til, að járnbrú yfir ána mundi kosta 3900 kr.

Eg vona, að háttv. þingdm. sjái sér fært, að mæla með og samþykkja þessa fjárveiting, sem er til svo stórra samgöngubóta fyrir héraðið.

Við 13. gr. D. II. leyfi eg mér líka, að koma með breyt.till. um símalagning frá Keflavík að Kotvogi og Reykjanesi. Það er engum efa bundið, að sá sími er afar-nauðsynlegur og yrði til stórmikils gagns og hagsmuna. Eg skal að eins meðal svo margs nefna hve heppilegt það væri, að geta símað suður eða til varðskipsins, þegar botnvörpungar væru í landhelgi. Þá næðist margur þeirra, sem nú sleppur. Kostnaður við símann að Kotvogi er áætlaður 5400 kr., og þaðan að Reykjanesi 6600 kr.

Eg vona, að þingið láti þá fjárupphæð ekki sér í augum vaxa, þegar litið er til þess gagns, sem menn koma til að hafa af þeirri álmu.

Þá vil eg leyfa mér að fara nokkrum orðum um þá tillögu mína, að lagður sé vegur úr Selós og suður að Kópavogi. Þessi leið hefir verið mæld af verkfræðing landsins og hefir hann mælt með því. Það styttir mjög leið fyrir mönnum að austan, sem vilja fara niður í Hafnarfjörð. Þeir hafa þurft til þessa, að koma alla leið niður til Reykjavíkur og svo til Hafnarfjarðar. Sama er að segja um þá, sem fara suður með sjó.

Þetta er nýtt mál og á því að öllum líkindum örðugt uppdráttar, en eg geri mér þó beztu vonir um það.

Þá er Keflavíkurvegurinn. Í upphafi var svo ætlast til að Kjósar- og Gullbringusýsla legði til þessa vegar hálft á móti landssjóði. Áður var þetta eitt sýslufélag, en nú hefir Hafnarfjörður gengið undan og Kjósarsýsla skilið fjárhag sinn frá Gullbringusýslu, sem nú er eftir ein um að kosta helming þessa vegar. Nú hefir 2800 kr. verið lagðar fram frá sýslunni og sé eg ekki að hún sé fær um nú eftir skiptinguna að leggja meira fram en $^1/_4$ til vara $^1/_3$ af því fé, sem gengur til þess sem eftir er að fullgera af vegi þessum, og það vil eg leggja til að þingið samþykki.

Jón Sigurðsson: Hin háttv. fjárlaganefnd hefir lagt til í nefndaráliti sínu, að gufubátsferðastyrkurinn sé veittur allur í einu lagi, og að stjórninni sé svo falið að útbýta honum sem haganlegast. En eg hygg að nokkuð athugavert sé að láta stjórnina þannig eina öllu ráða um þær ferðir og tilhögun þessara samgangna. Að minsta kosti hafa þeir, sem tekið hafa og taka að sér slíkar ferðir, með því fyrirkomulagi sem nú er eitthvað meira ábyggilegra, meira að halda sér við.

Í fjárlagafrumvarpi stjórnarinnar er ætlast svo til, að varið verði 750 kr. til mótorbátsferða frá Borgarnesi upp eftir Hvítá. Fjárlaganefndin hefir lagt til að upphæð þessi falli burt og fæ eg eigi annað séð en að það sé óheppilega ráðið. En nefndinni hefir ekki verið kunnugar allar ástæður og því skal eg leyfa mér að skýra málið dálítið. Það er langt síðan það vakti fyrir mönnum að nota Hvítá til mótor-

bátsferða. Var það vist Andrés Fjeldsteð á Hvítárvöllum, er fyrstur vakti máls á því fyrir mörgum árum. Í fyrra var félag stofnað í því skyni, og 1907 fékk það 750 kr. styrk til fyrirtækisins og var þá keyptur bátur til þeirra ferða á ána, en hann fullnægði ekki þeim skilyrðum, sem staðhættir útheimtu. En þótt slík óhöpp hafi viljað til er samt ekki rétt að láta fyrirtækið fyrir það stranda. Það er ekki rétt að kæfa þær tilraunir í fæðingu, sem geta orðið héraðsbúum til svo mikilla framfara, og sem geta haft svo verulega þýðingu fyrir landið í heild sinni. Því hér er um nýtt spor að ræða, sem getur ef það heppnast haft mikla þýðingu fyrir þungavöruflutning þessa lands frá sjávarströndunum upp í landið. Til þess að ganga á grynningum og hörðu straumvatni, sem Hvítá, þarf sérstakan bát. Hann verður nokkuð dýr, svo að ekki er eðlilegt að einstakir menn geti kostað hann að öllu. Það er því ekki nema sanngjarnt, að það opinbera hlaupi undir bagga, og veiti hæfilegan styrk. Styrkinn mætti veita með þeim fyrirvara, að báturinn gengi langt upp eftir Hvítá, alla leið upp að Langholtsvaði að minsta kosti. Eg hefi ekkert á móti því, að fjárveitingin væri þannig einskorðuð, að landssjóður legði ekkert fram nema fyrirtækið reyndist svo gott, að menn sæju, að það ætti styrk skilið. Ef hugsjón þessi kemst í framkvæmd er stigið stórt framfaraspor, ný samgöngubraut opnuð, sem verða mun lífæð viðskifta og verzlunar héraðsbúa. Þá fyrst geta þeir með hægu móti sent vörur sínar á markaðinn, og aftur á móti fengið nauðsynjar sínar heim til sín án þess að þurfa að verja til þess löngum og dýrum tíma, þegar miklar annir kalla að.

Eg vona því, að háttv. deildarmenn taki máli þessu vel, og láti það ná fram að ganga.

Sigurður Gunnarsson: Það er líklega ekki gustuk að lengja mjög umræður, og mun eg því vera stuttorður.

Í frumv. stjórnarinnar er ætlast til, að sími sé lagður frá Borðeyri til Búðardals og þaðan til Stykkishólms. Eg er þakklátur stjórninni fyrir þessa tillögu. Á þessu svæði eru fjölmennar sveitir og nauðsyn símanna því mikil, ekki síst þar sem mikill hluti landsins er nú kominn í símasamband.

Háttv. framsm. tók vel í það mál, að tillag héraðanna til símanna félli burtu, og mun það hafa nálega náð samþykki í fjárlaganefndinni. Í þessa átt fer líka br.till. okkar þm. Dal. (B. J.).

Háttv. framsm. tók till. okkar vel, eins og háttv. þingdm. munu muna, og færði fyrir henni góð rök. Hér er um víðlend héruð að ræða, Breiðafjörð og sveitirnar sunnan Snæfellsnessfjallgarðs. Á þessu svæði munu vera um 7000 manns. Þar eru kauptún og fiskiver einhver hin beztu á landinu, t. d. Hjallasandur. Í svipinn er ekki gert ráð fyrir, að síminn nái lengra en til Stykkishólms, en það er góð byrjun.

Svo að eg snúi aftur að breyt.till. um að nema burt tillagið frá héruðunum, þá held eg, að menn hljóti að kannast við, að sú tillaga er sanngjörn. Eg sé ekki betur en að viðkomandi sýslufélagi, í þessu tillfelli Snæfellsnessýslu, sé ofvaxið að greiða tillag úr sýslusjóði til símans, einkum þegar þess er gætt, að líkur eru til að sýslan verði að leggja hið ítrasta á sig til símans til Ólafsvíkur, enda má eg fullyrða að sýslan muni verða fús til þess, ef landssjóður kostar símann frá Búðardal til Stykkishólms eða Borg-

arnesi til Stykkishólms. Eg skal í sambandi við þetta skirskota til till. um síma milli Skagafjarðar og Siglufjarðar. Landssjóður hefir kostað síma gegnum Skagafjarðarsýslu, en héraðsbúar bjóðast til að taka þátt í þessum fyrirhugaða síma. Þetta tel eg eðlilegt og sjálfsagt, að Snæfellsnessýla muni ganga að sömu kjörum til framhalds Stykkishólmssímanum, t. d. að kosta hann að allmiklu leyti frá Hjarðarfelli út í Ólafsvík.

Eg skal ekki fara um þetta fleiri orðum að sinni, því að háttv. framsm. og þm. Dalam. (B. J.) hafa báðir fyrir þessu talað.

Hitt er annað mál, sem fjárlagan. hefir lagt til, að síminn sé lagður frá Borgarnesi til Stykkishólms. Sjálfur er eg þeirrar skoðunar, að það sé heppilegra, og meiri hluti héraðsbúa vestra mun áreiðanlega á því máli, en símastjórinn taldi fullkomnara sambandið milli Borðeyrar, Búðardals og Stykkishólms, því að á Borðeyri sé miðstöð. En þetta mun hin háttv. nefnd og hv. þingd. leggja á sína vog og mun þá verða tækifæri til að ræða það nánara.

Benedikt Sveinsson: Eg hefi borið fram viðaukatill. á þgskj. 254 um að fé verði veitt til tveggja brúa í Þistilfirði, til brúar á Hölkná 4500 kr. og til brúar á Sandá 10000 kr. Vegna þess, að flestum virðul. þingm. mun vera ókunnugt um þessar slóðir, þykir mér hlýða, að gera grein fyrir því, hver nauðsyn liggur á þessu.

Þistilfjörður er viðlend sveit, ristur sundur að endilöngu af 5 ám, og mega fjórar kallast stórár, er þar falla til sævar ofan úr öræfum; valda þær hinum mestu torfærum í sveitinni, sem skilja má af því, að bygðin er slitin sundur. Ár þessar heita: Svalbarðsá, all-vatnsmikil á; Sandá, einna verst yfirferðar; Hölkná; Laxá, sú er hin vatnsminsta og Hafralónsá. Hin síðastnefnda á er vatnsmest, en hún fellur í lón og má þar fara á ferju, þótt hinar árnar séu bráð-ófærar.

Þessar tvær ár, sem eg hefi nú farið fram á, að brúa skyldi, eru oft tímunum saman öllum ófærar yfirferðar, nema fugli fljúganda, bæði í vorleysingum og haustrigningum; þær eru grýttar mjög og straumharðar. Ferjum verður þar ekki við komið og verður því að sæta lagi til að komast yfir þær við ósana, en það er oft torvelt, því að lending er erfið, nema dauður sé sjór. Auk þess er kostnaðarsamt að nota báta, því að bygð liggur all-langt frá sjó. Enn er það, að árnar leggur seint á vetrum vegna straumhörku. Þær fyllast krapi og eru þá hverri skepnu ófærar með öllu.

Þetta mál hefir lengi verið á dagskrá héraðsbúa og er eitt af þeirra mestu áhugamálum. Eg hefi hér í höndum, meðal annara skjala um þetta mál, bréf frá póstinum, sem fer milli Vopnafjarðar og Öxarfjarðar. — Þar telur hann ár þessar einn hinn versta farartálma á sinni leið og lýsir þeim á sama hátt, sem eg hefi nú gert. Kveðst hann dögum saman verða að bíða við árnar oftsinnis og lýsir töfum og kostnaði, sem af því hlýtst.

Þá er og þess að geta, að bygðarmenn eiga yfir árnar að sækja í kaupstaðinn, Þórshöfn. Slíkt hið sama verða og Þistilfirðingar og Sléttumenn að sækja lækni til Þórshafnar, og er auðsætt, hvílíkt mein þeim er að því, að geta ekki, ef svo ber undir, vitjað læknisins, þótt líf liggi við.

Svo sem eg gat um, hefir þetta mál lengi verið á dagskrá héraðsbúa og er vel undirbúið, þótt ekki hafi komið beiðni um það til alþingis fyr en nú,

að því er eg ætla. Landstjórnin hefir viðurkent, að þessa væri nauðsyn, og látið verkfræðing landsins, er áður var, herra Sigurð Thoroddsen, rannsaka brúarstæði á þessum ám. Hann hefir gert áætlun um brýrnar og uppdrætti; þetta er nú ekki við hendina, heldur hjá sýslumanninum í Þingeyjarsýslu. En upphæðirnar eru teknar samkvæmt þessum áætlunum og eru hafðar eins og þar. Sigurður Thoroddsen hefir lagt til, að hafa trébrýr, enda mun það bæði ódýrra og hentara vegna staðhátta, en að hafa steinsteypubrýr, því að á þessu svæði verður oft vart við landskjálfta. Á því máli er og núverandi verkfræðingur landsins, að varúðarvert sé að hafa steinbrýr yfir ár í þeim héruðum landsins, þar sem hættast er við landskjálftum.

Sýslunefndin í Norður-Þingeyjarsýslu hefir haft málið til meðferðar og skrifað stjórnarráðinu um, að veitt yrði sem fyrst fé til þess, að brúa þessar ár. Þær er og tiltölulega ódýrt að brúa; önnur fellur í gljúfrum, þar sem brúarstæðið er fyrirhugað; að hinni liggur öðru megin klöpp, en hinum megin grjóteyri.

Eg skal ekki fara fleiri orðum um nauðsyn þessara brúa, en jafnframt því, sem eg óska, að þetta mál verði tekið til greina, vil eg benda háttv. þingd. á það, að ekki hefir komið úr minu kjördæmi nokkur fjárbeiðni á þetta þing önnur en þessi. Þaðan hefir hvorki verið beðið um vegi né síma; ekki hefir þaðan heldur verið beiðst, að stofna ný prestaköll né læknishéruð, og ekki heldur fjárbeiðni frá nokkrum einstökum manni. Því vænti eg, að háttv. þingd. taki þessu áhugamáli héraðsins með sanngirni.

Jón Jónsson (1. þm. N.-M.): Eg tel það vel farið, að atkvæðagreiðsla um þennan kafla fjárl. fór ekki fram í gærkveldi. Breyt.till. komu svo seint, að þingmenn hafa ekki getað áttað sig á þeim fyr en á þessum tíma, sem liðinn er frá fundinum í gær. Nú hafa þm. nokkuð getað áttað sig.

Hér hafa ýmsir tekið til máls og talað vel fyrir þeim tillögum sínum, sem þeim er ant um. En eg vil nú líta almennt á þessar breyt.till. Eg gerði fljótlegt yfirlit yfir allar breyt.till. við 13. gr. í gærkveldi og taldist mér svo til, að aukning útgjaldanna í þeirri grein næmi um 144 þús. kr. samkvæmt breyt.till. Þetta þykir mér nokkuð mikið og varla rétt, að hleypa öllu þessu í gegn við þessa 2. umr., því að þótt fjárlögin eigi eftir hreinsunareld, þá verður þó að gæta hófs við hverja umræðu sem er. Eg sé ekki betur, en að fella verði einhverjar þessar breyt.till.

Eg vil í þessu sambandi leyfa mér, að minnast nokkuð á málefni, sem að vísu liggja þó ekki fyrir hér. Á okkur þm. N.-Múl. var skorað, að flytja við þingið fjárbeiðslu til símalagningar frá Egilsstöðum til Borgarfjarðar, en við höfum ekki komið með það mál á þingið af því, að við vildum gæta hófs, þótt vér hins vegar teldum nauðsyn all-mikla liggja til þessarar beiðni. Svo er um fleira; vér höfum stungið mörgum fjárbeiðslum undir stól, telst mér þær nema alls um 60 þús. kr. úr Múlasýslum, sem þann veg hafa verið dysjaðar. Okkur verður því ekki brugðið um frekju. Nokkrar breyt.till. eigum við þó hér og þeim munum við fylgja fast fram, enda væntum við, að þær verði teknar til greina. Aðra þeirra hefir fjárlaganefndin fallist á, sem sé 2000 króna fjárveiting til Breiðdalsvegarins, en hinni, 600 kr. til dragferju á Lagar-

fljóti, hefir bæði nefndin tekið svo vel og háttv. þm. Sfjk. (B. Þ.) talað svo skörulega fyrir, að eg efa ekki, að hún nái fram að ganga.

Hálfdan Guðjónsson: Eg vil leyfa mér, að vikja nokkrum orðum að breyt.till. nefnd. við 13. gr. B. VII, þess efnis, að þar aftan við bætist nýr liður, fjárveiting til kaupstaðarvegar í Hvammstanga. Þessarar breyt.till. er getið nokkuð lauslega í nefndarálitinu og háttv. frams.m. fór þar fljótt yfir sögu. En þótt háttv. fjárlagan. hafi verið ljós nauðsyn þessarar fjárveitingar, er hún stakk upp á henni, þá kann að vera, að sumum háttv. þm., sem ókunnugir eru, þætti vandfýsni, að leita þessarar fjárveitingar. En það er langt frá því, að svo sé; þótt svo standi í breyt.till., að hér sé um kaupstaðarveg að ræða, þá er þetta alls enginn vegur; þetta er vegleysa, sem liggur yfir óræktarmóa og hálfflúin mýrarsund á milli. Þess vegna verður alt af að færa slóðirnar, þegar grasrótin fer að stígast sundur, og þó er það all-títt, að baggahestar festast í einhverju feninu og velta af sér böggum. Þetta veldur auk þess skaðsamlegu jarðraski á mörgum jörðum á Múlabæjunum, svo nefndum. Hefir því oft verið amast við þessari umferð. En að fara aðra leið er krókur svo mikill, að ferðamenn kjósa þó þann kost heldur, að klifra hærra og hærra upp í Múlann til þess að varast, að gera skemmileg jarðspjöll. — Er þetta mjög tilfinnanlegt, því að síðan verzlun komst á Hvammstanga, — þar varð fyrst löggiltur verzlunarstaður 1895, — hafa þangað dregist nálega öll verzlunarviðskifti úr Vestur-Húnavatnssýslu, því að höfnin er hin álitlegasta, sem völ er á í Húnavatnssýslu, þeirra hafna, sem allvel er í sveit komið. Þar hefir verið reist slátrunarhús fyrir sýsluna og kaupfélagsverzlun er rekin þar. Auk þess er þar læknissetur. Hér er áreiðanlega um framtíðarkauptún að ræða. Er því auðsætt, hversu miklar og tíðar ferðir hljóta að verða þangað. Því þótti bráðnauðsynlegt, að gera eitthvað fyrir þessa leið. Verkfróður maður var fenginn til að athuga leiðina og gera kostnaðar-áætlanir. — Áætlun hans var sú, að vegur þessi kostaði 10,000 kr. Héraðinu var ókleyft, að vinna slíkt verk styrklaust af almannafé. Eigi var þess heldur að vænta, að sýslufé fengist svo nægja mætti, því að fyrst og fremst gengur helmingur sýsluvegafjárins til þjóðvegaviðgerðar innan sýslu. Auk þess þurfti í mörg horn að líta önnur með það fé. Þess vegna hefir verið leitað til þingsins, sem eðlilegt er; eg veit ekki, hví þeirri beiðni var hafnað á síðustu þingum; en um það skal eg ekki fást. Það er til einskis. Hinu fagna eg, að nú virðist, sem þm. sé full-ljóst, að hér er um engan hégóma að ræða, heldur nauðsynjamál, sem vænta má, að nú verði hrundið í vænlegt horf, þó að seinna sé en eðlilegt var.

Það hefir oft verið bent á það hér á þinginu, að þegar beiðni kæmi frá einhverju héraði, þá væri það bezta sönnunin fyrir því, að hún væri nauðsynleg og málið áhugamál héraðsbúa, ef þeir vildu taka þátt í kostnaðinum en ekki demba honum eingöngu á landssjóðinn. Þetta er dagsanna. Önnur betri rök verða trauðla færð. Þessi rök vantar ekki fyrir þessari vegagerð. Ófyrirsynju mundi héraðið ekki leggja á sig 5000 kr. útgjöld. Það er allmikill munur að mæta slíkum fjárbeiðnum eða hinum, sem ekki kosta héruðin nema orðin ein — en landssjóðinn alla peningana. Eg þykist svo ekki

þurfa að færa fleiri eða frekari rök fyrir fjárveitingu þessari.

Eg vona að deildinni sé það ljóst að það er mesta nauðsynjamál fyrir héraðið, sem svo oft hefir orðið útundan, er um fjárveitingar hefir verið að ræða, t. d. hefir Húnavatnssýsla og hennar hafnir orðið hart úti með strandferðirnar.

Sigurður Sigurðsson: Eg vil leyfa mér að vekja athygli á einni af breyt.-till. á þgskj. 281 frá háttv. þm. Dalam. (B. J.), sem fer fram á að fella í burtu fjárframlög héraða til símanna. Þetta mál var einmitt rætt mjög mikið í fjárlaganefnd, en eins og hv. framsm. hennar (B. J.) tók fram í gær, þá hefir fjárlaganefndin ekki slegið neinu föstu um það, hvað hún leggur til í þessu efni.

Fjárlaganefnd fól mér að tala við símastjóra Forberg um símamálið og hann skrifaði nefndinni aftur langt og ítarlegt skjal með till. sínum, sem nefndin hefir enn ekki fengið ráðrúm til að ræða eða taka ákvörðun um. Eg vildi því leyfa mér að óska að breyt.till. yrði tekin aftur, og að ekkert yrði sþ. hér að lútandi fyr en nefndin hefir fengið tíma til að kynna sér skýrslu og álit símastjórans.

Eg er samdóma því, og hefi haldið því fram, bæði áður fyr og nú í fjárlaganefnd, að eigi sé rétt eða sanngjarnt að heimta eða krefjast tillags frá héruðunum til þeirra lína, er tengdu hérað við hérað og héruðin við höfuðlínuna. Það eru línur, er eiga að teljast aðallínur, og þær línur er landssjóður skyldur til að kosta að öllu leyti. Það er ósanngjarnt, að krefjast stórra fjárframlaga frá sumum héruðum, þar sem önnur sleppa svo að segja af tómri tilviljun við að greiða nokkuð til símalína.

En hvað eru aðallínur og hvað aukalínur? Um það er enn ekkert ákveðið; en eg skildi fjárlaganefndina þannig, að hún mundi, ef til vill, ætla sér að koma fram með ákveðnar till. í þá átt. Málið er vandamál, sem ekki má hrapa að í hugsunarleysi.

Ef till. hv. þingm. Dalam. (B. J.) verður samþ. mætti líta svo á, að landssjóður væri skyldugur til að kosta allar línur, hverju nafni sem þær nefnast og hvert sem þær liggja á landinu. Eg fyrir mitt leyti álít það heppilegri leið, eins og eg tók fram áðan, að búið væri til »plan« yfir alla þá síma, sem leggja ætti á næstu árum og teknar ákvarðanir um það, hvaða símalínur landssjóður ætti að kosta eingöngu, og til hverra ætti að heimta sýslufranlög. Ef þessi leið væri farin, tel eg sjálfsagt, að síminn frá Borðeyri til Búðardals yrði einn af þeim, sem landssjóður kostaði að öllu leyti. En eg veit, að það verður erfitt og vandasamt verk að meta það, hvað séu aðalsímalínur og aukalínur, eða hvaða síma landssjóðurinn á að kosta og til hvaða síma á að heimta framlög úr héruðunum. Sumir hafa bent á það, að landssjóður ætti þá að kosta allar línur, sem lægju frá einhverju aðalkauptúni í héruðunum og tengdu það við Reykjavík t. d. að síminn frá Húsavík til Einarsstaða væri þá landssjóðssími. Sama er að segja um símalínuna úr Reykjavík austur á Eyrarbakka og fleiri línur, er líkt stendur á með. Eg get því hugsað mér, að háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) verði með því að þessi vegur yrði farinn, þar sem hann þarf að fá síma frá Ísafirði til Bolungarvíkur.

Af þessum ástæðum hefði eg helzt óskað þess, að háttv. þm. Dalam. (B. J.) tæki till. sína aftur, en honum er

sárt um hana og vill ekki gera það, og hlýt eg þá að greiða atkv. á móti henni. Verði till. samþ., þá er þar með að minu áliti tekin stefnubreyting í málinu. En eg tel mjög varhugavert að gera það nú við þessa umr. fjárlaganna, og álít að málið þurfi að athugast miklu betur, áður en slikt er gert.

Eg vil einnig benda á það, að ef till. háttv. þingm. Dalam. (B. J.) nær fram að ganga, þá hlýtur símalínan frá Vatnsleysu til Siglufjarðar að komast undir þetta og verða kostuð að öllu leyti af landssjóði. Eg álít það því hið mesta fljótræði að samþ. till. að svo vöxnu máli.

Áður en eg sezt niður, þá vil eg leyfa mér að minnast á 2 atriði, sem hvorugt snertir þó mitt kjördæmi. — Annað þeirra er Rangárbrúin. Eg get ekki betur séð, en að sumt af því, sem sagt hefir verið um hana sé rangt. Það er t. d. leiðinlegt að kalla hana »luxus«, það er alls ekki rétt. Mín skoðun er sú, að nú liggi næst að brúa Rangá, og að hún eigi að ganga fyrir öðrum ám til brúargerðar, þeirra, sem nú liggur við borð að brúa. Rangá bar að brúa næst á eftir Fnjóská. — Þótt áin sé bergvatn, þá er hún eigi að síður vatnsmikil og ill yfirferðar, og til mjög mikillar hindrunar fyrir samgöngur. Eg mun því greiða atkv. með því að brúin verði tekin upp á fjárlögin síðara árið.

Hitt atriðið, sem eg vildi minnast á er breyt.till. háttv. 1. þingm. G.-K. (B. Kr.). Þar er farið fram á það, að tillagið frá Gullbringusýslu til vegarins frá Hafnarfirði suður að Vogastapa sé lækkað niður í $^1/_3$, í stað þess sem áður hefir verið ákveðið, að það ætti að vera helmingur á móts við fjárframlagið úr landssjóði. Eg sé nú enga ástæðu til að lækka þetta tillag, og mun því greiða atkvæði á móti þessari br. till.

Bjarni Jónsson: Eg verð að láta í ljósi undrun mína yfir ræðu þeirri, sem eg hefi hlustað á nú um stund, og sem háttv. 2. þingm. Árn. (S. S.) flutti. Eg get ekki séð, að það standi í nokkru sambandi við Forberg, hvort leggja á niður sýslutillög til símanna eður eigi. Þetta er stefna, sem hann hefir engin áhrif á, því að hans hlutverk er að segja hvar og hvernig eigi að leggja símann, en ekki það, hverjir eigi að borga. Fjárlaganefnd á að ráða úr því máli og komast niður á, hver stefnan eigi að vera.

Eg þykist þess fullviss að háttv. 2. þingm. Árn. (S. S.) verði með mér, þegar eg ber breyt.till. mína fram við 3. umr., af því hann er samdóma mér í aðalstefnunni, að það er ranglátt að láta sum héruð þurfa að borga stórfé til símans en sum fá hann fyrir ekkert. Það er í rauninni ekkert annað en að leggja sérstakt gjald á þau héruð, sem eru svo óheppin að liggja ekki í leið aðallínunnar. Eg verð því að halda því fram, að hið eina rétta sé að landssjóður borgi allan kostnað við símalagningar, svo að kostnaður jafnist niður á alla, því það verður réttast í þessu máli.

Mér dettur ekki í hug að taka till. aftur, og eg vonast til að hvorki eg eða aðrir þurfi að halda fleiri ræður til þess að verja till. Hún er of réttmæt til þess, að búast þurfi við árásum á hana.

Skúli Thoroddsen: Eins og háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) er kunnugt, þá barðist eg fyrir því á síðasta þingi, að allir nytu jafnréttis, að því er til landsímalagninga kemur, því það er augljóslega ranglátt, að leggja línurnar frá Reykjavík til Seyðisfjarðar og Ísafjarðar, þeim héruðum að kostnaðarlausu,

sem þær ná yfir, en heimta ákveðin all-há fjárframlög af öðrum héruðum, að eins af þeirri tilviljun, að þau eru ekki á nefndu svæði.

Þessu var og hreift í fjárlaganefndinni og þótt nefndin yrði þar eigi á eitt mál sátt, voru þó ýmsir sömu skoðun fylgjandi, sem eg, og því er eg þakklátur háttv. þm. Dalam. (B. J.) fyrir það, að hann tekur ekki aftur breyt.-till. sína, sem gengur í þá átt, að afnema misréttið, sem náði fram að ganga á síðasta alþingi í símamálinu.

Þegar háttv. 2. þm. Árn. (S.S.) athugar ástæður mínar á seinasta þingi, þá er það óþarfi fyrir hann, að vera að sletta því, að línan frá Ísafirði til Bolungarvíkur hafi áhrif á atkvæði mitt í þessu máli. Eg verð þó að líta svo á, sem hún ætti að skoðast sem aðallína, og nægir í því skyni að benda á það eitt, því til stuðnings, að Bolungarvík er nú orðið stórt kauptún, og það er fiskiver, sem fjöldi manna úr 4—5 sýslum landsins sækja, og veit eg því ekki, hvaða kauptún á heimting á kostnaðarlausum síma, ef ekki Bolungarvík. — Annars vil eg leyfa mér að benda þm. á, að það liggur hér engin till. fyrir um þetta mál; sú fjárveiting var færð yfir á fjáraukalögin, og þau eru eigi til umr. að þessu sinni.

Það var rétt, að fá álitsskjal Forbergs um það, hvaða línur eigi að teljast aðallínur, er landssjóður kosti, en hverjar aukalínur, áður en fjárlaganefndin tekur fullnaðar-ályktun um málið, en það, að álit Forbergs hefir enn eigi legið fyrir nefndinni til íhugunar, getur ekki réttlætt það, að þingdeildin fresti að láta í ljósi skoðun sína á málinu.

Þótt fjárlaganefndin hafi falið háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) að tala við Forberg, sem hann virðist vera drjúgur yfir, þá þykir mér ilt, ef hann lætur það hafa áhrif á atkv. sitt í málinu.

Sigurður Sigurðsson: Eg held sannarlega ekki að ræða mín áðan gæti gefið tilefni til stórrar roku og ónota frá háttv. þm. Dalam. (B. J.) og N.-Ísf. (Sk. Th.), svo sem þó er raun á orðin, og meir en það.

Eg hef haldið því fram, að heppilegast væri að fresta atkvgr. um brt. þm. Dal. að þessu sinni, og samþykkja ekki neitt um tillag til símalínanna, fyr en það mál er betur athugað og undirbúið af fjárlaganefndinni.

Hér er um tvent að ræða, hvort landssjóður á að kosta allar símalínur undantekningarlaust, eða hvort á að heimta tillag til sumra þeirra. Og et svo er, þá er spurningin um það, hvað eiga að vera aðallínur og hvað aukalínur. Eg er hræddur um, að meiningarnar verði nokkuð deildar um það, hvaða línur landssjóður á að kosta að öllu leyti, og til hverra á að heimta tillag úr héruðunum. Eg held að það sé full ástæða til þess, að fjárlaganefndin fái tíma til að átta sig á þessu máli, því að öðrum kosti er eg hræddur um að það geti orðið stríð á milli manna um þetta atriði. Þetta mál verður því að athuga betur, og koma sér niður á fastri undirstöðu í þessu efni.

Með allri virðingu fyrir fjármálapólitík háttv. þm. Dalam., (B. J.) þá álít eg að það verði kostnaðarsamt fyrir landssjóð, að kosta símalínu heim á hvern bæ. Eg fæ því ekki betur séð, en að það eina rétta í þessu máli sé að fresta ákvörðunum um þessa till. þm. Dal. að þessu sinni, og bíða þess, að málið sé betur athugað.

Einar Jónsson: Það er um Rangárbrúna, sem eg vildi segja fáein orð.

Eg hef heyrt að einstöku menn í meirihl., hafi reynt til að gera málið

að flokksmáli, en eg álít að það sé bæði órétt og óheppilegt. Eg vonast eftir að margir háttv. þm. meiri hl. séu svo heiðarlegir að þeir virði meira það, sem er satt og rétt, en stífni og löngun einstakra manna til að straffa þá, sem eru á móti þeim.

Það hljóta allir sanngjarnir menn að sjá, að það er ekki rétt að Rangárbrúin sitji lengur á hakanum, og að láta aðrar minni brýr ganga á undan. Nú eru þó komnar fram beiðnir um nýjar smábrýr, sem samtals kosta $^2/_3$ af því, sem ætlað er að Rangárbrúin kosti, eða nál 30 þús. kr.

Það lítur svo út sem minni hlutinn eigi að fara þess á mis, sem þó hefur verið ákveðið á undanfarandi þingum, að það eigi að eyðileggja ýms mál eingöngu vegna þess, að þau eru flutt af þm. minni hl., og í því sambandi vil eg benda á, að á þinginu 1905 var ákveðið að byggja skyldi brýr yfir þessar ár: Fnjóská, Rangá og Héraðsvötn, og Rangárbrúin átti að ganga fyrir, en enn þá er óvissa um það, hvort hún fæst.

Eg vil minnast á þá stóru ósanngirni og ósvífni, sem sögð var hér í deildinni í gær, að brúin yrði til gamans en minna til gagns, því Rangá væri tært bergvatn með sléttum botni. Eg verð að álíta að ummæli þessi stafi meira af ókunnugleik en öðru verra, því þótt það sé rétt, að Rangá sé tært bergvatn í þurkum og góðu veðri, þá hefur botninn aldrei verið góður eða sléttur, heldur með steinum og klöppum, sem hestarnir eiga erfitt með að klöngrast yfir og festa sig oft í milli, og síðan héraðsbúar fóru að nota hesta og vagna, þá er áin óhemju þröskuldur, sem sífellt tefur og hindrar ferðir manna, og þótt yfir verði komist, þá verður að pína hestana og vörurnar skemmast meira og minna. Því var slegið fram, að ekki væri annað en að selflytja, en það er líka venjan. Það getur enginn farið með vagna yfir ána nema að selflytja sig, því ómögulegt er að komast yfir með fullþung æki í einni ferð. Það verður að leysa vörurnar og taka mikið af þeim úr vagninum, og þarf þá stundum að kasta þeim niður í blautan sandinn, og má geta nærri, hvernig þær fara á því í rigningu og vondu veðri.

Eg sé ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta. Áin er sá þröskuldur, sem ómögulegt er að komast yfir með óskemdar vörur og hesta. Það þekkja þeir bezt, sem margsinnis hafa reynt það og strítt við sjálfir. Brýr þær, sem nú standa á fjárlögunum, eru að sjálfsögðu nauðsynlegar, og eg vil ekki mæla á móti þeim, en eg get ekki samþykkt að þær séu gerðar á kostnað Rangárbrúarinnar, og þótt hún kosti meira en hinar brýrnar, þá sýnir það að eins, að áin er stórá, og þarf ekki síður að brúa hana fyrir það.

Hvað sem háttv. þm. gera við brúna, þá óska eg eftir að hún verði þó undir öllum kringumstæðum sett á fjárlögin síðara árið, sem er þó það versta, næst bezt að hún standi á þeim fyrra árið og bezt að hún komist á þessa árs fjáraukalög. Eg vonast eftir að menn fylgi svo því, sem þeir álíta satt og rétt í málinu, en láti ekki flokksofriki ráða sér.

Pétur Jónsson: Það vill svo til, að eg þarf ekki að amstrast með fjárbeiðnir eða breyt.till., sem snerta mitt kjördæmi nú við meðferð fjárlaganna. Eg stend því upp einungis til þess, að gera nokkurskonar yfirlit yfir einn þátt fjárlaganna, sem nú er einmitt til umræðu, og það eru vegirnir. Það er ekki af því, að eg ætli að hafa á móti framsögum., heldur af því, að

mér fanst hann taka nokkuð laust á breyt.till. þeim, er komið hafa. Þegar maður er nú búinn að tína saman þenna urmul af breyt.lill., sem komið hafa fram við fjárlagafrumv., þá er vert að athuga, og glöggva sig vel á, hvert þessar till. stefna, hverja afleiðingu stefna þeirra hefir og hversu till. þær er vegina snerta, sameinast við vegaplan það, sem lagt er með vegalögunum, og af verkfræðingi landsins. Þá fyrst getum vér greitt atkv. með fullri skynsemd; í stuttu máli: greitt atkvæði rétt.

Nú er það segin saga, að ekki verður alt gert í senn, og verður þá að ganga svo á röðina, að einlægt sé það tekið fyrst, sem mestu varðar í hlutfalli við kostnað. Þótt jafnvel mikið fé væri fyrir hendi, þarf ætíð að gæta hófs og sparnaðar, spara á þennan hátt, því ef planið riðlast miðar skjótt til ógengdar. Og þegar ætíð er fjárskortur annarsvegar, eins og hér, þá kemur ógengdin undir eins í bága við nytsamari fyrirtækin.

Það virðist nú liggja beint við, að landssjóður láti sitja í fyrirrúmi alla þá vegi, sem eru hans handbendi samkvæmt vegalögunum, eða landssjóðsvegina, en það eru flutningabrautir, þjóðvegir og fjallvegir, og sinni lítið eða ekkert öðrum vegum, fyr en þessir vegir eru komir í sæmilegt lag. Vegagerðum á landssjóðsvegum vil eg nú skifta í tvo aðalflokka: fyrst og fremst brýr yfir brútækar ár og aðrar miklar torfærur, sem teppa ferðir, og þar næst vegagerðir þær á landssjóðsvegum, sem að öðru leyti gera leiðir greiðfærari og flutninga léttari. Að þessum vegagerðum öllum þarf að vinna af allmiklu kappi til þess að ná í land með þær í nálægri framtíð. Eg er nú þeirrar skoðunar, að það sé torfærurnar á hinum fjölfarnari landssjóðsvegum, sem eigi að setja efst á blað, og það megi eigi dragast langan tíma, að þær sé allar gerðar greiðfærar.

Þessi niðurskipun veganna, sem eg hefi nú bent til og er í samræmi við vegalögin og vegaplan verkfræðingsins, verður að setja takmörk hinu margvíslega aðkalli, sem kemur í ljós í fyrirliggjandi breyt.till. Hinn háttv. framsögum. (B. J.) var að minnast á sparnað, en mér þótti hann eigi taka nógu fast á móti br.till. þeim, sem sprengja þessi takmörk, eða grafa undan stýflunni, sem varna á því, að öllu miði til ógengdar.

Þá skal eg nú víkja að breyt.till. sjálfum og áhrifum þeirra á fjárhaginn. Tek eg saman við í þetta yfirlit þær breyt.till., sem gerðar voru við fjáraukalagafrumv. fyrir yfirst. ár og náðu samþykki deildarinnar. Hækkanir á vegafénu eftir breyt.till. eru af hálfu fjárlaganefndar c. 48,500 kr. og einstakra þingmanna c. 58,850 — eða alls: 107,350 kr. Af þessu er til landssjóðsvega um 71 þús. kr., en hitt — rúm 36 þús. kr. — til sýslu og sveitavega. Til sýsluvega er einnig í stjórnarfrv. um 8 þús. kr. Af tillögum fjárlaganefndar er 37,500 kr. með samráði við verkfræðing landsins. Þar af 6,500 kr. til brúargerðar, og bind eg mitt atkvæði mest við tillögur hans. Þar á móti mun ekkert af tillögum einstakra þingmanna vera að hans ráði eða eftir hans plani.

Af tillögunum yfir höfuð eru 38 þús. kr. til brúagerða, þar af 23½ þús. á landssjóðsvegum, en 14½ á sýsluvegi í Norður-Þingeyjarsýslu, en í þeirri sýslu er enginn landssjóðsvegur. Að öðru jöfnu er eg nú miklu hneigðari til að vera með brúnum, því eins og eg áður benti á, ætti ekki að líða öllu meira en 10 ár, þangað til

brútækar ár á landssjóðsvegum væru nærfelt allar brúaðar. Mönnum er vafalaust ókunnugt um, hve mikið er hér um að ræða. Eftir skýrslu, sem eg hefi í höndunum eru á landssjóðsvegum um 150 ár brútækar; þar af eru 45 þegar brúaðar, og það hinar stærstu einkanlega. Hér má því eigi slá slöku við. Af þessum ástæðum er eg mjög hlyntur Rangárbrúnni.

Þá vil eg minnast á nokkrar einstakar tillögur. Fjárlaganefndin hefir að miklu leyti haldið fast við tillögur verkfræðingsins. Þó hefir hún stungið upp á hækkun á þjóðvegafénu um 5000 kr. f. á. vegna vörðuhleðslu á Þorskafjarðarheiði og aðgerðar á Geysisveginum frá Þingvöllum ca. 3000 kr. þar, hvorugt að ráði verkfræðings. Eg sé ekki að brýn nauðsyn eða réttlæti mæli með þessari aðgerð á Geysisveginum. Árið 1907 var Árnessýsla svo heppin, að fá til aðgerða á vegum þar og vegagerð upp undir 30 þús. kr. umfram það, sem á fjárlögunum var veitt, bara vegna konungskomunnar; þar af um 10 þús. til brúa. Þetta var nauðsynlegt fyrir konungsmóttökuna og heppilegt, að héraðið gat notið góðs af þeim mikla móttökukostnaði að þessu leyti og fleiru. En þá er líka minni ástæða til, að bæta nú enn við þetta.

Þm. Dalam, (B. J.) er með till. um 6000 kr. til þjóðvega í sínu kjördæmi og 2000 kr. til vegar, sem ekki er landssjóðsvegur. Þessi upphæð til þjóðvega í Dalasýslu virðist nokkuð út í bláinn, ekki svo há að ráðist verði í verulega vegalagning með henni, en óþarflega há til viðhalds og smáaðgerða á þjóðvegum þar, enda ekki að ráði verkfræðings, sem eg hefi talað við um þetta nýlega. Það er líka á fjárlagafrv. sérstök veiting til smærri aðgerða og viðhalds á þjóðvegum. Hin upphæðin 2000 kr., sem á að vera til Laxárdalsheiðar kemur ekki landssjóði við.

Þá er þm. G.-K. (B. Kr.) með 10 þús. kr. fjárveiting til akbrautar úr Kópavogi upp á þjóðveginn hjá Elliðaánum. Eg skil ekki í, að þetta eigi að sitja fyrir landssjóðsvegum, sem enn eru ógerðir, en bíða ár frá ári. Svo gekk landssjóður í vatnið á því að styrkja til helminga sýsluveginn suður með sjónum, eða Stapaveginn, því nú er komið í ljós, að sýslubúar hafa þar reist sér hurðarás um öxl og treystast ekki til helmingskostnaðar við þann veg, eins og sést á br.till. frá sama þm. um að færa framlag sýslubúa til þess vegar niður í 1/4 kostnaðar. Það væri því lítið vit í að fleygja í viðbót stærri upphæð í vegi sama héraðs, sem þar á ofan hefir mestar samgöngur sínar og allan þungaflutning sjóleiðis.

Öðru máli nokkuð er að gegna um till. frá sama þm. um brúargerð á Bleikdalsá, sem er á þjóðvegi. Þó er engin sönnun fyrir, að ýmsar aðrar brúagerðir á þjóðvegi eigi ekki einmitt að ganga á undan þessari. Þegar reglubundar skipaferðir komust á til Borgarness — komust á árið um kring — var lítið svo á, að þjóðvegurinn upp í Borgarfjörð yrði mjög þýðingarlítill, þar sem ekki einusinni pósturinn færi hann. Það væri því eigi rétt, að kosta miklu til þess vegar, nema upp í Mosfellssveitina, til þess hún fengi akfæran veg til Reykjavíkur.

Þá er þm. Austur-Skaftfellinga (Þ. J.) með till. um 15,000 kr. til vega og brúar. Um það er örðugt að dæma sökum ókunnugleika, og þess konar fjárveitingar ættu að vera teknar á stjórnarfrumv. eða að ráði verkfræðings. Af því þetta er á þjóðvegi er eg hneigður

til að vera með brúnni, samkv. því sem eg hefi áður látið í ljósi um brýr.

Ennfremur er þm. N.-Þing. (B. Sv.) með till. um 14,500 kr. til 2 brúa í Þistilfirði. Eg á bágt með að vera á móti þessu, því fáir eru vinir hins snauða. Hérað þetta hefir engan þjóðveg, og fær litið úr landssjóði. Og aðalpóstvegurinn um þetta hérað á svo skylt við þjóðvegina, að engu verulegu munar á honum og sumum þeirra, nema nafninu.

Tillaga 1. þm. G.-K. (B. Kr.) um, að færa framlag héraðsbúa til Stapavegarins niður í $^1/_3$ eða jafnvel $^1/_4$ kostnaðar, kom mér óvart. Því var á sínum tíma lofað, að aldrei skyldi til þess koma, að landssjóður legði til þess vegar meira en helming, og var nóg í ráðist samt, að láta slíkt framlag sitja fyrir öðrum, er nær stóðu.

Eg ætla þá lauslega að minnast á br.t.till. þm. Dal. (B. J.) og tveggja annara þingmanna viðvíkjandi tillagi héraða til símalagningar. Þm. Dal. hélt fram að hið eina réttláta væri það, að landið legði alla síma á sinn kostnað eingöngu. Eg veit ekki, hvort hann á þar við alla síma, bæði þá sem komnir eru og aðra, sem koma munu í framtíðinni. Ef sú er meiningin, þá er hætt við að kröfurnar verði bráðlátar og gangi langt. Eg segi fyrir mig: Eg vil þá strax fá síma heim til mín. Og það er líklegt, að heimtufrekjan gangi svo langt, að hver einasti maður krefjist síma heim á sinn bæ, jafnvel á beitarhúsin og í selið.

Það er nú líklega öllum ljóst, hvað sem réttlætinu og skyldu landssjóðs líður í þessum efnum, að ekki verða allar símalínur lagðar í einu, enda eigi jöfn þörf á þeim. Sum héruð og sveitir verða þar að ganga á undan öðrum. En þá er líka sanngjarnt, að þau héruðin, sem fyrst fá að njóta gagnsins af símunum, borgi eitthvað sérstaklega fyrir það, svo héruðin sem bíða, eða fara á mis við gagnið, hafi eigi hvorttveggja: biðina og kostnaðinn að fullu að sínum hluta.

Það er sjálfsagt, að leggja fyrst símann, þar sem þörfin er mest. En það er vandi um það að dæma, ef allir geta heimtað út í bláinn. Tillög héraðanna eru þar á móti sönnunin fyrir þörf og verðleikum, og héruðin og sveitarfélögin mundu fara sér hægra í að heimta fé til símalagningar, ef þau ættu sjálf að leggja svo og svo mikið til fyrirtækisins.

Eggert Pálsson: Það virðist vera að bera í bakkafullan lækinn, að fara að minnast á Rangárbrúna enn. Það hefir verið mikið talað um þetta mál, sem ekki er heldur undravert, svo mikilsvert sem það er, að minsta kosti fyrir oss Rangæinga. Gangur málsins er sá, að á þinginu 1905 var það fullkomlega látið í ljósi af þingsins hálfu, að Rangá mundi verða hin fyrsta af ánum, er brúuð yrði, og meira að segja á þinginu 1907 lýstu fjárlaganefndir beggja deilda í einu hljóði því ljóst og skilmerkilega yfir, að á þessu þingi skyldi verða lagt fram fé í þessu augnamiði. Að meiri hluti þessa þings meti nú ekki að neinu skoðanir og yfirlýstan vilja fyrri þinga, er næsta ótrúlegt. Því var kastað fram áðan, að því er virðist með allmiklum rökum, að þetta væri gert að flokksmáli, hvort brúin fengist nú eða ekki. Þetta fullyrði eg ekki að sé rétt, eg veit meira að segja að einn úr hinum háttv. meiri hluta greiddi atkv. með brúnni í nefndinni, að hún væri tekin upp í fjárlögin, og annar greiddi atkv. með henni í aukafjárlögunum nú fyrir skemstu. — En á hina hliðina mun þó vera

allmikil ástæða til að óttast úrslit þessa máls, því þá er það var samþ. í fjárlaganefnd með meiri hluta að taka brúna þessa í fjárlögin, hótaði helzti maður flokksins mér því, að þetta skyldi verða að flokksmáli, og flogið hefir það fyrir, að svo hafi verið gert í morgun. En eg vona þó, að hinir heiðruðu þingmenn láti ekki leiða sig eins og skynlaus dýr í bandi, þó að einn einasti maður leggi áherzlu á að koma brúnni fyrir kattarnef í pólitísku ofsóknarskyni, því það verður ekki öðru vísi á þetta litið en hefnd fyrir pólitíska afstöðu kjósenda í Rangárvallasýslu, ef brúin verður nú feld. En að beita flokksfylgi í slíkum málum, getur ef til vill orðið tvíeggjað sverð. Sakir standa að vísu nú þannig, að Rangæingar hafa þm., sem tilheyra minni hluta. Þetta getur snúist við, máske fyr en varir, og minni hlutinn, sem nú er, orðið að meiri hluta, svo að þeir geti orðið þess megnugir að láta til sín taka í einhverjum áhugamálum. háttv. þingm., svo að þeim kynni þá að þykja ekki svo sérlega gott að þm. Rangv. ættu sér einhvers í að hefna. Meira að segja, margir þm. í meiri hlutanum hafa nú án efa ýms áhugamál, sem ekki allur meiri hlutinn hefir skipast um, og verða þess vegna í þeim að njóta minni hlutans, ef þau eiga að ná framgangi. Vona eg því, að mörgum sem í flokknum eru, þyki ísjárvert og ósanngjarnt, að láta þetta brúarmál falla niður. Eg vona fastlega, að þeir gæti allrar sanngirni og minnist þess, sem þeim í byrjun þessa þings var svo kröptulega lagt á hjarta: »að gæta þess, að ljósið sem í þeim er, verði ekki að myrkri«. Það er engum vafa undirorpið, að nauðsyn mikil er á þessari brú. Vatnsfallið er stórt, og fjöldi manna þarf yfir það að fara. Eg skyldi fúslega kannast við, að þetta væri »luxus«, að heimta þessa brú, ef bændur gætu á annan hátt haft notandi samgöngur til vöruflutninga, en því er ekki að heilsa. Undir góðum kringumstæðum geta bændur undir Eyjafjöllum og í Landeyjum fengið ofurlitið frá Vestmanneyjum, en þeir sem í FljótshlíðHvolhreppi og á Rangárvöllum búa, verða að flytja alla sína vöruflutninga yfir Rangá, svo að orð mótstöðumanna brúarinnar eru blekking ein, ætluð þeim, sem ekkert til þekkja.

Eins og eg þegar hefi tekið fram, treysti eg fyllilega, að hinir háttv. þm. láti ekki leiða sig afvega að gera þetta að flokksmáli, en tíminn mun leiða í ljós, hvort sú von rætist eða ekki. En eg tek það aftur fram, að eigi þetta að vera hegning á Rangæinga, þá er samt ekki víst, að það muni breyta skoðun þeirra. Meira að segja, undanfarin reynsla bendir áreiðanlega fremur í þá átt, að þeir muni ekki láta kúgast.

Björn Kristjánsson: Það eru fáein smáatriði, er koma mér til að standa upp. Það að fella styrkinn til Hafnarfjarðarvitanna fyr en Hafnarfjörður hefir tekið að sér að bera kostnaðinn við lýsingu þeirra, og að nema hann af fjárlögunum álít eg ekki hægt, fyr en bæjarstjórnin þar hefir samþykt að bera kostnaðinn.

Þá ætla eg að minnast á breytingartillögu mína (313) um að færa tillagið til Vogastapavegarins úr $^1/_2$ niður í $^1/_3$. Þetta er eini þjóðvegurinn í sýslunni, og sem landssjóði því bæri að kosta að mestu leyti.

Síðan vegur þessi byrjaði, hefir Kjósarsýsla fallið frá og Hafnarfjarðarkaupstaður, með öðrum orðum, helmingur þeirra, er bera áttu byrðarnar eins og stóð á þegar til vegagerðarinnar var stofnað í upphafi. Ósk þessi er því í alla staði sanngjörn.

Svo ætla eg að segja fáein orð um

brúna á Rangá. Eg hefi aflað mér töluverðra upplýsinga, og veit vel, að það er þörf á brúnni, en það eru afarmargar ár hér á landi, bæði stærri og smærri, meira að segja sprænur geta orðið bráðófærar, eftir því hvar þær liggja. Eg veit vel, hvernig á því stendur með Rangá og hefi eg leitað upplýsinga hjá póstinum, telur hann Rangá talsverðan farartálma, en samt hefir hann á þriggja ára tímabili ekki tepst nema einn dag við hana. Á sumrin er hún alt af fær. Yfir hana er ilt að komast með vagn. En svo bætir hann við: »Selalækur er miklu verri«. »Eru fleiri torfærur á leiðinni?« »Já, Þverá og Eystri-Rangá þyrfti einnig að brúa«. Milli þessara fjögurra vatnsfalla er tveggja tíma reið, og það er jafnmikil þörf á að brúa þær allar, eins og Ytri-Rangá, ef koma á vagnvegi austur sýsluna.

En hvað mikið mun það kosta? Um það þarf að gera áætlun, svo menn sjái kostnaðinn í einu lagi. Aftur á móti mundu svifferjur á allar árnar ekki kosta eins mikið og ein brú, ef hægt væri að nota þær. Eg á við svo fullkomnar svifferjur, að þær taki bæði hest og vagn. Eg hef séð þær erlendis á ám líkum og Rangá og smærri ám, og myndu þær kosta 3—5 þúsund krónur. Eru hlemmar á báðum endum, er upp má ljúka og loka eftir vild, sem mynda brú á land fyrir fólk og vagna. Það er auðsætt, að það er gagnslítið, að brúa eina af þessum ám í því skyni að tryggja sér vagnveg, sem hér er lögð öll áherzlan á, þegar að eins er tveggja tíma ferð milli þeirra allra, og að brúa þær allar mundi kosta ef til vill eins mikið og að brúa Þjórsá og Ölfusá til samans. Sem stendur eru þær að eins tálmun fyrir vagna, en eigi fyrir lestamenn. Virðist mér háttv. 1. þm. Rangv. (E. P.) full harðorður þegar þess er gætt, að haldið er leyndu hinu sanna ástandi um brúarþörfina þar eystra. Eg fer ekki út í harðyrði hans: þau munu hvort sem er detta marklaus niður. Lái eg honum ekki, þó honum sé þetta kappsmál. Það má gera alt að kappsmáli, og svo er um þetta. Annars ætti stjórnin að gera áætlun um kostnað við að brúa allar þessar fjórar fyrtöldu ár, svo að þinginu gefist kostur á að vita um allan kostnaðinn.

Einar Jónsson: Eg hygg, að háttv. þingd. hafi annað þarfara að þvæla um en þetta. Eg get þó ekki orða bundizt að svara háttv 1. þm. G.-K. (B. Kr.), því að allt, sem hann sagði, um þetta mál, lýsti sér í því að hann er ókunnugur. Eg get sagt honum það, að það er alls ekki meiningin, að bafa brýr á þessi 4 vatnsföll nú strax, sem hann taldi upp. Hér er um það eitt að ræða að fá brú á Ytri-Rangá. Hann sagði, að ef brú væri lögð á þá á, þá tæki við á eftir Selalækur, Eystri-Rangá og Þverá. Nú mætti hinn háttv. þm. skilja það, að þetta eru engin endimörk. Fyrir austan Þverá tekur við Affall, síðan Markarfljót og þá Jökulsá á Sólheimasandi. Svona má fara austur úr öllu, engin takmörk eru þar sett. Það er því af megnasta ókunnugleik talað að segja, að af þessari brú einni hljótist það að brúa verði 3 vötn, því að þar eru engin takmörk sett. En þótt svo væri, tel eg fyrir mitt leyti ómögulegt að brúa á eins og Þverá. Hitt er víst, að Selalæk og Eystri-Rangá þarf líka að brúa, áður langt líður, en í þetta sinn er ekki verið að biðja um það.

Hinn sami háttv. þm. hafði það eftir heimildarmanni sínum, austanpóstinum, að Selalækur væri fullt eins mik-

ill farartálmi og Rangá. Þetta nær ekki nokkurri átt í eyru kunnugra manna. Vatnsmagn Selalækjar er ekki meira en 1/10 á við Rangá, botninn margfalt betri og breiddin ekki 1/10 af ánni. Sami háttv. þm. hafði það og eftir póstinum, að illt væri að komast yfir Selalæk á vetrum. Það er líka svo oft og einatt, en yfir Selalæk má allt af komast einhverstaðar, því að þótt hann sé ófær að neðan, má ætið komast yfir hann ofar. Aftur á móti er Rangá oft ófær milli fjalls og fjöru. Eg kalla heimildarmann hins háttv. þm.. póstinn, heppinn, ef hann hefir ekki þurft að tefjast meira en svarar einum degi við Ytri-Rangá. Mér er kunnugt um það, að oft hafa hópar tafist við ána beggja megin dögunum saman.

Hinn háttv. þm. var að tala um svifferjur í þessu sambandi. Eg verð að játa það, að eg er ekki kunnugur því fyrirkomulagi, en eg get hugsað mér, að það verði örðugt á svo breiðu svæði sem Rangá er, þótt það kunni að henta í mjórri vötnum.

Eg má fullyrða það við hinn háttv. þm. (B. Kr.), að Rángæingar munu vera ánægðir, þótt að eins Ytri-Rangá sé brúuð, í þetta sinn, en hin vatnsföllin 3, sem hann nefndi, séu skilin eftir fyrst um sinn. Þessi brú er hið mesta hagræði fyrir sýsluna, eins og margoft hefur verið sýnt fram á, en einkum er það þó rjómabúunum til gagns, að þessi brú kæmist á, þau hafa hennar mikil not. Eitt þeirra getur þá látið sinn vagn ganga alla leið, en hin þurfa þá ekki að flytja það lengra en að Eystri-Rangá.

Alt það, sem hinn háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) sagði, stafar af misskilningi og ókunnugleika, eins og allt það, sem haft hefir verið á móti þessari brú, ef ekki öðru verra er til að dreifa.

Jón Ólafsson: Það er að eins örfátt, sem eg vil minnast á viðvíkjandi þessari gr. (13.) fjárl.

Háttv. fjárlaganefnd leggur til að fella liðinn A 3. fjárveitingu til póstvagnferða, og draga hann undir næsta lið á undan. Eg vil vekja athygli á því, að ekki er gert ráð fyrir, að liðurinn hækki að sama skapi; það hefði átt að vera, líkt og A. 1. b. er lagt til að verði hækkað vegna þess að laun póstafgreiðslumanna hækka.

Háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.), minnist á, að komið hefði til tals að fella E 6, fjárveitingu til vitanna við Hafnarfjörð. Þetta er að vísu ekki stór fjárveiting, en full ástæða er þó til að fella hana. Þegar þessi fjárveiting var veitt fyrst, er þess að gæta, að Hafnarfjörður var ekki orðinn kaupstaður. Allir kaupstaðirnir kosta sína innsiglingarvita, en ef landssjóður er látinn kosta þessa vita við Hafnarfjörð, verður sú afleiðingin, að allir kaupstaðirnir, Reykjavík, Ísafjörður, Akureyri og Seyðisfjörður, koma með sína vita á landsjóð. Mér heyrðist hinn háttv. þm. nefna Arnarnesvitann, en sá viti er ekki innsiglingarviti; hann er fyrir allt Djúpið. Þessu vildi eg vekja athygli á, og er það mér ærin ástæða til að greiða atkv. móti þessari fjárveitingu.

Eg skal ekki skipta mér af deilunni milli háttv. þm. G.-K. (B. Kr.) og þm. Rangv. (E. P., E. J.). En eg get ekki varizt að geta þess, að mér þótti broslegt að heyra samanburð hans á Rangá og Selalæk. Eg hefi 5 sinnum farið yfir þann læk sitt hvert sumarið og aldrei fundið merki þess, að hann væri nokkur torfæra. Vitaskuld er það, að það er engin sú smáspræna

til á þessu landi, sem getur ekki bólgnað upp að vetrarlagi. Sami háttv. þm. vildi eins og slá plástri á sár Rangæinga með svifferjum. Eg vil ekki ætla, að þetta hafi verið yfirborðsástæða. En ef nefndin hefði lagt til að veita fé til svifferju, þá hefði eg ætlað, að hugur fylgdi máli. Annars er víst allt tal um þessa brú út í bláinn og kemur ekki að neinu gagni, ef svo er, að skipun hafi komið frá þeim, sem lögum ræður og lofum, um að fella fjárveitingu til brúarinnar.

Eg er samþykkur háttv. 2. þm. Árn. (S.S.) um það, að till. um að tillög héraðanna til símanna falli niður, hefði átt að koma við 3. umr., því að þá hefði háttv. fjárlaganefnd getað haft til áætlun um alla síma landsins. Eg er samþykkur því, að þessa reglu um símana hefði aldrei átt upp að taka. Að minni hyggju hefði verið miklu heppilegra að taka lán í eitt skipti fyrir öll til allra síma landsins, svo að lánið hefði verið til langs tíma, afborgast á 40—50 árum. Þá mundi kostnaðurinn hafa dreifst og niðjar vorir tekið þátt í honum, enda munu þeir hafa símanna mest not.

Eg mundi telja heppilegt, að fjárlaganefndin kæmi með símalög fyrir 3. umr., því ætti nú að fella þessa till. um héraðatillögin. En þótt létt væri af héruðunum símatillögum, væri þó ekki rétt að borga þeim héruðum aftur, sem eitthvað hafa borgað af tillaginu. Það er sanngjarnt, að þau fái það ekki aftur vegna þess hagræðis að hafa fengið símann fyr. Vitanlega féllu niður greiðslur þeirra í framtíðinni.

Eggert Pálsson: Samþingismaður minn hefir að vísu svarað þeim athugasemdum, sem síðast komu fram móti brúargerðinni á Rangá. En eg vil að eins bæta því við, að háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) hlýtur að hafa talað af ókunnugleik miklum, þar sem hann vildi leggja að líku Ytri-Rangá og 3 aðrar ár, er hann taldi upp: Selalæk, — sem reyndar heitir Varmadalslækur, þar sem alfaravegurinn liggur yfir hann, og bendir það eitt með öðru á ókunnugleik hins háttv. þm. — Eystri-Rangá og Þverá.

En hér getur að réttu lagi enginn samjöfnuður átt sér stað. Varmadalslækur og Eystri-Rangá eru smávötn í samanburði við Ytri-Rangá. Þau vatnsföll eru sjaldnast til nokkurs verulegs eða stórkostlegs tálma fyrir vagnflutningum. Vatnsmegnið er þar miklu minna og botninn góður, að minsta kosti ógrýttur.

Um Þverá er það að segja, að naumast mun tiltök að brúa hana, að minnsta kosti ekki sem Þverá, og mikið þyrfti að gera, ef ætti að brúa alt í einu lagi: Þverá, Affallið og Markarfljót.

Þá mintist hv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) á svifferju, er nota mætti á Rangá í stað brúar.

Eg verð nú að játa, að eg er ekki verkfróður maður og get því ekki um það dæmt, hvort tiltök væri að gera þetta eða ekki, en hitt veit eg, að áin er grunn við land beggja megin, og þyrfti þá að gera brúarstúfa eða stöpla langt út á ána beggja megin til að geta komið svifferju við, og þá myndi verða minst eftir af ánni sjálfri, er því væri lokið, og væri þá jafngott að gera brúna að öllu leyti, úr því að svo langt væri komið og svo miklu til kostað.

Hinn háttv. þm. hafði það eftir póstinum, að Rangá væri lítill farartálmi. En veit hann þá ekki, að pósturinn — einmitt þessi heimildarmaður þm. — hefir aldrei á æfi sinni komist með póstvagn yfir ána, heldur orðið að fá sér hesta frá Ægissíðu til

Odda, til að koma póstflutninginum áfram, þegar hann hefir flutt hann á vagni austur.

Þessi aths. um það, hversu lítill farartálmi Ytri-Rangá sé, er þm. þykist hafa frá póstinum, hefði óneitanlega lítið öðruvisi út, ef hún hefði komið frá manni, sem þráfaldlega hefir átt í stríði við þessa erfiðleika. En það er ómögulegt að nokkur sá maður, sem til þekkir, geti látið sér slíkt um munn fara, að Ytri-Rangá sé enginn farartálmi. Það hlýtur sérhverjum, sem er nægilega kunnugur að finnast það óforsvaranlegt, að leggja hesta í þetta, þótt svo verði að vera á meðan engin er brúin.

Það væri tilfinnanlegt, ef menn sakir brúarskortsins þyrftu að fara að leggja niður aftur vagnflutningana, sem eru þó alment taldir í framfaraáttina, og neyðast svo til að flytja allan farangur á klökkum, eins og áður fyr. Með því að líka þegar um þungar byrðar er að ræða, þá má það heita ógerningur, t. d. kvartél rjómabúanna, sem menn verða að hafa með vissri stærð vegna smérsölunnar til Englands. Smérið er 100 ℔ í hverju kvartéli, og með trénu verður það um 120 ℔. — Auk þess er kvartélið bunguvaxið og fer því mjög illa á hesti, hvílir mest á einum bletti á síðu hestsins, enda voru og eru hestarnir oft drepmeiddir eftir.

Að áin sé ekki lausriðandi mönnum farartálmi, það má að vísu til sanns vegar færa á sumrin, nema ef um viðvaninga er að ræða. Þó hefir það komið fyrir, að hún hefir reynst það. Merkur vísindamaður norskur, er ferðaðist austur í Rangárvallasýslu einmitt í því skyni að skoða hina merku sögustaði þar, varð að bíða fyrir utan Rangá á meðan sonur hans fór austur, af því að hann treysti sér ekki til að ríða ána.

Í annan stað er áin oft ill yfirferðar á vetrardag og þann dóm kvað Myklestad gamli upp, er rétt að segja hafði mist hest sinn í hana, að það væri einhver sú versta á, sem hann hefði fyrir hitt. Ána leggur sem sé ekki, en skarir verða stórar og menn neyðast til að hrinda hestunum ofan fyrir skarirnar og er vatnið þá alloft í taglmark, þegar ofan í kemur.

Ef menn eru þessu vanir — eins og Rangæingar — þá láta þeir sér það ekki fyrir brjósti brenna, heldur fara sinna ferða fyrir því. En hitt þykist eg viss um, að sumum þeim þingm., er um þetta hafa talað, mest og gert lítið úr Ytri-Rangá sem torfæru yrði skotaskuld úr því að komast yfir.

Það er því blátt áfram út í loftið talað og ekki svaravert margt af því sem hér hefir verið sagt mót þessari brúargerð. Háttv. 2. þingm. S.-Múl. (J. Ó.) gat þess, að alt hjal 1. þingm. G.-K. um dragferju á Ytri-Rangá og öðrum ám í Rangárvallasýslu mundi eiga að vera nokkurskonar plástur, er hann vildi leggja á sárin og er sú tilgáta alls ekki ósennileg. En slíkur plástur kemur að minni hyggju að litlu haldi. Og víst er um það, að hann græðir ekki, þar sem vitanlegt er, að hér er að eins að ræða um ráðagerðir tómar, er aldrei verða að framkvæmd.

Það verður ekki úr skafið, að ef brúarmál þetta verður nú drepið, þá er rofið það fyrirheit, sem fyrir löngu hefði átt að vera búið að efna, og væri líka búið að efna, ef undirbúningur hefði verið nægur.

Menn hafa nú viðurkent frá báðum hliðum, að undirbúningurinn sé fenginn góður og nægur, og ef brúin verð-

ur nú samt sem áður ekki lögð, þrátt fyrir þennan góða undirbúning og hiklausar tillögur verkfræðingsins, þá er ómögulegt að skoða það og verður aldrei skoðað öðruvísi en refsing á Rangæinga fyrir þeirra pólitisku afstöðu.

Björn Sigfússon: Eg vildi helzt geta komist hjá að lengja umr., en verð þó að gera nokkrar athugasemdir, með fram af því að framsm. (B. J.) var ekki við, þegar talað var um Hafnarfjarðarvitann. Eg get skýrt frá því, hvers vegna fjárlaganefndin feldi burt gjald til vitagæzlunnar síðara árið. Hv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) gat þess, að þegar um kaupstaði væri að ræða, þá stæðu þeir sjálfir straum af þessum kostnaði.

Þetta er alveg rétt. En af því Hafnarfjörður er alveg nýbúinn að öðlast kaupstaðarréttindi, og vitagjald það, sem bærinn hefir yfir að ráða, svo lítið enn, þá þótti fjárlaganefnd rétt að fallast á gjaldið fyrra árið, en fella það síðara árið.

Út af ummælum háttv. þingm. Rangv. (E. P., E. J.) skal eg láta í ljósi afstöðu mína um Rangárbrúna, sem annars er búið að tala helzt til mikið um. Það leynir sér ekki, að þeir tala meira af hita og kappi en sanngirni um þetta mál. Þeir hljóta að sjá, að ómögulegt er að fullnægja öllu því sem þörf væri þó á. Vandinn er að vinsa það úr, sem nauðsynlegast er.

Eg fæ ekki betur séð, en að þeir séu mjög þröngsýnir í þessu efni og mér finst að sjóndeildarhringur þeirra nái ekki út fyrir Rangárvallasýslu. Það mætti færa miklu veigameiri ástæður fyrir þörf á þess konar fyrirtækjum víðsvegar á landinu, en þeir hafa gert.

Eg hefi reynt að kynna mér, hvort brýn þörf væri á þessari brú, en ekki getað sannfærst um það. Ef mér hefði virst svo, þá mundi eg hafa verið þessu meðmæltur. En mér virðist þörfin víða annarsstaðar miklu brýnni.

Það er svo víða á landinu, að ekki er hægt að aka yfir ár, og þó dettur engum í hug að alstaðar verði bætt úr því í bráð með dýrum brúm. Þeir ættu að geta séð, að þetta eru almennir erfiðleikar, nær því um land alt.

Eftir lýsingu háttv. þingm. Rangv. (E. P., E. J.) sjálfra, sem þó er öfgafull, er auðséð að hingað og þangað á Íslandi eru óbrúuð vatnsföll, sem eru miklu verri torfærur en Ytri-Rangá.

Háttv. 1. þgm. G.-K. (B. Kr.) gaf mjög skýra bending um, að ef til vill mætti nota svifferju á ánni. Í sambandi við það vil eg geta þess, að mér virðist einmitt mjög líklegt að á þessari á, sem er nokkuð djúp en lygn, muni vera sérstaklega hentugt og miklu ódýrara að hafa góða svifferju. Slíkt hið sama á sennilega við um Þverá, sem mönnum virðist koma saman um að ekki sé unt að brúa. Þannig hefir lengi verið notuð með bezta árangri svifferja á Héraðsvötnum í Skagafirði, þó er hún ekki nærri eins fullkomin eins og hv. 1. þgm. G.-K. skýrði fyrir deildinni að slíkar ferjur geti verið. Eg hefi oft farið yfir þau vötn í svifferju, og séð með eigin augum, hvað það er mikil samgöngubót. Menn ríða út í ferjuna og upp úr henni og hafa með sér hesta með fullum áburði.

Væri nú sett nokkru fullkomnari svifferja á Rangá og helzt Þverá líka, svo fullkomin að hafa mætti í þeim vagna, þá væri þessum vandræðum létt af. Báðar árnar sama sem brúaðar fyrir margfalt minna fé en brúin á Rangá kostar ein.

Þetta er sannarlega þess vert að það sé athugað og rannsakað vel. Þgm. Rangv. ættu ekki síður en aðrir, að gæta þess að við verðum að sníða

okkur stakk eftir vexti, og þeir eiga að vera svo sanngjarnir að líta á þetta mál, eins og það væri einhversstaðar annarsstaðar á landinu, en ekki að taka það einhliða með ofsa og illkvitni í þeirra garð, sem líta öðruvísi á málið. Rangá er líka einmitt mjög vel löguð fyrir svifferjur, hún er lygn, en það er einmitt erfiðast að koma svifferjum við á straumharðar ár, og þótt Rangá sé breið, þá gerir það ekkert til, það er hreinasti misskilningur að álíta, að það sé til hindrunar fyrir svifferjur.

Þetta sem eg nú hefi sagt, veldur því að eg get ekki greitt atkv. með brú að svo stöddu.

Formælendur þessa máls gera mikið úr því, hvað erfitt sé að flytja smérkvartél á hestum. Eg þekki það vel, það á sér stað víðar en hér, en hverjum manni getur dottið í hug að hægt sé að brúa nú þegar allar ár, sem þarf að flytja smjörkvartél yfir og laga alla vegi, svo að hægt sé að aka smérinu alstaðar í kaupstaðina, nei, menn verða að hafa þolinmæði og heimta ekki alt í einu.

Mér þykir það leiðinlegt, hvað hv. þgm. Rangv. eru þröngsýnir í þessu máli, sem líklega stafar af því, að þeim er ókunnugt um það, hvernig annarsstaðar hagar til, og eg er sannfærður um það, að þeir mundu flytja málið með meiri sanngirni, ef þeir þektu kringumstæðurnar betur hér á landi en þeir gera.

Eg þykist með þessum orðum hafa gert grein fyrir atkv. mínu, og eg ber engan kinnroða fyrir það, þótt eg verði að greiða atkv. á móti brúnni að svo stöddu.

Skúli Thoroddsen: Það er vegna brúarinnar á Ytri-Rangá, að eg stend upp. Eins og flestum mun kunnugt, þá er óeining um staðinn, hvort heldur að hún eigi að vera á Egissíðuhöfða eða Egissíðufossi. Sé hún bygð á Egissíðuhöfða, eins og háttv. þingm. sýslunnar fara fram á, þá er það 7000 kr. kostnaðarauki fyrir landssjóðinn, að ótöldum vegarspotta, sem þá þyrfti að leggja, og eg get ekki séð, að landssjóðurinn eigi að vinna það fyrir 10—12 mín. reið, að kasta út 7000 kr.

Eg vakti máls á því í fjárlaganefndinni, þar sem 1. þm. Rangv. (E. P.) á sæti, hvort hann vildi aðhyllast þann miðlunarveg, að sýslan legði fram 5000 kr. og brúin yrði bygð á Egissíðuhöfða, svo sýslunni gæfist kostur á, að skera úr því, með þessu fjárframlagi, hvort hún vildi fá brú þarna, en við það var ekki nærri komandi, að háttv. þm. vildi sinna þessari miðlunartilraun, sem þó hefði máske orðið til þess, að málið hefði gengið fram. Þetta virðist mér sýna það, að þörfin sé ekki svo brýn, sem háttv. þm. segja hana.

Eg hefi heyrt það sagt um háttv. þm. Rangv., að þeir hafi notað þetta brúarmál í kosningarbaráttunni í sumar, á þann hátt, að skrökva því upp á pólitíska andstæðing sinn, að hann vildi hafa brúna á neðri staðnum Egissíðufossi. Þetta er svo ljótt athæfi, svo svívirðilegur kosningarrógur, að ekki er von, að gott leiði af því. — Mig furðar á því, að hvorugur þm. skuli hafa svarað þessum áburði, sem komið hefir fram í háttv. þingdeild í dag.

Eg get ómögulega litið svo á, að síðasta alþing gæfi nokkurt loforð um brúna, því það er sannarlega ekkert loforð, þótt þáverandi háttv. frams.m. fjárlaganefndarinnar hafi varpað einhverju fram í þá átt, og getur alls ekki verið bindandi fyrir þetta þing; ef svo ætti að vera, þá hefði það þurft

að koma fram, sem þingsályktun frá seinasta alþingi.

Hvað þau ummæli snertir, sem hv. 1. þm. Rangv. (E. P.) kom með í ræðu sinni í dag, og sem gáfu það í skyn, að þeir sem mæltu gegn málinu gerðu sig að skynlausum skepnum, þá hefði hann átt að spara sér þau. Slík ummæli af hans hálfu eru ósæmileg og óhyggileg, því engar líkur eru til, að hann fái málið fram með illyrðum, og úr því þingm. ekki vill standa við tilboð kjósenda sinna, þá lít eg svo á, að réttast væri að fresta brúnni að þessu sinni.

Framsögumaður (Björn Jónsson): Eg hygg, að spara hefði mátt sér 2 klukkustunda umræður um Rangárbrúna. Það er svo algengt, að þm. reyni, að ná sér í einhverja fjárhæð, hver handa sínu kjördæmi, til þess að koma sér vel við kjósendur, að það er vissulega engin sönnun í þessu máli, þótt þingmenn Rangæinga berjist fyrir því með miklu kappi. Eg hygg, að sú ein ástæða sé nægileg gegn málinu, að eins og kunnugt er, þá hefir það verið á dagskrá meiri hlutans á síðustu þingum, og hann vildi sannarlega gera alt fyrir sinn flokk, sem hann gat gert; meiri hlutanum er tjáð það á þingunum 1905—7, að á þessu máli leiki endurkosning þingmanna flokksins og hann sárbeðinn um þetta. Hvað gerir meiri hlutinn, sem þá var? Synjar um það, þverneitar um það! Þarf þá frekara vitnanna við? Látum háttv. þingmenn Rangæinga spara sér allar fortölur. Flokkurinn segir: Eg vil gera alt, sem auðið er fyrir ykkur, en að taka það í mál, að láta brúna ganga á undan mörgu öðru, sem er nauðsynlegra, það getum við ekki, það verður ekki varið.

Háttv. formælendur þessa máls fara nú fram á það, að meiri hlutinn, sem nú er, veiti þeim það, sem meiri hl. undanfarandi þinga gat ekki og vildi ekki veita. Það er sannarlega hart, ef meirihl. nú á að fara að veita það, sem neitað hefir verið um þing eftir þing, að undanförnu, af meirihlutanum, sem þá var, en er nú orðinn í minni hluta.

Eg vil segja háttv. flutningsmönnum þessa máls, að það er meira en lítið bíræfið af þeim, að fara fram á þetta, og það er hreinasti misskilningur, ef þeir halda, að eftir marg-ítrekað hryggbrot hjá meiri hluta undanfarandi þinga, að þeir muni vinna sitt mál með frekju og ofstopa og með því að beita illyrðum meirihl., sem nú er, — því eg kalla það illyrði, að nefna meirihl. skynlaus dýr, er láti teyma sig hvert sem vill. Eg vil ráða þeim frá því, að hafa slíkan gauragang og benda þeim á, að sneiða sem mest hjá slíkum ummælum eftirleiðis.

Eg skal annars fara sem fæstum orðum um þennan kafla 13. greinar. Eg vil að eins minnast á með mikilli viðurkenningu á ræðu háttv. þingm. S.-Þing. (P. J.). Hún var mikilsverð og mikið á henni að græða, þótt eg ekki geti verið honum samdóma, að öllu leyti.

Eg býst við, að atkvæðagreiðslan breytist ekki fyrir það, sem eg hef að segja; þingm. munu hafa ráðið við sig til fulls, hvernig þeir greiða atkvæði. Eg vil þó leyfa mér, að minnast á eitt atriði, sem sé Stykkishólms talsímann. Fjárlaganefndin er ekki búin að ráða fram úr því að fullu, hvað hún gerir í því efni. Það er sá hængur á, að leggja þennan síma sunnanfjalls um Mýrar og Hnappadal, að þá verður ekki hægt að nota Borðeyri fyrir sambandsstöð til Reykjavíkur m. m.

Héraðatillög til símanna tel eg ranglæti og ójöfnuð. Eg kalla það ranglæti, að láta héruð gjalda þess, að þau liggja ekki í leið meginsímans milli Seyðisfjarðar og Reykjavíkur. Fjárveitingarvaldið segir við það og það hérað: Þú fær ekki síma nema þú leggir svo og svo mikið fé til hans. Þetta er bygt á þeirri röngu skoðun, að símalagningin um héraðið sé gerð fyrir það eingöngu eða þá aðallega. Hún er gerð fyrir alt landið, því það er alt landið, sem hefir gagn af símanum hvar sem er, meira og minna og á því að bera kostnaðinn.

Jón Ólafsson: Eg ætlaði ekki að standa aftur upp, en ummæli háttv. framsm. fjárl.n. knúðu mig til þess; þau voru svo ósanngjörn — að eg ekki segi ósvífin — í garð háttv. þingm. Rangv., sem báðir eru dauðir við þessa umr. *(Björn Jónsson:* Tók ekki eftir því), að eg er hissa á því, að forseti skuli ekki hringja klukkunni. Þessi maður, sem nú ætlar að fara að taka við völdunum, kallar háttv. þingm. Rangv. frekju- og ofstopamenn og ber þeim á brýn, að þeir viðhafi bíræfni og gauragang, og þó þarf ekki annað, en að lesa þingtíðindin frá seinasta þingi, til þess að sjá, að það eru ósannindi, sem hann fer með — að eg ekki segi lýgi eins og háttv. þingm. — Væri eg ekki vandari að munni mínum, en hann er, þá gæti eg eins vel sagt, að þingin 1905 og 1907 hefðu heitið Rangæingum brúnni. Á þingtíðindunum má sjá, að þingið var fúst til að veita fé, og það eitt stóð á, að ágreindi um brúarstæðið, og einmitt á seinasta þingi lá fyrir beiðni frá hv. 1. þm. Rangv. (E. P.) um, að fresta málinu, til þess að geta fengið brúna á betri stað. Eg vil leyfa mér að segja, að þetta eru bíræfni og ósannindi, sem háttv. framsm. fjárlaganefndarinnar sagði um þetta mál, því þótt fjárlaganefndin veitti strax þetta fé, þá var það að eins í samræmi við það, sem ætlast var til á undanfarandi þingum.

Þá vil eg leyfa mér að segja, að það séu einnig ósannindi, sem kastað var fram af háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.), að brúarmálið hefði verið haft sem kosningarrógur gegn Sigurði í Helli og sagt, að hann vildi hafa brúna á neðra brúarstæðinu. Í hverju getur þessi kosningarrógur verið fólginn, þegar hann einmitt sjálfur skrifaði þetta í hvern hrepp í sýslunni. Þetta er því sannarlega bíræfin ósannindi líka og með öllu ósæmilegt, að fara með þetta inn á þingið.

Eg hef staðið upp til þess, að bera blak af þessum háttv. þm., sem ekki geta borið hönd fyrir höfuð sér, og til þess að sýna fram á, hvaða tilhæfulausum ósannindum hefir verið kastað hér fram í málinu.

Framsögumaður (Björn Jónsson): Mér finst eg eigi heimting á vernd forseta fyrir öðrum eins áburði og þeim, að eg hafi brúkað í ræðu minni síðast ókvæðisorðið lygi. Það veit allur þingheimur, að eg hefi ekki gert. Maður sem er svo ófeiminn að skrökva frammi fyrir þinginu, að eg hafi látið mér um munn fara orð, er eg hefi alls ekki talað ber það upp á mig nær að vörmu spori, honum get eg trúað til margs. Þótt hann líti svo á sjálfan sig, að hann sé háyfirmeistari í stjórnvísindum og flestöllum öðrum fræðum *(Jón Ólafsson:* Eg er dauður!), þá er traustið á honum ekki meira en það, að því leggur enginn maður neitt upp úr, meðal annars og ekki sízt fyrir það, að traustið á sannsögli hans er nauða lítið.

Jón Jónsson (1. þm. S.-Múl.): Út af ummælum hins háttv. framsögumanns (B. J.), þar sem hann rengdi þá frásögn 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) að 1. þm.

Rangv. (E. P.) hefði óskað þess 1907 að brúnni á Rangá yrði frestað, þar sem sýslubúar eigi voru á eitt mál sáttir, hvar hún skyldi vera, þá skal eg bera þess vitni. að það var einmitt 1. þm. Rangv. (E. P.) sem óskaði, að málinu yrði frestað til þess, að brúarstæðið yrði rannsakað betur. Og var þá lofað, að veita skyldi fé til fyrirtækisins á fjáraukalögunum. Það loforð var gefið með ómótmæltri yfirlýsingu framsögumanna í fjárlögunum í báðum deildum.

Eg verð að telja það óheppilegt og ógætilegt, ef það verður ofan á að síðari þing haldi ekki loforð fyrri þinga. Slíkt væri til að óvirða alþingi og rýra sæmd þess; en til þess vill vonandi enginn þingmaður stofna.

ATKVGR. 1. Brt. við A. 1. b. 1. sþ. með 15:4.

2. Brt. við sama lið sþ. með öllum þorra atkv.

3. Brt. við A. 2. feld.

4. Brt. við A. 3. sþ. með 14:5.

5. Brt. við A. 4. a. feld.

6. Brt. (281) við A. 4. a. feld með 15:7.

7. Brt. við A. 4. sþ. með 16 shlj. atkv.

8. Brt. við B. I. 1. a. sþ. með 16:2 atkv.

9. Brt. (281) við B. I., 2, sþ. með 13:5 atkv.

10. Brt. (265) við B. I. 3. feld með 14:8 atkv.

11. Brt. (281) við B. I. 3. sþ. með 14:6 atkv.

12. Brt. við B. II. 3. sþ. með 24 atkv.

13. Brt. við B. II. 5. sþ. með 24 atkv.

14. Brt. við B. II. sþ. með 15 shlj. atkv.

15. Brt. við B. II. sþ. með 18. atkv.

16. Brt. (280) við B. II. sþ. með 14:11 atkv.

17. Brt. (280) við B. II. feld með 14:11, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Jón Ólafsson,	Bjarni Jónsson,
Eggert Pálsson,	Bened. Sveinsson,
Einar Jónsson,	Björn Jónsson,
Hannes Hafstein,	Björn Kristjánsson
Jóh. Jóhannesson,	Björn Sigfússon,
J. Jónsson, S.-Múl.	Björn Þorláksson,
Jón Magnússon,	Hálfd. Guðjónsson,
Jón Þorkelsson,	J. Jónsson, N.-Múl.
Pétur Jónsson,	Jón Sigurðsson,
Sig. Sigurðsson,	Magnús Blöndahl,
Stefán Stefánsson.	Ólafur Briem,
	Sig. Gunnarsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Þorl. Jónsson.

18. Viðaukatill. (275) við B. II. feld með 14:2 atkv.

19. Brt. við B. III. sþ. með 19 atkv.

20. Brt. (262) B. III. 3. sþ. með 21 atkv.

21. Brt. (258) við B. III. a. sþ. með 19 atkv.

Brt. (258) við B. III. b. sþ. með 13:3 atkv.

22. Brt. (265) við B. III. feld með 16:9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Jón Ólafsson,	Bjarni Jónsson,
Bened. Sveinsson,	Björn Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Björn Þorláksson,
Björn Sigfússon,	Eggert Pálsson,
J. Jónsson, S.-Múl.,	Hannes Hafstein,
Jón Magnússon,	Hálfd. Guðjónsson,
Ólafur Briem,	Jóh. Jóhannesson,
Sig. Gunnarsson,	J. Jónsson N.-Múl.,
Skúli Thoroddsen.	Jón Sigurðsson,
	Jón Þorkelsson,
	Magnús Blöndahl,
	Pétur Jónsson,
	Sig. Sigurðsson,

Nei:
Stefán Stefánsson,
Þorl. Jónsson.

Einar Jónsson greiddi ekki atkv. og telst því með meiri hlutanum.

23. Viðaukatill. (254) við B. III a. (6) samþ. með 17 samhlj. atkv.

Viðaukatill. (254) við B. III b. (7) samþ. með 19 : 6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Björn Sigfússon,
Jón Ólafsson,	Björn Þorláksson,
Benedikt Sveinsson,	Hálfdan Guðjónss.,
Björn Jónsson,	Jón Magnússon,
Björn Kristjánsson,	Jón Sigurðsson,
Eggert Pálsson,	Sigurður Sigurðss.
Hannes Hafstein,	
Jóh. Jóhannesson,	
Jón Jónsson N.-M.,	
Jón Jónsson S.-M.,	
Jón Þorkelsson,	
Magnús Blöndahl,	
Ólafur Briem,	
Pétur Jónsson,	
Sigurður Gunnarss.,	
Skúli Thoroddsen,	
Stefán Stefánsson,	
Þorleifur Jónsson.	

Einar Jónsson greiddi ekki atkv. og telst með meiri hluta.

24. Breyt.till. 281 (5). 1. við B III (Frá Dalsmynni — Þórólfsstöðum 5000 kr.), feld með 18 : 7 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Jón Ólafsson,
Benedikt Sveinsson,	Björn Kristjánsson,
Björn Jónsson,	Björn Sigfússon,
Jón Þorkelsson,	Björn Þorláksson,
Magnús Blöndahl,	Eggert Pálsson,
Sigurður Gunnarss.,	Einar Jónsson,
Skúli Thoroddsen.	Hannes Hafstein,
	Hálfdan Guðjónss.,
	Jóh. Jóhannesson,
	Jón Jónsson N.-M.,
	Jón Jónsson S.-M.,
	Jón Magnússon,
	Jón Sigurðsson,
	Ólafur Briem,
	Pétur Jónsson,
	Sigurður Sigurðss.,
	Stefán Stefánsson,
	Þorleifur Jónsson,

Sama brtill. 2. (Frá Ljárskógum til Svínadals 1000 kr.) samþ. með 13 : 12 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Jón Ólafsson,
Benedikt Sveinss.,	Björn Sigfússon,
Björn Jónsson,	Björn Þorláksson,
Björn Kristjánsson,	Eggert Pálsson,
Hálfdan Guðjónss.,	Einar Jónsson,
Jón Jónsson N.-M.,	Hannes Hafstein,
Jón Þorkelsson,	Jóh. Jóhannesson,
Magnús Blöndahl,	Jón Jónsson S.-M.
Ólafur Briem,	Jón Magnússon,
Pétur Jónsson,	Jón Sigurðsson,
Sigurður Gunnarss.,	Sigurður Sigurðss.,
Skúli Thoroddsen,	Þorleifur Jónsson.
Stefán Stefánsson.	

Síðasti liður þessarar breyt.till. tekinn aftur.

25. Breyt.till. við B. III. samþ. með 21 atkv.

26. Breyt.till. (262) við B. III. samþ. með 17. samhlj. atkv.

27. Breyt.till. fallin samkvæmt fyrri atkvgr.

Breyt.till. við sama lið (aths.) á þskj. 313 felld með 14 : 11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Jón Ólafsson,
Benedikt Sveinss.,	Björn Þorláksson,
Björn Jónsson,	Eggert Pálsson,
Björn Kristjánsson,	Einar Jónsson,
Björn Sigfússon,	Hannes Hafstein,
Jón Þorkelsson,	Hálfdan Guðjónss.,
Ólafur Briem,	Jóh. Jóhannesson,
Sigurður Gunnarss.,	Jón Jónsson N.-M.,

Já:	*Nei:*
Skúli Thoroddsen,	Jón Jónsson S.-M.,
Stefán Stefánsson,	Jón Magnússon,
Þorleifur Jónsson.	Jón Sigurðsson,
	Magnús Blöndahl,
	Pétur Jónsson,
	Sigurður Sigurðss.

28. Breyt.till. við B. (aftan við VII. komi nýr liður) samþ. með 15 atkv.

29. Viðaukatill. (252) við B. (aftan við VIII. komi nýr liður) samþ. með 21 atkv.

30. Breyt.till. við B. (enn nýr liður aftan við VIII) samþ. með 15 atkv.

31. Breyt.till. við C. 2. samþ. með 22 atkv.

32. Breyt.till. við C. 2. samþ. með 15 atkv.

33. Breyt.till. N. 280 við C. 3. samþ. með 17 atkv.

34. Breyt.till. við D. I. samþ. með 18 atkv.

Breyt.till. 281 (7. liður) við D. I, 2. 3. feld með 14 : 9 atkv.

35. Breyt.till. við D. II. 1. samþ. með 17 atkv.

36. Breyt.till. við D. II. 2. sþ. með 14 atkv.

37. Breyt.till. við D. II. 2. sþ. með 14 atkv.

38. Viðaukatill. við D. II. sþ. með 20 atkv.

39. Breyt.till. við D. II. 3. sþ. með 15 atkv.

40. Breyt.till. 265 við D. II. Fyrri liður feldur með 13 : 2 atkv.

Síðari liður feldur með 13 : 3 atkv.

41. Breyt.till. við E. I. samþ. með 21 atkv.

Breyt.till. 245 (60. liður) samþ. með 20 atkv.

42. Breyt.till. við E. II.—XV. samþ. með 19 atkv.

13. gr. öll svo breytt samþ. með 24 atkv.

14. og 15. gr., (A. 302, atkvæðaskrá) 20. 22. og 23. marz.

Framsögumaður (Björn Jónsson): Eg er fyrir mitt leyti því samþykkur, að Þórður Sveinsson geðveikrahælislæknir fái aukaþóknun fyrir starfa sinn, tilsögnina við læknaskólann, sem ber; auðvitað má ekki skoða það, sem bitling eða styrkveitingu, heldur endurgjald fyrir unnið verk.

Þá kemur tillaga 37 um styrkveitingu til Benedikts Bjarnasonar á Húsavík. Eg hygg, fyrir þá afspurn, er eg hef haft af honum, að vel sè gerandi, að styrkja hann.

Þá er styrkveiting til Ingibjargar Guðbrandsdóttur, til að kenna utanbæjarstúlkum leikfimi. Það tel eg mikið þarft, mikil þörf á slíkri tilsögn við sveitastúlkur, miklu nær að verja nokkru fé til líkamsstyrkingar og líkamlegra íþrótta kvenna eigi síður en karla, heldur en að leggja eyri, sem til mentunar er ætlaður í eintómt bókvit, sí-aukið hrafl af fróðleiksmolum.

Þá er skáldstyrkur til Þorsteins Erlingssonar. Hefir verið lagt til, að hækka hann úr 1200 kr. upp í 1500 kr. Eg er því mjög meðmæltur. — Mér finst, að þá fáu listamenn vora, sem sýnt hafa, að starf þeirra er bókmentum vorum til verulegrar prýði og þjóðinni mikil sæmd, eigi landssjóður að styrkja svo, að þeir geti lifað neyðarlitlu lífi og þurfi ekki að glata heilsu sinni og fjöri á látlausu striti fyrir daglegu brauði, list þeirra til stórhnekkis.

Um Einar Jónsson myndasmið, sem er stungið upp á, að veita 1500 kr. ársstyrk, er það að segja, að hann er mjög frumlegur listamaður og mikils metinn orðinn, ekki sízt utan Danmerkur eða meðal annara en Dana, sem þykir hætta um of við, að láta

sér lítt að öðru geðjast en því, sem þeir þekkja á sitt mark, en síður hinu, sem þræðir aðrar og ólíkar brautir. Það er eitt með öðru til marks um, hve annara þjóða menn meta Einar Jónsson mikils og list hans, að sendiherra Bandaríkjanna í Kaupmannahöfn, dr. Egan, hefir að sögn pantað eina mynd hans í því skyni, að gefa hana Roosewelt fyrrum Bandaríkjaforseta; og er það ekki lítill frami. — Njóta mætti hann og þess og ætti að njóta, að hann bláfátækur maður hefir sýnt fósturjörð sinni það frábæra göfuglyndi, að bjóðast til, að gefa henni öll sín verk, allar helztu myndirnar, er hann hefir gert, 40 að tölu. Þetta hefði þótt höfðingleg gjöf af stórauðugum manni, hvað þá örsnauðum.

Þá er Einar Hjörleifsson næstur fyrir oss á listamannaskránni í fjárlögunum. Hann er vafalaust langmesti skáldsagnaritari þessarar þjóðar. Hann nefndi í erindi sínu til þingsins 2000 kr. árstillag, en fjárlaganefndin færði það niður í 1200 kr. En hér er framkomin breyt.till. um, að færa sig upp í 1500 kr., og má styrkurinn ekki minni vera. Og algerlega væri rangt, að telja þá fjárveiting með ölmusugjöfum. Það er einber hagsýni af þjóðinni og annað ekki, er hún veitir fé til þess, að slíkir afbragðsmenn geti varið mestum eða öllum tíma sínum og kröftum til þess, að vinna í þarfir og þjónustu sinnar listar. Sumt af skáldritum hans er komið á aðrar tungur og hafa hlotið þar góðan orðstír. Síðasta skáldsagan eftir hann er Ofurefli, stærsta og veigamesta bókin eftir hann, er og á þeirri leið. Það er öllum kunnugt, hversu stórskáldin norsku, þau er nú eru uppi eða hafa verið fyrir skemstu, hafa borið orðstír Noregs víðs vegar út um heim og aukið stórum veg og gengi hinnar norsku þjóðar. Enda hefir hún talið sér sóma að greiða þeim skáldlaun, heiðurslaun, um langan aldur, jafnt eftir það, er þeir hættu að þarfnast nokkurs »styrks«, heldur voru orðnir mjög vel efnaðir menn, einn þeirra (H. I.) stórauðugur. — Það er mikill ábyrgðarhluti fyrir þjóðina, að grafa í jörðu annað eins pund og þessu skáldi (E. H.) hefir gefið verið, með því, að telja á sig, að hlynna að því svo, sem við þarf til þess, að það beri þann ávöxt, sem efni er til. Sá ávöxtur er glataður að fullu og öllu, um aldur og æfi, ef það er vanrækt.

Annað skáld er á atkvæðaskránni Guðmundur Friðjónsson, þjóðkunnur rithöfundur og viðurkendur gáfumaður. Hann er bæði skáldsöguhöfundur og ljóðskáld, en hann fæst mikið meir við ljóðagerð en skáldsagnaritun, og er honum hvorttveggja tamt. Þetta er í fyrsta skifti, sem hann fær fjárlagastyrk, svo mikið gott, sem þó liggur eftir hann, alt unnið í hjáverkum við búskaparstritvinnu.

Þá kemur styrkur til Ungmennafélags Íslands og er í 11. lið 16. gr. Félagsskapur þessi ætlar styrkinn til eflingar á skógrækt og til sandgræðslu. Þessi félagsskapur, sem er einn hinn vænlegasti framfaravísir með þjóð vorri, hefir komið því til leiðar, að ungmenni Íslands hafa fengið mikinn áhuga á hinni fornu, fögru og frægu íþrótt íslenzku glímunum, og virðist vor fátæka og fámenna þjóð vera á góðri leið til að afla sér orðstírs meðal erlendra þjóða fyrir þá íþrótt. Sendiför íslenzku íþróttamannanna til Lundúna er flestum eflaust í fernsku minni. Og skógræktarhugmyndin er ágæt, enda ætla eg að sjálfsagt sé að styrkja þá menn, er verja kröftum sínum til þess, að græða og klæða landið, sem er bert og nakið fyrir vanrækt fyrri

kynslóða. Sú stefna ætti að breytast að hafa ímugust á líkamlegri vinnu, og þykja hún ógöfug og þreytandi, en vilja eingöngu lifa á bókvitinu. — Það er þó fátt, er styrkir betur og stælir bæði vöðva og taugar, en holl vinna með höndunum. Eg óska og vona, að eg lifi það, að þessi styrkur verði margfalt hærri; eg er sannfærður um, að því fé er ekki á glæ kastað. Eg hef ekki tíma til að fara um þetta fleiri orðum, þó mikið meira mætti um það segja, en vík að því, að vel væri ráðið, að veita tveimur ungum og efnilegum mönnum, sem hér eru á styrkbeiðendaskrá, fjárstuðning til að fara utan og nema rafmagnsfræði. Hér á landi er víðtækt verksvið handa dugandi og vel færum rafmagnsfræðingum.

Magnús Blöndahl: Eg vil ekki láta umr. um 14. gr. ganga svo fram hjá, að till. hv. fjárlaganefndar gangi mótmælalaust í gegn. Á eg þar sérstaklega við till. hennar um fjárveiting til kvennaskólans í Reykjavík. Stjórnin hefir farið fram á 7000 kr. fjárveitingu til skólans og hefir rökstutt þá till. allgreinilega í athugasemdunum aftan við fjárlagafrumv. Stjórnin hefir sýnt ljóslega, að skólinn getur ekki lifað með minni styrk en fram á er farið í frv. Eg þykist vita, að fyrir háttv. fjárlaganefnd hafi vakað að spara fé landssjóðs. Það er aldrei nema lofsvert að fylgja þeirri meginreglu. En þessi sparnaður við skólann dregur þann dilk á eftir sér, að skólinn verður alveg ómögulegur. Það hygg eg þó ekki að verið hafi tilætlun háttv. fjárlaganefndar. Eftir ummælum og undirtektum allra landsmanna er það sjálfsögð sanngirniskrafa að styðja að mentun kvenna ekki síður en karla. Eg þykist vita, að háttv. fjárlaganefnd sé á sömu skoðun. En þá hefði hún átt að sýna það meira á borði en í orði. Það þarf ekki annað en að lesa aths. um þennan lið aftan við frumv. til þess að ganga úr skugga um það, að ef breyt.till. nefndarinnar nær fram að ganga, er það sama sem að sálga skólanum, eða að minsta kosti gera honum ómögulegt að ná tilgangi sínum, þótt hann kunni að tóra.

Það má vera að hin háttv. nefnd hafi hugsað sér, að skólanum bættist styrkur á annan hátt; eg veit ekki um það; það mun væntanlega koma í ljós við umr.

Eins og háttv. nefnd og þingd. mun vera kunnugt, er meiningin sú að skólinn væri húsmæðraskóli með heimavistum jafnframt því sem hann verður kvennaskóli. Nú er verið að koma upp húsi handa þessum skóla, sem skólinn ætlar að leigja. En leigan er svo há, að ekki er viðlit til, að skólinn komist af með minna en þessa upphæð, 7000 kr. Eg þykist vita, að hin háttv. þingd. athugi það, að hér er um heimavistarskóla að ræða; skólinn verður heimili námsmeyjanna; þar fá þær fæði og allar nauðsynjar. Á það er að líta, að skólinn er ekki eingöngu fyrir þennan bæ, heldur, og það miklu fremur fyrir alt landið.

Af þessu, sem eg hefi nú tilfært, vona eg, að háttv. þingd. samþ. liðinn eins og hann er í stjórnarfrumv., en felli breyt.till. nefndarinnar, og hefi eg ekki að svo stöddu meira að segja um þetta mál.

Jón Sigurðsson: Eg á hér brtill. á þgskj. 273, um að hækka skáldstyrk Þorsteins Erlingssonar úr 800 kr. upp í 1200 kr. Eg sé, að annar háttv. þm. hefir lagt til að hækka styrkinn upp í 1500 kr., og er eg fyrir mitt leyti samþ. því, en mín till. verður þá varatill.

Eg þarf ekki að tala langt mál fyrir

þessari till.; maðurinn er svo vel kunnur, að þess er er ekki þörf. Hann hefir unnið bókmentum vorum hið mesta gagn og sóma, svo að fyrir það má skipa honum á bekk með öndvegisskáldum þessa lands. Af öllum skáldum í seinni tíð ber sá maður að rímlist og ljóðsnild. Hann hefir og manna bezt stuðlað að því, að glæða frelsishugsjónir þjóðarinnar. Um stöðu hans er það að segja, að hann hefir orðið að verja tíma sínum til þess að vinna fyrir sér, eins og hann segir sjálfur. Þetta hefir dregið frá því, að hann fengi notið gáfu sinnar. Nú er hann kominn á sextugsaldur og er þá ekki líklegt, að mörg séu starfsárin eftir. Það má því ekki dragast lengur, að hann fái viðunanlegan styrk. Háttv. fjárlaganefnd hefir ætlað öðru skáldi, sem er líka góðs maklegur, 1200 kr. styrk; mér þótti því rétt að leggja til, að þeir væru jafnir. Eg er sannfærður um, að háttvirt þingdeild muni vera ljúft að veita þennan styrk manni, sem jafndýran skerf hefir lagt til bókmenta landsins sem Þorsteinn Erlingsson.

Björn Kristjánsson: Það eru að eins örfáar aths., sem eg þarf að gera við umr. þessara gr. fjárlaganna. Eg á hér breyt.till. á þgskj. 265 um það, að umsjónarmaður fræðslumálanna verði kallaður ráðunautur í fjárlögunum. Mér er að vísu ekki neitt kappsmál að þessi till. verði samþ., en betur kann eg við það nafn, því að það bendir betur til starfssviðs þess, sem hann ætti að hafa á hendi. Eg hefi orðið þess var, að út í frá halda margir, að hann hafi meira vald en hann hefir, og er það beint vegna nafnsins. Menn snúa sér nú beint til hans, ekki sem ráðunauts stjórnarinnar, heldur sem ráðherra yfir fræðslumálum, sem lögin um fræðslumál munu þó ekki ætlast til að hann sé. Þótt hann sé kallaður umsjónarmaður í fræðslulögunum, þá er það ekki svo að skilja, að það sé nokkurt fast nafn, sem gefi honum úrslitavald í öllum fræðslumála-ágreiningi, heldur er það að eins valið af handahófi til þess að láta það eitthvað heita.

Enn á eg breyt.till. á þgskj. 265 um að styrkur til Flensborgarskólans verði hækkaður úr 3500 kr. í 7200. Ástæður fyrir þessari breyt.till. eru ýms skjöl frá borgarstjóranum, sem nú er hér, og stjórnarnefnd skólans. Eins og kunnugt er, var skóli þessi stofnaður fyrir rausnarlega gjöf látins merkismanns, síra Þórarins Böðvarssonar, og er því orðinn all-gamall. Skólinn hefir alla tíð notið almennra vinsælda og frá honum hafa komið margir nýtir menn. Skólinn hefir að vísu ætíð verið privatskóli og haft því sérstaka stjórn, en þó verið háður eftirliti landsstjórnarinnar, eins og gjafabréfið gerir ráð fyrir og reglugerðin fyrir skólann. En hann hefir ætíð notið styrks af landssjóði og skoðaður af þingi sem opinber stofnun, enda er hann það í raun og veru, því að tekjur af eignum hans eru að eins 200 kr. á ári og segir það sig sjálft, að það hrekkur ekki langt nú. Mér finst líka, að þingið geti ekki kipt að sér hendinni nú, þegar hvaðanæva er krafizt meiri mentunar, ekki hvað sízt mentun unglinga, sem eg fyrir mitt leyti tel einkarholla stefnu, og þessi skóli er einmitt nánast unglingaskóli. Stjórnin hefir stungið upp á 3500 kr. til skólans, en það er alsendis ónógt. Kostnaður við skólann er samtals auk kennaralauna, 3565 kr. Þar af er til áhalda 200 kr., afborgun og vextir 1865 kr., viðhald skólans 300 kr., bruna-

bótagjald 200 kr., eldiviður og ljós 400 kr., ræsting 300 kr., heimavistir 300 kr.

Þessi útgjöld eru flest alt af hér um bil jöfn, hvort 20 sækja skólann eða 80, eins og nú er, og sum af gjöldunum jöfn, þó enginn sæki skólann. Á skólanum voru í vetur 79 nemendur, en um hann sóttu 84. Fleiri var ekki hægt að taka. Af því að nemendur voru svo margir varð að hafa 3 deildir og bæta við einum kennara. Laun þeirra eru 1700, 1200 og 1000 kr. Öll útgjöld við skólann verða því 7465 kr.; þar frá dregst 200 kr., sem er tekjur af eign skólans; verða þá 7265 kr., sem skólinn þarf að fá annarsstaðar að. Eg hefi þó ekki farið fram á nema 7200 kr. Eg skal í sambandi við þetta með leyfi hæstv. forseta lesa upp kafla úr bréfi borgarstjórans um þetta mál. Þar segir svo: »Verði skólanum ekki veitt meiri fjárupphæð en þetta, er ekki annað fyrir hendi en að leggja skólann niður. Í nefndu bréfi til stjórnarráðsins, sem væntanlega hefir verið sent alþingi, er ítarleg grein gerð fyrir, hvað rekstrarkostnaður skólans getur orðið minstur á næstu 2 árum, og kemur oss því mjög óvart, að tillagið til þessa skóla eins skuli hafa verið fært niður á fjárlagafrumv. Þar sem tillagið til allra annara alþýðuskóla, hvort heldur þeir eru eign hins opinbera eða einstakra manna, hefir verið hækkað og sumra að miklum mun, þá mun aðsókn og eftirspurn að Flensborgarskólanum vera meiri en eftir nokkrum öðrum skóla landsins«.

Eg hefi séð nefndarálit nefndarinnar í skólamálum úr háttv. Ed. á þgskj. 223. Eg vil benda háttv. þm. á að lesa það, því að þar er gert ráð fyrir, að skólinn lifi og haldi áfram sama starfi sem að undanförnu. Það skiftir ekki miklu, hvað skólinn er nefndur né hvaða kenslureglum hann fylgir, ef tilganginum er náð: að fræða alþýðu.

Það má auðvitað segja við hvern skóla sem er: Þið fáið ekki meira en þetta. Þið getið vísað helmingnum af umsækjendunum frá. En það getur orðið til þess að drepa hvern skóla, ef féð er svo lítið, að synja verði helmingi þeirra, er sækja um inntöku, um skólann. Afleiðingin getur auðveldlega orðið sú, að menn hætti að sækja um inngöngu á skólann, þegar það reynist svo oft þýðingarlaust.

Eg vil benda á það, að á síðasta þingi var skólanum ætlað 7800 kr. um árið; þá var nemendafjöldinn hinn sami, en kennaraskólinn í sambandi, sem síðan hefir til allrar óhamingju verið slitinn frá. Í samband við þetta skal eg benda á, að Akureyrarskólinn hefir 12,500 kr. á ári og auk þess á fjáraukalögum nú 5900 kr. eða samtals 18,400 kr. Þessi skóli, Flensborgarskólinn, fer ekki fram á nema 7200 kr. og vona eg, að h. háttv. deild sþ. það til þess að hann geti lifað, eg tala hér ekki fyrir skólanum vegna míns kjördæmis eins, heldur vegna flestra annara kjördæma á þessu landi, þar sem nemendur úr flestum kjördæmum landsins sækja þennan skóla.

Loks á eg litla breyt.till. á þgskj. 277 um að veittar verði 500 kr. til viðgerðar á gamla skólahúsinu í Flensborg, heimavistarhúsinu, að eins fyrra árið; til er ætlazt, að gert verði svo við húsið, að það verði hæfilegt heimavistarhús. Þetta er svo smá upphæð, að eg vona, að allir háttv. þgm. samþ. hana.

Ráðherrann (H. H.). Nefndin vill færa styrk til aukakenslu í lagaskól-

anum úr 1800 kr. niður í 800; en með slíkri upphæð er ekki hægt að bæta úr þörfinni. Það er gersamlega ómögulegt að komast af með tvo kennara við skólann, þar sem aðsóknin hefir orðið svo miklu meiri, en við var búist. Sé það alvara þingsins að halda skólanum, verður að leggja fram til hans svo mikið fé, að viðunanleg kennsla geti farið fram. Viðvíkjandi niðurfærslunni á styrknum til kvennaskólans í Reykjavík skal eg að eins benda á, að stjórn kvennaskólans hefir þegar í fullu trausti til samninga þingsins gert ráðstafanir, sem gera það að verkum, að skólinn getur ekki komist af með minni styrk heldur en stjórnarfrumv. fer fram á.

Misráðið finst mér og, að minka styrkinn til barnaskólanna í kaupstöðunum. En þann styrk vill nefndin færa úr 6000 kr. niður í 5000 kr. Það er augljóst, að kostnaðurinn við skólahaldið eykst ár frá ári eftir því sem meiri kröfur eru gerðar, og þá getur það ekki verið rétt að minka að sama skapi tillögin.

Eg skildi ekki fullkomlega hvað h. 1. þm. G.-K. (B. K.) var að fara, þegar hann var að tala um að breyta nafni umsjónarmanns fræðslumálanna í 14. gr. B. VIII. b. 5. a. En fjárlagafrumv. fer þar beint eftir gildandi lögum. Hann er nefndur þannig í 33. gr. laga um fræðslu barna frá 22. nóv. 1907, og það er ekki til neitt annað löglegt heiti á þeim starfsmanni.

Umsjónarmaður hefir ekki á hendi yfirstjórn fræðslumálanna. Hana hefir stjórnarráðið auðvitað. En það hefir umsjónarmanninn sér til aðstoðar í því, og hann hefir mjög mikið og mikilsvert verk að vinna. Hann á eftir lögunum aðallega að gegna umsjónarstarfi með allri alþýðufræðslu landsins fyrir stjórnarráðsins hönd og undirbúa ráðstafanir allar og reglugerðir, sem stjórnarráðið setur um fræðslumál. Eg tel það þvert ofan í lögin, ef þessi breyt.till. verður samþ. Fjárlaganefndin hefir viljað fella burtu þær 600 kr., er hann á að hafa til skrifstofukostnaðar, en það er enginn sparnaður. Sé umsjónarmaður sviftur þessu fé, þá verða skrifstofuútgjöld stjórnarinnar að eins þeim mun meiri. Umsjónarmaðurinn verður að hafa samkvæmt stöðu sinni svo miklar bréfaskriftir, að það er ómögulegt, að hann komist yfir að hreinskrifa það alt einsamall, og auk þess hefir hann mjög mikið starf við að búa til skólastatistik fyrir landið, verk, sem hann verður að hafa aðstoð við.

Viðvíkjandi Flensborgarskólanum vil eg taka það fram, að því fer fjarri að hann sé landsskóli. Honum er stjórnað af sérstakri nefnd manna, sem sýslunefndin í Gullbringu- og Kjósarsýslu velur, og landstjórnin hefir í rauninni ekkert annað með hann að sýsla en það að borga honum út þann styrk sem þingið veitir. Hann á eftir reglugerð sinni jafnframt að vera barnaskóli fyrir einn einstakan hrepp, Garðahrepp. Þó að skólinn sjálfsagt geri talsvert gagn, þá þótti stjórninni samt ekki fært að kasta öllum kostnaðinum af skóla þessum á landssjóðinn, eins og hann væri eiginlegur landsskóli, þar sem landið kostar gagnfræðakennslu bæði hér í Reykjavík og á Akureyri, auk bændaskólanna, sem gefa svipaða fræðslu. Það er heldur ekki rétt, að styrkurinn til Flensborgarskólans hafi verið lækkaður í stj.frumv., að eins var kipt í burtu því fé, er veitt var til kennarafræðslunnar þar, því að það fé á að sjálfsögðu nú að ganga til hins nýja kennaraskóla.

Þá eru ýmsar breyt.till. við 15. gr.,

sem mér þykja nokkuð einkennilega skrítnar, svo sem það, að fella burt styrk til hr. Boga Melsted, einmitt nú er hann þarfnast hans mest, þar sem hann nú er í óðaönn að skrifa Íslands sögu, eftir að hafa varið mörgum árum til undirbúnings með styrk af almannafé. Það kalla eg undarlega meðferð á landsins fé, að veita ár eftir ár fé til undirbúnings fyrirtækis, en gera svo ómögulegt að framkvæma fyrirtækið, þegar til kemur, enda tjáir ekki að dyljast þess, að hér er að eins að ræða um hegning á hr. Boga Melsted fyrir það, að hann er ekki meirihlutamaður í stjórnmálum.

Þá er það ekki síður einkennilegt að nefndin vill lækka orðabókarstyrkinn til Jóns Ólafssonar. Þar er almennt viðurkent, að hin mesta þörf sé á verki eins og því, sem hér er um að ræða, og merkir vísindamenn hafa lokið miklu lofsorði á sýnishorn þau af verkinu, sem höfundurinn hefir látið sjást. Nú á að klípa svo af styrknum til þessa verks, að hann verði ekki að neinu liði, og skil eg ekki hvaða hæverska það er hjá meiri hlutanum, að drepa styrkinn ekki heldur alveg.

Stjórnin lagði til, að Guðm. Magnússyni skáld væri veittar 600 kr. hvort árið, og við það hefir nefndin að vísu ekki gert neinar athugasemdir. En hún hefir lagt til að veittur væri miklu hærri styrkur til ýmsra annara skálda, og þá finst mér sanngjart að styrkur Guðmundar Magnússonar sé líka hækkaður.

Jón Þorkelsson: Kenslumál okkar hygg eg að hafi lengi verið og séu reyndar enn nokkuð í molum. Þau eru öll í einangri, og lítið yfirlit yfir þau. Vér eigum skóla í öllum áttum, auðvitað suma hverja góða og gagnlega, en eg held, að þeir mætti vera færri.

Það hefir verið barizt fyrir því með hnúum og hnefum að koma sem flestum skólum til kaupstaðanna, sem eg tel óholt, svo sem kennaraskólanum o. fl.

Allir vita hvernig farið hefir verið með mentaskólann, sem lengi var sómi þessa lands, eins konar Mímisbrunnur allrar mentunar landsins, öldum saman. Ungum manni, sem eg þó engan veginn ætla að lasta, var falið það vandaverk, að útbúa nýja reglugerð fyrir skólann, sem var ærið verk handa nefnd af beztu og færustu mönnum landsins, og síðan hefir hann mist sinn forna veg og sóma og er orðinn nokkurskonar barnaskóli.

Við, sem vorum þar fyrir 30 árum, skoðuðum skólann sem heimili okkar, þó að við ættum vandamenn í bænum og athvarf hjá þeim. Skólinn var eigi að síður heimilið, meðan þar voru heimavistir, og piltarnir sváfu í gamla »Langa loftinu«. Við það undu þeir vel hag sínum. Menn skoða jafnan heimili sitt, þar sem bælið er. En seinast á öldinni sem leið, voru heimavistir afnumdar, þær voru þá álitnar hættulegar sökum berklaveiki o. fl., en þó hafa menn nú engu síður dáið af þeim sjúkdómi. Áður var því þannig háttað, að þeir dóu, sem deyja áttu og gátu ekki lifað, en nú má svo að orði kveða, að hverju afstyrminu sé klakið upp.

Kvennaskólinn hér í bænum er, eins og menn vita, stofnaður um 1870 af ýmsum góðum mönnum og meðal annars af þeim gömlu og virðulegu Melsteðshjónum, og hefir jafnan verið mjög nytsöm stofnun í alla staði. Nú vill hann verða heimavistarskóli, en til þess vantar hann fé og föng.

Og nú hafa góðir menn og konur

gengist fyrir að byggja nýtt og veglegt skólahús úr steini, sem er þeim til hinnar mestu sæmdar. Sú háðung ætti líka að leggjast niður hið allra fyrsta, að opinberar byggingar væru bygðar úr öðru en steini, og nú ríður »prívat«skóli hér á vaðið.

Eg get hugsað mér, og það mun öllum skiljast, að það skiftir nokkru fyrir óskemdar sveitastúlkur, að hafa heimavist í slíkum skóla, að hafa gott heimili hér að hverfa að í stað þess að kúlda sér niður hér og hvar í bænum á meira og minna misjöfnum stöðum, eins og hingað til hefir átt sér stað.

Stjórnin hefir nú lagt það til að skóla þessum verði veittar 7000 + 3000 kr. og virðist það í alla staði sanngjarnt. En fjárlaganefndinni hefir þóknast að færa styrk þennan niður.

Eg skil ekki, hvernig jafnmikill kvennavinur og háttv. 2. þgm. Húnv. (B. S.), sem er einn í fjárlaganefndinni og varð manna fyrstur til að tjá kvennfólkinu fylgi sitt hér á þingmálafundi, leggur sig í það og ljær sig til þess, að fylgja fjárlaganefndinni í þessu.

Það hefir verið sagt, að ekki ætti frekar að hlynna að þessum skóla, en kvennaskólanum á Blönduósi. Ekki finst mér það svo sjálfsagt. Allar þjóðir telja skyldu sína að auka veg höfuðstaða sinna, enda finst mér ekki mjög ólíklegt, að bærinn kynni að vilja leggja eitthvað dálítið af mörkum við skólann á móti fjárframlagi úr landssjóði. Eg lít svo á, að till. stjórnarinnar í þessu máli séu sanngjarnar og réttar, en röksemdir fjárlaganefndarinnar gripnar úr lausu lofti.

Eg get ekki verið samþykkur háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.), að verulega brýna nauðsyn beri til þess, að breyta um nafn á umsjónarmanni fræðslumálanna og kalla hann »ráðunaut«, og ekki hefi eg heyrt nein nýtileg rök fyrir því, að skrifstofufé þess manns þurfi endilega að falla niður.

Við Flensborgarskólanum ætti ekki að hreyfa. Hann er stofnaður af rausn og góðleik einstaks manns, og það væri ekki til uppörfunar til slíkra gjafa og rausnarsemi, ef landið ætti nú að sleppa hendinni af slíkum skóla.

Svo hefi eg leyft mér að koma fram með eina smábreytingartillögu á þingskjali 250 um lítilfjörlegan styrk til Sigurðar bóksala Erlendssonar. Hann er nú orðinn roskinn maður, er hin mesta ráðvendnismanneskja, og hefir slitið sér út á því að ferðast víða um land á vetrum með bækur. (*Þingmenn:* Það er gamalt fyrirkomulag). Eg skal játa það, að þetta er gamalt fyrirkomulag, en eg get þess um leið, að það hafa ekki verið neinar óhræsis bækur, er hann hefir haft á boðstólum, ekki neitt líkt »rómönum« þeim, sem landið hefir verið fylt með um hríð, heldur hafa það verið Íslendingasögur, hjartnæmt guðsorð, riddarasögur og rímur og aðrar ágætisbækur.

Þá er nú 15. gr. Þar sé eg, að fjárlaganefndin hefir fært niður styrk þann, sem landsbókasafninu er ætlaður til bókakaupa, úr 6000 kr. niður í 5000. Eg veit ekki til þess, að fjárlaganefndin hafi haft nokkra ástæðu til þessa, og eg verð að álíta, að hún muni ekki geta vitað það betur en bókavörður, stjórn safnsins, sem og landsstjórn, hvers safnið þarf með til bókakaupa. Það lítur helzt út fyrir að fara eigi að skamta það, sem þarf til safna landsins og safnhússins, því að fjárlaganefndin ætlar líka að fara að fræða mig um það, hvers landskjalasafnið þurfi með, en henni hefir ekki tekist að sannfæra mig enn þá. Eg gaf stjórninni skýrslu um þetta efni, og tók þar til það minsta, sem eg áleit að safnið gæti komist af með, og stjórnin féllst á tillögur mínar.

En nú sé eg, að fjárlaganefndin þykist vita þetta betur en bæði eg og landsstjórnin. Þá hefir fjárlaganefndin heldur ekki getað sannfært mig um það, að 600 kr. sé nægilegt til umsjónar forngripasafnsins. Eg hefi stungið upp á 1000 kr. sem því minsta, sem hægt væri að komast af með, og skal eg enn fremur benda á það, að safn þetta hefir ekki nú eins mikinn styrk eins og á meðan það var í landsbankanum, því þá hafði það 2000 kr. húsaleigustyrk. Nú hefir safnið óhaganlegt húsnæði og er þar ekki hægt að gæta safnsins nema með aukaumsjón. Og þótt þessar 1000 kr. væru veittar, þá græddi þó landsjóður 1000 kr. við breytinguna. Enn er farið fram á það, að lækka þóknun til fornmenjavarðar, til fornmenjarannsókna og skrásetningar úr 1000 kr. niður í 500 kr. Eg ímynda mér að fjárlaganefndin hafi ekki gert sér ljóst, að það er lögskipað að fornmenjavörður skal ferðast um landið til þess að safna og skrásetja fornmenjar. Hér er mikið verk fyrir höndum að leita uppi og rannsaka dysjar og hauga og hlynna að því, sem þess væri vert af slíku tagi, og að auki gæti verið fullkomin ástæða til þess að grafa í kirkjugarða og taka ljósmyndir af ýmsu. En það er að því leyti sama, hvort fjárlaganefndin veitir fé til þessa eða ekki, að þetta er lögskipað starf, og stjórnin er því skyldug, jafnvel af fé til óvissra útgjalda, að greiða þann kostnað, sem þetta hefir í för með sér, svo undan þessu gjaldi verður ekki komist, því að verkið getur ekki hjá liðið.

Þá er stungið upp á því, að færa styrkinn til magister Sigfúsar Blöndal niður í 300 kr. í stað 600. Eg vil þó mælast til þess, að þingmenn flýti sér ekki að greiða atkvæði með því, því að mér er persónulega kunnugt um, að styrkur þessi er nauðsynlegur til þess að verkinu geti orðið haldið hæfilega áfram.

Við 42. lið á atkvæðaskránni (í 15. gr.) er það minn athugi, að nógu fljótt sé að því undið, að fara að lækka styrk Jóns ritstjóra Ólafssonar niður í 700 kr., meðan ekki er reynsla komin fyrir því, hvers með þarf, enda ekkert í hættu að veita þennan styrk, því að í frumvarpi stjórnarinnar er það orðað svo, að að eins skuli borga fyrir það, sem handrit er til fyrir. Og engan heyri eg draga í efa, að höfundurinn sé vel til verks þessa fær.

Þá hefi eg farið fram á, að styrkurinn til Sögufélagsins verði aukinn um 200 kr., úr 600 kr. upp í 800 kr. A aðalfundi félagsins, er haldinn var nú fyrir nokkrum dögum, var það almenn ósk, ef kleyft væri, að fá meiri styrk handa félaginu, einkum til þess að geta gefið örara út Biskupasögur Jóns prof. Halldórssonar í Hítardal, en verið hefir hægt hingað til. Sem mönnum er kunnugt, eru sögur þessar eitt af allra merkilegustu sagnaritum frá síðari öldum, og stórfróðleg og skemtileg bók.

Þá er 51. liður á atkvæðaskránni um styrk til herra Einars Páls Jónssonar til þess að fara utan og fullkomna sig í tónlist. Eg er maður lítt söngvinn og á því bágt með að byggja á eigin skoðun þetta mál, en freysti meðmælum þeim, sem þessi maður hefir frá organleikara við dómkirkjuna, hr. Brynjólfi Þorlákssyni. Eg heyri sagt og ímynda mér, að herra Einar Páll hafi bæði nægar náttúrugáfur og þekkingu til þess að styrkur þessi geti komið honum að notum.

Þá er liður 55, þgskj. 281, þar er eg riðinn við breytingartillögu, eða eiginlega breyt.till. við breyt.till., um námsstyrk til Jóns Ísleifssonar, 600 kr. fyrra

árið, er fer því fram, að þessi styrkur yrði hækkaður upp í 1200 kr. fyrra árið. Hefi eg raunar heyrt það haft styrk þessum til foráttu, að efnaðir menn standi að þessum manni á margar hendur. En hvernig sem því kann að vera varið, þá mun þessum manni þó þykja sér haldkvæmast að spila sem mest á eigin spýtur, og treysta meir á sjálfan sig en auðuga frændur. Eg þekki að sönnu manninn lítið nema af góðri afspurn, en hér eru menn, sem þekkja hann, og munu þeir láta til sín heyra. Eg vonast til, að þingið sjái sér fært að veita honum þennan styrk, enda sé eg enga ástæðu til þess að neita honum um hann. Nám hans getur síðar orðið þessu landi til góðra nytsemda.

Jón Sigurðsson: Viðvíkjandi styrkveitingu til skáldanna skal eg taka það fram, að eg álít að Guðm. Magnússon eigi styrk skilið, ef á annað borð er um það að ræða, að veita nokkru skáldi styrk. En því minnist eg á þetta, að eg veit ekki hverjar undirtektir styrkurinn til Guðm. Magnússonar fær. — Þá hefir komið fram till. um það, að nema burtu styrkinn til Hvítárbakkaskólans. Skóli þessi er stofnaður af einstökum manni, sem hefir lagt í hann alla sína vinnu og fé. Eg verð því að vera með því að það verði veitt fé til hans, einkum þar sem eg álít, að skóli þessi sé engu síður til uppbyggingar fyrir landið en margir aðrir skólar, sem styrktir eru. Einnig hefur skóli þessi notið styrks undanfarin ár, og í trausti til þess að hann mundi fá hann framvegis, hefir skólastjórinn lagt út í að kaupa jarðnæði og að byggja skólahús. Það er því að mínu áliti mjög misráðið að svifta skólann styrk, einmitt þegar hann er kominn í fast horf, og væri ekki til annars en að eyðileggja manninn. Vonast eg til að hin háttvirta deild skoði vel huga sinn, áður en hún felst á þá tillögu, að neita skóla þessum um styrk, því hún er svo ósanngjörn, sem frekast má verða.

Framsögumaður (Skúli Thoroddsen): Viðvíkjandi ræðu hæstv. ráðherra, skal eg geta þess, að því er snertir þær 1800 kr., sem á fjárlagafrv. stjórnarinnar eru ætlaðar til aukakennslu við lagaskólann, að eg hugði ráðherra í fersku minni, að forstöðunefnd lagaskólans taldi á síðasta þingi tvo kennara mundu nægja við lagaskólann.

Fjárlaganefndin getur heldur ekki verið því samþykk, sem segir í aths. stjórnarinnar við háskólafrumv., að kennararnir geti ekki lagt á sig meiri kennslu, en 2 stundir á dag, enda þótt þeir verði að verja nokkrum tíma til þess að semja nýjar kennslubækur. Ber þess og að gæta, að skólinn notar þó mestmegnis danskar bækur, sem kennararnir láta nemendurna gera athugasemdir við, þar sem þeim ber ekki saman við íslenzk lög. Eg vona því, að hin háttv. deild verði fjárlaganefndinni samdóma um það, að 800 kr muni nægja til aukakennslu við lagaskólann.

Að því er kemur til þess að færa styrkinn til barnaskóla í kaupstöðum niður í 5000 kr. úr 6000, er þess að gæta, að það er stutt síðan farið var að veita þennan styrk, því að álitið var, að kaupstaðabúar væru yfirleitt færari um, að kosta börn sín í barnaskóla, heldur en þeir, sem utan kaupstaða búa, og með þetta í huga lagði fjárlaganefndin til, að styrkur þessi yrði færður niður, sem fyr segir.

Að því er snertir tillögu fjárlaganefndar um það, að fella burt skrifstofukostnað handa umsjónarmanni fræðslumála, þá getur verið, að í byrjuninni hafi hann haft allmiklar bréfaskriftir, en meiri hluti fjárlaga-

nefndarinnar leit svo á, sem sjálfsagt væri, að hann fengi burðargjald bréfa endurgoldið, sem og að stjórnarráðið gæti látið honum í té aðstoð við skýrslu- og bréfagerðir, er sérstaklega stendur á, en kann ekki við, að fara að veita honum sérstakt skrifstofufé.

Þá gat hæstv. ráðh. um till. fjárlaganefndarinnar, viðvíkjandi styrknum til Boga Melsted og Jóns Ólafssonar, og sagði, að tillögur meiri hluta fjárlaganefndarinnar sýndu hverjir réðu. Um till. meiri hlutans, að því er kemur til Boga Melsteds er það að segja, að auðvitað getur orðið ágreiningur um það, sem um alt annað, hvort hann eigi að halda áfram þessu starfi, að semja sögu Íslands, sem hann svo lengi hefur notið styrks til; en eg er á þeirri skoðun, að það sé því betra, sem hann hættir fyr við það. Hann hefir nú haft þennan styrk í mörg ár, og árangurinn minni en vænst var. Þar að auki hefir hann styrk úr ríkissjóði Dana til sama starfa. Meiri hluti nefndarinnar leit því svo á, sem rétt væri, að strika nú út styrkinn síðara ár fjárhagstímabilsins, því að ekki getur það hafa verið tilætlun fjárveitingarvaldsins, að styrkin bæri að skoða, sem fasta fjárveitingu, er yrði að standa, meðan Melsted lifði, hvort og hvernig sem verkið, er honum var falið, yrði af hendi leyst. En það, sem sýnir, að meiri hluti fjárlaganefndar hefir viljað beita allri sanngirni, er það, að meiri hlutinn hefir þó lagt það til, að Bogi héldi styrknum árið 1910, þ. e. fyrra ár fjárhagstímabilsins, og því fremur er þetta sanngjarnlega í sakirnar farið, sem stjórnarflokkurinn hefir gert málið að flokksmáli, enda mun það frá þess flokks sjónarmiði lengi hafa verið eitt aðalatriðið í hinum »pólitiska katekismus« flokksins, að sjá um, að eigi væri haggað neitt við fjárveitingunni til nefnds manns, og ber að líkindum að skoða það, sem viðurkenningu til hans af flokksins hálfu fyrir það, sem hann hefir skrifað í hans þágu í íslenzk og dönsk blöð.

Þá kemur fjárveitingin til Jóns Ólafssonar, og skal eg geta þess, að hún hafðist í gegn í fjárlaganefndinni með að eins eins atkv. mun, og var það mitt atkv., sem réð því, að fjárlaganefndin lagði það eigi til, að fella hana að öllu leyti, því að mér fanst rétt, að honum gæfist kostur á, að halda áfram starfinu við orðabókarsamninguna með 720 kr. styrk á ári, enda býst eg ekki við, að hann verði, þess megnugur, að rita meira en 12 prentarkir árlega. Álít eg því, að honum megi standa á sama, þótt styrkurinn sé færður niður, og að hann verði eigi hart úti, er litið er á, hve lítið hefir gengið á þetta verk að undanförnu. Það gladdi fjárlaganefndina að sjá fallega mynd af höfundinum framan við þær tvær blaðsíður af verkinu, sem lagt var fyrir hana, þótt henni myndi að vísu hafa verið enn kærara, að sjá meira af ritinu, þótt myndin hefði þá beðið.

Að því er ræðu hæstv. ráðh. snertir, vil eg geta þess, að mér virðist honum enn, sem á þingum að undanförnu, hætta mjög til þess, að draga taum Guðm. skálds Magnússonar, og ekki grunlaust, að hann vilji nota hann til að gera minna úr öðrum skáldum, og draga úr styrk til þeirra. En þegar alþingi 1907 veitti Guðm. Magnússyni, sem og að vísu Einari Hjörleifssyni, styrk að eins fyrra ár fjárhagstímabilsins, þá vildi þingið á þann hátt sýna, að það ætlaðist eigi til þess, að styrkurinn yrði áframhaldandi, heldur að eins í eitt skipti fyrir öll. Þetta hefur ráðherra og látið sér skiljast, að

því er hr. Einar Hjörleifsson snertir, en ekki að því er uppáhaldsskáld hans Guðm. Magnússon snertir.

Að því er snertir ræðu háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) um sérþekkingu forstöðumanna skóla og safna, að því er þarfir þeirra snertir, sem þinginu væri skylt að fara eftir, og því veita fé það sem um væri beðið, skal eg geta þess, að slíkir menn, þótt sérþekkingu hafi, verða sjaldnast skoðaðir, sem óvilhallir í þeim efnum, því hver skarar eld að sinni köku, vill hafa allt, sem fullkomnast, er aðrir eiga til að leggja, og gerir því sem frekastar kröfur til landsjóðsins. En það verður að líta á fjárhaginn, og sníða sér stakk eftir vexti í þessu sem öðru, og sætta sig við það, sem fjárveitingarvaldið sér sér fært að leggja fram.

H. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) átaldi fjárlaganefndina mjög fyrir till. hennar um kvennaskólann í Reykjavík, en fjárlaganefndin hefir þó hækkað um mun styrk þann, er honum var ætlaður í fjárlagafrumv. stjórnarinnar, þótt eigi sæji hún sér fært, að sinna styrkbeiðni yfirstjórnar skólans í öllum greinum, eins og till. nefndarinnar bera með sér, þar sem skólanum, auk 3000 kr. styrks, eru ætlaðar 40 kr. fyrir hverja námsmey, alt að 2000 kr. Enn fremur er honum ætlaður styrkur til matreiðsluáhalda 1500 kr., og til styrktar sveitastúlkum 300 kr.

Háttv. 2. þm. Húnv. (B. S.), fanst engin ástæða til annars, en gera skólanum á Blönduósi jafnhátt undir höfði, eins og kvennaskólanum í Reykjavík, og benti á, hve ólíku betur sýslunefnd Húnvetninga ferst við hann en Reykjavík við kvennaskólann í Reykjavík, þar sem bæjarfélagið að eins styrkir hann með 100 kr. á ári, en landssjóði er ætlað að leggja honum 7000 kr. Ef ekki væri heimtað sama sem alt úr landssjóði, en lagt meira til af bæjarfélagi Rvk., yrði skólanum betur til. Skal eg og ekki leyna því, að framkoma yfirstjórnar skólans, lýsir eigi all-litlu ráðríki og heimtufrekju, þar sem hún semur við mann, að alþingi fornspurðu, um húsbyggingu, og skuldbindur sig til, að leigja þar í fleiri ár fyrir 2000 kr. húsaleigu árlega, hafandi þó nær ekkert fé í höndum, nema það, sem alþ. kann að veita, og ætti yfirstjórn skólans eftirleiðis að fara sér hægar.

Nefndinni er ljúft að gera þessum skóla svo vel til sem unt er, og íhugar ef til vill málið að nýju, en býst ekki við, að stjórn hans fái þó alt, er um er beðið. Það er hægt að gera áætlanir, og vilja hafa alt, sem allra fullkomnast, er heimtað er af öðrum; en getan verður að ráða, og oft álitamál, hvort ekki má víkja ýmsu við, og láta þó alt fara vel, þrátt fyrir minni tilkostnað.

Fer eg svo ekki fleiri orðum um kvennaskólann, en ætla að víkja að því að háttv. 1. þm. Rvk (J. Þ.) er óánægður með, að styrkurinn til landsbókasafnsins til bókakaupa er færður niður um 1000 kr. Meiri hluti fjárlaganefndar hugði, að spara mætti upphæð þessa, en hvað mig snertir mun eg þó ekki greiða lækkuninni atkv.

Till. um 250 kr. styrk til Sigurðar farandbóksala Erlendssonar, mun eg styrkja, með því að jafn virðingarverður maður á í hlut, og að eins sótt um styrkinn í eitt skifti fyrir öll.

Háttv. 1. þm. Rvk. álasaði nefndinni fyrir það, að færa niður styrkinn til fornleifarannsókna. En eg verð þó að líta svo á, sem 500 kr. nægi árlega, og að eigi sé vert, að verja

meiru fé í því skyni, enda ber þess að gæta, að fornleifafélagið starfar í sömu átt.

Orðabókarstyrkinn til Sigfúsar Blöndals hefir fjárlaganefndin lagt til, að lækkaður verði úr 600 kr. í 300 kr. Hefir ekki trú á því, að bókinni muni miða betur áfram, þó að styrkurinn sé hærri, en verið hefir undanfarin ár. Hann nýtur og styrks frá Dönum í sama skyni, og því ekki svo mjög styrksþurfi, sem ella. Sjálfur afsakar hann það með veikindum sínum, hve seint verkinu hafi miðað áfram, og skal eg eigi vefengja, að svo sé, en þá getur hann tæpast vænt þess, að þingið auki styrkinn, og má þykja vænt um að hafa, þrátt fyrir veikindin, notið hans óskerts að undanförnu, og virðist mér þinginu því farast vel við þennan mann með því, að veita honum 300 kr. styrk árlega, sem verið hefir.

Háttv. þm. Mýr. (J. S.) talaði snjalt erindi um, hve mikinn skerf Þorsteinn Erlingsson hefði lagt til íslenzkra bókmenta, og vildi láta hækka styrkinn til hans úr 800 kr. upp í 1200 kr. — Þetta getur meirihl. nefndarinnar ekki aðhylst, en fyrir mitt leyti, skal eg þó geta þess, að eg mun greiða tillögu þessari atkvæði.

Viðvíkjandi því, sem háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) sagði um Flensborgarskólann, vil eg geta þess, að nefndin íhugaði fjárbænir þær, er þinginu hafa borist frá yfirstjórn skólans, og taldi maklegt, að styrkja hann, þar sem hann er mjög vinsæll og mikið sóttur og því ilt, ef hann legðist niður. — En nefndinni þótti rétt, að heyra ummæli þingmanna kjördæmisins, áður en fullnaðarályktun væri tekin. — En breyt.till. háttv. þm., sem nú liggja fyrir, mun meirihl. nefndarinnar þó eigi fá aðhylst.

Tillögu háttv. þingm. um 500 kr. styrk til viðgerðar á skólahúsinu, mun eg, fyrir mitt leyti, geta greitt atkvæði.

Eg hefi nú vikið að flestu, er komið hefir fram af hálfu hinna háttv. þingmanna, og finn því eigi ástæðu til, að fara frekari orðum um málið að sinni.

Jón Magnússon: Eg ætla að minnast á 2 breyt.till., sem eg hefi komið með. Það er breyt.till. um styrkveitinguna til Þórðar læknis Sveinssonar, sem eg veit, að ekki muni mæta neinni verulegri mótspyrnu í nefndinni, með því að háttv. fjárlaganefnd er þessari breyt.till. meðmælt. Eg þarf ekki annað, en láta þess getið, að Þórður læknir Sveinsson hefir um undanfarna vetur haft kenslu nokkra við læknaskólann, borgunarlaust, en án nokkurar skuldbindingar; nú virðist það ekki sanngjarnt, að heimta af honum starf fyrir enga borgun. Sú þóknun, er farið er fram á, er sómasamleg, og ekkert meira. Vona eg því, að breyt.till. verði samþykt.

Hin till. er um styrk til að halda áfram útgáfu alþýðu-lagasafnsins, og hefir það dregist alt of lengi, að framhaldið eftir 1900 kæmi út. Styrk þann, 800 kr., er um er beðið, þarf einungis fyrra árið. Háttv. fjárlaganefnd hefir einnig tekið vel í þessa breyt.till., og skal eg því láta mér nægja, að skirskota til álits hennar.

Svo vildi eg leyfa mér, að minnast lítið eitt á önnur atriði.

Um fræðslumálastjórann vil eg viðurkenna það, að sýslunarheiti hans »umsjónarmaður fræðslumálanna« sé ekki sem liðlegast heiti, en hinu verð eg að mótmæla, að hann eigi að heita eða vera að eins ráðunautur stjórnar-

innar um fræðslumál, eða nokkurs konar aðstoðarmaður, eða embættismaður í stjórnarráðinu. Verksvið hans er að vísu enn eigi ákveðið, en að minni skoðun, þá ætti þessi maður að verða sem sjálfstæðastur embættismaður landsins, auðvitað undir yfirumsjón stjórnarráðsins; það mundi heppilegast fyrir störf þau, er honum eru falin, og þá mundu þau einmitt verða greiðlegar af hendi leyst, en ef hvert erindi fræðslumálum viðvíkjandi þyrfti að koma til stjórnarráðsins. Eins og nú er, hefir fræðslumálastjórinn afarmikil bréfaskifti, og miklar skriftir, auk þess sem nauðsynlegt er, að hann vinni úr miklum hagfræðislegum skýrslum, er safnað hefir verið og safna verður um fræðslumál landsins. Hann er manna færastur til að vinna úr þessum skýrslum, svo að gagni komi, og þó aðrir gerðu það, mundi það kosta eitthvað. Eg verð að telja það illa ráðið, ef styrkurinn væri feldur burtu. Það er öll ástæða til að hlynna að eftirliti með skólum hér á landi. Þjóðverjar hafa það orðtak: án eftirlits, enginn skóli. En slíkt náið eftirlit getur stjórnarráðið ekki haft, það verður að hafa embættismaður eða embættismenn, sem hafa þetta að aðal-starfi.

Þá vildi eg minnast nokkrum orðum á Flensborgarskólann. Það er mikill vandi, að vita, hvað gera skuli, þegar um þann skóla er að ræða. — Hann er ekki landskóli, en lifir þó ekki af neinu öðru en landssjóðsfé. Eg segi engu öðru, af því að eins og háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) gat um, þá er eign skólans — eða ávöxtur af henni — einar 200 kr., og hús skólans lítilfjörlegt og þar að auki að miklu í skuld. Það hefir verið sagt, að skólanum yrði ekki haldið áfram með þeim styrk, er stjórnarfrumv. ætlar honum, það sé ómögulegt. Það er nú reyndar erfitt að vita hið rétta í þessu efni. Það ætti beint að taka frá rótum, skipun og allan hag Flensborgarskólans, athuga, hvort hann eigi að vera reglulegur gagnfræðaskóli, sem hann er í rauninni alt af að sperrast við að vera, en þá væri hann 3. gagnfræðaskóli landsins; það gæti komið til tals, að gera skólann að lýðháskóla, en ekki get eg verið samdóma hv. þm. G.-K. (B. Kr.) um, að gera eigi skólann að eins að unglingaskóla. En eitt virðist mér auðsætt, að ekki sé forsvaranlegt, að halda sífelt áfram að veita meira og meira fé til þessa skóla, nema skólinn komist þá undir yfirstjórn landsstjórnarinnar. Því er það skoðun mín, að áður en veittar séu 7000 kr. til skólans, verður hann að vera undir umsjón og eftirliti landsstjórnarinnar og búið er að ákveða til fullnustu hlutverk hans. Nú er skólinn fyrir utan fræðslu áætlun þá, sem vér annars byggjum á. Það er satt, að skólinn var stofnaður í fyrstu af gerðarlegum og góðum hug, en eftir þeim miklu kröfum, sem nú eru gerðar af skólans hálfu, þá nær gjöfin skamt. Skólinn hefir gert gagn; það er satt, — en nú er svo komið, að kröfur hans til landssjóðs eru þannig, að verði þeim sint, þá hlýtur skólinn, að verða landsskóli.

Háttv. framsm. (Sk. Th.) gat þess, að til skams tíma hefði enginn styrkur verið veittur af landssjóði til barnaskóla í kaupstöðum, og að háttv. fjárlaganefnd því hafi þótt vel mega færa niður styrkinn frá því er í stjórnarfrumv. stendur; það er rétt, það er nýr siður að veita barnaskólum í kaupstöðum styrk. En af hverju gerði þingið þetta? Af því, að þingið sjálft hafði lagt skólaskyldu á kaupstaðina, og af því leiddi,

að þinginu varð skylt, að leggja nokkuð af mörkum til barnaskóla í kaupstöðum.

Það var víst árið 1907 eða öllu heldur 1908, að skólaskyldan komst á, og styrkurinn því nýr, en minni má hann ekki vera.

Svo vil eg stuttlega minnast á br.till. háttv. þgm. Dal. (B. J.). Hann vill færa til styrk Jóns sagnfræðings þannig, að honum sé bætt við laun hans. En þetta tel eg mjög óhyggilegt, með því að eg lít svo á, að laun 1. aðstoðarbókavarðar séu eftir atvikum sómasamleg og ekki sé ástæða til að hækka þau. Vinnutími hans er ekki ýkjalangur, en efni vor ekki svo, að vér höfum ráð á að launa nema sómasamlega.

En hitt er rétt að Jón sagnfræðingur fái persónulegan styrk til að halda áfram sögurannsóknum sínum, söguritun, sem þjóðinni er kær. En hækkun á launum aðstoðarmannsins yrði til þess, að launahækkunin fylgdi að sjálfsögðu starfanum jafnan framvegis.

Nú er einmitt ástæða til að fara varlega, þegar verið er að ræða um að hækka eða bæta við laun, nema um hinar sanngjörnustu kröfur sé að tala. Auðvitað verður að gera úrlausn, þar sem ekki verður hjá því komist, en alt í hófi.

Hins vegar get eg ómögulega séð, að nein sanngirni eða neitt vit sé í því, að taka nú styrkinn af Boga Melsted, þar sem hann er nú byrjaður að rita og gefa út, svo að almenningi megi að gagni koma, það sem hann hefir verið að safna til í mörg ár.

Háttv. framsm. (Sk. Th.) sagði eitthvað í þá átt, að styrkurinn til þessa manns hefði verið veittur á fjárlögunum til þess að styrkja samflokksmann þeirra, er ráðið höfðu áður lögum og lofum á þinginu. Eg man nú ekki glögt, hvenær heimastjórnarflokkurinn hófst, hygg að það hafi verið 1901, en það var rétt um 1890, að farið var að veita cand. mag. Boga Th. Melsted styrk á fjárlögunum til að rita Íslandssögu. Því getur ástæðan til fjárveitingar þessarar áður fyrri heldur ekki hafa verið sú, sem háttv. framsm. (Sk. Th.) gaf í skyn. Styrkurinn hefir ekki verið veittur þessum heiðursmanni vegna flokksfylgis, en sannleikurinn er sá, að nú á að svifta hann styrknum, af því að hann er í pólitík mótstöðumaður þess flokks, er nú ræður í þinginu, og þyrnir í augum flokksins.

En þegar til þess kemur að athuga, hvort Bogi Th. Melsted eigi skilinn styrk af landssjóði, þótt það atriði hafi auðvitað enga þýðing, eins og nú á stendur, — þá verð eg að segja, að eg veit fáa, sem fremur eigi styrk skilið til starfa sinna. Þessi maður er vakinn og sofinn í því að starfa að því, sem hann álítur að alþjóð megi að sem mestu gagni verða, hann er ósérhlífinn og ósérplæginn, og hefir sýnt þetta á margan hátt. Og verk það er maðurinn er að vinna, aðal-lífsstarf þessa manns, er eftir dómi manna, er vit hafa á, mjög mikils virði. Það er því óskynsamlegt að reyna nú, með því að kippa styrknum burtu, að eyðileggja verk þetta, sem þegar er byrjað, miklu hefir verið til kostað, og annars mætti að miklu gagni koma.

Ekki finst mér það heldur rétt hjá háttv. fjárlaganefnd að færa niður styrkinn til Sigfúsar Blöndals; eg hefi séð verk hans, það er þegar unnið og er það mikið. Við bókasafnið hefir hann ekki svo mikil laun, að hann geti unnið að orðabókinni án styrks — og 600 kr. á ári eru í rauninni það minsta, sem hægt er að bjóða fyrir slíkt starf. Og

styrk annarsstaðar ættum vér ekki að biðja eða þurfa að treysta á.

Þegar þessi styrkur er borinn saman við þann styrk, er Jóni Ófeigssyni er ætlaður, þá eru 600 kr. sannarlega ekki of mikið. Ekki svo að skilja, að eg vilji mæla á móti 1000 kr. styrkveitingunni til Jóns Ófeigssonar; þvert á móti álít eg að það fé eigi að veita. Það er full þörf á því að fá þýzk-íslenzka orðabók, og eg veit það, að Jóni Ófeigssyni er vel treystandi til að leysa starfið vel af hendi.

Ef það er rétt hjá háttv. framsm. (Sk. Th.) að á sama stæði, hvort Jón Ólafsson fengi 1500 kr. eða 720 kr., þá er líka óþarft að vera að færa styrkinn niður, það hefði þá mátt standa við það, sem stjórnarfrumv. ákvað.

Ef menn í annan stað vilja veita Einari Jónssyni 1500 kr. á ári — fyrir gott boð — finst mér það vera alveg sama og að setja hann á landssjóðslaun. Eg felli mig ekki við það; mætti líka veita honum öðruvísi viðurkenningu fyrir sitt góða boð — sem eg annars skil ekki, að geti orðið þegið.

Það má vel vera að E. J. sé hæfileikamaður, en að fara að gera hann að embættismanni landsins fyrir það, það finst mér ekki rétt. Hitt væri réttara, að gefa honum kost á að búa eitthvað til fyrir Ísland, er hann auðvitað fengi endurgoldið, en ekki veita honum föst laun.

Mér sýnist annars, að þingið sé nokkuð örlátt við skáldin, þau eru nú mörg á fjárlögunum. Eg skal þó ekki frekara fara út í það, en vil að eins geta þess, að réttara fyndist mér, að veita Einari Hjörleifssyni heldur 1500 kr., en 1200 kr. 1200 kr. styrkur er annaðhvort of hár eða of lágur. Af 1500 kr. gæti hann lifað, en hinu naumast. Fyrir ritstjórn Skírnis mun hann hafa 600 kr. á ári; en gæti hann fengið svo mikla viðbót við önnur ritstörf sín nú gæti hann af því lifað.

Aftur get eg eigi séð neina ástæðu til að færa styrkinn til Þorsteins Erlingssonar úr 800 kr. upp í 1200 kr., Þegar verið er að bera saman þá Einar Hjörleifsson og Guðmund Magnússon annarsvegar og Þorstein Erlingsson hinsvegar, þá er hér óliku saman að jafna; eg tala hér ekki um hæfileika. Tveir hinir fyrnefndu eru sífelt að starfa að bókmentum, eru að rita, og frá þeim eru alt af að koma ný skáldrit, en eg hefi satt að segja ekki orðið þess var, að Þorsteinn Erlingsson hafi á síðari árum auðgað bókmentir vorar að mun með nýjum skáldverkum. Þegar á að fara að hækka styrk hans, þá er í rauninni verið að hækka eftirlaun hans, því að það verður ekki betur séð, en að hann hafi að mestu hætt starfi sínu — sem skáld.

Jón Jónsson (1. þm. N.-Múl.:) Það er breyt.till. á þgskj. 283, sem eg vil, leyfa mér að fara hér nokkrum orðum um.

Þessi breyt.till. kann nú að þykja óþörf, af því að í fræðslulögunum er ætlast til, að farskólar verði komnir upp um landið alt árið 1909—'10, en till. stafar af því, að málið er nú á þingi, og fræðslumálanefnd hefir borið fram frumvarp um að fresta framkvæmd þessara laga, farskólaskyldunni þangað til 1912. Mér þætti hart, ef þingið tæki ekki til greina vilja þjóðarinnar, sem er einróma um það, að ákvæðin séu of hörð, um almenna farskóla-skyldu. Ef kenslan gerir sama gagn, þar sem farkennarar eru og við farskólana, þá mælir líka alt með breytingum.

Björn Sigfússon: Eg tek ekki til máls í því skyni, að létta á framsögumanni, heldur til þess, að gefa skýrslu, sem eg hygg ekki óþarfa.

Býst líka eins vel við, að ýmsir af háttv. þm. séu ekki kunnugir málavöxtum.

Fyrst ætla eg þó, að gera almenna athugasemd, áður en til skýrslunnar kemur.

Það kveður oftast við, að fjárlaganefndin skamti naumt. Það er nú reyndar ekki undarlegt, þótt mönnum finnist það, því að fjárlaganefndin er líkt sett og sú húsmóðir, sem mörgu heimilisfólki hefir að skamta — og gestum að auki, en föngin þó lítil fyrir hendi. Munnarnir eru margir, og ekki unt að fullnægja öllum. Þess vegna hefir bæði þessi fjárlaganefnd og allar aðrar orðið að spara, svo að bæði heimilisfólkinu og gestunum hefir þótt nóg um.

Fjárlaganefndin hefir gert sér far um, að neita sem minst sanngjörnum bænum, en um hitt má deila, hvað nauðsynlegast sé og sanngjarnast.

Skýrslan, sem eg ætlaði að gefa er um kvennaskólann á Blönduósi. Það er búið að tala mikið um kvennaskólann í Reykjavík og hafa menn þar fyrir sér sundurliðað yfirlit aftan við fjárlagafrumv. stjórnarinnar. En um hinn skólann hefir ekki legið fyrir skýrsla fyr en nú nýlega, að hún kom með síðasta pósti að norðan. Eg býst við, að þingmenn hafi ekki getað kynt sér hana enn til hlítar, og því ástæða fyrir mig, að fara um þetta nokkrum orðum.

Háttv. vinur minn, 1, þm. Rvík. (J. Þ.), mælti til min þeim sæmdarorðum, að eg væri kvennavinur; það var að vísu hið mesta hól, en eg vona þó, að eg eigi þetta heiti skilið.

Mér virðist, að þegar um jafnrétti karla og kvenna er að ræða, þá sé það meira í orði en á borði, sem að kvenfólkinu er ætlað. Nú munu þeir færri, er mótmæla því, að konur eigi jafnan rétt (á við karlmenn) til kosninga, og eigi yfir höfuð eitt yfir þær að ganga og karlmenn, að því er réttindi snertir,

Mér virðist, að það sé orðin tízka fjöldans, að viðurkenna þetta, en hver verður svo raunin á, þegar til framkvæmdanna kemur?

Mentastofnanir fyrir kvenfólk eru fáar, og afar-mikill munur hefir verið á því, sem lagt hefir verið til sérskóla karla og kvenna.

Styrkurinn til kvennaskólanna er ekki meiri en 100 kr. á móti 1000 kr., er til hinna eru veittar.

Þegar menn eru nú komnir svo langt, að viðurkenna í orði jafnrétti karla og kvenna, þá er líka kominn tíminn til, að menn viðurkenni það í verkinu, og veiti þeim mentastofnunum, er konum eru ætlaðar, jafn ríflegan styrk og öðrum.

Skýrslan, sem eg vildi gefa er fólgin í áætlun stjórnarnefndar kvennaskólans á Blönduósi.

Skal eg með leyfi hæstv. forseta, lesa upp kafla úr henni — þó ekki nákvæmlega sundurliðaða, heldur aðalatriðin:

a)	Laun 5 kenslukvenna, þar á meðal forstöðukonunnar, og fæði	kr.	2300, »
b)	Til vinnumanna og vinnukvenna, með fæði	—	810, »
c)	Afborgun og vextir af lánum	—	886,50
d)	Eldsneyti	—	1200, »
e)	Ljósmeti	—	300, »
f)	Brunabótagjald . .	—	262,50
g)	Lóðargjald . . .	—	25, »
h)	Viðhaldskostnaður .	—	500, »
i)	Til bókakaupa, blaðakaupa og óvissra útgjalda	—	300, »
	Samtals	kr.	6584, »

Í sambandi við þessa skýrslu kemst forstöðunefnd kvennaskólans á Blönduós svo að orði í skjali, sem hún sendi okkur þm. Húnavatnssýslu:

»Eins og skýrslan um óhjákvæmileg gjöld skólans á yfirstandandi ári sýnir, þá er það öldungis óefanlegt, að hjá engum þar greindum útgjöldum verður komist, eða úr þeim dregið á nokkurn hátt, en hins vegar þyrftu þau, ef vel væri, meiri að vera, því ýmislegt þyrfti til skólans að kaupa, sem of langt yrði hér upp að telja.

Viðvíkjandi skólanum sjálfum eða aðsókn að honum, skal það fram takast, að hann hefir verið svo ákaft sóttur á seinustu árum, að hann hefir verið alveg full-skipaður, svo að þar hefir ekki verið hægt að taka á móti fleirum, og stundum hefir beinlínis orðið að neita viðtöku. — Bendir þetta ljóslega á það, hve miklum vinsældum skólinn á að fagna, og þegar litið er á meðfylgjandi skýrslu um nemendur skólans úr ýmsum sýslum landsins síðastliðin 7 ár, þá sést það, að skólinn hefir verið sóttur af nemendum úr 16 sýslum landsins.

Í þessu er beinlínis sönnun fólgin, sem hver og einn getur þreifað á, að skólinn er stofnun, sem all-mikla þýðingu hefir fyrir þjóðfélagið, svo framarlega, sem það verður ekki í efa dregið, að það, að auka kvenmentunina, er þýðingarmikið framfaraskilyrði fyrir þjóðina í heild sinni«.

Þeir sem þetta segja eru þjóðkunnir merkismenn, sem taka alls ekki of djúpt í árinni eða fara með rangt mál. Þvert á móti fara þeir of stutt, þar sem þeir ætla ekkert til áhaldakaupa til skólans, eins og gert er við alla aðra skóla, og ekkert heldur til þess, að gera við grunnmúr skólans, sem mér er kunnugt, að bilað hefir og óhjákvæmilegt er, að gera við nú þegar. Ennfremur vil eg benda á það, að nauðsyn væri til, að setja vatnsleiðslu í skólann, sem gera mætti nú með tiltölulega litlum kostnaði, vegna þess, að búið er að reisa sláturhús með vatnsleiðslu ekki all-langt frá skólanum, sem setja mætti skólavatnsleiðsluna í samband við. Þetta, sem eg nú hef nefnt mundi kosta að minsta kosti 600 kr.

Þar sem drepið er á, að neita verði um inntöku í skólann vegna rúmleysis, þá er það rétt. Nú á síðari árum, þá hefir stundum orðið að neita 10—20 stúlkum árlega um inntöku. Þess vegna væri full ástæða til, að auka við bygginguna, en fram á það er þó ekki farið.

Það eru vist ekki deildar meiningar um það, að skólinn hafi gert gagn, og að það gagn sé alment, sést af skýrslunum, og þótt farið sé lengra aftur í tímann, en gert er í þessari skýrslu, þá kemur það sama fram, að aðsóknin hefir verið almenn af landinu, t. d. vil eg benda á, að hann hefir, eins og skýrslan ber með sér, verið sóttur mjög mikið úr Múlasýslum, Þingeyjar-, Dala-, Ísafjarðar-, Mýra- og Strandasýslum, alt af stöðugt margar námsmeyjar úr öllum þessum sýslum auk nærsýslnanna.

Þetta er aðallega það, sem eg vildi vekja athygli þeirra manna á, sem ekki hafa haft færi á að kynna sér málið.

Þá vil eg leyfa mér að víkja að því, sem háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) sagði. Hann furðaði sig á því, að eg skyldi geta léð nafn mitt til að skrifa undir niðurfærslu á styrknum til kvennaskólans í Rvk. Með því meinar hann það, að eg hef skrifað undir fjárlaganefndarálitið. Hann þekkir það að sjálfsögðu, að það fæst ekki æfinlega, er menn óska sér helzt, en þá verða

menn að sætta sig við, að taka það næst bezta. Min skoðun er, að hvorugur skólinn hafi beðið um meira en þeir þurftu, og því réttast að veita þeim það fé, sem þeir fara fram á, en fjárhagurinn er því á þann veg, að fjárlaganefndin varð að draga úr því sem farið var fram á í fjárbeiðnunum, og því taldi fjárlaganefndin sér ekki fært að verða að fullu við fjárbænum skólanna.

Eg verð að halda fast við það, að ekki sé ástæða til að gera upp á milli skólanna, og eg verð að álíta þá jafn réttháa, hvað fjárframlög snertir. Það eru heldur ekki eftir svo margir skólar út um landið, að nokkur ástæða sé til þess að hafa þá fyrir olbogabörn.

Í þessu sambandi vil eg leyfa mér að taka það fram, að Blönduósskólinn er mikið ódýrari fyrir nemendurna, en nokkur skóli í kaupstað getur verið. Hver námsmey hefir áður borgað fyrir sig 120 kr. í 7½ mánuð á Blönduósskóla, en nú hefir það síðustu árin verið fært upp í 135 kr. Það þarf ekki að bera þetta gjald saman við það, sem nemendur verða að greiða í kaupstöðunum, því þar verður það mikið hærra, varla undir 300 kr. fyrir jafnlangan tíma. Þessi skóli hjálpar því mörgum fátækum stúlkum til að stunda nám, sem engin efni hafa til að kosta sig á dýra skóla í kaupstöðum.

Þá má og líta á það, að það er mikilsvert, að reynt sé að stýfla fólksstrauminn úr sveitunum í kaupstaðina, og enginn vafi er á, að það verði gert að nokkru með því, að halda við í sveitunum bændaskólunum og kvennaskólunum; þeir draga áreiðanlega ofurlítið úr þeim straum.

Háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) gerði mikið úr aldri kvennaskólans í Rvk., en þótt eg á engann hátt vilji hnekkja honum, þá vil eg þó leyfa mér að benda þm. á það, sem þeir máske vita ekki, að kvennaskólinn á Blönduósi er næstum jafn gamall. Hann er stofnaður 1875, en tók fyrst fullkomlega til starfa 1879. Kvennaskólinn í Rvk. mun hafa byrjað um 1870, svo þeir eru nærri jafnaldrar.

Eg get ekki betur séð, en það komi fram dálítil ósamkvæmni hjá háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.), þar sem hann vill gera kvennaskólann hér að aðalskóla, af því hann sé í Reykjavík, en í sömu ræðu var hann að mæla móti því, að kennaraskólanum hafi verið dembt í Rvk., vegna þess að ekki sé rétt að flytja alla skóla í kaupstaðina.

Hvers vegna er þá rétt að gera kvennaskólann í Rvk. réttbærri en annan samskonar skóla í sveit? Blönduósskólinn er að vísu nærri kauptúni, en Blanda skilur þó á milli, og engin líkindi til að hann lendi í kaupstaðarþyrping langa lengi.

Eg lít svo á, að ekki megi heldur ganga fram hjá því, að Húnavatnssýsla hefir sýnt mikinn dugnað og lagt mikið á sig, til stofnunar og viðhalds skólanum. Hún hefir árlega veitt til hans allmikið fé og nú síðast 600 kr. úr sýslusjóði, þrátt fyrir það þótt sýslan hafi mörg önnur stór útgjöld. Auk þess hafa sýslubúar stutt skólann á margan hátt, bæði með samskotum, hlutaveltum o. fl. Þannig hefir skólinn smátt og smátt getað eignast rúmföt, hljóðfæri og ýmislegt annað, sem hann þarfnaðist. Gjöldin, sem sýslubúar hafa greitt til skólans eru því mikil, og þó hafa þeir als ekki talið þau eftir.

Þegar litið er á þetta og um leið hið almenna gagn, sem skólinn gerir, þá get eg ekki betur séð, en að hann hafi alveg eins mikinn rétt til fjár-

styrks úr landssjóði og skólinn í Rvk. eða hver annar skóli.

Eg ætla ekki að tala fleira um þetta mál og finn ekki ástæðu til að fara út í mörg önnur einstök atriði, en úr því eg er staðinn upp, vildi eg nota tækifærið til að víkja fáeinum orðum að ræðu hæstv. ráðh. og háttv. þm. Vestm. (J. M.). Eg get ekki verið þeim samdóma um styrkinn til barnaskólanna í kaupstöðum. Fjárveiting þessi stóð í fyrsta sinn á fjárlögum síðasta þings, en áður var að eins veittur styrkur til barnaskóla utan kaupstaða. Hæstv. ráðh. mælti á seinasta þingi móti þessari fjárveiting og sagði, að það væri ný stefna. Þetta er að mínu áliti alveg rétt, og þess vegna álít eg einnig að það eigi að lækka fjárupphæðina, sem farið er fram á í stjórnarfrumv., það er ólíkt hægra fyrir aðstandendur og foreldra barna í kaupstöðum, að afla börnum sínum mentunar heldur en í sveit. Kaupstaðarbúar þurfa ekki að kosta börn sín sérstaklega, en geta haft þau heima eftir sem áður, þótt þeir láti börn sín ganga á skólann, en í sveitunum verður allur fjöldi foreldra að koma börnum sínum í burtu og kaupa fæði og þjónustu handa þeim. Ennfremur verða skólabyggingarnar dýrari í sveitunum vegna aðflutnings á efni og líka þess, að húsin verða að vera smærri og fleiri, með því að ekki er hægt að safna mörgum börnum saman á einn stað.

Þótt fræðslulögin auki kostnað við barnafræðsluna í kaupstöðum mega menn ekki gleyma því, að þetta sama gildir fyrir sveitirnar, og þær standa miklu ver að vígi; kostnaðaraukinn verður þar tiltölulega þungbærari.

Björn Kristjánsson: Eg vildi leyfa mér að fara fáeinum orðum um Flensborgarskólann og nafnið á umsjónarmanni fræðslumálanna.

Það vill nú svo vel til að hæstv. ráðh. og þm. Vestm. (J. M.) hafa talað móti Flensborgarskólanum, og eins og venja er til alveg í sama anda, og þarf eg því ekki að svara nema öðrum þeirra og vil eg sérstaklega beina orðum mínum til háttv. þm. Vestm. (J. M.).

Það er rétt, sem þm. sagði, að það er stefnumunur milli okkar um það, hvernig líta eigi á umsjónarmann fræðslumálanna. Eg verð að líta svo á, að hann eigi að vera ráðunautur stjórnarinnar og almennings í fræðslumálunum, en háttv. þm. Vestm. (J. M.) álítur að hann eigi að vera sem mest leystur frá því að vera ráðunautur. Í þessu er stefnumunur okkar fólginn. Það er eins ástatt með fræðslumálastjórn og t. d. verkfræðingana, að þeir eiga að vera stjórninni til aðstoðar og gefa henni ráð og leiðbeiningar, og geta því verið lausir við bréfaskriftir og skrifstofustörf, það er hlutverk stjórnarinnar að annast það. Mér finnst því eiga mjög vel við, að hann í fjárlagafrumv. sé kallaður fræðslumálaráðunautur og áleit að það sé rétt nafn.

Hæstv. ráðh. tók það fram að Flensborgarskólinn væri privatskóli. Eg veit ekki, hvað hann skilur við privatskóla. En eg lít svo á, að privatskóli sé aðeins sá skóli, sem stofnaður er og rekinn eftir höfði einstaks manns og á hans eigin ábyrgð. Með þennan skóla stendur öðruvísi á. Skólinn er að vísu stofnaður af einstökum manni, sem gaf til hans stórfé, en setur það jafnframt í gjafabréfið, að landshöfðinginn — nú landsstjórnin — skuli hafa yfirumsjón hans og eftirlit, felur henni hann með öðr-

um orðum. Hann er því í rauninni opinber skóli með þeirri breyting einni, að það er skólanefnd í Hafnarfirði, sem stýrir honum undir umsjón stjórnarinnar. Nú er að gæta að því, hvernig þetta fyrirkomulag hefur hepnast. Kostnaður við þennan skóla er nálægt $^1/_2$ af því, sem samskonar landsjóðsskóli hefir kostað. Nemendur jafn margir og jafn færir, með öðrum orðum skólinn eins vel sóttur. Sá er ennfremur munur á þessum skólum, að hæstu laun kennara í Flensborg eru 1700 kr. en hæstu laun á samskonar landsjóðsskóla 3000 kr., og auk þess hefir landsjóður litlu kostað til byggingar í Flensborg, en að öllu leyti kostað byggingu landsjóðsskólans. Eg get ekki betur séð en að þetta sýni, að fyrirkomulagið sé hið æskilegasta fyrir landið.

Nú er beðið nákvæmlega um þá upphæð, sem skólinn þarf til reksturs og tæplega þó.

Háttv. þm. Vestm. (J. M.) sagði, að það mundi fljótlega hækka, en eg býst ekki við, að sú tilgáta hans rætist, því húsrúmið leyfir ekki að fleirum nemendum sé veitt móttaka en nú eru þar. Sami háttv. þm. sagði einnig, að skólinn væri nú lítils virði. Hvað meinar hann með því? Hús eða kennslu? Húsið er nýtt og núverandi skólastjóri hefir kennt þar lengi, og alt af haft almennings orð fyrir að vera ágætis kennari. Þetta er því ekki rétt, sem þm. segir. Hann leggur áherzlu á það, að koma skólanum undir stjórn landsstjórnarinnar, þrátt fyrir það, þótt eg hafi sýnt fram á, að hann hefir þó orðið mjög mikið ódýrari en Möðruvallaskólinn, sem alt af hefir staðið undir stjórn landsstjórnarinnar.

Sami háttv. þm. sagði, að réttara væri að hækka styrk E. Hjörleifssonar ekki upp í 1200 kr., heldur upp í 1500 kr. svo hann gæti þá starfað sem skáld, fyrir lægra styrk væri það ókleyft fyrir hann. Eg er alveg á sama máli, en hann fann ekki ástæðu til að hækka styrk Þ. Erlingssonar, með því hann hefði ekkert ort síðustu árin. Þetta virðist benda á nokkuð mikið ósamræmi í þankagangi háttv. þm. Ef ekki er hægt að ætlast til að E. H. eða hver annar geti gefið sig verulega við skáldskap með minni styrk en 1500 kr., þá hlýtur það að gilda eins um Þ. E. Og ekki er þó léttara að yrkja í bundnu en óbundnu máli, allra sízt þegar ort er með jafnmikilli vandvirkni og Þ. E. gerir. Hann hefir nú orðið að vinna frá morgni til kvelds fyrir daglegu brauði, en það er ekki alt af hægt að fara beina leið frá daglegu sljóvgandi kennarastarfi og setja sig niður við skáldskap. Þeir, sem eitthvað til skáldskapar þekkja, vita að ekki er hægt að yrkja vel, eins og Þ. E. gerir, nema tækifærið sé notað, þegar það býðst til að yrkja. Og vanheilsa getur oft valdið því, að menn geti ekki bæði ort og unnið eins og þræll að öðrum störfum.

Eg stend hér á brt., sem fer fram á að styrkur sé veittur til Ísólfs Pálssonar á Stokkseyri. Það er maður, sem eg álít styrks maklegan, þegar sú stefna er tekin að styrkja einstakan mann í hverri grein. Af því vér höfum fáa menn, sem hafa hæfileika í þessa átt — uppgötvunaráttina — þá er ilt ef þeir fá ekki notið sín vegna fjárskorts og þekkingarleysis. Maður þessi hefir starfað að því að uppgötva, og fundið upp ýmislegt, sem er markvert. Eg vil leyfa mér að benda á fátt eitt. — Ein uppgötvun hans er fólgin í því, að sé rafleiðsla í húsi, þá er hægt að láta

bjöllu segja til í svefnherberginu eða hvar sem vill í húsinu, ef hitastig breytist. Þetta hefir mikla þýðingu, t. d. ef kviknar í húsinu, þá hringir bjallan og vekur fólkið, eg hef séð hana verka í hita frá 18—40° R. og tókst ágætlega.

Önnur uppfundning hans er í því fólgin, að hægt er að láta orgel eða pianó rita alt upp, sem spilað er á hljóðfærið, og það nákvæmlega, með lengd nótna og taktstrikum. Þetta er uppgötvun, sem ekki er þekt í heiminum, að því er eg veit bezt, en hefir þó mjög mikla þýðingu, t. d. fyrir kompónista. Ennfremur hefir hann fundið upp taktkvísl, sem er mjög handhæg.

Nú nýlega hefir hann fundið upp áhald, til þess að ef hestar fælast fyrir vagni, að þá megi losa þá strax frá vagninum.

Maðurinn er stórgáfaður í þessa átt en bláfátækur barnamaður, sem getur ekki gert sér peninga úr uppfundningum sínum hér heima.

Hann fer því fram á að fá styrk til utanferðar, og það sýnist sannarlega ekki nema sanngjarnt, þótt hann fengi hann, þegar hæfileikarnir eru svona góðir.

Bjarni Jónsson: Það skal vera fjarri mér að ámæla stjórninni, þótt hún veiti ríflegan skerf til samgöngumála. En hitt dylst mér ekki, að alt of lítið er lagt til kenslumála, vísinda og lista, því það er nærri helmingi minni upphæð. Það er undarleg stefna í svo fámennu landi eins og þetta land er, hversu lítið er lagt til vísinda og lista, og get eg þá ekki stilt mig um að nefna um leið, að listir eru ekki nefndar á nafn í fjárlagafrumv. stjórnarinnar, og ekki veittur einn eyrir til þeirra. Þetta þykir mér undarlegt, því það ætti öllum að vera ljóst, að þær þurfa því fremur styrks, sem færra er fólk í landinu. Hitt er og víst, að hér er að morgna í þessum skilningi, hér er fyrsta dagsbrúnin, og við eigum nú nokkra unga, efnilega listamenn. En þeir eiga erfitt uppdráttar. Því undarlegra er það, að stjórnin skuli ekki hafa nefnt svo sem einn af þeim mörgu listamönnum, sem þó allir þurfa styrks við. Eg ætla nú ekki að tala meira um þetta, hversu lítið er veitt til þessara hluta. Hitt er verra, hversu óviturlega þessu litla er varið, þar sem mestur hlutinn fer til þess að launa embættismönnum. Veldur þessu fyrirkomulag það, sem nú er í stjórn þessa lands. Það er þá fyrst að alt of stór fúlga fer til þess að stjórna svo fámennu landi, t. d. fer allmikil upphæð til klerka, sem er engin þörf á, því þau gjöld eiga ekki að hvíla á landssjóði, heldur á þeim, sem vilja nota prestana. Sama má segja um sýslumenn, að þeir eru of margir.

Af þessum annmörkum, sem eg nú hefi bent á, er það erfitt að komast að réttri niðurstöðu, og verður meira og minna kák það sem gert er, af því svo illa er í garðinn búið, að það þarf ekki eitt heldur mörg þing til að koma því í lag.

Þá ætla eg að víkja í fáum orðum að breytingartill. þeim, er eg hefi komið með við frv. stjórnarinnar, og er þá fyrst 14. gr. a. b. 2., sem eg hefi lagt til að falli burtu, því eg tel það óþarfa fjárveiting og því fé betur varið til annars. Aftur á móti er hér tillaga um að styrkur til nokkurra brauða í fyrverandi Hólastifti falli burtu, þá till. tek eg aftur.

Þá er viðvíkjandi skólunum, sem eg þarf að athuga dálítið. Mér féll vel það, sem háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) sagði, að það væri ilt fyrirkomulag á skólum vorum yfirleitt. Því þarf að kippa í lag og endurskoða alt þeim

vtðvíkjandi, en það er ekki gert með því að styrkja þá skóla, sem eiga að deyja. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) kvaðst eigi skilja í því, að þeir menn væri andvígir kvennaskólanum, sem vildi láta konur fá fult jafnrétti. Hér um er það að segja, að konur eiga að njóta jafns réttar sem karlar við alla skóla, og eiga auðvitað að njóta styrks jafnt sem karlar. Kvennaskólum þarf að breyta og ekki að kenna þar annað en það, sem konur einar þurfa að læra. En á meðan þetta fyrirkomulag er, skal eg ekki mæla með styrk til þeirra. Sprettur það ekki af illvilja eða óþokka til kvenna, heldur af því að það verður til að halda áfram illu fyrirkomulagi.

Þá er Flensborgarskólinn. Um hann er það að segja, að eg sé ekki ástæðu til að styrkja 2 gagnfræðaskóla hvorn við hliðina á öðrum (ekki nema kl.-tíma ferð milli skólanna). Þá vil eg nefna Hvítárbakkaskólann sem eg ekki vil styrkja, því eg álít það sé út í loftið gert að styrkja svona lagaða skóla rétt undir handarjaðrinum á helztu skólum landsins. Auk þess bætist það við um þennan skóla, að eftir skýrslum hans að dæma, þá eru kennarakraftar, bækur og kenslu-áhöld þannig lagað, að landið ætti ekki að styrkja þá stofnun.

Þá hefi eg hér 1 eða 2 breyt.till. við hinn almenna mentaskóla, og vil eg drepa á þær nokkrum orðum. Það hefði ekki verið til neins, þótt eg hefði komið með till. um að breyta nafninu á skólanum, býst ekki við að það sé nægilegt þó eg vilji það, enda þótt nafn þetta sé til skapraunar hverjum manni, er þar hefir verið. En það er till. mín, að í staðinn fyrir 1100 kr. til dyravarðar og 200 kr. til umsjónar með áhöldum skólans, komi: til dyravarðar og annarar umsjónar 1000 kr., við það sparast 300 kr. án þess að gera nokkrum mein. En svo hefi eg lagt það til, að því sem sparaðist við þetta, yrði bætt við fastan aukakennara skólans. Undarlegt að kalla hann fastan aukakennara, en gera hann eigi að embættismanni, sem hefur þó sömu skyldum að gegna, sem hinir föstu kennarar, og að láta hann vinna fyrir 1600 kr., þegar alt er orðið dýrara en áður var, þegar embætti þetta var stofnað, og það er augljóst, að enginn sem hefir nokkrar þarfir getur lifað af því, Það lítur helzt út fyrir, að stjórn og þing vilji láta þreyta kennarana meðan þeir eru ungir og hafa einhverjar hugsjónir, en hækka svo laun þeirra, er þeir eldast og verða ónýtir og þreyttir. Eg hefi nú samt sem áður ekki lagt til að hækka laun aukakennara nema upp í 1800 kr. svo að á þessum lið sparast þá 100 kr.

Þá hefi eg lagt til að B. VIII, b. 4. falli burt, það getur ekki annað orðið en kák, þótt piltar gangi á námsskeið, sem mætti eins vel kalla skeiðnám, því að þeir mundu helzt læra það að skeiða um göturnar hér, og þá held eg að engum ætti að vera samvizkuspursmál að leggja þann styrk niður, því hann getur orðið til ills, og að minsta kosti tefur hann menn frá öðrum nauðsynlegum verkum. Svo hefi eg lagt til, að unglingaskóla á Húsavík, er hefir verið haldinn þar í nokkra vetur, verði veittar 700 kr. Skólastjórinn er Benedikt Bjarnarson, ungur maður og gáfaður, fullur áhuga og listavin mikill, enda mjög hagur á íslenzkt mal. Veit eg það, að honum er trúandi til að gera þeim ungu mönnum, er hann hefir undir hendi, hið mesta gagn. Sannanir hefi eg ekki aðrar en þessar, sem eg nú hefi sagt,

en get þó til frekari áréttingar vísað til skólabræðra hans, ef menn ekki trúa því sem eg segi, en vona þó að menn búist ekki við, að eg sé að lofa menn út í loftið. Þá var ekki meira um 14. gr. og kem eg þá að þeirri 15. og ætla eg einnig þar að gera nokkrar almennar aths.

Það er ilt til þess að vita, hversu undanfarin þing hafa sparað fjárveitingu til einstakra manna til þess að fullkomna sig eða nema listir. Vona eg að þetta þing geri það ekki. Vil eg biðja menn að athuga það vel, að í hvert sinn, sem neitað er um beiðni þeirra, sem lagt hafa stund á listir eða vísindi, eða ætla sér að gera það, þá getur það verið að menn með atkv. sínu drepi vísinn til margra ágætismanna, og á því geta þeir ekki borið ábyrgðina. Því að þótt ekki hepnaðist nema einn af tíu, þá borgaði hann styrkinn, sem þeir allir hafa fengið. En slíkum vanhöldum þarf ekki að gera ráð fyrir. Segjum að helmingurinn lánist og þá er það stórgróði fyrir landið. Það er því meiri ástæða fyrir alþingi að veita fé til þessa, þar sem ekki er til einn einasti sjóður í landinu, sem menn geta hlaupið til. Carlsbergsjóðurinn í Danmörku hefir styrkt fleiri Íslendinga en landið sjálft, og þótt slíkt sé gott fyrir þá menn, sem hafa notið þess, þá er það skapraun og smán fyrir okkar þjóð. Að eg ekki minnist á þá skömm, sem það er, að nafnið bitlingur hefir festst við þessar fjárbænir. Það er á engan hátt bitlingur. Það nafn á ekki við um þá, sem vísindi stunda eða skáldskap, því fé er vel varið sem til þess fer. Fyrsta till. mín er sú, að laun fyrsta aðstoðarmanns við landsbókasafnið verði 2500 kr. í stað 1500 kr. Sé laun hans nú borin saman við laun aðalbókavarðar, sem eru 3000 kr., þá er það engan veginn of hátt, þótt aðalaðstoðarbókavörður fái 2500 kr., því vitanlegt er það að vinnan lendir meira á aðstoðarbókaverði. Sá maður, sem nú gegnir því starfi er dugnaðarmaður, og hefi eg ekki á móti því að honum sé veitt launaviðbótin persónulega. Aftur á móti legg eg til, að styrkur hans til sagnagerða og sagnarannsókna falli niður, því það fer ekki saman að setja laun hans sem bókavarðar svo lágt, en skuldbinda hann svo til þess að vinna að verki, sem er því óviðkomándi. Auk þess er ekki sérstök ástæða til þess að veita honum styrk til sagnaritunar, en sjálfsagt að borga honum það verk, sem hann vinnur vel.

Svo hefi eg lagt til um 13. lið, fjárveitinguna til Þorsteins Erlingssonar, að í stað 800 kr. komi 1500. Vitna eg til hv. þgm. Vestm. (J. M.) að miklu er réttara að veita 1500 kr. heldur en 800 kr. sultarstyrk, sem hvorki er unt að lifa né deyja fyrir sómasamlega. Með þeim styrk getur hann langt frá notið sín, því til að lifa þarf hann að auki að vinna sér inn að minsta kosti 1000 kr. við tímakenslu, sem er eins og annað andans starf mjög illa borgað, ver en líkamleg vinna, jafnvel ver en salernahreinsun. Öðru máli er að gegna, ef styrkveitingin er 1500 kr., þá getur hann nokkurn veginn marið fram lífið. Flestir embættismenn munu mér sammála um, að 2000 kr. séu engin höfðingjalaun. Biskupum og dómurum þætti það eigi. Þeir hafa fylgst að gegnum skóla og aðrar mentastofnanir, vanir þar hinu sama lífi, en nú skilur embættið á milli. Þessir menn, landsins mestu höfðingjar, fórnfæra sjálfum sér hugsjónum sínum, breyta göfuglegast, en lifa við sult og seyru. Þetta ætti að leggjast niður, að vandaminstu verkin væru bezt borguð. Annað var það í ræðu hv.

þgm. Vestm. (J. M.) viðvíkjandi Þorsteini Erlingssyni, er mér líkaði stórilla. Það var það að hann áleit Þorstein Erlingsson kominn á grafarbakkan og taldi þetta skáldalaun, en eigi styrk. Þetta er algerlega rangt. Mín till. byggist á því, að þetta sé styrkveiting til þess hann geti starfað, en ekki heiðurslaun fyrir aflokið starf. Eg hverf að því að sanna það að hv. þgm. Vestm. (J. M.) fari með rangt mál, og að þetta séu ekki eftirlaun. Eg veit hann hefir verk með höndum, sem hann vinnur kappsamlega að. — Hann hefir í smíðum sögukvæði mikið um Fjalla Eyvind. Það er miklu erfiðara verk, að rita jafnmargar arkir í bundnu en óbundnu máli og þar að auki er maðurinn afarvandvirkur. Einn þriðji hluti þessa mikla verks er búinn og eru fjórar arkir þegar búnar til prentunar. En þótt hann hafi unnið að þessu síðustu árin, er eins og áður er sagt, mikið ógert, og sést hér hve lamandi það er að styrkurinn er að eins 800 kr. er hann neyðist til að eyða miklu af tíma sínum til tímakenslu. Getur farið svo, að þessum 800 kr. sé kastað í sjóinn, en að 1500 kr. bæru mikinn ávöxt. Vottur vandvirkni hans er það, að hann lagði svo mikið að sér við rannsókn skjala um Fjalla Eyvind, að hann lagðist veikur. Það er auðvelt að segja, að þessi maður sé hættur að yrkja, þar eð ekkert hefir sézt eftir hann á prenti nýlega. En auk þess fyrnefnda hefir hann annað í smíðum, »Ragnheiði« eða »Eiðinn«, sem fullur helmingur er eftir af, búnar hér um bil 5 arkir. Það get eg fullvissað menn um, að er þessi tvö verk eru búin, munu þau meira en borga þennan styrk, þau munu tvöfalda hann eða margfalda; svo dýr munu þau vera í íslenzkum bókmentum. Þetta segi eg án allrar hlutdrægni. Veit að vísu, að varasamt getur verið að hæla óútkomnum bókum, en eg ætla að eiga það á hættu að þessu sinni. Enn fremur starfar hann að sögukvæði um Jón Arason, sem er langt komið. Er það í þrem köflum. Enn fremur 4 arkir í óprentuðum smærri kvæðum. Enn vill hann ef honum endist aldur til, kveða nokkuð langt heimsádeilukvæði í líkingu við Don Juan, en hann er ekki byrjaður á því enn; hefir þó þegar samið þráðinn í huga sér, og mun því eigi langt að bíða að kvæði þetta birtist, ekki sízt, ef hann þarf eigi að dauðþreyta sig á að troða málfræðisklausum í einhverja og einhverja fyrir 70 aura til 1 kr. um klukkutímann. Þetta, sem eg hefi verið að sýna fram á, ætti að vera mönnum fullvel ljóst; annaðhvort ber að veita styrkinn samkvæmt till. þgm. Vestm. (J. M.), svo gagn sé að, eða þá als ekki.

Eg hefi lagt til, að styrkur til síra V. Briem, að upphæð 800 kr. falli niður. Ástæðan er sú, að eg álít að ekki neitt af verkum þessa manns sé svo gott, að hann eigi það skilið, og þó er mér ljúfara að reisa og styðja en fella. Þetta virðist eiga að vera heiðurslaun fyrir hve góður rímari hann er, en það eru fleiri góðir rímarar til hér á landi, er aldrei hafa fenglð neitt. Veit eg ekki til að hann hafi leyst það verk af hendi, að hann eigi þetta skilið, þrátt fyrir gullkornin, eins og t. d.. »Það var hann Esaú Ísaksson. Hann allur var svo loðinn. En Jakob eins og var til von, hann var sem aðrir snoðinn«. Það skaðar ekki, að sá er áður var loðinn, verði nú snoðinn um lófana.

Eg hef enn lagt til að styrkur B. Melsteds falli niður. Eg vil ekki vera myrkur í máli. Eg álít að verkið sé ekki svo gott að beri að styrkja það.

Sagnaritun er vandaverk og ef verk hans væri vel af hendi leyst væri sjálfsagt að styrkja hann. Meðan hann hafði ekki gefið neitt út, hélt eg eins og margir aðrir, að verkið væri gott og vildi láta styrkja hann. En hann gaf að eins út útdrátt þess, sem aðrir hafa ritað áður, en illa framsett. Er nefndin leggur til að hann fái styrk fyrra árið, virðist nokkurskonar sáttagjöf.

Enn er einn liður, er eg álít að eigi að falla burtu, það er styrkurinn til Jóns Ólafssonar, til að semja íslenzka orðabók, 60 kr. fyrir hverja prentaða örk, alt að 1500 kr. Það er ekki eins manns verk að semja svona orðabók, og allir sjá, að ætti maðurinn að rubba upp 25 örkum á ári, hlyti að vera kastað til þess höndunum. Ef semja á þessa bók, þarf að minsta kosti tvo menn með 4000 kr., og hefi eg fyrir mitt leyti ekkert á móti því, að annar þeirra væri Jón Ólafsson. Það er ekki af hefndarhug, að eg álít að Jón Ólafsson, þó hann duglegur sé, gæti ekki samið þessa orðabók með 1500 kr. styrk á ári.

Um styrkveitinguna til Jóns Jónssonar hef eg áður talað, og vil eg láta hana falla niður. Hann hefir nóg að gera við safnið, og á að geta lifað af því, og þá ritað, ef hann finnur köllun hjá sér til þess. Sem fulltrúi þjóðarinnar vil eg ekki veita honum styrk til þess að skrifa á móti sjálfum sér á 5 ára fresti.

Þá kemur mál, sem mér er skylt; það er styrkveitingin til Helga grasafræðings Jónssonar, bróður míns, til jurtafræðisrannsókna, að upphæð 1200 kr., sem breyt.till. hefir komið fram um að hækka upp í 1500 kr. Það eitt vil eg segja um þennan mann, að hann hefir ekki lifað fyrir annað en grasafræði Íslands, síðan hann var í skóla og hefir viljað vinna ættjörð sinni gagn. Meira mun eg ekki um hann segja, en drengskap minn get eg lagt við, að hér er rétt frá manni sagt.

Þá kemur eitt skáldið enn þá Einar Hjörleifsson. Nefndin hefir lagt til að honum verði veittar 1200 kr. á ári. Þessi styrkur er einungis til að narra manninn, og legg eg það til að hann sé færður upp í 1500 kr., enda er ómögulegt, að véfenga þær ástæður, er færðar hafa verið, og get eg í þessu máli einnig vitnað til þm. Vestm. (J. M.), að ríflegan styrk beri að veita, ef hann er veittur á annað borð. Að öðrum kosti yrði hann einnig að taka sér annan starfa á hendur t. d. ritstjórn, en þá yrði skáldsagnalystin að lúta í lægra haldinu og mundi mörgum landsmönnum þykja ilt að svo væri. Vil eg því fyrir mitt leyti styðja 1500 kr. styrkinn.

Eg legg til, að nýr liður komi inn, 600 kr. til Guðm. skálds Guðmundssonar hvort árið. Hann er ljóðskáld ágætt, tilfinningamaður, fátækur og heilsulítill. Það er ekki til mikils mælst. 600 kr. hvort árið er í sjálfu sér engin geypi upphæð, en hún getur komið honum að notum, því þótt ljóðsmíðar sé hollar og góðar verður hann að hafa þær í hjáverkum.

Þá kemur námstyrkur til Jóns Ísleifssonar, er var feldur fyrir mér um daginn, er eg bar það mál upp. Var það undarlegt mjög, er þingið vill styðja menn til raffræðisnáms. Það er kunnugt að þetta er ágætur maður, sem bráðum er fullnuma, og því styrkverðari en byrjendur. Hann hefir stundað nám í Noregi hér um bil 2 ár, hefir tekið ágætt próf og fengið ágæt meðmæli hjá öllum kennurum sínum, nema einum, sem var fjarverandi, kennaranum í vélfræði, en prófskirteini hans sýna, að í þeirri grein

hlaut hann ágætiseinkunn. Kaus hann að nema fræði þessa í Noregi, þar sem staðhættir eru líkir því sem er hér á landi. Sem mörgum er kunnugt, er ný atvinnugrein uppfundin, að vinna áburðarefni úr loftinu; ætti grein þessi fullvel að geta þrifist hér heima.

Á ferð minni um Noreg sá eg Rjúkanfossiun, sem hefir 140000 hestöfl, og er þó langtum minni en Gullfoss, og er hann fer að vinna verður Rangárbrúin eigi lengi á leiðinni. Fyrir þennan styrk sinn ætlar Jón Ísleifsson auk þess að ferðast um Noreg til þess að kynnast umbúnaði á vatnsiðnaði.

Enn á eg till. um að veita Jóhannesi Sveinssyni 600 kr. til þess að afla sér undirstöðuþekkingar í málaralist. Hann er ungur maður og áhugasamur. Vert væri að uppörfa hann svo að hann fengi þjónað löngun sinni. Maðurinn er bláfátækur; fór úr foreldrahúsum 15 ára gamall; hefir stundað sjómennsku og hverja aðra vinnu, en ekki getað sint löngun sinni nema í hjáverkum.

Loks á eg till. um að Jóni Ófeigssyni séu veittar 1000 kr. á ári til að gera þýzk-íslenzka orðabók. Eg hefi nú kent þýzku í 14 ár og hefir enginn fundið betur en eg, hversu vant er orðið orðabókar í þessari tungu. Þessi þörf stafar af því, að þekking manna á þessari tungu hefir vaxið, en það stafar aftur af því að viðskiptin vaxa. Eg hefi orðið oftsinnis að skrifa verzlunarbréf fyrir kaupmenn, vegna þess að þá vantar hjálpargögn. Á þessari orðabók er miklu meiri þörf en orðabók Sigfúsar Blöndals, þótt eg beri ekki á móti því, að hennar kunni að vera nokkur nauðsyn. Auk þess er það sneypulegt fyrir þjóð, sem vill vera menntaþjóð, að hafa allar hjálparbækur á dönsku. Þessi aðferð drepur niður vort dýra mál. Í skólunum læra menn að tala og rita bjagað, sletta útlendum orðum, svo að hjal þeirra verður eins og berjaskyr.

Þessi maður, Jón Ófeigsson, er ungur kandídat og hefir mjög góða einkunn frá háskólanum. Raunar legg eg ekki mikla áherzlu á einkunnir; hitt er meira um vert, að eg veit það, að maðurinn er iðjumaður, gáfaður, glöggur og nákvæmur. Eg hefi þekkt hann frá því að hann var í 1. bekk og kendi honum alla hans skólatíð; var hann þá jafnan fremstur í sínum bekk. Síðan hann kom frá háskólanum er mér og kunnugt um, að allir hans góðu hæfileikar hafa haldist og þróast við aldurinn. Það er því óhætt að trúa því, að hann fari vel með þetta fé. Kunnátta hans í þessari tungu er og mjög góð, þótt digurbarkalega kunni að þykja talað af afsettum aukakennara, en þekkingu manna í þýzku ætla eg mig kunna að meta.

Nánari útskýringar mun eg láta bíða þess, að borið verði á móti því, sem eg hefi sagt. Eg skal taka það fram til þess að ekki verði talin mótsögn í því sem eg sagði um fjárveiting til íslenzkrar orðabókar og þessarar orðabókar, að hér er aðeins að ræða um hagkvæmt hjálpargagn og miklu minni kröfur gerðar til slíkrar orðabókar en orðabókar í móðurmálinu.

Pétur Jónsson: Eg stend upp að eins til þess að gera grein fyrir afstöðu minni til eins eða tveggja liða í þessum gr. fjárlaganna.

Eg er þeim megin í fjárlaganefndinni, að lækkaður verði styrkurinn til kvennaskólans í Reykjavík frá því, sem farið hefir verið fram á í frumv. stjórnarinnar. Eg býst nú við, að kynlegt þyki, að eg skuli fylgja þessu, þar sem eg á síðasta þingi flutti frv.

um stofnun húsmæðraskóla og hélt fram jafnréttiskröfum kvenna til móts við karla um öll kenslumál. Það sem varð því máli til tafar, var sú skoðun þingsins, að varhugavert væri vegna fjárhagsins að leggja út í að stofna svo dýra skóla. En enginn bar á móti þörfinni. Þetta mál er því geymt en ekki gleymt og mundi hafa verið flutt hér, ef nokkur líkindi hefðu þótt til þess, að þingið nú tæki betur í það en þingið 1907. Þeir skólar áttu að vera sniðnir eftir brýnustu þörfum kvenþjóðarinnar. Þeir voru miðaðir við þá kennslu eina, sem hver einasta húsmóðir á landinu, sem á heimili forstöðu að veita, að minsta kosti utan kaupstaða, er full þörf á, næst góðri barnafræðslu, og þeir voru ennfremur sniðnir svo, að kostnaðurinn við að ganga á þá gæti enga stúlku fælt, sem á annað borð gæti eða hefði nokkur ráð á, að kosta sig á skóla utan sinnar sveitar. Nú er húsmæðrastéttin fjölmennasta stétt hér á landi og þeir skólar, sem henni eru ætlaðir til sérmentunar ættu fyrst og fremst að vera landsskólar að sínu leyti eins og bændaskólarnir eru það.

Eg veit því alls eigi, að þörf sé fjár til kvennaskólans í Rvk., einkum ef honum verður breytt eins og ráðgert er. En úr því þingið veigraði sér við að stofna þá skóla handa konum, sem enn meiri þörf var á og meir voru sniðnir eftir kringumstæðum almennings, þá sýnist mér enn meiri ástæða til þess að hika við að gera þennan skóla að landskóla, en það er hann gerður með því fjárframlagi, sem stjórnin ætlar honum, því það er miðað við allan hans kostnað, nema það sem tekjurnar af sjóði hans — ca 800 kr. á ári — ná. Við það að skóli þessi er í kaupstað, og er 4 ára skóli verður hann dýrari, og útilokar fjölda af fátækum stúlkum af þeim orsökum, sem gætu vel sótt slíkan húsmæðraskóla og ráðgerður var á síðasta þingi. Þær eru færri stúlkurnar, sem geta kostað sig hér á kvennaskóla í Rvk. 1—2 vetur hvað þá 4. Það er ekki meðfæri margra af oss bændum, að kosta því til dætra okkar, það hef eg reynslu fyrir.

Nú hefi eg rakið ástæðurnar fyrir því, að eg get ekki verið samþykkur fjárveitingu til þessa skóla, svo hárri sem stjórnin fer fram á. Annað mál er það, að þegar húsmæðraskólar eru komnir á, þá fengi skólinn í Rvk nýtt hlutverk; hann yrði þá nokkurs konar yfirskóli og fullnumar þaðan yrðu þá ef til vill kenslukonur við hina óæðri skóla. En það kemur ekki til mála að mynda slíkan yfirskóla undir eins, og á undan hinum skólunum.

Þótt eg mætti vera þakklátur háttv. þm. Dal. (B. J.) fyrir till. hans um að veita 700 kr. styrk til unglingaskólans í Húsavík, þá mun eg þó greiða atkv. móti því, því að annars gengi eg á grið við fjárlaganefndina. Nefndin hefir sem sé í rauninni tekið þessa fjárveitingu til greina með því að hækka styrk til unglingaskóla um 1500 kr. á ári og hækkar lágmark hvers styrks í 750 kr., enda er það í samræmi við stefnu mína að taka ekki neinn sérstakan af þessum skólum út úr, heldur fylgja föstu plani um þá alla.

Sigurður Gunnarsson: Eg hef komið fram með breyt.till. um, að ekki verði tekið til greina breyt.till. fjárlagan. um það, að lækka styrk til barnaskóla í kaupstöðum. Vitanlega stendur tillaga stjórnarinnar, ef tillaga nefndarinnar verður feld, og að því leyti er hún óþörf, enda hefir mér gengið það eitt

til þessarar breyt.till., að vekja athygli háttv. þm. á þessum lið fjárlaganna. Af því að margir munu enn eiga eftir ótalað, skal eg vera stuttorður.

Hér hefir mikið verið rætt um kvennaskólana, einkum kvennaskólann í Reykjavík. Meðal annara, sem á það atriði hafa minst, er háttv. þm. Dal. (B. J.). Hann kvaðst ekki vera andstæður því, að þessi skóli væri styrktur, en taldi að öðru leyti alt vort skólafyrirkomulag ófullkomið og að sumu leyti öfugt. Eg get verið honum samþykkur um það, en hætt er við, að slíkar umbætur ættu langt í land, því að vandasamt er að taka öll kenslumál landsins fyrir. En meðan það er ekki gert, tel eg ekki rétt, að smásálga lífið úr þessum skóla eða öðrum slíkum. Kvennaskólinn hefir nú aflað sér betra húsnæðis og breytt fyrirkomulagi sínu í praktiskari átt með því að stofna heimavistir og húsmæðrafræðslu. Þetta tel eg holla stefnu og skylt að hlynna að henni. Það hefir og nokkur áhrif á mig, að skóli þessi hefir ágæta kenslukrafta. Forstöðukonan er hin mesta dugandis kona, en vér vitum, að það sem mest ríður á við alla skóla, eru kennararnir. En í samræmi við það, að kvennaskólinn á Blönduósi er styrktur svo sómasamlega af hlutaðeigandi sýslufélagi, þá sýnist mér sanngjarnt, að Reykjavík legði eitthvað talsvert af mörkum til skólans, því að sú upphæð, sem heita á, að bærinn leggi skólanum nú, er hlægilega lítil, 100 kr. eða svo. En það er vitanlegt, að meiri hluti stúlkna á skólanum er úr Reykjavík. Að sjálfsögðu mundi eg og vera samþykkur fjárveitingu til hins skólans, ef fjárveitingin, sem skólinn hér í Reykjavík hefir farið fram á nær fram að ganga, til þess að allur jöfnuður haldist.

Þá vildi eg minnast á nokkra liði í 15. gr. Svo framarlega, sem vér viljum heita mentaþjóð, er sjálfsagt, að vér styrkjum vísindi, skáldskap og listir eftir því, sem efnin leyfa. Eg skal játa það, að fátækt landsins leyfir ekki, að styrktir séu aðrir, en afbragðsmenn. En afbragðsmenn tel eg oss eiga í þeim mönnum, sem hér hafa oft verið nefndir í dag, Einari Hjörleifssyni, Þorsteini Erlingssyni o. fl. Það viðurkenna sjálfsagt allir, að skáldskapur og listir hafi stórmikla þýðingu fyrir hverja þjóð, og sé því nauðsyn, að hlynna að skáldum og listamönnum.

Því hefir verið kastað fram, að skáldin semdu sín beztu kvæði, þegar þeir væru í þröng. Eg skal játa það, að oft hefir það reynst svo í sögu heimsins, en af því flýtur ekki það, að nauðsynlegt sé að kvelja þessa ágætismenn. Eg skal því til sönnunar t. d. leyfa mér að benda á hæstv. ráðherra. Allir vita og viðurkenna, að hann hefir verið eitt af beztu skáldum landsins. Hann hefir að sönnu víst aldrei verið neinn auðmaður, en það hefir þó aldrei, svo eg viti, kreft neitt verulega að honum, og þó hefir hann náð einum af hæstu og beztu tónunum. Það er því ekki annað en bábilja, að skáldunum þurfi endilega að líða illa til þess að þau geti ort vel, og náð mjúkum og hljómþýðum tónum.

Það er ómögulegt að meta, hve mikils virði fyrir hugsjónir og frelsisást það er, að þjóðirnar eigi góð skáld, það er ekki einasta samtíð þeirra, heldur einnig niðjarnir, sem uppskera af ljóðunum. Eg vil t. d. benda á eitt góðskáldið okkar, Jónas Hallgrímsson. Hversu mikið mundi okkur ekki finnast gefandi að eins fyrir eitt einasta lítið kvæði eftir hann, t. d. kvæðið »Grátitlingur«? Hve mörg góð fræ-

korn hafa ekki fallið í ung hjörtu frá ljóðunum hans? Hve margar göfugar hugsanir hafa ekki ljóðin hans og annara góðskálda vorra vakið í hjörtum landsins barna.

Að því er snertir Einar Hjörleifsson og Þorstein Erlingsson, þá eru þeir báðir heilsulitlir menn, sem vér getum líklega ekki notið lengi, og því finst mér sjálfsagt, að styrkja þá í tíma; hvorugur þeirra getur neytt hæfileika sinna til hlítar með lægri styrk, en breyt.till. fara fram á eða 1500 kr. En eg tek það fram aftur, vér höfum ekki efni á að styrkja jafn mörg skáld og hér er gert ráð fyrir.

Um Helga Jónsson grasafræðing er mér kunnugt, hve ágæta stund hann hefir lagt á ísl. grasafræði og hve einelskur hann er að henni, enda hefir hann notið trausts og álits kennara sins prófessors Warming, sem er einhver hinn færasti vísindamaður í þeirri grein á Norðurlöndum. Það er enginn efi á því, að hann er færastur allra núlifandi Íslendinga í þessari fræðigrein, og því verður það nærri óskiljanlegt, þegar svo fór fyrir skemstu, að honum var ekki veitt skógræðslustjórastaðan. Hann var þó Íslendingur og vafalaust fær til þessa starfa. Eg vil því leyfa mér, að mæla með því, að honum sé veittur 1500 króna styrkur.

Mér gefst máske færi á því, að segja síðar eitthvað um aðra liði. Eg ætlaði ekki að tala svona snemma, og var því ekki alskostar viðbúinn.

Einar Jónsson: Þegar eg bað um orðið, hafði eg ekki búist við svo löngum umræðum, sem raun er á orðin, og að ekki væri nema annarhvor þingm. eftir hér í deildinni; það þýðir því ekki mikið að tala, enda skal eg vera stuttorður.

Eg get búist við, að mörgum þm. þyki undarlegt, hvernig eg greiði atkv. um 14. og 15. gr. fjárlaganna, en eg hef nú þegar ákveðið það og býst ekki við, að það breytist.

Hvað atkvæði mitt snertir um bókmentir og skáldskap, þá verð eg að gera greinarmun á því, hvaða bækur það eru, sem út eru gefnar. Kenslubækur álít eg nauðsynlegastar, og þær gefur enginn út af eigin hvötum, því oft og einatt borgar það sig ekki, en er þó nauðsynlegt að gera það og þess vegna álít eg rétt, að veita styrk til útgáfu þeirra. Hið sama má segja um orðabækur, að enginn semur þær af eigin hvötum, en þær eru þó nauðsynlegar fyrir skóla og almenning, og verður því hið sama sagt um þær, að þeir eigi skilið að fá styrk, sem semji þær. — Með skáldsögur og kvæði er nokkuð öðru máli að gegna; slíkar bækur eru gefnar út af eigin hvötum og enginn knúður til þess, og æði oft vill það bregðast, að þær bækur séu góðar eða þarfar; hitt er víst algengara, að þær séu lélegar og til lítils sóma eða uppbyggingar bókmentum vorum, þó vil eg auðvitað játa það og viðurkenna fúslega, að stundum eru bækur þessar mjög góðar og þýðingarmiklar og verk það, sem höf. þeirra vinna harla þarft. Eg fyrir mitt leyti sé ekki, að við höfum efni á að styrkja marga slíka höfunda, og mun eg því greiða atkvæði gegn þeim styrkveitingum.

Það verður ekki alt styrkt, og þá hygg eg það standi nær okkur, að styrkja ýmisleg verkleg fyrirtæki, sem þjóðin þarfnast svo mjög. Eg skal viðurkenna, að það er góðra gjalda vert, að styrkja unga og efnilega menn til náms, og það er sjálfsagt, að landssjóður geri það, þegar svo stendur á og þess er þörf.

Það er mitt álit, að þegar búið er

að styrkja menn til náms, að þá eigi að bíða við og sjá hvernig mennirnir reynast, áður en farið er að veita þeim áframhaldsstyrk.

Eg get ekki betur séð, en það sé undarlegt, að þurfa að styrkja menn til að skrifa skáldsögur og kvæði, því sé það gott, þá ætti það að seljast og höf. að geta lifað á því, en ef þessi verk þeirra seljast ekki, get eg ekki séð, að það séu meðmæli og því mun eg greiða atkvæði gegn slíkum styrkveitingum.

Mér þykir það undarlegt, sem sumir þm. segja, að 8—12 hundruð króna styrkur sé lítilsvirði, og að hann eigi ekki að vera lægri en 1500 kr. eigi hann að koma að notum. 1200 kr. eru þó æfinlega góð hjálp, og í þeim tilfellum, sem hér liggja fyrir, sannarlega fremur of hátt en of lágt. Mér virðist flest þetta skáldsagnarugl, sem sent er út um landið á síðustu tímum miklu ónauðsynlegra en brýr og vegir, skólar og ótal margt annað, sem hér er á dagskrá, og eigi því að fara sem hægast í því, að auka skáldalaun, miklu fremur að taka þau burtu með öllu.

Eg þykist nú búinn að gera grein fyrir atkv. mínu í þessu máli og býst ekki við að eg breyti skoðun. Að eins vildi eg leyfa mér að bæta því við, að mér fyndist betur viðeigandi að háttv. þm. Dal. (B. J.) væri þingmaður Reykjavíkur, en ekki sveita-þingmaður, því þær skoðanir, sem hann lætur í ljós, og tillögur hans í fjármálunum, virðast mér vera í litlu samræmi við það, sem á sér stað í sveitunum. Hann hefir svo auðsjáanlega Reykjavíkurbæ eingöngu fyrir augum, en ekkert annað.

Jón Jónsson (1. þm. S.-Múl.): Eg sé að þeir eru margir hér í háttv. deild sem langar til að tala, en ekki margir, sem vilja heyra.

Eg vildi gera grein fyrir nokkrum þeim atriðum, sem eg hef verið ósamdóma meiri hluta fjárlaganefndarinnar, þótt eg búist ekki við að nefna þau öll.

Það sem fyrst verður fyrir mér er fjárveitingin til lagaskólans; eg var á móti nefndinni í því að færa hana úr 1800 kr. niður í 800 kr. Mér sýnist það ekki vera orðið ljóst enn, að það sé ónauðsynleg fjárveiting. Það sem háttv. frsm. fjárlaganefndarinnar (Sk. Th.) sagði í dag um það, að sagt hefði verið á síðasta þingi, að skólanum mundu nægja þeir kenslukraftar, sem hann hefir nú, er víst rétt að því leyti, að einhverjir halda því fram, en bæði stjórnin og formaður skólans munu þó hafa, þrátt fyrir það, haldið því fram, að kenslukraftarnir væru ónógir, og í þeim málum sem eg get ekki kynt mér nægilega, eða tel mig ekki færan að dæma um, fer eg frekar eftir till. þeirra manna, sem vit hafa á málunum, en umsögn þeirra, sem þekkja þau lítið eða ekkert. Eg mun því greiða atkv. móti till. fjárlaganefndarinnar.

Annað atriðið, sem eg vildi minnast á eru till. fjárlaganefndarinnar um að lækka styrkinn til barnaskóla í kaupstöðum úr 6 þús. niður í 5 þús. kr., en hækka að sama skapi styrkinn til barnaskólanna í sveitunum. Eg get ekki séð, að þetta sé rétt eða hafi við rök að styðjast, og mér finst að kaupstaðaskólarnir fái hlutfallslega of lítið.

Í stjórnarfrumv. var áætlað til barnaskóla í kaupstöðum 6 þús. kr., til barnaskóla í sveitunum 15,000 kr. og til farkenslu 15,000 kr. Séu manntalsskýrslurnar lagðar til grundvallar, þá býr $^1/_5$ landsmanna í kaupstöðum og eftir því ættu kaupstaðirnir að fá yfir 7000

kr. Það er því of lágt en ekki of hátt, sem frv. stjórnarinnar fer fram á og engin ástæða fyrir fjárlaganefndina til að lækka það.

Þriðja atriðið, sem eg er ósamdóma nefndinni um, er það að fella í burtu skrifstofufé fræðslumálastjórans. Eg hygg að það sé hvorki réttlátt né praktiskt, að láta öll þau störf fara fram á skrifstofu stjórnarráðsins, og heldur ekki að takmarka féð svo, að þau fari als ekki fram. Þess ber að gæta, að það er mikið að gera í þessum efnum, einmitt nú, þar sem koma þarf lagi á öll fræðslumálin, og hér er ekki um stóra fjárveitingu að ræða, svo eg hygg, að það sé mjög óráðlegt, að veita ekki þetta fé.

Hið sama er að segja um næsta lið, þar sem nefndin leggur til að lækka féð til landsbókasafnsins um 1000 kr. hvort árið. Eins og sakir standa nú, þá hvílir skuld á safninu, sem verið er að borga, og þegar henni er lokið, kemst safnið af með minna fé. Afleiðingin af þessu verður að eins sú, að minna verður keypt af bókum, en eg vona að flestir viðurkenni, að safnið sé eitt af hinum eigulegustu hlutum þjóðfélagsins og því til sóma. Landstjórnin og fjárveitingarvaldið hefir líka viðurkent þetta, með því að útvega því dýrt og gott húsnæði, og því sýnist mér það nokkuð hart, að fara nú að klípa af styrkinum til bókakaupanna.

Enn er eitt í till. fjárlaganefndarinnar, sem eg vildi gera athugasemd við, en það er tillaga fjárlaganefndarinnar um að lækka styrkinn til Jóns Ólafssonar til að semja ísl.-íslenzka orðabók. Eg veit ekki, hvort menn hafa tekið eftir ástæðunum, sem nefndin færir fyrir þessari tillögu sinni í nefndarálitinu, en það eru einmitt sömu ástæðurnar og þeir menn komu með, sem vildu fella liðinn alveg í burtu af frv. stjórnarinnar. Þetta hefir því komist inn í nefndarálitið í einhverju ógáti eða fljótfærni, eins og gengur.

Eitt vil eg leyfa mér að leiðrétta. Háttv. framsögum. hélt því fram, að engar líkur væru til þess, að Jón Ólafsson gæti unnið fyrir meira en 720 kr. á ári, eða því sem svaraði 12 örkum. Í sambandi við það skal eg leyfa mér að fara nokkrum orðum um ræðu og breyt.till. háttv. þm. Dal. (B. J.). Hann komst svo að orði, þegar hann var að leggja til að orðabókarstyrkurinn til Jóns Ólafssonar yrði feldur burt, að til þess að Jón Ólafsson ynni fyrir þeim tilætluðu 1500 kr., yrði hann að »rubba upp« 25 örkum á ári. En þetta er misskilningur. Hér er ekki að tala um að semja af nýju og rubba upp svo og svo miklu, heldur að raða niður því efni, sem Jón Ólafsson hefir varið mörgum árum til að safna til og undirbúa — og það styrklaust með öllu. — H. háttv. þm. Dal. (B. J.) sagði, að til þessa verks þyrfti 2 menn, en mér hefir sagt fróður maður og merkur, að sú bezta sams konar orðabók, sem til er á franska tungu, sé eftir einn mann. Eg mun því greiða atkv. móti breyt.till. þeirri, að fella styrk þennan í burtu, í þeirri von, að tillaga stjórnarinnar verði samþykt.

Þá var það dálítið annað smávegis. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) fór mörgum fögrum orðum um, hve mikill hugvitsmaður Ísólfur Pálsson væri og því sé sjálfsagt að láta hann verða styrks aðnjótandi úr landssjóði, Mér datt í hug, að sé það rétt — sem eg ekki skal efast um — að þessi maður sitji inni með svo margar uppgötvanir, því fara þeir sem til þekkja og trú hafa á sliku — eins og háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) — ekki þá leið að stofna hlutafélag til að hagnýta sér þessar uppgötvanir? Það væri líklega betri spekúlatión en marg-

ar aðrar, sem menn gefa sig í nú á dögum, og þá þyrfti ekki að kvabba á landssjóðinn fyrir þennan undramann.

Að því er aftur snertir ræðu háttv. þgm. Dalm. (B. J.) skal eg játa, að yfirlitsræða hans um skólana hér á landi var mjög svo viturleg og verð að íhuga, en það var smávegis í útfærslunni og till. hans, sem mér gatst ekki að og sem ekki var í bezta samræmi hvað við annað.. Hann hélt því fram, að ekki væri viturlegt af landssjóði til að styrkja unglingaskóla, eins og hann taldi Flensborgarskólann vera. Hann væri alveg undir handarjaðri Reykjavíkur og líkt kent og þar í skólanum. En þegar hann talaði um Húsavíkurskólann, þá fanst honum öðru máli að gegna. Það er líka unglingaskóli og það má segja, að hann sé undir handarjaðri Akureyrar, og því stutt til realskólans þar. Hann fór mörgum orðum um ágæti forstöðumanns Húsavíkurskólans og skal eg eigi á móti því mæla. Maðurinn er vel gefinn og dugandi mjög, en það skýrir ekki aðalatriði málsins, breytir ekki eða á ekki að minsta kosti að breyta principi þingmannsins. En sérstaklega er það till. hans um að Hvítárbakkaskólanum verði synjað styrks þess sem hann hefir notið að undanförnu, sem eg vil athuga dálítið. Mér virtist svo sem háttv. þm. Dal. (B. J.) í öðru veifinu vildi styrkja Flensborgarskólann sem unglingaskóla, en það er Hvítárbakkaskólinn í raun réttri líka. Þingmaðurinn talaði um, að bækur og skólaáhöld væru í slæmu lagi, en víða er pottur brotinn í því efni á landi hér og svo mun líka vera um Húsavíkurskólann. Maður verður að baslast við það sem bezt gegnir, er fátæktin skamtar úr hnefa. Annars er það engin ástæða til að neita um styrkinn, að skólaáhöldum þar sé mjög ábótavant; það ætti öllu fremur að vera hvöt hjá þingmanninum til að mæla með að skólinn fengi svo ríflegan styrk, að hann gæti aflað sér betri bóka og kensluáhalda. Til marks um nytsemi þessa skóla er meðal annars það, hversu vel honum hefir verið tekið hjá alþýðu, sú velvild *og* álit það, sem skólinn hefir notið í héraðinu og víðar. Í því stendur skólinn ekki að baki öðrum skólum. Þess ber líka að gæta, að skólinn er svo ódýr, að þar geta notið tilsagnar fátækir unglingar, sem ekki mundi verða kleyft kostnaðar vegna að sækja aðra skóla og sem því mundu fara á mis við alla skólafræðslu. Lærisveinar, sem hafa verið þar, ljúka lofsorði á forstöðumann og skólann. Á þeim 5 árum, sem skólinn hefir staðið hafa sótt þangað til náms 126 nemendur og núna í vetur eru þar 32 og var þó mörgum frávísað sökum rúmleysis. Það er engin efi á því, að skóli þessi stendur mjög framarlega til að vinna fyrir þessum styrk, enda hefir hann ekki gert miklar kröfur til landssjóðsins, hingað til fengið að eins 16,000 kr. Það væri sannarlega hart, ef taka ætti styrk af þessum skóla, sem unnið hefir til hans flestum fremur. Það var enn fremur tvent hjá háttv. þgm. Dal. (B. J.), sem eg vildi minnast á. Hann vildi mæla með skáldstyrk til Guðm. Guðmundssonar og taka hann einan fram úr hóp þeirra manna á hans reki hér á landi, sem eru þjóðkunnir orðnir tyrir ljóðsnild sína. — Mitt álit er það, að einn maður að minsta kosti ætti að ganga á undan, það er Guðm. skáld Friðjónsson. Eg vil því skjóta því til háttv. þgm. Dal, (B. J.) að ef Guðm. Guðmundsson á að takast upp á fjárlögin, þá verði ekki gengið fram hjá Guðm. Friðjónssyni.

Þá talaði háttv. þgm. Dal. (B. J.) um rafmagnsnemendur og hélt því

fram, að réttara væri að veita Jóni Ísleifssyni námsstyrk, þar sem hann væri líka við nám, heldur en þeim er áður hefðu komið til tals. En hér til er að svara, að annar af þessum mönnum er búinn að læra og hefir hann einkum lagt sig eftir notkun rafmagnsgeyma og hann vill nú fara til Þýzkalands, til að kynna sér nýjustu verklegar framfarir í því efni. Annars er svo fjarri því, að eg hafi neitt á móti að veita Jóni Ísleifssyni styrk til að ljúka við nám sitt. 1200 kr. þykir mér mér bara of mikið, 600 kr. nóg. Skal eg svo ekki fara út í fleiri atriði að sinni.

Sigurður Sigurðsson: Það eru að eins örfá atriði, sem eg vildi minnast lítið eitt á.

Að því er snertir styrkinn til Ísólfs Pálssonar, þá hefir háttv. 1. þgm. G-K. (B. Kr.) gert rækilega grein fyrir þeirri breyt.till. okkar, sem um það ræðir. Eg skal þó að eins geta þess, að maður þessi er milli þrítugs og fertugs, fátækur barnamaður, sem er sívinnandi og sístarfandi. Í tómstundum sínum hefir hann lagt stund á tónlist og búið til mörg hugðnæm lög, sem mörgum eru kunn. Annars er hann mesti hugvitsmaður, en hefir ekki getað þroskað gáfur sínar sem skyldi og væri því heppilegt, að hann væri styrktur til að auka sína teknisku þekkingu. Vona eg að af því geti leitt margt gott og gagnlegt fyrir landið.

Þá vil eg snúa mér að kvennaskólunum og skólamálinu yfir höfuð. Það má reyndar kanske segja um mig, eins og háttv. 1. þgm. Rvík, (J. Þ.) hefir að slagorði: »Þið hafið ekkert vit á þessu máli«, en eg vil eins og fleiri góðir menn láta uppi mína skoðun á því máli. Um styrkinn til kvennaskólanna er eg alveg sammála fjárlaganefndinni. Eg lít svo á, að kvennaskólinn hér í Reykjavík sé að mestu leyti fyrir Reykjavíkurbæ, en ekki skóli fyrir húsmæðraefni uppi í sveit. Í sambandi við þetta vil eg geta þess, að mér finst varhugavert að draga alla skóla til kaupstaðanna, og að því er snertir skólamentunina, og þá einkum kvennaskólamentunina hér í Reykjavík, þá hefi eg ekki trú á að hún sé happasæl eða notadrjúg fyrir stúlkur, sem eiga að ala aldur sinn upp í sveit.

Eg skal nú gjöra nánari grein fyrir, hvers vegna eg er á móti því, að skólar, og þá einkum alþýðuskólar séu í kaupstað. Er þess þá fyrst að geta, að skólalífið í kaupstöðum venur nemendurna á glaum og gjálífi en hugurinn dregst frá vinnu og alvöru lífsins. Fyrir mér er það aðalatriðið í þessu máli, að skólar í kaupstöðum innræta nemendunum hugsunarhátt og venur þá við lífsskilyrði, sem er svo gagnólík þeim, sem þeir seinna þurfa við að búa. Nemendur úr sveit, sem ganga á skóla hér í Reykjavík, umgangast hér fólk, sem er vel klætt, og þeir venjast betri húsakynnum en þeir hafa áður átt við að búa eða geta síðar veitt sér. Þeir sjá og heyra fyrir sér dans og sjónleiki og taka þátt í skemtunum þeim og glaðværð, sem kaupstaðurinn hefir að bjóða, en sem þeir heima í sveitum ekki eiga kost á að njóta. Þetta venur þá á að gera háar kröfur til lífsins, að því er snertir þægindi og munað, miklu hærri kröfur en þeir síðar hafa ef til vill ráð á að fullnægja. Kaupstaðarlífið hefir þannig truflandi áhrif á hugsunarhátt unglinganna, og spillir honum. Þegar svo þetta unga fólk kemur upp í sveitina leiðist því sveitalífið og langar aftur í kaupstaðaglauminn. Það verður óánægt yfir kjörum sínum, sem ekki fullnægja kröfum þeirra, og afleiðingin verður

sú, að það flytur til kaupstaðanna og sezt þar að.

Það er mín föst sannfæring, að alþýðuskólar og skólar fyrir húsmæðraefni í sveit eigi ekki að vera í kaupstað, heldur á hentugum stað upp í sveit.

Eg get ekki stilt mig um í þessu sambandi að minnast á ummæli eins merks Íslendings Þorvalds Thoroddsens prófessors, þar sem hann í æfisögu Péturs biskups Pétursson er að tala um Bessastaðaskóla og hve hraustir og nýtir drengir hafi þaðan komið. Hann segir á þessa leið: »Aldrei hefir á jafnstuttum tíma jafnfrítt úrvalalið ungra manna komið frá nokkrum skóla á Íslandi, eins og frá Bessastaðaskóla á árunum 1820—1840. Orsökin til þessa blóma getur ekki eingöngu hafa verið sú, að á því tímabili hafi fleiri gáfaðir og þrekmiklir menn fæðst og þroskast, heldur hitt, að góðir hæfileikar hafa fundið hentugan jarðveg. Bessastaðaskóli hefir á þeim tímum haft mikil og góð áhrif á lærisveinana, enda ber öllum saman um, að skólalífið hafi þá fyrir tilstilli samvaldra ágætiskennara verið staðbetra til menningar og þroskunar en síðar varð. Það var ekki fjöldi kenslugreina, sem þessu olli. Þær voru fáar og fátæklega frambornar, heldur var það eftirdæmi góðra manna og samvera við þá, sem mestu réði. Kennararnir nutu sín, af því þeir voru samhentir og af því skólinn var í sveit og enginn bæjarglaumur glapti fyrir«.

Þegar skólinn er í sveit er samlíf milli kennara og lærisveina miklu betra og alúðlegra. Í kaupstaðaskólanum koma kennararnir að eins snöggvast í skólann, hlíða yfir leksíuna og fara svo að því búnu strax í burtu. Í skólum í sveit er þessu háttað á annan veg. Þar umgangast kennarar og nemendur hvorir aðra eins og væru þeir heimilismenn. Þetta hefir góð áhrif á nemendurna, og skólaveran verður þeim gagnleg og ánægjuleg. Af þessum ástæðum, sem þegar eru greindar, vil eg ekki stuðla til að kvennaskólinn í Reykjavík verði landsskóli.

Úr því eg mintist á skóla yfirleitt skal eg fara örfáum orðum um Flensborgarskólann. Það hefir verið sagt að það væri óviðkunnanlegt að hafa þar gagnfræðisskóla undir handarjaðrinum á gagnfræðisdeild hins almenna mentaskóla hér í Reykjavík. En skólinn hér í Reykjavík, hinn svo nefndi almenni mentaskóli er ekki annað og hefir aldrei verið annað en embættismannaskóli. Ef Flensborgarskólinn legðist niður yrði Suðurland svift þeim eina gagnfræðaskóla, sem það hefir haft og hefir nú.

Eg geri ekki ráð fyrir, að hinn almenni mentaskóli taki stakkaskiftum fyrst um sinn, og verði aðlaðandi fyrir sveitapilta, heldur að hann haldi áfram að vera aristokratiskur embættismannaskóli.

Þá kemur skrifstofufé kenslumálastjórans, sem áætlað er á fjárlagafrv. Það hefir verið mikið um það rætt. Eg vil benda á, að það er einkennilegt, þegar stofnaðar eru nýjar stöður með góðum launum, og svo kemur viðkomandi litlu síðar og þykist þurfa skrifstofufé. Mér virðist sjálfsagt, að sá aukakostnaður, er leiðir af bréfaviðskiftum hans og frímerkjanotkun takist af skrifstofufé því, sem stjórnarráðinu er ætlað. Þegar beðið er um skrifstofufé, dettur mér í hug tveir embættisflokkar manna, hreppstjórar og oddvitar. Þeir hafa oft miklar skriftir og talsverðan aukakostnað. Verða þeir oft að sitja í köldum húsum og skrifa skýrslur sínar og fá lítið fyrir, en vanþökk ef skýrslurnar eru ekki í lagi.

Þessir menn hafa lítið sem ekkert skrifstofufé, en enginn talar um að þeir þurfi þess og þó er ávalt verið að auka við störf þeirra og skyldur. En þessir menn hér í Reykjavík heimta alt með sjálfskyldu. Þetta er mín skoðun og eg get ekki leynt henni.

Þá ætla eg að minnast á ræðu háttv. þm. Dal. (B. J.). Hann talaði eins og skáld og mentavinur, og áleit að auka ætti fjárframlög til skóla, listamanna og skálda, en eg vil segja, að ofmikið má að öllu gera. Hinn virðulegi þm., sem stendur augliti til auglitis við mig, sagði að varið væri tvöfalt svo miklu til samgöngumála, sem til mentamála. Þetta er að vísu rétt, en á hitt vil eg benda, að til skóla, skálda og listamanna er áætlað $^1/_2$ miljón kr. en til verklegra fyrirtækja tæplega eins mikið. Eg verð nú að segja það, að skólum skáldum og listamönnum sé gert hátt undir höfði við að verja jafn miklu til þeirra og til atvinnufyrirtækja. Það er ekki nema rétt og sjálfsagt, að styrkja þessa menn, eftir því sem efni og ástæður leyfa; en vér höfum ekki ráð á, að verja miklu fé til þess. Eg er ekki að amast við skáldunum og listamönnunum, en eg fullyrði, að það eru ekki þessir menn, er byggja landið eða auka framleiðslu þess. Eg er því ekki samdóma þm. Dal. (B. J.) um það, að skáldin og listamennirnir »séu landsins mestu höfðingjar«. Það er langt frá því að svo sé. Og embættismenn landsins eru það ekki heldur, hvorki ráðherra, biskup, dómarar eða aðrir embættismenn *(Bjarni Jónsson:* En þá ráðunautar?) Nei, það eru bændurnir okkar og sjómennirnir, framleiðendur þessa lands. Það eru þeir, sem bera byrðarnar og leggja oft lífið í sölurnar við að framleiða auðæfin úr skauti náttúrunnar. Þegar því er að ræða um framfarir þjóðarinnar þá eru þær að þakka bændunum og sjómönnunum. Þetta vildi eg sagt hafa að skáldum og listamönnum ólöstuðum.

Háttv. þm. Dal. (B. J.) vill láta leggja niður Hvítárbakkaskólann. Þetta er góður skóli, og um kennarann er það að segja, að það sem þekking hans nær, þá er hann góður kennari. Það sem vakir fyrir þessum þm., er sennilega að fá þennan skóla fluttan í einhvern kaupstaðinn. Það furðar mig mjög, að sami þm. skuli vilja láta fella styrkinn til síra Valdimar Briems. Það stafar ef til vill af mismunandi trúarskoðunum; en það finst mér eiga ekki að koma hér fram. Síra Valdimar er eitthvert hið bezta sálmaskáld hér á landi og þó víðar sé leitað. Það er því engin sanngirni í því að fella niður styrkinn til hans samtímis sem verið er að hækka styrkinn til ýmsra annara skálda. Það er eins og þm. vilji með þessu gera þeim trúarskoðunum, sem hann er andvígur lægra undir höfði en öðrum. Mér virðist, að yfir höfuð eigi að gera öllum trúarskoðunum jafnt til, þegar ræða er um skáldalaun eða styrk til skáldanna.

Annars mun eg greiða atkvæði á móti öllum þeim till., sem fara fram á hækkun á styrk til skálda og listamanna.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Eg vildi minnast lítillega á fjárframlag til lagaskólans. Eg skil ekki í nefndinni að vilja lækka laun aðstoðar-kennara (sem alls ekki á að vera neinn »leiðbeinandi« eða manuduktör) niður í 800 kr. Við prestaskólann eru 3 kennarar, við lagaskólann, er á að vera í mörgum deildum að eins 2, og við læknaskólann eru segi og skrifa 6 kennarar. Eg er ekki að gera lítið úr klerkastétt landsins fyrir það, þótt eg láti í ljósi þá skoðun mína, að heppilegra væri að síður væri hörgull í landinu á lögfræðingum en klerkum.

Þá ætla eg lítillega að minnast á kvennaskólann. Hinn háttv. þm. Dal. (B. J.) talaði um, að allir skólar landsins ættu að vera samskólar fyrir karla og konur. Eg tek hjartanlega undir þessa samskólahugmynd og hef haldið því fram sjálfur í Kv.blaðinu fyrir eitthvað 10 árum að slíkt væri heppilegt. Hann vill að kvennaskólinn hér í Rvík leggist niður og eiga þá stúlkurnar að fara á aðra skóla, líklegast skólann með óheyrilega nafninu, »hinn almenna mentaskóla«. Eða er þeim ætlað að fara í búnaðarskólana? Vér getum ekki búist við, að kvenfólkið fari að læra jarðrækt og vinnubrögð, o. fl. þvíl. Hér er um skóla að ræða, sem gerir sérnám kvenna að aðalstarfi sínu, og sérfræðslunni er eg samþykkur. Að mínu áliti eiga karlar og konur að ganga í sömu skóla til almennrar sameiginlegrar fræðslu. En auk þess þurfa konur sem karlar á sérskólum að halda fyrir það nám, sem ekki er báðum sameigið, svo sem verkleg störf, hússtjórn o. s. frv. Tökum búnaðarskólana sem dæmi, er bæði hafa bóklegar og praktiskar greinar. Þm. Dal. (B. J.) vill gera kvennaskólana að húsmæðraskólum og ryðja burtu hinum bóklegu greinum, enda færist alt í þá átt. Nú er t. d. fatasaumur kendur á sérskólum kvenna, og nú á að fara að kenna matreiðslu á skóla þessum. En í útlöndum eru líka kvennaskólar, sem taka hið bóklega með, svo húsmæðurnar geti jafnframt aflað sér bóklegrar þekkingar. Þannig er t. d. í Ameríku, þar sem mest er þó gert að samfræðslu karla og kvenna. Að sameina þetta tvent, er mjög hagsýnt og hyggilegt.

H. 2. þm. Árn. (S. S.) talaði um samlífið milli kennara og nemenda, sem í alla staði væri mjög heppilegt að efla. En það er einmitt það sem kvennaskólinn er að leitast við með því að reisa sér hús, þar sem heimavistir geti verið.

Að því er snertir Flensborgarskólann, þá ætti hann ekki að vera verri fyrir því, að einstakir menn hafa varið lífi og efnum til að stofna hann, enda virðist hann verið hafa í talsverðu áliti, ef dæma skal eftir því hve mikið hann er sóttur. Þegar 2. þm. Árn. (S. S.) mintist á samlíf kennara og lærisveina, og þýðingu þess, eitt af því fáa, sem eg skildi í ræðu hins háttv. þm., taldi hann það sönnun máli sínu, hve nýtir menn hefðu komið úr Bessastaðaskóla kringum 1830, og vitnaði því til sönnunar í góða bók, æfisögu Péturs biskups. En hann virðist ekki hafa lesið þá bók spjalda á milli. Það voru annars aðrar ástæður heldur en heimavistirnar einar til þessa. Hvernig stóð annars á því, að þessir afbragðsmenn komu allir fram á svo fáum árum — útskrifuðust rétt fyrir og um 1830? Bæði voru þó heimavistir í skólunum hér langa tíma fyr og síðar. Það eru utanaðkomandi áhrif frá öldu þeirri, sem þá gekk yfir Evrópu, og sem hreyf þessa menn, er þeir komu út yfir pollinn. Það er franska júlí-byltingin 1830.

Það er dálítið hæpið, að koma með svona ástæður að því, sem á rætur sínar alt annars staðar. Það er léleg hagnýting sögunnar; enda dettur víst engum í hug að vænta þess, að 2. þm. Árn. (S. S.) þekki til þessa eða skilji lifandi vitund í því.

Eitt var það, sem eg hjó eftir hjá hv. þm. Dal. (B. J.) Hann vildi ekki styðja Flensborgarskólann, vegna þess, að einungis 1 klst. gangur væri milli þessa skóla og mentaskólans. Að öðru leyti talaði hann mjög skynsamlega.

En hvar er nú hús, er tekið gæti alla nemendurna frá báðum skólunum, því á Flensborgarskólanum einum eru um 80 nemendur. Það er ekki húsrúm í skólahúsi hins almenna mentaskóla til að bæta þeim við sig, og þar að auki vantar kennara. Með því að ekki er unt að hafa einn svona stóran skóla verður að hafa tvo. Einu gleymdi eg viðvíkjandi kvennaskólanum hér í Reykjavík, þar sem sagt hefir verið að hann sé aðallega fyrir þennan bæ. Þetta er misskilningur. Hann er fyrir landið alt líka, því að eins 1/4 nemenda er héðan úr bænum en 3/4 annars staðar að.

Eg fer í engri röð yfir þennan frv.-kafla, en grip niður hingað og þangað.

Eg var hlessa á að heyra þau umyrði, að öll skáld og listamenn séu einskisvirði; en þau komu líka úr þeirri átt, sem væntanlega álítur ekkert nýtilegt nema ráðunaut og aðra slíka stórgripi. Eg játa það að búfræðingar geti gert meira til þess að fylla askana, en eg veit líka að sú þjóð, sem fyrirlítur vísindi og fagrar listir, er og verður í öllum greinum fánýt og einskisverð. Sé maginn mikils virði, er sálin þó ekki minna verð. Stórskáld og þjóðskáld eru og hafa verið leiðtogar þjóðanna, spámenn þeirra og kennarar, sem vakið hafa og eflt andlegt líf, og hafið sálarsjónina upp úr moldinni á hæðir hugsjónanna. Eg veit ekki, hve skriftlærður búfræðingurinn er, en eg býst við að hann viti, að meginhluti gamlatestamentisins, er skáldskapur, en ekki býst eg samt við því að hann vilji stryka út allan þann skáldskap og alla þá heimsmenningu, sem á honum hvílir.

Eg mun greiða atkv. með styrkveitingunni til Einars Hjörleifssonar og Þorsteins Erlingssonar; og eg vildi óska, að fleirum öðrum yrði þar við bætt.

Þá vil eg nefna styrkinn til Ísólfs Pálssonar. Að vísu þekki eg manninn ekki sjálfan, en eg hefi þekt flesta þá bræður, og veit hve mikið er í þá spunnið alla, og efast ekki um að skýrsla hans sé sönn. H. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) sagði að skýran lista þyrfti yfir verk hans. Álít eg þess ekki þörf og hefir komið fram svo mikið hugvit hjá þessum manni, að engin ástæða er til að efast um að hann sé ágætt efni, og gæti átt mikla framtíð.

Þá ætla eg að minnast lítillega á að þm. Dal. (B. J.) tilfærði rangar ástæður, er hann talaði fyrir orðabókarstyrk Jóns Ófeigssonar. Hann sagði, að kaupmenn þyrftu oft að skrifa þýzk »forretningsbréf«, og væri bókin þeim þá nauðsynleg. Þetta er algerlega rangt. Þeir þyrftu einmitt íslenzk-þýzka, en ekki þýzk-íslenzka orðabók. Eg nefni þetta vegna samanburðar hans við orðabók Sigfúsar Blöndal. Samt sem áður tel eg verkið gott og þarft, en miklu nauðsynlegra að fá íslenzk orð þýdd á önnur tungumál, því að flestir þeir er þýzku nota, eru svo góðir í dönsku, að þeir geta fleytt sér með stuðningi af t. d. dansk-þýzkri orðabók.

Þá ætla eg að drepa á skrifstofufé kenslumálaráðunautsins, sem svo mikið hefir verið rætt um. Hinum háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) þótti engin sanngirniskrafa að fara fram á slíkt, en sjálfur mundi hann ekki slá hendinni við því, ef honum byðist það. Kenslumálastjórinn þarf þó á skrifstofu að halda og hefir afarmiklar skriftir, þannig sendi hann með síðasta pósti 170 bréf; myndi háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) þykja hart að borga allan slíkan kostnað úr sínum vasa. Búnaðarfélag Íslands

hefir 800 kr. skrifstofufé, og þó hefir það mönnum á að skipa til skrifta. Eða er hann ekki svo skriftlærður, að hann viti, að þetta er engin launaviðbót?

Þá er till. háttv. þm. Dal. (B. J.) um að fella niður styrk þann, er veittur hefir verið séra Valdimari Briem. Eg get ekki verið hinum háttv. þm. samdóma þar. Eg skal að vísu játa, að margt sé misjafnt, bæði í Biblíuljóðunum og annars staðar hjá þeim höfundi, en þess konar finst alstaðar.

En hitt er víst, að mörg eru ljóð séra Valdimars einhver fegurstu og beztu trúarljóðin, er vér höfum, og þótt eg sé ekki kirkjunnar maður, þá hlýt eg þó að játa, að þess konar ljóð hafa sitt gildi og eiga stuðning skilið, ef þau eru góð — alveg eins og hver önnur ljóðagerð.

Enn vil eg hér við bæta, sem bendingu til háttv. þm. Dal. (B. J.) Við erum báðir samtaka í því, að veita vini okkar Þorsteini Erlingssyni stuðning hér, en gætum þá einnig þess, að Þ. E. komst inn á fjárlögin einmitt að baki séra Valdimars. Þess vegna ætti háttv. þm. Dal. að láta óskertan styrk séra Valdimars, láta hann halda sér sem sögulegt minnismerki í þessu efni.

Einn er sá liður í fjárlögunum, er við mitt nafn er kendur; tel eg þó að hann snerti fremur íslenzkar bókmentir en mig persónulega, enda mun eg ekki neitt um hann ræða, læt hann gersamlega liggja milli hluta. Þó vil eg skjóta því til háttv. þm. Dal. (B. J.) að mér er ekki vel ljóst, hver meining er í því, sem hann sagði, að ef til vilil mætti rubba upp 25 örkum á ári. Skal eg láta ósagt, hvað í þessu orði felst, en hér skiftir það mestu, hvort unnið er á auðum grundvelli eða ekki. Sé svo, þá getur verkið tekið langan tíma. En ef menn hafa nú safnað til þessa mestan hluta æfi sinnar, og þurfa ekki annað að gera en hagnýta sér (redigera) það, sem safnað hefir verið, þá mætti eflaust lúka 30—36 örkum á ári.

Annars skal eg ekki fara einu orði frekar um þetta mál.

Framsögumaður (Skúli Thoroddsen): Eg þarf ekki að segja margt viðvíkjandi ræðum þeim, sem þegar hafa verið haldnar.

Út af tillögu háttv. þm. Dal. (B. J.) skal eg geta þess, að fjárlaganefndin hefir ekki séð sér fært, að fallast á breyt.till. hans, um hækkun launa fasta aukakennarans við mentaskólann úr 1600 upp í 1800 kr., þar sem hann hefir að eins gegnt stöðunni í fá ár, og því minni hvöt til þess en ella. Auk þess komst hann upprunalega að skólanum, sem aukakennari, móti vilja þingsins, er ætlaðist til, að hann fengi að eins borgun, sem hver annar tímakennari, eftir stundafjölda, sem hann væri við kenslu. Honum hefir því verið gert mun betur til, en öðrum tímakennurum.

Að því er snertir till. hins háttv. þm. þess efnis, að dyraverði mentaskólans verði veitt 1000 kr. árslaun, sem myndi spara 300 kr. árlega, þá vill fjárlaganefndin veita henni meðmæli sín.

Tillögu hans um það, að fella bráðabirgðaruppbót til fátækra brauða, er nefndin mótfallin. Þessi uppbót fellur og smám saman af sjálfu sér niður, eftir því sem prestlaunalögin nýju koma til framkvæmdar, með því að örðugustu prestaköllunum er þar ætluð erfiðleikauppbót.

Að því er snertir breyt.till. háttv. 1. þm. N.-Múl. (J. J.) um styrk til farkennara — 100 kr. handa hverjum — þar sem farskólar eru ekki, þá mun nefndin fallast á hana.

Sömuleiðis felst hún á tillögur háttv. þm. Vestm. (J. M.) um styrk til útgáfu alþýðu-lagasafnsins, sem og um þóknun til Þórðar Sveinssonar geðveikralæknis fyrir kenslu við læknaskólann.

Eg vil sérstaklega geta þess, út af ræðu háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) að meiri hluti fjárlaganefndarinnar sér ekki ástæðu til þess að veita umsjónarmanni fræðslumála neitt ritfé. — Aðalstarf hans er einmitt bréfaskifti við menn til og frá, og er með öllu ástæðulaust að veita honum fé til þess að geta látið aðra vinna nokkurn hluta verks þess, sem er og á að vera aðalstarf hans. Hins vegar fær hann auðvitað burðargjald eins og sýslumenn o. s. frv.

Út af orðum hins sama háttv. þm. um styrk til Jóns Ólafssonar, þá verð eg að geta þess, að mér virðist það kynlegt, að hann skuli eigi ætla sér að standa við það, er til atkvæðagreiðslunnar kemur, sem að samkomulagi varð milli hans og mín o. fl. i nefndinni. — Að öðru leyti læt eg nægja, að skírskota til fyrri ræðu minnar, hvað fjárveitinguna snertir.

Hv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) fór um það nokkrum orðum, að till. fjárlaganefndarinnar í þá átt að lækka tímakenslustyrkinn við lagaskólann, væri ekki réttmæt, og benti hann máli sínu til stuðnings á prestaskólann: þar væru kennararnir 3, en að eins 2 við lagaskólann. En þessi samanburður er mjög villandi, af því að með jafnmiklum sanni má segja, að 3 séu kennarar við lagaskólann, eins og við prestaskólann, með því að heimspekisdeildin heyrir í raun-inni öllum jafnt til: prestaskólanum, lagaskólanum og læknaskólanum. Við prestaskólann eru 2 fastir guðfræðiskennarar, en ekki einum eyri varið þar til tímakenslu. Má því kallast gott að lagaskólinn fái 800 kr. til tímakenslu — í samanburði við prestaskólann.

Þá mintist hinn sami virðul. þm. á kvennaskólana, einkum kvennaskólann hér í Reykjavík. Sagði hann, að námsmeyjar við þann skóla væru margar héðan úr bænum, $^1/_4$ hluti þeirra. a. m. k.

Eg veit nú að vísu ekki, hvort þessu er þannig varið, það mun vera nokkuð misjafnt; en auk þess sem Reykvíkingum er það hagræði mikið að hafa þennan skóla í bænum, vegna mentunar kvennþjóðarinnar, þá er það einnig hagur fyrir bæjarfélagið að því leyti, að aðsóknin verður auðvitað þeim mun meiri til bæjarins. Skólinn er þess því fullkomlega maklegur, að bæjarbúar styrki hann að mun meira en gert hefir verið.

Háttv. þm. Dal. (B. J.) talaði mjög vel og skörulega fyrir listum og vísindum, og gerði mikið úr því, hve illa þinginu hefði jafnan farist við skáldin og listamennina. Það er nú að vísu satt, að landið hefir ekki getað styrkt þessa menn, eins og sumir mundu kosið hafa, en menn verða að gæta þess, að þjóðfélagið er ekki mikils megnugt, og skáld og listamenn verða því að taka viljann fyrir verkið, að því er styrkupphæðirnar snertir. — Þjóðfélagið getur að eins rétt þessum mönnum hjálparhönd, en ekki séð þeim fyrir lífsviðurværi, eða lagt þeim fram svo mikið fé, að þeir geti lifað af því eingöngu, enda að eins tilgangurinn að veita mönnunum stuðning, svo að þeim verði þá auðveldara að sinna því, sem hugur þeirra einkum hneigist að, þótt nokkru af tíma sínum verði þeir að verja sér til framfærslu á annan hátt. Það er meira að segja hentugt, að menn hafi ekki alt af sama starfið eingöngu á höndum. Fleirskifting verkanna hvílir hugann.

Skáldin yrkja betur, ef þau hafa einnig um annað að hugsa annað veifið.

Eg gat þess áðan, að háttv. þm. Dal. (B. J.) hefði lagt mikla áherzlu á það, hve nauðsynlegar listir og vísindi væri þjóðinni, en í gagnstæða átt fór ræða háttv. 2. þm. Rangv. (E. J.). Hann sagði, að hin harða barátta fyrir lífinu leyfði eigi, að sint væri öðru en því, sem viðhald lífsins gerði öllum bráðnauðsynlegt. Hinn háttv. þm. stendur því miður ekki einn uppi með þessa skoðun hér á þingi — og þingið verður að skoðast sem spegill þjóðarinnar. En þjóðin þarf að fá meiri mentun, til þess að henni verði ljúfara að veita fé til lista og vísinda, en enn er alment orðið.

Takmarkið er að menta þjóðina svo vel, að allir meðlimir þjóðfélagsins geti haft gott af listum, vísindum og skáldskap. Þá yrði meira fyrir listamennina gert. Þá gætu allir glatt sig við fagran skáldskap og listir. En mikið skortir enn á að svo sé, til þess er mentunarleysið enn of mikið.

Þar sem hinn háttv. þm. Dal. (B. J.) sagði að skáldin væru höfðingjar þjóðanna, þá svaraði háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) því á þá leið, að það væru ekki skáldin, heldur bændurnir og sjómennirnir, sem væru réttnefndir höfðingjar þjóðarinnar.

En það eru í rauninni ekki að eins skáld, bændur og sjómenn, er þannig mega nefnast, heldur eru það allir menn, sem hafa fagran og göfugan hugsunarhátt, í hvaða stöðu mannfélagsins sem þeir eru. Þeir eru réttnefndir þjóðhöfðingjar.

Skáldin gera í rauninni ekki annað en bóndinn, sjómaðurinn og verkmaðurinn. Allir leggja þeir fram sinn skerf, eftir hæfileikum og ástæðum.

Það væri miklu heppilegra, að þingið tæki upp þá stefnu í stað þess að þrátta á hverju þingi um þessar fjárveitingar til einstakra manna, að leggja fram í eitt skifti fyrir öll einhverja upphæð, segjum 100—200 þús. kr. í sjóð, er hefði það hlutverk, að styðja listir og vísindi. Sjóð þennan ætti að auka á þann hátt, að leggja árlega nokkuð af vöxtunum við höfuðstólinn enda gæti þá þingið jafnframt bætt úr bráðustu nauðsyninni fyrst í stað.

Þessi tilhögun yrði óefað miklu hagfeldari, því að á þingi hafa menn alment ekki næga þekkingu til þess að geta greitt atkvæði í slíkum málum, enda eigi unnt að fyrirbyggja, að meiri eða minni hlutdrægni komist að, dreginn taumur eins, en jafnvel hefnt sín á hinum, bæði vegna pólitísks skoðanamunar o. fl.

Að því er snertir fjárveitingar til einstakra manna, þá vil eg geta þess, að fjárlaganefndin hefir ekki getað fallist á uppástungu háttv. þm. Dal. (B. J.), að fella burt styrkinn til séra Valdimars Briem, heldur lítur meiri hluti fjárlaganefndar svo á, sem V. Br. hafi unnið mjög þarft verk með sálmakveðskap sínum, og þegar litið er til þess, að hér á landi eru margir trúbræður hans, þá er ekki nema skylt að styðja þessa stefnu kveðskapar, eins og hverja aðra. Auk þess hefir hann nú í nokkur ár haft þennan styrk, og býst því við honum áfram; væri því hart, að svifta hann honum nú.

Eg er háttv. þm. Dal. (B. J.) þakklátur fyrir ummæli hans um Guðm. Guðmundsson, og vil sem bezt mæla með fjárveitingu til hans enda þótt meiri hluti fjárlaganefndar sé henni að vísu ekki meðmæltur.

Hv. 1. þm. S.-Múl. (J.J.) gat þess, að rangt væri, að taka þannig einn mann (G. G.) út úr hóp sinna líka, og veita

honum styrk, en þeim ekki; en eg verð að mótmæla þessu sem algerlega ómaklegum ummælum, þegar um Guðmund Guðmundsson er að ræða. Hér er um alveg sérstaka list að ræða, þar sem skáldskapur hans er, og það væri háðung, ef hann fengi engan stuðning. Og sízt hygg eg, að Guðm. Friðjónsson myndi verða þeirri styrkveitingu mótfallinn, ef hann ætti sæti hér á þingi, eða hirði um, að sitt nafn sé notað, til að spilla fyrir henni.

Um styrk til Guðm. Friðjónssonar hefi eg áður lýst skoðun minni, og læt mér því nægja, að endurtaka, að eg er honum mjög meðmæltur. —

Að því er till. háttv. þm. Dal. (B. J.) snertir, um styrkveiting til Jóns Ófeigssonar, til þess að semja þýzk-íslenzka orðabók, þá skal eg geta þess, að meiri hluti nefndarinnar getur ekki fallist á hana, meðal annars af því, að þegar þingið veitir þannig lagaða styrki þá er það að því leyti gert í blindni, að ekki er hægt að vita fyrir fram, hve langan tíma starfið tekur, né heldur, hve mikið fé muni alls þurfa að veita, og má í því tilliti nefna sagnritunar-styrkinn til B. Th. M., er nú hefir notið hans í seytján ár, að því er mig frekast minnir.

Háttv. þm. Dal. gat þess, að fjárlaganefndin gerði sig seka í ósamkvæmni, er hún vildi fella styrkinn til nefnds sagnfræðings síðara árið, en halda honum hið fyrra. En sannleikurinn er sá, að fjárlaganefndin vildi fara sem vægast í sakirnar, að því er greindan sagnfræðing snertir, og láta hann halda styrknum fyrra ár næsta fjárhagstímabils, svo að hann hefði þá tímann fyrir sér, ef hann vildi leita sér styrks t. d. hjá einhverjum sjóði erlendis, til viðbótar styrk þeim, er hann fær árlega úr ríkissjóði Dana til sömu sagnritunarinnar, sem alþingi hefir styrkt, sem fyr segir. —

Þá mintist háttv. þm. Dal. (B. J.) á styrkinn til Jóhannesar Sveinssonar málara. Fjárlaganefndin hefir ekki sint þeirri málaleitan, en sjálfur er eg henni meðmæltur.

Sami háttv. þm. mælti einnig með styrkveitingu til Jóns Ísleifssonar. Þeirri styrkveitingu er fjárlaganefndin mótfallin, og er það sérstaklega af þeirri ástæðu, að hún hefir þegar ákveðið, að styrkja 2 menn aðra í sama skyni. En eftir upplýsingum þeim, sem háttv. þm. gaf í ræðu sinni, þá mun eg greiða tillögunni atkv. mitt. —

En till. háttv. þm. um það, að hækka laun Jóns sagnfræðings, en ætla honum ekkert fé til sagnfræðislegra starfa, getum vér ekki aðhylst, því að nefndin vill einmitt að Jón fáist við sagnfræðisstörf — sem hann gerir auðvitað, ef hann fær styrk til þess, en myndi síður eða ekki gera, ef laun hans, sem starfsmanns landsbókasafnsins, yrðu hækkuð. Hann myndi þá fremur helga safninu krafta sína eingöngu. —

Eg sé svo ekki ástæðu til að svara fleiru í ræðum háttv. þm., en get þess að eins, þar sem ýmsir eru gjarnir á, að luma ekki á því, sem þeir telja sér til gildis mega verða í annara augum, að enda þótt að ýmsu hafi verið fundið, að því er til gerða fjárlaganefndarinnar kemur, þá sé eg ekki betur, en að hún hafi þó yfirleitt sætt óvenjulitlum ákúrum; hún hefir í raun-inni fengið töluvert hrós, og háttvirt deild hefir yfir höfuð að tala litið vel á starf hennar, svo að mér finst, að hún geti verið fremur roggin af starfi sínu.

Bjarni Jónsson: Það voru svo margir, er kölluðu til mín í gærkveldi,

að eg hefði þurft að svara ýmsu; en stuttorður skal eg vera. Því get eg lofað.

Háttv. þm. Sunnmýlinga reyndu að vefenga framburð minn um orðabókina, en heldur ófimlega þótti mér þeim fara það. Mér þykir undarlegt að háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) skyldi ekki sýna fjárlaganefndinni handrit að bók sinni, hafi það verið nokkuð til; þá hefði verið hugsandi að hann gæti komið út 25 örkum á ári, en án þess alls ekki. Þá mundi eg trúa, ef eg sæi, en þangað til efa eg þessa sögusögn þm.

Allir hljóta að vita, að það að semja orðabók, er mjög fyrirhafnarmikið og örðugt verk, og þarf eigi að minna á annað því til sönnunar en það, að Jón heitinn Þorkelsson skólastjóri varði til þess starfa feikilöngum tíma, og var hann þó manna starfsamastur, svo sem kunnugt er. Og mönnum hlýtur að skiljast, að það er mjög mikið vandaverk að semja góða þýzk-íslenzka orðabók. En eins og eg tók fram í gær er þessi maður, er um styrk sækir til þessa verks allra manna færastur til að leysa það vel af hendi.

Háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) sagði, að hér væri nú með okkar þjóð skáld uppi, sem alveg væri eins mikil ástæða til að styrkja og Guðm. skáld Guðmundsson, og nefndi þar til hr. Guðmund Friðjónsson, og kvað mér vera skyldugt að sækja líka um styrk fyrir þau skáld.

Þetta er hégómamál, sem ekki er svaravert, að eg eigi að koma með tillögur um styrk handa þeim mönnum, sem öðrum þykja til þess maklegir. Er slíkur krabbagangur hugsunarinnar all-undarlegur. Hitt tel eg líklegt, að eg mundi greiða atkv. með styrk til G. F., ef þeir þm. leggja það til, sem um hann hafa talað.

Eg held annars, að menn hafi ekki tekið eftir, hvernig eg studdi tillögu mína um síra Valdimar Briem. — Eg lýsti yfir því, að tillagan væri fram komin, vegna þess, að eg liti svo á, að síra Valdimar hefði hvorki né mundi síðar yrkja nein þau ljóð, er hann verðskuldaði landssjóðsstyrk fyrir. Eg var alls ekki að ráðast neitt á trúarbrögð þessa manns eða annara. Það má hver halda sinni tröllatrú fyrir mér. Ef ljóðið er gott, er mér sama um hvað það er, og það er ekki satt, að eg hafi sagt nokkur hnjóðsyrði í garð síra Valdimars Briems.

Háttv. 2. þm. Rangv. (E. J.) vildi gera lítið úr skáldunum og fórust orð á þá leið, að mikið af bókum þeim, er nú væru gefnar út, væri mesta rusl. Þetta sjá allir, að er einungis sagt út í loftið. Það er heldur ekki ruslið, sem menn eiga að lesa, heldur kjarninn, og slíkar styrkveitingar, sem hér ræðir um, eru trygging þess, að út komi góðar bækur.

Ekki veit eg heldur, hvernig í því liggur, er háttv. sami þingm. sagði, að eg ætti frekar að vera þingm. Reykjavíkur en sveitakjördæmis. En á því get eg frætt hann, að t. d. Dalamenn munu mér samdóma um, að skáldin séu höfðingjar þjóðarinnar.

Eg hef ekki tíma til, að svara háttv. 2. þm. Árn. (S. S.). Hann leitaðist við að koma trúarstefnu minni eitthvað í samband við tillögu mína um Vald. Briem. En þar var maðurinn bersýnilega að vaða reyk. Háttv. 2. þm. Árn. hefir fjarskalega mikinn og lofsverðan áhuga á málum kristinnar kirkju. En þar sem hann beindi því að mér, að ekki ætti að ausa fé í skóla og skáld, þá hefi eg aldrei sagt neitt í þá átt.

En eg vil, að styrkur til lista- og vísindamanna sé ekki þjóðinni til skammar. Honum þótti líka skrítið, að eg nefndi skáldin höfðingja þjóðanna. En er hann mér nú í alvöru ósammála um það, að þeir menn, sem fórni sér og kröftum sínum fyrir fagrar og göfugar hugsjónir sé í raun réttri höfðingjar þjóðanna?

Hann segir líklega, að það séu einungis bændur. Það geta þeir líka verið. Þess ber og að gæta, að í þeirra flokki eru bæði skáld og listamenn. Mér gremst að heyra það sífelt, að alt sem snertir listir og vísindi sé bara hégóminn einber. Eg er svo bjartsýnn, að halda, að landbúnaðurinn muni þrífast vel í framtíðinni með slíkum ráðunautum, sem hann nú hefir! En menn mega ekki gleyma því, að það eru ekki búnaðarráðunautarnir einir, sem alt veltur á.

Það eru skáldin, sem veita starfsmanninum, að loknu verki, slíkan unað og hugaryl, sem hvorki á né má meta til peninga.

Sigurður Sigurðsson: Eg skal ekki verða margorður, þótt eg hafi sætt nokkrum andmælum og árásum úr ýmsum áttum. Háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) sagðist ekkert hafa skilið í ræðu minni. En þó varði hann löngum tíma, til að tala um hana, og svara henni. Það eru hrein og bein ósannindi hjá þessum þingmanni, að eg hafi nokkurn tíma sagt, að skáldin væri lítilsvirði fyrir þjóðina. Eg sagði, að við ættum einmitt að virða og meta okkar góðu skáld. En eg held því fram, að við höfum sýnt þessum mönnum þann sóma, sem efni okkar og ástæður frekast leyfa, og að ekki sé ástæða til, að fara þar lengra, en gert hefir verið.

Ekki skal eg fara að svara öllum háðsyrðum þm. Dal. (B. J.). Hann hraktí ekki mínar röksemdir á neinn hátt. Hann kvaðst ekki vilja ráðast á mína tröllatrú né veika garða. En eg á bágt með að skilja við hvað hann á með þessu, því veikir garðar og tröllatrú eiga ekkert skylt saman. — Mín »tröllatrú« gerir garðinn sterkan en ekki veikan.

Háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) og þm. Dal. (B. J,) eru að mörgu leyti ólíkir til orðs og æðis; en þeir eiga sammerkt í því, að báðir hafa þeir stjórnlaust sjálfsálit, sem kemur vanalega fram í takmarkalausu sjálfshóli og hroka.

Stefán Stefánsson: Það er alls ekki óeðlilegt, þótt allmikill ágreiningur verði um þær ýmsu bitlinga-upphæðir, sem fyrir liggja, ekki síst, þegar litið er á, hvernig þingið nú er skipað, að því er hina pólitísku flokkaskiftingu snertir. En það, sem að mínu áliti gerir umræðurnar óhugðnæmar er, hversu nöfnum einstakra manna er fléttað inn í þær. En eina leiðin til þess, að koma í veg fyrir alt þref og þjark er sú, að myndaður verði sérstakur sjóður, sem eingöngu yrði varið til að styrkja lista- og vísindamenn, en verði að öðru leyti landssjóði óviðkomandi, og að landsstjórninni eður sérstakri nefnd manna væri falið, að veita styrki af sjóðnum. Þetta er alls ekki nein ný hugmynd, hún er fyrir löngu fram komin, og svo drap hinn háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) á þessa breytingu.

Það er ekki meining mín, að hafa horn í síðu listamanna og vísinda, en sú hugsun hlýtur að gera vart við sig og krefjast lausnar: hvar á staðar að nema með fjárframlög og fjáreyðslu til slíkra manna? Eg skal alls ekki því neita, að ákjósanlegast væri, að geta styrkt alla þá menn í baráttunni fyrir lífinu, sem annars eru viður-

kendir af þjóðinni, sem afburðamenn hennar í listum og vísindum, en við höfum af svo litlu að miðla, að við verðum að takmarka okkur, en ekki láta tilfinningarnar hlaupa með okkur í þær ógöngur í fjármálunum, að við sjáum ekki gjaldþoli þjóðarinnar og hennar nauðsynjamálum nokkurn veginn sómasamlega borgið. Einhversstaðar verður þó staðar að nema, en hvar? Það er sú mikla og vandasama spurning.

Á fjárlögunum fyrir yfirstandandi fjárhagstímabil eru 3 ljóðskáld, sem ákveðið er að greitt sé hvort árið 3600 kr., og hefi eg litið svo á, að þingið mundi hika sér við, að bæta fleirum á þann lista. Fari þingið að setja enn fleiri skáld á fastan styrk úr landssjóði, er það komið út á svo hálan ís, að ekki er auðvelt að sjá, hvar staðar skal nema. Við eigum svo mörg ljóða- og söguskáld, sem fullkomið álitamál er um, hvort nokkuð standa að baki sumum þeim, sem nú er lagt til, að tekin verði upp á fjárlögin, að hver þingmaður hlýtur að hafa tilfinningu fyrir því, að viðurkenningin fari ekki alskostar eftir því, sem hver á skilið. Eg skal t. d. nefna þingeysku skáldin: Þorgils gjallanda og Sigurð Jónsson. Fleiri mætti telja, en þessi nöfn eru næg til að sýna, hvað takmörkin eru vafasöm, eigi að fara að setja fleiri skáld á föst laun af landsfé en þegar eru á fjárlögunum. En alla þessa menn er þó ekki hægt að launa. Það er yfirleitt ekki heldur heppilegt eða heilbrigt fyrirkomulag, að setja menn, þótt þeir geti skrifað og ort margt fagurt, á föst laun, sem þeir svo njóta, hvort þeir yrkja mikið eða lítið eða jafnvel ekki neitt, því það er reynsla fyrir því, að komist fjárveitingar til einstakra manna inn á fjárlögin fyrir bæði ár fjárhagstímabilsins, þá verður henni ekki kipt þaðan aftur, þótt árlegt starf sé lítið eða jafnvel ekki neitt. En þegar svo er komið, þá verður ekki lengur hægt að skoða fjárveitinguna sem eðlilega viðurkenningu, heldur sem nokkurs konar nauðungargjald, eða kvöð, sem þingið þykist ekki geta afnumið, og má þar af leiðandi virðast lítið ánægjuefni fyrir þann sem nýtur, því þótt hann hafi samið listaverk, eftir að þessi fasta fúlga til hans komst inn á fjárlögin, þá getur hann venjulega ekki skoðað hana sem neina sérstaka viðurkenningu fyrir eitt sérstakt verk lengur og þannig veikist áhuginn fyrir því að semja listaverk.

Nei, það ætti óneitanlega betur við, þegar eitthvað kemur frá skáldunum, sem þykir afburða gott skáldverk, að þingið þá veiti þeim ríflega fjárupphæð í viðurkenningarskyni, því mundi þjóðin betur una en þeirri, að mér liggur við að segja óhæfilegu leið, sem útlit er fyrir að þingið ætli nú að ganga inn á. Þjóðin hefir áður vitt þá aðferð og ef allur þessi styrkur til skáldanna verður samþ., sem farið er fram á í hinum ýmsu breyt.till., þá hygg að þingið fái fullkomna vanþökk fyrir það starf sitt. Annars skal eg í sambandi við þessar fjárveitingar, er eg drap á, þegar sérstakar ástæður benda til, minnast á þá fallegu gjöf til Þorsteins Erlingssonar, sem honum var gefin á 50 ára afmæli hans. Eg þykist mega fullyrða, að þó þingið veitti fé við einstök lík tækifæri, viðurkendum listamönnum, þá hefði þjóðin ekkert út á það setja, en að margir séu settir á föst laun að nauðsynjalausu hlýtur að verða misjafnlega liðið, sem eðlilegt er, þegar við á sama tíma ekki getum veitt atvinnuvegum vorum hálfa

þá hjálp eða stuðning, sem þeir með þurfa.

Þá vil eg að eins lítið eitt minnast á breyt.till. háttv. þm. Dal. (B. J.) þar sem lagt er til að fella skuli út af fjárlögunum alt tillag til Hvítárbakkaskólans. Þetta þykir mér í fylsta máta ósanngjarnt, þegar þess er gætt, að skólinn er stöðugt að ávinna sér traust og álit þeirra manna, er hann þekkja bezt, og sami maður og verið hefir hefir alla stjórn skólans á hendi, sem bæði fær mikið lof sem kennari, og hefir lifandi áhuga fyrir því, að skólinn geri sem allra mest gagn. Nú eru á skólanum 32 nemendur, en auk þeirra sóttu 11 piltar um inngöngu á skólann, sem öllum varð að neita sökum plássleysis. Þetta sýnir í hvaða áliti skólinn er, og hvað það væri fráleitt, að hætta nú í miðju kafi að leggja honum nokkurt fé. Skólinn er að mestu leyti rekinn fyrir fé einstaks manns, skólastjóra, og hann hefir lagt þar fram aleigu sína til almennra þarfa og hann vill gera það að lífsstarfi sínu, að fræða þá, er skólann sækja og sem sagt veita skólanum alla góða forstöðu Eg verð því að vera eindregið með því að hann fái það tillag til skólans sem honum er ætlað í fjárlagafrumv. stjórnarinnar, sem eru 1500 kr. hvort árið, því eftir þeim upplýsingum, er eg hefi fengið, og sem eru öldungis áreiðanlegar, þá er það víst, að skólinn þarf, ef vel væri, talsvert meira fé, en nú er ekki um stærri fjárupphæð að ræða, og þess vegna líklegt, að henni verði ekki synjað. Skólahúsið sjálft kostaði forstöðumanninn 10,000 kr. og kenslutæki hafa auk þess numið allmiklu fé, og þegar þess er gætt, að hann hefir kostað svo miklu til í trausti til styrks af hálfu hins opinbera, þá verð eg telja það eiga mjög illa við, ef nú væri kipt fótum undan stofnuninni og skólastjóra þannig kastað út á hjarnið.

Viðvíkjandi styrknum til Jóns Ólafssonar til þess að semja og búa undir prentun íslenzka orðabók með íslenzkum þýðingum, þá verð eg að líta svo á, að þar sem hér liggur fyrir þinginu álit M. Hægstad, próf. í norrænu, A. Torp, próf. í samanburðarmálfræði, sem báðir eru kennarar í Kristjaníu, og einnig hins mikilsvirta málfræðings okkar Finns próf. Jónssonar, auk fleiri manna, sem við verðum að viðurkenna að bezt skyn beri á þessa hluti, og þeir álíta það sem þegar er samið af bókinni mjög vel af heyndi leyst, að þá geti ekki verið neitt áhorfsmál, að veita styrkinn, þótt hann sé ekki nema 1500 kr. hvort árið í fullu trausti þess, að semjandi bókarinnar áliti hann þó ekki svo lágan, að hann þess vegna geti ekki komið að tilætluðum notum. Eg sé því síður ástæðu til að svifta hann þessum styrk, þar sem hann nú um nokkur undanfarin ár hefir unnið að þessu verki og það lengst af styrklaust, og sýnt, að menn geta þvænzt eftir góðum árangri, þar sem hann býst við að hafa fullbúið til prentunar 30 arkir af bókinni á næsta nýári. Því hefir enginn neitað að þetta verk sé mjög gagnlegt og verði til þess að prýða vorar bókmentir, svo eg fæ ekki betur séð, en að það væri mjög illa farið, ef menn nú ætla að koma í veg fyrir, að þetta ritverk geti orðið fullsamið og gefið út.

Jón Þorkelsson: Eg hafði í gær tekið flest fram af því sem nauðsynlegt var og aðalatriði málsins snertir. En eg ætla mér að svara lítið eitt mótbárum þeim, sem hafa komið fram, sérstaklega í kvennaskólamálinu. Það er þá einkum spekingurinn frá Árnessýslu, sem eg þyrfti við að tala. Hann var að bregða mér um það, að eg léti það ávalt klingja, að aðrir hefðu ekki vit

á því og því. Eg þori auðvitað ekki að sverja fyrir það, að eg kunni einhverntíma að hafa sagt eitthvað á þá leið við þennan þingmann, þegar mest hefir vaðið á honum, en hér í deildinni minnist eg ekki að hafa látið þau orð falla; að minsta kosti hefi eg aldrei sett það á prent. En eg veit ekki betur en að nafn háttv. 2. þgm. Árn. (S. S.) standi undir nefndaráliti fjárlaganefndarinnar og það er hún og hv. 2. þgm. Árn. (S. S.) sem segir að ekki væri »vit« í að ætla minna en 1400 kr. til dyravarðar við þjóðbókasafnið. Það er því ekki eg, heldur háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) sem hefir haft slík ummæli. Hins vegar skal eg ekki draga úr því, að þingmenn, — bæði eg og aðrir — hafi misjafnt vit á málum, og það hefir háttv. 2. þgm. Árn. (S. S.) oft fyllilega sjálfur sýnt, því að hann er óragur að tala um alla skapaða hluti. Eitt fyrir sig er það, sem nú er næst, að hann hefir ætlað að kenna mér og stjórninni — því að hún hefir fallist á till. mínar — að hann sjálfur og fjárlaganefndin hafi betur vit á hvers landsskjalasafnið þarfnast heldur en eg. Sömu menn ætla líka að kenna fornmenjasafnsverðinum, hvers það safn þurfi með. En 2. þgm. Árn. (S. S.) hefir ætlað sér enn hærri dul, því að hann vill kenna stjórn kvennaskólans í Reykjavík hvers sá skóli þurfi við. Þessi herra hefir álitið að það væri meira »vit« í því, sem hann segir einn heldur en allir þeir til samans, sem eru í stjórn þess skóla og situr þó í henni mannval mikið bæði karla og kvenna. Háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) sagði enn, að sjálfsagt væri að bærinn legði eitthvað af mörkum til kvennaskólans hér. Það mætti auðvitað fara fram á þetta við bæjarstjórnina, en eg hefi enga ástæðu til að telja það víst, þó að það sé engan veginn fjarstæðasta firran, sem hinn virðulegi þingmaður hefir sagt. En samþingismaður minn, sem sæti á í stjórn bæjarins, getur kanske skýrt það nánar, þegar hann talar í annað sinn.

Ræða háttv. 2. þgm. Árn. (S. S.) var að öðru leyti mjög svo á víð og dreif og líkari kosningaræðu austur á Húsatóftum eða Selfossi, heldur en ræðu fyrir deildinni hér. Hann lagði áherzlu á, að kvennaskólinn eigi að vera í sveit. Eg fyrir mitt leyti er ekki neitt á móti því, en hvernig ætlar hann að koma honum þangað? Sami virðuglegi þgm. áleit að skóla þessum ætti ekki að veita fé úr landssjóði, af því, að hann væri fyrir Reykjavíkurbæ, en ekki er það sannara en margt annað, sem þgm. hefir sagt, því að þessi skóli hefir langalengi, þvert á móti, verið meginkvennaskóli alls landsins. Hitt greinir okkur ekki á um, að nauðsynlegt sé að hafa heimavist og húsmæðrakenslu í skólanum, og það lítur út fyrir að þgm. hafi skilið það, að það sé nauðsynlegt, að húsmæður þessa lands séu sem fullkomnastar og bezt á sig komnar að öllu.

Háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) talaði líka mikið um hverjir væru mestir höfðingjar þessa lands, og um það hafa ýmsir aðrir þgm. deilt við hann. Til þeirra mála skal eg ekki leggja mikið. En Hallgrímur Pétursson kvað svo:

> Að lesa og skrifa list er góð,
> læri það sem flestir,
> þeir eru haldnir heims hjá þjóð
> höfðingjarnir mestir.

Svona hugsun kemur og fram í einu gömlu og góðu kvæði, Hávamálum, þar kveður svo að orði:

> Byrði betri
> berrat maður brautu at
> en sé mannvit mikit,

auði betra
þykkir þat í ókunnum stað

o. s. frv. Það munu því vera þeir mennirnir, sem mesta og bezta hafa menninguna og mannvitið, sem langæfastir verða í landinu og vinna fólkinu mest gagn.

Þingmaðurinn gleymdi líka að telja verkamenn þessa bæjar með höfðingjunum, en nú skal eg þá bæta þeim við í höfðingjatöluna fyrir hann.

Um kvennaskólann vil eg ekki þrátta meira við þennan mann, sem telur alt eftir, ef aðrir fara fram á fé til nauðsynlegra hluta. Sjálfur hefir hann þó nú komið með breyt.till. um að auka gjöld landssjóðs, um leið og hann var að útmála hve dýrt það væri að launa skáld og listamenn, og kvað þá vera meiri sanngirni í að launa hreppstjóra og oddvita. Er það meining þgm. að landssjóður eigi að fara að launa oddvita fyrir sveitarstjórnarstörf?

Þgm. Dal. (B. J.) kvað hafa sagt, að eg hafi ekki verið að öllu leyti sjálfum mér samkvæmur, á einhvern hátt. Eg skal ekki bera það af mér að svo geti hafa viljað til, þó eg finni það nú ekki í svipinn. En geta vil eg þess, að mér fanst háttv. þgm. ekki vera fyllilega samkvæmur sjálfum sér, þar sem hann vill fella niður styrkinn til Jóns Ólafssonar af þeirri ástæðu að að það væri ofmikið starf fyrir einn mann, en vill láta Jón Ófeigsson fá 1000 kr. til að semja þýzka orðabók, sem að engu er minna örðugt og viðfangsmikið starf. Hér álít eg, að standi líkt á. Ef það er kleyft fyrir Jón Ófeigsson að gefa út þýzka orðabók með 1000 kr. styrk, þá mun Jón Ólafsson fá miklu til leiðar komið með 1500 kr. styrk.

Þá skal eg snúa máli mínu að br.-till. þm. Dal. (B. J.), viðvikjandi styrk til Helga Jónssonar grasafræðings. Maður þessi varð hart úti á síðasta þingi. Hann hafði fengið vonir um að verða umsjónarmaður við skóggræðslu hér á landi, en í stað þess fékk hann að eins lítinn styrk. Maðurinn er mér kunnur sem einstakur reglu- og dugnaðarmaður.

Eg veit að eg er að tala mig dauðan og niður í gröfina, og skal því ekki fara með þetta mál lengur.

ATKV.GR.: *14. gr.* (Atkv.skrá A 302).

1. Breyt.till. 281 (8) við A. b. 2. feld með 15 atkv.

2. Br.till. 281 (9) við A. b. 3. tekin aftur.

3. Breyt.till. n. 280 við A. b. sþ. með 13 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Kristjánsson,	Bjarni Jónsson,
Björn Sigfússon,	Jón Ólafsson,
Björn Þorláksson,	Benedikt Sveinsson,
Eggert Pálsson,	Einar Jónsson
Hannes Hafstein,	Jón Jónsson N.-M.,
Hálfdan Guðjónss.,	Jón Sigurðsson,
Jóh. Jóhannesson,	Magnús Blöndahl,
Jón Jónsson S.-M.,	Skúli Thoroddsen,
Jón Magnússon,	Þorleifur Jónsson.
Jón Þorkelsson,	
Sigurður Gunnarss.,	
Sigurður Sigurðss.	
Stefán Stefánsson,	

4. Br.till. n. 280 við B. I. b. 2. tekin aftur.

5. Br.till. n. 280 við B. II. b. 2. tekin aftur.

6. Br.till. 274 við B. II. b. 6. samþ. með 16. samhlj. atkv.

7. Br.till. n. 280 við B. III. b. samþ. með 13 : 6 atkv.

8. Br.till. 281 (10) við B. IV. b. samþ. með 15 samhlj. atkv.

9. Breyt.till. 281 við B. IV. c. 4. feld með 18 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Benedikt Sveinsson,
Jón Ólafsson,	Björn Kristjánsson,
Hannes Hafstein,	Björn Sigfússon,
Jón Magnússon,	Björn Þorláksson,
Jón Þorkelsson.	Eggert Pálsson,
	Einar Jónsson,
	Hálfdan Guðjónss.,
	Jóh. Jóhannesson,
	Jón Jónsson N.-M.,
	Jón Jónsson S.-M.,
	Jón Sigurðsson,
	Magnús Blöndahl,
	Pétur Jónsson,
	Sigurður Gunnarss.,
	Sigurður Sigurðss.
	Skúli Thoroddsen,
	Stefán Stefánsson,
	Þorleifur Jónsson.

10. Breyt.till. við B. IV. c. 7 tekin aftur.

11. Breyt.till. við B. VIII, a. 1. sþ. með 14 : 8 atkv.

12. Breyt.till. 280 við B. VIII. a. 1. sþ. með 17 samhlj. atkv.

13. Breyt.till. 280 við B. VIII. a. fyrri liður sþ. með 19 samhlj. atkv.

13. Breyt.till. 280 við B. VIII. a. seinni liður sþ. með 20 samhlj. atkv.

14. Breyt.till. 280 við B. VIII. a. 2. sþ. með 14 samhlj. atkv.

15. Breyt.till. 280 við B. VIII. a. 2. sþ. með 13 samhlj. atkv.

16. Breyt.till. 280 við B. VIII. a. 3. sþ. með 15 : 2 atkv.

17. Breyt.till. 280 við B. VIII. a. 4. sþ. með 12 : 3 atkv.

18. Breyt.till. 280 við B. VIII. a. 4. feld með 12 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Sigfússon,	Bjarni Jónsson,
Björn Þorláksson,	Jón Ólafsson,
Eggert Pálsson,	Bened. Sveinsson,
Hálfd. Guðjónsson,	Björn Kristjánsson,
Jón Jónsson, N.-M.	Einar Jónsson,
Jón Jónsson, S.-M.	Hannes Hafstein,
Pétur Jónsson,	Jóh. Jóhannesson,
Sig. Gunnarsson,	Jón Magnússon,
Sig. Sigurðsson,	Jón Sigurðsson,
Skúli Thoroddsen,	Jón Þorkelsson,
Þorl. Jónsson.	Magnús Blöndahl,
	Stefán Stefánsson.

19. Breyt.till. við B. VIII. 6. 1. sþ. með 12 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bened. Sveinsson,	Bjarni Jónsson,
Björn Sigfússon,	Jón Ólafsson,
Eggert Pálsson,	Björn Kristjánsson,
Einar Jónsson,	Björn Þorláksson,
Hálfd. Guðjónsson,	Hannes Hafstein,
Jón Jónsson N.-M.,	Jóh. Jóhannesson,
Jón Sigurðsson,	Jón Jónsson, S.-M.,
Pétur Jónsson,	Jón Magnússon,
Sig. Sigurðsson,	Jón Þorkelsson,
Skúli Thoroddsen.	Magnús Blöndahl,
Stefán Stefánsson,	Sigurður Gunnarss.
Þorl. Jónsson,	

20. Breyt.till. 287 fallin af sjálfu sér.

21. Breyt.till. 283 við B. VIII. b. 2. sþ. með 15 : 1 atkv.

22. Breyt.till. við B. VIII. b. 2. tekin aftur.

23. Breyt.till. við B. VIII. b. 3. sþ. með 13 samhlj. atkv.

24. Breyt.till. 281 við (12) B. VIII. b. 4. feld með 15 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Jón Ólafsson,
Ben. Sveinsson,	Björn Sigfússon,
Björn Kristjánss.,	Eggert Pálsson,
Björn Þorláksson,	Einar Jónsson,
Jóh. Jóhannesson,	Hannes Hafstein,
Jón Sigurðsson,	Hálfdan Guðjónss.,
Magn. Blöndahl,	Jón Jónss., N.-M.
Þorl. Jónsson.	Jón Jónss., S.-M.
	Jón Magnússon,
	Jón Þorkelsson,
	Pétur Jónsson,

Nei:
Sig. Gunnarsson.
Sig. Sigurðsson,
Skúli Thoroddsen,
Stefán Stefánsson,

25. Breyt.till. 265 við B. VIII. b. 5. a. tekin aftur.

26. Breyt.till. við B. VIII. b. 5. b. sþ. með 12 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Bened. Sveinsson,	Bjarni Jónsson,
Björn Kristjánss.,	Jón Ólafsson,
Björn Sigfússon,	Eggert Pálsson,
Björn Þorláksson,	Einar Jónsson,
Hálfdan Guðjónss.,	Hannes Hafstein,
Jón Jónss., N.-M.	Jóh. Jóhannesson,
Jón Sigurðsson,	Jón Jónsson, S.-M.
Magnús Blöndahl,	Jón Magnússon,
Sig. Gunnarsson,	Jón Þorkelsson,
Sig. Sigurðsson,	Pétur Jónsson,
Skúli Thoroddsen,	Stefán Stefánsson.
Þorl. Jónsson.	

27. Breyt.till. við B. VIII. c. samþ. með 20 samhlj. atkv.

28. Breyt.till. við B. VIII. c. samþ. með 21 samhlj. atkv.

29. Breyt.till. við B. VIII. c. tekin aftur.

30. Breyt.till. 265 við B. VIII. d. feld með 12 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Jón Ólafsson,	Bjarni Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Bened. Sveinsson,
Björn Sigfússon,	Björn Þorláksson,
Hálfdan Guðjónss..	Eggert Pálsson,
Jón Jónsson, N.-M.,	Einar Jónsson,
Jón Þorkelsson,	Hannes Hafstein,
Magnús Blöndahl,	Jóh. Jóhannesson,
Sig. Gunnarsson,	Jón Jónss., S.-M.
Sig. Sigurðsson,	Jón Magnússon,
Skúli Thoroddsen,	Jón Sigurðsson,
Þorl. Jónsson.	Pétur Jónsson,
	Stefán Stefánsson.

31. Viðaukatill. 277 á eftir B. VIII. d. sþ. með 15 : 1 atkv.

32. Breyt.till. við B. VIII. k. samþ. með 20 samhlj. atkv.

33. Breyt.till. 281 (13) við B. VIII. l. fyrri liður feldur með 15 : 1 atkv.; síðari liður feldur með 16 : 7 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Björn Kristjánss.,
Jón Ólafsson,	Björn Sigfússon,
Ben. Sveinsson,	Björn Þorláksson,
Jóh. Jóhannesson,	Eggert Pálsson,
Jón Þorkelsson,	Einar Jónsson,
Sig. Gunnarsson,	Hannes Hafstein,
Þorl. Jónsson.	Hálfdan Guðjónss.,
	Jón Jónsson, N.-M.,
	Jón Jónsson, S.-M.,
	Jón Magnússon,
	Jón Sigurðsson,
	Magnús Blöndahl,
	Pétur Jónsson,
	Sig. Sigurðsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Stefán Stefánsson.

34. Br.till. 297 við B. VIII. l. feld með 17 : 2 atkv.

35. Br.till. við B. IX. a. b. tekin aftur.

36. Br.till. 289 við B. XI. sþ. með 16 shlj. atkv.

37. Br.till. n. 307 við B. XI. samþ. með 18 shlj. atkv.

14. gr. með áorðnum breytingum sþ. með 22 shlj. atkv.

15. gr.

1. Br.till. 281 (14) við 1. b. feld með 20 : 2 atkv.

2. Breyt.till. við 1. d. feld með 15 : 5 atkv.

3. og 5. br.till. 295 (1. og 2.) við 1. i. og k. sþ. með 18 shlj. atkv.

4. Breyt.till. við 1. k. sþ. með 18 shlj. atkv.

6. Br.till. við 2. a—d. sþ. með 17 shlj. atkv.

7. Br.till. við 2. tekin aftur.

8. Breyt.till. við 3. sþ. með 12 shlj. atkv.

9. Breyt.till. við 3. tekin aftur.

10. Br.till. við 4. b. sþ. með 13 : 4 atkv.

11. Br.till. 295. (1. og 2.) við 4. b. samþ. með 13 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Jón Ólafsson,
Björn Kristjánss.,	Ben. Sveinsson,
Björn Sigfússon,	Eggert Pálsson,
Björn Þorláksson,	Hannes Hafstein,
Einar Jónsson,	Jón Jónsson, S.-M.,
Hálfdan Guðjónss.,	Jón Magnússon,
Jóh. Jóhannesson,	Jón Sigurðsson,
Jón Jónsson, N.-M.,	Jón Þorkelsson,
Pétur Jónsson,	Magnús Blöndahl,
Sig. Gunnarsson,	Stefán Stefánsson.
Sig. Sigurðsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Þorl. Jónsson.	

12. Br.till. við 4. e. samþ. með 14 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Jón Ólafsson,
Björn Sigfússon,	Bened. Sveinsson,
Björn Þorlákss.,	Björn Kristjánss.,
Einar Jónsson,	Eggert Pálsson,
Jóh. Jóhannesson,	Hannes Hafstein,
Jón Jónsson N.-M.	Jón Magnússon,
Jón Jónsson S.-M.,	Jón Þorkelsson,
Jón Sigurðsson,	Magnús Blöndahl.
Pétur Jónsson,	
Sig. Gunnarsson,	
Sigurður Sigurðss.,	
Skúli Thoroddsen,	
Stefán Stefánsson,	
Þorleifur Jónsson.	

13. Br.till. við 5. tekin aftur.

14. Br.till. við 7. samþ. með 17 : 1 atkv.

15. Br.till. 295 (3) við 7 b feld með 15 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Björn Kristjánss.,
Jón Ólafsson,	Björn Sigfússon,
Bened. Sveinsson,	Björn Þorláksson,
Einar Jónsson,	Eggert Pálsson,
Hannes Hafstein,	Hálfdan Guðjónss.,
Jón Þorkelsson,	Jóh. Jóhannesson,
Magnús Blöndahl,	Jón Jónsson N.-M.
Sig. Gunnarsson.	Jón Jónsson S.-M.,
	Jón Magnússon,
	Jón Sigurðsson,
	Pétur Jónsson,
	Sig. Sigurðsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Stefán Stefánsson,
	Þorleifur Jónsson.

16. Br.till. 295 (4) við 7 sjálffallin.

17. — — (5) — 7 sömuleiðis.

18. — — — — 7 samþ. með 18 shlj. atkv.

19. Breyt.till. við 7 b tekin aft.

20. —— — 7 c sþ. með 15 shlj. atkv.

21. Br.till. við 7 c feld með 13 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Jón Ólafsson,
Björn Sigfússon,	Ben. Sveinsson,
Eggert Pálsson,	Björn Kristjánss.,
Hálfdan Guðjónss.,	Björn Þorláksson,
Jóh. Jóhannesson,	Einar Jónsson,
Jón Jónsson N.-M.,	Hannes Hafstein,
Jón Sigurðsson,	Jón Jónsson S.-M.
Sig. Sigurðsson,	Jón Magnússon,
Skúli Thoroddsen,	Jón Þorkelsson,
Þorl. Jónsson.	Magnús Blöndahl,
	Pétur Jónsson,
	Sig. Gunnarsson,
	Stefán Stefánsson.

22. Br.till. við 8 tekin aftur.

23. — — 9 sömuleiðis.

24. — 295 (9) á eftir 9.:

Fyrri liður samþ. með 22 shlj. atkv.
Síðari — — — 22 — —

25. Br.till. við 10 tekin aftur.

26. — — 11 samþ. með 13 : 8 atkv.

27. Br.till. á eftir 12 sjálffallin.

28. Br.till. 281 (15) við 13 samþ. með 16 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Björn Þorláksson,
Jón Ólafsson,	Eggert Pálsson,
Ben. Sveinsson,	Einar Jónsson,
Björn Kristjánss.,	Hálfdán Guðjónss.,
Björn Sigfússon,	Jón Magnússon,
Hannes Hafstein,	Sig. Sigurðsson,
Jóh. Jóhannesson,	Stefán Stefánsson.
Jón Jónsson N.-M.,	
Jón Jónsson S.-M.,	
Jón Sigurðsson,	
Jón Þorkelsson,	
Magnús Blöndahl,	
Pétur Jónsson,	
Sig. Gunnarsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Þorleifur Jónsson.	

29. Br.till. 273 við 13 sjálffallin.

30. — 281 (16) við 14 feld með 14 : 5 atkv.

31. Breyt.till. á eftir 17 lið feld með 12 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Jón Ólafsson,
Ben. Sveinsson,	Björn Þorláksson,
Björn Kristjánss.,	Eggert Pálsson,
Björn Sigfússon,	Hannes Hafstein,
Einar Jónsson,	Hálfdan Guðjónss.,
Jón Jónsson N.-M.,	Jóh. Jóhannesson,
Jón Sigurðsson,	Jón Jónsson S.-M.
Jón Þorkelsson,	Jón Magnússon,
Magnús Blöndahl,	Pétur Jónsson,
Sig. Gunnarsson,	Sig. Sigurðsson,
Skúli Thoroddsen,	Stefán Stefánsson,
	Þorleifur Jónsson.

32. Breyt.till. 281 (21) á eftir 17. lið samþ. með 13 : 3 atkv.

33. Breyt.till. 281 (21) á eftir 17. lið samþ. með 12 : 11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Björn Sigfússon,
Jón Ólafsson,	Eggert Pálsson,
Benedikt Sveinss.,	Einar Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Hannes Hafstein,
Björn Þorláksson,	Hálfdan Guðjónss.,
Jóh. Jóhannesson,	Jón Jónsson S.-M.,
Jón Jónsson N.-M.,	Jón Magnússon,
Jón Sigurðsson,	Pétur Jónsson,
Jón Þorkelsson,	Sigurður Sigurðss.,
Magnús Blöndahl,	Stefán Stefánsson,
Sigurður Gunnarss.,	Þorleifur Jónsson,
Skúli Thoroddsen,	

34. Breyt.till. 281 (17) við 18. og 19. feld með 15 : 3 atkv.

35. Breyt.till. við 19. feld með 13 : 8 atkv.

36. Breyt.till. við 19. tekin aftur.

37. Breyt.till. við 21. sömuleiðis.

38. Breyt.till. 28 1(18) við 22. feld með 16 : 7 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Jón Ólafsson,
Benedikt Sveinss.,	Björn Kristjánsson,
Björn Sigfússon,	Björn Þorláksson,
Jón Jónsson N.-M.,	Eggert Pálsson,
Jón Sigurðsson,	Einar Jónsson,
Magnús Blöndahl,	Hannes Hafstein,
Þorl. Jónsson.	Hálfdan Guðjónss.,
	Jóh. Jóhannesson,
	Jón Jónsson S.-M.
	Jón Magnússon,
	Pétur Jónsson,
	Sigurður Gunnarss.,
	Sigurður Sigurðss.,
	Skúli Thoroddsen,
	Stefán Stefánsson.

Jón Þorkelsson greiddi ekki atkv. og taldist með meiri hlutanum.

39. Breyt.till. við 22. samþ. með 12 : 8 atkv.

40. Breyt.till. við 22. samþ. með 14 : 4 atkv.

41. Breyt.till. 281 (19) við 23. feld m. 16 : 2 atkv.

42. Breyt.till. 281 (19) við 23. feld með 15 : 7 atkv.

43. Breyt.till. 281 (20) við 24. feld með 15 : 3 atkv.

45. Breyt.till. 281 (22) við 25. sjálffallin.

46. Breyt.till. 274 við 25. samþ. með 21 shlj. atkv.

47. Breyt.till. eftir 28. lið samþ. með 12 : 11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Björn Kristjánsson,
Jón Ólafsson,	Björn Sigfússon,
Benedikt Sveinsson,	Björn Þorláksson,
Eggert Pálsson,	Einar Jónsson,
Hannes Hafstein,	Hálfdan Guðjónss.,
Jón Magnússon,	Jóh. Jóhannesson,
Jón Þorkelsson,	Jón Jónsson N.-M.,
Pétur Jónsson,	Jón Jónsson S.-M.,
Sig. Gunnarsson,	Jón Sigurðsson,
Sig. Sigurðsson,	Magnús Blöndahl,
Skúli Thoroddsen,	Þorleifur Jónsson.
Stefán Stefánsson.	

48. Breyt.till. 281 (23) við 29. samþ. með 14 : 3 atkv.

49. Viðaukatill. 267 eftir 29, fyrri liður feldur með 12 : 7 atkv., síðari liður samþ. með 15 : 5 atkv.

50. Breyt.till. 295 við 30. feld með 12 : 8 atkv.

51. Viðaukatill. 300 eftir 30 feld með 13 : 2 atkv.

52. Breyt.till. 295 (6—8) samþ. án atkv.gr.

53. Breyt.till. 295 (10) sþ. án atkv.gr.

54. —— 295 (11) — — ——

55. a. Breyt.till 281 (24) aftan við gr. feld með 12 : 11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Björn Kristjánsson,
Jón Ólafsson,	Björn Sigfússon,
Ben. Sveinsson,	Eggert Pálsson,
Björn Þorláksson,	Einar Jónsson,
Jóh. Jóhannesson,	Hannes Hafstein,
Jón Jónsson N.-M.,	Hálfdan Guðjónss.,
Jón Jónsson S.-M.,	Jón Magnússon,
Jón Þorkelsson,	Jón Sigurðsson,
Magnús Blöndahl,	Pétur Jónsson,
Skúli Thoroddsen,	Sig. Gunnarsson,
Þorleifur Jónsson.	Sig. Sigurðsson,
	Stefán Stefánsson.

55. b. Breyt.till. 316 við 24 feld með 13 : 4 atkv.

56. Breyt.till. 281 (25) aftan við 25. feld með 18 : 5 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Jón Ólafsson,
Ben. Sveinsson,	Björn Kristjánsson,
Jón Jónsson N.-M.,	Björn Sigfússon,
Jón Þorkelsson,	Björn Þorláksson,
Skúli Thoroddsen.	Eggert Pálsson,
	Einar Jónsson,
	Hannes Hafstein,
	Hálfdan Guðjónss.,
	Jóh. Jóhannesson,
	Jón Jónsson S.-M.,
	Jón Magnússon,
	Jón Sigurðsson,
	Magnús Blöndahl,
	Pétur Jónsson,
	Sig. Gunnarsson,
	Sig. Sigurðsson,
	Stefán Stefánsson,
	Þorleifur Jónsson.

57. Breyt.till. 281 (26) aftan við gr. samþ. með 14 : 9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Björn Sigfússon,

Já:	*Nei:*
Bened. Sveinsson,	Björn Þorláksson,
Björn Kristjánsson,	Hannes Hafstein,
Eggert Pálsson,	Hálfdan Guðjónss.,
Einar Jónsson,	Jón Jónsson N.-M.,
Jóh. Jóhannesson,	Jón Sigurðsson,
Jón Jónsson S.-M.,	Sig. Sigurðsson,
Jón Magnússon,	Skúli Thoroddsen,
Jón Þorkelsson,	Þorl. Jónsson.
Magnús Blöndahl,	
Pétur Jónsson,	
Sig. Gunnarsson,	
Stefán Stefánsson.	

Jón Ólafsson greiddi ekki atkv. og taldist með meiri hlutanum.

15. gr. samþ. með áorðnum breytingum með 22 shlj. atkv.

16.—21. gr. 24. og 25. marz.

Framsögumaður (Skúli Thoroddsen): Eg lít svo á, að háttv. þm. Barð. (B. J.) hafi lokið framsögu um þessar gr., áður en hann fór. Þess vegna og hins, að nefndarálitið gerir grein fyrir till. fjárlaganefndar, þá finn eg ekki ástæðu til að segja neitt um málið að svo komnu, en geymi það þangað til eg heyri undirtektir einstakra þgm.

Magnús Blöndahl: Eg get ekki látið umr. um þessar greinar fjárlaganna ganga svo fram hjá mér, að eg minnist ekki á einstaka pósta.

Eg get búizt við því, að sumum hv. þingdm. sé sárt um sumar till. sínar, sem eg get þó ekki varist að segja, að lýsi, sumar hverjar, allmikilli ágengni á landssjóð. Það er líkast því sem sumum mönnum þyki aldrei skorin nógu breið ræma af hrygglengju landssjóðs.

Af þessum upphæðum skal eg fyrst snúa mér að styrkinum til smjörbúanna. Eg verð að halda því fram fyrir mitt leyti, að tími sé kominn til þess að nema þessa fjárveitingu algerlega burtu. Þessi styrkur var í öndverðu veittur í því skyni að örfa bændur til smjörgerðar. Það er hvorttveggja, að tilgangurinn var góður, enda hefir þetta gefist vel. En nú er smjörframleiðslan orðin svo mikil og arðvænleg, að engin ástæða er til, að styrkurinn haldist lengur, og sízt að hann fari hækkandi. Það er ekki nema sanngjarnt, þegar litið er á aðra staði í fjárlögunum og athugað hvílíkar fúlgur landbúnaðurinn fær úr landssjóði. Því enginn atvinnuvegur annar á landi hér kemst þar í námunda við. Menn munu, ef til vill, segja, að þessi atvinnnvegur gefi landssjóði svo mikið í aðra hönd. En það er hin mesta fjarstæða. Eg get sýnt það með órækum tölum, að landbúnaðurinn fær meira úr landssjóði en nemur því, sem hann gefur af sér í landssjóð. Eg er viðbúinn að sýna það, ef nokkur mótmæli rísa gegn því, sem eg hefi sagt.

Þá verður fyrir mér 15. liður á atkvæðaskránni. Þar leggur nefndin til, að styrkur til verzlunarskólans verði færður úr 5000 kr., sem stjórnin hefir lagt til að hann verði, niður í 3000 kr. Mér er ekki fyllilega ljóst, af hverri ástæðu nefndin leggur þetta til. Það má með sanni segja, að verzlunarstétt þessa lands hefir ekki verið gert hátt undir höfði með fjárframlög hingað til, enda hefir sú stétt ekki borið sig mikið eftir fé úr landssjóði. Því sanngjarnara er að verða við slíkri beiðni, ekki sízt þar sem skólinn er að allra áliti ein hin þarfasta stofnun og getur fyllilega mælt sig við hverja aðra mentastofnun á þessu landi. Svo miklar byrðar ber þessi stétt, að sanngjarnt er að veita nægilegt fé til þessa skólahalds.

Þá verður fyrir mér viðaukatill. á þgskj. 266, sem fer fram á að veita 500 kr. styrk til afborgunar á verkfærum til að gera við skilvindur. Mig

stórfurðar á því, að hreppapólitíkin skuli ganga svo vítt, sem hér er raun á orðin. Eg hefði ekki trúað nokkurum manni til þess að flytja slíka beiðni fram á alþingi Íslendinga. Það er engu líkara en að menn, sem slíkar till. flytja, skoði landssjóð sem nokkurs konar ölmususjóð, sem hver einstaklingur geti hlaupið í þegar hann langar til. Eg skal ekki dvelja lengur við þennan lið, því að eg tel sjálfsagt, að hann verði skorinn niður hér í deildinni.

Þá skal eg snúa mér að lánveitingunum og verður fyrst fyrir till. um lánveitingu til Sláturfélags Suðurlands. Það getur vel verið, að þessi lánveiting sé sanngjörn í alla staði, eg skal ekki um það dæma; en kynlega kemur mér það fyrir, að jafnmargar sýslur og hér eiga hlut að máli skuli ekki geta fengið sér þessa upphæð á annan hátt.

Í þessu sambandi get eg ekki varist að minnast á breyt.till. á þgskj. 288, um að veita kaupfélaginu Ingólfi 60 þús. kr. lán. Það liggur við, að maður fari að hætta að skilja, hver takmörkin eru fyrir því að lán verði veitt úr landssjóði, ef slík till. nær fylgi hér. Ef kaupfélög geta ekki lifað án þess að landssjóður hlaupi undir bagga með þeim, þá held eg, að þau hafi engan rétt til þess að lifa (*Jón Ólafsson*: Heyr). Að minsta kosti er full ástæða til að rannsaka vel ástand og efnahag félagsins, áður en slík lánbeiðni er veitt.

Loks er viðaukatill. á þgskj. 256 um að bændum verði veitt 20 þús. kr. lán úr viðlagasjóði til þess að kaupa girðingarefni. Frá mínu sjónarmiði er hinu sama að gegna um þessa lánbeiðni sem aðrar þær, er eg hefi vikið á. Ef þetta mál er nauðsynlegt ættu bændur að geta fengið lánið hjá bönkunum hér. Búskapur landssjóðs er ekki svo góður, að hann geti veitt slík lán. Eg held, að full ástæða sé til að fara varlega í þessu efni og reynandi sé að afla sér fjár á einhvern annan hátt.

Að svo stöddu skal eg ekki tala meira um þessi efni, en geymi mér rétt til þess að svara þeim mótmælum, sem eg get búist við að verði hreyft af þeim þgm., sem riðnir eru við þau atriði, sem eg hefi nú talað um.

Björn Þorláksson: Eg á hér nokkrar breyt.- og viðaukatill., sem eg skal leyfa mér að minnast nokkuð á.

Á þgskj. 293 hefi eg farið fram á, að Ingvari E. Ísdal verði veitt lán úr viðlagasjóði að upphæð 12 þús. kr. til þess að koma upp tréverksmiðju á Seyðisfirði gegn ábyrgð, er stjórnin tekur gilda. Þessi maður hefir áður komið upp slíkri verksmiðju fyrir aðstoð bæjarfélagsins á Seyðisfirði. Þessi verksmiðja var fullkomin að öllu leyti og hafði nóg að gera. En maðurinn varð fyrir því óhappi, að verksmiðjan brann, og þótt húsið og verkfærin væru vátrygt, beið maðurinn töluverðan skaða og sökum fátæktar hefir hann ekki getað komið upp verksmiðjunni aftur. Nú er því engin slík verksmiðja til á Austfjörðum og mundi hún þó standa betur að vígi þar en víðast annarsstaðar vegna þess, að samgöngur eru þar góðar og pantanir mundu afgreiðast fljótt. Hættulaust er og að veita þetta lán, þar sem stjórnin getur ráðið kjörunum. Þessi lánbeiðni er svo réttmæt, að eg býst við að háttv. þingdm. ljái henni fylgi sitt, þegar til atkv. kemur.

Annað atriðið, sem eg vildi minnast á, er till. á þgskj. 262 um fjárveiting til Eiðaskólans. Skólinn hefir staðið lengi,

var stofnaður 1883, og þótt aðsóknin hafi oft ekki verið mikil, hafa þó oftast verið þar 10—12 piltar og stundum fleiri. Piltarnir hafa ekki einungis verið úr Múlasýslum, heldur margir úr Þingeyjarsýslum, Skaftafellssýslum og jafnvel úr fjarlægari sýslum landsins. Skólinn hefir gert mjög mikið gagn, bæði með eftirdæmi sínu og því, að að frá honum hafa komið margir nýtir menn. En hann hefir aldrei getað notið sín fullkomlega, vegna fjárskorts og þess vegna aldrei haft efni á að byggja viðunandi skólahús, og húsaskortur hefir stöðugt staðið honum fyrir þrifum, þangað til nú, að bygt hefir verið nýtt hús.

Á þinginu 1905 voru gefin út lögin um bændaskólana á Hólum og Hvanneyri, og tillagið til Eiðaskólans minkað um 1000 kr. á ári. Þegar þm. komu heim og þetta fréttist, sló óhug á alla vini skólans, og var þá boðað til sameiginlegs fundar fyrir Múlasýslur og rætt um, hvað til bragðs ætti að taka, með því að það var augljóst, að það mundi erfitt fyrir Eiðaskólann að þrífast, þegar tillagið var minkað. Umræðurnar voru miklar og var það afráðið, að halda áfram kenslunni. Það sem réð þessum úrslitum var það, að menn sáu í hendi sinni, að yrði skólinn lagður niður, mundi Austurland bíða við það ómetanlegt tjón.

Vegna þess hvað þessi landshluti er afskektur, vaknaði áhugi á búnaðarstörfum og jarðabótum seinna þar en víða annarsstaðar, en þegar hér var komið, var þó slíkur áhugi vaknaður. Nú sáu menn, að búnaðaráhugi mundi stórum minka, ef dæmi skólans tapaðist. Sömuleiðis hefir alt af á Austurlandi verið skortur á mönnum til að vinna að jarðabótum, og sá skortur mundi hafa orðið enn tilfinnanlegri, ef skólinn hefði lagst niður, því hætt var við, að fáir mundu sækja skóla í aðra landsfjórðunga, og ekki var heldur hægt að gera sér von um, að fá menn úr öðrum landsfjórðungum til slíkra starfa, því flestir munu að loknu námi leita heim í átthaga sína og setjast þar að.

Skólahúsið nýreista á Eiðum hefir nú kostað yfir 30 þús. kr. og fullbúið mun það kosta nál. 40 þús. kr. Það er bygt úr steinsteypu, milli 20 og 30 álnir á lengd, og nál. 16 álnir á breidd. Kjallari er undir því öllu og tvílyft með vatnsleiðslu. Skólastofum mun vera þannig hagað, að rúm er fyrir 30 nemendur auk þess, sem þeir, sem sækja mundu búnaðarnámskeiðin, gætu fengið húsnæði í gamla skólahúsinu.

Af þessu má sjá, að Eiðaskólinn er nú þannig úr garði gerður, að hann fullnægir í aðalatriðum ákvæðum laganna frá 1905 um bændaskóla. En af þessu hefir leitt, að sýslan hefir orðið að taka stórt lán, til þess að geta staðið straum af skólanum. Skólahúsið hefir kostað 30—40,000 kr. og 1905 lækkaði landssjóðstillagið um 1000 kr. og að lokum, þegar amtssjóðirnir hættu að vera til, tapaði skólinn 600 kr. á ári Af þessu leiðir, að skólinn skuldar nú. Samkvæmt áætlun er gert ráð fyrir að skuld hans nemi um 7000 kr. í fardögum 1910, auk byggingarkostnaðarins. Sýslufélögunum er því ofraun að komast úr þessu af, nema með talsverðum styrk, einkum þegar tillit er tekið til stórra útgjalda, er þau hafa orðið að ráðast í síðastliðin ár, til síma, brúa, sjúkraskýla o. fl.

Eg vona að háttv. þingd. skilji, að það er eðlilegt og óhjákvæmilegt, að leita styrks til landssjóðs. Eg vil því leyfa mér að styðja þá till., að skólinn fái að minsta kosti hálfan byggingarkostnað endurborgaðan og aukið tillag til reksturskostnaðar. Þetta tel eg

sanngjarnt og eðlilegt. Hér er um að ræða eina skólann á Austurlandi.

Norðurland hefir t. d. þrjá skóla, nfl. gagnfræðaskólann á Akureyri, bændaskólann á Hólum og kvennaskólann á Blönduósi, og eg veit ekki betur, en að gagnfræðaskólinn og bændaskólinn fái alt sitt fé úr landssjóði, og auk þess nýtur kvennaskólinn mjög mikils styrks þaðan. Eg get ekki annað séð, en að Austurland væri mjög afskift, ef því væri neitað um nauðsynlegt fé til þess eina skóla, sem það hefir.

Í þessu sambandi vil eg geta þess að þrátt fyrir erfiðan fjárhag, þá hefir Eiðaskóli orðið á undan hinum skólunum að byggja.

Hið þriðja, sem styður styrkbeiðnina er það, að skólinn vinnur ekki einungis Austurlandi gagn, heldur hefir hann unnið, og mun vinna, öðrum landshlutum gagn. En auðvitað er það, að stærst er það gagn, er hann vinnur Austurlandi. Eg gæti nefnt marga bændur, sem unnið hafa mjög mikið að því, að bæta ábýlisjarðir sínar, og eg get líka talað þar með af eigin reynslu, af því eg hefi dálítið unnið; en aðalhvötin hjá mörgum eystra er frá Eiðaskólanum. Dæmi hans knúði mig til starfa, og svo mun vera með fleiri.

Fjórða atriðið, sem styður styrkbeiðnina, er það, að eg hefi tekið eftir því, og fyrir mörgum árum ritað grein um það, að Austurland, miðað við fólksfjölda, borgar meira í landssjóð en nokkur önnur héruð landsins. Eg tek hér eitt ár, árið 1907. Í bók þessari sem eg held hér á, er sundurliðaður reikningur landssjóðs fyrir s. á. Aðaltekjugreinir landssjóðs eru sundurliðaðar eftir sýslum og kaupstöðum, og sé það talið saman, sem þannig rennur í landssjóð frá Múlasýslum og Seyðisfjarðarkaupstað, verða það 170 þús., eða $^1/_7$ af öllum tekjum landssjóðs. Eftir þessu ætti að taka, því það er ósanngjarnt, að sá landshlutinn, sem geldur mest, fái minst úr landssjóðnum.

Eg ætla að geta þess strax, að eg veit, að margir þeirra, sem ekki vilja vera liðugir í garð skólans, munu segja, að nemendur séu nú furðu fáir, og því líti ekki út fyrir, að mikil þörf hafi verið á stóru húsi eða miklum útgjöldum. — Nú eru nemendur skólans 18, og eins og eg gat um áðan, hafa þeir aldrei fyr getað verið margir sökum húsnæðisleysis. Orsökin til þess, að nemendur eru ekki fleiri nú, getur verið sú, að menn vissu ekki nógu snemma, hvort skólinn yrði svo tímanlega tilbúinn, að hann gæti tekið á móti fleiri piltum, og full líkindi eru fyrir því, að aðsóknin muni aukast að stórum mun.

Eins og eg gat um áðan, fer tillagan fram á það eitt, að hálfur byggingarkostnaður sé greiddur úr landssjóði og reksturskostnaður skólans hækkaður að mun. Fjárlagafrumvarp stjórnarinnar lagði til, að 1500 kr. yrði veittar skólanum til reksturskostnaðar. Það er of lítið, og í till. er því farið fram á að hækka það upp í 3 þús. kr. hvort árið.

Þetta sýnist mér ekki hávær krafa; það er ekki nema tæpur helmingur af reksturskostnaði skólanna á Hvanneyri og Hólum, því þingið leggur nú til, að veittar séu rúmar 6000 kr. til hvors þeirra.

Sigurður Sigurðsson: Eg álít það mjög óheppilegt að fara að byrja á umr. er stefna að því, að gera upp á milli landbúnaðarins og sjávarútvegsins hér á landi og fella dóm um það, hvorn þeirra eigi að meta meira. Eg vil að minsta kosti ekki taka þátt í

þeim umr., nema sem allra minst, en eg er þó neyddur til að víkja nokkrum orðum að hv. 2. þm. Rvk. (M. B.)

Þm. byrjaði ræðu sína á mati milli þessara tveggja sjálfsögðu atvinnuvega og talaði um mann, sem vildi rista breiðar lengjur af landssjóðnum til landbúnaðarins. Hann nefndi þó ekkert dæmi því til sönnunar, og gat það heldur ekki, enda hyggilegast að fara ekki langt út í þá sálma. Eg held það sé hollast fyrir hinn háttv. þm. að flytja einhver rök og koma með tölur, er sanni mál hans vilji hann endilega byrja á svona löguðu mati. Eg er þess albúinn að hlusta á þær tölur og svara þeim á sama hátt og skal gera það þegar háttv. þm. hefir komið með skýrslu sína.

Þm. mintist á smjörbúin. Þau eru þyrnir í augum ýmsra efnaðri manna í Reykjavík og þeim er illa við þau, af því þeim þykir smjörið of dýrt. Háttv. þm. þykir undarlegt að styrkja þau og vill að styrknum sé kipt burtu. Eg hefi líka hugsað mér, að styrkurinn hverfi með tímanum á þann hátt, að hann verði smá minkaður, og min till. fer að eins í þá átt að honum sé ekki kipt svo brátt í burtu, eins og frv. stjórnarinnar fer fram á. Það virðist einnig sanngjarnt að farið sé hægt í það að minka þenna styrk, meðan peningavandræðin eru jafn mikil og þau eru nú. Eg álít mjög óheppilegt að stofna búunum í vanda með þessu, því það viðurkenna víst flestir, að þau hafa gert mjög mikið gagn. Eg skal annars ekki tala frekar fyrir till., eg álít hún mæli sjálf með sér. Tilgangurinn er að eins sá, að styrkurinn minki hóflega og smátt og smátt.

Sami háttv. þm. mintist á lánið til Sláturfélags Suðurlands og taldi það undarlegt, ef slíkt lán væri veitt. Mér þykir þetta þó dálítið undarlegt, að háttv. þm. telur þetta lán eftir, einmitt þegar hann sjálfur kemur fram með till. um að veita manni lán til sláturhússtofnunar hér í Reykjavík. Ef þetta er ekki slæm og illörtuð atvinnupólitík, þá veit eg ekki hvað það er. Eg held það sé miklu skynsamlegra að heimila lán til félags en til einstaks manns, og auk þess er það óþarfi að fara að koma hér upp öðru sláturhúsi, þetta hús, sem Sláturfélag Suðurlands hefir komið upp, er svo gott, að það fullnægir kröfum manna að öllu leyti.

Þá mintist sami háttv. þm. á till. mína um lán til girðingarefniskaupa, og hélt, að bændur ættu að geta klofið þann kostnað lántökulaust, ef girðingarnar væru eins arðvænlegar og sagt væri. Eg vil leiða hjá mér að svara þm. hvað þetta efni snertir, því hann virðist ekki bera mikið skyn á það mál, þótt hann sé að tala um það. Flestum öðrum en honum mun vera það ljóst, að þetta er nauðsynleg till. til þess að hvetja bændur til að girða. Mér virðist það ótrúleg biræfni af þm. að koma með þannig löguð mótmæli gegn þessari lánveitingu og yfir höfuð gegn öllum fjárveitingum til landbúnaðarins, sem hann þekkir ekkert til, þar sem þó samtímis er verið að hlynna að þeim atvinnuveg, sem hann vill styðja.

Áður en eg lýk máli mínu vil eg leyfa mér að minnast á eina breyt.till., er nafn mitt stendur við. Hún er þess efnis, að Oddi Oddssyni á Eyrarbakka o. fl. sé veittur 500 kr. styrkur til að afborga lán, sem þeir tóku til verkfærakaupa til þess að geta gert við skilvindur o. fl. verkfæri. Eg vil geta þess að svona verksmiðja er mjög þörf, því í Árnes- og Rangárvallasýslum eru skilvindur á því nær hverjum bæ, en þær vilja oft bila og er þá mjög óþægi-

legt að þurfa að fara með þær til Reykjavíkur til aðgerðar. Betra að hafa slíka verksmiðju nálægt sér, svo að viðgerðir taki sem stytstan tíma, og tapið við bilun skilvindunnar verði sem minst. Um manninn er það að segja, að hann er góður smiður og smekkmaður á allar smíðar. Hann er fátækur og hefir lagt mikið í kostnað við að koma verksmiðjunni á fót; mér finst það því sanngjarnt að hann fái fé þetta. Hann hefir heldur ekki haft ráð á því eða kringumstæður til að snúa sér til erlendra auðmanna og fá þá til þess að hlaupa undir bagga, með því að gerast hluthafar í fyrirtækinu, eins og stundum hefir átt sér stað hér á landi, þegar um fyrirtæki hefir verið að ræða, er lent hafa í kröggum.

Þorleifur Jónsson: Eg hefi leyft mér að koma með þá litlu breyt.till., er hljóðar um það, að ábúandanum á Tvískerjum í Öræfum sé veittur styrkur, svo hann geti haldist við á ábúðarjörð sinni, og geti haldið áfram að taka móti ferðamönnum og veita þeim beina.

Breyt.till. þessi er ekki stór, að því leyti, að það sem fram á er farið, er ekki neitt stórfé, en hún er þýðingarmikil vegna þess, að ef hún gengur fram, gæti það orðið til þess, að líf ferðamanna og skipbrotsmanna gæti verið miklu betur borgið á þessum stöðum.

Bóndinn á Tvískerjum hefir sent þessa fjárbeiðni til alþingis, og hefir hún komið fyrir fjárlaganefnd, en hún hefir ekki álitið það óeðlilegt, sem farið er fram á, þótt hún hafi ekki getað aðhylst, að veita upphæð þá, sem beðið var um.

Sandarnir í Skaftafellssýslu eru langir og torsóttir yfirferðar, ekki síst á vetrardag, þegar vötn eru slæm, þeir eru flestir regluleg eyðimörk. Á Breiðamerkursandi var í fyrri daga eigi alllítil bygð, sem kölluð var Breiðamörk. Nú er þessi bygð að mestu leyti horfin og ekki annað eftir af henni, en þetta eina býli, Tvísker. En eyðileggingin heldur smátt og smátt áfram, sandurinn eykst, en graslendið minkar, svo að nú eru engjar jarðarinnar alveg afteknar og haglendi horfið eða að hverfa.

Tvískerjabóndinn verður að kaupa heyskap að, og sækja hann um 2 mílur vegar vestur fyrir sandinn. Nú er svo komið fyrir þessari jörðu, að af graslendi því, er henni fylgdi er að eins túnbletturinn eftir, sem gefur af sér 50—60 hesta.

Það er mjög óheppilegt, ef býli þetta legst í eyði. Á sandinum eru mörg stór vötn og ill yfirferðar, þar á meðal Jökulsá og Breiðárvötn o. fl. Það er því afar mikilsvert, að bygð geti haldist við á þessum stað, svo að ferðamenn geti haft þar hæli í illviðrum, og svo að þeir geti fengið þar fylgdir yfir hin vondu vötn.

Því er miður, að óvíða mun hægt að benda á staði á eyðisöndum og heiðum þessa lands, nálægt alfaravegum, þar sem hægt væri að halda uppi bygð, sem ferðamenn gæti leitað hælis í illviðrum, en ef hægt væri að benda á slíka staði, væri eðlilegt og sjálfsagt, að slíkt væri styrkt með fjárframlagi. En hér stendur svo vel á, að á þessum stað er gömul bygð, og að eins lítið fjárframlag gæti hamlað því, að hún fari í eyði.

Þessum stað er þannig háttað, að hann getur orðið mörgum mönnum til lífs og bjargar, en þar er ekki lífvænlegt lengur, og er það hinn mesti skaði, ef bygðin þar skyldi leggjast niður, því ábúandinn hefir verið, eins og aðrir Öræfingar hinn gestrisnasti, og greiðugur að fylgja mönnum yfir

vötnin og Breiðumerkurjökul, og það oftast endurgjaldslítið. Með leyfi hv. forseta, þá ætla eg að lesa upp kafla úr bréfi til þingsins frá bóndanum í Tvískerjum. Honum farast þannig orð: »Nú er það álit allra kunnugra, sem hér þekkja til, að hér á Tvískerjum þurfi að vera bygð, svo að hægt sé, að bjarga ferðamönnum, sem oft þurfa að leita hingað, einkum á vetrum í slæmu veðri og ófærum vötnum, til þess að fá beina, húsaskjól og fylgdir yfir vötn. Væri hér ekki bygð gæti oft hlotist af því stórslys og manntjón. Árið 1905 strandaði gufuskip hér á Breiðamerkursandi í janúar með 11 mönnum, sem að líkindum allir hefðu beðið bana, hefði eg ekki fundið þá og bjargað þeim heim til mín samstundis, því þeir voru lagstir fyrir upp undir Jökli, hraktir og illa til reika á miðjum sandinum, en vindur var á norðan með miklu frosti og komið var að kveldi dags. Einnig strandaði nærri á sama stað árið 1906 í febrúar gufuskip með 13 mönnum, sem varð það til lífs, að þeir komust hingað að kvöldi dags, hraktir og þreyttir og gat eg skotið skjóli yfir þá og veitt þeim beina. Mörg dæmi mætti fleiri til nefna, er sýna, að nauðsyn sé á, að hér sé bygð. En þar sem jafn-kostbært og erfitt er að búa, þá mun ekki hægt, að öllu leyti, að komast hér af með eigin efnum«. Þetta eru dæmi þess, að fyrir það, að bygð er á þessum sandi, þá hefir verið bjargað tveimur skipshöfnum hvort árið eftir annað. Eins og mönnum er kunnugt, þá eru engir vitar á þessu svæði, sem þó er stór nauðsyn á, t. d. Ingólfshöfða, en því meiri ástæða er til þess, að mannabygð sé haldið við á Tvískerjum. — Eg skal þá ekki fjölyrða meir um þetta, en skal víkja með fáum orðum að þeim kafla fjárlaganna, sem nú er til umræðu.

Það hefir komið tillaga um það, að Eiðaskólanum verði veittur styrkur til byggingar, og h. þm. Sfjk. (B. Þ.) hefir greinilega sýnt fram á þörf þess. Eg skal geta þess, að eg hafði ekki framan af mikla trú á þessum skóla. En á seinni árum hefir alt fyrirkomulag hans breytst, og skólinn komist í það horf, sem nú þykir bezt henta um slíkar stofnanir. Kenslukraftar munu nú vera góðir þar, og yfir höfuð hafa Múlasýslurnar lagt mikið á sig, til að gera stofnun þessa svo úr garði, að hún stæði ekki að baki hinum bændaskólunum. Eg álít það hafi verið skakt af þinginu, að gera ekki Eiðaskólann að landsskóla, því að það getur ekki álitist ósanngjarnt, að ein mentastofnun sé á Austurlandi. Það er farið fram á, að landssjóður greiði helming byggingarkostnaðarins, og eg álít það sé það minsta, sem Austfirðingar geti heimtað, því að þeir ættu að fara fram á, að skólinn yrði gerður að landsskóla og landssjóður þannig tæki hann alveg að sér. Búnaðarskólarnir eru nauðsynlegir ekki að eins til þess, að vekja áhuga bændaefna og leiðbeina þeim í búnaði, heldur líka til þess, að bændaefni geti á þeim fengið dálitla almenna mentun. Því að nú er það svo margt, sem heimtað er af bændum og margar skyldur lagðar þeim á herðar af löggjafarvaldinu, t. d. að sitja í ýmsum nefndum og þótt eg ekki nefni annað en hreppsnefndirnar, sem nýlega hefir verið gert að skyldu, að halda margar bækur, eg man ekki hvað margar, en nógu margar til þess, að það er of vaxið mönnum, sem engrar mentunar hafa notið, að færa allar þær bækur svo í lagi sé.

Þegar á það er litið, að nú á tímum er búskapurinn að ýmsu leyti erfiður, og sú atvinnugrein útheimtir nú miklu frekar en áður útsjón, dugnað og mentun, útheimtir skilning á tíðarandanum og breytingum þeim, er til bóta mættu verða í þeirri atvinnugrein með samvinnu, félagsskap o. fl., þá er auðsætt, að heppilegt væri, að sem flest bændaefni gæti átt kost á góðri mentun á góðum bændaskólum. — Eg hef raunar heyrt það á einum þingmanni, að hann hefir talið eftir þann styrk, sem veittur er til landbúnaðarins, og er það að vísu ekki óeðlilegt, að heyra slíkt, þar sem að löggjafar þjóðarinnar eru svo margir frá kaupstöðum og vita ekki né þekkja hvers þörf er í sveitum, og gera sér ekki nægilega grein fyrir því, hversu mikið er varið í það, að landbúnaðurinn blómgist og jarðræktun aukist. En hvað yrði úr kaupstöðunum, ef sveitirnar ekki legðu mennina til í kaupstaðina, því hingað til hefir fjölgan fólks í kaupstöðunum mest orðið fyrir flutning úr sveitunum. En mér skilst, að eftir því sem sveitirnar blómgast meira, því meira verður gengi kaupstaðanna á ýmsan hátt.

Eg skal ekki fara mörgum orðum um hinar ýmsu breytingartillögur, sem hér liggja fyrir, en að eins geta þess, að þótt eg sé yfir höfuð mjög mótfallinn hinum svokölluðu bitlingum, þá lýsi eg því samt yfir, að eg er meðmæltur því, að frú Torfhildur Holm fái þessa litlu hækkun, sem fram á er farið, 160 kr. á ári.

Við höfum ekki átt marga kvennrithöfunda og engan sem að minsta kosti hefir verið eins afkastasamur og frú Torfhildur Hólm. Hún hefir varið æfi sinni til að rannsaka og grúska í sögu landsins frá fyrri öldum, til þess að gefa mönnum ljósari og áreiðanlegri myndir af ýmsum mikilmennum þeirra tíma, heldur en þær þurru frásagnir, er finnast í annálum og ýmsum ritum frá þeim öldum. Aðalritverk hennar er eins og kunnugt er, 3 skáldrit bygð á sögulegum grundvelli um biskupana Jón Arason, Brynjólf Sveinsson og Jón Vídalín, og hefir alþýðu manna fallið þessi rit hennar vel í geð, og þeirra vegna er rétt, að hún fái dálítinn styrk.

Eg býst líka við því, að ef karlmenn hefðu samið slíkar bækur myndi ýmsum hafa þótt þeir hinir sömu styrks maklegir. Kona þessi er nú komin á elliár, er á sjötugsaldi en heldur þó stöðugt áfram ritstörfum, og mér finst hún því fyllilega makleg þessarar litlu viðurkenningar.

Pétur Jónsson: Það er sérstaklega eitt atriði, sem eg ætla að minnast á, það er búnaðarskólarnir. Mér finst þar eins og raunar í öllum okkar skólamálum, að eitt reki sig á annars horn. Áður voru búnaðarskólarnir fjórðungaskólar og haldið uppi af héruðunum með styrk úr landssjóði, 2,500 kr. til hvers á ári að jafnaði.

Á fjórðungaskólunum var kenslan bæði verkleg og bókleg, og voru skólabúin rekin upp á skólanna kostnað, og urðu þeir því að binda sig við þann nemendafjölda, sem hæfilegur var fyrir skólabúið. Skólarnir bygðust á því, að nemendurnir hefðu ársvist í skólunum, og varð þá vinnukrafturinn oft að lélegum notum, og mátti helzt ekki vera fleiri en sem svarar 12 nemendum á hverjum skóla, til þess að skólabúin gætu borið það.

Skólarnir voru sveltir upp af fjárskorti, skólabúskapurinn í hálfgerðu basli og kenslukraftar ónógir. Þá myndaðist sú skoðun, einkum meðal

yngri búfræðinga, að heppilegra væri að hafa skólana að eins tvo, láta þá eigi hafa annað en bóklegu kensluna að annast beinlínis, og gera þá sæmilega úr garði. Þessa stefnu tók millilþinganefndin, sem skipuð var í landbúnaðarmálinu 1904. Var frumv. frá henni lagt fyrir þingið 1905 um stofnun 2 landbúnaðarskóla, er tækju á móti 40 nemendum hvor. Voru það fleiri nemendur en allir 4 fjórðungsskólarnir gátu tekið til samans. Jafnframt þessu plani var það ákveðið, að verkleg kensla yrði fengin að sumu leyti á skólajörðinni sjálfri, því þar átti að reka búskap, er gæti haft verklega kenslu á hendi. Sömuleiðis var skírskotað til þess, að tvær gróðrarstöðvar væru til, og að plægingarkensla færi fram í Brautarholti. Nefndin áleit því alla þessa staði sem sjálfkjörna til verklegrar búnaðarkenslu. En jafnframt því var gert ráð fyrir, að hafa hina tvo skóla, Ólafsdalsskólann og Eiðaskólann til þess að veita mönnum verklega kenslu og styrkja þá til þess af landsfé. Þannig var þá séð fyrir miklu meiri og betri verklegri kenslu en á búnaðarskólunum fjórum. Það var auðvitað, að til þess að þessir tveir nýju bændaskólar kæmu að notum, yrðu þeir að vera sem bezt settir fyrir landshelmingana. Nefndin ákvað ekkert um það, hvar skólana skyldi setja, nema að annar væri sunnanlands, hinn í Norðurlandi. En alþingi sló því föstu, að annar þeirra skyldi vera á Hvanneyri en hinn á Hólum. En að þetta hafi ekki verið als kostar heppilega ráðið um skólann á Norðurlandi, er nú komið í ljós. Um Ólafsdalsskólann hefir sú ráðstöfun, sem gerð var 1905 haldist; en það var bezti skólinn áður í raun-inni og átti að því leyti mestan rétt á sér. Um Eiðaskólann hefir farið á annan veg. Til hans hafði verið varið minstu fé, og hann hafði verið minst sóttur, var í langminstum skuldum, og þar af leiðandi léttast að breyta honum. Með breytingu á þessum 2 skólum í verkl. kenslustofnanir var séð fyrir því, að tillit væri tekið til staðhátta, og mismunandi ásigkomulags í þeirri grein kenslunnar, sem er staðháttum háð. Bókleg kensla er það alls eigi. Hana má framkvæma hvar sem er á landinu jafnt, ef skólarnir eru þægilegir aðsóknar. En það mun nú hafa verið hvorttveggja, að Austfirðingum mun hafa fundist þeir vera sviftir skóla, þótt þaðan útskrifuðust ekki nema 3 menn á ári, og sérstaklega þegar þeim var gert örðugt með að sækja norðlenzka bændaskólann með því að hafa hann á Hólum. Var það fyrsta sporið til að slá villu í þetta skólaplan. En eigi að síður álít eg, að Austlendingar hafi farið rangt að, þegar þeir héldu því til streitu, að halda uppi bóklegum skóla hjá sér, en sætta sig eigi við ráðstöfun alþ. 1905, eins og Vestfirðingar. Þeir áttu að leggjast á þá sveifina, að fá bændaskólann færðan frá Hólum á þann stað, sem beztur var til sóknar fyrir landshelminginn Norður- og Austurland, og að skólinn væri að öðru leyti svo úr garði gerður, að hann tæki á móti sæmil. aðsókn úr þessum landshelmingi. Í þess stað ráðast þeir í þessa stóru byggingu, sem þeim er hurðarás um öxl, í trássi við guð og menn. Eiðaskólinn, sem áður var skuldlaus að mestu, og sæmilega á sig kominn til þess, sem þingið ætlaði honum að vera, er nú kominn í botnlausar skuldir, ekki einungis fyrir þetta nýbygða stóra skólahús upp á 40,000 kr., heldur að auki, eftir því sem mér skildist á hv. þm. Sfjk., (B. Þ.) nál. 7000 kr. skuld fyrir rekst-

urskostnað, sem héruðin ekki gátu staðið straum af. Hann er því mjög nálægt því að vera fjárglæfrafyrirtæki. Og svo eru ekki önnur ráð, en að skella þessu, þegar í skömmina er komið, upp á landssjóð að miklu leyti. Landssjóður virðist og eftir tillögum austfirzku þm. um árskostnað til skólans, að eiga að taka hann upp sem þriðja landsskólann í þessari grein. Að samþykkja þær tillögur þykir hvorki meira né minna. Eg hefi því þá aðstöðu í máli þessu, að eg er á móti hækkuðum ársstyrk til skólans. Þar á móti sé eg eigi önnur ráð, en að hlaupa undir bagga með héruðunum um þennan mikla byggingarkostnað, þó hann sé illa til kominn; því að á það er að líta, að þau geta eigi undir honum risið; en húsið myndarlegt og getur orðið að einhverjum opinberum notum. Eg er því í þessu efni þvert á móti fjárlaganefndinni.

Aftur á móti er eg henni samþykkur um, að fella fjárveiting til skólahúss á Hólum. Það var óhappið, sem ef til vill hefir komið þessum Eiðaskólavandræðum á stað, að skólinn var settur þar fastur. Það væri engin furða, þótt mínir héraðsbúar létu til sín heyra í þessum skólamálum. Þeir hafa engan landsskóla hjá sér og kæra sig ekki um það, og sækja þó skóla ekki síður en aðrir. En engin furða er það þó þeim mislíki, að senda börn sín á afskektustu staði, eða í mestu fjarlægð, svo sem bændaefnin að Hólum eða Eiðum og konuefnin að Blönduósi, ef ekki suður í Rvík.

Framsögumaður (Skúli Thoroddsen): Að því er viðvíkur till. 2. þm. Rvk. (M. B.) um styrkinn til verzlunarskólans, hefir fjárlaganefndin enga ástæðu séð til að hækka styrk þennan eins gífurlega og stjórnarfrumvarpið fer fram á, nefnilega um 2000 kr. á ári. — Lítur fjárlaganefndin svo á, sem kaupmannastétt Reykjavíkur, sem gengist hefir fyrir því, að koma skólanum á fót, sé eigi um megn, að styrkja skólann meira en gert hefir verið, og álítur, að landssjóðstillagið, 3000 kr. árlega, sé nægilegt.

Hinn háttv. þm. Sfjk. (B. Þ.) hefir farið fram á lán til trésmíðaverksmiðju á Seyðisfirði. Fjárlaganefndin sér sér ekki fært að mæla með slíkri lánveitingu. — Trésmíðaverksmiðjur eru nú þegar komar á fót á fimm stöðum hér á landi. Verksmiðja Jóh. Reykdals í Hafnarfirði var fyrsta trésmíðaverksmiðjan, sem sett var á stofn hér á landi, og því þótti þá ástæða til að hjálpa henni, þar sem um nýtt iðnaðarfyrirtæki var að ræða, en nú, er slíkar verksmiðjur eru orðnar svo margar hér á landi, sem fyr segir, virðist ástæðulaust, að landssjóður sé að styrkja þær, og efla þannig samkepni með því að styrkja sumar en ekki allar.

Þá ætla eg að snúa mér að Eiðaskólanum; þingið ákvað árið 1905 að hafa að eins tvo bændaskóla á landinu, en styrkja verklegar búnaðaræfingar á Eiðum og í Ólafsdal. Hvernig er er nú þessu tekið? Í stað þess að taka þessu, sem komið var, og sætta sig við tilhögun alþingis, og reyna þá heldur, að fá henni síðar breytt, gerast Múlsýslungar, eða réttara sagt sýslunefndir þeirra, ólöghlýðnar og segja: »Þetta þolum vér eigi!« Þeir byggja dýrt hús á Eiðum, sem kostar 40,000, kr. en lenda í standandi vandræðum, sem fyrirsjáanlegt var, og segja síðan þinginu að borga hálfan byggingarkostnaðinn. Ráðandi menn í Múlasýslum hafa því reist sýslubúum sínum hurðarás um öxl og gengið í berhögg við vilja þingsins, þar sem þeir eigi gátu

bygt skólahúsið af eigin efnum, og þar sem þeir hafa beitt ráðríki, þá er þeim það í alla staði maklegt, að þeir taki sjálfir afleiðingar breytni sinnar.

Hvað mundi verða sagt af þingmanna hálfu, ef lýðháskólinn á Hvítárbakka að alþingi fornspurðu bygði sér skólahús fyrir 40,000 kr., eða þá Flensborgarskólinn, og heimtaði síðan, að alþingi legði fram byggingarkostnaðinn eða megnið af honum?

Fjárlaganefndin hefir nú lagt það til, að skólanum verði hjálpað á þann hátt, að hækka ársstyrkinn til hans úr 1500 kr. í 2500 kr., og að veita honum að auk 1000 kr. árlega til húsmæðrafræðslu. Byggingarstyrk sér nefndin sér ekki fært að leggja til, að veittur verði, og það því síður, sem hún ræður til þess, að neitað verði um styrk til byggingar á Hólum og Hvanneyri, og er þó þörfin í því efni rík, ekki síst hvað Hvanneyri snertir. Verða skólar þessir að reyna að bjargast til næsta þings.

Hinn háttv. þm. Sfjk. (B. Þ.) hældist um yfir því, að Austfirðingar væru þegar búnir að byggja sitt skólahús á undan bændaskólunum. Þetta hefði nú verið lofsvert, ef þeir hefðu sjálfir getað borgað byggingarkostnaðinn, og ekki þurft að flýja á náðir þingsins; en fyrirtækið verður síður hrósvert, þegar í það var ráðist að alþingi fornspurðu og landinu þó ætlað að borga.

Satt er það að vísu, að Múlasýslur borga allmikið í landssjóð; en hvað er það á móts við það, er Ísfirðingar greiða í landssjóð, og verða þó mjög afskiftir, er til fjárveitinga kemur? En á þetta ber alls eigi að líta, heldur á hitt, hvar þörfin er brýnust í hvert skifti, og landinu í heild sinni heillavænlegast.

Eg skal og benda á, að þó að þingið sinni eigi málaleitun Múlsýslunga að þessu sinni, þá er enginn vafi á því, að þingið verður síðar að hlaupa hér undir bagga, svo að einstökum gjaldendum til sýslusjóða í Múlasýslum verði eigi íþyngt óbærilega. En að þeir verði að bíða til næsta þings, og hafa einhver ráð til þess tíma, það er eigi að eins eðlilegt, eins og fjárhagnum nú er varið, heldur ætti það og að verða sjálfsögð afleiðing af ráðríkistiltektum sýslunefndanna.

Að nauðsyn hafi borið til þessara tiltekta, sakir þess, hve örðugt sé fyrir Austfirðinga að sækja bændaskólann á Hólum, hygg eg að sé lítilfjörleg afsökun, eins og samgöngum umhverfis landið nú er háttað.

Þá má geta þess viðvíkjandi styrknum til bóndans í Tvískerjum, að nefndin álítur 200 kr. árlega nægilegan styrk, en gerir styrkupphæðina þó ekki að ágreiningsefni.

Að því er snertir þá tillögu nefndarinnar, að þeir $^2/_3$ hlutar sektarfjár og andvirði upptæks afla og veiðarfæra botnverpinga, fyrir ólöglegar fiskiveiðar, er áður runnu í ríkissjóð renni hér eftir í landssjóð, skal eg geta þess, að þar sem Danir vildu fallast á það í millilandanefndinni, að fiskiveiðaréttur þeirra í landhelgi hér við land, sé talin borgun fyrir strandvarnirnar, gizka eg á, að þessi tillaga nefndarinnar mæti ekki mótspyrnu af Dana hálfu, ef þingið samþykkir hana.

Að því er tillögur um lánveitingar snertir, telst svo til, að upphæðin öll mundi nema hér um bil 403,500 kr., kr, auk þess er landssjóður tæki að sér ábyrgð á láninu til berklaveikrahælisins. Eg hygg nú, að öllum muni ljóst, að ef allar þessar lánveitingar yrðu samþyktar, gæti landssjóður sint mjög fáum þeirra, og sé því rétt að fara varlega í þeim efnum. — Að því er snertir lánveitingu til sýslumannsins í

Rangárvallasýslu, sér fjárlaganefndin sér eigi fært, að mæla með henni, þar sem það kynni að draga þann dilk á eftir sér, að aðrir sýslumenn færu hins sama á leit. — Láni til vatnsveitu í Hafnarfirði er nefndin og móthverf, telur kaupstaðnum það eigi ofætlun, að hafa önnur útispjót; sama er og um lán til slátrunarhúss Gunnars Einarssonar. Þó er eg fyrir mitt leyti meðmæltur láninu til þess, en meirihluti nefndarinnar var því mótfallinn. Hann setur ágætt veð, húsið sjálft með öllum útbúnaði.

Jón Jónsson (1. þm. N.-Múl.): Eg sýndi fram á um daginn, að við Austfirðingar hefðum viljað gæta hófs í fjárkröfum til þingsins. Er því eðlilegt að við fylgjum fast fram þeim fjárbænum, sem við höfum gert að okkar áhugamálum.

Við eigum breyt.till. við þennan kafla fjárlaganna, um styrk til Eiðaskólans. Þetta hefir mætt allmiklum andmælum, talin frekja úr Austfirðingum að halda áfram skóla á Eiðum og byggja dýrt hús, þvert ofan í bændaskólalögin, og heimta svo byggingarstyrk úr landssjóði.

Mér var kunnugt áður, að háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) vill að eins hafa tvo bændaskóla í landinu. Furðar mig því ekki á, að hann mótmæli fjárveitingum til Eiðaskólans. Þakka eg honum þó fyrir, að hann er fylgjandi byggingarstyrknum, og viðurkennir rétt okkar að því leyti.

Eg verð að mótmæla því fyrir hönd Austfirðinga, að við séum óhæfilega heimtufrekir í þessu máli, þvert á móti álít eg að þingið hafi gert okkur rangt til með bændaskólalögunum. Þá hafði alllengi staðið búnaðarskóli á Eiðum, eins og í öðrum fjórðungum landsins. Þetta er og hefir verið eina mentastofnunin á Austurlandi auk barnaskóla. Með lögunum erum við sviftir tillagi úr landssjóði til skólans. Það var fyrir mestu náð, að við fengum á síðasta þingi lítilfjörlegan styrk til verklegrar kenslu á Eiðum.

Austfirðingar líta svo á þetta mál, að þingið hafi gert þeim rangt til í þessu. Ummæli háttv. framsm. (Sk. Th.) um heimtufrekju og stífni í þessu máli eru mjög ómakleg. Eg vil biðja háttv. þm. að setja sig sem snöggvast í spor okkar Austfirðinga. Við höfum um mörg ár haft áhuga á að gera skólann á Eiðum myndarlega stofnun, er yrði til að efla búnaðarframfarir og menningu í Austfirðingafjórðungi. En svo koma þessi bændaskólalög er setja okkur stólinn fyrir dyrnar og kollvarpa eiga öllum okkar framtíðarvonum um slíka mentastofnun.

Þessi mótbyr varð til þess eins að knýja okkur áfram með skólann. Hugur ræður hálfum sigri, hugsuðum við. Þetta er einkenni framgjarnra manna, að láta ekki hugsjónirnar kafna í fæðingunni, heldur berjast fyrir þeim og koma þeim til framkvæmda.

Þessi verklega kensla á Eiðum með 1500 kr. styrk á ári úr landssjóði gat ekki orðið að verulegum notum, og við gátum alls ekki sætt okkur við hana. Öðru máli var að gegna, hefði verið stofnað fyrirmyndarbú þar fyrir alt landið. Því hefðum við tekið vel. En til þess hefði þurft miklu meira fé úr landssjóði.

Þá vil eg benda á, að erfitt er fyrir Austfirðinga að sækja skólann á Hólum, enda er húsrúm þar af skornum skamti. Reynslan er sú, að skólarnir hafa langmest áhrifin á sveitirnar í kringum þá. Og á Austfjörðum er svo mikill landbúnaður, að búnaðarskóli hefir þar nóg að starfa. Ekki sýnist nein sanngirni í því, að hrúga saman fjölda skóla á vissum stöðum á land-

inu á landssjóðs kostnað, en synja einstöku landshlutum um styrk til skóla, og það skóla í sveit, einni álitlegustu sveit landsins, Fljótdalshéraði.

Háttv. þm. S.-Þing. (P. J.), var að tala um, að við værum búnir að vekja upp draug, er við gætum ekki ráðið við. Sú samlíking á hér ekki við. Menningarstofnun, sem vandað hefir verið til eftir kröfum nútímans, á þingið að styrkja eftir mætti, en ekki að kveða niður.

Þó þingið fyrir harðfylgi einstakra manna aðhyllist þá stefnu að hafa skólana að eins tvo, eru skiftar skoðanir manna á þessu út um land. Eg vona því að þingið nú hangi ekki í neinu »principi«, að því er þetta mál snertir, en viðurkenni í verkinu nauðsynina að hlynna sem bezt að Eiðaskólanum. Húsrúm á Eiðum er nú litlu minna, en á hinum búnaðarskólunum, enda ber þess að gæta að í skólann geta fengið inngöngu menn af öllu landinu.

Eg vona því, að hin háttv. deild taki þessu máli vel og verði við sanngjörnum óskum okkar Austfirðinga, þrátt fyrir þau andmæli, sem fram hafa komið.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Það eru að eins 2 mál, er eg vil fara hér nokkrum orðum um.

Það er þá fyrst um Eiðaskólann. Eg get ekki neitað því, að mér virðist háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) og háttv. framsm. (Sk. Th.) báðir fara mjög ómaklegum orðum og ástæðulausum um um þetta mál. Þar sem því var haldið fram, að Múlsýslungar hefðu reist sig upp á móti þinginu, þá er þar til að svara, að þeir tóku málið einmitt á þann veg, er þeim bar að gera. Þingið ákvað að verkleg búnaðarkensla skyldi vera á Eiðum. Henni hefir verið haldið uppi — og þótt sýslurnar hafi ráðist í að reisa skólahús, er kostar um 40 þús. kr., þá verður það ekki skoðað sem nein móðgun við þingið. En það gera engin tvö sýslufélög að gamni sínu, að leggja á sig jafnþunga byrði (40 þús. kr.), þegar óvíst er um nokkurn stuðning, og það finst mér alveg óréttmætt, er hinn háttv. framsm. (Sk. Th.) sagði, að sýslunefndirnar hefðu sýnt ráðríki einnig gagnvart kjósendum (þeim er þá menn kusu í sýslunefnd). Þetta getur ekki verið af öðru en ókunnugleika mælt, því að allir 5 þm. Múlsýslnanna vita það, að sýslunefndirnar hafa hér látið að vilja sýslubúa, enda hafa þeir verið endurkosnir í sýslunefnd, er hafa viljað styðja Eiðaskólann.

Þegar bornir eru saman skólarnir á Eiðum og á Hólum, þá mun flestum finnast sanngjarnt, að styðja hinn fyrnefnda, þar sem hitt er aftur margra manna álit, að á Hólum ætti skóli alls ekki að vera.

Á Hvanneyri er hinsvegar bæði þörf á skólahúsi og auk þess á sá skóli beina heimting á því, ef lögunum skal fullnægja, því að skólinn getur ekki þrifist án sæmilegs skólahúss. En þetta mál liggur að vísu ekki fyrir nú. Háttv. fjárlaganefnd hefir ekki viljað sinna áskorun Múlasýslna um það, að sýslurnar fái sem svarar $^1/_2$ kostnaðinum við húsbygginguna. Þessi synjun er þó mjög ósanngjörn. Múlasýslur eru miklu ver settar en flestir hinir landshlutarnir, og hafa sjálfar lagt meira á sig en nokkrar aðrar sýslur. Háttv. framsm. (Sk. Th.) var að bera saman það sem Ísafjörður legði til landssjóðs og það sem Múlasýslurnar legðu til. Eg skal ekki vefengja þann samanburð, en hér er þó harla ólíkt aðstöðu. Landssjóðstekjurnar úr Ísafirði

eru tollar og útflutningsgjald, og miðað við góð fiskiár vestra, en fiskileysisár eystra.

Að öðru leyti má geta þess um skólana á Hvanneyri og Eiðum, að til Hvanneyrar er mjög auðvelt að sækja af Vesturlandi, en miklum erfiðleikum bundið fyrir Austfirðinga, svo og fyrir Þingeyinga og Austur-Skaptfellinga. Þeim yrði sú ferð mjög tilfinnanleg í samanburði við það að sækja að Eiðum.

Þá vil eg minnast á þá till., sem fer fram á að lækka styrk þann til verzlunarskólans, er tiltekinn er í fjárlagafrv. Háttv. framsm. (Sk. Th.) sagði, að skólanum mundi koma lítill styrkur annarsstaðar frá. Þetta hlýtur að vera af ókunnugleika mælt, því eg vona að allir sjái, að þessi ummæli geta ekki verið á rökum bygð. Skólinn hefir á 2 síðustu árum notið 3 þús. kr. styrks úr landssjóði — en skólakostnaðurinn hefir verið á 6. þús. kr. á ári. Það getur því ekki verið lítið, sem skólinn hefir orðið að fá annarsstaðar frá. Skólinn hefir notið mikils styrks frá einstökum kaupmönnum í Reykjavík og frá kaupmannafélaginu og frá verzlunarmannafélaginu, enda þótt flestallir meðlimir þess síðarnefnda félags séu fátækir verzlunarmenn; en þeir sýna, að þeir kunna að meta mentunarfæri. Auk þess hefir skólanum verið sendir peningar frá einstökum kaupmönnum úti um land. Það er ekki lengra af að segja en það, að með síðasta pósti fékk hann peningasendingu frá einum verzlunarstjóra á Austurlandi. Sýnir þetta alt saman, að álit á skólanum er gott meðal verzlunarstéttarinnar, og eg vona, að hann eigi það skilið.

Háttv. framsm. (Sk. Th.) hlýtur því að sjá, að skólinn hefir að minsta kosti fengið á 3. þús. kr. annarsstaðar frá árlega. Og eg efast um, að nokkur skóli fái jafnmikið annarsstaðar frá sem einmitt þessi skóli.

Styrkur sá, er fjárlagafrumv. fer fram á, er bygður á beiðni skólastjórnarinnar, og sú beiðni er aftur bygð á því, að brýn þörf er nú orðin á að bæta við einum námsbekk í skólanum til þess að kenslan geti orðið fullkomnari. Ef skólinn fengi þessa viðbót, þá mundi hann geta boðið jafngóða og ámóta viðtæka fræðslu og slíkir skólar erlendis, en væntanlega betur sniðna eftir vorum þörfum og því notasælli.

Eg vona að menn sjái, að það fé er í rauninni sparað landinu, sem ekki þarf að ganga til útlanda, og er betra að því sé varið til líkrar fræðslu eða framkvæmda hér, eins og þar er hægt að fá. Auk þess er hverjum einstakling það töluvert dýrara að dvelja við nám erlendis, og þar við bætist einnig, að verzlunarnemendur hafa ekki eins mikil not af erlendri fræðslu og þeirri sem þeir geta fengið hér. Verzlunarlöggjöfin er á dönsku og snertir ekki Ísland, nema að eins að því er til víxla og tjekkávísana kemur.

Við verzlunarskóla Íslands hefir verið reynt að laga kensluna eftir íslenzkum háttum og þörfum Íslendinga yfirleitt. Skólinn hefir aukið tilsögnina eftir efnum og ástæðum. Tvö fyrstu árin kenslan yfirgripsminni; þá var ekki kend »National Økonomi«, en nú er 2 ára kensla í þeirri grein, enda verður það að teljast alveg nauðsynlegt. Íslenzk verzlunarlöggjöf er og nú kend, en fyrstu árin var ekki annað kent en víxilréttur. Vil eg halda, að kenslan sé í þessum efnum meiri hér en í dönskum verzlunarskólum.

Ef styrkur frumv. verður látinn halda sér, þá gæti skólinn aukið kensluna, og yrðu útgjöldin þá árlega 6800

kr., og því 1800—2000 kr., sem yrði að fá annarsstaðar frá.

Það var bent á það áðan, að þar sem skólinn væri í Reykjavík, þá mundi hann og koma Reykvíkingum mest að notum.

Þar til er þessu að svara: 1. árið var helmingur námsmanna úr Rvík, en nú er ekki nema $^1/_5$ hluti þeirra héðan, hinir $^4/_5$ eru viðsvegar annarsstaðar af landinu, úr flestöllum sýslum landsins.

Fyrst voru nemendur úr 14 sýslum landsins, en nú eru þeir úr 18.

Nú eru 50 nemendur á sjálfum skólanum og auk þess 22, sem taka þátt í ýmsum kenslugreinum. Mega því nemendur í raun réttri teljast 72.

Menn hafa oft talað um það, hve mikið hver stétt legði til landssjóðs. Nú vita bæði hv. framsm. (Sk. Th.) og allir aðrir, að verzlunarstéttin leggur þar mest fram, og að þetta er auk þess eina styrkbeiðnin frá þeirri stétt, styrkbeiðni sem miðar að því að gera verzlunarmennina hæfa til starfa sins. En það vita líka allir, að menn hafa hingað til orðið að taka hverja þá í þessa stöðu, sem boðist hafa, og þessir verzlunarþjónar hafa að jafnaði verið mjög ófróðir um það, sem að starfa þeirra lýtur. Nú eiga menn kost á að velja í þessa stöðu þá menn, sem hafa sérþekkingu í starfi sínu. Má geta þess, að af þeim sem hafa útskrifast af þessum skóla, munu sárfáir vera, sem ekki hafa þegar fengið atvinnu — eða boðist hún, það munu vera 2—3, er ekki hafa þegið boðið. Eg get líka skýrt frá því, að um miðjan vetur nú voru þegar komnar beiðnir um 4 verzlunarmenn, af þeim er nú eiga að útskrifast í vor. Þetta sýnir traust, er kaupmenn bera til þessarar stofnunar. Vona eg, að nú hafi eg talið næg rök fyrir því, að full sanngirni sé að veita skólanum þennan styrk, miðað við gagn það er hann gerir. Sjálfur er eg ekki svo mjög við þennan skóla riðinn, kenni þar að eins 2—3 námsgreinar og geri það mér í skaða, af rækt við skólann, svo að enginn getur álitið annað en að eg geti talað hér með óhlutdrægni og sanngirni. Skólinn hefir verið svo heppinn, að allir kennarar hans hafa lagt kapp á, að kenslan yrði honum að sem beztum notum. Það er öllum, sem að honum standa, áhugamál, að honum vegni vel.

Áður en eg sezt niður, vil eg minnast á einn lið, er mitt nafn er við kent; það er breyt.till. sem fer fram á styrk til frú Torfhildar Þ. Holm.

Torfhildur Holm hefir um nokkur ár haft 200 kr. á ári, en nú er farið fram á að þessi styrkur sé hækkaður um 160 kr. Og þó verður upphæðin tæplega svo há, að hún nemi 1 kr. á dag. Vona eg, að þeir háttv. þgm. sem hafa verið svo örir á að styrkja karlmenn á líkan hátt, fari nú ekki að níðast á einni konu, þegar um slíkt er að ræða. Og Torfhildi Holm hefir ekki farið aftur, þótt hún sé nú tekin fast að eldast; næstsíðasta stærra rit hennar: »Jón Vídalín«, er víst bezta bókin, sem hún hefir samið. Hún er því á framfaraskeiði þrátt fyrir aldurinn.

Björn Þorláksson: Eg ætla að segja örfá orð út af ummælum hv. framsm. (Sk. Th.). Mér þótti leiðinlegt, hve illa hann tók málaleitan minni. Vona þó að hann fallist síðar á, hve nauðsynlegt þetta er og styðji það við atkv.gr.

Hann gat þess, að Austfirðingar hefðu sýnt óhlýðni og ráðríki í þessu máli. Þessu vil eg algerlega mótmæla. Sýslu-

nefndarmennirnir sem réðu því til lykta, að verklegri kenslu skyldi halda áfram á Eiðum, hafa einmitt traust almennings í Múlasýslum. Ef þeir hefðu gengið í máli þessu gegn vilja almennings, þá hefðu þeir varla verið endurkosnir við næstu sýslunefndarkosningar. En nú voru þeir endurkosnir, og sýnir það meðal annars, að almenningur hefir borið traust til þeirra. Og óhlýðni við lögin getur þetta heldur ekki kallast. Það getur ekki verið skylda manna að verða viljalausir og leggja árar í bát, þótt þingið geri einhverja ályktun, er ríða í bága við vilja manna, eins og þingið 1905 gerði.

Háttv. þgm. S.-Þing. (P. J.) lagði það til, að Eiðaskóli yrði gerður að bændaskóla. Þetta get eg þakkað honum fyrir, enda væri það mjög eðlilegt og æskilegt, en að svo stöddu er ekki nægur undirbúningur fenginn til þessa. Eg er hinsvegar fullviss um, að sýslunefndirnar yrðu fúsar á að gefa landssjóði eignir skólans og afhenda hann um leið þar með landssjóði.

Háttv. framsm. (Sk. Th.) gat þess, að eg hefði hrósað Múlsýslungum fyrir að hafa orðið fyrri til að reisa skólahúsið, en þetta átti ekki að vera neitt hrós, það var að eins satt og rétt skýrt frá. Skólahúsið á Eiðum er auk þess bezta og vandaðasta skólahúsið, þar sem búnaðarkensla er.

Hinsvegar hrósar hv. framsm. (Sk. Th.) sér, er hann segir að fjárlaganefndin hafi gert vel til Austfirðinga, hún hafi veitt 1000 kr. til húsmæðraskóla á Eiðum. Fyrir þetta vil eg þó hvorki hrósa né þakka honum; frá sýslunefndum Múlasýslna mun engin beiðni vera komin um þennan styrk, og eigi hann að verða að nokkru verulegu gagni, er hætt við, að sýslurnar þurfi að hafa nokkurn aukakostnað.

Eg tók það fram, að Múlasýslur borgi mest, tiltölulega, í landssjóð. Þetta vildi háttv. framsm. (Sk. Th.) vefengja og sagði, að Ísafjarðarsýsla og kaupstaður einn saman borgaði meira. Það vill nú svo vel til, að eg hefi hér bók fyrir mér, þar sem sjá má að Múlasýslur borguðu árið 1907 í landssjóð 60 þús. krónum meira en Ísafjarðarsýsla og kaupstaður gerði, og það er þrefalt meiri upphæð en hér er farið fram á að veita upp í byggingarkostnað á Eiðum.

Enn fremur sagði hv. framsm. (Sk. Th.), að vér hefðum farið ógætilega og stofnað oss í kostnað, væri því réttast að vér lægjum þar sem vér værum komnir. Út af þessu tek eg fram, að það er búið að borga kostnað þennan og hefir verið tekið lán til þess. Ummæli háttv. framsm. (Sk. Th.) eru því mjög óviðeigandi. En sýslufélögunum yrði auðvitað mjög erfitt að halda stofnuninni uppi framvegis. Að vísu mundi það takast með einu móti, nefnilega því að flest-allar aðrar framkvæmdir væru látnar sitja á hakanum. En það er bersýnilega frágangssök, og má því segja, að þessari stofnun verði ekki vel haldið uppi, nema landsjóður hlaupi undir bagga.

Björn Kristjánsson: Eg hef gerst flutningsmaður að breyt.till. eða réttara sagt viðaukatillögu um, að þingið veiti hr. Ólafi Jónssyni 1200 kr. úr landssjóði hvort árið í tvö ár til utanfarar til að læra að gera myndamót. Þetta hefir fengið svo góðar undirtektir, að eg vona, að það verði samþykt. Eins og kunnugt er, er enginn hér á landi, sem getur búið til myndir í blöð og bækur, og örðugt og óhentugt að þurfa að fá slíkt frá öðrum löndum, einkum þegar þess er gætt, hve strjálar samgöngur við höfum við

aðrar þjóðir. Maður þessi, sem eg nefndi, ætlar — auk þess að nema myndamótagerð — að læra að teikna myndir. Eins og eg hef áður drepið á, eru engir, sem kunna myndamótargerð hér á landi, og eg held, að það væri heppileg meginregla fyrir þingið að fylgja, að styðja einn mann í hverri þeirri grein, sem nauðsynleg er til framfara í landinu og sérstaklega sem fáir eru til að halda uppi, en synja heldur um styrkveitingu þeim mönnum, sem starfa vilja að ýmsu, er margir menn eru fyrir um og ekki þörf að auka að sama skapi.

Þá er tillaga mín um 1500 kr. hvort árið handa hæfum manni til þess að læra að grafa námubrunna og að fara með jarðbora. Eg vona, að allir séu mér samdóma um, að ekki sé svo lítið áríðandi, að hafa mann, sem kann til slíkra hluta. Ef menn kunna og þekkja til þeirra verka eru fullar líkur til, að finna megi málma hér í jörðu, en slíkum manni höfum við ekki á að skipa enn sem komið er. Ef menn vilja leita að málmum og fá fróðan mann að til málmleitunar frá útlöndum kostar hann minst 350 kr. um mánuðinn. Námubrunna kann enginn að gera hér. Þetta kemur svo glögt í ljós við málmgröftinn í Þormóðsdal. Menn geta auðvitað grafið holur niður í jörðina, en að klæða brunninn svo að þeir og aðrir ekki drepi sig, kunna þeir ekki til með það minsta.

Þá vil eg minnast á þá breyt.till. mína á þgskj. 276 um, að veita Jóhannesi Reykdal í Hafnarfirði 5000 kr. lán úr viðlagasjóði. Þótt þingið veiti stjórninni þessa lánsheimild, er stjórnin auðvitað ekki skyld til að veita lánið nema fé sé fyrir hendi og að fult veð sé sett fyrir láninu. Svo stendur á með þennan mann, að hann hefir áður fengið lán úr viðlagasjóði til trésmíðaverksmiðju sinnar, sem hann fyrstur manna stofnaði hér á landi. Fyrir þessu láni hefir viðlagasjóður veð í verksmiðjunni. Maður þessi þyrfti ekki nú að fá lán, ef ekki stæði svo á, að vátryggingarfélag það, sem verksmiðjan er trygð í, hefir sagt upp vátryggingunni, ef ekki verði bygt steinhús yfir verksmiðjuna. Nú hlýtur það að vera öllum ljóst, að veð viðlagasjóðs fyrir fyrra láninu er ekki mikils virði, ef húsið ekki er vátrygt. Það er blátt áfram nauðsynlegt skilyrði fyrir, að veðið haldist trygt, að þetta lán sé veitt, því að þessu steinhúsi, sem er skilyrði fyrir, að hann geti vátrygt verksmiðjuna, getur hann ekki komið upp án sérstaks láns. Eg álít það meira segja mesta ráðleysi, ef þingið synjaði um þessa lánveiting. Menn munu ef til vill segja, að hann geti farið til bankanna, sem veita mundu fé, ef fyrirtækið álitist nokkurn veginn heilbrigt, en menn verða að gá að því, að bankalán alt af eru komin undir geðþekni og góðvild bankastjóranna, sem oft og einatt er valt að treysta á, auk þess sem bankarnir hafa svo lítið fé með höndum, að þeir geta ekki lánað mönnum, hversu fegnir sem þeir vilja. Eg verð að taka það fram, að hér er ekki um neina nýja stofnun að ræða, heldur er verið að styðja að því, að viðskiftamanni landssjóðsins verði ekki hið fyrra lánið hefndargjöf.

Þá hef eg farið fram á, að landssjóður veiti lán til vatnsveitingar og pípnalagningar í Hafnarfirði. Reyndar hefir framsm. fjárlagan. (Sk. Th.) mælt á móti því, en eg held, að hann hafi verið ókunnugur málinu, og vona því, að þingið sinni beiðni þeirri. Svo er með þetta mál, að bæjarfélagið (Hafnarfjörður) hefir komið á vatnsveitu

fyr í bænum og kostaði það 8000 kr. Vatnið var fengið úr stórum brunni, sem grafinn var og svo leitt í pípum gegnum bæinn. Nú óx bærinn mjög ár frá ári, svo að nú er svo komið, að vatnslindin, brunninn þraut. Nú er bærinn, sem telur full 1500 íbúa, svo vatnslítill, að til vandræða horfir. Sú nýja vatnsveiting er áætluð að kosta muni 20,300 kr., en gömlu vatnsveituna þarf líka að kaupa og verður þá sú upphæð, sem bærinn þarf til þess 28,300 kr. Mér þykir ekki nema eðlilegt, þótt þingið þykist hafa í mörg horn að líta, og sé hálf tregt til að sinna mörgum þeim lánbeiðnum, sem til þess berast, en hér er svo brýn og nauðsynleg þörf, því að bærinn verður í mjög svo tilfinnanlegri vatnsþröng, ef þingið ekki hleypur undir bagga með honum til þessa fyrirtækis og veitir honum þetta lán. Það er auðvitað, að nauðsyn ber mjög til að taka vissa ákveðna stöðu gagnvart öllum þeim lánbeiðnum, sem drífa að þinginu og takmarka þær að einhverju. Mér finst þó að lægi næst, að lánbeiðnum frá sveitarfélögum, bæjarfélögum og sýslufélögum eða með ábyrgð frá þeim sé helzt sint, en slept sé heldur lánbeiðnum einstakra manna. Eg vona því, að þingið synji ekki bæjarfélaginu í Hafnarfirði um þetta lán.

Þar næst vil eg leyfa mér að minnast á eitt atriði í ræðu háttv. 2. þm. Árn. (S. S.), það var um verðlaun fyrir útflutt smjör. Það hefir töluverður ágreiningur risið út af því, hvort rétt sé að halda þeim áfram. Eg var einn af þeim í fyrstu, sem greiddi atkvæði með þeim, en það var með þeirri hugsun og fyrirvara — og svo held eg hafi verið um fleiri þingmenn — að það væri að eins meðan fyrirtækið væri að komast á fót. En nú eru mörg ár síðan, að verðlaunin komust á, og það er líkast því, sem háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) vilji skoða þau, sem sérstakan skatt, sem hann nú fer fram á, að verði hækkaður meira að segja. En á þinginu 1905 var ætlast til, að verðlaunin smálækkuðu, mig minnir um 1000 kr. á ári, unz þau alveg féllu burt. Eg get því eigi — þótt smjörbúin hafi hagnað af því, — greitt atkvæði með þessari hækkun, og það því fremur, sem eg fæ ekki séð, að nokkur slíkur styrkur á þann hátt sé veittur til sjávarútvegsins. Það er þó auðvitað, að það mundi vera hvöt fyrir sjómenn, að fá einhvern styrk til síns atvinnuvegar, og þegar maður lítur á það mál sanngjörnum augum, þá ber eins að styrkja sjávarútveginn sem landbúnaðinn, því báðir hafa kröfu til, að fjárveitingarvaldið hlaupi undir bagga og hjálpi eftir megni og ástæðum, og sú heppilegasta aðferð í þeim efnum er ekki sú, að þingið bruðli út fé endurgjaldslaust, heldur veiti lán með vægum kjörum. Ef það ekki dugar, getur atvinnuvegurinn ekki borið sig.

Eggert Pálsson: Eg hefi komið fram með 2 breyt.till., aðra um að hækka styrkinn til rjómabúanna og hina um lánveitingu til sýslumannsins í Rangárvallasýslu til húsbyggingar.

Það hefir sýnt sig nú eins og fyrri, að alt af eru fleiri eða færri reiðubúnir til mótmæla, er talað er um eða stungið upp á fjárveiting til landbúnaðarins í einu eða öðru skyni. Minnist eg ekki að uppástunga í þá átt hafi ekki mætt mótspyrnu meiri eða minni, sem kemur æfinlega frá fulltrúum kaupstaðanna eða sjávarhéraðanna.

Að því er sjávarútveginn snertir, þá er ómögulegt fyrir nokkurn mann að

neita því, að landssjóður hefir gert sitt til að styrkja hann á ýmsan hátt. Er ekki langt síðan, að sú stefna var tekin, að auka þilskipastól landsins með hagfeldum lánskjörum til skipakaupa. En reynslan hefir sýnt, að sú hjálp stoðaði lítið. Þilskipunum hefir þrátt fyrir þessa aðstoð fækkað óðum hin síðari árin, og það verður ekki annað séð, en að sá útvegur, sem á þeim byggist, sé nú kominn algerlega í kalda kol. Sama er að segja um mótorbátaútveginn, hann var orðinn blómlegur um tíma, og jókst afarmikið á örstuttum tíma, enda hefir þingið styrkt hann eftir megni, en ekki er þó sýnilegt annað, en að á sömu leið fari með hann. Alt virðist því benda til, að ekki sé fundinn framtíðarvegur, sem heppilegastur sé fyrir landið, að því er sjávarútveginn snertir. Og því getur það ekki talist nema hyggilegt, að gæta allrar varúðar með fjárframlag til hans á meðan hann stendur eigi á tryggari grundvelli, en hann gerir. Öðru máli er að gegna með landbúnaðinn. Grundvöllurinn, sem hann byggist á, er svo margfalt traustari, og það hljóta allir að vera á einu máli um það, að framfarir og velmegun þjóðarinnar byggist aðallega á honum. Styrkurinn, sem veittur var til smjörbúanna, hefir sýnt, að hann kom niður í heppilegum stað, og hleypti fjöri í þessa grein landbúnaðarins, og hefir orðið henni til aukningar og umbóta. Sumum virðist því ef til vill tími til kominn, að kippa styrk þessum alveg burtu, en þá þarf að sanna, að kringumstæðurnar hafi batnað að mun, frá því rjómabúin voru stofnuð, svo að slíkt væri gerlegt án þess að þessi atvinnugrein biði tilfinnanl. hnekki. En eg held að slíkt verði ekki sannað. Áhugi meðal alþýðumanna er tæplega svo rótgróinn eða lifandi, að unt sé að halda bændum í þessum nauðsynlega samvinnufélagsskap, án þess að þeir njóti til þessa þessa styrks, sem hingað til hefir verið veittur. Og er það að sumu leyti ekki nema eðlilegt. Kostnaðurinu við smjörgerð rjómabúanna er miklu meiri, en flestir, er ekkert til þekkja, geta gert sér í hugarlund. Mér er þetta vel kunnugt, því eg hefi verið formaður eins af þessum búum. Eingöngu framleiðslukostnaður smjörsins er hér um bil 20 aurar á pund, fyrir utan flutningskostnað á rjómanum. Auka hinar slæmu samgöngur mjög erfiðleikana við rekstur rjómabúanna. Og þar sem hin háttv. deild hefir nýfelt þýðingarmikla tillögu til samgöngubóta á því svæði, sem rjómabúin starfa mest, þá hefir hún með því eigi gert bændum hægara fyrir með framleiðslu smjörsins. Kringumstæðurnar hafa þannig ekki breytst mikið til batnaðar. Og þegar litið er á verð það, sem á undanförnum árum hefir fengist fyrir smjör rjómabúanna, sem mun hafa verið 80—90 aur. fyrir pundið, og þar frá eru svo dregnir 20 aur. á pund í framleiðslukostnað, þá geta allir séð, að bændur eru eigi ofsælir af því verði, sem þeir í raun og veru fá fyrir smjör sitt. Enda er það svo, að þeir, sem ekki eru í rjómabúunum fá einatt meira fyrir sitt smjör en þeir, sem í þeim eru, vegna þess að þeir geta einir setið að markaðinum heima fyrir. Hin eina breyting á þessari styrkveitingu, sem mundi hafa orðið til bóta, væri sú, að miða hana ekki við útflutt smjör frá rjómabúunum, heldur veita hana fyrir smjör framleitt á rjómabúunum, hvort sem það væri selt hér heima eða erlendis, auðvitað með tilliti til vöruvöndunar eða gæða.

Það er als ekki meining mín og h.

2. þm. Árn. (S. S.), að þessi styrkveiting vari um aldur og æfi, og till. sjálf bendir heldur ekki í þá átt. Í stað þess að stjórnarfrv. stingur upp á að styrkurinn lækki til smjörbúanna um 2000 kr. árlega, þá gengur tillaga okkar í þá átt, að hlaupið verði eigi svona stórt, en styrkurinn hverfi þó algerlega á sínum tíma, er samgöngur og aðrar kringumstæður batna frá því sem nú er. Í sjálfu sér er þessi styrkur, sem að eins er 1/4 af sjálfum framleiðslukostnaðinum, ekki teljandi eftir, til þess að þessi afrakstur landbúnaðarins kæmi fram á þann hátt, og í þeirri mynd, sem hæfir mentaðri þjóð. Vér Íslendingar ættum að vera orðnir það lærðir af reynslunni, að það tjáir ekki að styrkja fyrirtækin að eins í byrjuninni og síðan sleppa af þeim hendinni og hirða eigi um, þótt þau falli jafnharðan um koll aftur.

Þá skal eg minnast lítið eitt á tvær af till. fjárlagan. Hin fyrri er 35 þús. kr. lánveiting til Sláturfélags Suðurlands. Þessi lánsheimild hefir þegar mætt talsverðum mótmælum. Og Sláturfélagið sjálft orðið fyrir allmiklum hnútum og þá helzt frá mönnum, er bera fyrir brjóstinu lán til privatmanns í sama tilgangi. Í tillögunni er það tekið fram, að alt Suðuranmtið, sem var, ábyrgist lán þetta, að undantekinni Reykjavík sjálfri og Gullbringusýslu en viðbættri Mýrasýslu. Virðist mega ganga að því vísu, að í sýslunefndum þessara sýslna muni sitja þeir menn, er ekki stofni þeim í voða, svo að frá þeirri hlið skoðað sýnist engin hætta vera á ferðum, þótt þessi lánsheimild væri veitt. Um þörfina á þessari lánsheimild er ekki að efast. Félag þetta, sem hér er um að ræða, hefir eins og önnur slík félög, átt við mikla erfiðleika að etja. En aðalerfiðleikarnir liggja í peningavandræðunum. Félagskapnum er samkv. lögum félagsins hagað þannig, að bændurnir fá 4/5 verðs vöru sinnar, er þeir afhenda sláturfé sitt. En nú verður slátrunarhúsið aftur á móti oft að bíða 3—4 mánuði, að minsta kosti, eftir því að það geti fengið verð fyrir vöruna, og þegar svo er ástatt, geta leitt af því hin mestu vandræði fyrir félagið, þegar peninga er ekki hægt að fá að láni. Meiningin með þessu láni er því sú, að hafa greiðari gang að peningum, ef bankarnir ekki vilja eða geta hjálpað, og koma þannig í veg fyrir, að stofnunin hljóti að fara á höfuðið, sem hún hlýtur að gera, ef neitað væri um þetta lán, og bankarnir reyndust eins óþjálir gagnvart henni framvegis, eins og þeir hafa reynst hingað til. Félagi þessu hefir verið fundið ýmislegt til foráttu, og þar á meðal, að það héldi vörum sínum í háu verði, væri þannig einokun, en eg get fullyrt, að tilgangur félagsins er alls ekki að einoka, heldur að eins sá að bæta meðferð þessarar vöruteg undar og auka álit hennar jafnframt. Og það mun sannast, þegar fram líða stundir, að þá mun þessi félagsskapur, ef hann fær að halda lífi, eins og allur góður félagsskapur, njóta álits og vinsælda, en ekki óvinsælda.

Þá kemur hin önnur lánveiting, sem fjárlagan. hefir stungið upp á, sem er 5000 kr. til Fljótshlíðarhrepps, gegn ábyrgð sýslunefndar Rangæinga. Tilgangurinn er að nota þetta fé til vegar í Fljótshlíðinni, og skal eg lítið eitt lýsa, hvernig hér er ástatt. Þverá fellur með rótum hlíðarinnar og mölvar neðan af, svo vegurinn er legið hefir á bökkum hennar er ógreiðfær orðinn mjög, sérstaklega ef vagn er notaður, og ókunnugir menn geta meir að segja ekki farið svo um, að þeir eigi vaði yfir engiar manna, eins og eðlilegt

er, þar sem víða engan veg er að sjá. Hefir nú verið fenginn verkfræðingur Árni Zakaríasson, til þess að gera áætlun um kostnað við vegagerð inn eftir hliðinni, og áætlar hann að vegurinn muni kosta rúmar 10,000 kr. Ætlan manna er að leggja veginn sem næst bæjunum, svo hans verði sem mest notin, og skuli hann ná inn í miðja hlíðina. Sýslan ætlar að borga helming kostnaðarins, en hinn helminginn 5 þús. kr. á hreppurinn að leggja til. En þessar 5000 kr. er hreppnum ómögulegt að borga, nema hann fái þær einhversstaðar með góðum lánskjörum, eins og öllum getur skilizt, þar sem hér er að ræða um mikið fjárframlag, og hreppurinn hefir ýmislega aðra hreppavegi að sjá um, auk annara sjálfsagðra útgjalda.

Þá kemur breyt.till. á þgskj. 291 sem eg hef leyft mér að flytja fram hjá fjárlaganefndinni. Hún er um það, að Björgvin Vigfússsyni sýslumanni í Rangárvallasýslu megi veita 12 þús. kr. lán til þess að koma sér upp embættisbústað. gegn þeirri tryggingu, sem landstjórnin tekur gilda. Ástæður fyrir þessari tillögu eru þær, sem nú skal greina: Þessi sýslumaður er fátækur maður, svo að segja nýkominn í embætti, og hefir auk þess orðið fyrir hnekki efnalega, sem oftast er samfara löngum flutningi og bústaðabreytingu. Hann hefir verið 1 ár sýslumaður í Rangárvallasýslu, en var áður skammar tíma sýslumaður í Skaftefallsýslu. Honum hefir ekki fram að þessu tekist að fá sér hentan sérstakan bústað, og hefir því orðið að kytrast með 9 manns í 1—2 herbergjum, sem hann hefir fengið leigð hjá bóndanum á Stórólfshvoli. Að vísu kynni hann að hafa getað fengið jörð við endimörk sýslunnar, að austan eða vestan, en það mundi hafa orðið mjög óheppilegt fyrir sýslubúa. Nú aftur á móti hefir hann fest kaup á jörð í miðri sýslunni, í Hvolhreppi. Sú jörð hefir í sér eiginleika til þess að verða góð jörð; túnstæði er þar mikið og vítt, en er í órækt; engir kofar eru þar, svo að notandi séu. Því þarf mikils við, til að gera þar sæmilegan bústað. Og þess ekki að vænta að efnalitlum manni sé það mögulegt, nema hann komist á einhvern hátt að þolanlegum lánskjörum. Að veita þetta lán á ekki að vera á neinn hátt hættulegt fyrir landssjóðinn, þegar skilyrðanna er gætt. Jörðin er og á bezta stað og því líkur til þess, að eftirmaður sýslumanns í sýslunni mundi kaupa jörðina og húsin. Og viðvíkjandi tryggingunni er þess að geta, að landsstjórnin getur heimtað þær tryggingar, sem hún vill. Og eg er í engum vafa um það, að ef stjórnin t. d. heimtaði ábyrgð sýslunefndar að öllu eða einhverju leyti, þá mundi sú ábyrgð fást, því að sýslunni er stórhagnaður í að hentugt sýslumannssetur komist þarna upp, hvort sem lítið er á þá nauðsyn að geta fest þann sýslumann, sem nú er, í sessi, eða það, að gera embættið sæmilega aðgengilegt fyrir eftirmann hans. Vér höfum nú, Rangæingar, haft hvern sýslumanninn á fætur öðrum; þeir hafa haldist 1 eða 2 ár, og sumir jafnvel verið að eins hálft ár. En það munu flestir kannast við, að ekki horfi það til nytsemdar fyrir sýsluna að verða stöðugt að skifta um sýslumenn. En mér er kunnugt um það, að þessi sýslumaður mundi geta vel unað því að vera í sveit, ef hann gæti fengið góðan bústað. Tel eg það því happ fyrir sýsluna, ef það gæti orðið, því að hann hefir kynt sig mjög vel. En að tryggja það, að hann hlypi ekki strax í burt, eins og fyrirrennarar hans hafa gert, það mundi einmitt þessi lánveiting gera, jafnframt því sem hún

mundi gera sýsluna aðgengilegri fyrir eftirmann hans, þar sem hann mundi að sjálfsögðu geta fengið bústað þennan keyptan fyrir hæfilegt verð.

Mér þykir ekki ástæða til, að skifta mér af öðrum breyt.till., en eg hefi nú nefnt, og hirði ekki um að fara í hnútukast út af þeim, þó að eg geti ekki felt mig við þær allar sem bezt, eins og sjást mun við atkvæðagreiðsluna. Að eins vil eg geta þess, að eg er samþykkur háttv. þm. A.-Sk. (Þ. J.) um það, að hækka styrkinn til frú Torfhildar Hólm, þótt eg sé yfirleitt ekki samþykkur því, að hækka eftirlaun. Bæði er hér um litla fjárveitingu að ræða, að eins 1 kr. á dag, og í annan stað hefir hin háttv. þd. verið svo rif á fjárveitingum til annara skáldsagnahöfunda, að mér finst þessi höfundur eiga að koma til greina, engu síður þó kona sé, einkum þegar svo hóflega er beiðst, og það er öllum vitanlegt, að hér er um þjóðkunnan og góðkunnan rithöfund að ræða.

Ráðherrann (H. H.): Háttv. framsm. (Sk. Th.) bar þá ástæðu fram fyrir því, að fjárlaganefndin leggur til, að fella burt fjárveitingu til húsabygginga fyrir bændaskólana, að fé væri ekki fyrir hendi. Það get eg ekki fallist á, þvert á móti. Með frv. því um tollhækkun, sem þegar hefir náð samþykki þingsins, er fylt það skarð, sem þessar fjárveitingar gera í landssjóðinn, og þótt meira væri. Eg hef og áður leitt rök að því, að tekjuafgangur hlýtur að verða við árslokin 1909. Eg hygg því enga ástæðu til að efast um það, að nægilegt fé verði fyrir hendi til þessara nauðsynja. Hinn háttv. framsm. játaði, að það væri skylda landsins að hlynna að skólunum, — enda er það víst, að fyrirmælum bændaskólalaganna getur ekki orðið fullnægt, nema þessar byggingar verði gerðar. Úr því að svo er, get eg ekki skilið, að ástæða sé til þess að fresta þessu; þó að jafnvel þyrfti að taka lán til þessa, teldi eg það fullkomlega réttmætt. Eg vil því sterklega mælast til þess, að brt. nefndarinnar um þetta verði feldar, einkum að því er kemur til Hvanneyrarskólans; eg er ekki svo kunnugur skólanum á Hólum, að eg geti um hann talað eftir eigin sjón. Eg hef að eins komið þar í svip. En á Hvanneyri hefi eg kynt mér húsakynnin í sumar og sannfærðist um, að hin brýnasta þörf er á nýju skólahúsi þar, ef lögunum á að verða fullnægt.

Viðvíkjandi tillögum fjárlaganefndarinnar um að hækka styrk til búnaðarfélaga, vil eg vekja athygli á því, að stjórnin hefir lagt til að færa þann styrk niður lítið eitt, beint eftir ósk fjárlaganefndarinnar á síðasta þingi. Flestöll búnaðarfélög landsins standa nú í sambandi við búnaðarfélag Íslands, og hin ýmsu búnaðarsambönd fjórðunganna, og njóta styrks þaðan. Með þetta fyrir augum aðallega var hækkaður styrkur til búnaðarfélags Íslands á þinginu 1907. Þessu horfir því í raun og veru svo við, að styrkurinn til búnaðarfélaganna hefir hækkað, og er því engin ástæða til þess, að hækka hann enn meira nú.

Þá hefir háttv. fjárlaganefnd lagt til að fella niður þóknun til forstöðumanns við gróðrarstöðvarnar við Rauðavatn og á Þingvöllum Þetta er alveg sama sem að láta þessar stöðvar falla í órækt. Yfirmanni skógræktarinnar er ókleift að sinna þessu starfi. Hann er hér ekki að staðaldri, heldur ferðast hann um landið á sumrum. En þessar stöðvar þurfa daglegt eftirlit og þar sem annars vegar er um svo litla fjárupphæð að ræða, en hins vegar um það, að missa af jafnæfðum og dug-

legum manni, og nú hefir eftirlit með þessum stöðvum, vonast eg eftir, að háttv. þingd. láti fjárveitinguna haldast, því það er enginn sparnaður, að láta það eyðileggjast, sem þegar er búið að gera til framkvæmda.

Það er ekki rétt hjá háttv. 1. þgm. Rangv. (E. P.), að stjórnin hafi lagt til að færa styrkinn til smjörbúanna niður um 2000 kr. á ári. Stjórnin hefir lagt til að styrkurinn verði 14000 kr. fyrra árið en 12000 kr. síðara árið, það er því 2000 kr. lækkun bæði árin til samans, og er það beint í samræmi við ráðstöfun síðasta þings. Lækkun styrksins nemur þá frá árslokum 1907 til ársloka 1911 4000 kr. alls, eða 1000 kr. á ári.

Misráðið held eg sé að lækka styrk til verzlunarskólans, svo lengi sem iðnskólinn hefir 5000 kr. Hér er um að ræða stofnun, sem getið hefir sér traust og álit manna um alt land og vinnur mjög mikið gagn. Auk þess er það hin eina stofnun þess kyns hér á landi og því ekki hægt að leita til annara stofnana í þeirri grein.

Um einstakar breyt.till. þarf eg ekki langt að tala. Eg mun greiða atkv. með fjárveitingu til Ólafs Jónssonar til þess að læra að gera myndamót og styrkveitingu handa manni til þess að læra að grafa námubrunna og fara með jarðbora. Sömuleiðis er eg samþykkur fjárveitingu til ábúandans á Tviskerjum. Mér duldist það ekki í sumar, er eg kom þar, að nauðsynlegt er vegna vegfarenda, að býli þetta haldist við; þeir mundu verða illa staddir, ef býli þetta væri ekki til. — Þess vegna mun eg greiða atkv. með hærri upphæðinni. Enn fremur er eg samþykkur lítilsháttar styrkhækkun, sem farið hefir verið fram á handa frú Torfhildi Holm og Ragnhildi Björnsdóttur og þarf ekki að rökstyðja það, framar en þegar hefir gert verið.

Þá kem eg að þeirri till. fjárlaganefndar, að felt sé burt úr 19. gr. það, að $^2/_3$ sekta fyrir ólöglegar fiskiveiðar séu greiddar ríkissjóði Dana. Í þessu sambandi skal eg minna á það, að þetta ákvæði var sett inn eftir áskorun frá fjárlaganefnd fólksþingsins danska og samþykt á alþingi 1905, ekki sem borgun fyrir strandgæzluna, því að það er skylda Dana, heldur fyrir það, að gæzluskipið dregur brotlega botnvörpunga fyrir dómara, oft langar leiðir, og kemur því þannig til leiðar, að sektum verður beitt og upptækum afla og veiðarfærum komið í í verð. En það er íslenzkt sérmál, beinlínis íslenzkt löggæzlustarf. Alþingi 1905 leit því svo á, að það gæti ekki synjað þessari kröfu fólksþingsins danska; þingið var þá of stolt til að beiðast ölmusu, er endurgjalds var krafist.

Það gleður mig, að háttv. framsm. hefir réttilega skilið það, að til þess var ætlast í sambandslaganefndinni, ef samningar tækjust, að Danir nytu veiðiréttarins í landhelgi gegn því að annast eftirlit með landhelginni. Mér þótti því vænna um að heyra þessa viðurkenning af hans munni, sem þetta atriði hefir einmitt oftsinnis verið misskilið í blöðum andstæðinga frumv. Sambandslaganefndinni hefir þrásinnis verið borið það á brýn, að hún vildi afsala Íslandi landhelgina. En það er þvert á móti, hún hefir einmitt slegið því föstu, að landhelgissvæðið við Ísland sé eign Íslands, og því að eins getur Ísland veitt með samningum afnotarétt af landhelginni, sem borgun fyrir ákveðið starf, sem landið ella þyrfti að kosta miklu fé til. Raunar er ekki hægt að skírskota í sambands-

lagafrumv., því það er ekki enn orðið að lögum, því miður. En eg vona, að háttv. þingd. athugi þetta atriði meðal annara gæða, sem af því frumv. leiða.

Háttv. 1. þm. Rangv. (E. P.) fer fram á 12000 kr. lán til þess að koma upp embættisbústað handa sýslumanninum í Rangárvallasýslu. Þetta lán finst mér sjálfsagt að veita. Það hefir alt af verið talið sjálfsagt, að stjórnin mætti veita slík lán, jafnvel án heimildar þingsins. Það var fyrst á þingi 1905, að reikningslaganefndin kom fram með þá till., að eftirleiðis yrði embættismönnum ekki veitt slík lán án samþ. þingsins. Eg minnist þess, að eg tók það fram þá, að ómögulegt væri að skuldbinda stjórnina í þessu efni; það stendur oft svo á, að henni verður að vera heimilt að hlaupa undir bagga í samskonar tilfellum. Eg legg því fastlega með þessari lánveitingu og álít lán nauðsynleg í samskonar tilfellum, því að það er skylda þingsins að veita þau til þess að embættum sé gegnt á viðunandi hátt.

Björn Sigfússon: Ástæðan til þess að eg segi hér fáein orð er sú, að eg gat ekki verið samdóma fjárlaganefnd um einn lið í 16. gr., nefnilega um byggingu bændaskólahúsanna. Eg held það sé hvorki búmannlegt né forsvaranlegt að slá þessum byggingum á frest að öllu leyti. Hæstv. ráðh. hefir tekið það fram, að hvorugur skólanna gæfu náð að fullu tilgangi sínum á meðan húsnæðið er eins ófullkomið og það er. Auðvitað var það ekkert annað en það, að fjárlaganefndin sá að nauðsynlegt var að spara, sem varð þessum fresti valdandi, en alls ekki það, að nokkrum nefndarmanni dytti í hug að óþarft væri að byggja skólahúsin.

Með bændaskólalögunum frá 10. nóv. 1905 voru bændaskólarnir skyldaðir til að taka á móti vissum fjölda nemenda, ekki færri en 40. Reynslan hefir sýnt það, að á hverju ári verður að vísa fjölda umsækjanda frá vegna rúmleysis, svo það er ómögulegt að fullnægja þessu ákvæði laganna, á meðan svo standa sakir. Auk þess er það ýmislegt annað í reglugerð skólanna, sem verður að brjóta, svo lengi sem ekki er aukið við húsin. Í 10. gr. reglugerðar frá 6. ág. 1908 stendur það, að verklegar æfingar í efnafræði, grasafræði o. fl. skuli fara fram og að sérstök lestrarstofa sé á skólunum og í 11. gr. sömu reglugerðar er skipað fyrir um, að kend verði dráttlist, leikfimi o. fl. Alt þetta er ómögulegt að framkvæma vegna þrengsla, eins og nú stendur. Hér er um það að ræða, að ef ekkert er gert til þess að auka húsrúm skólanna, þá segir þingið blátt áfram, að hér eigi að brjóta lögin og reglugerðina. Eg hygg þetta sé með öllu ósæmilegt.

Eg er hvorugum skólanum vel kunnugur, sizt á Hvanneyri, en eg veit þó af frásögn áreiðanlegra manna, sem til þekkja, að engir vegir eru til þess að kenslan geti farið fram í lagi. Á báðum skólunum verður að þjappa nemendunum saman eins og síld í tunnu, herbergin eru svo þröng og af þessu hlýtur að leiða mikla óhollustu. Eg vil að eins leyfa mér að benda á tilfelli, sem eg álít að geti verið hættulegt fyrir líf og heilsu manna. Ef sóttnæmur sjúkdómur kemur upp, og einhver veikist á skólanum, þá er ómögulegt að einangra hann og getur hann svo sýkt alla. Þetta er alveg óforsvaranlegt. Það er ekki langt síðan að slíkt kom fyrir á Hólaskóla. Þar veiktust þá margir piltar, auðvitað meðfram vegna þess að ekki var hægt að einangra.

Eg ætla að leyfa mér að gera hér ofurlítinn útúrdúr. Í kvennaskólanum á Blönduósi er til gott og hentugt sjúkraherbergi í skólanum. Eg hefi ástæðu til þess að geta um þetta hér, vegna þess að einn af háttv. þm., sem hefði þó átt að vera búinn að kynna sér það, fór að fræða mig um það í gær, að ekki væri hægt að einangra í skólanum. Í fyrra veiktist þar ein stúlka af taugaveiki, hún var einangruð og engin sýktist. Þetta dæmi sýnir svo ljóslega, hvaða þýðingu það hefir í skólum, sem hafa heimavistir að tök séu á að einangra sjúklinga. Það er því með öllu óforsvaranlegt ástand, eins og það er nú á bændaskólunum.

Eg get ekki séð, að fært sé eða rétt að fresta byggingunni, en mér hefir dottið í hug, að það mætti skifta kostnaðinum niður á 2 ár þannig, að fyrra árið væri bygt á Hólum og síðara árið á Hvanneyri eða öfugt, bygt þar fyrst sem þörfin er brýnust. Í sambandi við þetta vil eg geta þess, að það hafa fallið hér í deildinni ýmisleg orð um Hólaskóla, sem eru þannig vaxin, að þau eiga ekki að vera ómótmælt. 2 eða 3 háttv. þm. telja það sjálfsagt að skólinn eigi ekki að vera á Hólum. Þingið 1905 var þó á annari skoðun og þess vegna var því með áðurnefndum lögum slegið föstu, að annar bændaskólinn skyldi vera á Hólum. Það er annars fremur kynlegt að heyra háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) taka í þennan streng. Eg hugsaði að hann mundi sízt verða til þess, því þótt hann muni eftir Reykjavík, þá hefir hann þó oft verið að reyna að sýna það í umræðum sínum á þessu þingi, að hann vilji leggja rækt við forna og fræga sögustaði og höfuðból. Hann ætti samkvæmt þessu, allra manna helzt að styðja það, að skólinn haldi áfram að vera á Hólum, því með því móti er þá haldið í heiðri minningu þess höfuðbóls. Háttv. þm. virðast annars alveg hafa gleymt því, að færa rök fyrir því, hversvegna ætti að flytja skólann. Hvert þeir vilja flytja hann veit eg ekki. Það hafa heyrst einstakar raddir um það, að réttast væri að flytja þessa skóla, eins og aðra, í kaupstaði. Ef til vill meina þessir menn það. Annars er ómögulegt að geta til hvað meint er, með því að ástæðurnar vantar alveg. Eg er samdóma þinginu 1905, að skólarnir eigi að vera þar sem þeir eru nú. Þar eru stórar góðar jarðir, miklar byggingar og alt þetta er eign landssjóðs. Um leið og landið tók Hólaskóla að sér, voru því afhentar allar eigur skólans, sem voru ekkert smáræði. Búið mun hafa jafngilt skuldunum, sem hvíldu á skólanum, og landinu er þannig beinlínis gefin jörðin Hólar með hjáleigum og byggingum öllum og ómögulegt er að meta það minna en 30—40 þús. kr. Það er því auðséð, að hér er eitthvað í aðra hönd og að ekki þarf alveg að yrkja upp á nýjan stofn, enda sé eg að í fjárlagafrv. stjórnarinnar vantar 3700 kr. til þess að veitt sé jafnmikið fé og skólinn þarf til reksturs. Eg býst við, að eignin gefi það af sér sem til vantar. Skólinn er því sannarlega ekki eins þungur baggi á landssjóðnum og margir halda.

Það var eitt af því, sem háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) sagði, sem eg var honum alveg samdóma um, nefnilega það að allar opinberar byggingar séu bygðar úr steini. Eg álít einmitt, að það sé mjög hyggilegt og að ekki sé rétt að horfa í, þó þær yrðu dálitið dýrari í fyrstu, en ef þær t. d. væru bygðar úr timbri; með þessu móti er hægt að gera byggingarnar góðar og varanlegar. Það er gert ráð fyrir steinsteypuhúsi á Hvanneyri en ekki á Hólum. Það

getur því komið til mála að gera þá breytingu þar, að það væri líka bygt úr steinsteypu, það er ekki víst að það þyrfti að muna miklu á verði, en þannig hús mundi áreiðanlega verða mikið ódýrara fyrir seinni tímann. Mér er kunnugt um það, að margir eru farnir að byggja úr steinsteypu á Blönduósi, og síðan mönnum fór að lærast þetta munar litlu á verðinu borið saman við það að byggja úr timbri.

Eg vildi geta um það, að eg hefði haft sérstöðu í fjárlaganefndinni, hvað þetta mál snerti. Auðvitað gerði eg eg það þar ekki að neinu kappsmáli. Og það einasta sem vakti fyrir meðnefndarmönnum mínum, og sem réði því að þeir voru á móti byggingunni að svo stöddu, var það að þeir vildu spara og draga svo mikið úr útgjöldunum, sem hægt væri, en eg áleit réttara að spara á ýmsum öðrum liðum.

Hvað Eiðaskólann snertir, þá vil eg geta þess, að þótt máske þessir hugstóru menn þar eystra hafi reist sér hurðarás um öxl, þá virði eg það framfarabrek og áhuga, sem lýsir sér í þessu, og eg skal ekki lá þeim það, þótt þeim þætti það sárt, ef þessi eina mentastofnun hyrfi af Austfjörðum. Eg veit ekki, hvort það er heppilegt eða nauðsynlegt, að Eiðaskólinn sé lengur bóklegur skóli, og ef til vill er það heldur ekki meiningin fyrir héraðsmönnum. Þeir hafa sagt, að byggingin væri nauðsynleg til þess að geta haldið áfram verklegu námi, en með tilliti til þess að gera ekki alt bóklegt nám ómögulegt að vetrinum var eg með því að hækka styrkinn til Eiðaskólans um 1000 kr. á ári.

Það hefir verið minst á styrkinn til verzlunarskólans, sem fjárlaganefndin lagði til að ekki væri hækkaður frá því sem nú er. Það var sparnaðurinn hér, eins og annarsstaðar, sem vakti fyrir, og úr því Flensborgarskólinn fékk ekki það, sem hann þurfti, þá er ekki meiri ástæða til að veita verzlunarskólanum það fé, sem farið var fram á að bæta við hann. Háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) sagði að mjög mikil eftirspurn væri eftir mönnum þeim, er útskrifuðust af skólanum. Mér datt þá í hug, hvort ekki mundi hægt að útvega skólanum tekjur með skólagjaldi *(Jón Ólafsson:* Það er gert, hver nemandi borgar 20 kr.) Jæja, það er gott. ef menn eiga vísa stöðu fyrir aukna þekkingu, þá eru þeir líka færir um að borga dálítið til að fá hana. Eg vil um leið geta þess, að eg efast ekki um að skólinn sé góður og gagnlegur.

Viðvíkjandi þeim 500 kr., sem fjárlaganefndin stakk upp á, að sparaðar væru af kostnaðinum til skógræðslumannanna, þá skal eg geta þess, að hún áleit að skógfræðingurinn sjálfur gæti haft eftirlit með næstu stöðvunum við Reykjavík og ekki þyrfti neinn sérstakan kostnað til þess. — Það getur annars verið spursmál, hvort það er þörf að halda við þessum stöðvum, það er sagt að alt sé svo mislukkað þar, og því væri máske ástæða til að flytja þær eða leggja niður. Auðvitað er fjárlaganefnd ekkert kappsmál með þetta fé, það er svo lítið.

Eg vil minnast með fáeinum orðum á lánveitinguna til Sláturhúss Suðurlands. 1. þm. Rangv. (E. P.) hefir gert ljósa grein fyrir því, að þetta sé nauðsynlegt, og sýnt fram á að það stafi af peningavandræðunum í landinu. Ef sláturhúsin gætu fengið lán í bönkunum, þá kæmu ekki bænir, en það er ekki svo torvelt að skilja það, að þau þurfa bráðabirgðalán, þegar þeirri reglu er fylgt að borga út meiri hlutann af verði fjárins við móttöku að haustinu.

Ef ekki er hægt að greiða úr þessum vandræðum er ekkert sýnilegra, en að þau verði að hætta, en fáir munu þeir vera, sem telja það heppilegt. Eg verð að líta svo á, að þessi lán ættu að sitja fyrir flestum öðrum, og veitast gegn góðri trygging og ábyrgð sýslufélaga.

Það hefir orðið töluverð deila hér í deildinni um styrkinn til smjörbúanna og það er alveg rétt, sem hér hefir verið tekið fram, að hann var að eins veittur þeim til uppörvunar í byrjuninni og því er rétt að draga úr honum smátt og smátt, og stjórnin farið eftir því í frv. Þetta er líka að mínu áliti alveg rétt stefna, jafnvel þó eg gæti haft ástæðu til að halda í hann, með því eg er sjálfur einn af stofnendum og meðeigandi að mjólkurbúi í minni sveit. Eg verð að álíta að þeim ætti að koma önnur hjálp, en opinber styrkur, því sé fyrirtækið gróðavænlegt þarf það hans ekki og er óeðlilegt. — Nei, eg hygg einmitt að það væri önnur hjálp, sem væri mikið þýðingarmeiri nefnilega að koma betra lagi á samgöngurnar, svo hægt væri að koma smjörinu fljótt og óskemdu á markaðinn.

Það hefir orðið dálítil deila um landbúnaðinn og sjávarútveginn og ekki laust við að öfgar hafi fylgt með eins og oft vill verða. Háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) gat t. d. ekki komið auga á nokkra fjárveiting til sjávarútvegsins í þessari (16.) gr. fjárlaganna, og þó stendur þar einmitt fjárveitingin til fiskiveiðasjóðsins. Svo skal eg benda honum á að ef hann flettir við einu blaði og lítur á fjárlögin framar, þá getur hann sér til huggunar séð þar margar fjárveitingar til sjávarútvegarins. — Þessi matningur er afaróviðfeldinn; þm. ættu að líta svo sanngjarnlega og rétt á alla atvinnuvegi, að enginn matningur gæti átt sér stað.

Eg fæ ekki skilið, hvernig menn sem þykjast unna þessu landi vilja draga úr því, sem styður landbúnaðarframfarir. Hvar yrði landið statt, ef landbúnaðurinn dregst meira saman, en nú er orðið; þá yrði það ekkert annað en nokkurskonar veiðistöð með sjóbúðum. Nei, það er einmitt það, sem er miklu meira vert, það sem skáldin góðu hafa oft kveðið um og hvatt til, að rækta landið, að klæða landið. Háttv. 1. þingm. G.-K. (B. Kr.) nefndi það sem dæmi upp á það, að fjárveitingarvaldið setti sjávarútveginn hjá, að það hefði verið færður niður styrkur til þess að veiða botnvörpunga í landhelgi. En þessi styrkur hefir ekki verið notaður og það vissi fjárlagan., og þess vegna ekki ástæða til þess, að halda honum eins háum eins og að undanförnu. Þó að háttv. 1. þm. Rangv. (E. P.) hafi skýrt frá því, að það er ekki að ófyrirsynju gert, að lána til vegagerðar í Fljótshlíð, þá vil eg benda á, að það er eitt af þessum myndarlegu og gagnlegu fyrirtækjum, sem er afar-nauðsynlegt og skemtilegt að styðja, þegar sýnt er að hlutaðeigendur vilja sjálfir leggja mikið á sig til þess að koma þeim í framkvæmd.

Þá hefir verið minst á styrk til búnaðarfélaganna, og hefir mér þótt leiðinlegt að heyra, hversu kalt margir þingm. anda til hans. Eg get ómögulega séð hina minstu ástæðu til þess, að færa þann styrk niður, því honum er áreiðanlega og eingöngu varið til þess að rækta og klæða landið — og einkis annars. Það fé gefur á sínum tíma margfaldan ávöxt í landssjóðinn. Eg held að óþarft sé að vitna í þau not, sem búnaðarfélögin hafi af búnaðarfélagi Íslands; eg verð að segja

það, að eg hefi ekki orðið var við, að það hafi styrkt búnaðarfélögin sérstaklega, að minsta kosti ekki þau, sem eg þekki til. Eg segi það aftur, að mér þykir leiðinlegt, að heyra þingm. anda svo kalt til landbúnaðarins, eg held, að það komi af því, að hér á á þingi eru svo margir nærsýnir kaupstaðarmenn.

Sigurður Gunnarsson: Eg er svo heppinn, að eiga einungis eina breyt.-till. við þennan kafla fjárlaganna, sem hér er til umræðu, og er hún við 22. gr. og fer fram á lánsheimild til handa Neshreppi utan Ennis. En áður en eg tala nánar um þessa breyt.till., þá vil eg víkja máli að ýmsum liðum, er framar standa í frumv. Þegar eg lít á 16. gr., þá verð eg að játa það, að eg hefi tilhneigingu til að styrkja flestar eða allar tillögur fjárlaganefndarinnar við þá grein. Eg hefi heyrt hér í dag, að menn hafa verið að metast á um landbúnaðinn og sjávarútveginn, eg vildi, að sem minst væri deilt um það, hvor af þeim atvinnugreinum ætti meiri stuðning skilið; báðar hafa þær fult tilkall til stuðnings af fjárveitingarvaldi þjóðarinnar, og eg ætlast til þess, að þingið sjái um jöfnuð milli þeirra eftir ástæðum. — Öðrum þingm. Rvk. (M. B.) miklaðist það í augum, hversu stór upphæð færi til landbúnaðarins. Eg held það sé eðlilegt, þótt sá atvinnuvegur þurfi mikils með, og eg sé ekki betur, en að það sé rétt, sem háttv. 2. þm. Húnv. (B. S.) sagði, að það sé þó, þegar á alt er litið, brýnust ástæða til þess, að klæða og rækta þetta land. Landbúnaðurinn verður þó vissasti atvinnuvegurinn, og þegar maður talar um það, hvort þjóð vor eigi í framtíðinni að geta heitið því nafni, þá er það komið undir því, að landið sjálft verði klætt og ræktað, eftir beztu föngum. Það er tiltölulega stutt síðan, að landið var alt óræktað, nema túnskikarnir. Hinir viðáttumiklu flákar graslendis- og mólendis liggja meira að segja enn að mestu ósnertir af mannshöndinni. Það er seinlegt verk og dýrt, að koma óræktuðu landi í rækt, og ofur skiljanlegt er það, að landbúnaðurinn þurfi mikillar uppörfunar og stuðnings við frá löggjafarvaldsins hálfu. Með þessum orðum, vil eg þó á engan hátt draga úr því, að sjávarútvegurinn sé styrktur eftir mætti, enda hefir verið drepið á ýmislegt, sem gert hefir verið til þess, að styðja sjávarútveginn, og vil eg í viðbót benda á eitt atriði; það eru vitarnir, því þótt þeir séu með fram fyrir landið í heild sinni, þá eru þeir þó fyrst og fremst sjómönnunum að mestu liði. Sama má segja um fiskimatslögin, sem samþykt verða á þessu þingi, að þau eru til þess, að styðja sjávarútveginn. Í sambandi við þetta vil eg leyfa mér að benda á, að einatt hefir það viljað verða svo, og eigi sízt á seinni árum, að fólkið hefir streymt frá sveitunum til sjávarþorpanna og kaupstaðanna. Hver er ástæðan? Eðlilega hlýtur ástæðan að vera sú, að fólkið álítur það lífvænlegra og gróðavænlegra að vera þar, heldur en í sveitunum. En þegar í kaupstaðina og sjávarþorpin er komið, verður oft annað upp á teningnum. Þessi straumur að sjónum er nú að minni ætlan ekki hollur fyrir þjóðfélagið í heild sinni. Hér kemur og mannfæðin til greina. Vér höfum eigi nægilega margt fólk til þess að stunda báða þessa atvinnuvegi til hlítar. En meðan svo er, þá virðist mér landbúnaðurinn hljóta að sitja í fyrirrúmi, að því er fjárframlög snertir.

Í sambandi við þetta, þá vildi eg leyfa mér, að minnast á bændaskólann á Hólum, og verð að vera á sömu

skoðun og þeir háttv. þm., sem vilja leggja fram fé til hinna nauðsynlegu byggingu á skólasetrinu. Það verður að gæta að því, að það eru bændaefni landsins, sem hér eiga hlut að máli, þeir hinir sömu menn, sem eiga að taka að sér að rækta og klæða landið.

Þá vil eg leyfa mér, að minnast lítið eitt á Eiðaskólann. Hann var ekki svo heppinn, að lenda í tölu bændaskólanna, og eg fyrir mitt leyti get ekki tekið eins hart á Austfirðingum fyrir fjárbeiðnir sínar til hans, eins og sumir háttv. þingm. né fyrir það, að þeir hafa ráðist í að byggja dýra og stóra byggingu, því að þetta er eini skólinn, sem er þar á öllu því mikla svæði, og eg fyrir mitt leyti vildi óska þess, að beiðni þeirra yrði tekin til greina.

Um smjörbúin get eg fallist á það, sem háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) sagði, að það sé ekki rétt, að styrkja sömu smjörbúin mjög lengi, en að þau væru styrkt um vissan áratíma, svo þeim gæfist kostur þess, að koma sér vel á laggirnar. En ekki tel eg enn vera kominn tíma til þess, að lækka þennan styrk, þar sem flest eða öll þeirra eru ung og sum að myndast, og óskum vér þess eflaust, að fleiri og fleiri rísi upp.

Eg felst og á það, að styrkur verði veittur Ungmennafélagsskapnum; tel hann hollan og til frambúðar fyrir landið; er því eflaust rètt, að sá félagsskapur sé styrktur af löggjafarþingi þjóðarinnar fremur þó í upphörfunar og viðurkenningarskyni svona í byrjun.

Sömuleiðis tel eg ekki illa ráðið. að styrkja mann til þess, að læra að gera myndamót, og mann til að læra að fara með jarðbora, og grafa námubrunna.

Þá kem eg að breyt.till. háttv. þm. A.-Sk. (Þ. J.), er fer þess á flot, að bóndinn á Tviskerjum á Breiðumerkursandi fái dálítinn styrk til þess, að geta haldist þar við. Um þetta er eg samdóma honum og hæstv. ráðherra. Eg er kunnugur á þessu svæði, og þar sem það er upplýst, að það, að bygð á þessu koti þarna í eyðimörkinni hafi orðið til þess, að bjarga skipbrotsmönnum og fleirum frá hörmungum og dauða, þá er það rétt og mannúðlegt af alþingi, að styrkja þennan mann, svo að hann geti haldist við á kotinu, og það því fremur, sem Skaftfellingar yfirleitt eru kunnir að frábærri gestrisni.

Í 18. gr. er farið fram á styrk til nokkurra heiðursmanna, karla og kvenna, og nemur sú upphæð alls eitthvað 700 kr. Eg játa það, að eg er einn af þeim mönnum, sem helzt hefði kosið, að afnema mætti sem fyrst öll lögskipuð eftirlaun, og að eg mun greiða atkvæði með því, þegar því verður við komið og það mál er nægilega undirbúið. Miklu fremur teldi eg það eiga við, að þingið veitti mönnum viðurkenningu, þegar því fyndist sérstök ástæða til.

Eg skal nefna einn af þeim mönnum, sem í því efni ætti að koma til greina; það er séra Hjörleifur próf. Einarsson, sem hefir verið mjög þarfur maður í sinni sérstöku stöðu, en þar að auki einn með mestu jarðræktarmönnum þessa lands, og enn þá er þess að gæta, að það hefir einhvern veginn viljað svo til, að undan handarjaðri þessa manns hafa komið ýmsir nýtustu menn landsins, er hann hefir haft áhrif á í æsku þeirrra, sem kennari þeirra og styrktarmaður. Þessi maður hefir því unnið mikið og trútt dagsverk, en er nú kominn á grafarbakkann.

Sömuleiðis tel eg fyllilega maklegt, að styrkurinn til frú Elinborgar verði færður lítið eitt upp. Bæði er það að hún er mesta heiðurskona, og svo er hún móðir Jóns heit. Vídalíns konsúls, sem gefið hefir landinu hina rausnarlegustu gjöf, miklar og dýrar fornmenjar.

Um frú Torfhildi Hólm og frú Ragnheiði Björnsdóttir þarf eg ekki að tala, það hafa aðrir gert.

Þá kem eg að 22. gr., þar sem safnað er í eitt öllum lánbeiðnum. Er það svo löng halarófa, að manni blöskrar. Lánbeiðnirnar nema alt að 400 þús. kr. og sér hver maður, að landssjóði eða viðlagasjóði verður alls ómögulegt að veita þeim öllum fullnægju. Allar hafa þær þó við einhver rök að styðjast og því leiðinlegt að geta ekki mælt með þeim flestum, eða jafnvel öllum. Eitt sýna þessar lánbeiðnir þó greinilega, sem sé, hversu þörfin er mikil á fé og hversu áhuginn er mikill á því að koma einhverju verulegu til leiðar. Ennfremur sjáum vér þar ljóslega, hversu bankarnir eru ófullnægjandi fyrir þessa þjóð. Þeir þyrftu að vera svo úr garði gerðir, að fé og krafti, að þeir gætu fullnægt öllum lánskröfum, sem bygðar væru á viti og þar sem hæfileg trygging væri fyrir hendi.

Þá kem eg að einni breyt.till. við þennan kafla, sem eg á, sem sé viðaukatill. 309, um heimild til lánveitingar, úr viðlagasjóði til bátakvíar við Krossavík á Hjallasandi. Eg veit eigi hvort þgm. hafa kynt sér skjöl þau, sem hér að lúta, og þótt fjárlaganefndin hafi haft þetta mál með höndum, veit eg ekki, hvort hún hefir rætt það að nokkrum mun. Finn eg því ástæðu til að fara um það nokkrum orðum, til glöggvunar háttv. deild. Eins og kunnugt mun flestum er Hjallasandur á norðanverðu Öndverðarnesi. Hefir þar frá ómunatíð verið fiskiver, hin fiskisælasta verstöð. Er það mál gamalla manna kunnugra, að þar bregðist aldrei fiskur, svo að einhver vertíð árs lánist ekki. En galli er á; brimlending er á þessum stað og hefir þar margur maðurinn drukknað nærri landi, og tíðast í sjálfri lendingu, og er eigi langt síðan, að drukknuðu 9 menn í lendingu. Sú harmafrétt er mér ný borin til eyrna. Þegar um svona auðga fiskistöð við mynni Breiðafjarðar er að tala, en hins vegar þessi mikli erfiðleiki, hafnleysið og lendingarhættan gerir sjósóknina svo áhættusama og dregur stórum úr henni, er eigi nema sanngjarnt, að þingið hlaupi undir bagga til þess að reyna að bæta úr þessum annmarka. Eg hefði helzt kosið, að landssjóður hefði veitt beint styrk til hér fyrirhugaðrar bátakvíar, og þess hafa þorpsbúar óskað. En eg hefi komist að raun um, að við það hefir eigi verið komandi sakir hins bága fjárhags. Þess vegna hefi eg tekið það ráð, að beiðast þessarar lánsheimildar, heldur en ekki, í þetta sinn.

Nú stendur svo á, að rétt fyrir utan þorpið Sand er vik, sem nefnd er Krossavík, lón með skerjagarði fyrir framan, en renna gengur inn í lónið að norð-austan. Í ókyrrum sjó gengur súgur mikill inn yfir skerjagarðinn og er því afnauðsynlegt að byggja brimbrjót ofan á garðinn og mundi þá víkin vera sem spegill fyrir innan, og hið ágætasta bátalægi. Þetta er afarmikið nauðsynjaverk ekki sízt, ef notaðir eru mótorbátar, sem nú fer mjög í vöxt, og þykir óhjákvæmilegt, er sækja verður til hafs, því fiskur legst dýpra nú en fyr.

Í þorpinu Sandi og þar í grend eru hér um bil 400 manns, en enginn efi er á, að kæmi bátakví í Krossavík, mundi bygðin aukast að mun. Enn

mælir það með lánveitingu þessari, að jarðir þær, sem liggja að Krossavíkinni eru landssjóðseign. Meir að segja, það eru allar líkur til, að það mundi beint borga sig fyrir landssjóð að taka að sér fyrirtæki þetta að öllu leyti.

Frá Sandi hafa gengið síðastliðið ár 46 bátar, en í raun réttri eru þeir miklu fleiri á vetrar- og vorvertíðum, því þangað sækja menn víðsvegar að úr Snæfellsnessýslu, víða úr Dalasýslu, og jafnvel Vestmannaeyingar hafa leitað þangað síðastliðið sumar.

Hin rétta aðferð til stuðnings fiskiveiðum vorum virðist meðal annars, og ekki sízt vera sú, að bæta hafnir og lendingar. Eg vil jafnframt benda hinum háttv. deildarm. á, að málið er ekki óundirbúið. Stjórnin hefir látið Krabbe verkfræðing rannsaka staðinn árið 1906 og hefir hann gefið skýrslu um rannsókn sína og uppdrátt af staðnum, með kostnaðaráætlun, og liggja þessi skjöl öll nú fyrir þinginu. Lætur Krabbe það álit í ljósi, að verkið sé mjög vel framkvæmanlegt og miði bygðunum þar vestra mjög til eflingar. Eg ætla að taka það fram, að eftir áætlun verkfræðingsins kostar mannvirki þetta hér um bil 16,000 kr.; en hann hefir síðar í skjali sínu og nýlega í samtali við mig, ráðið til þess að framkvæma verkið í tvennu lagi; gera fyrst aðalbrimbrjótinn að norðan, er kosta mundi 8500 kr.; væri þá hægra að dæma um, hvernig haga skyldi síðari hluta verksins. Er lánbeiðnin því miðuð við þessa upphæð. Sem trygging kæmi ábyrgð sveitarfélagsins og sýslunefndar; enn fremur skyldi tollur sá, sem Krabbe verkfræðingur leggur til, að lagður sé á hvern þann bát, er notar kvína, standa sem trygging skilvísrar greiðslu.

Vonast eg eftir að eg hafi nú skýrt þetta mál fyrir hinni háttv. deild og að mönnum skiljist, að þetta mannvirki er vert stuðnings. Engum fær dulist hve afarnauðsynlegt það er, að styðja þessa menn þar norður á Snæfellsnesi til þessara framkvæmda, svo mjög sem atvinna þeirra veltur á þeim, enda hafa þeir eigi eytt fé úr landssjóði til þessa.

Eg vil að endingu láta þess getið, að eg mun breyta till. minni að formi og efni, áður en til 3. umr. kemur.

Einar Jónsson: Eg býst ekki við, að hlutverk mitt verði öfundsvert, eftir því sem eg hefi heyrt af h. deild. Eg hefi hér tvær till., sem ekki er vel undir tekið. Í fyrsta lagi lánbeiðni kaupfélagsins Ingólfs á Stokkseyri, og í öðru lagi lánbeiðni sýslumannsins í Rangárvallasýslu. Eg heyrði á hinum hv. frsm. (Sk. Th.), að lánbænum þessum myndi eigi verða vel tekið, sérstaklega mælti hann á móti Ingólfsfél. láninu. En eg álít, að hann sé ráðríkur maður, sem eigi þoli annara vilja en sinn eigin, en játa, að hann talaði nú með furðu lítilli ósanngirni viðvíkjandi lánbeiðni sýslumanns Rangæinga. Að eg álít hann ráðríkan og ósanngjarnan, kemur til af móttökum þeim, sem hann veitti mér, þegar eg lét fyrst til mín heyra hér í deildinni. Eg tel líklegt að þær hafi átt að vera til þess gerðar, að þrykkja mér niður, og bæla mig undir, en eg get með fullri einurð sagt háttv. þm. það, að þá hefir hann farið í geitarhús að biðja sér ullar. Honum mun aldrei takast að bæla mig niður, en má mín vegna reyna það svo oft sem honum sýnist. Eg gat eigi gefið honum þessar skýringar strax, þar sem búið var að skera umr. niður, en læt þær hér með koma.

Þá var það h. 2. þm. Rvk. (M. B.), sem tók þessum málaleitunum mjög

illa, talaði hann með ofsa, gauragangi og ósvífni. En eg læt glaum hans eigi fá mikið á mig, því eg álít hann eigi eins skynsaman mann og framsm. fjárlagan., og hefi eg veitt því eftirtekt, að hann gerir sér meira far um að tala hátt en þarft.

Þá er bezt eg snúi mér að láni kaupfélags Stokkseyrar. Það er ákveðið 60,000 kr., en ekki 69,000, eins og stendur á atkvæðaskránni. Mér er kunnugt um, hvernig hagur félagsins stendur, þar eð eg er í stjórn þess; álít eg ekki rétt, að neita félaginu um lán þetta, þar sem það nú er í kröggum með »driftkapital«, en enga peninga unt að fá í bönkum. Viðskiftamenn félagsins eru bændur, sem enga peninga hafa handbæra til innkaupa á vörum. Það hafa komið fram raddir um, að hagur félagsins muni tæpur, en eg get borið um, að svo er ekki. Eg hefi með höndum eignaskrá félagsins, sem eg skal lesa upp, ef h. forseti leyfir; það tekur eigi langan tíma.

Eigur:

	Kr. a.	Kr. a.
I. Húseignir og önnur mannvirki samkv. virðingargerð $^{22}/_{10}$ '07	143,592,00	
Áhaldareikn. samkvæmt reikn. $^{30}/_{11}$ '08	5,841,27	
II. a. Vöruleifar með peningaútsöluv. $^{30}/_{11}$ '08	148,686,90	
b. Vörur isl. $^{30}/_{11}$ gerðar	9,109,08	
c. Peningar í kassa, bönk-		
Flyt:		

	Kr. a.	Kr. a.
Flutt:		
um og sparisjóð $^{30}/_{11}$ '08	57,736,74	
d. Ýmsar kröfur á útl. viðskiftam. $^{30}/_{11}$ '08	13,400,00	
e. Útistandandi í sölu- og pöntunardeildum	63,238,61	441,604,60

Skuldir:

	Kr. a.	Kr. a.
Við bankana og ýmsa innieignamenn utan lands og innan	244,570,00	
Tollur af tollgeymsluvörum ...	2,295,23	
Varasjóður 1907...	1,396,66	
Stofnfjárreikningur $^{30}/_{11}$'08	51,075,00	299,336,89

Skuldlausar eignir: 142,267,71

Eftir þessum reikningi, sem engin ástæða er til að ætla að sé rangur, eru skuldlausar eignir félagsins rúm. 142,000 kr., að meðtöldum hlutabréfum 60 þús. kr., og er það hin sama upphæð, sem farið er fram á, að landsjóður láni eða útvegi að láni, og þar fylgt sömu reglu sem um Sláturhúsið, en þetta komi alt að veði, hús og aðrar eignir. Ef ekki er hlaupið undir bagga horfir illa til með verzlun bænda þetta ár. Þegar bankarnir lána eigi neitt, verður að leita á landssjóð. Áhættan er engin. Eg hygg, að h. samdeildarmenn mínir hafi kynt sér þetta mál rækilega, en eg býst ekki við að mín orð megi sín svo mikils, að þeir láti að þeim. En greiði þeir atkv. móti þessu, greiða þeir jafnframt atkvæði á móti því, að verzlunin verði

innlend, á móti framförum í verzlunarviðskiftum landsins, því það eru kaupfélögin, sem starfa í þá átt, að veikja afl miljóna- og annara stórgróðafélaga, en gera verzlunina innlenda, og veit eg, að allir skilja hverju slíkt munar. Vona eg því, að þeir hugsi sig vandlega um, áður en þeir hafna þessari beiðni.

Þá kemur húsbyggingarlánið sýslumannsins í Rangárvallasýslu. Það hefir þegar verið mikið um það talað, og hafa menn víst þegar tekið afstöðu í málinu. Samþingismaður minn talaði vel og rækilega um þetta atriði, og þarf eg því eigi að fara um það mörgum orðum, en ætla að lýsa málinu eftir minni afstöðu. Það er ekki það sama að vera sýslumaður í Rangárvallasýslu og í öðrum sýslum landsins. Það stendur svo sérstaklega á í þessari sýslu, að þar eru engar aukatekjur að hafa, því í sýslunni er engin höfn. Sýslumaðurinn hefir því að eins sín ákveðnu laun, sem ekki eru hærri, en annara sýslumanna, því að launin bæði í Rangárvallasýslu og öðrum sýslum landsins voru ákveðin, áður en verzlunarstaðir fjölguðu og tollar hækkuðu. Væri ekkert sanngiarnara, en veita honum launahækkun, ef þessu er synjað. Mér finst ekki nokkur hætta, að veita þetta lán, því sýslumaðurinn setur jörð að veði, sem engin hætta er á að eyðileggist af náttúrunnar völdum, og með þeim húsum, sem hann byggir. Afstaða sýslumannsins í Rangárvallasýslu er verri en annara sýslumanna, því þá er hann flutti úr Skaftafellssýslu, var því nær ómögulegt fyrir hann, nema með stórum annmörkum og erfiðleikum, að fá sér skýli yfir höfuðið, sökum þess að enginn kaupstaður er í sýslunni til, en húsakynni bænda upp í sveitum óvíða, jafnvel hvergi svo úr garði gerð, að embættismaður með fjölskyldu geti þar komist að neinu brúklegu. Eru það vandræði mikil fyrir hann, sem er fjölskyldumaður að fá eigi gott húsnæði. Eg vona, að hinir háttv. þingdm. sjái, að þetta er sanngjörn krafa, er svona sérstaklega stendur á, en láti ekki flokksríg villa sér sjónir.

Af því að umr. hafa nú þegar orðið svo miklar, þá skal eg ekki lengja þær að mun. Þó vil eg ekki láta hjá líða, að minnast lítið eitt á önnur atriði, auk þess sem eg þegar hefi nefnt.

Það er þá fyrst lánbeiðni Sláturhússins, sem að vísu hefir verið mikið rætt um. Eg get ekki álitið, að það lýsi neinni eigingirni af minni hálfu, þótt eg sé þessu máli hlyntur; get líka fyrir þessu máli talað frá fleiri hliðum en eigingirninnar. Háttv. 1. þ. m. Rvk. (J. Þ.) sagði í dag, að Sláturhúsið væri í rauninni einokun, að eins til að koma öðrum á kaldan klaka. En þessi ummæli eru mjög ómakleg, þetta er engan veginn tilgangurinn. Og eg er viss um að félagarnir vilja það heldur ekki. Markmið félagsins er að koma kjötmarkaðinum í betra horf, það vill stuðla að því, að gott og vel verkað kjöt seljist vel erlendis. Auk þess er það tilgangurinn, að kjötið sé selt Reykvíkingum velverkað og með sanngjörnu verði. Mér er kunnugt um, hvernig fjársalan var áður, það varð oft á misrétti mikið í þeim skiftum, alt komið undir því, hvernig þeir áttu saman, er skiftu saman. Ef seljandinn var hygnari en kaupandinn, þá seldi hann vel sem kallað er, en beið halla, ef kaupandinn var honum snjallari. Sveitabændur þoldu þetta ekki, það þurfti að lagfæra það, en ekki var það gert Reykvíkingum til baga. Því hefir verið kastað fram, að Sláturhúsið hafi ekki farið rétt að. Eg get að vísu ekki neitað því, að hér hafi orðið á nokk-

ur galli síðara árið, en fyrra árið var ekkert aðfinsluvert; finst mér að þessi skýring sé sanngjörn í þessu efni. Hið síðara árið hefir Sláturhúsið gert breytingu, sem ekki hefði átt að vera, það byrjaði á of háu útsöluverði fyrst, þegar féð kom, og reyndist verðið of hátt. Eini ójöfnuðurinn stafar af þessu. En þetta má laga, og er eg því kunnugur, að félagið vill sjálft laga þetta. Eg vildi óska þess, að því er sláturhúsið snertir, að Reykvíkingar og sveitamenn kæmi sér saman um einhverja heppilega tilhögun, í stað þess að meinga hvorir aðra um eitt eða annað í þessu efni. Það er alls ekki réttmætt, að Reykvikingar áliti félagið einokun. Sveitamenn vilja það að minsta kosti ekki, og eg vona, að það verði heldur ekki.

Þá vildi eg fara nokkrum orðum um smjörbúin, eða öllu heldur verðlaun til þeirra. Eg get ekki fallist á það, sem haldið hefir verið fram, að ósanngjarnt sé að veita smjörbúunum verðlaun einum degi lengur, mér finst einmitt ósanngjarnt að afnema nú þennan styrk. Hinsvegar mundi eg ekki vera því algerlega mótfallinn, ef það er einlægur vilji þingsins að minka þennan styrk að nokkru, þ. e. smám saman, þannig að lækkað sé tillag þeirra rjómabúa, er hafa starfað um nokkurn tíma og því létt nokkru af skuldum sínum. Það væri ekki með öllu ósanngjarnt, en hitt ekki rétt að afnema hann. Ástæðan til þessa er sérstaklega sú, að búin hafa byrjað starfsemi sína í þeirri von, að þau nytu einhvers styrks úr landssjóði um óákveðinn tíma. Þau hafa meira að segja búist við, að þau nytu hans á meðan þau standa. Ef landssjóður hefði þegar í byrjun tiltekið einhvern vissan tíma, segjum 5—10 ár, er styrksins nyti við, þá væri alt öðru máli að gegna, þá væru búin sjálfráð, hvað þau gerðu í því efni að setjast á stofn. En nú hefir þetta ekki verið gert, og búin hafa því vonast eftir framhaldi styrksins. Væri illa farið, ef þau þau yrðu svift styrknum, áður en sýslufélögin geta staðið straum af þeim. Eg hefi sjálfur verið við rjómabú riðinn, hefi verið í stjórn sumra, og er því kunnugt um, að þeim er það mikið kappsmál að losa sig sem mest úr skuldum. En það hafa fæst þeirra getað gert á þeim 5 árum, er þau hafa staðið lengst. Tel eg því illa farið, et þau yrðu svift styrknum, áður en þau eru búin að losa sig úr skuldum. Landssjóður hefir veitt rjómabúunum lán með góðum kjörum, 3% vöxtum afborgunarlaust fyrstu 5 árin. En það lán er ekki nógu mikið; búin hafa því orðið að fá $^1/_2$ fjárins annars staðar frá, og þá með verri kjörum. Þau búin, sem mestum skuldum hafa létt af sér, hafa losað sig við þetta erfiðara lán, en landssjóðslánið stendur eftir. Samt geta þau ekki kallast illa stödd, enda ekki drepandi að borga 2—3 þús. kr. á 15 árum, ef vel gengur. Þó má ekki kippa burtu styrknum á meðan búin hafa ekki fyllilega losað sig úr skuldum, því að hann örfar þau líka til að framleiða betra smjör, en þau gerðu ella.

Á eitt vil eg minnast enn, þótt mér standi það mál að vísu persónulega fjær, en þetta sem nú hefi eg nefnt. Það er Eiðaskólinn, sem margbúið er að tala um. Þetta er að vísu stórmál, bæði fyrir landið í heild sinni, og svo sérstaklega fyrir sýslufélögin, er hlut eiga að máli. Menn hafa nú bæði mælt með og móti styrkveitingunni, hvorirtveggja með talsverðum rökum. Tel eg þar ekki ósanngirni af hvorri

hálfu. Háttv. framsm. (Sk. Th.) var að vísu nokkuð harðorður — en honum virðist annars nokkuð gjarnt til að fara allhörðum orðum um ýmislegt, og sagði hann, að Múlsýslungar hefðu farið fram á fé úr landssjóði til byggingarinnar, en verið neitað, en svo hefðu þeir ráðist í húsbygginguna sjálfir og ekki haft landssjóð með í ráðum. Hefðu þeir þar með reist sér hurðarás um öxl. Má vera, að þetta sé rétt, en ekki hafa þeir gert þetta í því skyni að bjóða landssjóði byrgin, heldur hafa þeir talið verkið þarft og nauðsynlegt og því lagt út í það, þótt landssjóður yrði ekki við tilmælum þeirra. Þeir hafa eðlilega ekki viljað útiloka Austurland frá öllum mentastofnunum. Og myndi eg sennilega hafa fylgt þeim að málum, ef til þess hefði komið. Hafa þeir og að líkindum hugsað á þá leið, að þeir myndu geta fengið styrkinn síðar meir. Nú þegar þeir flýja á náðir landssjóðs, þá er ekki rétt að núa þeim þessu um nasir. Hafa næg rök verið tilfærð fyrir gagnsemi skólans. Og því verður ekki neitað, að skóli á Austurlandi ætti að gera sama gagn og skólar annarsstaðar á landinu. Væri sanngjarnast, að einn slíkur skóli væri í hverjum landsfjórðungi.

Svo að eg taki mér nú dálitinn útúrdúr, vil eg nefna Flensborgarskólann í þessu sambandi. Það væri meiri sanngirni að flytja hann að Eiðum, því að hér er nóg af skólum í grendinni. Hitt er aftur á móti sanngjarnt hjá háttv. framsm. að eðlilegast væri að Múlsýslungar biðu nú, ef þeir ættu styrks von síðar; á það get eg fallist. En ómaklegt að neita þeim, þótt þeir hefðu ráðist í þetta af dugnaði og og framkvæmdarsemi.

Að lokum vil eg minnast á 2 smáatriði, er eg hallast að báðum. Hið fyrra er um styrkinn til bóndans á Tvískerjum, er háttv. þm. A.-Sk. (Þ. J.) talaði rækilega fyrir og hæstv. ráðh. einnig. Því er eg meðmæltur; tel það mjög nauðsynlegt.

Hitt var um styrkinn til frú T. Holm. Eg hefi lesið margt eftir hana og haft ánægju af. Eg hlýt að viðurkenna, að þessi kona hefir unnið mikið verk og ætti verðlaun skilið, ekki síður en karlmenn þeir, sem nú hafa verið styrktir, sumir jafnvel meira en þeir sjálfir hafa getað búist við, eða beðið um.

Jóhannes Jóhannesson: Það var eitt atriði í ræðum háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) og háttv. form. og framsm. fjárlaganefndarinnar (Sk. Th.) um fjárveitingarnar til Eiðaskólans, sem eg vildi leyfa mér að gera stuttlega að umtalsefni og það var aðdróttun þeirra til Múlsýslunga um, að þeir hefðu sýnt þinginu lítilsvirðingu og ólöghlýðni, með því að ráðast í byggingu vandaðs skólahúss á Eiðum, þrátt fyrir það þótt þingið 1905 hefði ákveðið að einungis skyldu vera 2 bændaskólar hér á landi, annar á Hvanneyri og hinn á Hólum.

Eg skal leyfa mér að færa rök að því, að Múlsýslungar gátu eigi farið öðruvísi að en þeir gerðu og þeir voru neyddir til þess af ástæðum, sem þeir gátu eigi ráðið við.

Þingið 1905 hafði að vísu samþykt bændaskólalögin og dregið mjög verulega af styrknum til búnaðarskólanna á Eiðum og Ólafsdal; það hafði ákveðið í bændaskólalögunum að skólarnir á Hvanneyri og Hólum skyldu geta tekið á móti alt að 40 nemendum hvor, en það hafði engar ráðstafanir gert til þess, að mögulegt væri húsrúmsins vegna að fullnægja þessu lagafyrirmæli og hefir eigi getað gert enn þá. Þvert á móti leggur háttv. fjárlaganefnd þessarar deildar það til, að neitað sé um fé það til bygginga á

bændaskólunum, sem stjórnin hefir farið fram á að veitt yrði á fjárlögunum fyrir næsta fjárhagstímbil.

Á Hvanneyri er húsrúm fyrir 20 nemendur í hæsta lagi og á Hólum eigi sæmilegt húsrúm fyrir fleiri en 30 nemendur. Afleiðingin af þessu hefir orðið sú, að báðum þessum skólum hefir orðið að vísa frá fjölda nemenda vegna húsrúmsleysis og hefir það að sjálfsögðu aðallega komið niður á þeim, sem lengst áttu að, en það eru Austfirðingar.

Ef Eiðaskólinn því hefði verið lagður niður sem teoretiskur búnaðarskóli árið 1906, var það bert, að ungir menn af Austurlandi, er afla vildu sér búnaðarþekkingar, hefðu hvergi getað orðið slíkrar fræðslu aðnjótandi, en af því hefði aftur leitt, að áhugi sá á búnaðarframförum, sem þá var vaknaður eystra, hefði skrælnað upp. Menn með búnaðarþekkingu hefði vantað til þess að glæða hann, halda honum við og vera forgöngumenn búnaðarframkvæmdanna, því það er sannreynt, að að afloknu námi á búnaðarskólunum hverfa nemendurnir heim til átthaga sinna og vilja miklu fremur starfa þar, en leita sér atvinnu í fjarlægum landsfjórðungum.

Hinsvegar var gamla húsið á Eiðum þá orðið svo hrörlegt, að það varð eigi talið byggilegt; hafði enda alla tíð verið ónógt og líft viðunandi og dró það mjög úr aðsókn að skólanum, meðan búnaðarskólarnir voru 4 og betri húsakynni á hinum skólunum. Húsinu var svo farið, að kennarar fengust eigi til að kenna í því og nemendur vildu heldur fara allrar fræðslu á mis en búa við þau húsakynni, er þar voru.

Ef Austfirðingar því eigi áttu að fara á mis við alla fræðslu í búfræði, varð að byggja nýtt skólahús á Eiðum og halda skólanum áfram. Þetta var eigendum skólans, Múlsýslungum ljóst, og þeir töldu landbúnaðinn svo þýðingarmikinn fyrir framtíð þessa lands og búfræðina svo nytsama fyrir hann, að þeir eftir ítarlega yfirvegun og eftir að málið hafði verið til umr. í öllum hreppum sýslnanna réðust í að byggja og halda skólanum áfram þrátt fyrir það, þótt landssjóðsstyrkurinn til hans minkaði að stórum mun og það væri undir hælinn lagt, hvernig þingið tæki í að styrkja skólann framvegis. En úr því í það var ráðist að byggja nýtt skólahús á Eiðum, sem liggur í miðju Fljótsdalshéraði, varð að sjálfsögðu að byggja húsið eftir kröfum nútímans til slíkra húsa og hafa það úr steinsteypu, varanlegt; því það lá í augum uppi að þótt bændaskóli eða búnaðarskóli yrði eigi nauðsynlegur á þessum stað í framtíðinni vegna þess, að húsakynni á bændaskólunum yrðu bætt svo, að Austfirðingar ættu kost á að nema búfræði þar, þá mundi húsið verða nauðsynlegt til annars skólahalds og eg held mér sé óhætt að fullyrða, að Austfirðingar sætti sig aldrei við, að hafa eigi aðra skóla hjá sér en barnaskólana í sjóþorpunum.

Eg vona að mér hafi nú tekist að sýna og sanna, að eigendur Eiðaskólans hafa eigi getað farið öðruvísi að en þeir gerðu og að sökin á því, að nú er til í alla staði vel vandað og tímabært hús á Eiðum, en eigi á bændaskólunum hinum lögákveðnu, er eigi að kenna Múlsýslungum eða leiðandi mönnum þar, heldur alþingi Íslendinga og leiðandi mönnum þar, sem hefir fækkað bændaskólunum niður í tvo, en skorið svo fé til þeirra við nögl sér, að þeir eru alsendis ófullnægjandi vegna húsrúmsleysis.

Á Eiðaskóla eru nú í vetur 18 nemendur, sem hvergi hefðu getað notið

fræðslu í búfræði, ef hann hefði eigi verið til, því báðir hinir búnaðarskólarnir hafa orðið að vísa nemendum frá. Við skólann eru ágætir kenslukraftar, líklega eigi lakari en við hina skólana, og þar er kent hið sama og þar er og námsskeið. Þegar nú þess er gætt, að landssjóður kostar þá að öllu leyti og að á Hvanneyrarskólanum eru og geta eigi verið nema rúmir 20 piltar, vænti eg að það þyki ekki ósanngjarnt, þótt farið sé fram á að skóli þessi sé, bæði að því er byggingunna og reksturinn snertir, styrktur að nokkru leyti úr landssjóði, sérstaklega þegar þess er gætt, að hann stendur piltum opinn, hvaðan af landinu sem eru og er því eigi sérstaklega fyrir þær 2 sýslur, sem leggja á sig ærinn gjöld til að halda honum uppi. Það er því svo langt frá, að styrkur til hans geti skoðast sem ölmusa til Múlsýslunga, að það má jafnvel kasta þeirri spurningu fram, hvort það sé sæmilegt fyrir þingið að neyða þessar tvær sýslur til að svara ærnu fé til fræðslu í búnaði, sem á öllu landinu hvílir að lögum.

Jón Jónsson (1. þm. N.-Múl.): Eg sé að hér er farið fram á, að lækka eigi all-lítið styrk þann til búnaðarfélaganna, er þau hafa að undanförnu notið, og lítur helzt út fyrir, að stefnan sé sú, að hann hverfi smátt og smátt úr sögunni.

Þessu háttalagi er eg gersamlega mótfallinn, því mér finst það koma ranglega niður á jafn-nytsömum félagsskap og búnaðarfélögin eru fyrir þetta land.

Búnaðarfélögin veita alþýðu manna mikla og happasæla fræðslu og hvatning til hvers konar búnaðarframfara, einkum jarðabóta. Félagsskapur þessi á víða erfitt uppdráttar, bæði vegna deyfðar og þó einkum vegna fólksfæðar. Auk þess verða búnaðarfélög að greiða árlega gjöld til búnaðarsambandanna eða svo er það fyrir austan hjá okkur. Það er misskilningur hjá hæstv. ráðherra, að búnaðarfélögin hafi tekjur frá samböndunum og búnaðarfélagi Ísl. Styrkur sá er fólginn í leiðbeiningum, sýningum og þess háttar. Yfir höfuð að tala veitist sveitunum erfitt með að halda félögunum uppi, þar sem fólkið streymir eins og kunnugt er til kaupstaðanna, og þeir fáu menn, sem fást til að vinna í þarfir þessara félaga, eru afar-kaupdýrir.

Af þessu ætti að vera augljóst, að eigi félögin að geta komið að tilætluðum notum, þá verða þau að njóta styrks af hálfu hins opinbera. Mér finst það vera bein skylda þingsins, að stuðla að því, að þessi félagsskapur geti þrifist.

Mér skildist á ræðu háttv. 2. þm. Rvk. (M. B.), að hann teldi landbúnaðinn alt of hátt settan í samanburði við sjávarútveginn. En það dugar ekki að vera að togast á um þessa atvinnuvegi, það getur orðið þeim báðum til tjóns. Happadrýgst mun verða, að samvinna geti haldist sem bezt milli þessara höfuð-atvinnugreina þjóðarinnar.

Eg býst við, að háttv. frams. (Sk. Th.) tali nú bráðum, og vildi eg skjóta því að honum, að gera bragarbót við hina fyrri ræðu sína, að því er snerti okkur Austfirðinga. Ella gæti eg trúað, að þær mætur, er ýmsir þar eystra hafa á honum færu minkandi.

Sigurður Sigurðsson: Það hafa ekki all-fáir háttv. þm. sent mér hnútur núna upp á síðkastið. Eg vona því, að enginn lái mér, þótt eg taki til máls, eftir alt það, sem á undan er gengið. Skal eg þá fyrst víkja mér að háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.). Honum hefir

hraparlega glapist sýn nú, sem fyr, þegar hann var að leitast við að svara mér. Í fyrra dag leyfði hann sér að snúa út úr orðum fjárlaganefndarinnar í nefndaráliti hennar, þar sem komizt er svo að orði, að »ekkert vit sé í« að verja ákveðinni fjárupphæð til viss fyrirtækis. Það er alt annað, en að segja, að þingmenn hafi ekki vit á því, sem þeir eru að fara með, eins og þingm. hefir sagt oftar en einu sinni. Og hann hefir látið sér um munn fara, sami þingm., að menn hér á þingi töluðu eins og fávísar konur tala. — Háttv. þm. talaði í gær um landbúnaðinn, og þóttist jafnvel draga hans taum, en það hygg eg, að hafi verið meira í orði en á borði. Afsakanir hans viðvíkjandi því, að hann væri ekki andvígur landbúnaðinum, voru víst nokkurs konar Pílatusar-þvottur. Ekki dettur mér í hug, að segja, að hann hafi ekki vit á búnaðarmálum, en þó hygg eg, að hann muni öðrum hnútum kunnugri.

Honum fórust vel og viturlega orð um byggingafyrirkomulag hér á landi; talaði með réttu um kosti steinbygginganna; en honum förlaðist nokkuð sýn, er hann tók að ræða um girðingarnar og kostnaðinn við, að koma þeim upp. Það er öllum ljóst, að grjótgarðar eru mjög dýrir og standa ekki vel nema farið sé með undirstöðu þeirra niður fyrir klaka, og kosta þeir þá ekki minna en kr. 1,50 faðmurinn. Menn geta komið sér upp gaddavírsgirðingu fyrir helmingi minna verð, á miklu styttri tíma, og því finst mér þessi lánsheimild um lán til girðingarefniskaupa vera á rökum bygð.

Þá skal eg minnast á sláturfélag Suðurlands. Háttv. þm. Rvk. (J. Þ. og M. B.) segja, að með því sé verið að mynda nokkurs konar hring eða einokun[1]). En eg vil nú beina þeirri spurning til háttv. 2. þm. Rvk. (M. B.) hvort það hafi ekki átt skylt við hringmyndun («Monopol«) er hann var að braska í, að koma upp »Völundi«. Eg vildi vinsamlega benda þeim háttv. þm. á, hvort hann höggvi ekki nokkuð nærri sjálfum sér með því að láta sér um munn fara slík orð og hann nú hefir nýskeð mælt í minn garð og annara þeirra háttv. þm., er bera hag landbúnaðarins fyrir brjósti. En sannleikurinn er nú sá, hvað sláturfélagið snertir, að það er engin einokun, og getur eftir eðli sínu ekki orðið, ef rétt er á haldið. Fyrst er þess að gæta, að Reykvíkingum stendur opinn vegur til þess, að útvega sér kjöt annarsstaðar frá, ef þeim þykir sláturfélagið dýrselt. En svo er þess í öðru lagi að gæta, að það verður í framtíðinni og á að verða, útlendi kjötmarkaðurinn, sem skapar verðið hér. Þetta vona eg, að háttv. þingm. Rvík. skilji, þegar þeir hugsa sig betur um.

Því verður eigi á móti mælt, að kaupstaðirnir byggjast mjög á landsveitunum. Í kaupstöðum, sem telja 300 íbúa eða þar yfir, búa samtals yfir 21,000 manna, með öðrum orðum fullur fjórði hluti landsmanna. Fjöldi þessara manna er fluttur ofan úr sveitunum. Þær ala upp fólkið fyrir kaupstaðina, til sjávaratvinnuvegarins, til verzlunar og til embætta. Það er kunnugt að mikill, já mestur hluti embættismanna hér á landi er alinn upp í sveit eða ættað-

---

1) Orðum þeim úr tölu minni hér á undan, er að slátrunarhúsi bænda lutu og þingmaðurinn er hér að svara, hafa skrifarar þingsins ekki náð, svo að þau vantar nú í hana. Eg man heldur ekki nú, hvernig orð mín féllu, svo að eg get ekki með vissu sagt, hversu réttmætt svar þingmannsins er.

$^{14}/_{6}$ 1909.

Jón Þorkelsson.

ur þaðan. Sveitirnar eru sú lífæð landsins er öll menning og dugnaður á rót sína, að rekja til eða streymir frá. Ef alt þetta væri reiknað til peninga. þá myndi það nema ógrynni fjár. — Landbúnaðurinn er og verður undirstaðan undir þjóðartilverunni og í framtíðinni hyrningarsteinninn undir velmegun og þjóðþrifum þessa lands. Því hefir verið spáð, að kaupstaðirnir muni hverfa í framtíðinni í þeirri mynd, sem þeir hafa nú, og að menn fari þá að leggja meiri rækt við landið, og að þegar fram líða stundir fari svo, að menn lifi aðallega á því, er jörðin gefur af sér. Eg hygg, að sá spádómur muni rætast með tímanum, og framleiðslan í landinu aukast og margfaldast. Eg vona að allir sannir synir þessa lands, sem unna þjóð sinni og ættjörðu, vilji styðja að framförum landbúnaðarins. Sumir háttv. orðhvatir þingmenn hér í deildinni hafa haft á orði, að eg hafi talað svo mikið um mat og matarpólitík. O, jæja, eitthvað verða þeir að segja. Það er rétt, að eg hef verið á móti flestum bitlingum, sem þessir þingmenn eru að burðast með, hverju nafni sem nefnast, hvort heldur það hefir verið til skálda og listamanna, »andlegu höfðingjanna«, sem þeir svo nefna, eða til annara »ópródúktivra« hluta. En þótt svo væri, að eg hafi minst á það, er lýtur að því að hafa eitthvað í sig eða á, þá get eg ekki séð, að það sé svo ljótt í sjálfu sér. Þeir herrar háttv. þm. verða þó að játa, að fyrsta boðorðið er þó að hafa ofan í sig, og það virðist ekki síður gilda hjá þeim sjálfum, en oss hinum. Þetta vona eg að allir þeir skilji, sem ekki eru því meiri hvítvoðungar í allri »ökonómí«. Eg vil einmitt af alefli styðja allar skynsamlegar tillögur, sem miða að því að auka framleiðsluna í landinu, og rækta og klæða fósturjarðar vorrar beru bletti. Og þá vona eg að það rætist bráttt, þetta sem eitt af vorum þjóðskáldum spáir, og hefir kveðið svo fagurlega um, þar sem svo er að orði komist:

Sú kemur tíð, að sárin foldar gróa,
sveitirnar fyllast, akrar hylja móa,
brauð veitir sonum móðurmoldin frjóa,
menningin vex í lundum nýrra skóga.

Þá vil eg minnast lítið eitt á styrkinn til búnaðarfélaganna. Ráðherrann gat þess, að sú stefna og skoðun hafi verið ríkjandi á þingunum 1905 og sérstaklega 1907, að hann bæri að minka, þar sem Búnaðarfélagi Íslands árlega væri veittur hár styrkur úr landssjóði, er færi hækkandi. Eg vil ekki rengja það, að þetta kunni að hafa vakað fyrir þingmönnum, þegar það ráð var tekið, að færa niður styrkinn til búnaðarfélaganna. En eg verð þó að gera þá athugasemd, að styrknum til búnaðarfélaganna og til Landsbúnaðarfélagsins má alls ekki blanda saman. Sambandið milli þessara stofnana eða félaga er ekki svo náið, sem menn halda, nema að því leyti, sem þau vinna að líku markmiði. Styrkurinn til Landsbúnaðarfélagsins er aðallega varið til stærri almennra fyrirtækja, svo sem samgirðinga, vatnsveitinga í stærri stíl, sýninga á búfénaði o. s. frv. Styrkurinn til búnaðarfélaganna útbýtist aftur á móti meðal hinna einstöku búnaðarhreppsfélaga, eftir dagsverkatölu. Styrknum er svo aftur skift milli félagsmanna, sem eins konar verðlaunum eða styrk, sem miðar til að hvetja einstaka menn til dugnaðar í jarðræktun og öðrum landbúnaðarframförum. Eg get með ánægju viðurkent, að mikill áhugi hefir komið fram og framfarir í jarðrækt og búnaði yfir höfuð aukist mjög á síðari

árum. En eg hygg þó, að ekki sé kominn tími til eða að það sé holt fyrir landbúnaðinn, að styrkur þessi eða verðlaun verði minkuð, að minsta kosti ekki að svo stöddu.

Um styrkinn til Ungmennafélags Íslands, skal eg láta mér nægja að geta þess, að eg er honum að öllu leyti meðmæltur. Styrknum til félagsins á að verja til skógræktar og líkamsíþróttar. — Hreyfing þessi, sem kend er við ungmennafélögin, er komin hingað frá Noregi, og hefir hún gert þar mikið gagn og stuðlað að þjóðþrifum í landinu. Hún hefir vakið hjá æskumönnunum frelsisást og framfaralöngun og glætt ættjarðarástina og aðrar göfgar tilfinningar í brjóstum þeirra, og það er enginn efi á, að hún mun gera sama gagn hér og fá mörgu góðu til leiðar komið. Mér finst því sjálfsagt, að styrkja þessa mjög svo lofsverðu og góðu hreyfingu.

Viðvíkjandi búnaðarskólunum get eg verið fáorður, því að eg get skrifað undir flest það, sem háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) sagði í sinni ágætu ræðu. En eg get ekki stillt mig um að láta í ljós, að eg á erfitt með að vera með breyt.till. háttv. þm. Sfjk. (B. Þ.) og þingmanna N.-Múl. um aukinn byggingarstyrk til Eiðaskóla, eins og honum nú er fyrirkomið; alt öðru máli væri að gegna, ef skólanum væri breytt í bændaskóla eða honum bætt við, svo bændaskólarnir yrðu þrír.

Þá hef eg litla viðaukatillögu á þgskj. 257, um að afborgunarfrestur á láni til tóvinnuvélanna á Reykjafossi sé framlengdur um 5 ár. Á þessu ári hefir verksmiðjan haft mikinn kostnað, komið upp raflýsingu, og ætlar sér á næsta ári að útvega sér nýja, stóra spunavél, og auka og endurbæta iðntæki sín að ýmsu öðru leyti. Eg vona, að deildinni finnist þetta svo sanngjörn málaleitun, að hún synji þess ekki. Hér er ekki að tala um að veita neitt sérstakt lán, heldur að framlengja afborgunarfrest á eldra láni, að eins um 5 ár.

Háttv. þm. Dal. (B. J.) hefir komið fram með breyt.till., þar sem hann fer fram á að feld verði burtu fjárveiting sú, sem stjórnin hefir stungið uppá í fjárlagafrumv. sínu, að varið sé til þess að rannsaka frekar en enn er orðið, og undirbúa verk það hið mikla, sem kallað er í daglegu tali Flóaáveitan. Mér hefir ekki gefist kostur á að heyra ástæðurnar fyrir þessari br.-till. eða á hve miklum röksemdum hann byggir þá till. sína, því að hann hefir ekki þorað að bíða um orðið, fyr en eg væri búinn að tala mig »dauðan«. En líklega gefst manni kostur á að heyra þær rökræður innan skams, og skal eg þá lofa honum að taka hann til bænar, þegar eg rís upp aftur við 3. umr. málsins. Eg hefi heyrt það utan að mér, að sumir fullyrði, að fyrirtæki þetta muni aldrei komast í framkvæmd. Þessir menn, sem slíkt mæla, gera sig seka í jafn vítaverðu og sá dómari, sem legði dóm á mál, áður en hann hefði rannsakað gögn málsins. Þeir vilja eyðileggja þetta mál, áður en það er rannsakað til hlítar. Þótt sumir þessara manna kunni að vera miklir andans menn, að minsta kosti að þeirra eigin dómi, þá er mér ekki kunnugt um, að þeir hafi nokkra sérþekkingu, að því er þetta fyrirtæki snertir, til þess að geta talað um það, sem óframkvæmanlegt, og það áður en þetta er athugað eða rannsakað til fullnustu. Hitt er víst, að ef verk þetta kostnaðarins vegna er framkvæmanlegt, og það er það að dómi þeirra,

er bezt hafa vit á og sérþekkingu á málinu, þá er þar með stigið hið stærsta og arðvænlegasta menningarspor í ræktun landsins síðan á landnámsöld. Það er skoðun sérfræðinga í þessari grein, að Flóaáveitan verði mun ódýrari en samskonar fyrirtæki í öðrum löndum t. d. í Svíþjóð, Danmörku og Hollandi, og að það sé sjálfsagt að leggja út í það. Eg vona því að háttv. deild láti eigi standa á þessari litlu fjárveitingu, sem er á góðum rökum bygð, og nauðsynleg til frekari undirbúnings þessu verki.

Viðvikjandi þeim ummælum h. 1. þm. Rvk. (J. Þ.), að eg sé ekki sjálfum mér samkvæmur, er eg ýmist prédiki sparnað eða komi fram með tillögur um aukin útgjöld til handa landssjóði, þá skal eg geta þess, að eg hefi ekki flutt eða verið með að sp. aðrar fjártillögur en þær, sem stuðla til að auka framleiðslu í landinu, bæta samgöngur og leiða í ljós uppgötvanir, sem geta haft mikla og góða praktiska þýðingu fyrir atvinnuvegi landsmanna. Eg hefi ekki flutt neinar tillögur um, að ausa fé til glæfrafyrirtækja, eða bitlinga til skálda, listamanna og vísinda, enda tel eg annað þarfara að gera við fé landsins en að bruðla því þannig út. Þjóðin hefir lagt áherzlu á að vel sé farið með fjárhag landsins og fundið fyrverandi stjórn til foráttu, að hún hefði verið helzt til eyðslusöm. Tel eg því illa farið, ef sá núverandi meiri hluti ætlar að fara sömu leiðina eða jafnvel að ganga lengra en hinn gerði í fjáraustri og sóunarsemi, til litillar eða engrar nytsemdar fyrir land og lýð.

Jón Þorkelsson: Eg ætla ekki að halda neina moldararæðu yfir vini mínum h. 2. þm. Árn. (S. S.). Hann talaði um, að hann væri ekki með því að auka útgjöldin, en margt kemur þó undarlega fyrir í tillögum hans, sem bendir í gagnstæða átt. Eg skal nú með skýrum tölum sanna mál mitt. 3,000 kr. styrk vill háttv. 2. þm. Árn. (Sig. S.) fá til búnaðarfélaganna, 5,000 kr. til smjörbúanna, 20,000 kr. til tóvinnuvélanna á Reykjafossi. — Það á að vera lán, rentulaust. — Þá 20,000 kr. lán til þessarar frægu gaddavirsgirðingar á Eyrarbakka. Þarna eru nú strax komar 48,000 kr. Þar við bætist 12,000 kr. lán til Björgvins sýslumanns í Rangárvallasýslu. Það eru þá komar 60,000 kr. sem þessi heiðursmaður leggur til, að landssjóður sjái af til fyrirtækja, sem hann ber fyrir brjóstinu. Þó er enn ótalinn 500 kr. styrkur til skilvinduviðgerðar fyrir Árnesinga. — Á landssjóður virkilega að fara að borga viðgerð á skilvindum kjósenda þm.? Þá eru 250 kr. til Hjálpræðishersins með öðru fleira. Hann kann nú að segja, að þetta alt sé til að auka framleiðsluna í landinu, eins og hann svo oft kemst að orði. Það er nú svo! Hann vill líka fjölga prestsembættum í Árnessýslu, stofna ný prestaköll, sem verða mega æði mikill byrðarauki fyrir landssjóð. Já, það má auðvitað segja, að þetta sé fjárveiting til framleiðslu(!) guðsorðs í Flóanum. En eg vil þá benda þm. á, að það er ekki alt til framleiðslu smjörs og kjöts, sem hann heimtar fé til, því að guðs orð hefir ekki hingað til álitist verða látið í askana.

Þá er eg eigi minna hissa á fjárlaganefndinni, er hún fer fram á að styrkur sá, sem stjórnin hefir lagt til að verja skuli til að græða landið og klæða skógi, skuli lækkaður, og svo ber að álíta, að háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) sé því samþykkur, því að hann er einn af nefndinni og hefir ekki komið með neitt ágreiningsatriði.

Að því er snertir skóggræðslustöðvarnar á Þingvelli og við Rauðavatn, er mér skýrt frá, að ýms tré hafi náð þar allmiklum þroska. Tilraunastöðin á Þingvöllum er nú orðin 8 ára gömul, og þar þróast allvel útlend fura, íslenzkt birki og lævirkjatré. Hæsta tréð þar er fura 29 þml. á hæð.

Tilraunastöðin við Rauðavatn er aftur á móti ekki nema 5 ára gömul. Þar hafa verið girtar um 40 dagsláttur. Hæsta tré þar er furutré, 20 þml. á hæð. Það virðist svo sem furan vaxi vel í íslenzkum jarðvegi og loftslagi hér, en smár er þó allur þessi vöxtur enn. En enda þótt maður ef til vill hefði getað búist við betri árangri af tilraunum við Rauðavatn og á Þingvöllum, þá er þó naumast ástæða til að draga af þeim styrk, sem þeim er ætlaður. Að háttv. 2. þm. Árn. (Sig. S.) skuli vera með því ber ekki ljósan vott um mikla samræmi í tillögum hans. Oss ætti að vera mætt að minnast þess, að landið að fróðra manna sögn var í landnámstíð skógi vaxið milli fjalls og fjöru. Jafnvel margur sá blettur, sem í voru ungdæmi var fagur og í grænum skrúða og skógi klæddur er nú uppblásin auðn ein. Svona gálauslega hefir verið farið með gróður landsins. Vér höfum verið þeir skrælingjar, að vér höfum í staðinn fyrir að klæða landið afklætt það. Vér höfum flegið það miklu af skrúða, sem guð hafði yfir það breitt.

Fjárlaganefndin leggur einnig til að veita ekki fé til grasgarðs í Reykjavík. Þetta er mér alveg óskiljanlegt, að skuli geta komið fyrir. Grasgarður eða grasagarður (bótaniskur garður) er alstaðar talinn sjálfsagður í hverju landi, þar sem nokkur menning er. H. 2. þm. Húnv. (B. S.), einn af fjárlaganefndarmönnunum, sem eg hefi frétt að nú sé látinn, var með því að auka ætti grasrækt í landinu og gera sér kunnan gróður þess sem bezt, en þó er hann hinum nefndarmönnunum sammála um, að þessum 800 kr. til grasgarðsins beri að synja. Sami þm. mælti að vísu þau réttmæt orð að leggja ætti niður tré- en taka upp steinbyggingar, eins og eg hafði fyrri í orðum mínum lagt áherzlu á, bæði hvað eignargildi snerti og allsherjarhagnað og sparnað. Þá koma sláturhúsin, til athugunar, þetta margþvælda málefni, er svo mörgum hefir orðið bumbult af. Samþingism. minn hefir vel og rækilega lýst því máli, en hefir þó vegna samanburðar á landbúnaði og sjávarútvegi lofað að láta h. 2. þm. Árn. (S. S.) hafa óþvegnar tölurnar við 3. umr., svo eg fer eigi mörgum orðum um það mál. Þó get eg eigi leitt hjá mér að geta þess, að sjávarútvegurinn, þessi »lítilmótlega« og »óábyggilega« atvinnugrein, eins og 2. þm. Árn. (S. S.) komst að orði, hefir mjólkað landssjóðinum betur en landbúnaðurinn með öll sín ágæti. Vér vitum, að við sjávarsíðuna og í kaupstöðum er drukkið meira kaffi og meiri sykur notaður en í sveitum og tæplega mun fátíðara, að menn þar fái sér neðan í því. Tollaukarnir lenda því langmest á sjávarfólkinu og sjávarútveginum.

Það var víst meiningin í upphafi, að styrkurinn til smjörbúanna félli smám saman úr sögunni. Hefir hann nú verið veittur síðan 1903 og er enn eigi horfinn. En má eg nú spyrja, hvar er ávöxturinn af þessum styrk? Má eg ennfremur raska grafarró vinar míns, 2. þm. Húnv. (B. S.) og spyrja hann, hvernig smjörbúi Torfalækjarhrepps líður? Er ekki tími til kominn að taka styrkinn af því? Húsið með verkfær-

um öllum trúi eg standi ónotað og hafi aldrei verið notað, en búið þó fengið landssjóðsstyrk.

Háttv. 2. þm. Húnv. (B. S.) vissi ekki til, að Búnaðarfélag Íslands styrki neitt önnur búnaðarfélög í landinu. En úr því svo er ekki þá hefði mátt skerða styrkinn til þess að sama skapi, sem styrkurinn til búnaðarfélaganna er hækkaður.

Spyrja vil eg 2. þm. Árn. (S. S.) að því, hvort styrkurinn til ungmennafélaga Íslands standi í nokkru sambandi við það, að styrkveitingin til skóggræðslu er lækkuð.

Eg er ekki beint mótfallinn því, að sláturfélögunum megi hjálpa með lánum, ef það er hægt eða til nokkurs, en þá er líka sjálfsagt að mínu áliti að hlaupa undir bagga með sláturhúsi hér í Reykjavík til þess að Sláturfélag Suðurlands hafi hér ekki einokun, sem væri óbærilegt fyrir bæjarmenn. En á slíkri einokunarstefnu þótti brydda hér töluvert síðastliðið haust. Eftir sögn sannfróðra manna var verð á kjöti félagsins svo hátt hér í bænum, að það seldist ekki og hefir legið hér óselt. Hinsvegar keyptu bæjarmenn um 800 tn. af kjöti úr öðrum fjórðungum landsins og um 300 tn. frá útlöndum af íslenzku kjöti. Fengu bæjarmenn kjötið ódýrara á þann hátt. Ef slíkt er eðlileg og heppileg verzlunaraðferð, hver aðferð er þá óheppileg? Hefi eg heyrt að félagið muni liggja enn með mikið af sínu kjöti óseldu. Geta því allir af þessu séð, hvort félagið hefir ekki ætlað sér að maka krókinn á sjávarmönnum og Reykvíkingum. Það var ekki nóg með það, að kjötinu var haldið í afarverði, heldur voru svið félagsins, sem annars þykja útgengileg vara, seld svo dýrt, að þau gengu ekki út, heldur varð nú í úthall vetrar að flytja mikið af þeim úldnum út á sjó, og þeim sökt þar. Félagi þessu hefir hingað til víst ekki verið synjað um lán í bönkunum um skör fram til þess að komast á laggirnar. Hitt er annað mál að veita félagi þessu landssjóðslán til þess að vera einokunarklafi á öllum mönnum hér við sjávarsíðuna. Þar til vil eg ekki leggja orð né aðfylgi. Þetta er nú byrjunin á starfrekstrinum hjá félagi þessu og er hún ekki mjög glæsileg og þó að vonum, því að mönnum hefir ekki verið ljóst sem skyldi, hvernig þeir færi hyggilegast af stað. Og vonandi er að félagið brenni sig ekki oftar á sama soðinu að okurselja vörur sínar. En til þess að nokkur trygging fáist fyrir því að félagið nái ekki að einoka menn hér óþolandi verður að vera samkeppni, er þetta félag eigi ræður og á þann einn hátt skapast af sjálfu sér eðlilegt verð á kjöti og slátri, og við það ættu allir að geta unað. Eg ann landbændum hjartanlega þess að fá sem bezt verð fyrir sauðfé sitt, en hitt vil eg ekki, að það verð sé skapað af ofríki og einokun þeirra sjálfra, heldur verður það að koma af eðlilegri eftirspurn og með hæfilegri samkeppni. Eg veit það er ekki rétt, sem 2. þm. Árn. (S. S.) og þm. Rang. sögðu, að félagið hefði ekki haft okurverð. Hitt er annað mál, sem eg skal ekkert um segja að sinni, hvort það hefir í upphafi verið tilætlunin að félagið yrði einokunarfélag. En úr því að þessir þm. neita nú því, þá vona eg að þeir greiði atkv. með lánbeiðni Gunnars Einarssonar til slátrunarhúss hér í Reykjavík.

Að því er snertir styrkinn til frú Torfhildar Holm í 18. gr., þá hefir svo vel verið undir hann tekið, að eg hefi þar engu við að bæta. Eg vonast og til að deildarmenn taki vel undir þá lítilfjörlegu hækkun til frú Ragnhildar

Björnsdóttur, ekkju Páls skálds Ólafssonar, sem eg hefi farið fram á. Allir munu kannast við í hvílíka þakklætisskuld landslýður allur stendur við þessa ágætiskonu.

Við 19. gr. ætla eg að gera lítilsháttar aths., áður en eg missi málið. Það er viðvíkjandi sektarfé fyrir ólöglegar fiskiveiðar og verði upptækra veiðarfæra, sem að $^2/_3$ hlutum gengur í ríkissjóð Dana, sem borgun fyrir strandvarnir við Ísland. Virðist mér þetta komið inn fremur fyrir lægni ráðherrans, en réttmæti, og er það algerlega óhafandi frá pólitísku sjónarmiði, auk þess sem það eru óhæf fjárútlát. Vér höfum aldrei undirgengist að hafa sameiginlegar sjóvarnir með Dönum, og þetta er þessutan beinlínis brot á lögum frá 6. apríl 1898, þar sem skipað er svo fyrir að allar sektir fyrir ólöglegar veiðar skuli renna í landssjóð. Ekkert af þessari upphæð má ganga annað en til landssjóðs; það er saknæmt og þetta er vítavert, ekki af ráðh. heldur af fyrverandi þingmönnum.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Eg ætla að byrja á því að þakka hv. 2. þgm. Árn. (S. S.) fyrir skemtunina í gær og í dag. Eg hefi gaman af röskum bardögum, og háttv. þgm. barðist hraustlega við sjálfan sig. Hann byrjaði á breyt.till.-grúa og fjárframlögukröfum og endaði með sparnaðar-áminningum. En röksemdafærsla hans var þannig, að öll spjót röksemda hans standa á þeirri niðurstöðu, er hann komst að. Háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) sagði að tilgangurinn væri að styrkurinn til smjörbúanna færi alt af lækkandi, og samkvæmt frumv. lækkar hann um 1000 kr. síðara árið; en þó stingur hann upp á að hækka hann nú hvort árið um 2000 kr., til þess að hann — lækki!! Háttv. þgm. vill stíga tvö spor aftur á bak, til að geta stigið eitt spor áfram.

Annars vildi eg að úthlutun styrksins væri hagað svo, að ekkert rjómabú fengi styrk lengur en fimm ár — sama búið —; hæstan fyrsta árið, og síðan smálækkandi næstu 4 ár, og svo félli hann niður,

Eg ætla ekki að leggja neitt á móti lánveitingarheimild til Slátrunarhúss Suðurlands, þótt það sé og hljóti að vera einokun, því að með því að sameina alla framleiðendur, verður samkeppnin útilokuð. Eg treysti svo orðum háttv. 2. þgm. Rang. (E. J.) að einokuninni verði ekki eins beitt og verið hefir. En þá mun eg líka greiða atkv. mitt með láninu til hins slátrunarhússins, með þeirri miklu tryggingu, sem það býður á skilvísri greiðslu.

Háttv. 2. þgm. Árn. (S. S.) sagði, að slátrunarhúsið hefði ekki »monopol«, en aftur á móti hlutafélagið Völundur. Eg svara þessu af því, að hv. 2. þgm. Rvík (M. Bl.) er dauður, en honum stóð næst að svara því. Hv. 2. þgm. Árn. (S. S.) virðist ekki skilja orðið »monopol«; fer honum líkt og sveitungum hans sumum austan fjalls, sem tekið hafa upp ýms útlend orð, er þeir vita ekki hvað þýða, kalla t. d. ágætismenn sína sérlega »idiot«-menn — það á að merkja »þjóðlega«!! Hlutafélagið »Völundur« hefir ekki reynt að koma öllum trésmiðum í samtök sín; hann er því ekkert einokunarfélag, hefir ekkert »monopol« til smíða eða verzlunar.

Það hefir verið mikið talað um samanburð á landbúnaði og sjávarútvegi og fjártillögum til þessara atvinnugreina. Hér hafa verið viðhöfð algerlega röng og villandi orð um landbúnaðinn; ætla eg að það væri háttv. þgm. Snæf. (S. G.) er svo mælti, að landbúnaður-

inn væri öruggasti og tryggasti atvinnuvegur landsins — sá grundvöllur, sem allir aðrir atvinnuvegir hvíldu á. En slík skoðun er ómeltur arfur eldri kynslóða, og slík orð eru ekki annað en rödd úr dauðra manna gröfum.

Það var svo einu sinni, að landbúnaðurinn var aðalatvinnuvegur þessa lands. En það var á dögum feðra vorra. Þeir dagar eru nú horfnir.

Það mun að vísu vera fjórðungur landsmanna, sem stunda sjávarútveg. En þessi litli minni hluti landsmanna borgar beint til landssjóðs af atvinnuvegi sínum 120,000 kr., þar sem landbændur borga af sínum atvinnuvegi 50,000 kr. Hlutfallið er sem 12 á móti 5. En ef þess er gætt, að landbúnaðurinn fær í árlegan beinan stuðning frá landssjóði 400,000 kr. (þótt ekki sé taldar yfir 240,000 kr. til vegabóta, sem þó eru mestmegnis í landbúnaðarins þarfir), en sjávarútvegurinn, þessi stærsti og afraksmesti atvinnuvegur landsmanna fær að eins 15,600 kr. í árlegan stuðning úr landssjóði, þá sést, að sjávarútvegurinn leggur í landssjóð í beinum gjöldum 104,400 kr. umfram það sem til hans er lagt; en að 350 þús. kr. skortir til þess, að beinu gjöldin af landbúnaði hrökkvi til þess, sem honum er lagt úr landssjóði.

Aðflutningsgjald og önnur óbein gjöld gjalda sjávarútvegsmenn miklu meir en að tiltölu réttri gagnvart landbúnaðarmönnum.

Sjávarútvegurinn geldur því ekki að eins sinn hluta til landssjóðs að hlutfalli réttu, heldur leggur landbúnaðinum 350,000 kr. ölmusu árlega að auki í beinan styrk.

Mundi það nú ekki þykja býsna vel gert af bónda, er byggi á 1/4 jarðnæðis, að borga landskuld og leigur bæði fyrir sig og hinn bóndann, er byggi á 3/4 jarðarinnar og leggja þó bóndanum á stærri jarðarpartinum stóreflis sveitarstyrk að auki? En þetta er það sem sjávarútvegurinn gerir landbúnaðinum.

Af hverju er eg nú að sýna fram á þetta? Ekki til að spilla fyrir framlögum til landbúnaðarins, heldur til að sýna, hve sjávarútvegnum er gert rangt til hér á þingi, hve fjarstætt er, að hann sé rétt metinn, og hver endileysa það er, að kalla nú orðið landbúnaðinn aðal-atvinnuveg og undirstöðu-atvinnuveg landsins. Afurðir hans eiga örðugt að keppa á heimsmarkaðinum við kjöt þeirra landa, er framleiða það ódýrara, og við ull þeirra landa, er hafa hana betri. En sjávarmenn eru nú beztu kaupendur að afurðum landbúnaðarins, og verða vissustu kaupendur og beztu því meir, sem sjávarútvegurinn eykst. Hér innanlands er markaðurinn, sem hæst borgar. Sjávarútvegurinn verður sá atvinnuvegur, sem ber landbúnaðinn uppi.

Þegar eg og aðrir, sem skynja þetta hlutfall rétt, viljum þó halda áfram að styðja landbúnaðinn, þá er það í þeirri von, að hann taki þeim framförum, að kálfurinn með tímanum launi eldið. Vér játum, að hver atvinnuvegur landsins eigi að vera öðrum til stuðnings.

En hitt teljum vér ekki sanngjarnt, að fara svo illa, sem gert er, með sjávarútveginn, t. d. með því að synja um fé til að leggja sæsíma til Vestmannaeyja — fyrirtækis, sem yrði sjávarútvegi alls Íslands til stórkostlegra framfara, kostar einar 34,000 kr., og mun borga sig beinlínis árlega, og gefa landssjóði stórar tekjur að auki.

Með þessum ummælum vildi eg reyna að vekja af svefni þau nátt-tröll hér í þingsalnum, sem enn lifa í móki hálfa öld aftur í liðinni tíð.

Enn voru nokkur atriði, sem eg

vildi minnast á. Háttv. 2. þgm. Árn. (S. S.) kvaðst vilja stuðla að því, að bændaskóli kæmist á á Eiðum. Það er góðra gjalda vert. En eg vil minna hinn háttv. þgm. á það, að þar er nú verkleg kensla og sýslurnar hafa ráðist í það verk, sem nálega er einsdæmi hér á landi, að láta hlaða hús úr steini handa skólanum á sinn kostnað. — Þetta hafa þær borgað úr sínum vasa. Á þessu þingi er ekki hægt að gera skólann að bændaskóla. Nú vil eg spyrja hann, hvort hann vilji, að ókleift sé að halda skólanum uppi. Eg vona, að hann sjái, að landssjóði er haldkvæmast að styrkja þann vísi, sem er.

Eg er ekki samþ. háttv. 1. þm. Rvík (J. Þ.) um það, að felt verði burtu tillag til ríkissjóðs Dana, er nemi $^2/_3$ sekta fyrir ólöglegar fiskveiðar í landhelgi. Hæstv. ráðherra tók það skýrt fram, að þetta væri ekki borgun fyrir gæzlu með landhelgi vorri, heldur borgun fyrir að teyma skipin inn á hafnir til þess að þau verði sektuð og upptækum afla og veiðarfærum yrði komið í verð, en það er varðskipinu alls ekki skylt. Stundum hafa varðskipin dregið botnvörpungana langar leiðir til þess að fá þá dæmda, eins og t. d. með allri suðurströnd landsins og hingað. Sumarið 1907 minnist eg þess, að varðskip flutti sekan botnvörpung til Stykkishólms, en lögreglustjórinn var ekki viðstaddur. Þá kom varðskipið með sökudólginn hingað, en bæjarfógetinn hafði svo mikið að sýsla vegna konungskomunnar, að hann gat ekki sint málinu. Loks fór skipið til Hafnarfjarðar og þar tókst loks að sekta botnvörpunginn. Þetta tillag var samþ. á þingi 1905 sakir áskorunar frá fólksþingi Dana; því þótti fara um of mikið í súginn af kolum hjá gæzluskipinu. Nú vil eg spyrja: Borgar það sig að nema þetta tillag burtu og eiga þannig á hættu, að varðskipið hætti að draga skipin inn á hafnir? Eg held ekki. Eg hygg, að það sé einmitt búhnykkur fyrir landssjóð að greiða þessa upphæð gegn því að fá skipin dregin inn á hafnir og komið aflanum í verð, en það er algerlega íslenzkt löggæzlustarf.

Framsögumaður (Skúli Thoroddsen): Eg skal að eins víkja með nokkrum orðum að ræðum hinna háttv. þm., sem nú hafa talað.

Háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) óskaði skýringar fjárlagan. á því, að hún leggur til að kippa burt styrk til aðstoðar við efnarannsóknarstofu hér í Reykjavík. Því er auðsvarað; fjárln. leit svo á, sem umsjónarmaðurinn við þessa stofnun hefði ekki meira að gera, en svo, að stofnunin kæmist af án þessarar fjárveitingar.

Sami háttv. þingm. átaldi nefndina fyrir það, að fella niður styrk til grasgarðs hér í Reykjavík, en fjárlagan. leit svo á, sem landbúnaðarfélaginu stæði næst, að hlaupa undir bagga með slíku fyrirtæki, ef því þætti það þess vert, enda félagið bærast um slíkt fyrirtæki að dæma, og Reykjavíkurbæjarfélagi auk þess skyldast, að styrkja það, þar sem grasgarður þessi verður bæjarfélaginu til unaðar og ánægju.

Þá hneykslaðist sami háttv. þm. á því, að fjárln. leggur til, að veita Hjálpræðishernum 250 kr. gegn jafnmiklu tillagi úr bæjarsjóði. Fjárln. barst umsókn um 500 kr. styrk frá þessum félagsskap, en sá sér ekki fært að leggja til, að svo mikið yrði veitt. En hvað sem annars má segja um hjákátlega guðsþjónustusiði Hjálpræðishersins, getur þó enginn neitað því, að hann hefir unnið gott og þarflegt verk með því, að halda uppi gistihúsi hér, sem bæði er ódýrt að gista í, og

mikið notað. Þetta hefir losað Reykjavíkurbæ við mikinn átroðning, og því þótti nefndinni rétt, að bæjarsjóður legði jafnmikið af mörkum; vilji bærinn það ekki, fellur fjárveitingin auðvitað niður.

Þá skal eg svara háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.). Honum þótti hart, að fjárln. er ekki meðmælt lánveitingu til vatnsveitu í Hafnarfirði. En auk þess sem útlánsmagn landssjóðs er mjög takmarkað, leit nefndin svo á, sem kaupstaðirnir mundu geta fengið slík lán á annan hátt, nefnil. í bönkunum. Það er og kunnugt, að vatnsveitu hefir verið komið á í ýmsum kaupstöðum, án þess að leitað hafi verið til landssjóðs um lán; en ef Hafnarfjarðarkaupstað yrði veitt lán, mundu fleiri kaupstaðir koma á eftir, og æskja hins sama, sem öll sanngirni mundi þá mæla með, að þeim yrði veitt. Það var nokkuð öðru máli að gegna, þótt landssjóður styrkti vatnsveituna í Reykjavík; þar var um afar-stórt og kostnaðarsamt fyrirtæki að ræða, sem ella hefði að líkindum eigi komist á fót, en bæjarfélaginu var þó einkar áríðandi.

Viðvíkjandi breyt.till. um styrk handa tveim mönnum, öðrum til að læra að gera myndamót og hinum til að læra að grafa námubrunna, sem háttv. sami þm. flytur, skal eg geta þess, að þótt framsm. fjárlagan., sem nú er fjarstaddur, hafi tekið því vel persónulega, þá er meiri hluti fjárlagan. á móti þessum fjárveitingum, einkum vegna þess, hve hér er um háar fjárupphæðir að ræða. Annað mál væri, ef þær kæmu fram í öðru formi við 3. umr.

Hæstv. ráðherra mintist á búnaðarfélögin. Þarf eg að vísu ekki að fara mörgum orðum um það, því að háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) hefir tekið at mér ómakið. Þó vil eg benda á það, að þótt Búnaðarfélag Íslands fái mikinn styrk, þá er það ekki næg ástæða til þess, að svifta önnur félög styrknum. Styrkurinn til Búnaðarfél. Ísl., er almenns eðlis, en búnaðarfélögin ná meira til einstaklingsins, og styrkur til þeirra hvetur menn til að gerast félagar, jafnvel þótt þeir fái ekki nema 20—30 aura fyrir hvert dagsverk, er þeir vinna að jarðabótum. Í minu kjördæmi hafa menn óskað, að styrkurinn yrði hækkaður. Og eg tel það of snemt, að kippa nú að sér hendinni, og ekki rétt, að hætta nú að örfa menn til jarðræktarinnar. Þessa lítilfjörlegu hækkun, er nemur 1000 kr. fyrra árið og 2000 kr. síðara, vona eg því, að háttv. deild samþykki.

Þá er hinn hæstv. ráðherra ekki samdóma fjárlaganefndinni um það, að fella burtu 500 kr. styrk, er ætlaður er eftirlitsmanninum við skógræðslu hjá Rauðavatni og Þingvöllum. — En nefndin leit svo á, sem skógræktarstjórinn gæti sjálfur skroppið þessar eftirlitsferðir styrklaust, með því líka að honum er ætluð endurgreiðsla á ferðakostnaði. — Hefir hinn háttv. 2. þm. Húnv. (B. S.) þegar bent á þetta, og því óþarft, að fara um það frekari orðum.

Enn fremur var hæstv. ráðherra því mótfallinn, að hætt yrði að greiða $^2/_3$ hluta sektarfjár botnvörpunga í ríkissjóð Dana. Eg verð þó að telja það æskilegt, að háttv. deild samþykki breyt.till. nefndarinnar í þessu efni. — Þegar þingið 1905 samþykti þessa greiðslu til handa ríkissjóði, þá var það eftir tilmælum ráðherra við fjárlaganefndina. Bar hann það fyrir sig, að þjóðþinginu danska þætti það illa farið, að sektir o. fl., rynnu með öllu í landssjóð, þar sem Danir legðu svo mikið í kostnaðinn við varðskipið. — Þingið gekk þá að þessu. En rök-

færsla hins hæstv. ráðherra nú, og einnig háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) hefir ekki komið fram fyr. Eg álít sundurgreininguna á landhelgisvörninni og hinu, að leiða botnvörpungana til hafnar, svo að hægt sé, að láta lög og dóm ganga yfir þá, hreinan tilbúning — ekkert annað, en lagalegar vífillengjur, »juristeri«. Því að það væri blátt áfram hlægilegt, ef varðskipið, sem strandvarnarskylduna hefir, léti sér nægja, að vísa botnvörpungunum út fyrir landhelgissvæðið. Það mundi gera eftirlitið mun erfiðara, með því að botnvörpungarnir mundu þá koma jafnharðan aftur.

Eg benti á það í ræðu minni í gær, að það hefði komið fram í millilandanefndinni, að Danir vildu líta svo á, sem réttur þeirra til fiskiveiða í landhelgi við Ísland, sem þeir nú njóta, væri endurgjald fyrir strandgæzluna, og því er það óeðlilegt, að vér greiðum nokkurn hluta fjár þess, sem oss einum ber lögum samkvæmt.

Ákvæði millilandanefndarfrumvarpsins eru óljós, að því er til fiskiveiðaréttarins kemur, eins og kom fram við umræður á undan kosningunum, því að þótt ákvæði bendi til þess, að fiskiveiðaréttur Dana falli burt, þegar þeir hætti strandvörnunum, þá mundi þó heitið: »det samlede danske Rige« og »Söterritoriet«, ásamt jafnréttisákvæðinu síðar geta valdið ágreiningi og vafningum. Gæti vel farið svo, að Danir þættust geta gert tilkall til landhelginnar eftir sem áður, enda yrði það þá þeirra maður, oddamaðurinn danski, er skera yrði úr ágreiningnum.

Þá vil eg víkja örfáum orðum að háttv. 2. þm. Rangv. (E. J.) Það var svo á hinum háttv. þm. að heyra, sem honum hefði gramist ummæli í ræðu, sem eg hélt, líklega þegar eg svaraði ummælum hans í vantraustsyfirlýsingarmálinu. Hinn háttv. þm. ætti nú ekki að vera mér gramur fyrir þetta, heldur ætti hann að verða leiður við sjálfan sig. Hann ætti að segja við sjálfan sig: »Þennan skolla skal eg aldrei gera framar, að vera að halda órökstudda skjallræðu um annan. Eg vona, að hinn háttv. þm. gefi sjálfur ekki um að vera skjallaður; hann ætti þá heldur ekki að skjalla aðra — það er aldrei nema lýti að brúka skjall og fagurgala.

Hinn háttv. þm. játaði, að eg hefði talað af meiri sanngirni í sinn garð í gær. Eg skal þá játa það, að sú ræða sem hann hélt í gær, var alt annars eðlis en nýnefnd ræða hans, því að ræða hans í gær snerist um málefni, en ekki mann.

Að því er snertir tillögur hins háttv. 2. þm. Rangv. (E. J.) skal eg geta þess, að fjárlaganefndin hefir ekki séð sér fært að fallast á þær, og læt eg nægja að vísa til fyrri ræðu minnar, að því er lánbeiðni Björgvins sýslum. Vigfússonar snertir.

Fjárlaganefndin getur og ómögulega lagt með lánbeiðni kaupfélagsins »Ingólfs«, enda var ræða hins háttv. þm. ekki hvetjandi í því efni, heldur miklu fremur letjandi. Yfirlit það, er hann gaf yfir hag félagsins, var þannig lagað, að stóráhætta væri fyrir landssjóð, að lána félagi, sem hefir svo mjög bundið höfuðstól sinn, sem nefnt félag hefir gert, og sem er eins skuldum vafið, eins og þetta félag, — mig minnir háttv. þm. telja skuldirnar nál. 240 þús. Eg veit heldur ekki, hvort bændum væri neinn greiði gerður með slíku láni, því að það fyrirtæki, sem er jafndjúpt sokkið, getur ekki verið arðsamt hluthöfunum.

Þá mætti líka spyrja, hvar það lenti, ef þetta lán yrði veitt? Að öllum líkindum kæmu þá öll eða flest önnur kaupfélög landsins og vildu fá lán; en slíkt yrði landssjóði með öllu ókleift.

Hinn háttv. 2. þm. Rangv. (E. J.) má ekki skilja orð mín svo, að þetta sé sprottið af neinum kala til hans, Rangæinga eða fyrirtækisins, heldur verður að líta á málefnið eins og það liggur fyrir.

Þá vil eg leyfa mér að minnast á ræðu háttv. 2. þm. N.-Múl. (Jóh. J.) og ræðu háttv. þm. Sfjk. (B. Þ.) um búnaðarskólann á Eiðum; en get þó að vísu í því efni látið mér nægja, að skírskota til þess, sem eg sagði í fyrri ræðu minni um það mál. Það er auðsætt, að sýslunefndir í þessum sýslum hafa komið málinu í þann vanda, að það verður að hjálpa þeim. Spurningin er að eins um það, hvort eigi verði komist hjá því, að veita þeim fé á þessu þingi til skólahússbyggingarinnar; eg álít þess ekki þörf, og ekki rétt, að minsta kosti ekki á undan bændaskólunum.

Háttv. 2. þm. N.-Múl. (Jóh. J.) hafði hundrað afsakanir á reiðum höndum, að því er gerðir sýslunefndanna í Múlasýslum í þessu máli snertir, og áleit þær allar réttmætar. — En það er óbrigðult, er um þá ræðir, sem eigi breyta réttilega, að þeir hafa alt af fjölda afsakana fyrir sig að bera, og þykjast hafa á réttu að standa. Háttv. 2. þm. N.-Múl. (Jóh. J.) láðist þó alveg að geta þess, hvaða námsmenn úr Múlasýslum hefðu orðið að setjast aftur vegna rúmleysis á bændaskólunum. Eg verð því að efast um, að nokkur af þessum afsakanafjölda, sem eg heyrði áðan sé rétt, meðan þm. rökstyður eigi ummæli sín frekar, og það ætti hann að þekkja, að hin siðferðislega hlið málsins er það sem hún er, hvað sem öllum afsökunum líður.

Þótt í bændaskólalögunum standi ákvæði um það, að skólarnir eigi að rúma vissa nemendatölu, þá álít eg, að þau ákvæði verði að skiljast eins og t. d. ákvæði laganna um vegalagningar. Þar standa ákvæði um það, að flutningabrautir og þjóðvegir skuli vera þar og þar; en þó er alls ekki talið skylt, að leggja t. d. allar flutningabrautirnar í einu. Og sama skilning verður að leggja í fyr greind ákvæði bændaskólalaganna, að tilætlun sé að eins sú, að skólunum verði, svo fljótt sem tök eru á, eða ástæður leyfa, komið í það horf, sem lögin kveða á um eða gera ráð fyrir, að verði.

Stjórnin hefir líka sótt um fé til skólahúsabygginganna á Hólum og á Hvanneyri á fjárlögunum, en ekki á fjáraukalögunum fyrir 1909. Þetta sýnir, að byggingarnar eru ekki mjög bráðnauðsynlegar. Ef féð hefði verið veitt á fjáraukalögunum, mundi það hafa flýtt fyrir. En stjórnin hefir nú eigi talið þörfina svo brýna, og telur því skólahússrúmið geta nægt næstk. vetur, og sé féð því veitt á næstu fjáraukalögum, greinir að eins á um einn vetur. Það sem háttv. þm. verða að gera sér ljóst er því það, hvort ástæða sé til, að veita fé þetta á fjárlögunum nú, þegar það að eins skiftir einum vetri. Eg vil samt geta þess, að það varð ágreiningur um þetta atriði í fjárlaganefndinni og get eg því búist við, að málið fari á annan veg, en meiri hluti fjárlaganefndarinnar leggur til, og tek mér það ekki nærri. Sama er að segja um Eiðaskólann, þar sem hinir ráðandi menn þar eystra hafa farið svo að ráði sínu, sem kunnugt er.

Háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) fer fram á að veittur verði 5 ára gjaldfrestur á láni til tóvinnuvélanna á Reykjafossi.

Meiri hluti fjárlaganefndarinnar sér sér ekki fært að leggja með þessari tillögu. Það hefir enn ekkert verið greitt af láninu, og einmitt þegar lántakendur eiga að fara að sýna skil, þá sækja þeir um framlengingu á afborgun af láninu. Eg held það sé ekki góð regla að veita hana, þegar svona stendur á,

Eg skal ekki blanda mér í deilu við háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) og háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) um það, hvort meira skal meta landbúnaðinn eða sjávarútveginn. Þó vil eg leyfa mér að benda á það, að ekki er það rétt, að kveða upp þann dóm, sem háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) kvað upp, að landbúnaðurinn sé nokkurs konar ölmusumaður sjávarútvegsins. Málið er órannsakað, og þess vegna ekki rétt að kveða upp þennan dóm, og málið er líka þess eðlis, að slík rannsókn er alls eigi auðveld, né áhlaupaverk, ef ábyggilegt skal vera. Til þess að það væri hægt, þyrfti að vita hvað miklu af tollskyldum vörum er eytt af hvorum um sig, þeim er landbændur eru, og hinum, sem af sjávarútvegi lifa; en það er eigi auðgert, því að landbúnaður og sjávarútvegur er víða samtvinnaður, fjöldi útgerðarmanna stundar jafnframt landbúskap, að meiru eða minna leyti, og margir landbændur hafa og bátaútveg eða senda menn til sjávar um lengri eða skemmri tíma; og því má ekki gleyma í þessu sambandi, að þegar harðæri er við sjóinn, þá ganga fátækraflutningarnir þaðan til landsveitanna. Hitt mun og fáum dyljast, að landbúskapurinn hefir einatt reynst vera tryggari, en sjórinn stopulli, þótt arðurinn sé þar fljótteknari annað veifið. Að öðru leyti virðist mér matningur óþarfur, en skylt að hafa í huga, að rétt er, að hvor þessara aðalatvinnuvega landsins styrki annan, sem bezt má verða.

Eg vil að lokum leyfa mér að mæla með hækkun ellistyrksins til ekkjunnar Elinborgar Friðriksdóttur. Hún getur ekki lifað af þeim tekjum, sem hún hefir nú, og mér finst þessi hækkun ellistyrksins mjög sanngjörn, þegar minst er hinnar rausnarlegu gjafar sonar hennar, sem hann gaf landinu.

Eggert Pálsson: Eg skal vera mjög stuttorður, því umr. eru nú orðnar langar. Það var að eins stutt aths., sem eg vildi gera viðvíkjandi því, sem 1. þm. Rvk (J. Þ.) og 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) sögðu um styrkinn til rjómabúanna og lánið til Sláturfél. Suðurl., og jafnframt að minnast mjög stuttlega á þennan margræddu samanburð milli landbúnaðarins og sjávarútvegsins.

Háttv. framsm. fjárlagan. svaraði h. 2. þm. S.-Múl., og eg er honum samdóma um það, að bezt sé að hafa engan matning á milli þessara tveggja aðal-atvinnuvega okkar. Það er á svo margt að líta í því máli, að enginn tími eða kostur er á því að tína alt það til sem með þarf, til þess að nokkurt vit væri í þeim samanburði, og þótt tíminn væri nægur, þá eru gögnin nægileg alls ekki fyrir hendi — engar áreiðanlegar skýrslur á að byggja — og það ynnist því lítið við að henda hitt og þetta til samanburðar, enda ekki rétt að meta á milli þessara atvinnuvega, sem óhjákvæmilega verða að styðjast hvor við annan.

Það er farið fram á að hækka till. til smjörbúanna, frá því sem farið er fram á í frumv. stjórnarinnar. Eg hygg að hver þm. hljóti að sjá, að tilgangur okkar flutningsm. till. er, að láta styrkinn lækka, en að eins að hann lækki þar sem hann er ætlaður lægri

síðara árið, en hið fyrra hægari fetum, en farið er fram á í frumv.

Háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) kvaðst koma með breyt.till. við þennan lið fjárlagafrumv. við 3. umr., og eftir því sem mér skildist, þess efnis, að reyna smátt og smátt, en þó enn fyr, en nokrum hefir dottið í hug, að murka lífið úr rjómabúunum. En eg vil vænta þess, að þótt landbúnaðurinn kunni að eiga fáa formælendur í þessari háttv. deild, þá muni þeir þó ekki verða margir, sem vilji styðja hann að því verki.

Háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) fann sláturfélagi Suðurlands ýmislegt til foráttu. Eg hygg, að háttv. þm. vanti nægilegan kunnugleik í þessu máli, til þess að geta rétt og sanngjarnlega um það talað, og fari því líkt og þá blindur dæmir um lit, er hann dæmir um það. Sláturfélagið starfar á alveg nýjum grundvelli, og því er ekki að vænta, að það sé komið enn þá að öllu leyti í gott horf. Eg viðurkenni það, að sumt fer þar ekki eins vel og það ætti að fara, en það er ekki hægt að kenna félaginu um það, vegna þess að ekki hefir verið hægt að laga það enn, vegna ýmsra annmarka, sem félagið eins og hvert annað nýtt félag á við að stríða, og þar á meðal efnaskort. T. d. vil eg geta þess, að félagið hefir ekki getað bygt ís- og frystihús, og því engin furða, þótt matvæli kunni að hafa máske einhvern tíma skemst frekar en þurft hefði að vera, ef slíkur útbúnaður væri til.

Hvað það snertir, að Reykjavík hafi ekki æfinlega getað fengið kjöt, þá er það mjög eðlilegt, og stafar af því, að tímabilið, sem fé er slátrað á hér á landi, er mjög stutt, nál. 2 mán. Í sláturtíðinni hefir ekki alt kjöt sláturtélagsins selzt jafnharðan, því Reykvíkingar hafa aldrei komist upp á það lag, að byrgja sig upp með kjöt, þegar það hefir nóg til verið, og því hefir orðið að salta það til útflutnings. Að Reykjavík geti ekki æfinlega fengið nýtt kjöt, stafar eingöngu af því, að eftirspurnin er jöfn alt árið, en sláturtíminn stendur aðallega yfir í 2 mán. Og þessu verður því ekki breytt með öðru móti en því, að Reykvíkingar læri að taka gæs þegar hún gefst, eða verja kjötið í ís, svo þeir geti daglega fengið ísvarið kjöt til neyzlu. Því hinu geri eg ekki ráð fyrir, að búskaparlagið — með þeim samgöngum sem nú eru — breytist í bráðina svo, að sauðfé verði hér slátrað nokkurn veginn jafnt um allan ársins tíma.

Sami h. þm. hefir látið það klingja að Sláturfélagið væri einokunarfélag. Þetta er ekki tilgangurinn og verður ekki svo í reyndinni. Tilgangur félagsins er einungis sá að koma vörunum — sérstaklega kjötinu — í betra álit, ekki einungis í Reykjavík, heldur aðallega á heimsmarkaðinum, en ef það tekst og verðið þarafleiðandi hækkar þar þá er ekki nema eðlilegt að það hækki líka í Reykjavík. Og yfir því hafa Reykvíkingar enga ástæðu til að kvarta.

Til þess að koma í veg fyrir þessa ímynduðu einokun félagsins, ætlast hinn háttv. þm. til, að öðru sláturhúsi sé veittur styrkur, sem líka standi hér í Reykjavík. Háttv. þm. mun komast að raun um, að þessi tilgangur hans næst ekki frekar fyrir það, þótt öðru sláturhúsi væri haldið hér uppi við hliðina á Sláturhúsi Suðurlands. Undanfarin ár hafa fleiri sláturhús verið hér, hvort við annars hlið, og þó held eg Reykvíkingum hafi þótt kjötið nógu dýrt. Hvað veldur því? Ekkert annað en samvinna milli sláturhúsanna. Og þessi samvinna mundi því haldast framvegis eins og hingað til, ef slátur-

urhúsin væru tvö. Það þarf því enginn að halda, að kaupmenn fari að selja kjötið ódýrara en sláturhúsið, þeir mundu hafa sama verðlag og það, og alt standa við það sama.

Þeir sem halda því fram, að einokunin sé brotin, með því að sláturhúsin séu tvö, hljóta að viðurkenna, að hún hafi þó ekki átt sér stað undanförnu, þar sem sláturhúsin hafa verið 2 eða fleiri í Reykjavík til þessa, svo að öll kvörtun þeirra um, að það sé og hafi verið einokun í þessari grein, sýnist vera einber mótsögn eða fávizka.

Hvað viðvíkur hnútum þeim, sem kastað hefir verið að háttv. 2. þm. Árn. (S. S.), fyrir það, að hann heldur hér uppi svörum fyrir landbúnaðinn, þá ætla eg ekki að fara að verja hann, því að eg álít að þess þurfi ekki. Hann er að vísu dauður við þessa umr. en mun lifna við 3. umr. og svara fyrir sig. Og þótt báðir hinir háttv. þm., sem hér hafa gengið ótrauðast fram, séu orðheppnir að almenningsáliti, og eigi síður að eigin dómi, þá álít eg að háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) muni einfær um að svara þeim, svo þeir þurfi ekki að telja til skuldar hjá honum. En með því að ráðast þannig báðir á hann dauðan — leggjast á náinn — hafa þeir óbeinlínis viðurkent, að þeir eigi hættulegan mótstöðumann þar sem hann er.

Pétur Jónsson: Það hafa spunnist all-langar umræður út af samanburðinum á milli landbúnaðarins og sjávarútvegsins, sérstaklega um þá opinberu styrki, sem hvor þessara atvinnuvega er aðnjótandi. Eg held að þessi samanburður sé óþarfur og óheppilegur, því án tillits til þess, hvor þeirra er arðvænlegri eða þýðingarmeiri, þá þarf að styrkja þá báða eftir föngum. Það er ekki rétt að líta annan þeirra öfundarauga, því þeir eru svo samgrónir, að þeir þurfa að styrkja hvor annan. Samanburður þessi hefir reynst alveg óþarfur, einnig vegna þess, að engin ljós gögn eða rök hafa verið færð, og því einungis valdið töf og hugsunarruglingi.

Í samanburði þessum hafa komið fram öfgar, en þó fundust mér þær mestar hjá háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.). Eg er ekki undirbúinn til þess að geta svarað ræðu hans með tölum, en eg held þó, að eg geti talað af jafnmiklum kunnugleik um hin einstöku atriði málsins og hann. Í svona löguðum samanburði, þegar talað er um hvað landbúnaðurinn leggur fram, verður að taka með gjöldin, hvað goldið er til sveitar, prests og kirkju. Mér fundust það óviðkunnanleg orð að segja, að landbúnaðurinn væri ölmusumaður sjávarútvegsins, allra helzt þegar engin viðlita rök eru færð í málinu.

Það verður að skoða landbúnaðinn meira en atvinnuveg. Hann er ekki að eins atvinnuvegur heldur líka menningarstofnun. Eg vil spyrja. Til hvers gengur það fé, sem lagt er fram til hans? Til þess að hækka landið í verði. Allir þeir peningar, sem lagðir eru fram til jarðabóta hækka jörðina í verði, og mannar það líka þjóðina fyrir alda og óborna. Hið sama gildir ekki með það fé, sem varið er til sjávarins, því ekki hækkar sjórinn í verði. Þeir, sem halda með sjónum gæta ekki heldur þess, að ekki geta þeir notað hann án þess að stíga í land, og að meginþorri sjómanna notar landið sér til styrktar að meira eða minna leyti, sem betur fer. Hinn bezti þrifnaður fyrir sjávarútveginn er sá, að hann geti líka haft sem mest not af landinu, og að greitt verði fyrir ræktun jarðarinnar við sjóinn eins vel og verða má. Þetta hef-

ir líka verið haft fyrir augum, sérstaklega um Ræktunarsjóðinn, og þar stutt að því að fátækir menn við sjóinn geti eignast smábletti, og ræktað þá. Ef strendur Faxaflóa hefðu verið vel ræktaðar, þegar fiskileysið kom þar fyrir nál. 30 árum, þá hefði ekki farið sem fór. Nú eru þær sveitir að blómgvast, og hygg eg að það sé mikið því að þakka, að þar er farið að leggja rækt við landið.

Úr því eg stóð upp, þá vil eg geta þess, að eg kom inn í því í morgun, þegar háttv. 2. þm. N.-Múl. (Jóh. J.) var að tala um Eiðaskólann. Eg heyrði ekki alla ræðu hans, og ætla heldur ekki að fara að svara henni, en samt varð eg var við, að hann var að mótmæla því, sem eg sagði í gær. Það er langt frá því að eg vilji spilla fyrir málinu, og tilgangur minn með orðunum í gær, var að eins að skýra það og greiða í sundur. Háttv. þm. fór annars ekki sem viðkunnanlegustum orðum um tillögurnar um fjárveitingar til skólans. Hann flutti þær ekki sem beiðni, heldur sem ofanígjöf til þingsins fyrir gerðir þess í búnaðarskólamálinu áður. Eg veit ekki, hvort þingið vill taka með þökkum svona ráðningu. Það getur sést á atkvæðagreiðslu um till. um Eiðaskólann.

Björn Sigfússon: Ætla að eins að svara fyrirspurn. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) beindi spurning til mín, þótt hann héldi að eg væri dauður, og hefir hann því ekki ætlað að hlífast við að leita frétta af framliðnum! Hann beindi þeirri spurningu til mín, hvernig liði smjörbúinu í Torfalækjarhreppi? Hann kvaðst hafa heyrt að þar væri ekki alt með feldu. Eg skal fræða háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) um það, að smjörbú þetta hefir einungis starfað eitt sumar. Stofnendurnir fengu lán úr landssjóði til húsbygginga og áhaldakaupa, en af einhverjum ástæðum hefir starfræksla ekki haldið áfram. En háttv. þm. getur verið rólegur fyrir því að það eyðir engum eyri af því fé, sem veitt er til smjörverðlauna. Um það hvort nokkur ráðstöfun hefir verið gerð til að innheimta landssjóðslánið get eg ekki frætt hann. Um það verður hann að spyrja stjórnina, það er hennar að annast um að lán þau sem hún veitir séu endurgreidd á réttum tíma.

Eg vil ekki vera að eyða tímanum til að tala um ýmislegt, sem hefir verið athugavert í ræðum manna, en get þó ekki með öllu gengið framhjá að mótmæla ummælum háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) að »landbúnaðurinn sé ómagi á landssjóði«; slík ummæli eru svo vanhugsuð að þau eru eins dæmi. Af því hann rökstuddi ekkert þessa fullyrðing, er þar engin rök að hrekja, og ekki ástæða til að fjölyrða um það. Engum getur dulist það, að ýmsir þm. líta öfundaraugum til þess, hversu mikið landbúnaðurinn ber úr býtum, það er eins og þeir muni ekki eftir því, hversu mikla þýðingu það hefir fyrir landið í heild sinni, að landbúnaðurinn blómgist. Árlega dregst fjöldi fólks frá sveitunum til sjávarins, vegna hins háa kaupgjalds, sem sjávarútvegurinn býður, þetta er blóðtaka fyrir sveitirnar, einkum þar sem oft fer svo sorglega að þessu fólki er beinlínis sökt í sjóinn. Einnig er fengin reynsla fyrir því, að þegar illa árar við sjóinn þá flykkist fólkið aftur til sveitanna, sem þá oft og tíðum er komið á vonarvöl, já — flutt þangað fátækraflutningi. Tækist það nú að eyða sveitirnar, þá fengi sjávarsveitirnar ekki það fólk þaðan, sem þær þurfa með, og þessvegna ætti líka sjávarmönnum að vera það ljóst, að bezt sé og heillavænlegast til frambúðar, að sveitabúskapurinn blómgist sem bezt; hinsvegar hefi eg aldrei haft

á móti því að veita það sem hægt er til sjávarútvegarins, og hefi aldrei komið með till. í þá átt að hnekkja honum. Þá er það ekki síður kunnugt, að kaupstaðirnir draga til sín fjölda fólks úr landsveitunum, og þaðan hafa oftast komið hinir nýtnstu embættismenn þessa lands. Það er því ekki aðeins ómaklegt heldur líka óhyggilegt fyrir þá að vilja hnekkja landbúnaðinum.

Jón Sigurðsson: Það var sérstaklega ræða háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) sem eg ætla að svara, hann fór svo gífurlegum orðum um sambandið á millum landbúnaðar og sjávarútvegarins, að sá samanburður var alls ekki heppilegur. Ef vel á að fara, þá eru báðir þeir atvinnuvegir nauðsynlegir fyrir þetta land, og því full ástæða til að styðja þá báða. Þeir menn, sem eru að vekja þetta kapp, vinna óbeinlínis að því, að hvor af þessum atvinnuvegum fari að reyna að slá sér upp á kostnað hins, en þetta er alls ekki heppilegt. Sem betur fer er bæði í sjávarsveitum og landssveitum að aukast áhuginn á því að rækta og klæða landið, því að eg gæti ekki hugsað mér meiri ógæfu fyrir þetta land, en þá að landbúnaðurinn færi í kalda kol. Ef farið er að gera upp reikninginn á millum sjávarútvegar og landbúnaðar, þá verður að taka það með í reikninginn, að sveitirnar hafa lagt til fólkið, til að byggja bæina, og til þess að halda úti skipastólnum, og sömuleiðis í mörg embætti kaupstaðanna. Skal að eins benda á eitt dæmi, að Húnvetningar hafa lagt Reykjavíkurbæ til 5 lækna á fám árum. Þess vegna vil eg segja það, að það situr ekki á Reykjavík að telja eftir þann styrk, sem gengur til landbúnaðarins. Ræður þm. hafa þó gengið út á það, að gera landbúnaðinn tortryggilegan og sérstaklega hefir háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) komist þar freklega að orði, er hann sagði að landbúnaðurinn væri ómagi á sjávarútveginum. Mér finst þetta ekki rétt, að vera að amast við styrk til landbúnaðarins, styrk sem gengur til þess að bæta landið og gera það verðmeira, og það vil eg segja að þessir háttv. þm. ættu að snúa sér að öðru efni en að gera landbúnaðinn tortryggilegan í augum manna, hann sem hefir þó verið hyrningarsteinninn undir þjóðlífi voru og þjóðarmenning, fyr og síðar.

Sigurður Sigurðsson: Eg vil aðeins geta þess, að smjörbúin njóta einkis styrks nema þau starfi. Smjörbúið á Torfalæk nýtur einkis styrks. Um slátrunarhúsið er það að segja, að verið getur að rekstur þess sé eigi kominn í fast horf, en óviðeigandi finst mér það, að bera slúðursögur um menn hér í deildinni, sem ekki eru hér viðstaddir og eiga ekki kost á að bera hönd fyrir höfuð sér. Lánið til girðingaefniskaupa er ekki ætlað Eyrbekkingum eins og 1. þm. Rvk. (J. Þ.) sagði, heldur er veitt bændum alment og girðingafélögum. Um Flóaáveituna á ekki við að þrátta hér, og skal eg geyma það þangað til seinna.

Jóhannes Jóhannesson: Háttv. frms. (Sk. Th.) reyndi ekki að hnekkja einu orði í röksemdafærslu minni fyrir því, að Múlsýslungar hefðu eigi getað farið öðru vísi að í Eiðaskólabyggingarmálinu en þeir gerðu, en hitt vildi hann vefengja, að Austfirðingum hefði verið vísað frá bændaskólunum, af því að eg nefndi eigi nöfn þeirra.

Þegar eg nú upplýsi eftir sögusögn hv. 2. þm. Skgf. (J. B.) að í haust sóttu um 70 piltar um inntöku á Hólaskóla, sem hefir húsrúm fyrir 30 pilta og eftir sögusögn háttv. þm. Sfjk. (B. Þ.) sem er nýkominn frá Hvanneyri um

að 30 piltar sóttu um inntöku á þann skóla, en hann gat ekki veitt viðtöku nema 23 piltum og loks að 18 piltar eru nú á Eiðaskólanum, vona eg að öllum sé ljóst, að eg hefi eigi sagt of mikið, er eg fullyrti að þingið hefði eigi séð búfræðiskenslunni fyrir nægilegu húsrúmi, og því neytt Múlasýslurnar til að halda áfram Eiðaskólanum og byggja þar upp. Háttv. þm. S.-Þing. (P. J) má gjarnan kalla það ofanigjöf við þingið að benda á þetta, eg notaði eigi það orð eða neitt þvílíkt.

Ráðherrann (H. H.): Það er að eins lítil aths. við 19. gr., sem eg vildi gera. Það er fjarri því að mér sé það nokkuð kappsmál, hvort tillag þetta verður felt eða ekki, en því fer fjarri, að það sé rétt að þetta ákvæði viðurkenni rétt Dana til landhelginnar íslenzku, að það þvert á móti hefir verið til þess að losa um þá skoðun, að Danir eigi landhelgina. Þegar fram kom tillaga í fólksþinginu danska þess efnis, að við borguðum eitthvað fyrir landhelgisvörzluna, þá hlaut það að stafa af því, að þeir álitu að íslenzka landhelgin væri þeim óviðkomandi og þeir væru ekki skyldir til að verja hana endurgjaldslaust, og þingið réð því af að samþykkja þetta, að það áleit að Danir væru ekki skyldugir til þess að verja okkar eigin landhelgi án endurgjalds. Að sektirnar renni í ríkissjóð Dana, er ekki rétt. Þær renna í landssjóð, en lögin ákveða að upphæð, sem svarar $^{2}/_{8}$ af sektarfénu, skuli greidd í ríkissjóð Dana, og því fer svo fjarri, að þetta sé til að slá til jarðar sjálfstæði okkar, að það þvert á móti eykur það að miklum mun. Annars skal eg ekki blanda mér í það, hvað deildin gerir í þessu máli.

Sigurður Gunnarsson: Háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) nefndi nafn mitt í sambandi við ræðu mína í gær, og virtist það lýsa misskilningi á ræðu minni Hann hefir annaðhvort ekki heyrt ræðu mtna, eða ekki tekið eftir því, sem eg var að segja, því að eg tók það skýrt fram, að eg vildi ekki að verið væri að vega á vog sjávarútveginn og landbúnaðinn, og lagði áherzlu á það, að eg vildi styrkja þá báða eftir föngum. Hitt skal eg játa, að eg sagði að landbúnaðurinn ætti að fá meiri styrk en sjávarútvegurinn. Aftur á móti finnst mér það nokkuð öfgakent hjá háttv. þm. (J. Ó.) að segja það, að sjávarútvegurinn hafi greitt eins mikla fúlgu í landssjóðinn, og alt það sem lagt er til landbúnaðarins og þó nokkuð meira. Ef sú rökfærsla væri rétt, þá virðist vera samkvæmni í því, að þareð landbúnaðurinn ekki borgi sig, þá sé hann einskis styrks verður. Þetta eru öfgar, sem eg vil mótmæla kröftuglega. Eg vil láta báða atvinnuvegina njóta sanngjarns styrks, og það vill svo vel til að sú eina breyt.till., sem eg hefi komið með, miðar að því að styðja sjávarútveginn.

Háttv. 2. þm. S.-M. (J. Ó.) sagði enn fremur, að það væri úreltur hugsunarháttur að landbúnaðurinn væri öruggasti atvinnuvegur landsins. Eg sýndi fram á það gagnstæða í ræðu minni í gær og mótmæli því, að landbúnaðurinn sé ekki tryggasti atvinnuvegur landsins.

ATKV.GR.: (Atkvæðaskrá A. 302).

16. gr.

1. Breyt.till. við 1. c. 6. samþ. með 15 atkv. gegn 8 að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Jón Ólafsson,
Bened. Sveinsson,	Björn Kristjánsson,
Eggert Pálsson,	Björn Sigfússon,

Já:	*Nei:*
Einar Jónsson,	Björn Þorláksson,
Hálfdan Guðjónss.,	Hannes Hafstein,
Jóh. Jóhannesson,	Jón Magnússon,
Jón Jónsson N.-M.,	Jón Þorkelsson,
Jón Jónsson S.-M.,	Sig. Gunnarsson,
Jón Sigurðsson,	
Magnús Blöndahl,	
Pétur Jónsson,	
Sig. Sigurðsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Stefán Stefánsson.	
Þorl. Jónsson.	

2. Breyt.till. við 2. a. samþ. með 12 atkv. gegn 11 að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Jón Ólafsson,	Bjarni Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Bened. Sveinsson,
Björn Sigfússon,	Björn Þorláksson,
Eggert Pálsson,	Einar Jónsson,
Jóh. Jóhannesson,	Hannes Hafstein,
Jón Jónsson N.-M.,	Hálfd. Guðjónsson,
Jón Sigurðsson,	Jón Jónsson, S.-M.,
Jón Þorkelsson,	Jón Magnússon,
Pétur Jónsson,	Magnús Blöndahl,
Sigurður Gunnarss.	Sig. Sigurðsson,
Skúli Thoroddsen,	Stefán Stefánsson,
Þorl. Jónsson.	

3. Breyt.till. við 2. c. 6 feld með 16 : 2.

4. Breyt.till. (263) 3.—4. a. sþ. með 15 : 3; 4. b. samþ. með 15 : 7.

5. Breyt.till. við 4 sjálffallin.

6. Breyt.till. við 4 samþ. með 14 : 1.

7. Breyt.till. n. 280 við 4 samþ. með 17 : 6 að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Jón Ólafsson,	Bjarni Jónsson,
Benedikt Sveinsson,	Björn Kristjánsson,
Björn Sigfússon,	Hálfdan Guðjónss.,
Björn Þorláksson,	Jón Magnússon,
Eggert Pálsson,	Sigurður Gunnarss.,
Einar Jónsson,	Sigurður Sigurðss.
Hannes Hafstein,	
Jóh. Jóhannesson,	
Jón Jónsson N.-M.,	
Jón Jónsson S.-M.,	
Jón Sigurðsson,	
Jón Þorkelsson.	
Magnús Blöndahl,	
Pétur Jónsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Stefán Stefánsson,	
Þorleifur Jónsson.	

8. Breyt.till. við 5, samþ. með 13 : 1 atkv.

9. Breyt.till. 281 (27) við 6 feld með 16 : 4 atkv.

10. Breyt.till. við 8 samþ. með 14 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bened. Sveinsson,	Bjarni Jónsson,
Björn Kristjánss.,	Jón Ólafsson,
Björn Sigfússon,	Einar Jónsson,
Björn Þorlákss.,	Hannes Hafstein,
Eggert Pálsson,	Jón Jónsson S.-M.,
Hálfdan Guðjónss.,	Jón Magnússon,
Jóh. Jóhannesson,	Jón Þorkelsson,
Jón Jónsson N.-M.,	Magnús Blöndahl.
Jón Sigurðsson,	
Sig. Gunnarsson,	
Sigurður Sigurðss.,	
Stefán Stefánsson,	
Þorleifur Jónsson.	

11. Breyt.till. við 8 samþ. með 16 atkv. samhlj.

12. Breyt.till. 290 við 10 feld með 16 : 5 atkv.

13. Breyt.till. við 15 samþ. án atkvæðagr.

14. Breyt.till. eftir 19 tekin aftur.

15. —— við 20 feld með 14 : 4 atkv.

16. Breyt.till. við 22 tekin aftur.

—— — 24 b samþ. með 12 : 4 atkv.

17. Viðaukatill. 266 eftir 25 feld með 20 : 1 atkv.

18. Breyt.till. við 26 samþ. með 14 : 4 atkv.

19. Breyt.till. (Hjálpræðisherinn) feld með 12 : 4 atkv.

20. Breyt.till. við 27 tekin aftur.

21. —— eftir 27 samþ. með 18 atkv. samhlj.

22. Breyt.till. aftan við 28:

1. liður (29) feldur með 11 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Björn Þorláksson,
Jón Ólafsson,	Eggert Pálsson,
Ben. Sveinsson,	Einar Jónsson,
Björn Kristjánss.,	Hálfdan Guðjónss.,
Björn Sigfússon,	Jóh. Jóhannesson,
Hannes Hafstein,	Jón Jónsson, N.-M.,
Jón Sigurðsson,	Jón Jónsson, S.-M.,
Jón Þorkelsson,	Jón Magnússon,
Magnús Blöndahl,	Pétur Jónsson,
Sig. Gunnarsson,	Sig. Sigurðsson,
Þorl. Jónsson.	Skúli Thoroddsen,
	Stefán Stefánsson.

2. liður (30) feldur með 12 : 8 atkv.

23. Breyt.till. 278: eftir 28 samþ. með 18 atkv. samhlj.

24. Breyt.till. n. 307 (við næsta lið á undan) feld með 12 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Björn Kristjánss.,	Bjarni Jónsson,
Björn Sigfússon,	Jón Ólafsson,
Björn Þorláksson,	Ben. Sveinsson,
Eggert Pálsson,	Einar Jónsson,
Hálfdan Guðjónss.,	Hannes Hafstein,
Jóh. Jóhannesson,	Jón Jónsson N.-M.,
Jón Jónsson S.-M.,	Jón Magnússon,
Pétur Jónsson,	Jón Sigurðsson,
Sig. Sigurðsson,	Jón Þorkelsson,
Skúli Thoroddsen,	Magnús Blöndahl,
Stefán Stefánsson.	Sig. Gunnarsson,
	Þorl. Jónsson.

16. gr. svo breytt samþ. með 22 atkv. samhlj.

17. gr. samþ. óbreytt með 22 atkv. samhlj.

18. gr.

1. Breyt.till. (sr Hjörl. Einarssonar) samþ. með 17 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Bened. Sveinsson,
Jón Ólafsson,	Einar Jónsson,
Björn Kristjánss.,	Jón Jónsson N.-M.,
Björn Sigfússon,	Jón Sigurðsson,
Björn Þorláksson,	Sig. Sigurðsson,
Eggert Pálsson,	Stefán Stefánsson,
Hannes Hafstein,	
Hálfdan Guðjónss.,	
Jóh. Jóhannesson,	
Jón Jónsson S.-M.,	
Jón Magnússon,	
Jón Þorkelsson,	
Magnús Blöndahl,	
Pétur Jónsson,	
Sig. Gunnarsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Þorleifur Jónsson.	

2. Breyt.till. (Elinb. Friðriksd.) samþ. með 19 . 2 atkv.

3. Breyt.till. (Böðvar Jónsson) samþ. með 15 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Jón Ólafsson,
Ben. Sveinsson,	Björn Kristjánss.,
Björn Sigfússon,	Björn Þorláksson,
Eggert Pálsson,	Hannes Hafstein,
Einar Jónsson,	Jóh. Jóhannesson,
Hálfdan Guðjónss.,	Jón Jónsson, N.-M.,
Jón Jónsson, S.-M.,	Jón Magnússon,
Jón Sigurðsson,	Stefán Stefánsson.
Jón Þorkelsson,	
Magnús Blöndahl,	
Skúli Thoroddsen.	

4 þm. greiddu ekki atkv. Töldust með meiri hlutanum.

4. Breyt.till. 298 (Torfh. Hólm) sþ. með 19 atkv. samhlj.

5. Breyt.till. 299 (Ragnh. Björnsd.) samþ. með 15 atkv. samhlj.

18. gr. svo breytt samþ. með 20 atkv. samhlj.

19. gr.

Breyt.till. við 3 málsgr. samþ. með 16 : 4 atkv.

19. gr. svo breytt samþ. með 20 atkv. samhlj.

20. gr.

(Með breyting á tölunni, samkvæmt öðrum samþyktum breytingum í frv.) samþ. með 21 samhlj. atkv.

21. gr.

1. Viðaukatill. við greinina samþ. með 17 atkv. samhlj.

2. Viðaukatill. við greinina samþ. með 18 atkv. samhlj.

3. Viðaukatill. 301 við greinina tekin aftur.

Breyt.till. 312 feld með 12 : 5 atkv.

4. Viðaukatill. við gr. samþ. með 12 : 2 atkv.

5. Viðaukatill. við gr. samþ. með 19 atkv. samhlj.

6. Viðaukatill. við gr. samþ. með 16 atkv. samhlj.

7. Viðaukatill. við gr. samþ. með 12 : 3 atkv.

8. Viðaukatill. við gr. tekin aftur.

9. —— 309 tekin aftur.

10. —— við gr. samþ. með 17 atkv. samhlj,

11. Viðaukatill. 276 feld með 14 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Jón Ólafsson,
Björn Kristjánsson,	Benedikt Sveinsson,
Björn Sigfússon,	Eggert Pálsson,
Björn Þorláksson,	Einar Jónsson,
Jón Sigurðsson,	Hannes Hafstein,
Jón Þorkelsson,	Hálfdan Guðjónss.,
Sigurður Gunnarss.,	Jóh. Jóhannesson,
Skúli Thoroddsen,	Jón Jónsson N.-M.,
Stefán Stefánsson.	Jón Jónsson S.-M.,
	Jón Magnússon,
	Magnús Blöndahl,
	Pétur Jónsson,
	Sigurður Sigurðss.
	Þorleifur Jónsson.

12. Viðaukatill. 276 (lánveiting til Hafnarfjarðarkaupstaðar til vatnsveitu) feld með 15 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Jón Ólafsson,
Björn Kristjánss.,	Bened. Sveinsson,
Björn Sigfússon,	Eggert Pálsson,
Björn Þorláksson,	Einar Jónsson,
Hálfdan Guðjónss.,	Hannes Hafstein,
Jón Þorkelsson,	Jóh. Jóhannesson,
Magnús Blöndahl,	Jón Jónss., N.-M.
Sig. Gunnarsson.	Jón Jónsson, S.-M.
	Jón Magnússon,
	Jón Sigurðsson,
	Pétur Jónsson,
	Sig. Sigurðsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Stefán Stefánsson.
	Þorl. Jónsson.

13. Breyt.till. 288 feld með 19 : 2 atkv.

14. Breyt.till. 291 samþ. með 13 : 3 atkv.

15. Viðaukatill. 256 samþ. í e. hlj.

16. —— við greinina feld með 14 : 6 atkv.

17. Viðaukatill. 257 feld með 17 : 4 atkv.

21. gr. svo breytt samþ. með 21 atkv. samhlj.

Frumv. í heild sinni samþ. með 21 atkv. samhlj.

Vísað til 3. umr. í einu hjóði.

Þriðja umræða 1., 2. og 3. apríl (A 343, 410 (atkvæðaskrá).

Á fundi deildarinnar 1. apríl vék Hannes Hafstein sæti sem ráðherra, en

til ráðherrasætis gekk landritari Klemens Jónsson og tók þátt í störfum deildarinnar sem umboðsmaður nýja ráðherrans, Björns Jónssonar, þangað til hann kæmi heim, samkv. símskeyti frá honum, ds. í Kaupmannahöfn 31. marz, er forseti las upp.

Framsögumaður (Skúli Thoroddsen): Eg skal geta þess, að því er breyt.till. fjárlaganefndarinnar snertir, að 4 þeirra ganga í þá átt, að auka útgjöldin, og fer fyrsta tillagan í þá átt, að fjárlaganefndin hefir ætlað 25 kr. til bréfhirðingar í Furufirði, samkvæmt þingsályktun, sem samþykt var hér í deildinni.

Við 2. umræðu fjárlaganna voru laun aðstoðarmanns landsverkfræðingsins lækkuð um 700 kr., en samkvæmt skýrslu landsverkfræðingsins hefir núverandi aðstoðarmaður hans fengið allmikla reynslu og þekkingu í vegagerð o. fl. hér á landi, og mundi því eftirsjá að honum, ef hann færi og annar óreyndur væri tekinn í staðinn, og fjárlaganefndin leggur það því til, að hann fái þessar 700 kr., sem persónulega launaviðbót, en ef hann fer frá, að stjórnin fái þá að eins heimild til að launa þennan starfa með 2000 kr.

3. breyt.till. nefndarinnar, sem fer fram á aukin útgjöld, er við 14. gr. A. b. 4., að liðurinn verði hækkaður úr 4000 kr. upp í 4200 kr., og að aftan við liðinn bætist athugasemd: »Þar af til séra Runólfs Runólfssonar 200 kr. hvort árið, nema hann fái atvinnu við prestleg störf«. — Hann hefir verið prestur í Vesturheimi, en er nú kominn hingað heim og hagur hans að sögn mjög bágur; það þótti því rétt, að veita honum styrk á fjárlögunum, er mætti skoða sem viðurkenningu fyrir starf hans meðal landa vorra í Vesturheimi.

4. breyt.till. nefndarinnar í þá átt að auka útgjöldin, fer fram á að veittar séu 1200 kr. til Einars Jónssonar myndasmiðs, og er það tekið fram, að fjárveitingin sé meðfram til varðveizlu myndasafns hans. Eins og nú er ástatt, að því er til fjárhags landsins kemur, þá getur fjárlaganefndin ekki lagt það til, að safnið verði þegið sem gjöf, þar sem ærið kostnaðarsamt myndi verða að reisa því sérstakt hús, eins og áskilið er í tilboði nefnds myndasmiðs. Á fjárveitingu þessa má því líta svo, sem hún sé styrkur til húsaleigu, svo hann geti varðveitt safn sitt, sem verður hans eign áfram engu að síður. Fjárveiting að upphæð 1800 kr. til sama manns var feld hér í deildinni við 2. umræðu, og því þótti nefndinni eigi gerlegt, að fara fram á hærri fjárupphæð.

Samkvæmt till. fjárlaganefndarinnar hækka útgjöldin þannig um 4225 kr. fyrir bæði árin. En nefndin leggur einnig til, að sumstaðar sé sparað, og nemur sá sparnaður fyrir bæði árin 37,500 kr. Ef till. nefndarinnar væru því samþ. þá mundi sparast á fjárhagstímabilinu 33,275 kr.

Sparnaðartill. fjárlaganefndarinnar eru fólgnar í því, að í fyrsta lagi hefir hún lagt það til, að í stað 20,000 kr., sem veittar voru sem byggingarstyrkur til Eiðaskólans við 2. umr., séu veittar 1500 kr. á ári til að borga rentur og afborganir af skuldinni. Þetta má koma sýslunum í sama stað, með því að þær geta gengið að því, sem vísu, að næsta alþingi hjálpi þeim að einhverju leyti úr því að út í þetta óefni er komið.

Þá leggur nefndin það til, að feld sé 10.000 kr. fjárveiting til Eyjafjarðarbrautarinnar. Það hefir komið til tals

fyr á þinginu, að mun minni þörf væri á þessari braut, en á ýmsum öðrum flutningabrautum, bæði vegna þess, að vegir eru víða allgóðir í Eyjafirði og af því að brautin er þegar komin að Grund og er því að miklu gagni fyrir héraðið, og því ekki hægt að álíta, að brýn þörf sé til þess að fá brautina nú þegar til Saurbæjar.

Að því er aðrar breyt.till. fjárlaganefndarinnar snertir, þá finn eg ekki ástæðu til þess að fara sérstaklega út í þær. Ein þeirra miðar að því, að færra óvissar tekjur landssjóðs nokkuð niður, með því að of há upphæð var í ógáti samþ. við 2. umræðu.

Þá er ein breyt.till. nefndarinnar fólgin í því, að kvennaskólinn á Blönduósi fái 48 kr. fyrir hverja námsmey í staðinn fyrir 40 kr., sem samþ. var við 2. umr. — Við 2. umr. var það felt, að skólinn fengi 50 kr. fyrir hverja námsmey, en þar sem kvennaskólinn á Blönduósi er heimavistarskóli, kemur eigi fram neitt misrétti, þó að honum sé að þessu leyti gert nokkru betur en kvennaskólanum í Reykjavík.

Þá er það till. nefndarinnar, að forngripasafnið sé opið 6 stundir á viku alls, og stjórninni að öðru leyti, í samráði við forngripavörðinn, falið að ráðstafa þessu, t. d. á þann hátt að ákveða, að safnið sé opið 2 stundir á sunnudögum, eins og forngripavörður telur heppilegt, en sé þá á hinn bóginn lokað einhvern virku daganna.

Aðrar breyt.till. nefndarinnar eru þýðingarminni, t. d. um að kippa burt athugasemdinni um mat fiskfarma, þar sem ný fiskimatslög eru samþykt af þinginu, og athugasemd í fjárlögunum því óþörf.

Þá leggur fjárlaganefndin það til, að veittar séu 10.000 kr. til reksturskostnaðar við fyrirhugað berklaveikishæli síðara árið, og mætir sú fjárveiting að sjálfsögðu engri mótspyrnu.

Þá vil eg leyfa mér að fara nokkrum orðum um breyt.till. hinna ýmsu þingmanna. Þær munu vera um 55 að tölu, og þegar litið er á þær, þá fara þær allar í þá átt að auka útgjöldin, nema ein. Samtals nemur þessi hækkun 75,500 kr., og margt af því, sem þær fara fram á, eru útgjöld til einstakra manna, en fátt miðað við opinber starfsfyrirtæki.

Sú eina breyt.till. sem fer fram á að lækka útgjöldin er frá háttv. 1. þm. Rvík. (J. Þ.) og fer í þá átt að stryka út allar fjárveitingar til símanna á þessu fjárhagstímabili. Mín skoðun er, að heppilegast væri að stryka þá alla út, en veita stjórninni heimild til að taka lán til þeirra framkvæmda, með því að hér er um fyrirtæki að ræða, sem koma ekki að eins þessari heldur einnig eftirkomandi kynslóðum að gagni. Eg álít það því ekki rétt, að láta fjárframlögin til símanna lenda að eins á núgildandi fjárlögum, og eg verð að líta svo á, sem þetta lán mundi engri óánægju valda. Óánægjan yfir ½ milj. kr. láninu, sem þegar hefir tekið verið, hefir að minu áliti stafað af því, að lánið var ekki tekið til neins sérstaks fyrirtækis, heldur smelt í súpu landssjóðsins.

Fjárlaganefndin er fylgjandi þeirri breyt.till. frá háttv. þm. Vestm. (J. M.) að ishúsfélaginu í Vestmannaeyjum sé veitt alt að 20,000 kr. lán úr viðlagasjóði gegn 4½ % rentu, sem sé afborgunarlaust fyrstu 5 árin, en greiðist síðan með jöfnum afborgunum á 15 árum.

Enn fremur er fjárlaganefnd hlynt þeirri till. frá sambandslaganefndinni, að veittar séu 5000 kr. fyrra árið til þess að ríta um réttarstöðu Íslands, og að þingið kjósi 3 manna nefnd

með hlutfallskosningu til þess að sjá um þetta. Eg verð að álíta það þýðingarmikið að skrifað sé ítarlega um þjóðréttarstöðu landsins, ekki sízt með tilliti til rita K. Berlins.

Þá er nefndin meðmælt till. háttv. þm. Dal. (B. J.) um það að Stúdentafélaginu séu veittar 500 kr. hvort árið til alþýðufræðslu, með því að hún hefir komið að góðum notum að undanförnu.

Fjárlaganefndin hefir ekkert á móti því að styrkveitingunni til Helga Péturssonar sé breytt þannig, að 2000 kr. séu útborgaðar fyrra árið og 1000 kr. síðara árið, og enn fremur vill nefndin samþykkja till. um Flensborgarskólann.

Sömuleiðis vill fjárlaganefnd ljá fylgi sitt breyt.till. háttv. þm. Snæf. (S.JG.) um að lánaðar séu 8500 kr. til þess að byggja mótorbátahöfn í Krossavík á Hjallasandi, þar sem það mundi styrkja mjög mikið útveginn, ef þar fengist góð bátahöfn.

Hvað snertir breyt.till. háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.), þá getur nefndin aðhylst þær þeirra, sem að eins eru orðabreytingar, en lengra fer hún ekki.

Þá hefi eg stuttlega skýrt frá því, hvaða till. það eru, sem fjárlaganefnd vill ljá fylgi sitt. Um hinar allar till. er það að segja, að nefndin leggur það til, að þær séu feldar. Eg held, þegar litið er á það, hvernig fjárhagnum er nú komið, að bezt sé að fara varlega við atkv.gr., og reyna að komast hjá því að auka útgjöldin frekar en orðið er.

Jón Magnússon: Eg hefi leyft mér að koma með breyt.till. við fjárlögin og þarf eg ekki að tala langt mál um hana, þar sem háttv. fjárlaganefnd er henni meðmælt. Breyt.till. er þess efnis, að íshúsfélagi Vestmanneyinga verði lánaðar 20,000 kr. úr viðlagasjóði. Félagið hefir komið upp mjög myndarlegu ís- og frystihúsi, sem gerir mjög mikið gagn og er ómissandi að hafa fyrir eyjarnar og hefir kostað um 40,000 kr. Sýslufélagið á örðugt með að leggja þetta fé fram í einu og líka óhægt með að fá svo stórt lán, sem þarf til þessa fyrirtækis. Eg skal svo ekki orðlengja um þessa breyt.till., en þakka fjárlaganefnd fyrir góðar undirtektir í þessu atriði.

Þá hefi eg leyft mér að bera fram aðra breyt.till. þess efnis, að fé verði veitt til þess að leggja síma til Vestmannaeyja næsta ár. Eg get vel hugsað mér, að þótt deildin fyndi ekki ástæðu til þess að veita þetta fé á fjáraukalögunum fyrir árið 1909, þá þyki máske ástæða til þess að veita það á fjárlögunum. Því þarf ekki að lýsa, hvað bráðnauðsynlegt og þarft fyrirtækið er, það hefir verið gert rækilega fyrir skemstu hér í deildinni; eg skal að eins um þessa hlið málsins leyfa mér að geta þess, að landsímastjórinn er þeirrar skoðunar, að þessi sími eigi að koma á undan öllum öðrum símum, sem nú eru ólagðir, nema auðvitað ekki símanum austur sýslurnar, þar sem Vestmannaeyjasíminn verður að vera framhald af honum.

Fjárlaganefnd hefir heldur ekkert haft á móti nauðsyn þessa máls, en heldur því fram, að nauðsyn sé að fá vitneskju um, hve mikið þráðlaust samband kosti, svo að hægt sé að gera sér ljóst, hvort ekki sé tiltækilegt að hafa loftskeytasamband milli Eyja og lands heldur en þráðar-samband. Það gæti verið ástæða til þess, ef ekki væri deginum ljósara, að talsamband hefir svo mikla yfirburði yfir hraðskeytasamband eitt, og ef ekki væri fyrirfram fengin full vissa fyrir því, að þráðlaust hraðskeytasamband milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur yrði

miklu dýrara en símasamband, eins og nú er komið.

Það er marg viðurkent, að talsímasamband hefir svo afarmikla yfirburði yfir ritsímasamband, munurinn er að sínu leyti líkur því sem er að talast við og skrifast á, og svo eru talsímastöðvarnar mjög óbrotnar og vandalaust að stjórna þeim. Á hinn bóginn gagnar nú ekkert að vera að prédika það hér, að þráðlaust hraðskeytasamband sé eins trygt og örugt, eins og hraðskeytasamband með símanum. Það ætti því að vera óþarft að eyða orðum að því að lýsa því, hve miklu meira gagnið er að símasambandi en en að þráðlausu hraðskeytasambandi. Ofan á þetta bætist, að þráðlausa sambandið verður miklu dýrara. Það verður ekki einungis að öllum líkindum dýrara og það miklu dýrara, að koma slíku sambandi á stofn í fyrstu, en símasambandi, heldur verður hinn árlegi kostnaður svo margfalt meiri við þráðlausar skeytastöðvar. Landssímastjórinn hefir einmitt þessa dagana útvegað skýrslur um það frá Noregi, þar sem til hagar líkt og hér er um að ræða, nefnilega milli Röst í Lofoten og Sörvaagen, þar er orðið hefir að hafa loftskeytasamband milli vegna þess að sími var þar ómögulegur fyrir sakir strauma. Reksturskostnaður við stöðina í Röst er 5000 kr. á ári, en 3500 kr. í Sörvaagen, vegna þess að þar er og ritsímastöð og hægt að nota fólkið frá henni til aðstoðar við loftskeytastöðina. Eg hygg að það sé ekki ofmælt, að það væri óðs manns æði að fara að setja upp loftskeytasamband milli Vestmanneyja og Reykjavíkur, úr því að þráður er kominn austur í Rangárvallasýslu. Hitt er annað mál, að vilji menn hafa samband við skip, þá má setja upp loftskeytastöð einhversstaðar á Suðurlandi hvort er í Reykjavík t. a. m. eða á Stokkseyri eða í Vestmanneyjum, en hún á þá að vera þar sem er ritsíma- eða talsímastöð fyrir. Það verður langhentugast og ódýrast. Þegar til þess kemur, hvort muni borga sig að leggja síma til Vestmanneyja, þá held eg það sé áreiðanlegt. Eins og nú er koma mjög mörg skip til Vestmanneyja, og nálega öll mundu nota síma að einhverju leyti, og þau mundu koma miklu fleiri þangað, ef símað yrði þaðan. Mér er næst að halda, að landssjóður græddi beint ekki lítið á síma til Vestmanneyja, og auk þess yrði óbeina gagnið að honum mikið og margvíslegt, að vísu fyrir eyjarnar sjálfar, en engu síður fyrir landið í heild sinni. Að eg ekki tali um það, hve miklu meira gagnið verður að símalínunni austur í Rangárvallasýslu, ef hún kemst alla leið til Eyja. Hér er því eigi verið að fara fram á nein sérstök hlunnindi fyrir eina sveit eða hérað. Dráttur á framkvæmd þessa verks er óskynsamlegur, ekki einungis vegna nauðsynjar þess yfirleitt, heldur og vegna þess að þetta er áreiðanlega beint gróðafyrirtæki fyrir landssjóð.

Einar Jónsson: Af því mér virðist, að þm. ekki vilji hafa neinar umr. skal eg vera stuttorður, en verð að fara nokkrum orðum um breyt.till. sem eg hefi. Það er þá till. á þgskj. 387, um 800 kr. árlegan styrk til Brynjólfs tannlæknis Björnssonar, gegn því að hann haldi fyrirlestra við kennaraskólann og kvennaskólann um tannsjúkdóma. Það er vitanlegt, að sú þekking, sem þarf til þess að vernda og hirða tennurnar er mjög nauðsynleg, og eg álít, að hún dreifist bezt út um landið með því, að nemendur kennaraskólans og kvennaskólans eigi kost á því námi. Nemendur þeirra skóla dreifast út um landið, og hafa áhrif á menn til fróð-

leiks og miðla öðrum af sínum fróðleik. Eg lýsti ástæðunum fyrir þessari fjárveiting um daginn og þarf því ekki að taka hana upp aftur. Eg get þó eigi látið vera að minnast á það, að fátækt fólk kemur oft til að fá hjálp hjá Brynjólfi og eyðir hann bæði tíma og vinnu til þess án nokkurs endurgjalds, en hann hefir barist upp á sínar eigin spýtur við alt sitt nám í gegn og þarf því síns með; og það er ekki fátækt fólk einungis úr Reykjavík, sem leitar til hans, heldur fólk viðsvegar úr landinu af skólum og annarsstaðar frá, og því er fyllilega sanngjarnt, að landið borgi honum eitthvað fyrir ómak sitt. Það getur verið haft á móti þessu, að styrkurinn sé veittur til annars tannlæknis, en það er sagt að hann láti viðvaninga af læknaskólanum fást við verkið og það verk er ekki vel unnið, og þessvegna sækir ekki fólk þá frílækningu. Eg álít meiri þörf, að hafa tvo tannlækna hér, en þótt einhver setti sig niður í öðru kauptúni landsins, eg vona að þm. álíti ekki óþarft að veita þennan styrk, þar sem svo miklu og þörfu er heitið í staðinn. Þá er hin breyt.till. á þgskj. 388 um 1000 kr. í viðurkenningarskyni til fyrverandi alþingismanns Þorvalds Björnssonar á fyrra ári. Um hana þarf eg ekki mikið að tala, maðurinn mun vera kunnur flestum þeim, sem hér eru. Maður þessi hefir búið um langan tíma, sem einn af merkustu bændum þessa lands, sannkallaður búnaðarfrömuður, sérstaklega í jarðabótum. Jörð sú, sem hann bjó á, var lítilsháttar kot, þegar hún komst í hans hendur, en hann bætti hana svo á allar lundir, að hún var þegar hann fór þaðan, með beztu jörðum í Rangárvallasýslu. Hann var rausnarmaður hinn mesti og hinn gestrisnasti, og hinn hjálpsamasti við alla, sem hans leituðu. Árið 1881—2 var harðæri mikið, eins og menn muna, og skorti mjög matbjörg, þar eð ekkert var að fá í kaupstöðunum, þá var það Þorvaldur Björnsson sem hjálpaði mörgum manni í Rangárvalla- og Skaftafellssýslum að miklum mun, og að hann gerði það ekki í eiginhagsmunaskyni, sýnir það, að hann neitaði oft ríkum mönnum, sem buðu fram peninga, til þess að geta hjálpað þeim fátækari, varð í tapi fyrir alt saman, og er nú ekki ríkur maður, en það er ekki af því einu að hann viljandi hafi spilað illa, heldur hefir hann orðið fyrir óhöppum, bæði af því, að hann varð sökum fólkseklu að sleppa af búi í sveit, seldi því bú sitt og jörð og flutti til Reykjavíkur, þó eftir áeggjun eins spekúlantsins, sem taldi hann á það, keypti hann þar »trollara« og endirinn á öllu saman er sá, að hann er nú kominn í fjárþrot, og allur eigindómur hans genginn til þurðar. Á velstandsárum sínum mun hann hafa gefið fátækum um 40 stórgripi, hesta og kýr, og munu þess fá dæmi af einum launalausum bónda. Eg vildi óska, að deildin veitti honum þetta, og að landið sjái svo sóma sinn að láta ekki þennan sæmdarmann fara á vonarvöl.

Jón Jónsson, (1. þm. S.-Múl.): Eg bið um orðið til þess að gera grein fyrir atkv. mínu, þar sem eg hefi orðið í minni hluta í fjárlaganefnd. Eins og menn muna samþ. deildin um daginn allríflegan styrk til Eiðaskólans, til að standa straum af byggingarkostnaði, til þess var ætlað 10,000 kr. hvort árið, eða 20,000 kr. alls. Það var sþ. hér í deildinni með 15 atkv. Eg verð að lýsa yfir því, að það hafi verið rétt og sanngjörn fjárveiting, sem þar var samþ. Eg hygg að það þurfi ekki

annað en vísa til þess, sem háttv. þm. Sfjk. (B. Þ.) sagði þá. Hann lýsti því nákvæmlega þá, hve dýr skólinn hefði orðið hlutaðeigendum, og sömuleiðis því, í hve góðu ástandi hann væri nú, og hversu vel úr garði gerður til að vinna gagn. —

Nú hefir meiri hluti fjárlaganefndarinnar borið fram þá tillögu, að láta hina fyrri fjárveiting falla, en að veita skólanum 1500 kr. hvort árið, er á að nægja til þess, að greiða vexti og afborganir af hálfum byggingarkostnaðinum í 28 ár, og með því virðist eiga að gefa í skyn, að landssjóður borgi þessar 1500 kr. á ári í 28 ár, og þá fær skólinn jafnmikið. En það er önnur hlið á þessu máli. Fyrst er þess að geta og gæta, að sýslufélögin, til þess að koma upp skólanum hafa orðið að taka lán til bráðabirgðar, og verða að borga það fljótt, eða sem allra fyrst að unt er. Sýslufélögin hafa ekki getað fengið lán í bönkum, en fengið lánið til bráðabirgða hjá öðrum. Verði þessi breyt.till. samþykt, leysist ekki það vandræði skólans, að geta leyst þau bráðabirgðaskuldabönd, sem nú hvíla á honum, þótt hann fái að eins 1500 kr.; eg veit um mitt kjördæmi, að því mun veita örðugt að standa straum af skólanum, ef nú verður breytt fjárstyrknum til skólans, ef þessi nýja till. verður samþykt. — Eg vil líka leyfa mér að benda á það, að sú hlið, sem snýr að fjárveitingavaldinu og landssjóði er ekki heppileg. Beinu fjárútlátin eru auðvitað mikið minni í bráð, og »ballansinn« á fjárlögunum verður 17,000 kr. betri, en eg álít athugavert að fresta nauðsynlegum útgjöldum úr landssjóðnum einungis til þess að fá jafnvægi á fjárlögin. Ef svo fer að þessi tillaga verði samþ., um að borga 1500 kr. í 28 ár, þá er það sama, sem að landssjóðurinn taki 20,000 kr. lán með 5% vöxtum. En það mun enginn telja fjárhagslega rétt, og ekki er hagur landssjóðs svo bágur enn, að hann eigi að þurfa að borga svo háa vexti.

Annað atriði, sem eg var í minni hluta með, var tillagan um þennan litla styrk til séra Runólfs Runólfssonar. Eg get ekki sagt, að landssjóð muni um það, en eg verð þó að vera á móti því. Ástæður mínar eru aðallega þær, — því að mér dettur ekki í hug að segja neitt um manninn sjálfan — að hann hefir varið kröftum sínum og starfi ekki á Íslandi heldur í Ameríku, og heldur en að fara að veita fé fátæklingum, sem koma frá Ameríku, ætti að styrkja þá sem nær eru.

Þá kemur till. sem ekki er frá fjárlaganefndinni, en sem eg vildi leyfa mér að mæla með. Það er að veita Jóhanni Sigurjónssyni 1000 kr. fyrra árið, þessum unga mjög efnilega manni. Svo stendur nú á, að hann í fyrra samdi leikrit, Bóndinn á Hrauni, og ritaði hann það samtímis bæði á dönsku og íslenzku. Sé eg ekki betur en að verðleikar hans vaxi að mun við að rita samtímis á öðru máli en íslenzku, því það hlýtur að auka okkar sæmd, ef gott er. Gerði hann síðan samning við Dagmarleikhúsið um leikrit þetta, og var honum áskilið ákveðið »honoror«, er það væri leikið, en hann var ekki svo gætinn að láta taka það skýrt fram í samningnum, að leikritið skyldi leikið í vetur. Nú er hann beint þurfandi fyrir dálítinn styrk og vantar fé til að starfa fyrir. Fengi hann það, eru mjög miklar líkur til, að starf hans þetta ár mundi bera þann ávöxt, að hann gæti vel lifað af því, og tel eg styrkveitingu þessa

mjög þarfa, og manninn styrksins verðan, og mun eg verða deildinni mjög þakklátur, ef hún vill samþykkja þessa beiðni.

Jón Þorkelsson: Eg er hér dálitið riðinn við breyt.till., og vil eg ekki ausa meir en góðu hófi gegnir úr landssjóðnum, sem bezt sést á því, að eg hef einn farið fram á að eins 6,600 kr. útgjöld og með öðrum 7,700 kr. eða alls 14,300 kr. Hins vegar hef eg lagt til, að frestað verði útgjöldum, sem nema 219,415 krónum. Það eru þessar nýju símaleiðslur, sem héruðin togast á um. Get eg því með góðri samvizku staðið upp, og býst við, að meiri hluta flokkurinn fylgi mér nú, einkum þeir úr gamla þjóðræðinu. Því það er gömul stefna þeirra, að reyna að koma í veg fyrir símalagningar um landið. En skyldi nú svo ólíklega fara, að þessar 219 þúsundir til símanna verði samþyktar, sé eg ekki annað, en auka verði við Vestmannaeyjasímanum, því að hann virðist nauðsynlegastur þeirra allra, þó hann standi ekki á fjárlögunum. En öll vilja héruðin hafa síma, og það strax.

Þá kemur tillagan um styrkveitingu til Brynjólfs Björnssonar tannlæknis, sem eg mælti svo tvímælalaust með við aðra umræðu þessu máls, að engin þörf er á, að endurtaka það nú.

Þá kemur við 10. lið 13. gr., til aðstoðar við mælingu viðvikjandi járnbrautarlagningu austur 2,500 kr. f. á. Eftir því sem Krabbe verkfræðingnr segir, þá mun þetta vinnandi verk, að leggja þessa járnbraut, en rannsaka þarf það til hlítar, og hvort sem svarið, sem fengist við rannsóknina, væri neitandi eða játandi, er mikils virði að fá það. Þá er verkið unnið og vissa fengin. Það liggur beint við um leið og verið er að leggja síma eða talsímanet um þvert og endilangt landið, að reyna þá nokkurn veginn jafnharðan, að fá vissu fyrir því, hvort ekki sé unt, að leggja járnbrautir jafnframt.

Þá kemur 22. breyt.till. við 13. gr., sem er á þingskj. 367 um 800 kr. uppbót f. á. til Guðmundar Hávarðssonar ökumanns fyrir fjárhalla, er hann hefir orðið fyrir vlð flutning á símastaurum. Hann kemur með þessa styrkbeiðni sína í samráði við formann fjárlaganefndar, og vona eg, að háttv. framsm. fjárlaganefndarinnar (Sk. Th.) kannist við það. Eg efast ekki um, að þessi maður eigi skilið að fá uppbót eða endurgreiðslu þess fjár, er hann hefir tapað við staurflutninginn, þó að málefnið sé mér ekki nægilega kunnugt.

Þá kemur 14. gr. fjárlaganna um styrk til kvennaskólans í Reykjavik, og höfum við farið fram á, að hann verði hækkaður, en ekki þorðum við annað, en færa jafnframt upp styrkinn til kvennaskólans á Blönduósi, svo að ekki hallaðist á Húnvetninga, enda mundi það ekki hafa hentað vel fyrir metnaðar sökum. En þar eg veit, að hv. 2. þm. Húnv. (B. S.), er kvennavinur mikill, hugsa eg, að hann muni kunna þessu ráði vel. Eins og menn vita, þá hefir skólinn í Reykjavík verið í húsi hinna háöldruðu merkishjóna, er stofnuðu hann. Var það ætlun margra, að þau mundu yfirláta skólanum húseign sína, sem þó var engin skylda, því að þau áttu skaparfa að nokkru. Þá hugðist skólinn að kaupa húsið og var kominn á nokkur munnlegur samningur um verð 20,000 kr. En ráðunautur þeirra hjóna einn, sem ekki er hér á landi nú, kvað hafa spilt fyrir því, að selja húsið á 20,000 kr., og réð þeim til, að láta það ekki falt undir 30,000 krónum, svo að aldrei

keypti skólinn húsið. Nú er verið að byggja allmikið steinhús handa skóla þessum, og verður það bráðum fullgert. Þar er ætlast til, að tekin verði upp kensla í húsmóðurstörfum, sem er afar-áríðandi að fá og allir virðast vilja hlynna að. Er þá líklegt, að menn verði hlyntir auknum styrk til skólans.

Þá er næst í 15. gr. til skjalasafnsins. Er það fé, sem þar er farið fram á afar-nauðsynlegt, og vænti eg, að það verði veitt, eins og hér er stungið upp á.

Þá kemur fjárveiting til forngripasafnsins, að upphæð 500 krónur. Í beiðnisbréfi sínu segist forngripavörður meðal annars þurfa að fá skrásettar og ákveðnar gamlar myntir safnsins og fága þær upp, enda eru sumar þeirra farnar að skemmast, að ýmsu leyti. Myntasafn þetta er nú orðið býsna stórt, nálægt 4000 mynta, alt óskrásett. Er það flest komið að gjöf danskra manna nokkurra, og svo Tryggva bankastjóra Gunnarssonar.

Þá hefir verið óskað, að hækka lítið eitt styrkinn til Sögufélagsins í því skyni, að það geti gefið örara út biskupasögur Jóns prófasts Halldórssonar í Hítardal. Það, sem farið er fram á, er að eins lítilræði, 150 kr. hvort árið, og vænti eg þess, að deildin taki vel undir það.

Þá kemur styrkurinn til meistara Sigfúsar Blöndals fyrir að semja íslenzk-danska orðabók. Fjárlaganefndin lækkaði hann um helming, eða úr 600 kr. niður í 300 kr. En það er að mínu áliti gert að ófyrirsynju og alveg af blindu handahófi. Sigfús er röskur og duglegur maður og vill koma verki sínu sem fyrst af. Eg er honum kunnugur persónulega, og get borið um, að hann er einnig vandvirkur og samvizkusamur maður, sem má bera fult traust til.

Þá er að minnast á styrkbeiðni Magnúsar ljósmyndara Ólafssonar. — Öllum er kunnugt, að ljósmyndir hans eru gerðar af mikilli list og prýði. Myndir hans af ýmsum fögrum stöðum hér á landi og merkum mannvirkjum, eru alkunnar, og þá ekki síður af konungskomunni 1907. En styrkinn ætlar hann til þess, að ferðast um landið og taka ljósmyndir af fegurstu, einkennilegustu og viðburðaríkustu stöðvum þess. Styrkurinn er hann biður um, að upphæð 1000 kr., er að mínu áliti alls ekki of hár, en þó hefi eg ekki þorað, að fara fram á meira, en helming þess eða einar 500 kr., og vona eg þá, að deildin verði því greiðari á, að veita hann.

Þá kemur breyt.till. við 16. gr. Það liggur fyrir áskorun frá félagi hér í bænum, er eg ætla, að sé hið svonefnda »Framfarafélag«, er óskar þess, að þingið veiti nokkurn styrk meðal annars til þess, að leiðbeina íslenzkum innflytjendam frá Ameríku. En auðvitað má ekki skilja þetta svo, að með því sé ætlað, að ala að óþörfu innflutningsstjóra, eða tæla Íslendinga til, að koma hingað með fögrum loforðum og fyrirheitum.

Þá kemur breyt.till. um 1000 kr. í viðurkenningarskyni á þingskjali 368 til Þorvalds Björnssonar fyrv. alþingismanns. Er óþarfi, að fjölyrða um hann, því háttv. 2. þm. Rangv. (E. J.), sem hefir verið í sömu sýslu og þekti hann um langan tíma, skýrði nýskeð ágætlega frá ágætum þessa merkismanns. Þorvaldur er þess utan þjóðkunnur maður, og það vita allir, að hann hefir verið einn af hinum stórfeldustu höfðingjabændum þessa lands, í minni þeirra manna, sem nú lifa. —

Hann er nú hálf-áttræður að aldri. Öllum er farið hafa um Austurveg, er kunn gestrisni þessa mikla sómamanns. Þorvaldur er vel að þessari viðurkenningu kominn, og það vona eg, að þingdeildin láti ásannast.

Hvað slátrunarhúsin snertir, þá mælum við þingm. Reykvíkinga ekki á móti því, að slátrunarhús Suðurlands fái lán það, sem fram á er farið, ef það heldur áfram, að starfa þolanlega, en jafnframt því sýnist mér eiga að sinna lánbeiðni Gunnars Einarssonar til slátrunarhúss hans; það er í almenna þörf hér gert, og svo er auk þess við hans betra; alt sláturhúsið er úr steini, og svo er önnur steinbygging að veði og loks er auk þessa ábyrgð félagsins sjálfs. Eg get ekki séð, að neitt mæli á móti því, sem hér er farið fram á. Þetta hús gæti orðið og ætti að verða sameignarsláturhús fyrir Reykvíkinga. Það var verið að tala um það hér um daginn, að »Sláturfélag Suðurlands« ætti ekki og hafi aldrei átt að vera nein einokunarstofnun eða kúgunarsamband til þess bæði að loka öllum sundum um kjötkaup manna hér við sjávarsíðuna við aðra en félagið, og til þess að rígbinda bændur til þess, að verzla við engan mann nema í gegnum félagið. Lög þessa félags frá 25. júní 1908 hafa nú borist mér. Þar er það tekið fram, að það varði einmitt háum sektum, að verzla við aðra en félagsmenn. Og til þess að sýna og sanna, að hér sé rétt skýrt frá, þá ætla eg með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp fyrir þingmönnum klausu nokkra úr 7. gr., er hljóðar svo:

»Félagsmaður hver er skuldbundinn til að skifta við sláturhús félagsins með alt sauðfé og nautgripi, er hann selur til slátrunar . . . . Brot gegn ákvæðum greinar þessarar varðar sektum, 5 kr. fyrir sauðkind hverja og 25 kr. fyrir nautgrip hvern, er félagsmaður selur utanfélagsmanni . . . . «.

En ef þetta er ekki byrjun til einokunar, þá er ekki gott að vita, hvað einokun er. Eigi að styðja þetta félag til þess, að vera eitt um hituna um alla kjötverzlan, þá er ekki annað sýnilegt, en að vandræðin sé vís, en fyrir öllum vandræðum ber jafnan nauðsyn til að stemma stigu.

Umboðsmaður ráðherrans (Klemens Jónsson): Vegna stöðu minnar hér á þinginu sem umboðsmaður ráðherrans, þess manns, sem þangað til fyrir skömmu var framsögumaður fjárlaganefndarinnar, verð eg að láta mér nægja að tala um nokkur formleg og almenn atriði, en sleppa öllum einstökum atriðum, sem eg þó persónulega gjarnan hefði viljað minnast á.

Eg skal þá fyrst vekja athygli hins hæstv. forseta á, að hér liggja fyrir nokkrar breyt.till., sem ekki mega komast að, vegna þess að það er búið að fella þær áður. Þessum »afturgöngum« verður að vísa frá, og það er samkvæmt þingsköpunum, hæstv. forseti, sem hefir vald til þessa og hans úrskurði í því efni verður deildin að hlíta. Sem dæmi upp á slíkar óleyfilegar breyt.till. skal eg nefna br.-till. á þskj. 389, sem nú liggur fyrir í sambandi við þskj. 281, 24. tölulið, breyt.till. á þgskj. 390 3. lið í sambandi við þgskj. 300, 1. lið og viðaukatillögu á þgskj. 387 í sambandi við þgskj. 294. Þessum tillögum ásamt ýmsum fleiri, sem eg hirði eigi að nefna, verður að vísa frá.

Þá vil eg víkja að lánsheimildunum. Eg vil taka það fram fyrir hönd stjórnarinnar, að það er alveg óhugsandi, eins og hag landssjóðs er varið, að hægt sé að veita öll þau lán, sem hér er lagt til að heimila. En ef svo færi,

að stjórnin sæji sér fært, að veita einhver lán, þá vildi eg spyrja háttv. framsögumann, hvort það væru nokkur sérstök lán, sem fjárlaganefndin hefði hugsað sér, að ættu að ganga fyrir öðrum? Eða hvort stjórnin á að hafa frjálsar hendur?

Viðvíkjandi heilsuhælinu, þeirri lánsheimild, sem eg þykist vita, að allir óski að fái framgang, vildi eg sérslaklega mega spyrja, hvort það er meiningin, að taka eigi það fé 150 þús. kr. úr viðlagasjóði, eða hvort það sé tilætlunin að fá það lán annarsstaðar gegn ábyrgð landssjóðs? Yfir höfuð er mér eigi ljóst, hvernig fjárlaganefndin hefir hugsað sér, að það fé fengist, sem þarf til þess að þessari afarnauðsynlegu stofnun verði komið upp, og vænti að háttv. framsögum. gefi upplýsingar um það, er geti verið til leiðbeiningar fyrir stjórnina.

Enn eitt atriði vil eg benda á sérstaklega í sambandi við breyt.till. á þingskj. 360 við 15. gr. 3. b. Við 2. umr. var bætt við fjárveitinguna í 13. gr. A. 1. b. handa póstafgreiðslumönnum í Reykjavík talsverðri upphæð, sem eftir tillögum fjárlaganefndar á að ganga sérstaklega til 2. og 3. póstafgreiðslumanns sem launaviðbót, án þess að það væri nokkuð borið undir stjórnina. Eg verð að telja það mjög óviðurkvæmilegt, að þingið skuli fara að taka til greina fjárbeiðslur frá þjónum hins opinbera, án þess að stjórnin sé nokkuð látin hafa um það að segja. Það hefir verið regla, að slíkar fjárbeiðslur hafa verið sendar stjórninni og hún hefir aftur sent þær fjárlaganefndinni með áliti um þær. Sama er að segja um 2. breyt.till. á þingskj. 360 um 500 kr. fjárveitingu til þess að raða myntasafni Forngripasafnsins. Það er landstofnun eða þjóð- eða ríkis-stofnun, svo sem vinur minn háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) vill kalla það. Sú málaleitan hefir alls ekki komið til stjórnarinnar, og verð eg að telja það mjög óheppilegt af þeim ástæðum, sem áður eru greindar.

Þá skal eg snúa mér að breyt.till. frá háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) á þgskj. 359, um að fella niður fjárveitingar til nýrra símalagninga. Það er satt, að með þessu sparaðist mikið fé, en ekki virðist hinn háttv. þm. taka mikið mark á almannavilja í þessum efnum. Eg skal þó ekki fara nánara út í það. En eg get tekið undir með h. framsm. með það, sem mína persónulegu skoðun, að betra hefði verið að taka lán til allra símalagninga í upphafi, þá mundu tekjur og gjöld fjárlaganna hafa jafnað sig betur. En það er ekki ofseint enn; vel mætti laga það í Ed.

Breyt.till. á þingskj. 386 frá fjárlaganefndinni, um að setja athugasemd við 12. gr. 8. b. um styrk til spítalans á Akureyri, er með öllu óþörf. Spítalinn er stofnaður í upphafi fyrir gjöf privatmanns, og því ekki nein landsstofnun, en það er ekki rétt í sjálfu sér að setja slíkar athugasemdir á fjárlögin, því að ekkert þing er við þær bundið. Jafnvel næstu þing, sem þó sömu menn sitja væntanlega á, geta veitt nýjan styrk, svo að slíkar kategoriskar athugasemdir eru bæði óþarfar og enda óviðurkvæmilegar.

Ennfremur er br.till. á sama þgskj. við 14. gr. A. b. 4., um að sira Runólfi Runólfssyni verði veittur 200 kr. styrkur. Þessi fjárveiting á undir engum kringumstæðum þarna heima, því að þessi maður er ekki íslenzkur uppgjafaprestur. Ef þessi styrkur yrði veittur, ætti hann að koma í 18. gr. sem eftirlaun eða fátækrastyrkur.

Þá skal eg minnast nokkuð ítarlega á breyt.till. á þingskj. 367, um uppbót handa Guðmundi Hávarðssyni.

Mér þykir vænt um, að eg skuli einmitt fá tækifæri til þess að tala um þennan bitling, því að mér er þetta mál vel kunnugt, jafnvel kunnugra en h. 1. þm. Eyf. (H. H.), fráfarandi ráðherra, því eg átti mestan þátt í samningum við Guðmund. Það kemur þráfaldlega fyrir, þegar menn koma með slíkar fjárbeiðnir til þingsins, að sagt er, að ekki sé að vísu um lagakröfu að ræða, en sanngirniskrafa sé til uppbótarinnar. Eg skal nú lýsa yfir því, að það er svo langt frá því, að hér sé um réttarkröfu að ræða, að þetta er ekki einu sinni sanngirniskrafa. Eg hefi hér í höndum skýlausa kvittun frá manninum, dags. 25. júlí 1906. Hinn háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) rökstuddi ekki heldur þessa tillögu sína, en lét sér nægja að vísa til einhvers skjals, sem þessi maður hefir útbýtt meðal þm. Það er venja, þegar kært er, að hinir kærðu fái að sjá kæruna, en svo er ekki hér; þessi kæra hefir aldrei verið send stjórninni, og eg hefi sjálfur aldrei séð hana, og virðist því svo, sem maðurinn sé með þessu að reyna að vekja meðaumkvun háttv. þm. með sér, sem honum tekst ef til vill. Eg skal nú skýra þetta mál nánara fyrir hinni háttv. þingd. Þessi maður var svo ákafur í að ná staurafiutningnum, að hann vildi gera samning um hann, þótt hann hefði aldrei á svæðið komið, sem flytja átti staurana til. Það mundi hafa verið hægt að fá hann til að gera samning að óséðu, sem ekkert vit hefði verið í fyrir hann. En við vildum það ekki, heldur réðum honum til að ferðast upp í Borgarfjörð, og kynna sér svæðið. Það gerði hann, og að því búnu gerði hann samninginn, og taldi hann mjög arðvænlegan fyrir sig, og lét þá aldrei á öðru bera við stjórnarráðið. En maðurinn var víst mjög aðþrengdur af skuldum, og mun hafa notað hinar fyrstu ávísanir, sem hann fékk og það jafnvel fyrirfram, áður en farið var að vinna verkið, til þess að grynna nokkuð á þeim. Fyrir þessu hefi eg skilríki, sem eru til sýnis fyrir þá háttv. þm., sem vilja kynna sér þau. En þótt nú maðurinn hafi orðið fyrir halla, munu afleiðingarnar verða þær, ef þingið samþykkti þessa uppbót, að koma mundu til þingsins beiðnir um uppbætur úr Norðurlandi, einkum Þingeyjarsýslu, þar sem menn hafa orðið fyrir nokkrum halla á staurafiutningi, sem með meiri sanni mætti segja um, að dálitið væri landstjórninni að kenna, og gæti þingið þá ekki neitað þeim með nokkurri sanngirni.

Persónulega hefði eg gjarnan viljað tala um fleira í fjárlögunum, en mér þykir það ekki hlýða; að sjálfsögðu mun þeim þingmönnum, sem óska upplýsinga verða þær látnar í té.

Forseti (*Ó. Br.*): Út af því sem háttv. umboðsmaður ráðherra benti til, að ekki væri samkvæmt þingsköpunum að bera upp tillögur, sem feldar hafa verið við 2. umr., þótt upphæðunum sé breytt, skal eg lýsa yfir því áliti mínu, að þar sem í 30. gr. þingskapanna er svo ákveðið, að br.-till. um atriði, sem búið er að fella í deild, megi ekki bera upp aftur í sömu deild á sama þingi, þá sé, þegar um fjárlög er að ræða að eins átt við sérstaka liði, er feldir hafa verið. Geta því háttv. þm. sparað sér umræður um þær tillögur. Eg mun telja upp, hverjar þær eru við atkv.greiðsluna.

Stefán Stefánsson: Eg er svo heppinn að eiga enga breyt.till. við fjárlögin nú við 3. umr. og get því verið fáorður. Það sem eg þó vildi sérstaklega víkja að, er till. fjárlaganefndarinnar um að fella niður fjárveitingu til

Eyjafjarðarbrautarinnar. Mig furðar mjög á, að þessi till. skuli koma nú fram, eftir að fjárveitingin hefir verið samþ. við 1. og 2. umr. fjárlaganna. En til athugunar fyrir háttv. þingdm., skal eg geta þess, að fyrsta fjárveiting til þessa vegar var á fjárlögum 1895, þá 1897 og síðast 1899; frá því fjárhagstímabili hefir ekkert fé verið veitt til brautarinnar og er því ekki komin lengra en sem svarar $^2/_3$ af þeirri leið, sem til var ætlast í fyrstu, og sem hverjum þeim hlýtur að vera ljóst, er nokkra minstu vitund þekkir til staðhátta. Nú hafa Eyfirðingar vænst þess, að þetta mundi ekki dragast lengur, þar sem bæði verkfræðingurinn og landsstjórnin leggja það til að nú sé brautarlagningunni lokið á næsta fjárhagstímabili, og í því skyni sett inn á fjárlagafrumv. til brautarinnar 10 þús. kr. hvort árið; en eins og eg nú gat um hefir meirihluta fjárlaganefndarinnar þóknast að leggja til að fella fjárveitinguna niður, þrátt fyrir það þótt hver einstakur þingdm. hafi án allra mótmæla með atkv. sínu, og sömuleiðis hin háttv. fjárlaganefnd á fundum sínum samþ. hana. Það er því undarlegra nú að vilja kippa fótunum undan þessu nauðsynjafyrirtæki, sem þegar er þó komið vel á veg, þar sem mestu líkur eru til, að með þessari fjárveiting yrði brautin fullgerð, svo hana mætti afhenda til allrar umsjár og viðhalds sýslufélaginu samkvæmt hinum nýju vegalögum og landssjóður þannig losna við þá fjáreyðslu, er af viðhaldinu leiðir. Vil eg biðja hina háttv. þd. að athuga vandlega þessa hlið málsins, auk þeirrar nauðsynjar, sem á því er fyrir héraðið að fá verkið framkvæmt, sem allra fyrst. Hvort aðrar akbrautir séu eins nauðsynlegar, skal eg ekkert segja um, til þess brestur mig nægan kunnugleika, en það eitt er víst, að þm. yfirleitt gera oftlítið úr nauðsyn á framhaldi brautarinnar. Á það vil eg einnig benda, að í Eyjafirði hafa bændur breytt um flutningatæki sín, þar sem svo tilhagar á hinum einstöku jörðum, og tekið upp kerruflutninga, þar sem þeim verður viðkomið og því full vissa fyrir því að akbrautin yrði notuð tiltölulega því meir, sem framlenging hennar fengist á hina upphaflega fyrirhuguðu endastöð, Saurbæ. Þegar þess er nú gætt að inn að Grund, þar sem brautin nú endar, er venjulega mikinn hluta vetrar ísalög, svo auðvelt er að aka frá og til Akureyrar alla þá leið, en aftur þaðan inneftir héraðinu mjög óvanalegt að akfæri fáist bæði vegna berangurs og svo er á Eyjafjarðará venjulega mjög ótraustur ís, þegar þangað er komið, þá hlýtur mönnum að skiljast, hver nauðsyn er á vegarlagningunni, hvað snertir alla aðdrætti og flutninga sumar og vetur.

Eg ætla þá ekki að fara fleiri orðum um þetta vegamál, en vænti þess að háttv. þingdm. virði svo till. verkfræðings okkar og landsstjórnar, þegar þeim hinsvegar hlýtur að skiljast, hver nauðsyn er á akveginum fyrir allan innri- og viðlendasta hluta Eyjafjarðar, að þeir greiði ekki þessari óheilla till. atkvæði sitt.

Jón Sigurðsson: Eg hefi leyft mér hér, að koma fram með breyt.till. við 18. lið 15. gr. fjárlaganna, um styrkhækkun til Guðm. skálds Magnússonar. Eg get ekki hugsað mér annað, en að deildin taki vel þessari till. Hygg þennan mann eiga það fyllilega skilið: það var sagt hér í deildinni nýlega að styrkur slíkur sem þessi til rithöfunda mætti kallast eftirlaun, en um þennan styrk verður þó ekki sagt að þetta séu eftirlaun; eg trúi því fastlega, að þessi maður eigi mikið og margt ógunnið í

gróðrarstöð íslenzkra bókmenta. Hann hefir þegar leyst af hendi slík verk, sem Leysingu og Heiðarbýlið, sem hafa þegar unnið sér lýðhylli og fyrir þær bækur meðal annars er ekki hægt að neita því að honum ber að skipa á hinn æðra bekk í bókmentaskóla þjóðarinnar.

Þá hefi eg leyft mér að fara þess á leit, að af gufu og mótorbátastyrknum megi verja 1000 kr. til bátaferða eftir Hvítá. Félag sem fjallar um þetta, hefir nú keypt sér bát, og er líklegt að sá bátur komi að miklu haldi og að menn muni víðar nota slík samgöngufæri. Eg vil að hluthafar megi skilja, að þeir eigi styrks von, ef þeir geta sannað og sýnt, að hér opnist ný braut í samgöngumálum hér á landi, og það sem eg vildi taka fram og leggja áherzlu á er þetta, að hér er ekki farið fram á nein hættuleg útgjöld fyrir landssjóð, að eins það að báturinn eigi von á eða réttara sagt hafi vissa von að fá styrk ef hann getur komist það áleiðis sem breyt.till. tiltekur, svo að sýnt verði að þingið vilji styrkja þær nýjungar, sem vænlegar eru til frekari framfara í þessari grein vöruflutninga landsins, en er um leið engu vogað fyrir landssjóð eða lagt á hættu, þar sem styrkur þessi veitist einungis með skilyrðum þeim, er eg áður hefi tekið fram. Eg efast ekki um að margar ár hér verði skipgengar, er fram líða stundir, og vaxandi þekking ryður sér til rúms í þessari grein. Þá er loks 3. og síðasta breyt.till. sem fer fram á það, að hr. Einari P. Jónssyni verði veitur 1000 kr. styrkur fyrra árið til sönglistarnáms erlendis. Mér er maðurinn lítið persónulega kunnur, en hann er talinn efnilegur og áhugasamur og finst mér því að þennan litla styrk ætti hann að fá. Reyndar er þessi till. ein af þeim svo nefndu afturgöngum hér í deildinni, þar sem hún hefir legið fyrir áður, og því vafasamt, hvort hún fær að komast að og verð eg því að leggja það á vald hinnar háttv. deildar, hvað hún vill gera í þessu efni.

Hannes Hafstein: Eg hefi leyft mér að koma fram með nokkrar breyt.till. fáar og smáar, á þgskj. 407 og 408. Þrjár fyrstu till. á þgskj. 407 eru að eins orðabreytingar, til þess að leiðrétta aftur heiti á ýmsum tekjugreinum landssjóðs, sem eftir frumkvæði fjárlaganefndar er búið að aflaga svo við aðra umr. hér í deildinni, að ekki virðist mega við sæma. Væri þessi heiti látin standa eins og fjárlaganefndin hefir gengið frá þeim, þá yrði eftirleiðis að nefna »fiski- og lýsistoll« af t. d. sundmaga, hrognum, hvalskíðum eða beinamjöli, »tetoll« af brjóstsykri, súkkulaði o. s. frv. og »póstferðatekjur« af sölu frímerkja til útlanda. Þetta ætti að halda áfram að heita útflutningsgjald, annað aðflutningsgjald og pósttekjur, og heyrðist mér á framsm. (Sk. Th.) að hann sansaðist á það.

Þá legg eg til, að athugasemdir um skilyrðin fyrir gufuskipastyrknum falli burt. Þar er talað um bygging tveggja nýrra skipa, sem alls ekki stendur til boða, og virðist ekki viðkunnanlegt að vera að samþykkja hér hvað eftir annað ákvæði, sem ekki geta staðið í lögunum, enda nógur tími að setja athugasemd við gufskipaferðirnar þegar sést hvað verður úr því máli, hvort þingið lætur landið ganga inn í Thorefélagið eða gera samninga um gufuskipaferðir, eins og að undanförnu.

Aftur á móti álít eg sjálfsagt að taka upp aftur athugasemdina við 13. gr. D. 1, viðvíkjandi greiðslunni til Mikla Norræna, og hefir sú aths. fallið burt,

líklega af ógáti við tilraun fjárlaganefndarinnar til þess að flytja allar athugasemdir aftur fyrir, sem mistókst. Hér eru ákvarðanir eða upplýsingar, sem ekki mega missa sig, svo sem það, að hér sé ekki um einstæða fjárveiting að ræða, heldur umsamdar ársgreiðslur um 20 ár, frá 25. ágúst 1906 að telja.

Þá hef eg enn leyft mér að fara fram á hækkun á fé til aukakennslu við við lagaskólann. Það er, eins og eg tók fram við 2. umr., ekki unt að komast af með þær 800 kr., sem fjárlaganefndin vill skamta úr hnefa, þar sem aðsóknin að skólanum hefir orðið eins og hún er, en eg hef þó í þetta sinn að eins farið fram á 1600 kr., ef deildinni skyldi þykja aðgengilegra að klípa þó 200 kr. af tillögu stjórnarfrumvarpsins.

Þá hef eg farið fram á, að í stað fjárveitingarinnar til skrifstofukostnaðar umsjónarmanns fræðslumálanna, sem felt var við 2. umræðu, sé tekin upp lítil 500 kr. fjárveiting til aðstoðar við samning skýrslna um alþýðufræðslu og þar að lútandi skrifstofustörf. Þessi tillaga getur naumast með réttu talist »afturganga«, og öllum, sem þekkja starf það, sem hér er um að ræða, hlýtur að vera það ljóst, að umsjónarmaðurinn getur undir engum kringumstæðum annað því aðstoðarlaust, auk allra daglegra eftirlitsstarfa sinna, bréfaskrifta út um alla hreppa landsins, og og undirbúnings reglugerða m. m., að semja einnig og undirbúa viðunanlega kenslu-statistik, sem er nauðsynlegt fyrir löggjafarvaldið og stjórnina að fá.

Seinasta breyt.till. mín á þgskj. 407 er sú, að skáldinu Guðmundi Friðjónssyni á Sandi verði veittur styrkur, 600 kr. á ári. — Við 2. umr. var hækkaður styrkur til sumra skálda og nýjum bætt við og skal eg ekki að því finna. En fyrst svo er komið, fæ eg ekki séð, að neinn jöfnuður sé í því, að ganga fram hjá þessum manni, íslenzkasta skáldinu síðan Bólu-Hjálmar leið. Allir vita, að hann hefir hina ágætustu skáldhæfileika, og hefir ritað ljóð og bækur, sem standa munu óbrotgjörn í Bragatúni. En hinsvegar er það og alkunnugt, að hagir hans eru ekki þannig, að ætlandi sé til þess, að hann geti gefið sig við list sinni, því að hann er fátækur einyrki, sem vetur og sumar verður að vinna hörðum höndum fyrir búi sínu og fjölskyldu. Það hefir verið sagt, að hann væri ánægður, ef hann gæti fengið vetrarmann til aðstoðar við útiverk og skepnuhirðing á vetrum, til þess að geta þannig fengið nokkurn tíma til ritstarfa, og er ekki til mikils mælst. Þessi litla fjárveiting, sem eg hefi farið fram á honum til handa, er naumast meiri en svo, að hún hrökkvi til vetrarmanns, eða þá í hæsta lagi til vinnumanns árið um í kring, og skil eg ekki, hvernig hægt væri að forsvara fjárveitingar þær til annara skálda, sem nú standa í fjárlaga-frumvarpinu, en fella þessa.

Eg er þakklátur háttv. þm. Mýr. (J. S.) fyrir till. hans um styrkhækkun til Guðm. skálds Magnússonar. Ástæðan fyrir því, að eigi var í stjórnarfrumvarpinu stungið upp á hærri styrk til hans var að eins sú, að stjórnarráðið miðaði þar við aðrar upphæðir, sem eru í frumv. og gildandi fjárlögum. En þegar búið er að færa upp styrkinn til Þ. Erlingssonar, E. Hjörleifssonar o. fl., eins og gert hefir verið, virðist ekkert réttlæti í því, að hækka ekki jafnframt styrkinn til G. Magnússonar. Hann er í hinni mestu framför, og vinnur með mestu elju og dugnaði að skáldsagna-

smíð sinni, þrátt fyrir það, að hann mestan daginn er bundinn við iðn sína til að vinna fyrir lífinu. Nýútkomið er smásögusafn eftir hann, og nýja bók er verið að prenta á Akureyri og fleiri verk eru í vændum. Hann á því fremur flestum hinum rétt til þess að hann sé studdur. Eg vona fastlega, að háttv. deild samþykki till. þm. Mýr. (J. S.) í þessa átt.

Mér kom á óvart að sjá till. fjárlaganefndarinnar um að fella nú burt fjárveitinguna til Eyjafjarðarbrautarinnar, sem búið var að samþykkja við 2. umr. En eftir því, sem háttv. frsm. (Sk. Th.) við ýms tækifæri hefir látið skilja á sér um mismunandi verðleika hinna ýmsu héraða og ásetning hins nýja meirihluta því viðvíkjandi, fer eg að skynja, að hér muni svipað á seiði eins og um Rangárbrúna, Vestmanneyjasímann o. s. frv. og býst eg því ekki við, að hér muni koma fyrir mikið að beita röksemdum eða færa ástæður fyrir nauðsyn fyrirtækisins. Eg mun því ekki þreyta þingdeildina á því að sakast um það, sem eg þykist vita, að þegar má skoða sem orðinn hlut — fasta flokkssamþykt, það því síður, sem hv. samþingismaður minn (St. St.) hefir skýrt frá því nauðsynlega um þetta efni, sem líka er flestum háttv. þingdeildarmönnum fullkunnugt.

Bjarni Jónsson: Eg hefi hér fáeinar breytingartillögur, sem eg vil minnast á nokkrum orðum. Það er þá fyrst við 16. gr., 200 kr. fyrra árið til Eyólfs Bjarnasonar tamningamanns. — Maður þessi hefir verið mesti tamningamaður og reiðmaður, og verið mjög þarfur í þeirri ment. Þessar 200 kr. eiga því að vera veittar í nokkurs konar viðurkenningarskyni fyrir það þarfa starf hans. Þá er farið fram á að veittar séu 300 kr. fyrra árið til Sturlaugs Tómassonar í Akureyjum, sem viðurkenning fyrir að hafa átt og komið upp fjölda barna. Maður þessi hefir verið mesti dugnaðar og atorkumaður og átt 22 börn, sem hann öllum hefir komið upp án nokkurs styrks. Nú er hann gamall maður, svo að elli er farin að sækja hann heim, og það sem verra er, hann er orðinn blindur og getur því ekki lengur unnið sér inn.

Þá kem eg að breyt.till. mínum við 15. gr. Það er segin saga, að eg get aldrei skilist við hana. Hefi eg nú lokið máli mínu um það kjördæmið, sem mig hefir kosið, en hverf þá að því kjördæminu, sem eg hefi kosið. En það eru listir og vísindi. Mér fellur illa margt það sem sagt hefir verið hér á þinginu viðvíkjandi styrk til listamanna og vísinda. Það er engu líkara en verið væri að ræða um stórfé til hengibrúa eða annara stórfyrirtækja, en það er þó að eins 16 þús., sem ætlast er til að verði veittar úr landssjóði í þessu skyni. Það er þó ekki nein stóreflisfúlga og það í landi þar sem engir eru ríkir og allir fátækir, svo að listamenn hafa ekki þaðan neins styrks von, og hér eru heldur engir sjóðir, sem eru orðnir svo stórir að nokkru nemi, nema þá helzt Bræðrasjóðurinn og er þó ekki mikill. Þess vegna ættu menn ekki að telja eftir eða skera sér við nögl þær lítilfjörlegu fjárupphæðir, sem veittar verða í þessu skyni. Eg hefi nokkrar breyt. till., sem ekki hækka gjöld landssjóðs að neinum mun, en eru hinsvegar svo gagnlegar, að eg býst við, að þeim verði ekki synjað samþykkis háttv. deildar. Eg skal þá fyrst minnast á dr. Helga Pétursson. Hann hefir beðið mig að fá því til leiðar komið hjá hinni hv. deild, að af þeim 3000 kr., sem hann fær yfir fjárhagstímabilið, verði meiri hlutinn minst $^2/_3$ greiddur fyrra árið.

Það ár verður haldinn alþjóða-jarðfræðingafundur í Stokkhólmi og er það ætlun hans að sækja þann fund. Það er alkunnugt, að maður þessi er mesti vísinda- og fræðimaður og að því er hans fræðigrein snertir í miklu áliti meðal sérfræðinga erlendis. Það eru því líkur til að hann, með því að fara á þennan fræðimanna fund, muni geta sér góðan orðstír, áunnið sjálfum sér frægð og ættjörð sinni sóma og er þá ekki fé þessu illa varið. Þetta ætti annars að vera deildinni meinfangalítið að leyfa, því að hér er hreint ekki að tala um aukin fjárútlát, heldur að eins að flytja til 500 kr. frá seinna árinu yfir á hið fyrra. -- Þá hefi eg lagt til að Engilbert Gíslasyni yrði veittar 500 kr. á ári í tvö ár til að nema leiktjaldagerð erlendis. Eg hefi ekki þorað að fara fram á meira en 500 kr. vegna þess sparnaðaranda, sem ríkir hér í deildinni við allar fjárveitingar til lista og vísinda. Eg vona, að allir eða flestir kannist við, að það sé ekki eingöngu skemtilegt heldur líka mentandi mjög að fara í leikhús og njóta þeirra listfengu áhrifa, sem góð leiklist hefir að bjóða. En til þess þarf allur leikhúsútbúnaður að vera í góðu lagi, en hjá okkur er mjög ábótavant í þeim efnum. Úr þessu mundi talsvert bætast, ef vér ættum hér einn góðan mann, sem kynni til leiktjaldagerðar. Eg vona, að menn — og það ekki hvað sízt þeir háttv. þingdm. viðurkenni, að þess sé full þörf, að meðal heillar þjóðar sé að minsta kosti einn maður, sem fáist við þá ment. Forn-Grikkir, einkum Aþenumenn, sú þjóð sem hefir náð einna mestum listaþroska, voru örari á fé til leiklistarinnar. Fátækum mönnum var veitt fé úr fjárhirzlu ríkisins til að geta farið í leikhús. Okkur hefir verið líkt við Forn-Grikki, en það er nú raunar forfeðrum vorum, en ekki okkur sjálfum, Íslendingum þessa tíma, sem reynum að svelta hvern mann, sem vill framleiða eitthvað listfengt, gott og fagurt, er ekki heyrir til smjöri, kjöti eða annari matarframleiðslu í landinu. Það er eins og menn haldi, að maðurinn lifi til að borða, — svo ruglaðir eru menn orðnir í hugsunum sínum — þar sem það rétta er að maðurinn lifir ekki til að jeta heldur jetur til að lifa, — til að lifa til að njóta þess fagra og góða, sem lífið hefir að bjóða. Eg vil enn fremur geta þess, að sá maður, sem hér er um að ræða er ungur og efnilegur, stiltur vel og trúandi til að fara vel með það fé, sem honum kann að verða í té látið. Þá hefi eg mælt með styrkveitingu til Ólafs Þorsteinssonar 500 kr. í tvö ár til að ljúka við verkfræðisnám í Kaupmannahöfn. Eg þekki pilt þennan vel, hefi kent honum gegn um skólann og veit að hann er duglegur námsmaður. Það er gott verk, ef landssjóður vildi hjálpa þessum manni áfram.

Svo hefi eg nokkrar tillögur með öðrum. Af þeim vil eg sérstaklega geta þeirrar um styrk til Jóns Ísleifssonar til þess að kynna sér notkun vatnsafls; forseti hefir reyndar skorið niður allar till., er feldar voru við 2. umr., enda þótt þær séu bornar fram í breyttri mynd og því í rauninni nýjar till. Eg verð að játa, að mér finst sá úrskurður ekki á rökum bygður, en það þýðir eigi að deila við dómarann, en hvernig sem á það er litið, lá ekki þessi breyt.till. mín undir úrskurð forseta, af því að hún er svo breytt frá því sem var við 2. umr. Þá fór eg fram á námsstyrk, nú fer eg fram á fjárveitingu til að fjárþegi kynni sér

meðferð einhvers hins þýðingarmesta náttúruafls vorra tíma og sem sérstaklega skiftir Ísland miklu, og vona eg að allir sjái að það er alt annað. Svo er enn till. mín um styrk til Stúdentafélagsins í Reykjavík til alþýðufræðslu 500 kr. hvort árið. Það veitti auðvitað ekki af miklu stærri upphæð, en eg þori ekki að fara fram á meira. Eg skal geta þess, að eg hefi með höndum skýrslu yfir fyrirlestra þá, sem félagið hefir látið halda, og skal eg því skýra lítið eitt nánar frá því. Í Reykjavík hefi eg haldið 5 fyrirlestra um endurreisnartímabilið (Renaissancen), 3 í Hafnarfirði um sama efni og 1 um Jón Arason, 2 á Seltjarnarnesi um Jón Arason. Jónas Guðlaugsson 3 um íslenzkar bókmentir. Einar Hjörleifsson hefir haldið 2 fyrirlestra í Hafnarfirði, 1 í Borgarnesi, 2 upp á Hvítárvöllum og 2 á Akranesi. Sigurður Sigurðsson 3 fyrirlestra austur við Þjórsárbrú og Magnús Einarsson dýralæknir 3 við Þjórsárbrú, á Stokkseyri og Eyrarbakka. Þetta er samkvæmt síðustu fjárveitingu, sem bundin var því skilyrði, að fyrirlestrar yrðu mest haldnir utan Reykjavíkur. Eg vona, að fjárveiting þessi nái ljúft fram að ganga, því að annars vegar er hún lítil, en gerir aftur á móti mikið gagn, hins vegar oft svo örðugt að fá menn til að halda fyrirlestra, einkum utan Reykjavíkur, að félaginu er það alls ekki fært styrklaust.

Þá er síðast till. mín um 1400 kr. á ári til Einars Jónssonar. Eg hafði áður við 2. umr. farið fram á 1500 kr. en það var felt með eins atkvæðismun, nú bjóst eg við að eg með því að lækka till. um 100 kr. mundi fá því eina atkv. velt yfir, en svo kemur úrskurður forseta og treystist eg þá ekki til að halda henni fram. En það er till. fjárlaganefndarinnar, að honum séu veittar 1200 kr. á ári og skal eg þá leyfa mér að mæla með þeirri tillögu. Eg hugsa að mönnum sé kunnur þessi maður frá Galtafelli og eins líka hitt, hve mikla fátækt hann einatt á við að stríða. Hann hefir lagt út á listarinnar — oft þyrnum stráðu — braut og það þekkja fáir, hve erfið slík leið hlýtur að verða fátækum Íslendingi. Honum hefir þó tekist að vekja eftirtekt á sér erlendis, sinni list og ættjörðu og með því verið landi sínu til sóma. En hann hefir ekki náð almennri hylli erlendis fyrir það, hve sjálfstæður, hversu íslenzkur hann hefir verið. Hann hefir fylgt sinni eigin listlöngun, fetað sínar eigin brautir, en enginn apaköttur verið, ekki reynt að »jurare in verba magistri«, og það finst mér að minsta kosti að vér Íslendingar eigum helzt að styrkja þá menn sem eru frumlegir og þjóðlegir og túlka og skýra vorar hugmyndir á alheimsmáli listarinnar. Nú er þess líka sérstaklega að gæta, að Íslendingum er mikill vandi á við þennan mann, því að hann hefir boðist til að gefa landinu þá höfðinglegustu gjöf, öll hans listaverk, og það er ekki rétt að hann hafi gert að skilyrði, að byggja skuli yfir þau hús. Það er að eins tekið fram, að þau skuli varðveitt á góðum stað, og skal eg með leyfi forseta lesa kafla úr bréfi til bróður hans, þessu til sönnunar. Menn munu ef til vill svara, að ekki sé svo mikið varið í þessa gjöf, þar sem fáir eða engir vilji kaupa; það er auðvitað létt verk að leggjast á það lagið, en hver veit, hve langt er þess að bíða, að Íslendingur þessi verði viðurkendur meðal listamanna heimsins, en þá væri of seint að bregða við, þá gæti tækifærið verið farið fram hjá. Annars er það braut margra nýtra manna, ekki sízt listamanna, að þeir eru ekki viðurkendir

fyr en um of seinan, oft og tíðum ekki fyr en þeir eru dauðir.

Eg gat þess áðan, að Danir og útlendingar ættu verra með að skilja Einar Jónsson fyrir það, hve íslenzkur hann væri, en því betur ættum vér að geta skilið hann og ættum líka að vilja skilja hann. Oss ætti að skiljast, hve vel hann hefir grætt sín listaverk upp úr þeim jarðvegi, sem hann er fæddur í. Í þessari höfðingsgjöf Einars er fólgið alt það bezta, sem hann á til, allar hans eigur, en það er líka meira: framtíð Einars veltur á því, hvernig vér tökum þessari gjöf hans. Ef vér ekki viljum taka við henni, munu margir útífrá kunna að segja: »Nærri má geta, hve mikils virði þessi listaverk Einars eru, þar sem hans eigin landar ekki vilja þiggja þau að gjöf«. Það er auðséð hvað af slíku mundi leiða fyrir Einar. Hann á á hættu sína framtíð, já, alt sitt líf. Það væri því mjög ísjárvert, ef þingið nú ætlaði að sparka við þessum manni, sem að öllum líkindum á eftir — þegar tímar líða — að vekja athygli á sér og sinni þjóð út um heiminn. Menn munu ef til vill segja, að ekki sé svo mikið varið í listaverk, landið þurfi annars meira með, en þessum sömu mönnum kemur þó saman um, að útlendingar fái sem mest kynni af landi voru, að athygli þeirra á því sé vakin og þetta miðar þó óneitanlega að því marki. Það er sannarlega ekki lítið varið í fyrir þjóð vora, að hún eigi menn, sem lof og orðstír fer af út um heiminn. Þeir kasta líka frægðarljóma á þjóðina sjálfa. Slíkt verður ekki metið til fjár. Eg hefði gaman af að spyrja, hvað Danir t. d. vildu gjalda í peningum fyrir Thorvaldsensnafnið. — Mér þætti réttast að þingið tæki mann þennan á föst laun, það væri satt að segja ekki ofmikið. Menn munu ef til vill segja að slíks séu engin dæmi með öðrum þjóðum. En það er ekki rétt. Eg skal nefna sem dæmi Englendinginn Watson, og Fritz Thaulov hafði árslaun hjá frönskum auðmanni. Ef það ráð væri tekið, þá myndi Einar fyrst geta notið sín til fulls, þá þyrfti hann ekki að lifa með ótta fyrir morgundeginum, heldur gæti eingöngu helgað sig og líf sitt list sinni og þá geta menn búist við góðum árangri. Reyndar veit eg vel, að sorgin getur verið mikil listhvöt, en gleðin er það engu síður; það er gleðin og traustið, sem heldur listamanninum til að móta þær fegurstu og hugðnæmustu myndir. En hvað sem því líður þá vona eg að hin háttv. deild samþ. þessar 1200 kr. með glöðu geði. Skal eg svo ekki fjölyrða meir um þetta, en það vildi eg segja að verra verk fær alþingi Íslendinga ekki unnið en ef það neitar að taka á móti gjöf Einars. Heldur þá að veita honum ekkert fé en taka við gjöf hans.

Framsögumaður (Skúli Thoroddsen): Eg skal vikja fám orðum að stöku atriðum í ræðum sumra hv. þingdm. Þm. Vestm. (J. M.) ber fram breyt.till. um síma til Vestmanneyja, er eg furða mig mjög á að hann skuli bera fram eftir þeim undirtektum, sem það mál hefir þegar fengið hér í deildinni. — Meiri hluti fjárlaganefndarinnar leit svo á, sem athuga bæri, hvort ekki mundi heppilegra og ódýrara, að hafa loftskeytasamband en síma, og upplýsingar um þetta mun hin nýja stjórn væntanlega gera sér far um að afla sér svo fljótt sem því verður viðkomið, þar sem núverandi ráðherra var loftskeytasambandi mjög fylgjandi í fjárlaganefndinni; en þótt það dragist til næsta þings að hraðskeytasamband komist á, þá skiftir það eigi mjög miklu.

Í tilefni af ræðu umboðsmanns ráðh.,

viðvíkjandi heilsuhælinu, þá vil eg geta þess, að till. ber það með sér, að eigi er um lán úr landssjóði, heldur að eins um ábyrgð landssjóðs að ræða, og verða þá að líkindum eigi vandkvæði á að útvega það; en það sem fjárlaganefndin gerði í þessu máli, var í samræmi við till. landlæknis.

Eins og umboðsmaður ráðh. benti á, þá er hætt við að lítið verði um fé í landssjóði til lánveitinga, og þarf því að gæta varúðar, að því er til lánsheimilda kemur og láta það ganga fyrir, sem nauðsynlegast er.

Út af ummælum umboðsmanns ráðh. skal eg játa, að það væri heppilegt og mundi flýta fyrir og vera þinginu til leiðbeiningar, ef einstakir menn, og forstöðumenn alþjóðlegra stofnana, gerðu sér að reglu, að senda jafnan fjármálaumleitanir sínar fyrst til stjórnarráðsins, ef stjórnarráðið léti þinginu þá í té umsögn sína um þær; en eg vil láta þess getið, að þinginu hafa borist að þessu sinni ýmislegar fjárbænir einstakra manna o. fl. frá stjórnarráðinu án nokkurra skýringa eða umsagnar af þess hálfu.

Viðvíkjandi breyt.till. frá háttv. 1. þm. Rvík. (J. Þ.) um styrk til Guðmundar Hávarðarsonar ökumanns, sem uppbót fyrir flutning á símastaurum, þá tel eg rétt, að veita honum þessar 800 kr., sem breyt.till. ræðir um, af 2,500 kr., er hann fór fram á, og er það rétt hermt, að fjárlaganefndin taldi réttast, að háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) bæri mál þetta fram á þinginu, og átti eg tal við hann um það. — Umboðsmaður ráðherra kvað hann mjög hafa sótt eftir starfa þessum, og viljað fá laun sín, að nokkru leyti fyrir fram, og gefið að lokum fullnaðarkvittun fyrir fé því, er honum bar fyrir staurflutninginn. — Þetta kann satt að vera; en Guðmundur mun vera maður fljótfær, og því má vænta þess, að fljótfærni, samfara þekkingarskorti hafi orðið honum að fótakefli í samningum hans við stjórnarráðið. Í skjali sínu til þingsins, þá tekur hann það fram, að staurarnir hafi átt að vera komnir upp í Borgarnes í janúar 1906, en í stað þess, þá hafi þeir ekki komið þangað fyr en í maímánuði, og urðu því eigi notaðir ísar eða fannir, og flutningurinn því margfalt erfiðari og kostnaðarsamari, en að vetrinum. Enn fremur tjáist hann hafa beðið tjón af því, að nokkuð af símastaurunum var látið á Kalastöðum, en ekki á Katanesi, eins og áður hafði verið gert ráð fyrir. Vér vitum og allir, að fáfróðir alþýðumenn láta oft leiðast út í, að skrifa undir hitt eða þetta, að lítt yfirveguðu máli, og sem þeir vita alls ekki hvað er, fyr en alt er um garð gengið; þá sjá þeir fávizku sína og athugaleysi, og hversu fögru orðin, sem þeir voru gintir með, reyndust þeim óholl. — Efnahagur hans er mjög þröngur, og er ekki ólíklegt, að þær kröggur hans stafi mestmegnis af því stórtjóni, er hann beið við þennan staurflutning. Mæli eg því með því, að þingið veiti honum nefnda fjárupphæð, enda þótt hér sé að vísu að líkindum eigi um lagalega kröfu að ræða, heldur að eins um sanngirniskröfu.

Þá skal eg víkja fám orðum að breyt.till. frá háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) um styrk til Guðmundar Friðjónssonar skálds, 600 kr. árlegan styrk; en við hana leggur fjárlaganefndin til, að samþykt sé sú breyt.till., að styrkupphæðin sé að eins 300 kr. á ári. — Vil eg geta þess, fyrir hönd fjárlaganefndar, að hún vill ekki, að sá skilningur sé lagður í þessa breyt.till. hennar, að hún sé að fara í skálda-samjöfnuð,

eða meti Guðmund Friðjónsson minna, en önnur skáld, þótt hún ætli honum minni styrk, en öðrum skáldum. — En nefndin litur svo á, sem styrkur þessi, þótt lítill sé, geti þó orðið góður styrkur fyrir hann og nægt honum til þess, að taka sér fjármann yfir veturinn, eins og hann hefir látið í ljósi, að sér væri góð hjálp að, svo að hann gæti gefið sig meira að bóklegri iðju, er hann er mjög hneigður fyrir, og felst þá og í því viðurkenning fyrir skáldskap hans o. fl.

Viðvíkjandi Eyjafjarðarbrautinni, þá ætla eg að geta þess, að hún virðist ekki bráðnauðsynleg, og því réttara, að láta annað sitja í fyrirrúmi, að þessu sinni. En ekki er hægt að bera á móti því, að kjördæmi þau, er kusu fulltrúa sína úr flokki fráfarandi stjórnar, þau hefir fyrverandi ráðherra öðrum kjördæmum fremur haft í huga, er hann samdi fjárlagafrumv., bæði að því er kemur til fyrirhugaðra vegagerða, brúa o. fl., og má í því skyni benda á Eyjafjarðarsýslu, Rangárvallasýslu og Múlasýslurnar. — En réttasta reglan, er sérhver stjórn getur haft, og ætti að hafa, er sú, að hugsa að eins um það, hvar þörfin er mest, án alls tillits til pólitiskrar skoðunar meiri hlutans í hverju kjördæmi.

Þá kemur tillaga frá háttv. þm. Dal. (B. J.) þess efnis, að veita Eyjólfi Bjarnasyni, tamningamanni, 200 kr. styrk. Fjárlaganefndin getur eigi mælt með tillögu þessari, en litur svo á, sem það standi nær sýslufélögum þeim, er notið hafa hæfileika manns þessa, að veita honum einhvern styrk í viðurkenningarskyni, þyki þeim ástæða til þess, enda yrði það landinu dýrt spaug, að fara að verðlauna alla hestamenn eða tamningamenn hér á landi.

Háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) og háttv. 2. þm. Rangv. (E. J.) mæltu báðir með styrk til Þorvalds Björnssonar, fyrverandi alþingismanns, og kváðu hann í alla staði styrksins mjög maklegan, þar sem hann hefði verið mjög gestrisinn og hjálpfús, þegar leitað var hans ásjár. — Þetta kann nú satt að vera; en svo er fyrir að þakka, að vér eigum marga góða menn í bændastéttinni, og væri farið að borga einum heiðurslaun, þá mundi koma fjöldi fjárbæna til þingsins. Virðist mér því réttast, að deildin sinni ekki fjárbeiðninni.

Að því er snertir hækkun á tillagi til kvennaskólans í Reykjavík, þá tek eg það fram, að fjárlaganefndin er enn sömu skoðunar, sem fyr, að hún vill láta efri deild íhuga málið, og komist hún að annari niðurstöðu, en neðri deild, munum vér ekki gera málið að kappsmáli.

Háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) andmælti tillögum fjárlaganefndarinnar, hvað Eiðaskólann snertir; en það er alls ekki rétt, að álíta, að landið sé að taka lán, þó að höfð sé sú tilhögun, að hjálpa skólanum að þessu sinni á þann hátt, að greiða fyrir hann vexti og afborgun af hálfum byggingarkostnaðinum, og sú fjárveiting miðuð við 28 ár. Næsta alþingi hefir alveg óbundnar hendur, getur, ef því sýnist, farið sömu leið, eða þá greitt einhverja talsverða upphæð upp í byggingarkostnaðinn, eða jafnvel gert Eiðaskólann að bændaskóla. — En það, sem fjárlaganefndin leggur til, það er landssjóði haganlegast, að þessu sinni, og hlutaðeigendum fullnægjandi.

Ummæli háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.), um styrkinn til síra Runólfs Runólfssonar, vona eg, að verði ekki til að fella hann. — Hann taldi fjárveitinguna óþarfa, og ekki viðeigandi, þareð hann væri nýkominn frá Ameríku,

og gæti því talist, að nokkru leyti, útlendingur, og að líkindum ekki styrks þurfi. En til þessa er því að svara, að síra Runólfur er setstur hér að, og með því hann er atvinnulaus, þá er hann þess mjög þurfandi, að honum sé hjálpað á þennan hátt; en orsökin til þess, að hann kom frá Ameríku, var sú, að biskup kvað hata gefið honum ádrátt um, að fá veitingu fyrir Gufudalsprestakalli. — En einhverra orsaka vegna fórst það fyrir. Hann hefir því orðið fyrir all-miklum vonbrigðum, og er það því sanngirniskrafa, að þingið bæti honum það á þennan hátt.

Umboðsmaður ráðherra (Klemens Jónsson): Það eru að eins fáar og örstuttar athugasemdir, er eg ætla að koma með.

Háttv. framsm. (Sk. Th). gat þess út úr orðum mínum, að eigi ósjaldan hefðu komið skjöl til þingsins án álits stjórnarráðsins. Þetta er svo, en þá hefir ástæðan verið sú, að stjórnin hefir eigi fundið ástæðu til þess að mæla með erindinu. Álitsleysið hefir því í rauninni þýtt hið sama sem að stjórnin væri eigi sinnandi málinu, en viljað láta það alveg í sjálfsvald þingsins, hvern framgang erindið hefði.

Þá var háttv. framsm. (Sk. Th.) æði fjölorður um Guðm. Hávarðsson. Eg held í rauninni, að það sé enginn velgerningur við þann mann, að draga hann svo mikið fram, er hann má sjálfum sér um kenna. Eg þekki hann talsvert persónulega, því hann átti lengi heima á Akureyri, meðan eg var þar. Hann hefir víða verið, en alstaðar átt örðugt uppdráttar, og er þó ómagalaus maður. Kemur þetta af því, að hann er ekki að sama skapi hagsýnn maður sem hann er starfsmaður. Hans örðugu kringumstæður nú stafa alls eigi af staurafiutningnum heldur eru þær miklu eldri. Hann varð strax að fá útborgun fyrirfram, sem hann lét ganga upp í eldri skuldir, og hann varð að fara hingað suður í miðju verki, til þess að greiða úr víxlavandræðum sínum.

Að staurarnir hafi ekki verið komnir í Borgarnes fyr en í maí, er alveg ósatt, en nokkuð af staurunum var skipað upp í Höfn og fékk Guðmundur aukaborgun fyrir flutning á þeim; sú borgun var 1000 kr., og var það gífurlega hátt, enda líka borgað svo vel, af því hann kvartaði undan, að hann yrði hart úti á öðrum flutningi. Á þessum staurafiutningi frá Höfn græddi hann mikið, að því er hann sagði mér sjálfur frá. Mér er því óskiljanlegt, hvernig Guðmundur hefir getað farið að skrifa þinginu eins öfgafult bréf og hann hefir gert, því nú hefi eg fengið að sjá það, þó hann hafi ekki haft fyrir því að senda mér það.

Háttv. framsm. fjárlaganna (Sk. Th.) gat þess að sumir menn væru svo þekkingarlausir og ístöðulitlir, að þeir fyrir fortölur manna og þýðlegt viðtal létu leiðast til að skrifa undir það, er þeim væri til stórskaða, og sem þeir síðar meir dauðsæju eftir að hafa gert, og það mætti leiða þá í gildru með fögrum ummælum, svo sem með því, að segja við þá eitthvað á þessa leið: »Þetta mun alt blessast vel, það er engin hætta á ferðum, getur orðið stórgróði með hjálp hamingjunnar«. En þó þetta sé rétt í mörgum tilfellum þá er því ekki svo varið í þetta sinn, því hvorki eg né skrifstofustjórinn a 2. skrifstofu, sem aðallega sömdum við Guðmund, höfum á nokkurn hátt tælt hann til að taka verkið að sér, eða enda lagt að honum með það, og fullnaðarkvittun, sem eg hefi hér í

höndunum, gaf hann eins og sjálfsagt var, þá er hann hafði fengið umsamda borgun, alveg ótilneyddur; átti hann þá eftir að vinna talsvert, sem hann skuldbatt sig til að inna síðar af hendi, sem hann líka gerði. Svona vel fór stjórnin með þennan mann, með persónulegri áhættu. Það er því síður en svo, að Guðmundur hafi ástæðu til að kvarta.

Ummælum hins háttv. framsm. (Sk. Th.) um Eyjafjarðarbrautina, vil eg leyfa mér að mótmæla. Háttv. 1. þm. Eyf. (H. H). hafði minst á þetta atriði, og út af orðum hans fann háttv. framsm. ástæðu til að segja, að áœtlanir verkfræðingsins væri alveg eftir því sem stjórnin vildi vera láta. Hann sagði, að verkfræðingurinn væri furðu minnugur á þau kjördæmin, sem fylgdu stjórninni að málum, en honum hætti aftur við að gleyma hinum.

En mér er ekki kunnugt um, að stjórnarráðið hafi nokkurntíma lagt fyrir verkfræðinginn, hvernig áætlunum hans skyldi hagað. Það er alkunnugt, að fyrir nokkrum árum var stjórninni fundið það til foráttu, að öll slík »plön« eða áætlanir vantaði. Fjárlaganefnd hafði kvartað yfir því, að hún gæti ekki fjallað neitt um samgöngur landsins eða lagt fé til þeirra, á meðan ekki lægju fyrir slíkar áætlanir. Þegar svo nýja stjórnin var komin (1904), þá var það eitt af fyrstu verkum hennar að láta verkfræðing Jón Þorláksson gera slíkar áætlanir, án þess í nokkru að leggja neinar kvaðir á starfa hans, heldur skyldi hann gera þetta frá sínu eigin brjósti.

Hinn háttv. framsm. tók sínu máli til sönnunar sem dæmi, að Múlasýslur hefðu notið hlunninda í þessu efni — af því að þær hefðu verið stjórnar megin. En það er þó kunnugt, að á þessum tíma voru 3 af 4 þingmönnum þessara sýslna einmitt á móti stjórninni. Ástæðan gat því ekki verið sú, að þær væru stjórnarmegin.

Mér skildist á háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) er hann talaði um Eyjafjarðarbrautina, að mótspyrnan gegn þessari breut mundi stafa af því, að of snemma hefði verið byrjað á henni, og ætti hún því ekki að sitja fyrir öðru, sem byrjað hefði verið á síðar.

En af því að eg átti aðalupptökin að þessu verki, þegar eg var hér á þingi, þá vil eg ítreka það — því að eg hefi áður margoft lýst yfir hinu sama — að þessi skoðun er ekki á rökum bygð. Það sést líka bezt á umferðinni á því svæði, bæði af vögnum og kerrum; það sést líka af þeim notum, sem Eyfirðingar hafa yfirleitt af brautinni, að þetta fyrirtæki hefir ekki verið óþarft. Það hefir verið fylsta þörf á brautinni, ekki síður fyrir það, þótt annarsstaðar kunni einnig að vera brýn þörf í líka átt. Eg vona því, að háttv. þingdm. sjái nú jafnmikla ástæðu til að brautinni verði haldið áfram, eins fyrir því, þótt byrjað hafi verið á henni fyrir 10 árum, og láti þá ástæðu ekki hindra sig frá að greiða þessu máli atkvæði sitt.

Þá vil eg minnast lítið eitt á það, sem sagt hefir verið hér um séra Runólf Runólfsson.

Það hefir verið sagt hér í deildinni nokkuð í þessu efni, sem eg hefi ekki heyrt áður: að sanngjarnt væri að veita Runólfi Runólfssyni nokkurn styrk, af því að fyrverandi biskup hefði gefið honum von fyrir brauði, Gufudal eða öðru, en svo hefði það brugðist. Eg get nú að vísu ekki um þetta borið, mér er það með öllu ókunnugt, en hitt þykist eg mega fullyrða, að mjög litlar líkur séu til, að þessu sé í raun-

inni þannig varið, með því að stjórnin hefir í samræmi við það sem Nellemann ráðherra fyrir mörgum árum (1882) hefir haldið fram, neitað að taka gilda prestsvígslu, er fram hefði farið í Ameríku. Og núverandi biskup hefir einnig neitað að vígja hann upp aptur.

Ef nú stjórnin heldur enn fram þessum skilningi, sem sjálfsagt virðist, og biskup landsins heldur fram neitun sinni að vígja manninn aftur, og það hefir hann fullyrt við mig, þá er þar með útilokað, að þessi maður geti fengið veitingu fyrir brauði hér.

Skal eg svo ekki fara um þetta frekari orðum, en taldi mér skylt að gefa þessar upplýsingar út at orðum háttv. framsögumanns.

Jón Jónsson, (1. þm. S.-Múl.): Það er fjarska lítið, sem eg ætla að segja, og um mjög lítilsvert efni. Það er viðvíkjandi séra Runólfi Runólfssyni.

Háttv. frsm. (Sk. Th.) hefir mælt með styrkveitingu til þessa manns, en lagt á móti fjárveitingu til Þorvalds Björnssonar.

Séra Runólfi Runólfssyni er ætlað 200 kr. árlega, — og eftir upplýsingum háttv. umbm. ráðherrans, eru ekki líkur til að þessi maður fái veitingu fyrir brauði, en á 5 árum væri hann búinn að fá 1000 kr., eftir því sem farið er fram á.

Nú vil eg spyrja: Hvor hefir nú meira til þessa styrks unnið, Þorvaldur Björnsson eða séra Runólfur Runólfsson? Hins vegar væri eg ekki ófáanlegur til að veita Runólfi Runólfssyni 2—300 kr. til þess að komast aftur til kjötkatlanna í Ameríku; þar verður mönnum líklega ekki bumbult af guðsorði hans.

Jón Ólafsson. Eg ætla að minnast örfáum orðum á 2 breyt.till., sem eg er viðriðinn. Önnur þeirra er á þskj. 362, og er þar farið fram á, að styrkveitingunni (1000 kr. hvort ár) til að semja þýzk-íslenzka orðabók skuli haga þannig, að greiddar séu 40 kr. fyrir hverja prentaða örk. Það lætur nærri því, sem goldið hefir verið fyrir líkt verk áður, enda er það mjög sennilegur mælikvarði í því efni. Eg vona að menn sjái, að þetta verk muni sennilega vandalítið, að eins útlegging af þýzku á íslenzku. Eg efast ekki um, að verkið verði vel af hendi leyst, og mun greiða atkv. með þessari styrkveitingu, en eg vil að styrkurinn verði í hlutfalli við stærðina. Það er að eins trygging fyrir því, er eg vil að gerð verði.

Hin breyt.till. er á þgskj. 364. Hún er þess efnis, að hækkaður sé styrkurinn til Guðmundar Magnússonar. Þegar eg kom fram með þessa tillögu, var mér ekki kunnugt um breyt.till. háttv. þm. Mýr. (J. S.) Skal eg þá lýsa því yfir, að eg mun greiða tillögu hans atkv. mitt. Þótt eg færi ekki fram á meira en 800 kr., þá var það ekki af því, að eg vildi ekki hafa styrkinn hærri en það, heldur af hinu, að eg bjóst ekki við, að meira næði fram að ganga.

Þá vil eg einnig mæla með hinni hærri styrkveiting til Guðmundar Friðjónssonar, af hinum sömu ástæðum sem háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.), bar svo skilmerkilega fram.

Hve góður höfundur G. F. sé, að ýmsu leyti, þegar honum tekst bezt, má meðal annars ráða af því, að jafn smekkvís maður í því efni og núverandi ráðherra (B. J.), hefir gerst forleggjari að 2 síðustu bókum hans.

Þá vil eg minna á breyt.till, háttv. þm. Dal. (B. J.), henni er eg mótfallfallinn, get ekki annað með góðri samvizku, eftir því sem eg hefi vit á. Eg verð að fara eftir mínu viti og

smekk, en ekki annara. Breyt.till. er um fjárveitinguna til Einars Jónssonar. Ástæður hins háttv. þm. eru þær, að Einar Jónsson sé mikill listamaður, hafi boðið að gefa Íslandi öll sín listaverk o. s. frv. En eg verð nú að játa, að eg ber ekki mikið skynbragð á list — ef til vill miklu minna en h. þm. Dal. (B. J.), en eg hefi heldur ekki séð eitt listaverk eftir E. J., nema ef vera kynni eina mannsmynd. Hvort sem það kemur af vitbresti mínum eða smekkbresti, þá verð eg að segja, að mikið að »list« Einars er í rauninni ekki annað en einhver óskapnaður, eða fáræna, sem algerlega fer fyrir utan minn skilning. Mun eg þar greiða atkv. eftir mínu litla viti, og mér segir svo hugur um, að eg hafi eitthvað fyrir mér í þessu efni, því að enginn í víðri veröld vill eiga eða kaupa þessi býsn. Gjafatilboðið gæti nú að vísu verið gott, ef myndirnar væru eigulegar, en ef menn færu að skjóta skjólshúsi yfir það, sem engin eign er í, þá myndi sá böggull fylgja því skammrifi, að allir »klastrarar«, sem halda þeir séu »listamenn« gætu fundið upp á því, að láta styrkja sig til þess, sem einkis er þó nýtt. Ef eg hefði vissu fyrir, að hér væri um sanna list að ræða, þá myndi eg vera því meðmæltur, en eg hefi ekki getað orðið þess var. Eg játa það, að eg hefi séð mynd eftir Einar (Madvigsmyndina), sem bendir á, að listgáfa sé til í manninum; en hvað gagnar það, er sérvizka og afvegaleiddur smekkur hefir skemt hæfileika hans svo, að hann býr nú ekki annað til en symbólistiskar fárænur.

Hin hjartnæmu ummæli háttv. þm. Dal. (B. J.). um trúlofun þessa manns og örðugleika, sem hamlað hafi giftingu hans, þau gætu nú að vísu verið góð ástæða ef hér væri um fátækrastyrk að ræða. En eg hygg naumast rétt, að alþingi fari að styrkja þá menn til giftingar, sem ekki hafa mannrænu til að vinna fyrir mat sínum.

Þá vil eg minnast á hina litlu hækkun á styrkveitingu til Sögufélagsins. Þetta félag hefir unnið meira að tiltölu en nokkurt bókmentalegt félag, sem styrkt er af landssjóði. Eg get ekki skilið, að hinir háttv. þm., sem kunnugir eru störfum þessa félags, muni horfa í þessa hækkun (150 kr.).

Næst er liður, sem ekki þarf margt um að segja, það er styrkbeiðni Guðmundar Hávarðssonar. Guðmundur Hávarðsson er gamall sýslubúi minn og samsveitungur, og ef eg ætti fé, þá skyldi eg af brjóstgæðum mínum gefa honum lítilræði En sakir skjalsins, er hann hefir nú sent þinginu, get eg ekki mælt með honum, enda er þar um ósannindi ein að ræða — eftir hans eigin sögusögn, því að hann hefir sagt mér, að þessi vinna (staura-flutningurinn) hafi einmitt verið sér mikið happ, hann hafi orðið henni feginn. Auk þess var hann fjarverandi í 6 vikur, samkv. vottorðum, sem hann leggur hér fram.

En hví fór hann úr vinnunni? Það var ekki sakir þess, að staurarnir væru ekki komnir á lendingarstað samkv. samningi, því að það voru þeir. Sönnu ástæðuna til þess, að hann hljóp frá vinnunni, meðan gott færi var, þegir hann um, en hún var víst aðallega sú, að hann varð að fara hingað til Rvíkur og dvelja hér þennan tíma til að »klára« víxlasúpu. Einnig mun það hafa valdið nokkru, að þá var hey dýrt í Borgarfirði, og mun hann hafa ætlað sér að verða betur úti síðar. Hann sagði mér og þá sjálfur, að hann hefði meðfram komið til að kaupa

hafra handa hestum sínum, en þeir væru ófáanlegir, og yrði hann því að bíða hér; hvort þeir hafa verið ófáanlegir fyrir borgun út í hönd, veit eg ekki; en þó svo hefði verið, var það ekki landstjórnarinnar að sjá honum fyrir hestafóðri. Þetta er því forsjáleysi hans að kenna altsaman.

Loks vil eg minnast á Runólf Runólfsson, er menn kalla »séra«. Eg þekti hann lítið eitt af afspurn og bréfaskiftum vestan hafs. Eftir því sem sagt er, er hann fæddur lúterskur, svo er mér sagt hann hafi gerst mormóni, þvínæst prestbyteriani, þá methodisti og loks lúterskur aftur, og var notaður í prestleysi til að tala trú fyrir mönnum. Eg man eftir ritgerðum og bréfum, er hann sendi mér til prentunar. Undir þessi skrif var ritað: Runólfur Runólfsson, missjónari: hefir það líklega fremur átt að merkja missionary (trúboði), heldur en missjónari = missýningamaður eða sjónhverfingamaður!! Hefði lúterska kirkjufélagið vestra getað notað hann áfram, þá hefði hann ekki þurft að skorta atvinnu þar í prestleysinu. Og að það gaf hann upp á bátinn, eru engin meðmæli með honum. Það eitt er víst, að ef þessi maður ætti nú að gerast prestur, þá gengi það ekki hneyksli næst, heldur væri það stórhneyksli.

En ef menn hins vegar vildu leggja fram styrk í tilraunaskyni, í sálarfræðislegum efnum, til þess að fá að vita, hve mörgum trúarbrögðum einn maður gæti torgað á fáum árum, þá væri styrkbeiðnin skiljanleg.

Ef þessi maður skyldi nokkurn tíma hafa verið vígður vestanhafs — þá hefir það að eins verið sem ‚vandræðaprestur', í prestleysi. Að vísu hafa margir lærðir og nýtir menn verið prestvígðir vestanhafs, sumir eftir 1—$1^1/_2$ árs lærdóm, og eru þeir alment nefndir »snöggsoðnir prestar«. En nú mun Runólfur Runólfsson ekki einu sinni vera snöggsoðinn, heldur hefir hann víst verið vígður upp á guðsnáð og gaddinn.

Eins og mörgum mun kunnugt, er mikið prestleysi vestra, og hefði þá Runólfur Runólfsson vel getað lifað þar, ef hann á annað borð hefði þótt til nokkurs nýtur; hann hefði þá aldrei þurft að koma til Íslands.

Eg get ekki trúað því, að jafn vandaður maður og Hallgr. biskup er, hafi tælt manninn hingað með von um embætti hér; það kemur varla til nokkurra mála.

Eg er því þessari breyt.till. algerlega mótfallinu, af því að það væri stærsta hneykslið á fjárlögunum, ef hún næði fram að ganga.

Sigurður Gunnarsson: Eg hefi nú hvorki margar né feitar breyt till. fram að bera. Það er fyrst viðaukatill. (þgskj. 392), er að eins fer fram á lánsheimild til Neshrepps utan Ennis; upphæðin er ekki há, að eins 8500 kr. Og þessu fé er ætlast til að verði varið til að gera Krossavík á Hjallasandi að mótorbátakví.

Eg skýrði þetta mál við 2. umr., allítarlega að mér virtist, og gat þá um undirbúning málsins og benti einnig á fyrirliggjandi skjöl, þar sem er áætlun verkfræðings Þorv. Krabbes. Eg skýrði enn fremur hvílíka nauðsyn bæri til að gera endurbót einmitt á þessum stað, lendingin er þar erfið og viðsjál og hefir orðið þess valdandi, að fjöldi manna hefir farið í sjóinn.

Eg benti á, hve þýðingarmikið þetta væri, þar sem bæði er á þessum stöðvum gott fiskiver, verstöðin góð í sjálfu sér, þrátt fyrir hætturnar.

Eg þykist vita, að allir sanngjarnir menn álíti þessa lánsheimild standa

framarlega á hinni löngu lánsheimildaskrá, er nú liggur hér fyrir.

Að öðru leyti þarf eg ekki að tala frekar um þetta mál, en eg hefi þegar gert við 2. umr., enda hefir hv. frsm. fjárlaganefndar (Sk. Th.) tekið því vel og fjárlaganefndin í heild sinni líka. Og kann eg henni miklar þakkir fyrir.

Þá hefi eg leyft mér að koma fram með 2 br.till. við 13. og 5. gr. Upphæðin sem þær fara fram á, nemur alls 1000 kr. (700 + 300).

Br.till. við 13. gr. er þess efnis, að fé það sem ætlað er póstafgreiðslumönnum utan Reykjavíkur sé hækkað úr 18300 kr. upp í 19000 kr. Ástæðan til þessa er sú, að hér hagar svo til, eftir því sem kunnugir menn hafa sagt mér, þar á meðal fyrv. hæstv. ráðh., að til póstmála er ekki veitt fé nema af skornum skamti. Þyrfti því viðbót við það fé, þótt ekki væri stofnaðar nema 1, 2 eða 3 póstafgreiðslur úti um landið. Og það munar í rauninni ekki miklu, þótt 1—300 kr. færu á hvern slíkan stað.

Í Ólafsvík hefir um langan tíma að eins verið bréfhirðing, en eftir því sem póstflutningar aukast í kaupstöðum, verður eðlilega meira að gera og um leið meiri þörf á reglulegri póstafgreiðslu. Enda er það almennur vilji manna þar, að svo verði. Ástæðan til þess, að eg hefi ekki borið þetta fram fyr en nú, er sú, að ósk manna um þetta kom mér ekki í hendur fyr en rétt fyrir skömmu.

Þá er eg flutnm. að viðaukatill. við 5. gr. fjárlaganna, er fer fram á, að prestinum í Staðarstaðaprestakalli sé heimilt að verja árgjaldinu — 300 kr. hvort árið, til viðreisnar kirkjujörðum prestakallsins eftir nánari ákvæðum stjórnarráðsins. Till. kemur nokkuð seint fram, og bið eg afsökunar á því, en ástæðan er sú, að tilmælin um þetta komu fyrir skömmu í mínar hendur.

Eg býst við að ýmsum þm. hafi ekki gefist kostur á að kynna sér, hvernig hlutaðeigandi prestur hefir varið árgjaldinu að undanförnu, og hef því til vonar og vara fengið lánaða skýrslu um það hjá stjórnarráðinu. — Á þessari skýrslu vona eg að hv. þm. sjái, að fénu hefir verið mjög vel varið að undanförnu og að mjög mikið hefir verið gert fyrir ekki meiri peninga. Mér er það ljóst, að svona fé er ekki sleppandi við alla, en í þessu tilfelli er það óhætt, því presturinn sem hér á í hlut, er áreiðanlegur og hygginn maður í alla staði og hefir þegar komið á mjög miklum umbótum á kirkjujörðunum, einkum húsabótum, og kirkjujörðina sem hann býr á, prestssetrið sjálft, hefir hann bætt mjög, sérstaklega að húsum og túngirðingum fyrir eigið fé. Þingið má því ekki líta svo á þetta mál, að það sé viðurkenning til sóknarprestsins, að féð verði veitt, því það er ekki rétt; hann græðir ekkert á því; hér er að eins um það að ræða, hvort þinginu sýnist ekki heppilegt að verja fénu þannig að prestinum sé falið að hafa umráð þess, og verja því í ofangreindu skyni, og ætti þá prestssetrið sjálft einnig að koma til greina. Þetta er í rauninni ekkert annað en að styrkja landbúnaðinn, og það á mjög skynsamlegan og tryggan hátt.

Eins og allir háttv. þm. sjá, liggja mjög margar breyt.till. fyrir við þessa umr., og það væri óðs manns æði að ætla sér að tala um þær allar, og og mun eg því að eins minnast á fáeinar þeirra.

Eg get þá strax lýst því yfir, að eg mun í mörgum greinum fylgja till. fjárlaganefndar, þótt eg geti ekki fallist á þær að öllu leyti. Eg minnist þess

hér um daginn í deildinni, að háttv. 1. þm. Rvk (J. Þ.) virtist ráða það af ýmsum teiknum, að sá gamli væri farinn að hafa furðumikil áhrif á þm. Snæfellinga. Eg skal nú ekkert um þetta þrátta við þm. — enda tek eg orð hans fremur sem spaug en alvöru; en sé svo, sem hann segir, þá er eg hræddur um, að myrkrahöfðinginn sé nú búinn að hafa bústaðaskifti og hafi ekki þurft að seilast langt til með nýja bústaðinn. Þetta ræð eg eins og þm. af ýmsum teiknum, og þá ekki síst af breyt.till. þessa sama kæra sessunautar míns. Eg veit að þm. gengur að eins gott til, er hann leggur til að skera alla símana niður, það er sparnaðartilfinningin, sem ráðið hefir og tekið þm. slíkum heljartökum, að hann verður þetta harður á fyrsta sprettinum, en hann hefir líka auðsjáanlega oftekið sig þar, og úthaldið er ekki orðið að sama skapi og byrjunin, því allar sparnaðartill. þm. hafa farið á ringulreið, þegar fram í sótti; hann stendur hvorki meira né minna en á 11 þgskj. með breyt.till., sem allar fara í þá áttina að auka útgjöld landssjóðs. Eg vil leyfa mér að benda mínum heiðraða sessunaut 1. þm. Rvk (J. Þ.) á þetta. Eg get ekki felt mig við að nauðsynjafyrirtæki, eins og t. d. símalagningar séu skorin niður, til þess að hægt sé að koma með breyt.till. um að eyða því fé, sem við það sparast, í ýmislegt annað óþarfara. þótt þarft kynni að vera í sjálfu sér.

Eg skal ekki mæla á móti því, að lán sé tekið til símalagninganna, útgjöldin verða þau sömu í raun og veru; munurinn er að eins sá, að þau skiftast á fleiri ár, ef lán er tekið. En hvað sem lántöku líður, þá getur auðsjáanlega ekkert vit verið í því, að skera alla síma niður í þetta skifti. Úr því búið er að leggja síma um flest héruð landsins, þá verður símaleysið sífelt tilfinnanlegra fyrir þau héruð, sem út undan eru, en borga þó fyrir símana, sem þegar eru lagðir jafnt og þau héruðin, er þeirra njóta.

Eg verð því sterklega að mæla móti því, að till. háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) verði samþ., um það að fella niður Borgarness-Stykkishólms-símann. En verði það engu að síður gert, vil eg halda því fram að lán verði tekið til þess að fullkomna og stækka símakerfi landsins.

Það hefir verið deilt um mann hér í háttv. deild, sem eg reyndar þekki ekki persónulega. Maður þessi er sr. Runólfur Runólfsson. Það liggur fyrir till., sem fer fram á, að honum séu veittar 200 kr. árlega úr landssjóði á meðan hann fær ekkert fast starf. — Hvað till. þessa snertir, þá verð eg að taka undir með háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) að mér þykir ekki viðeigandi að hann sé settur á laun með uppgjafaprestum landsins. En hinsvegar verð eg að játa, að mér þótti háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) fara óþarflega þungum og fyrirlitlegum orðum um manninn, eg held að hann hafi ekki athugað, að einmitt þessi maður (sr. Run. Runólfsson) virðist hafa nýlega verið ekki lítils metinn af þeim manni, er eg veit að hv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) metur hvað mest allra manna (H. Hafstein). Hefði þm. vitað þetta, mundi hann hafa talað gætilegar um sr. Runólf, og ekki haft slík særandi ummæli um fjarverandi mann, er ekki getur borið hönd fyrir höfuð sér. Á milli mín og háttv. þm. er enginn ágreiningur um styrkinn, heldur ummælin.

Eg ætla ekki að fara lengra út í það að minnast á einstakar till. Eg get að eins getið þess, að eg mun styðja flesta skólana með atkv. mínu. Að öðru leyti vil eg ekki lengja umr., en læt

atkv. mitt skera úr því, hvernig eg lít á hinar mörgu till., sem hér liggja fyrir, en dreg enga dul á það, að eg mun greiða atkvæði gegn öllum fjölda þeirra.

Þorleifur Jónsson: Eg er hér ásamt öðrum þm. riðinn við breyt.till., sem fer fram á að hækka tillagið til Flensborgarskólans upp í 7000 kr. á ári. Það var sýnt fram á það við 2. umr., að skólinn yrði að hætta, ef hann ekki fengi hið umbeðna fé, og er eg sannfærður um, að það er rétt sagt. Stjórn skólans hefir sent skýrslu, sem sýnir hve mikið fé skólinn þarf til þess að launa kennara, afborga lán o. fl. og það er ekki hægt að neita því að skýrslan sé rétt og á rökum byggð, og skólinn verður því að fá þetta fé, og þess vegna hefi eg borið þessa br.till. fram, með því að eg get ekki litið öðru vísi á en það sé afaróheppilegt, ef skólinn gæti ekki haldið áfram að starfa. Það hafa heyrst raddir um það hér í deildinni, að ónauðsynlegt og óheppilegt væri að styrkja 2 skóla hvorn við hliðina á öðrum, er kendu hið sama og stefndu að sama takmarki, og að það væri tilfellið með neðri bekki hins almenna mentaskóla og Flensborgarskólann. Eg verð að líta svo á, að þetta sé ekki rétt álitið. Gagnfræðadeild mentaskólans er þannig hagað, að hún verður aðallega þeim að gagni, sem ganga í gegnum lærdómsdeildina, en hún er ekki fyrir þá, sem að eins vilja og eiga kost á að afla sér lítilfjörlegrar mentunar. Fyrir þá menn er Flensborgarskólinn hentugri.

Reynslan hefir líka sýnt að svo er. Aðsóknin að Flensborgarskólanum hefir verið mikil og engin líkindi eru til þess, að hún fari minkandi, því kenslukraftarnir eru góðir og skólinn vinsæll. Það er því rangt að skera þessa fjárveitingu til skólans niður. Flensborgarskólinn er líka miklu ódýrari fyrir nemendur, heldur en bæði Akureyrarskólinn og gagnfræðadeild mentaskólans og veldur því margt. Skólatíminn er styttri en beggja hinna skólanna og er það heppilegt fyrir þá menn, sem aðeins hafa úr litlum tíma að spila, þeir geta þá notað sumarið til vinnu og þannig spilað upp á eigin spýtur. Eg álít annars óþarft að mæla langt mál með fjárveitingu þessari, skólinn mælir bezt með sér sjálfur hjá öllum, sem til hans þekkja og háttv. framsm. fjárlaganefndarinnar (Sk. Th.) tók einnig vel í þessa málaleitun. Eg vona því að breyt.till. fái góðan byr hér í háttv. deild og nái að ganga fram. Í sambandi við þetta vil eg lýsa yfir því, að breyt.till á þgskj. 420, sem fer í sömu átt og þessi verður tekin aftur.

Um aðrar breyt.till. sem liggja fyrir háttv. þingd. við þessa umr. skal eg ekki vera fjölorður, eg mun yfirleitt hallast að því að greiða atkv. með þeim, sem draga úr útgjöldunum. Eg álít að fjárhagurinn sé þannig, að ekki sé rétt að auka tekjuhallann; álít yfirleitt mjög óheppilegt, ef fjárlögin þurfa að fara frá þinginu með geysimiklum tekjuhalla. — Eg vil taka það fram, að mér ekki ljúft að þurfa að kvarna af því fé, sem um er beðið, og sem full þörf er á að veita í mörgum tilfellum, en þegar eins er ástatt og nú með fjárhaginn, álít eg samt að ekki sé unt að fara öðruvísi að.

Það hefir verið mikið talað um það af háttv. þm. Dal. (B. J.), hvað litlu fé sé varið til þess að styrkja listir og vísindi. Eg held nú að við getum naumast styrkt þessar greinir miklu meira en gert er, hversu nauðsynlegar, sem þær kunna að vera; það er svo margt sem að kallar og veita verður fé til, sem alveg er bráðnauðsynlegt, og þessvegna verður að spara ýmislegt annað, sem ekki kallar alveg eins eftir. Háttv.

þm. sagði, að aðeins 16000 kr. væru veittar á fjárlögunum í þessu skyni, en þetta mun nú tæplega rétt. Eg veit ekki betur en að fé það, sem veitt er í 15. gr. fjárl. sé varið til vísinda, lista og bókmenta og það er, eftir því sem mér telst til, rúmlega 134 þús. Þetta sýnist töluvert fé, eftir efnahag og ástæðum landssjóðs, og þá held eg að ekki sé hægt að segja, að tillag til bókmenta, lista og vísinda sé mjög skorið við neglur sér. Eg skal geta þess að eg mun styðja þá till., sem fer fram á að fella símana að þessu sinni. Að vísu skal eg játa, að þetta er leiðinlegt, en eg sé ekki hvaðan hægt er að fá peninga, sem með þarf til allra þessara síma á næsta fjárhagstímabili.

Eg hygg að sýnt hafi verið fram á það hér í háttv. þingd., að Vestmanneyjasíminn mundi gefa tiltölulega mestar og vissastar tekjur, en nú er búið að fella hann. Ef nokkur sími ætti því að standa á fjárlögunum þá ætti það að vera Vestmanneyjasíminn, þótt hinir féllu. En eg álít réttast að halla sér að till. háttv. framsm. fjárlaganefndar um það að rannsakað verði, hvort ekki mundi betra að nota loftskeytaaðferðina til að koma Vestmanneyjum í hraðskeytasamband og væri þá hugsanlegt, að sum héruð, sem ómögulegt er að koma í símasamband með þræði gætu komist í þráðlaust samband í sambandi við lottskeytastöð í Vestmanneyjum, og vil eg t. d. benda á að Skaftafellssýslur gætu máske notið góðs af og komist í slík sambönd. Af þessum ástæðum álít eg réttast að fresta málinu og bíða eftir því, að það verði rannsakað betur. Eg skal svo ekki lengja umræðurnar meira, álít það óþarft. Stefna mín viðvíkjandi einstökum till. mun sjást þegar gengið verður til atkv.

Björn Þorláksson: Eg stend hér á breyt.till. á þgskj. 355 við 16. gr. 21. lið fjárlaganna. Það var samþ. við 2. umr. að veitt skyldi 300 kr. til kvöldskólans á Seyðisfirði. Breyt.till. fer fram á, að tillag þetta verði hækkað um 100 kr. á ári, samkvæmt því sem stjórn iðnaðarmannafélagsins, er gengst fyrir skólahaldinu, fer fram á. Ástæðan fyrir þessari breyt.till. er sú, að mér finst að 300 kr. sé of lítið, borið t. d. saman við það fé, sem Ísafirði er veitt í sama tilgangi, en það er 600 kr. Eg álít að það sé engin sanngirni í því, að Seyðisfjörður fái helmingi minna og því hefi eg farið fram á 100 kr. hækkun. Þá vil eg minnast á br.till. við 16. gr. 4. lið við byggingarstyrk til Eiðaskólans. Við 2. umr. var það sþ. að landssjóður borgaði hálfan kostnað við byggingu Eiðaskólans með 10,000 kr. á tveimur árum. Í breyt.till. er er farið fram á, að Múlasýslur fái 1500 kr. bæði árin til að borga rentur og afborgun af þessari upphæð og er ætlast til að landssjóður greiði slíkt tillag árlega í 28 ár. Eg fyrir mitt leyti get sagt að eg sé ánægður með það, sem breyt.till. fer fram á. Eg álít að þetta geti komið Múlasýslum mjög vel og till. miðar þó til þess að laga fjárlögin til muna eða lækka útgjöldin á fjárhagstímabilinu um 17 þús. kr. Eg get reyndar ekkt sagt, hvernig högum Suður-Múlasýslu er háttað né hvort bráðabirgðalán er þar fengið til lengri eða skemmri tíma. Hvað Norður-Múlasýslu snertir, þá er lán þar fengið til fleiri ára og er eg því rólegur hvað hana snertir og ánægður með till.

Um skólann í Flensborg get eg sagt það, að eg mun greiða atkv. með því að veitt sé það fé, sem farið er fram á í breyt.till. — Ástæðurnar eru þær að skólinn er ódýr, alment notaður og aðgengilegur fyrir fátæka pilta.

Jón Þorkelsson: Ekki veit eg hver

það hefir verið, sem hefir talað fyrir munn háttv. þm. Snæf. (S. G.), þar sem hann bæði var að finna mér það til ámælis, að eg hefði viljað spara og jafnframt því straffa mig fyrir það, að nú vildi eg ausa úr landssjóðnum. — Eg sé á þessu, að mér muni nokkuð vandlifað, hvort sem eg legg til, að veita fé eða spara. Hann gaf einnig helzt í skyn, að sá góði andi, sem í honum hefði verið fyrir skemstu, mundi nú hafa haft sætaskifti. Eg skal nú ekki senna við hann um það. En eg skal enn minna á það, að eg hefi komið með tillögur um það, að spara 219,000 kr., en borið hins vegar fram tillögur um litlar fjárveitingar til þarflegra og nauðsynlegra fyrirtækja og stofnana, er alls nema eitthvað um 16,000 kr. Ef spara á, þá verða menn að reyna, að komast hjá þeim útgjöldum, sem eitthvað munar um, en vera ekki að klípa utan úr nauðsynlegum smá-upphæðum, sem ekkert dregur neinn. Hér hefir mikið verið talað að vanda um bitlinga og þeim úthúðað, sem nú er orðin venja, af því að menn halda, að fólki getist vel að því. En eg vil nú segja það, að sumt af þessum svo nefndu bitlingum hafa verið einhverjar hinar þörfustu fjárveitingar, sem ráðnar hafa verið hér á þingi. Og nægilegt fé til opinberra stofnana landsins er alt af sjálfsagt að leggja.

Háttv. þm. Snæf. (S. G.) mintist á Stykkishólmssímann frá Borgarnesi. Þar væntast 10,000 kr. frá héruðunum en landssjóður á að borga 45,000 kr. til þess að menn geti talað saman milli Borgarness og Stykkishólms, en það skraf get eg ekki álitið svo bráðnauðsynlegt, að það megi ekki bíða. Viðskifti eru heldur ekki mjög mikil þar á millum; annað mál er það, ef sími þessi hefði átt að ná alla leið kringum nesið, og lagt leið sína um verstöðurnar allar, svo að góðs af honum hefðu notið allar Jöklaraþjóðir: Krossarar, Troðarar, Stemmarar, Víkarar (í Staðarsveit), Akrarar, Búðar, Látrarar, Staparar, Hellnarar, Vogsarar, Malsar, Lónsar, Drissar, Kotarar, Bersar, Önskvar, Gufsarar, Sandarar, Brekkarar, Kefsar, Rifsar, Kamparar, Ólsar, Bugsarar, Haugsarar, Vallnarar, Klettarar, Mávsar, Hlíðarar, Höfðarar, Víkarar (í Eyrarsveit), Lágarar, Bryggjarar, Hleinarar, Fellnarar (í Kirkjufelli og Hellnafelli í Eyrarsveit), Vatnabúðarar og Eyrarar, — þá hefði verið álitamál, hvort ekki hefði átt að leggja fé til þess. Þá er nú Siglufjarðarsíminn. Þar er eg að vísu ekki eins kunnugur og á Snæfellsnesi. Síminn mun í upphafi hafa verið lagður yfir Heljardalsheiði og ofan í Skíðadal, en þaðan ætla eg örstutt til Siglufjarðar, og bregst mér ekki, að það mætti koma síma yfir fjöllin þar á millum. Hitt er annað mál, að síminn hefir í öndverðu kanske verið lagður á öðrum stað, en hann hefði átt að vera lagður, á öræfum í staðinn fyrir í bygð. Einnig um þennan síma, Siglufjarðarsímann, er það álitamál, hvort hann ekki mætti bíða. Þá verð eg að segja það í samanburði við þessar símalínur, að Vestmannaeyjasíminn ætti að ganga fyrir, því að hann er eflaust nauðsynlegastur af þessum símum. En þó get eg verið samdóma ýmsum þingmönnum um það, að rannsaka ætti, hvort ekki væri heppilegt, að koma á loftskeytasambandi við eyjarnar og meginlandið, og jafnframt, að það væri athugað, hvort loftskeyti væri ekki það eina, sem hægt væri að koma við til þess, að tengja saman Skaftafellssýslurnar bæði innbyrðis yfir Sandana og eins út á við við önnur héruð.

Háttv. frsm. (Sk. Th.) hefir tekið

af mér ómakið með Guðm. Hávarðsson, og umboðsmaður ráðherra hefir einnig minst á hans efni, og læt eg þar engu við bætt.

Háttv. þm. Snæf. (S. G.) talaði mjög góðmannlega um, að hann ætlaði að vera með styrk til kvennaskólanna, og afleysi eg hann þá af öllum þeim syndum, sem eg má »dispensera« með honum um.

Eg trúi, að umboðsmaður ráðh. segði, að eg setti mig upp á móti góðu fólki með því að vera á móti símunum. Eg veit það, að eg kem þar við áhugamál margra héraða og góðra manna. En ekki verður í alt séð. Efnin hljóta að ráða, og það getur heldur varla verið svo mikið atriði fyrir héruðin, að fá símann strax, að ekki megi þrauka lítið við. Það er búið að biða alt hingað til og fárra ára bið er ekki löng í samanburði við það. Símarnir koma allir smátt og smátt í fyllingu tímans, og símínn er nú kominn á þá staði, þar sem mest eru viðskiftin. Eg get vel felt mig við það, sem háttv. framsm. fjárlaganefndarinnar (Sk. Th.) stakk upp á, að taka símana út af fjárlögunum, og taka sérstakt lán til þeirra. Væri þá æskilegt, að það lán yrði svo stórt, að við gætum þá um leið greitt skuld þá hina hvumleiðu, er við stöndum í við ríkissjóð Dana og mest stafar af símunum.

Eg sé, að komin er inn á borðin varatillaga mín, hljóðandi upp á það, að lána fé til slátrunarhúss í Reykjavík, og vil eg mælast til, að sú tillaga verði samþykt, en ella að feld verði lánsheimild til slátrunarfélags Suðurlands. Mér finst ekki rétt, að gera upp á milli sláturhúsanna eða slátrunarfélaganna, og Reykjavík á hvorki í því né öðru að setja skör lægra, en önnur héruð landsins.

Sigurður Gunnarsson: Að eins örfá orð út af ræðu háttv. sessunautar míns (J. Þ.) um Stykkishólmssímann. Eg hefði haldið, að ættrækni hans stæði dýpri rótum en svo, að hann væri á móti því, að Snæfellingar fengju síma. Þjóðatalningu hans undir Jökli tók eg sem meinlaust spaug; hann játar sjálfsagt með mér, að fólkið þar vestra sé alls góðs maklegt, enda hefir landssjóður ekki hingað til oftekið sig á, að styrkja íbúa þess bygðarlags með fjárframlögum.

Út af öðrum spaugsyrðum sama háttv. þm. (J. Þ.), skal eg taka fram, að úr því hann hefir nú einu sinni gengið inn á, að hafa mig fyrir skriftaföður, kann eg því illa, að fara sjálfur að skrifta fyrir honum.

Jón Magnússon: Eg hefi heyrt sagt, að háttv. þm. A.-Sk. (Þ. J.) hafi verið að mæla með því, að setja loftskeytasamband, en ekki símasamband milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur, því að þá gætu Skaftafellssýslurnar einnig fengið hraðskeytasamband.

Fyrverandi ráðherra gat þess, að rétt væri, að koma á loftskeytasambandi við Skaftafellssýslur af því, að um þær sýslur væri ekki hægt að leggja síma. Þar er því og eflaust rétt að hafa loftskeytasambandið, en þess vegna er engin ástæða til, að hafa loftskeytasamband milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja, og þess vegna þarf ekki að vera loftskeytastöð í Vestmannaeyjum. Væntanlegar loftskeytastöðvar í Skaftafellssýslum ættu auðvitað að vera í sambandi við loftskeytastöð á stað, þar sem ritsíma- eða talsímastöð væri fyrir, hvort sem væri t. d. í Reykjavík, Stokkseyri eða þá í Vestmannaeyjum. En ætti sú stöð að vera í Vestmannaeyjum, þá gerði háttv. þm. A.-Sk. (Þ. J.) sínu kjördæmi mest gagn með því, að flýta fyrir símasam-

bandi milli Vestmannaeyja og lands; ef honum er ant um, að hans kjördæmi komist sem fyrst í hraðskeytasamband, þá ætti hann ekki að leggja til, að beðið væri með Vestmannaeyjasímann. Það þarf annars ekki langrar biðar til, að fá vitneskju um það, hvort sambandið sé ódýrast; ekki þarf annað, en að síma til einhvers loftskeytafélags, og þá fæst svarið um hæl aftur. Og þessa þarf ekki einu sinni, því að það er fyrir fram vitað, að loftskeytasambandið er bæði dýrara og lakara. Það er viðurkenningarvert, að háttv. þm. A.-Sk. (Þ, J.) og háttv. 1. þm. Rvík (J. Þ.) játa þó það með mér, að hraðskeytasamband við Vestmannaeyjar eigi að koma næst á eftir símanum austur í sýslur. Háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) átelur það, að eg skuli yfirleitt hafa á móti fjárveitingum til einstakra manna úr landssjóði, eða andmæla yfirleitt hinum svonefndu bitlingum. Það má vel vera, að sumir af þessum bitlingum séu ekki með öllu óþarfir, og þeim fjárveitingum ekki gersamlega á glæ kastað, en þær mega þó sannarlega ekki koma í bága við nauðsynlegar fjárveitingar til verklegra framkvæmda. Og þegar vér erum svo staddir, sem nú erum vér, þá er rétt, að fara varlega í bitlingaveitingar.

Mér þykir ástæða til, af því að eg er málinukunnugur, að mótmæla þeim ummælum, er háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) lét falla í garð síra Runólfs Runólfssonar, því að þessi maður á þau ekki skilið. Hann hefir leyst af hendi guðfræðispróf við einn skóla hins merkasta evangelisk-lúterska-kirkjufélags í Ameríku; hann hefir verið þjónandi prestur þess félags um mörg ár, og kom hingað með ágætan vitnisburð og meðmæli frá merkum prestum í því félagi. Þess vegna hafði yfirstjórn hinnar íslenzku kirkju ekki ástæðu til annars, en að taka honum vel, er hann hvarf hingað heim aftur. Hitt er annað mál, að eg er hinum háttv. þm. samdóma um, að ekki sé ástæða til, að veita síra Runólfi eftirlaun úr landssjóði.

Jóhannes Jóhannesson: Eg verð að segja, að eg varð hissa á því, að sjá háttv. þm. Sfk. (B. Þ.) standa upp nú við þessa umræðu og tala á móti fjárveitingu þeirri til Eiðaskólans, sem hann bar fram og mælti fram með eftir föngum við 2. umr., en þó býst eg við, að aðra hafi furðað meira á þessu en mig, því eg þekki manninn nokkuð og var ekki með öllu óviðbúinn þessum veðrabrigðum. Það er ekki til neins fyrir hinn háttv. þm. Sfjk. (B. Þ.), að reyna að telja öðrum trú um, að breyt.till. fjárlaganefndarinnar sé aðgengileg, því háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) sýndi fram á það í gær, að hvort, sem litið er á hag landssjóðs eða eigendur skólans, þá er breyt.till. óhagkvæmari, en fjárveitingarnar í frumv., nema því að eins, að þingið ætli að draga að sér hendina, og veita að eins þá upphæð, sem hér er um að ræða, að eins í þetta sinn, og háttv. framsm. fjárlaganefndarinnar (Sk. Th.) tók það skýrt fram í gær, að þingið væri alveg óbundið í þessu efni framvegis.

Hér liggur þá annað undir steini. Eg gat þess áðan, að eg væri ekki með öllu óviðbúinn þessum veðrabrigðum háttv. þm., og kom það til af því, að hann kallaði mig á eintal um daginn, og spurði mig um afstöðu mína til aðflutningsbannsmálsins. — Gat hann þess þá, að hann vissi, að mér væri áhugamál, að fá sem mestan styrk til Eiðaskólans, og að afstaða

hans til þess máls mundi fara eftir því, hvernig eg kæmi fram í bannlagamálinu. Með öðrum orðum háttv. þm. Sfjk. (B. Þ.) og sálusorgari minn, vildi koma mér til þess, að fara í hrossakaup. Af því að eg ekki vildi selja sannfæringu mína í aðflutningsbanninu, þá hefir hann nú snúist svo í Eiðaskólamálinu, að hann reynir nú af öllum mætti, að rífa það niður, sem hann var með til að byggja upp við 2. umr. Að hve miklu leyti hin háttv. deild vill styðja hann til þessa, jafn göfugmannlegt og það er — um það læt eg deildina.

Björn Þorláksson: Mér fanst 2. þm. N.-Múl. (Jóh. J.) reisa sig nokkuð hátt, er hann sagði að eg hefði svikið mál, er eg hefði lofað að flytja. Hann þykist vera orðheldnari en eg. Um það læt eg aðra dæma. En út af brigslum hans til mín, liggur nærri að eg enn einu sinni minni hann á hversu fast hann stóð við yfirlýsingar sínar um árið, þegar hann var að koma sér fram til þingmensku í Norður-Múlasýslu, og þegar hann hafði hlotið það hnoss. Íbúar Seyðisfjarðarkaupstaðar, er orðið hafa að berjast þar gegn vínsölunni, gætu borið um þetta. Framkoma hins háttv. þm. í millilandanefndinni borin saman við erindisbréf hans frá þjóðræðisflokknum, sýnir sams konar festu. og til að nefna 3. dæmið, get eg þess hér eftir skjali, sem eg hefi hér í höndunum, að þessi sami háttvirti þingmaður lofaði í haust, áður en hann var kosinn, að vera með aðflutningsbanni hér í þinginu, og í 2. lagi verða flutningsmaður þess, ef kjósendur hans skoruðu á hann. En þessi loforð hefir hann, eins og kunnugt er, alveg brugðið hér í deildinni, Það sýnir atkvæðagreiðsla hans hér tvívegis.

Eiðaskólamálinu álít eg betur borgið, ef umrædd breyt.till. næði fram að ganga, og mundi eg geta sannfært þingmanninn um það, ef hann vildi einslega hlýða á orð mín.

Það sem hann sagði um hrossakaup nær ekki til mín. Hann mun kunna betur að hrossakaupum en eg, enda haft lengri tíma til þess að verða leikinn í þeim.

Að öðru leyti get eg ekki annað en látið hina háttv. deild dæma um, hversu drengilegt sé að hlaupa inn í þingið með orð, sem menn tala privat, eða utan þings, eins og þingmaðurinn hefir gert hér.

Jón Jónsson (1. þm. N.-Múl.): Eg ætla lítillega að drepa á Eiðaskólann, og verð eg að geta þess að eg er sömu skoðunar og áður, að þetta sé afarmikið nauðsynjamál, ekki að eins fyrir Austfirði, heldur og landið alt.

Háttv. þm. Sfjk. (B. Þ.) sagði það sama við mig og samþingismann minn (Jóh. J.) Verð eg því að líta svo á, að stefnubreyting hans í Eiðaskólamálinu eigi að vera okkur til hegningar og viðvörunar, mér og samþingismanni mínum.

Hannes Hafstein: Þó að lán væri tekið til símalagninga, eins og h. frsm. taldi gott, þá yrði samt að taka fjárveitingar til símanna upp í fjárlögin gjaldameginn og lánið kæmi þá á fjárlögin tekjumeginn, eða í öllu falli tekjumeginn í landsreikningnum. Þetta tal um lántöku — sem auðvitað ekkert verður úr — er því undir engum kringumstæðum nein ástæða til þess fella burt af fjárlögum eða fjáraukalögum heimild til að leggja Vestmannaeyjasímann eða aðrar nauðsynlegar símalagningar.

Það er algerlega rangt hjá háttv. frsm. (Sk. Th.) að lánið, sem tekið var á yfirstandandi fjárhagstímabili hafi að eins verið tekið til þess að jafna tekjuhalla. Þetta er þvert ofan í sann-

leikann. Það var, eins og öllum þingmönnum er kunnugt, tekið til þess að standast kostnaðinn við ýmsar símalagningar og ný fyrirtæki, sem ekki þótti rétt að leggja að öllu leyti á gjaldendur fjárhagstímabilsins, og af lánsupphæðinni er, eins og eg hefi áður sýnt, hér um bil helmingurinn óeyddur — umfram tekju og gjaldajöfnuð — við lok síðasta árs. Svo fjarri fer því, að það hafi gengið upp í árlegan tekjuhalla, og ekki til símafyrirtækja, og er ilt að heyra mann, sem á að hafa framsögu fjárlaganna fara með önnur eins ranghermi, að eins til þess að sverta í svipinn fráfarandi stjórn og fyrri meiri hluta.

Ekki fremur en þessi nýja lántökuviðbára getur það verið Vestmanneyjasímanum til foráttu, að æskilegt sé að koma upp þráðlausum stöðvum einhversstaðar á landinu, til þess að geta haft samband við skip á sjó og við Skaftafellssýslur. Því að undir öllum kringumstæðum er ástæðulaust að blanda Vestmanneyjum inn í þá tilraun. Sjálf stofnun þráðlauss sambands við Vestmanneyjar er dýrari en síminn, sem í boði er, með því fyrirkomulagi, sem stungið er upp á; rekstrarskostnaðurinn er mörgum sinnum dýrari, líklega 8—10 sinnum hærri á ári en með talsímasambandi. Þar má miða við þær einu þráðlausu stöðvar, sem Norðmenn hafa, loftskeytasambandið milli Lofoten og eyjarinnar Röst. Þar er árskostnaðurinn 5000 kr. öðrumegin, en 3000 kr. hinumegin, og sleppur þar svo ódýrt að eins af því, að þar er ritsímastöð með launuðum mönnum hvort sem er. Notagildið er ómögulegt að bera saman, svo mjög tekur talsímasamband við alt landið fram þráðlausu ritskeytasambandi við eina einustu stöð. Það er hugarburður einn hjá háttv. þm. A.-Sk. (Þ. J.) að það sé nokkuð ódýrara vegna væntanlegs loftskeytasambands milli Suðurlandsins hér og Austur-Skaftafellssýslu, að setja líka loftskeytastöð í Vestmanneyjum. Það er augljóst, að Skaftafellssýslu nægir ein stöð hér, t. d. við Eyrarbakka, sem hvort sem er þyrfti að koma, þótt loftskeytastöð væri í Vestmanneyjum, án símalagningar þangað. Eg tek það enn fram, að það er síður en svo, að eg vilji kasta neinni rýrð á þráðlausa telegrafinn, þar sem ekki verður öðru við komið, en þar sem hægt er að hafa málþráðinn, er hann betri, hentugri og ódýrari, og að því er sérstaklega snertir Vestmanneyjar, þá er þörfin á sambandi við þær svo mikil, vegna siglinga og fiskiveiða, að þær þola alls ekki að bíða eftir því, að loftskeytatilraunir verði byrjaðar hér einhverntíma og einhverntíma. Við þurfum að fá þráðinn þangað strax, helzt þegar í sumar.

Ummæli framsögumanns um Eyjafjarðarbrautina sýna það, að frá hans sjónarmiði er að eins um flokksvaldsbeiting að ræða, er fjárveitingin til hennar fær ekki að standa í friði. Það er ekki unt að að skilja dylgjur hans á annan veg en sem viðurkenning fyrir því, að tilgangurinn sé að bægja þeim kjördæmum frá því að verða aðnjótandi verklegra framkvæmda, er verið hafa svo óheppin, að kjósa fulltrúa úr flokki fyrverandi meiri hluta við síðustu kosningar. Ásakanir hans til fyrri stjórnar, sem eiga að rökstyðja þessa pólitík af hálfu meiri hlutans nú, eru allar helber ósannindi, og er ekki flugufótur af sannleik í því, að verkfræðingum landsins hafi verið uppálagt, að taka tillit til neins annars en þarfar landsins í tillögum sínum um vegagerðir, brýr, símalagningar og aðrar

framkvæmdir. Það er merkilegt, að þessi háttvirti þingmaður skuli láta sér sæma að bera slíkt á borð.

Háttv. umboðsmaður ráðh. (Kl. J.) hefir svarað ummælum hans, og skal eg ekki endurtaka það. Það er hér sem áður oft. háttv. framsm. (Sk. Th.) hefir þá hernaðaraðferð, að kenna mótstöðumönnum um öll sín eigin brek. Nú, er fara á að innleiða það hér sem meirihluta prógram, að haga hinum verklegu framkvæmdum eftir flokksfylgi kjördæmanna, þá er honum um að gera að kenna öðrum um það sama. Honum finst nauðsynlegt að »fóðra« þannig það framferði, sem ekki er unt að leyna; andstæðingakjördæmi þeirra eru sett hjá, en af meiri hlutans eigin kjördæmum að eins þau, sem talin eru dauð-viss, hvernig sem með þau er farið, eins og t. d. Norður-Ísafjarðarsýsla og Gullbringu- og Kjósarsýsla. Þeim þykir ekki þurfa að stinga neinu að, þau muni fylgja samt blint, eins og hingað til.

Að því er snertir hinar framkomnu breyt.till. fjárlaganefndar um, að færa skáldastyrkinn til Guðmundar Friðjónssonar niður í 300 kr., þá tryggir hún að vísu, að hann verði ekki alveg hjá settur, en furðulegt hlutfall þykir mér það, ef G. Friðjónsson á að fá 300 kr. en Guðmundur Guðmundsson á Ísafirði tvöfalda upphæð, 600 kr., og veit eg ekki við hvað þá er miðað. Eg veit það, að sumir þeir, sem stutt hafa þessa till., gera það í góðri meining, til þess að tryggja hið minna, en ekki af því að þeir meti skáldskapargáfu hans þeim mun lægra, sem styrkurinn er settur lægri. Eg heyri suma segja, að Guðm. Friðjónsson hafi ekki óskað eftir hærri styrk, en sem nægði til þess að halda vetrarmann, og þess vegna vilji þeir ekki fara hærra.

En í fyrsta lagi efast eg nú um, að þar sé um annað en lítillæti að ræða og hógværð, og í öðru lagi álít eg engan vafa á því, að það borgi sig fullkomlega fyrir íslenzkar bókmentir að stuðla að því, að Guðm. Friðjónsson geti haft vinnumanninn einnig yfir sumartímann, en meira getur eigi talist farið fram á í minni till. um 600 kr. Eg vona að ekki stafi nein hætta af sparsemdartilraunum heiðraðar efri deildar, þótt sú upphæðin væri samþ. Hún getur hvort sem er ekki felt alla skáldastyrkina burtu, og mun þá hugsa um samræmi og rétt hlutföll í því, sem veitt er.

Eg ætla ekki að blanda mér inn í umr. um Eiðaskólann, en ætla að eins að biðja háttv. þm. Sfjk. (B. Þ.) að gera svo vel og gefa okkur hinum, sem greiða eigum atkvæði um það mál, upplýsingar um það hvernig það má vera, að skólanum sé eins hentugt að fá að eins litlar vaxtafúlgur um tveggja ára tíma, eins og að fá höfuðstólsupphæðina alla nú þegar. Eg heyrði að hann var að bjóða háttv. 2. þm. N.-Múl. (Jóh. J.) upp á að segja honum þennan leyndardóm! Mættum við ekki heyra það líka? eða býr hér eitthvað undir, sem almenningur má ekki vita um. Ætlar þm. að tryggja sýslunni fúlguna framvegis með vissum skilmálum, gegn einhverjum loforðum, sem við hinir megum ekki vita um? Eg vona því, að hann verði við þessari sanngjörnu ósk minni og gefi öllum kost á að heyra það, er hann hefir að segja till. sinni til stuðnings.

Eg vil taka í sama streng og þm. Vestm. (J. M.), hvað séra Runólf Runólfsson snertir. Eg veit ekki betur en að hann sé heiðursmaður í alla staði, og eigi gott eitt skilið. Hann þjónaði um eitt skeið prestsskap við Holdsveikrasjúkrahúsið og óskuðu sjúkling-

ar einhuga að hann yrði prestur sinn áfram, en því var synjað og öðrum veitt sýslanin og er það það eina dæmi þess á seinni árum, sem eg veit að prestsemhætti hefir verið veitt þvert á móti vilja safnaðarins. Hann hefir áður gegnt prestsverkum í Ameríku, og tekið þar lúterskt guðfræðispróf eða prestspróf með góðum vitnisburði. Eg sé því ekkert sérlegt á móti því, að hann sé settur á borð með vorum prestum og fái styrk þann, sem hér er um að ræða, meðan hann fær ekki prestsstöðu.

Bjarni Jónsson: Þótt eg eigi hér ýmsar till. um smáfjárveitingar, eru þær þó ekki framkomnar af því að eg telji landssjóð hvalskrokk, er hver maður geti gengið í og skorið bita af, svo sem einum þm. fórust orð. Eru það ill orð og ómakleg þegar um er að ræða upphæðir til þarfra fyrirtækja eða fjárveitingar til að sjá sóma landsins borgið. Það er svo langt frá sönnu og réttu að líkja slíkum beiðslum við bitaskurð af hvalskrokki, að þau orð er ekki að meta nema brigzlyrði ein. Það er sjálfsagt að spara fé landsins, en þá eiga menn fyrst að gera sér grein fyrir því, hvað sparnaður er. Er það sparnaður að spara nauðsynleg gjöld eða fjárveitingar til þarfra fyrirtækja? Eg mun jafnan vera fylgjandi fjárveitingum til nauðsynlegra fyrirtækja, hvort sem er í búnaði, verklegum framkvæmdum, listum, bókmentum eða vísindum. Eg á engar till. um fjárveitingar til verklegra framkvæmda, ekki af því að eg vilji ekki styðja þær, heldur af því að þær eiga jafnan næga formælendur og öfluga; till. mínar hníga meira að fjárveitingum til lista og bókmenta, vegna þess að á því bryddir oft, að þetta kunna menn ekki að meta. Þetta er erfitt að meta til fjár og er þó miklu meira virði en hitt alt. Til þess svarar líka það, að upphæðirnar til lista og bókmenta eru miklu minni.

Virðul. þm. Vestm. (J. M.) talaði um símalagningar og bitlinga. Ekki eru þó þessir svokölluðu bitlingar í 15. gr. meiri að vöxtum en það, að vart mundi upphæð þeirra samtöld nægja til að leggja hinn ódýrasta síma, hvað þá meira. Þetta sem eg hefi nú sagt eru almennar athugasemdir; mun eg nú víkja að einstökum till.

Eg mótmæli þeirri till., sem einhver þm. hefir gert, um að eyðileggja styrkinn til að gera þýzk-íslenzka orðabók með því að greiða 40 kr. fyrir örkina. Slíkt er langt frá öllum sanni. Eg skal benda á það, að sá maður, sem hefir nóg að gera við tímakenslu og fær 1 kr. og 50 aura um klst., mun ekki sæta þeim kjörum að fá 2 kr. og 50 aura fyrir hverja blaðsíðu í orðabók. Því að hér er ekki um neinar snikjur að ræða, heldur verk, erfitt verk, sem skylt er að launa sæmilega. Það er svo langt frá því, að eg hafi verið mótfallinn styrk til að gera íslenzka orðabók. Eg tók það fram á dögunum, að til þess verks hefði eg ekki talið eftir miklu hærri fjárveitingu. Það er svo hlægilega lítil upphæð að greiða 60 kr. fyrir örkina í íslenzkri orðabók, að slíkt er ekki bjóðandi nokkurum manni. Og þótt heilt æfiverk sé, svo sem látið er í veðri vaka um þá bók, þá er það gjöf frá höfundarins hendi að þiggja 60 kr. fyrir örkina í slíku riti. En þeir verða að sletta skyrinu, sem eiga. Ungir menn fátækir geta ekki gefið verk sín. Eg veit það, að þeir, sem vilja eignast þýzka orðabók á móðurmálinu, sem sómi landsins heimtar, munu ekki verða fylgjandi þessari till., því hún ónýtir fjárveitinguna. Till. er með öllu fráleit. Veit eg ekki, af hverjum rökum hún er runnin, og vil eg eng-

ar getsakir um það gera. En hún er og óþörf, því að maðurinn er svo trúverðugur maður, að óhætt er að trúa honum fyrir fjárveitingunni, og er það meiri trygging en að bjóða honum 40 kr. fyrir örkina, þar sem hann á völ á miklu betri vinnu.

Um till. til fjárveitinga handa Guðmundunum báðum, er það að segja, að eg er ekki svo ósamkvæmur sjálfum mér, að eg greiði ekki atkvæði með hærri upphæðunum til þeirra. Það var ekki af því, að eg teldi ekki þessi skáld góð og væri þeim þakklátur, að eg bar þá ekki fram til styrkar með þeim skáldum, er eg lagði til með við 2. umr., heldur af því að mér þóttu hin skáldin maklegri en þessi og taldi víst, að þeir, sem hefðu meiri mætur á þessum skáldum og teldi þá maklegri, mundu gera till. um þau, því að þeim var það skyldara. Sá galli, sem bæði eg og fleiri fundu að Guðmundi Magnússyni, bæði það að hann væri fjölorður, væri með óþarfar lýsingar og langlokur, og eins hitt að mál á ritum hans væri mjög meingað, er nú sama sem alveg horfið. Eg hefi lesið bæði Heiðarbýlið og 11 arkir af þeirri bók, sem nú er að koma út eftir hann, og kennir þar svo mikillu framfara og ótviræðs þroska, að það er bæði skylt og rétt að styrkja manninn. Um hinn Guðmundinn, Friðjónsson, er eg samþ. 1. þm. Eyf. (H. H), að það er ótilhlýðilegt, að Guðmundur Guðmundsson fái 600 kr., en hinn að eins 300 kr., og mun eg samþykkjast hærri upphæðinni.

Við 2. umr. var eg mótfallinn fjárveitingunni til Flensborgarskólans af því mér þótti ekki hæfa að hafa tvo samskonar skóla hvorn við hliðina á öðrum. En nú er mér sagt, að þetta eigi ekki að vera realskóli, heldur unglingaskóli, verði þar og haldnir fyrirlestrar og kenslan meir látin að því hníga að þroska anda nemendanna. Í trausti þess að þar á verði framkvæmd, mun eg greiða atkv. með till. um aukinn styrk til skólans.

Þá skal eg víkja að fjárveitingunni til Einars Jónssonar. Mér er sagt, að einn þm. (J. Ól.) hafi í gær, meðan eg var fjarstaddur haldið ræðu móti þeirri fjárveitingu og talið Einar engan listamann vera, og ekkert listaverk tjáðist hann hafa eftir hann séð. Hlutverk listamannsins er að sýna myndir af lífinu, vekja kendir, sorg og gleði, von og ótta. Þessar kendir eru mönnum oft beizkar í baráttu lífsins. En í myndunum, hvort sem er heldur í leik eða ljóði eða leir, þar eru áhrif kendanna öðru vísi en í lífinu, því að þar er hver maður áhorfandi, en í lífinu hluttakandi; þar getur hver notið kendanna um leið og hann lærir að dæma lífið.

Schiller segir í bréfum sínum að listin sé munaður kraftanna, (Luxus der Kräfte), að leikur sé til þess að æfa þekkinguna, veita hvíld og gleði, þó svo að menn æfi starfskraftana til lífsins. Þetta er rétt og má sjá í hverjum smábæklingi um listir, en þeir eru margir; í sömu átt hníga byrjanir eða vísar listarinnar, t. d. vopnadans hjá villimönnum. Listin er ekki glingur, gyltir hnappar á fötum; hún er grasið úr lífinu, blóm lífsins, fegrun þess; hún kennir mönnum að neyta lífsins og njóta. Eg skal ráða mönnum til þess að lesa bréf Schillers, þeim er þau hafa ekki lesið; geta þeir svo borið það, sem þar er sagt, saman við Einar Jónsson og listaverk hans og dæmt um það, hvort hann er listamaður, og hvort hann hefir ekkert listaverk gert. Eg vil engum getum að því leiða, hvers vegna þessi þm., sem eg gat áð-

an hefir ekki séð neitt listaverk eftir Einar Jónsson. Má vera, að hann hafi ekki vilja til að sjá þau eða ekki auga til þess; eitt listaverk hans hefir hann þó að minsta kosti séð. En nú get eg sýnt honum myndir af listaverkum Einars. Hér er mynd af Kristjáni konungi níunda. (*Jón Ólafsson*: Ekkert listaverk er það). Jú, listaverk er það, að svo miklu leyti sem hægt er að gera af listaverk. Þá er hér kona og barn. (*Jón Ólafsson:* Eg hefi séð þá mynd). Jæja, en þm. mundi vafalaust kalla það listaverk, ef það væri ekki eftir Íslending. Þá er hér mynd, sem heitir »Próletarer«, þ. e. fátæklingar; hana kalla þeir góða mynd, sem til þekkja. Enn er »Antikken«, hreinasta listaverk. Þar vantar ekkert á; hún gæti vel verið eftir Fidías; svo líkist hún forngrískum myndum, að eg er viss um, að ef háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) hefði ekki vitað, hver smíðað hefði, mundi hann hafa talið hana forngríska. Það hefir verið talið Thorvaldsen til lofs, hversu vel hann kunni að líkja eftir grískum myndum, en ekki er þessi miður stæld en myndir þess hins fræga manns. En Einar er ekki fyrir að stæla; hann fer sínar eignar brautir. Hér er gamall maður, sem situr í stól; minnist hann ástmeyjar sinnar; en það er ung stúlka, sem sýnd er fyrir framan hann. Hér gætu menn séð listaverk, ef augu manna væru ekki haldin af sýki eða blinduð með öllu. Margt hefir og Einari tekist vel um myndir af náttúruöflum. Má um það benda á mynd eins og »Skýstrokkinn« og »Móður náttúru«. Í »Móður náttúru« er náttúran sýnd, er hún kremur börn sín sum til dauðs, en heldur sumum að brjósti. Eg vil ekki segja, að virðul. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) vilji líkja eftir »Móður náttúru«, en því eru líkastar atgerðir manna oft; sumir eru lagðir við móðurbrjóstin, en úr öðrum er lífið kreist með köldum illgirniskrumlum. Það vita allir, hversu vel Einari tekst að móta í stein eða steypa alíslenzkar myndir. Um það lofa hann allir, sem af nokkurri sanngirni tala um hann. »Útilegumanninn« þekkja allir; það er ekki gallalaust verk, en það er gott verk, hugmyndin í Þjóðsögunum vel mótuð. Enn er ágæt mynd »Dögun«. Náttröll hefir numið á braut stúlku. Sólin kemur upp. Karl heldur á stúlkunni; hún fórnar höndum til sólarinnar, en karl kreppir hnefana móti sólunni og er að verða að steini. Það er sýnt meistaralega, hversu tennur hans breytast í stuðlaberg, augabrýr hans í hellisskúta. Jónas Hallgrímsson er frægur fyrir það, að hafa ort gullfallegt kvæði um jarðfræði; útlendingar hafa stórlega undrast það. Hér er jarðfræði í steypu hjá Einari Jónssyni. Það sýnir, að Íslendingar eru svo samvaxnir sinni náttúru, að það kemur fram í þeirra lífi, þeirra starfi, sérstaklega listamannanna. Hér stendur Einar Jónsson við hliðina á Jónasi Hallgrímssyni. Eg vona, að 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) hafi nú séð, ekki eitt listaverk eftir Einar Jónsson, heldur mörg. Hér er eitt enn, hönd veltir bjargi. Eg vona, að það tákni, að bjargi verði lyft af augum Íslendingum, svo að þeir sjái listamenn sína, þurfi ekki að drepa þá fyrst eða traðka verkum þeirra, ef þeim finst á þeim einhverjum galli. Það er þeim ekki til eftirbreytni, að aðrar þjóðir gera það; þeir mættu gjarnan af þeim læra að gera það ekki. »En sá er jafnan endir á Íslendinga sögum«, að gáfumenn, skáld og aðrir eru drepnir eða kvaldir vegna harðra dóma landa

þeirra. Eitt skáld hefir lýst vel þessum endaskiftum í lífinu, hversu mönnum er aftrað að þjóna löngun sinni, hversu matstríðið bælir niður hugsjónirnar. Skáldið segir:

> Ungum lék mér löngun á
> að lifa til að skrifa.
> Sköp hafa því svo skift, eg má
> skrifa til að lifa.

Björn Kristjánsson: Háttv. framsm. vísaði til min um, að mæla fyrir fjárveitingu til Flensborgarskólans. Háttv. þm. A.-Sk. (Þ. J.) hefir nú gert það rækilega. Er eg honum þakklátur og öðrum þeim háttv. þm., sem tekið hafa í sama strenginn. Þeim hefir ekki þótt hlýða að skera skólann niður við trog, þar sem hann er svo vel sóttur, eins og raun hefir á orðið, engu miður en að undanförnu. Í vetur varð að skifta annari deildinni í tvent til þess að fá rúm fyrir umsækjendur. Meiri hluti fjárlaganefndarinnar hefir einnig fallist á þessa till. Hér er líka farið fram á nokkurum hundruðum króna minna en skólinn getur minst komist af með. Það var slys, að fjárveitingin féll við 2. umr., ef eg man rétt, féll hún með 12 atkv. gegn 11. Menn munu hafa litið svo á, að skólinn væri sama eðlis sem neðri bekkir hins almenna mentaskóla, og væri því óþarft að styrkja skóla svo gott sem við hliðina á þeim skóla. Auk þess munu menn hafa ætlað, að svo strangar reglur væru um fyrirkomulag skólans, að frá þeim yrði ekki vikið. Eg tók það þó fram við 2. umr., að skólastjórnin mundi fús á að sveigja til um reglurnar að vild þingsins. Eg efast ekki um, að þótt sett væri það skilyrði t. d., að kent væri með fyrirlestrum að nokkuru leyti, jafnvel á næsta ári, þá mundi það verða auðsótt. Þetta segi eg til huggunar þeim, sem vilja ekki að kenslan sé í sömu sporum, sem kenslan í neðri bekkjum mentaskólans.

Eg veit að það hlýtur öllum að skiljast, að Flensborgarskólinn er langódýrasti skólinn, sem til er hér á landi. Nemendur mentaskólans í Reykjavík geta ekki komist af með minna fé, en 42 kr. á mánuði hverjum, en í heimavistinni í Flensborg kostar ekki nema 21 kr. um mánuðinn. Þetta er feikimikill munur, og það er einmitt þetta, hve Flensborgarskólinn er ódýr, að fjölda margir ungir og efnilegir, fátækir námsmenn ráðast í að stunda nám við þann skóla, er þeim mundi mörgum hverjum ókleyft annarsstaðar. Kvennaskólar landsins eru nemendum sínum talsvert miklu dýrari og sömuleiðis gagnfræðaskólinn á Akureyri, sem þó er heimavistarskóli, og miklu meira styrktur af landsfé.

Auk þess ber og þess að gæta, að námstíminn á Flensborgarskólanum er talsvert styttri en á hinum öðrum skólum, svo að fátækum nemendum gefst miklu betur kostur á að afla sér góðrar atvinnu, þar sem þeirra sumarleyfi er langt um lengra en annara námsmanna. Þeir geta meðal annars oft, sumir hverjir, gerst hásetar á þilskipum, sem nemendur annara skóla geta engan veginn gert, þar sem þeir losna ekki við námið fyr en í júní og júlímánuðum.

Það er auðsætt, að þessi skóli er eina stofnunin, sem bláfátækir námsmenn geta komist í gegnum upp á eigin hönd. Eg treysti því, að deildin taki þessu máli vel og sæmilega; það á það fyllilega skilið.

Mér þykir séra Runólfur Runólfsson hafa sætt hér í þinginu ómaklega hörðum orðum. Það ætti þó að vera nóg fyrir þingið að segja nei. Maður þessi er hniginn á efra aldur, 57 ára

gamall og konan 62 ára, gersamlega biluð að heilsu. Maðurinn er eðlilega bundinn við að leita sér atvinnu í þeirri grein, sem hann hefir sérþekkingu í. Mér er kunnugt um, að hann er bláfátækur, og hefir litla atvinnu; það sem hann hefir innunnið sér er þetta frá 20—30 kr. um mánuðinn, og það er ekki mikið til ð lifaa af. Hann hefir unnið í Vesturheimi og tekið prestvígslu af viðurkendri lúterskri kirkjudeild og um langan aldur verið prestur í íslenzkum söfnuði meðal landa vorra vestra.

Sumir kunna nú að líta svo á, að það sé ekki þingið, heldur sveitin, sem hér eigi að taka í taumana; en ætli það mætti þá ekki segja nokkuð líkt um ýmsa menn, er á fjárlögunum standa.

Eg vona að háttv. deild skeri ekki við neglur sér þennan litla styrk.

Þá vildi eg minnast lítillega á Vestmanneyjasímann. Hann er nú orðinn nærri því eins mikið kappsmál og Rangárbrúin sæla.

Háttv. framsm. (Sk. Th.) skýrði frá, að hann vildi láta grenslast eftir, hvort ekki mæti nota loftskeytasamband til eyjanna. Eg er honum samdóma um það, og vil að síminn sé að minsta kosti strikaður út af fjárlögunum, þangað til nægilegar upplýsingar, hvað loftskeytasamband kostar, eru fyrir hendi.

Björn Sigfússon: Eg finn nú loks ástæðu til að segja nokkur orð við þessa 3. umr. fjárlaganna. Mér sýnist og heyrist menn líta nokkuð einhliða á þessi fjárlög, virðist að ekki vaki nógu ljóst fyrir mönnum, hvert þessi háttv. deild stefnir í fjármálunum. Vildi biðja menn að athuga, hvort rétt er að vera alt af að koma með nýjar og nýjar fjárbænir inn á þingið. Í stuttu máli, fjárlagafrumv., eins og það er nú, gerir ráð fyrir 350,000 kr. tekjuhalla. Ef breytingartillögur þær, sem liggja fyrir, verða samþyktar, bætast enn við hallann 80 þús. kr. Enn fremur eru útgjöldin í aukafjárlögum nærri 200 þús. kr. Þetta eru þá samtals rúml. 600,000 kr. Eg tel ekki óþarft að benda á þetta, því eg hefi á tilfinningunni, að ekki séu allir, sem hafa gert sér þessa stefnu ljósa. Hitt er víst, að alþýða þessa lands, sem sent hefir okkur á þing, hefir ekki ætlast til slíkrar fjárráðamensku af okkur.

Eg skal ekki fara að rekja það sundur, hvernig einstaklingurinn verður að haga sér ef hann vill vera sjálfstæður maður efnalega; hann verður auðvitað að hafa nákvæmar gætur á því, að útgjöld hans verði ekki meiri en tekjurnar. Alveg hið sama gildir vitanlega um þjóðirnar í heild sinni.

Eg hygg varla sæmilegt, að skila fjárlögunum þannig útlítandi til háttv. efri deildar. Eg ætla lítið að tala um hinar einstöku breyt.till., en vil benda á sem dæmi breyt.till. þm. Dal. (B. J.) um styrk til tamningamannsins, hún er blátt áfram hlægileg.

Eg sé heldur ekki að okkur sé fært að veita styrk til sæmdarmannsins Þorv. Björnssonar, við eigum marga fleiri sæmdarmenn, sem þá auðvitað væri skylt að styrkja, ef þeir þyrftu á að halda. Það er því afarhættulegt, að ganga út á slíka braut, og yrði landssjóði of vaxið, að fullnægja hverjum sem kynni að hafa viðlíka sanngirniskröfu. Eftir því sem skýrt hefir verið frá, hefir starf þessa manns aðallega verið í þjónustu Rangárvallasýslu og Árnessýslu, og þá eru það líka þær sýslur, sem eiga að inna af hendi þessa þakkarskuld.

Eg er heldur ekki alls kostar ánægður með skáldastyrkinn. Við styrkjum

of marga, eigum ekki að styðja með landssjóðsfé nema helztu afburðamenn. Það er líka barnaskapur að segja að skáldin hafi ekki gagn af minni styrk, en þeim, er svarar hálfum eða fullum embættismannalaunum. Svo háan styrk höfum við ekki ráð á að veita, og mennirnir hafa gagn af minna. Eg skal taka það fram, að eg hygg að Guðm. skáld Friðjónsson muni gera sér gott af 300 krónum. Hann hefir sjálfur talið það mikilsvert fyrir menn, er líkt stendur á fyrir, að fá upphæð, sem svarar því, er þarf til að halda vetrarmann. Það er þó ekki af því, að eg telji hann ekki hærra styrks verðan — langt í frá; eg lít svo á, að hann ætti einmitt mörgum fremur skilið ríflegan styrk fyrir ágæta skáldhæfileika og dugnað í hvívetna. Sumir hinna eru engu fremri og ættu ekki að fá meira.

Eg greiði atkv. á móti flestum br.till. um styrk og önnur aukin útgjöld úr landssjóði, þó eru einstaka till. svo, að eg mun veita þeim fylgi mitt. Eg vil þá fyrst leyfa mér að minnast á Flensborgarskólann. Sú stofnun er sérstaklega fyrir fátækari alþýðumenn; hún tekur á móti þeim mönnum, sem fjárhagslega er ofvaxið að ganga á aðra dýrari skóla. Ef sá skóli yrði lagður niður lokaðist sú mentaleið fyrir margan, sem ekki hefði efni á að sækja dýrari skóla; en það væri miður heppilegt, að fátækir en þó efnilegir menn væri útilokaðir frá allri almennri mentun. Sama er að segja um Blönduósskólann. Námsstúlkur gefa þar með sér 18 kr. á mánuði og hafa fyrir það fæði, húsnæði, ljós og hita í skólanum. Nú þurfa þær að einhverju leyti að hafa kostnað að auki, segjum 3 kr. á mánuði. Kostnaðurinn verður þá hér um bil 21 kr. mánaðarlega, Hér kostar mánaðarvistin minst 40—45 kr. Eg vona, að háttv. samdeildarmenn viðurkenni, að slíkur skóli sé ódýr, en það er aðalskilyrði fyrir að alþýða alment geti sótt hann. Sá skóli er því eins og Flensborgarskólinn gott athvarf fyrir þann hluta alþýðunnar, sem annars væri varnað allrar mentunar. Þá vil eg leyfa mér að fara nokkrum orðum um ummæli h. 1. þm. Eyf. (H. H.), er hann talaði um framhald Eyjafjarðarbrautarinnar. Mér fell satt að segja illa, hvernig hann leit á það mál. Það var eins og hann héldi, að fjárlaganefndin hefði viljað hefna sín á Eyfirðingum, fyrir það að þm. þeirra væru minnihlutamenn, en það er hreinasti misskilningur *(Hannes Hafstein:* Framsm. fjárlaganefndarinnar (Sk. Th.) gaf það í skyn áðan í ræðu sinni). (Framsögumaður *Skúli Thoroddsen:* Nei). Nefndin áleit að þetta mætti spara í bráð. Hún hefir að eins viljað taka það allra nauðsynlegasta upp í fjárlögin, en látið hitt bíða, þótt gott væri og þarflegt. Eyjafjarðarbrautin er nú komin fram að Grund og er til stórmikilla samgöngubóta fyrir héraðið, en aftur á móti hafa mörg héruð engar vegabætur fengið enn. Það er því sanngjarnt, að Eyjafjarðarhérað bíði eftir framhaldi brautarinnar, þangað til þau héruð, sem enga vegi hafa enn fengið fái þó eitthvað. Það er réttlátt að láta þá bíða, sem búið er að gera meira hjá, en þá sem engar vegabætur hafa fengið.

Sigurður Sigurðsson: Eg á að þessu sinni enga breyt.till., sem eg þarf að mæla með, en áður en gengið er til atkv. vildi eg leyfa mér að segja örfá orð um fjármálastefnu þá, sem nú virðist ætla að verða ofan á hér í deildinni. Eg hygg, að það sem einkenna muni fjárlagafrumv., er það fer héðan að þessu sinni, verði fyrst og fremst bitlingar til einstakra manna.

Eg efast um að í annan tíma hafi verið gerðar meiri tilraunir til að koma fram bitlingum og þeim langflestum algerlega óþörfum, heldur en einmitt nú. Bitlingafaraldurinn keyrir nú svo fram úr hófi, að hann hefir aldrei jafnmikill verið. Þegar litið er á 15. gr. fjárlaganna er það hvorki meira né minna en 18 þúsundir, sem ætlað er fyrra árið til listamanna, skálda, orðabókahöfunda o. s. frv. og í breyt.till. einstakra þm, er nú liggja fyrir er farið fram á 12 þús. kr. aukning í sama skyni. Það verður til samans full 30,000 kr. fyrra árið. Minna má ekki gagn gera hjá þeim, þessum blessuðum menningar og mentunarfrömuðum! Þeim ætti að skiljast, að hér er þó um skör fram óspart farið með fé lands og þjóðar, sem þeim er trúað fyrir. Þetta er óhófleg fjáreyðsla, þegar þess er gætt, að alt er hér í kalda koli, og svo er ástatt á landi voru, að ýms fyrirtæki, sem horfa til stórmikilla þarfa og nytsemdar, verða að sitja á hakanum. Eg held, að stefna þessi sé óheppileg mjög og ill til afspurnar. Mér virðist líka, að skoðanirnar séu mjög skiftar um það, hverjir séu verðugastir eða bezt skáld og mestir listamenn. Sjálf skáldin geta ekki orðið ásátt um það. Hér ræður oft og einatt mestu vinfengi við einstaka menn og ef til vill stundum pólitík. Þetta nær þó ekki til allra, ekki t. d. til þm. Dal. (B. J.), sem virðist vilja, að þingið styrki alla þá, er eitthvað fást eða hafa fengist við skáldskap eða það, sem kallað eru listir. Hann mælir með styrk til flestra slíkra manna, þó efnin séu lítil, og fjárhagurinn þröngur. Mín stefna í þessu máli er sú, að eg mun greiða atkv. móti öllum þessum bitlingum. Þótt eg greiði atkv. móti því, að Guðm. skáld Friðjónsson verði tekinn upp í fjárlögin, þá er það ekki fyrir þá skuld, að eg ekki viðurkenni hann sem skáld. Hann er vafalaust miklu betra skáld heldur en ýmsir þeirra, er styrks njóta nú. Það er því ekki af neinni lítilsvirðingu gagnvart þessum manni, að eg greiði atkv. á móti styrk til hans, heldur af því, að eg er algerlega á móti því, að bæta nýjum mönnum við skáldalista fjárlaganna.

Háttv. þm. Dal. (B. J.) fór um það mörgum orðum, að menn ætu til að lifa, en lifðu ekki til að jeta. Eg held nú það hafi verið hreinasti óþarfi hjá háttv. þm. Dal. (B. J.) að vera að eyða tíma til að segja jafnalþektar setningar. Hvorki eg né aðrir munu hafa þurft neina fræðslu um það. En á hitt má benda, að maturinn er þó mannsins megin. Og flestir verða því að hugsa um það fyrst og fremst, að hafa eitthvað í sig og á, til þess að geta lifað, ort og unnið. Víst er um það, að hvorki háttv. þm. Dal. (B. J.) eða listamenn og skáld þau, sem hann ber fyrir brjóstinu, geta lifað á andríkinu einu saman. Eg skal fúslega játa, að eg met mikils listamenn og skáld, en eg met þó meir, að framleiðslan í landinu aukist, svo efnahagur alþýðu geti batnað. Það er alkunnur sannleikur — og hann þekkir háttv. þm. Dal. (B. J.) vonandi líka — að batnandi efnahagur og velmegun er eitthvert helzta skilyrði fyrir almennri menningu þjóðanna. Háttv. 2. þm. Húnv. (B.Ş.) var að sýna fram á, að fjárhagshorfurnar væru slæmar, en hans ræður og annara sparnaðarmanna hygg eg hafa verið talaðar fyrir daufum eyrum. — Fáir vilja taka sér fram um það að spara, einkum ef það snertir þá sjálfa eða þeirra kjördæmi og vini.

Að því er símana snertir, mun eg greiða atkv. með að fella þá og minka þannig útgjöldin til þeirra að þessu

sinni. Lít svo á, að margt kalli meir að en leggja síma þvert og endilangt um landið. Þingið hefir gengið þar hröðum fetum og það helzt til um of. Það á ekki að hrapa að því að koma símum út á hvert útnes. Þeir færa ekki landinu gull og gróða að mínu áliti. Hitt er miklu hyggilegra að leggja símana smámsaman eftir því, sem efni og ástæður leyfa, en fara þar engum risafetum. Við 2. umr. fjárlaganna var talað mikið um landbúnað inn og sjávarútveginn og þeir atvinnuvegir bornir saman. Þá var það, að háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) kom með samlíkingu, er var á þá leið, að hann líkti landbúnaðinum og sjávarútveginum við tvíbýli, þar sem annar ábúandinn (ɔ: sjávarútvegurinn), borgaði landsskuld og leigur fyrir sambýlismann sinn og yrði auk þess að leggja honum (ɔ: landbúnaðinum eða landbóndanum) drjúga fúlgu. Eg efast ekki um, að hinn háttv. þm. hafi vitað hvað hann sagði. En þessi samlíking er mesta fjarstæða; það veit þm. ofur vel. Hann reyndi heldur ekki að færa nein rök fyrir þessari staðhæfing, sem eigi var heldur að vænta. Það er hægt með tölum að sýna, að fé það sem lagt er sjávarútveginum, þegar maður tekur kaupstaðina með, sem er alveg rétt, því þeir standa í sambandi og styðjast við sjávarútveginn, er meira, töluvert meira en fjárframlög landssjóðs til landbúnaðarins. Þó leyfði hinn virðulegi 2. þm. S.-Múl. (J.Ó.) sér að ráðast á eitt hérað hér austanfjalls með óviðurkvæmilegum orðum. Eg held að það sé nálega einsdæmi, að menn hér á þingi fari að taka fyrir einstakt hérað og svívirða það. En ummæli þm. í þessu sambandi hafa ekki við neitt að styðjast og falla því niður, sem dauð og ómerk.

Háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) var eitthvað að reyna að narta í Sláturfélag Suðurlands. Eg get fullvissað háttv. þm. um það, að það er hreinasti misskilningur hjá honum að ætla, að það félag hafi verið stofnað sem einokunarfélag, enda segir það sig sjálft, þegar betur er að gætt, að svo gat ekki verið. Það er markaðurinn erlendis, heimsmarkaðurinn, sem hlýtur að ráða kjötverðinu innan lands. Alt einokunarhjal er því út í bláinn. Hitt er auðvitað eðlilegt, að þegar kjötið hækkar á markaði erlendis, að þá muni það líka hækka innan lands, og er ekki nema sjálfgefið og eðlilegt. Félag þetta var stofnað til að gera bændum hægra fyrir að koma afurðum sínum á markaðinn og nota hann. Og þetta sláturhús fullnægir þörf bæjarmanna, hvað kjöt snertir, og því er engin nauðsyn á að halda hér uppi öðru slátrunarhúsi. Eg mun því greiða atkvæði á móti breyt.till. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) um lán handa sláturhúsi Gunnars Einarssonar, þar sem það fyrirtæki að minni hyggju er alveg óþarft, og ekki gert til annars en að reisa keppinaut móti Sláturfélagi Suðurlands.

Jón Ólafsson: Bezt er að byrja á endanum. 2. þm. Árn. (S. S.) var að tala um að hann gæti sannað mál sitt með einhverjum tölum. Eg þarf ekki að svara því, fyr en hann kemur með þessar tölur. Hann hefði víst ekki látið það bíða, hefði hann haft þær á takteinum. Annars varð eg ekki var við, að hann talaði um sín sérfræðilegu efni, smjörskökur og skilvindur, og þarf því ekki miklu að svara af hans ræðu.

Háttv. þm. Snæf. (S. G.), Vestm. (J. M.) og 1. þm. Eyf. (H. H.) þótti eg hafa farið of hörðum orðum um séra Runólf, en eg skal að eins svara því,

að þeir mættu vera mér þakklátir fyrir mín vægu ummæli. Eg hefði mörgu við þau að bæta, ef eg vildi.

Út af breyt.till. háttv. þm. Sfjk. (B. Þ.) um Eiðaskólann, skal eg játa, að fátt hefir komið jafn flatt upp á mig, sem þau veðraskifti. Hann er nú að drepa með annari hendi það, sem hann áður studdi með hinni. Við aðra umræðu fór hann fram á, að Eiðaskólanum væri veitt úr landssjóði 20,000 kr. yfir fjárhagstímabilið, 10 þús. kr. hvort árið. Nú vill hann, að landssjóður að eins borgi, sem svarar rentum og afborgun af þeim í 2 ár, 1500 kr. á ári. Eftir tillögu hans, þá yrði að veita skólanum árlega fé í 28 ár. Það er eigi gott að sjá, hverjum sé hagræði að slíku fyrirkomulagi, að minsta kosti verða sýslurnar ver úti. Þær verða að borga að fullu lán sín til hússins, að 5 árum liðnum, og verður þá erfitt fyrir þær að standa í skilum. Og eigi tillagið, þessar 1500 kr., að vera komið undir hverju þingi, þá er það auðvitað gott flokksvopn fyrir meiri hlutann, góð kosningabeita fyrir þingmanninn og núverandi meiri hluta, ef ekki þyrfti annað, en hóta Múlsýslungum, að styrkurinn yrði tekinn af þeim, ef þeir kysu ekki stjórnarþý á þing. Þá er líka auðskilin veðrabreytingin hjá háttv. framsögum. (Sk. Th.) og að flokksbræður hans margir verði á móti því, að Eiðaskólanum séu veittar þessar 20,000 kr. í eitt skifti fyrir öll. Heldur ekki landssjóður græðir á þessu fyrirkomulagi, nema síður sé. Það er fyrir hann alveg sama og hann tæki lán til þessa með 5% rentu árlega, en það er nú máske svo fyrir þakkandi, að svo háum vaxtakjörum þarf hann eigi að sæta enn. Eg vil því slá því föstu, að það er öllum hlutaðeigendum til óhagræðis, utan meiri hlutaflokknum, sem kynni að vilja hafa þetta sverð hangandi yfir hálsi Múlsýslunga um 28 ár við allar kosningar. En vara má þingm. sig á því, hvernig Múlsýslungar snúast við slíku tilræði, og hvort þeir þakka honum það mjög. Eg þekki líka ofurlitið skaplyndi manna þar.

Þá skal eg víkja máli mínu, að hv. þm. Dal. (B. J.), sem var að reyna að krukka í mig út af ummælum mínum um styrk til Einars Jónssonar. Eg hef nú fæst heyrt af því, sem haun sagði, af því að eg varð að ganga út, en það get eg fullvissað hann um, að síðari árin hef eg ekkert listaverk séð eftir þennan mann. Eg hefi reyndar séð útilegumanns-afskræmið með grísku konuna á baki sér, en það er ekkert listaverk. Yfir höfuð eru verk hans svo full af firrum og fjarstæðum og »symbólskum« vitleysum, að mig furðar, að nokknr maður vilji kalla þau listaverk. Eg skal minnast á eitt, sem eigi á að vera hvað sízt. Það er minnisvarði Snorra Sturlusonar. Ekkert í öllu því mikla verki, sem minnir á Snorra. Þar er mynd af grískri Klíó, ströndinni á Grænlandi, Noregi og Íslandi. Það er líkast því, sem það hafi verið allur heimur Snorra Sturlusonar. Hann hafi ekki þekt annað. Hvernig á nokkur maður að þekkja Snorra Sturluson af slíku verki? Hvernig ætti nokkrum manni, að koma í hug, að það eigi að vera minningarmark yfir Snorra, sé honum ekki sagt það.

Og svona er um mörg síðari ára verk Einars. Enginn getur vitað, hvað þau eiga að þýða, nema neglt sé upp á þau spjald og ritað á, hvað þau eigi að tákna.

Hefði Einar tekið máluðu myndina hans Krogh's af Snorra, sem er snildarverk, og höggvið hana í marmara, eða gert hana í gipsi og látið steypa í eir, þá hefði eg viljað greiða honum

stórfé fyrir — þó að hann hefði þar notað fyrirmynd annars manns, ef hann hefði gert það vel, sem eg hygg hann hefði getað gert.

En það sem þjair Einar er sjúkdómsleg löngun til frumleika, sem lýsir sér í fáránlegum, óskiljanlegum figúrum.

Náttúruna fyrirlítur hann, eða álítur hana langt fyrir neðan sig. Gríska stúlkan nakta, sem útilegumaður hans ber á bakinu, er í alveg ónáttúrlegum stellingum. Ekkert lík gæti haldið sér í þeim.

»Ingólfur« hans er genginn úr axlarliðnum, og svona gæti eg fleira til tínt.

Hinn háttv. þm. Dal. (B. J.) talaði um, að ef útlendingar vildu styðja hann (E. J), og það mundu þeir gera, þá væri illa farið, ef hann yrði neyddur til, að eyða kröftum sínum í þarfir annara þjóða, er hefðu heiður allan af því, enda vill hann það ekki, en láta fósturjörðina njóta ávaxta iðju sinnar. En þar sem útlendingar vilja ekkert af listaverkum hans af honum kaupa, þá lítur ekki út fyrir, að hann sé meira metinn hjá þeim en hjá oss — ekki nærri eins mikið. Eg held listinni yrði lítill söknuður í, þótt landið losnaði við þá gjaldabyrði, er af honum stafar. Hingað til hefir þjóðin kostað upp á hann 6,400 kr., og virðist sú ölmusa nógu há, þótt ekki sé þar við bætt, enda tel eg rétt, að láta staðar nema með styrk til hans, þangað til hann sýnir eitthvað af sér, sem vert er að styðja.

Háttv. þm. Dal. (B. J.) talaði líka um styrk til þýzk-íslenzkrar orðabókar. Í tillögunni var farið fram á 1000 kr. styrk, eg vil láta miða hann við arkafjölda. Þýzk-íslenzka orðabók er auðvelt að þýða úr öðrum tungumálum og þarf ekki að taka langan tíma. — Dönsk-íslenzk orðabók eftir Jónas aðalhöfund var 50 arkir að stærð, en þó voru að eins 800 kr. veittar til hennar; finst mér því 40 kr. fyrir örkina sé sómasamleg borgun fyrir svona verk, og að vísu er það meira, heldur en 60 kr. á örk fyrir að semja íslenzka orðabók, sem er tíu sinnum meira verk.

Þá get eg ekki sakir orða háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) og háttv. þm. A.-Sk. (Þ. J.) stilt mig um, að minnast á Vestmannaeyjasímann. Þeir voru að tala um, að geta komist í samband við skip, sem fram hjá fara, og nota til þess þráðlausa firðritun eða loftskeyti Marconis. En það kemur ekkert við sambandi Vestmannaeyja við meginlandið. Það er öruggast og lang ódýrast með sæsíma. Loftskeytastöð má eins fyrir því reisa í eyjunum (eða annarsstaðar) til sambands við skip. En til þess þarf að eins eina stöð. En rekstrarkostnaður loftskeytastöðva er svo dýr, að hver ein af þeim jetur upp á fám árum allan kostnaðinn við sæsímalagninguna; en á henni (símastöðinni) er rekstrarkostnaður sama sem enginn. Að fara að reisa loftskeytastöð á landi, til að halda uppi sambandi við Eyjarnar, er bara að fleygja fé í sjóinn.

Eg veit ekki um neitt símasamband hér á landi, sem er jafnnauðsynlegt, hvað þá nauðsynlegra, en þetta samband við Vestmannaeyjar, og þessi sími ætti, eins og allir aðrir að byggjast af lánum, eins og háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) drap á. Hann borgar þegar frá byrjun vöxtu og afborganir, og verður landssjóði hreint gróðafyrirtæki, auk þess sem hann er vitanauðsynlegur öllum sjávarútvegi landsins.

Pétur Jónsson: Sparnaðarhljóm er nú að heyra í þingsalnum úr öllum áttum. Lætur sá hljómur mjög vel í eyrum gjaldþegnanna víðsvegar um land, og það er sannarlega engin vanþörf að gæta þess, að þeim sé eigi ofþyngt með gjöldum. Mér er líka fyrir mitt leyti óhætt að tala um sparnað. Það er ekkert á hættu fyrir mig sérstaklega eða mitt kjördæmi, því eg hefi ekkert slíkt á þessu fjárlagafrumv. Sömuleiðis geta þeir og talað um sparnað, sem eru öruggir um það sem þeim er sárt um af fyrirliggjandi fjárveitingum og till. Öðru máli er að gegna um hina, sem berjast fyrir áhugamálum í þrá við meiri hlutann. En eigi sparnaðartalið að vera meira en hljómur, þarf að fylgja glögg þekking og víðsýni í fjármálunum yfir höfuð a fjárhagsútlitinu eins og það nú er. Og umfram alt: sá sem vill, að sparnaðarmál sitt sé tekið til greina, verður sjálfur að geta sýnt sjálfsafneitun þá, sem sparnaðurinn ætið kostar einhverja. Þrátt fyrir alt sparnaðartalið liggja nú fyrir einungis 2 sparnaðartill.; það er: að fella burt Eyjafjarðarbrautina 10 þús. á ári og alla símana, yfir 200 þús. kr. Eg tel nefnilega ekki till. um Eiðaskólann, því það er að eins tylli-sparnaður. Það mun nú ekki vera nein sérleg sjálfsafneitun fyrir hinn ráðandi flokk, að fella Eyjafjarðarbrautina. Þar hafa helzt um sárt að binda hinn fráfarandi ráðherra (H. H.) og 2. þm. Eyf. (St. St.)

Þá eru hinar sparnaðartill. frá 1. þm. Rvk. (J. Þ.) Sá þm. á nú allmargar hækkunartill. og hefir átt við fjárlögin og ætlar nú að borga það ríflega með því að fella alla símana. En ekki er hægt að telja honum þetta mikla sjálfsafneitun. Hans kjördæmi má á líku standa um ýmsar símalínur hinar smærri út um land. Þar á móti eru aðrar till. hans mjög í fjáreyðsluáttina, t. d. sú, að taka kvennaskóla Reykjavíkur nærfelt að öllu leyti upp á landssjóð.

Háttv. þm. A.-Sk. (Þ. J.) hélt sparnaðarræðu og var hlyntur þessum símasparnaði. Hann flytur þó ásamt fleirum þá till. að skella Flensborgarskólanum að öllu upp á landssjóð. Fyrir mitt leyti er eg ekkert á móti þessum skóla, og eg vil hann þrífist. En hann er einungis unglingaskóli alveg eins og t. d. Hvítárbakkaskólinn, Heydalsárskólinn og aðrir unglingaskólar víðsvegar um land, þótt hann sé stærstur þeirra og hafi 2 vetra námsskeið. — Hann er eins og hv. þm. A.-Sk. (Þ. J.) komst að orði, nauðsynlegur vegur hinnar »smávægilegri« mentunar. Eg meina það ekki í niðrandi skilningi. En þar af leiðir, að hann má ekki fremur en aðrir unglingaskólar leggjast að öllu leyti upp á landssjóð. Héraðið og kaupstaðurinn, og enda sumir nemendur geta alveg eins lagt fram til kostnaðar hans einhvern hluta, t. d. þriðjung, eins og gert er við aðra unglingaskóla. Það hefir verið kvartað um, að engin gagnfræðaskóli væri til hér á Suðurlandi, nema gagnfræðadeild hins almenna mentaskóla og hún væri ekki fyrir almenning. Þess vegna væri skylt að halda uppi Flensborgarskólanum sem gagnfræðaskóla. En hann er það ekki. Og hvers vegna er það ekki reynt að fá gagnfræðadeild mentaskólans lagaða svo, að hún verði við hæfi og eftir þörfum almennings engu síður en gagnfræðaskólinn á Akureyri?

Þá talaði hv. þm. Sfjk. (B. Þ.) um sparnað og sagði, að ekki mætti ganga í landssjóð eins og hross-skrokk. Hann tjáði sig samþ. sparnaði í símalagningum. Enga breyt.till. hefir hann

samt til sparnaðar, og hefir verið einn aðalmaðurinn í því, að varpa Eiðaskólanum að mestu á náðir landssjóðs og nú mælir hann með Flensborgarskólanum. Miðar það nú til sparnaðaðar fyrir landssjóð, að bæta þriðja bændaskólanum á landssjóð?

Háttv. 2. þm. Húnv. (B. S.) talaði fagurlegast af öllum um sparnað og sjálfsafneitun. Þó mælti hann með þessari helmingshækkun á ársstyrk til Flensborgarskólans, og hann gat ekki stilt sig um, að víkja að Blönduósskólanum, eiginlega í þá átt, að landssjóður ætti að sjá honum fyrir nógu fé.

Háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) talaði á móti lagningu Vestmannaeyjasímans, og sagði jafnvel, að það væri ranglátt að fara fram á hana. Ef til vill þykir honum réttlátast, að endurreistar væru hans föllnu fjáreyðslutill. við 2. umr. í staðinn.

Það er nauðsynlegt, að gera verulegan greinarmun á fjárhagslegu tilliti á fjárveitingum til fyrirtækja, sem auka eign landssjóðs og eru arðberandi beint eða óbeint fyrir hann, og þannig veita tekjur landssjóði eða lækka gjöld hans, eða hafa bein áhrif á gjaldþol til landssjóðs, ellegar hinum, þótt þörf sé, sem engan peningalegan arð bera. Og enn fremur þarf að greina að fjárveitingar, sem standa einstakar um eitt ár eða svo í fjárlögunum, og hinar, sem binda landssjóði á herðar að mestu eða öllu fyrirtæki, sem þurfa árlegan kostnað. Þau fyrirtæki eru upp frá því eins og skylduómegð landssjóðs — eg meina það ekki í neinum niðrandi skilningi — og ársútgjöldin verður að skoða eins og rentu af kapítali. Fyrirtæki þessi kosta því kapital, sem svarar til ársútgjaldanna sem rentu, ef þau eru borin saman við hin eiginlegu kapitalfyrirtæki.

Nú hefir sparnaðarhugurinn nær eingöngu beinst að símalagningunum. En símarnir eru helztu arðsemdarfyrirtækin á fjárlögunum. Símareikningur landsins fyrir 1908 sýnir, að tekjur af öllum símum landsins hafa numið 20 þús. kr. um fram rekstur og viðhaldskostnað. Nú auka símar þeir, er hér er ráðgert að leggja reksturkostnað landssjóðs mjög lítið, en tekjurnar þar á móti að tiltölu við hina. Það er því sennilegt, að þeir borgi að mestu beint kostnaðinn og rentur af höfuðstólnum. Þetta vilja sparnaðarmennirnir spara. En sömu mennirnir eru fylgjandi ýmsum smá fjárveitingum, sem engan arð bera landssjóði heldur auka árlega útgjöld hans framvegis og hafa því tiltölulega meiri verkun í eyðsluáttina. Í stað þess að draga kraftana saman til hins verulega og arðsama er verið að dreifa þeim í smámuni, sem hjá mætti komast. — Þannig fer eyðslan kring um sparnaðinn. Hún kann aðferðina: dreifðu og drottnaðu.

Hálfdan Guðjónsson: Fjárhag landssjóðs fer hnignandi; hallinn nemur nál. $3^1/_2$ hundr. þús. kr. á fjárlögum og fjáraukalögum. Ef fjárlögin verða samþykt þannig í deildinni og að auki breytingartillögur þær, sem fyrir liggja og hafa útgjöld í för með sér, þá er sýnilegt, að hallinn mundi nema $^1/_2$ miljón króna, þótt ekki séu þar með talin útgjöld, sem eru eftir sérstökum lögum, og hafa mikinn kostnað í för með sér.

Þá vil eg minnast nokkrum orðum á lánsheimildir þær, sem svo eru nefndar. Dettur mér þá fyrst í hug lánsheimildin til heilsuhælisins — 150 þús. kr.

Fyrirtækið má vel vera gott, en mér fellur illa að nefna þetta lánsheimild, þar sem auðvitað er, að hér getur ekki verið um endurborgun að ræða; fyrir-

tækið getur aldrei orðið í því horfi, að hægt verði að greiða rentur og afborganir. Þetta er því dulnefni, ætti að vera blátt áfram sagt, uð byggingarkostnaðurinn greiðist af landssjóði.

Þá er skuldin við Dani, þessi $^1/_2$ miljón kr., sem talið er að vér skuldum þeim.

Ennfremur má nefna póstávísanasamband Íslands við önnur lönd. Þar var mikil skuld við síðustu áramót, eg hefi heyrt talað um alt að 1 miljón kr.

Eg vil nú spyrja: Er þetta og annað eins glæsilegt? Mér kæmi ekki á óvart, þótt menn svöruðu þessari spurningu á þá leið, að þessar skuldir séu nú ekki svo ægilegar, þar sem hins vegar megi gera sér allglæsilegar tekjuvonir áður langt um líði. — En eg vil þá segja, að þetta sé einmitt þvert á móti. Hér hefir verið óáran í landi í verzlun og öðrum viðskiftum, og langt frá að séð sé fyrir afleiðingarnar af því enn; þó hljóta þær að koma fram fyr eða síðar.

Mér hefir verið sagt af verzlunarmanni, sem er gáfaður maður og reyndur í þeim efnum, og mun bera meira skynbragð á þetta en eg og jafnvel helmingur þeirra háttv. þm., er hér eiga sæti, að tollaukalögin nýju muni ekki gera betur en vega á móti því, sem almenningur muni spara við sig kaup á tollskyldum vörum. Á þeim er því ekki mikið að byggja.

Þetta gæti nú að vísu verið gott og blessað alt saman — bara ef gjaldþol landsmanna væri nóg; ef skuldir væru ekki mjög miklar og dálítið fjársafn fyrir, þá mætti alt af ýta undir þá, sem fé eiga, að þeir legði til framkvæmdanna.

En að því er fjársöfnun snertir, þá getur hún alls ekki átt sér stað; þegar bankarnir eru í fjárþröng, þá verður ekki úr henni bætt með innlendu fé, það eru ekki Íslendingar, sem kaupa þá verðbréf bankanna — nei, þá er eina ráðið að flýja á náðir erlendra auðmanna. Og nú hafa verðbréfin stórum fallið erlendis.

Þá eru skuldirnar? Það munu vera fleiri en eg, sem gætu farið í sjálfs sín barm og yrðu að viðurkenna, að langt sé frá, að vér séum skuldlausir. Og þótt einstakir menn geti sagt það um sjálfa sig, að þeir séu skuldlausir, þá verður það alls ekki sagt um Íslendlendinga yfirleitt.

Það má nefna hér margs konar skuldir: víxla, sjálfskuldarábyrgðir, verzlunarskuldir o. s. frv. Það er heill her af skuldum, rétt eins og keðja, er ekki verður séð fyrir endann á. Í þessari óendanlegu keðju eru menn flæktir víxlaböndum og sjálfskuldarábyrgða. Það er því varlega farandi, ef á að fara að reyna meira á gjaldþol landsmanna.

Ef minst er sérstaklega á kaupstaðarskuldirnar, þá mundu margir segja, að kaupmenn væru ríkir, þeir ættu sjálfir allar skuldirnar, og féð væri því til í landinu. En þessu er nú því miður ekki þannig varið; kaupmenn eiga í rauninni alloftast minst í skuldunum sjálfir, heldur skulda þeir sínum erlendu lánardrotnum, jafnvel meira en þessum skuldum nemur. Þetta sést ljóslega af því, að lánstrausti íslenzkra kaupmanna fer síhnignandi; verzlanirnar verða að hætta hver um aðra þvera.

Hér er því bæði um erlendar skuldir og innlendar að ræða, skuldir og aftur skuldir; þeim er svo einkennilega fyrir komið, skuldafjöturinn svo traustur. Það hefir verið talað mikið um listir og vísindi og styrkveitingar til þeirra.

En mætti þá ekki einnig tala um þessa einstöku list, er lýsir sér í þessari »vísdómslegu« skuldakeðju? Væri ekki rétt að styrkja þá, er sérstakir afburðamenn væru í þeirri grein lista og visinda, að útslíta sem rækilegast gjaldþoli manna og lánstrausti?

Eg ímynda mér að fleirum en mér muni það ljóst, að gjaldþol landsmanna er ekki vænlegt; það er því ekki um skör fram, er þjóðarviljinn heimtar nú gætilega fjármálastjórn.

Mig skyldi stórfurða á því, ef þingmenn færu nú að ganga í berhögg við viturlegan þjóðarvilja í þessum efnum, ef þeir færu nú að svíkja gefin loforð; já, það er hart að þurfa að taka þannig til orða, en eg hlýt þó að að líta svo á, að með atkvgr. á síðustu þingmálafundum mörgum hafi þjóðin gert þessa kröfu til fulltrúa sinna.

Ef fjárlögunum verður nú slept með $^1/_2$ milj. kr. tekjuhalla, þá gæti það skeytingarleysi beinlínis orðið að óskammfeilni.

En er nú hægt að ráða bót á þessu? Já, víst er það hægt. En til þess þarf sjálfsafneitun, til þess verða menn að fara varlega í fjárveitingum. Það þarf að fella burtu úr gjaldabálki fjárlaganna — eða að takmarka að minsta kosti — allar þær breytingartillögur, er komið hafa fram.

Þetta voru nú hinar almennu athugasemdir, er eg vildi gera, áður en gengið verður til atkv. um þetta mál í síðasta sinn hér í deildinni, áður en það fer til háttv. efri deildar.

Eg skal ekki þreyta menn á einstökum atriðum, það eru aðrir búnir að tala um þau, enda leiðist mér sjálfum allar endurtekningar og geri ráð fyrir, að öðrum muni einnig svo farið.

Þó get eg ekki með öllu slept einstökum atriðum og mun eg þá sérstaklega minnast á þau atriðin, er eg mun greiða atkv. á móti. Mér er sárt um sum þeirra, að þurfa að vera á móti þeim; en eg sýni þar með, að eg vinn til að leggja það í sölurnar, sem mér er sárt um, ef fleira mætti þá betur fara. Vil eg þar til nefna heilsuhælið; til þess eru ætlaðar 150 þús. kr. Það er ekki rétt, að nefna þetta lán, eins og áður hefir verið sýnt; en auk þessa er allur reksturskostnaður, er hlýtur að verða sjálfsagður, enda hafa nú þegar verið veittar 10 þús. kr. í því skyni. Um gagnið af slíku hæli er eg ekki fær að dæma; það hafa læknisfróðir menn sagt mér, að þessi heilsuhælisalda, er mjög hefir risið hátt víða um lönd, sé í rauninni ekki eins réttmæt og ætla mætti, enda mun hana vera að lægja nú. Að vísu eru þessi hæli nauðsynleg til þess að hýsa þá sjúklinga, sem eru svo langt leiddir, að þeim er engin lífsvon lengur; það væri gott að þeir fengju að deyja þar sem þeir sýktu ekki aðra. En þeim sjúklingum, sem eru á slíkum hælum og langt eru leiddir, er allsjaldnast nein batavon þar og hnignar brátt, er þeir fara þaðan aftur. Koma þau því sjaldnast að tilætluðum notum, þeim til fullrar heilsubótar, er þangað leita. Og þó er þetta eitt af því þarflegasta og bezta, er menn nú vilja styrkja.

Þá vil eg í einu orði nefna listamannastyrkinn. Mér þætti undur vænt ef vér værum menn til að veita öllum mentamönnum vorum sem ríflegastan styrk. En eg held satt að segja, að vér séum hér ekki eftirbátar annara þjóða; að tiltölu leggjum vér eins mikið til listamanna og visinda eins og aðrar þjóðir. Og auðvitað væri það ekki nema gott, ef vér gætum gert það enn þá betur.

Um gjöfina, sem mikið er búið að tala um, er það að segja, að hún kann í sumra augum að vera virðuleg. En

sá annmarki er hér á, að ef hún verður þegin — og þá auðvitað með sómasamlegum skilyrðum — þá mundu ef til vill koma ótal gjafatilboð frá skáldum og höfundum: þeir vildu þá gefa alt það, sem enginn vill gefa út fyrir þá. Það mundi þykja ókurteisi að slá hendinni móti slíkum gjöfum, en þá yrði að reisa nýtt safnhús til þess að geyma þessar gjafir, sem mér er nær að kalla lítils eða einskis virði mjög margar.

Um myndalist er líka nokkuð öðru máli að gegna en um ljóðagerð og sagnagerð. Einar Jónsson túlkar hugmyndir sínar á máli, sem allur heimurinn skilur jafnt. Það er því minni ástæða til að styrkja hann sérstaklega af Íslands hálfu. Auk þess skáldastyrks, er áður var framborinn hér í deildinni, hefir nú komið nýr styrkur til Guðm. Friðjónssonar. Mér þykir í rauninni vænt um Guðmund; mér þykir oft yndi að lesa hinar veigamiklu hugsanir hans í umgerð ramíslenzkra orða. En eg veit ekki, hvort Guðmundi væri neitt happ í slíkri fjárveitingu. Hann flyttist þá ef til vill til Reykjavíkur, en þar gæti hann ekki lifað af þeim styrk, er hér um ræðir. Eg held að skáldskapur hans muni betur þrífast við búskapinn í sveitinni, en við sultarlaun hér við tímakenslu eða annað andlaust erfiði.

Þá verð eg að nefna ungmennafélögin; um þau er mér þó mjög sárt; eg hefi verið mjög hrifinn af þeim áður, en nú hefir sú aðdáun mín töluvert minkað eftir að styrkbeiðni þeirra kom hér í þingið. Það virðist mér vera að vængjastífa þessa heilbrigðu hreyfingu. Félagarnir eiga sjálfir að iðka krafta sína og leggja starf sitt í sölurnar. Þeir mega ekki varpa allri áhyggju á herðar annara. Það gæti orðið til þess, að þeir gæfu sjálfir aðeins hugmyndirnar, en létu svo landssjóð um framkvæmdirnar. Þá yrði eg minna hrifinn af þeim félagsskap, þegar svo væri komið. Hinn háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) gat þess, að ekki væri nóg að tala um sparnað á við og dreif — menn yrðu að sýna sjálfsafneitun, er sýndi að hugur fylgdi hér máli.

Í sambandi við þessi orð hins háttv. þm. skal eg lýsa yfir því, að ef fjárlaganefndin vildi fallast á þessa bendingu að fella burtu eða takmarka mjög styrkbeiðnir, er eg hefi nú minst á, svo að fjárlagafrumv. kæmist tekjuhallalaust frá þinginu — þá mundi eg fúslega vilja vinna það til, að alt það sem mínu kjördæmi viðvíkur falli þá burt.

Framsögumaður (Skúli Thoroddsen): Eg vil fyrst fara nokkrum orðum um það, sem háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) mintist á. Hann gat þess, að það væri óviðeigandi, að telja eftir styrkveitingar til arðberandi fyrirtækja, og meðal þeirra taldi hann símana. Eg skal því taka það fram, að það er ekki rétt, að slá því fram, að símarnir beri sig. Símakerfið ber sig alls ekki, eins og nú stendur; það bakar landinu árlega kostnað, sem nemur mun meiru, en tekjurnar, og á eg þó eigi við fjárframlög til nýrra símalagninga, en að eins við föst ársútgjöld. — Að líklegt sé, að seinna komi betri tímar, hvað það snertir, er annað mál.

Ef litið er á fjárlagafrumv. þá sést, að fyrra árið eru útgjöldin til rekstrurskostnaðar símanna áætlað 56,150 kr., en síðara árið 57,150 kr.; en við þessar upphæðir verður að bæta tillaginu til Mikla norræna ritsímafélagsins: 35 þús. kr. árlega. Enn má og bæta við 20 þús. kr. árlega, sem vöxtum (4%) af hálfrar miljón króna láni, er tekið var til símalagninga, að því er minni

hluta þingflokkurinn nú vill halda fram, þótt ekki kæmi það beinlínis fram þegar lánsheimildin var veitt.

Eftir fjáraukalögunum 1908—1909 er gert ráð fyrir að varið verði til símalagninga, að því er mér hefir talist 238,815 kr., og nema árlegir vextir (4%) af þeirri upphæð um 9500 kr. árlega, sem þá bætast við greindar fjárupphæðir.

Útgjöldin við rekstur símanna og tillagið til Mikla Norræna ritsímafélagsins ásamt vöxtum, sem fyr greinir, nema því á fjárhagstímabilinu 242,300 kr., en tekjurnar eru að eins áætlaðar 155,000. Brestur þá 87,300 kr. til þess, að tekjurnar vegi á móti kostnaðinum.

Ef hinn háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) ætlaði sér að ráðast í slík fyrirtæki fyrir sjálfan sig, þá mundi hann hugsa sig um, er hann sæji tekjur og gjöld koma eins út eins og hér er sýnt. Hann mundi þá fara varlega út í þær sakir, að fjölga mjög símum, og að minsta kosti eigi hrapa að því, nema þar sem þörfin væri því brýnni, enda þótt líkur væru til að fyrirtækið yrði einhverntíma arðvænt. Honum myndi þykja ráðlegra að hrapa ekki að því, að bæta við útgjöldin, er fyrirtækið borgaði sig ekki betur en þetta.

Mér finst rétt, að þetta komi fram í umræðunum, ekki síst þar sem nýlega hefir birtst í blaði skýrsla um þetta efni, skýrsla frá símastjóranum, því að eftir henni að dæma, mætti ætla að fyrirtækið væri feikilega arðvænlegt, svo að töluverðar tekjur væru árlega um fram kostnaðinn, En þessi reikningur er mjög einhliða og villandi, eins og nú hefir sýnt verið. —

Eg sé, að háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) biður sér hljóðs, og kemur mér það ekki á óvart, því að þegar talað er um gjöld til símanna, þá má hann aldrei heyra tillagið til Mikla Norræna ritsímafélagsins talið þar með (*Hannes Hafstein*: Sæsímakostnaðurinn telst ekki til landsímans) Eg tala um símakostnaðinn yfir höfuð.

Háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) komst svo að orði um Flensborgarskólann og aðra skóla, að þeir væru sem ómagar á landssjóði. Þessi ummæli hins háttv. þm. eru alls ekki réttmæt (*Pétur Jónsson*: Eg sagði fjárhagslega) Þegar veitt er fé til menta, þá er það í vissum skilningi veitt til arðvænlegra fyrirtækja, af því að mentunin gerir eða á að gera einstaklinginn betri og hæfari til að inna af hendi það, sem honum er ætlað að vinna í þarfir þjóðfélagsins.

Út af því, er háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) mintist á styrk til Guðm. Friðjónssonar, þá skal eg geta þess nú eins og fyrri, að fjárlaganefndinni gekk ekki annað til en sparnaður, er hún vildi láta sitja við 300 kr. Hún leit svo á, að Guðm. Friðjónsson gæti haft mikið gagn af þessu fé, þótt lítið væri, enda þótti því fremur ástæða til að fara varlega í sakirnar, þar sem fjárveitingar, er nú hafa verið sþ. í deildinni til 6 skálda, nema alls 14 þús. kr.; og eftir till. nokkurra þm. á þar við að bæta styrk til 3 skálda, og hækka styrk eins (Guðm. Magnússonar), er myndi nema 3600 kr. — eða fjárveitingar til skáldanna verða þá alls 17,600 kr. Býst eg við að landsmönnum þyki þingið verið hafa ærið ört í garð skáldanna, þegar á þetta er litið. Virðist mér því réttara að farið sé varlega, og að láta styrk Guðm. Friðjónssonar vera 300 kr., eins og fjárlaganefndin leggur til, og verður það væntanlega heppilegra til úrslita fyrir skáldin í Ed.

Þá skal eg leyfa mér að víkja nokkrum orðum að ræðu háttv. 2. þm. N.-Múl. (Jóh. Jóh.) Hann gat þess að þm. Sfjk. (B. Þ.) hefði haft í hótunum við sig um það að snúast gegn Eiðaskólanum, ef hann greiddi atkv. móti

aðflutningsbanninu. Eg vona að þessi ræða hafi engin áhrif á atkv. háttv. þm., að því er fjárveitingar til Eiðaskólans snertir, þó að það sé auðsjáanlega tilgangurinn. Þegar eg heyrði ræðuna, og svar háttv. þm. Sfjk. (B. Þ.) lagði eg strax þann skilning í ágreining þeirra, að þm. Sfjk. hefði fundist svo mikið til um það, ef 2. þm. N.-Múl. (Jóh. Jóh.) brygðist loforði, gefnu kjósendum, og greiddi atkv. gegn aðflutningsbanninu, að honum hafi fundist, að engu skifti, hvaða tökum beitt væri gegn jafn ódrengilegri aðferð.

En það sem háttv. þm. Sfjk. (B. Þ.) hefir gert í Eiðaskólamálinu er alveg rétt og hyggilegt frá sjónarmiði þeirra, er Eiðaskólanum vilja vel. Hann hefir stutt breyt.till. af því, að honum hefir virtst hún vænlegri til sigurs gegn um þingið, en till. sú sem samþ. var við 2. umr. — Mér og honum gat ekki dulist, að þess mætti vænta, að fjárveitingin, eins og hún var samþ. við 2. umr. kynni að mæta sterkum mótmælum í Ed., og eg verð því að líta svo á, sem með breyt.till. sé bent á veg, sem reynast muni heppilegur, bæði fyrir sýslurnar og landssjóðinn; sýslunum er það góð og næg hjálp í svip, sem breyt.till. fer fram á og landssjóði sparar hún fjárútgjöld á næsta tímabili. — Næsta þing tekur svo að sjálfsögðu til yfirvegunar, hvernig bezt verði greitt úr vandræðunum. —

Háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) hneykslaðist á því, að eg hefði sagt, að þessi hálfa miljón kr. lán úr ríkissjóði Dana hefði verið tekið til að jafna tekjuhalla á undanfarandi fjárlögum. Eg verð þó að álíta, að hér sé rétt að orði kveðið, því þótt óeytt sé nálega helmingur af láninu, eins og mér skildist á ræðu hans, þá er það ekki þingi eða stjórn að þakka, það hefði alt saman verið eytt og meira til, ef ekki hefði verið góðæri til lands og sjávar nokkur undanfarin ár og tekjur landssjóðs því reynst óvenjulega drjúgar, þ. e. farið jafn vel 200—300 þús. fram úr áætlunum þingsins; það er því góðærið, sem hefir verið hjálparhellan, svo að minna gætir óspilunarsemi undanfarandi þinga og stjórnar.

Viðvíkjandi Vestmanneyjasímanum, skal eg geta þess, að oss vantar skýrslur um það, hvað loftskeytasamband við eyjarnar myndi kosta. Eg álít því réttast, að bíða aðgerða nýju stjórnarinnar með það mál, einkum þar sem það er kunnugt, að nýi ráðh. fylgdi því fast fram í fjárlaganefndinni, að fella símann í þetta sinn og grenslast eftir hvað loftskeytasambandið kostaði.

Þess ber og að gæta, að þótt loftskeytasambandið yrði dýrara, þá mundi það verða til mikilla hagsmuna fyrir skip, að geta þá staðið í loftskeytasambandi við landið.

Hvað Eyjafjarðarbrautina snertir, eða þær 20 þús., sem fjárlaganefndin leggur til, að synjað sé um að veita til hennar, þá er það einber misskilningur, að fyrir mér hafi í því atriði vakað nokkur hefnileikur, — það hef eg aldrei sagt. Hitt sagði eg, að fyrverandi ráðherra þyrfti sízt að furða sig á því, þótt meiri hluti þingsins þættist þurfa að gera ýmsar breytingar við frumvarpið, þar sem það bæri þess í ýmsum greinum ljósar menjar, að fyrverandi stjórn hefði verið mun minnugri á nauðsynjafyrirtæki í þeim kjördæmum, sem stjórninni voru fylgjandi við kosningarnar síðastliðið haust, en á þarfir manna í öðrum kjördæmum landsins.

En því get eg trúað háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) fyrir, að þegar fyrst var vakið máls á því, að synja fjárveitingar til Eyjafjarðarbrautarinnar, leit eg að eins á það, og bygði þar að nokkru á umræðum fyrri þinga, að hér væri

um flutningabraut að ræða, sem eigi væri brýn þörf á, í samanburði við þörf flutningabrauta o. fl. í ýmsum öðrum héruðum landsins. — Á hinn bóginn man eg það þó, og vil ekki leyna háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) því, að þegar einhver þm. hreifði því þá samtímis, að synjunin mundi verða skoðuð, sem raun er á orðin, sem eins konar hefnileikur, þá varð mér að orði, að ef svo yrði, þá kæmi það vel á vondan, og lutu þau ummæli þá að undangengnum aðgerðum fráförnu stjórnarinnar, og sýndi henni þá eitthvað svipað hennar eigin breytni.

Það eru ýmsir þm., sem haldið hafa miklar sparnaðarræður hér í deildinni, en sú raun hefir þá áorðið, að menn hafa eigi getað komið sér saman um, hvað og hvar eigi að spara. Eg skil þessar ræður háttv. þm., sem ósk og góðan vilja þeirra um sparnað, og að leiðin sé að eins enn ófundin, en að það muni takast að finna hana, áður en þingi lýkur, og meðferð þess á fjárlögunum.

Háttv. Ed. á nú eftir að fjalla um málið, og gera sínar athugasemdir við það. — Í þessu sambandi ber þess að gæta, að þing vort er í raun og veru ekki tviskift, þar sem þingið í heild sinni kýs meira en helming þingmanna í efri deild, og málum má ráða til lykta í sameinuðu þingi. Hér er því ekki hægt að tala um nein svipuð yfirráð neðri deildar í fjármálum, eins og þar, sem þingin eru reglulega tviskift. Ef háttv. Ed. gerir því breytingar á frv., þá á hún ekki að skoða Nd., sem mótpart, er vilji verja yfirráð sín. Auðvitað getur orðið ágreiningur um einstök atriði milli deildanna, en yfirleitt mun efri deild að þessu sinni ekki þurfa að vænta þess, að Nd. standi sem einn maður, þar sem þingmenn í neðri deild greinir mjög á í ýmsum atriðum málsins.

Eg fer svo ekki frekari orðum um málið að sinni. Eg finn enga ástæðu til að vikja frekar að ræðum einstakra þm., en get yfirleitt tekið undir sparnaðarræður þeirra; að eins að þeir sýni það þá við atkvæðagreiðsluna, að þeim séu þær alvörumál, en að hitt verði eigi ríkara í huga, að ýmsum gleymist sparnaðurinn, er kjördæmi þeirra á í hlut, en séu hans vel minnugir, þegar um fjárveitingar til annara kjördæma, en þeirra eigið, er að ræða.

Benedikt Sveinsson: Eg verð að gera stutta grein fyrir breyt.till. mínum á þingskj. 394. — Eg þykist vita, að nýjar fjárkvaðir muni mælast litt fyrir, þar sem ræður flestra háttv. þm. hneigjast að sparnaði. Eg er þeim að mörgu leyti samdóma, enda bera þessar breyt.till. mínar ljóst vitni þess, að eg hefi haft sparnaðarviðleitnina ríkt í huga, svo eru þær hóglegar og fara fram á lítið. Eg hef þá leyft mér, að koma fram með þá breyt.till. við 13. gr. A. 1. b, að fyrir 4900 kr. komi 5000 kr., og liðurinn hækki um einar 100 kr. Þessi tillaga fer fram á það, að tveir starfsmenn við pósthúsið í Reykjavík fái jafn há laun fyrir jafnt starf, 1500 kr. hvor. Þetta eitt sýnist sanngjarnt og rétt, en ekki hitt, að verið sé að gera upp á milli manna, er vinna nákvæmlega sömu störf, — enda er því síður ástæða til, að sjá eftir þessum 100 krónum, þegar þess er gætt, að þetta mun vera sú lægsta borgun, sem landssjóður greiðir nokkrum föstum starfsmanni sínum. Starfið er erfitt, sífeldlega mikið að gera og langur vinnutími og þrásinnis unnið um nætur og á helgum dögum, og engin aukaborgun fyrir. Eg verð því

að álíta, að þótt það sé vilji allra að spara, þá sjá menn jafnframt og viðurkenni, að verður sé verkamaðurinn launanna, og að mishá borgun til þessara manna sé ekki sanngjörn eða rétt.

Háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) hefir mælt fram með styrknum til Jóhanns skálds Sigurjónssonar, og því engin nauðsyn á, að eg tali langt mál um hann. Þó vil eg geta þess, að hér er ekki að ræða um fjárveiting að staðaldri, heldur er að eins farið fram á, að veittar séu 1000 kr. fyrra árið. — Maðurinn er mjög efnilegur og enginn efi á því, að frá honum má vænta góðra skáldverka, og þótt höf. hafi ekki skrifað nema tvær bækur enn, þá er rangt, að áfellast hann fyrir það. Maðurinn er ungur að aldri og eg tel auk þess gersamlega rangt, að meta menn eftir því, hvað miklu þeir afkasta, heldur er á það að líta, hvernig bækurnar eru. Eg heyri reyndar ýmsa háttvirta þingmenn telja sumum þeim skáldum, er alþingi hefir styrkt að undanförnu, einna mest til gildis, hvað þau afkasti miklu, nýjum bókum rigni frá þeim eins og skæðadrífu yfir landið, en eg tel það einmitt mjög skaðlegt, að þingið sé að hotta á höfundana, að rubba sem mestu á pappírinn og kalla til þeirra: Skrifaðu skáld! skrifaðu skáld! — Mér þætti miklu fremur ástæða til, að óska þess, að það sem skáldin semja sé stutt og gott. Ritdómarnir benda einmitt á, að sum skáld fjárlaganna skrifi of mikið — afkasti of miklu til þess, að fá fé —, og þar af leiðandi sé margt af því mjög gallað, málið á mörgum bókunum óvandað, kjarnlaust og langdregið, einmitt af því, að höfundarnir hafa engan tíma til þess að vanda verk sín, enda sjá, að það er bezt launað, að rubba sem mestu af. — Hjá þessum annmörkum hefir Jóhann Sigurjónsson sneitt og skarar mjög fram úr öðrum, að því að rita mergjað og vel hugsað mál. Slík eru einkenni beztu rita vorra, og ætti þingið að meta þá kosti.

Það er alment viðurkent, að skáldskapurinn hafi mjög mikið menningargildi, og það hefir alþingi viðurkent með fjárveitingum sínum til ýmissa skálda, en þess þarf þá að gæta, að hann komi að sem beztum notum þjóðinni. Á öldinni sem leið voru mörg góðskáld hér í landi, en engin bókmentasaga er til á íslenzka tungu um verk þeirra. Eg hef því leyft mér að bera fram tillögu um það, að einu skáldi voru sé veittur styrkur til þess, að rita kenslubók í bókmentasögu Íslands á 19. öld. Kennarar kvarta mjög yfir því, að slíka bók vanti, og maður sá, sem farið er fram á að styrkja, mun vel fallinn til þessa starfa. Hann hefir þegar byrjað á verkinu, og flutti í vetur nokkra alþýðufyrirlestra um þetta efni fyrir Stúdentafélagið.

Þá er eg einn af flutningsm. breyt.-till. á þgskj. 389, er fer fram á að Jóni H. Ísleifssyni sé veittar 450 kr. á ári til þess að ljúka námi sínu á mannvirkjaskólanum í Niðarósi. Hann hefir lagt stund á vatnamannvirki, og eru það t. d. hafnir, brimgarðar, vatnsveituskurðir, notkan fossa o. fl. — Það er engum efa bundið, að kunnátta um slíka hluti er mjög nytsöm og þarfleg hér í landi, og því nauðsynlegt að hafa mann, sem vit hefir á þessum hlutum, og þarf ekki annað en að benda á þingsályktanir háttv. deildar, þar sem skorað er á stjórnina að láta rannsaka allskonar mannvirkjastæði í öllum áttum, til að sanna það að svo er sem eg segi, að þörfin er

brýn. Landstjórnin hefir að vísu einn verkfræðing í þessari grein, en eins og reynslan sýnir, þá getur hann ekki komist yfir að rannsaka, það sem þörf er á að ransakað sé, og veitir því ekki af að bæta öðrum við. Meðal margs annars er t. d. eftir að rannsaka hafnarstæði við suðurströnd landsins þrátt fyrir ítrekaðar óskir héraðsbúa, er hlut eiga þar að málum. Má slíkt eigi dragast til langframa.

Það er einnig mjög mikils vert, að íslenzkir verkfræðingar læri þessi störf í Noregi, því að staðhættir eru þar næsta líkir sem hér á landi, og nám þeirra kemur því að fullu haldi. Hingað til höfum vér að eins átt kost á mönnum, sem lært hafa í Danmörku og þótt þeir séu í ýmsa staði færir í námsgreinum sínum, einkum bóklega, þá eru þeir þó alt of ókunnugir landsháttum hér sem von er, þar sem þeir hafa alla sína þekking úr landi, þar sem alt annan veg hagar til.

Styrkur sá, sem hér er farið fram á nemur ekki meira en mánaðarkaupi eins manns, sem landið þyrfti að fá frá útlöndum, svo að ef hann er feldur, þá er það hið sama sem að spara eyrinn en fleygja krónunni.

Að lokum vil eg minnast á styrkinn til Þorvalds bónda frá Þorvaldseyri. Það hafa heyrst hér raddir um það, að varasamt væri að láta landssjóð fara að greiða bændum eftirlaun. Eg vildi óska, að vér ættum marga bændur slíka, sem Þorvaldur var, og mundi eg þá ekki telja eftir þeim lítilfjörlega viðurkenningu úr landssjóði, ef þeir þyrftu á að halda. Finst mér það ekki nema vel til fallið, að alþingi veiti á hverju ári tveim eða þrem afreksbændum dálitla viðurkenning, ef þeir eru ellimóðir og farnir að fé, en hafa um langan aldur verið stoð og stytta sveitar sinnar og héraðs, og prýði sinnar stéttar í landinu fyrir dugnað og rausn, eins og Þorvaldur bóndi. Eg get því ekki séð, að það sé neitt hættulegt, þótt hér væri riðið á vaðið með 1000 kr., og vona að bændur hér á þinginu virði sína stétt svo mikils, að þeir vilji sýna henni sömu sanngirni sem þeim, sem hafa lagakröfur til árlegra eftirlauna, enda þótt þeir hafi lítið til unnið sumir, annað en lafa nokkur ár í embætti við litinn orðstír.

Magnús Blöndahl: Eg er einn af þeim fáu, sem ekki hefi margar br.-till. við fjárlögin. Þó er eg ekki alveg laus við þær, og vil því leyfa mér að mæla með þeim fáu, sem eg hefi fram að færa. Það er þá fyrst breyt.-till. á þgskj. 395 við 14. gr. B. VIII. 1, að í staðinn fyrir kr. 3,000—3,000 komi: 4,500—4,500, og í staðinn fyrir kr. 1,500 til búsáhalda handa kvennaskólanum komi: kr. 2,000. Eg ímynda mér, að háttv. deild geti ekki lítið öðru vísi á það mál en svo, að henni finnist sanngjarnt, að styrkur þessi sé hækkaður, og að þessar breyt.-till. mínar fái því samþykki deildarinnar. Eg er líka sannfærður um, að það er enginn vafi á, að skólinn, verði honum synjað um þessa styrkhækkun, getur ekki komist af neyðarlaust. Hann kann að lifa fyrir það næsta fjárhagstímabil, en óhugsandi, að hann geti komið að tilætluðum notum. Eg þykist varla þurfa að taka það fram, að skóli þessi á að verða heimavistar- og húsmæðraskóli, og það er einkum til þess að þeim tilgangi geti orðið náð, að styrkur þessi er svo nauðsynlegur. Það var sagt, þegar minst var á Blönduósskólann, að kenslan þar væri svo góð og ódýr; það getur vel verið rétt, en eg þykist þó mega fullyrða svo mikið, að kenslukraftar Reykjavíkur kvennaskólans eru svo

miklir og góðir, að hvergi megi fá aðra betri. Það er nokkuð hart, að verða að hlusta á hve miklum og ómaklegum árásum þessi skóli, — sem gert hefir svo mikið gagn, — hefir orðið fyrir hér í deildinni, og finst mér því skylt að mótmæla þeim árásum nú; hefði eg andmælt slíkum ummælum strax við 2. umr., er þau komu fram, ef eg ekki hefði þá verið dauður frá umræðum. Sérstaklega skal eg minnast á nokkur orð háttv. 2. þm. Árn. (S. S.), sem mér þótti mjög ómakleg, órökstudd og að ófyrirsynju í alla staði. Hann lét í ljósi, að kvennaskólinn hér væri ekki nema fyrir Reykjavíkurstúlkur. Hann gæti ekki orðið húsmæðraskóli fyrir sveitastúlkur; í Reykjavík vantaði öll slík skilyrði. Sami h. þm. gaf í skyn, að kvennaskólinn hér myndi hafa miður góð áhrif á stúlkur, sem sæktu hann ofan úr sveit. Sveitastúlkurnar umgengjust hér fín hús, velklætt fólk, sem ekkert hefði fyrir stafni, kynntust dansleikum og sjónleikum og öðrum skemtunum, og afleiðingin yrði sú, að þær yrðu afhuga sveitalífinu og gerðu alt of háar kröfur til lífsins, sem ekki samsvöruðu neitt þeim lífskjörum, sem þær síðarmeir ættu við að búa. Eg verð að mótmæla því, að slík lýsing eigi hér við. Það getur nú verið að háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) hafi meint eða viljað segja, að það sé ekki sjálfur skólinn, heldur Reykjavíkurlífið, sem hafi þessi slæmu áhrif á námsstúlkur ofan úr sveit. Líka það er ekki rétt. Að því er skólann snertir skal eg að eins drepa á, að forstöðukonan er svo réttlát og heiðarleg kona í alla staði, að ósæmilegt er með öllu að vilja kasta skarni á hana. Eg ber það traust til hennar, að eg þyrði óhræddur að eiga dætur mínar undir hennar handleiðslu, því af henni er eg viss um, að þær lærðu ekki annað en gott eitt. Hið sama hygg eg óhætt megi segja um aðra kennara skólans og stjórn hans. Hinar áðurnefndu aðdróttanir í garð skólans eru því með öllu ósannar, enda reyndi háttv. 2 þm. Árn. (S. S.) ekki að færa rök fyrir þeim. Annað leiðinlegt og ómaklegt, sem sagt var hér í deildinni, sem andmæli gegn þessum skóla, var það, að forstöðunefnd skólans hefði verið nokkuð heimtufrek og fljótfær að semja um húsnæði fyrir fram, áður en hún vissi, hvort hún fengi nokkuð fé til umráða. Eg lít nú svo á þetta mál, að forstöðunefnd skólans sé sízt að lasta fyrir það, að hún sýndi dugnað og framtakssemi í því að afla skólanum betra húsnæðis, og gera hann þannig betur færan um að geta náð tilgangi sínum. Eg held eg megi líka fullyrða, að skólinn hefir komist þar að góðum kjörum, já meira að segja vildarkjörum. Við 2. umr. fjárlaganna varð það ofan á, að skólanum skyldi veita 1500 kr. til að kaupa fyrir áhöld, en það er alveg ómögulegt að komast af með þá upphæð. Handa skólanum þarf einmitt nú að kaupa svo marga nýja húshluti, þegar hann flytur á hinn nýja stað. Það verður því aukinn — en óhjákvæmilegur — kostnaður, sem þessar 1500 kr. ekki hrökkva til. Einn háttv. þm. mintist á það fyrir nokkru, að svo liti út með skóla þennan, sem skella ætti honum að öllu leyti á landssjóðinn, en hvernig háttv. þm. fær það út er mér ráðgáta, því að breyt.till. mín um þær 4500 kr. fer fram á miklu minni upphæð en frv. stjórnarinnar, sem ætlast þó ekki til, að landssjóður beri allan kostnað við skólann. Það liggur líka í augum uppi, að skólinn muni kosta

meira en þær upphæðir, sem eg hefi farið fram á í breyt.till. minni að veittar yrði til hans. Ekki þar fyrir, að eg álíti það ekki réttmætt, að landssjóður tæki að sér skólann að öllu leyti, en eg hefi þó ekki farið fram á það. Eg vona að háttv. deild sjái, hve sanngjarnt og réttlátt það er, að skólanum verði veittur sá styrkur, sem eg hefi lagt til og mælt með, og vona því að það nái samþykki hinnar háttv. deildarmanna.

Þá vil eg leyfa mér að fara nokkrum orðum um viðaukatill. á þgskj. 366, sem eg ásamt háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) er flutnm. að. Eins og sést af till. fer hún fram á, að sláturhúsi Gunnars Einarssonar í Reykjavík, er jafnframt verði sameignarsláturhús fyrir Reykvíkinga, megi lána 25000 kr. úr viðlagasjóði gegn 1. veðrétti í allri sláturhússeigninni, svo og 1. veðrétti í annari fasteign, er báðar væri metnar eigi minna en 50000 kr. auk ábyrgðar sameignarfélagsins, ef með þarf. Lánið á að borgast á 28 árum með 6% árlega. Eg get ekki fyrir mitt leyti séð annað, en að krafa þessi sé sanngjörn og réttlát og að það sé eins mikil ástæða til að veita þessu sláturhúsi lán, eins og Sláturfélagi Suðurlands. Það má reyndar ráða af ræðum einstakra manna hér í deildinni, að ekki sé þörf á slíku sláturhúsi, þar sem Sláturfélag Suðurlands sé þá fyrir áður og geti fullnægt þörfum bæjarmanna, en það er þó ekki rétt. Fyrst er nú það að sláturhús Gunnars kaupm. Einarssonar var komið hér á undan hinu, og því mun það mikið að þakka, að verð á kjöti hefir ekki farið fram úr öllu hófi tvö síðastliðin haust.

Að Sláturfélag Suðurlands hafi ekki ætlað sér að koma á neinni einokun með kjöt, getur vel verið satt, en dálitið er það kynlegt, að reynslan hefir sýnst benda á hið gagnstæða. Að félag þetta hafi viljað hjálpa bændum til að koma markaðsafurðum þeirra í betra horf en að undanförnu, skal eg sízt hafa á móti, því það er ekki nema gott, en víst er um það, að annað hefir það nú orðið í reyndinni. Háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) sagði að kjötverðið hér í Reykjavík hefði hækkað svo vegna þess að kjötið hefði hækkað svo á útlenda markaðnum og það væri eðlilega útlendi markaðurinn, sem skapaði verðið á kjötinu innan lands. Hér við er það að athuga, að þótt svo máske ætti að vera, þá hefir þetta ekki átt sér stað hingað til. Menn hafa heimtað hærra verð fyrir kjötið hér, en þeir fá fyrir það erlendis, þegar útflutningskostnaður og annar kostnaður - beinn og óbeinn — er frá dreginn. Í tilefni af því mætti benda á það, að sumt þetta kjöt, er sent hefir verið á útlendan markað, hefir verið flutt hingað til lands aftur, af því það ekki varð selt erlendis og vænti eg að allir sjái, hve öfugt fyrirkomulag slíkt er. Annars get eg ekki séð, að það sé nema gott og geti aldrei spilt, að hér séu 2 sláturhús til að halda jafnvægi á kjötverðinu. Eg vona því, að hin háttv. deild taki vel þessari viðaukatill. minni og að þessu sláturhúsi verði gert jafnhátt undir höfði og Sláturhúsi Suðurlands.

Þá mintist hinn virðulegi 2. þm. Árn. (S. S.) á hlutafélagið Völund og kvað mig ósleitilega hafa þarist fyrir að koma því á. Eg skal fúslega játa, að eg hefi átt þátt í stofnun þess félags og tel mér það meir til sóma en vansæmdar, svo eg skil ekki að sami háttv. þm. hafi nokkra ástæðu til að víta mig fyrir það. Annars fæ eg eigi séð hvað Völundur á skylt við alþingi Íslendinga. Félag það hefir aldrei beðið um styrk og heldur aldrei beðið

landssjóðinn um lán. Sami virðulegi þm. sagði líka, að Völundur væri einokunarfélag, en slíku leyfi eg mér að mótmæla sem mestu staðleysu.

Þá hefi eg enn eina viðaukatill. á þgskj. 402 um 4000 kr. lán úr viðlagasjóði til Bergs Einarssonar til að koma upp sútunarverksmiðju. Maður þessi hefir numið þá iðn erlendis og er sérlega vel að sér í þeirri grein. Það bera meðal annars fylgiskjöl þau, sem hann hefir sent með lánbeiðni sinni, vott um, en hann er fátækur og ókleift að koma öllu þessu upp án hjálpar að einhverju leyti. Þörfin á að slíkur iðnaður komist á og færist í vöxt er auðsæ, ekki sízt fyrir bændur, sem verða að selja skinn sín óverkuð til útlanda en kaupa þaðan verkuð skinn dýrum dómum. Það er mikið fé, sem þannig fer út úr landinu og þessi óheppilega verzlunaraðferð veldur því, að bændur fá ekki eins mikið fyrir skinnavöru sína sem ella og kaupa dýrara. Annars er ekki farið fram á, að landssjóður styrki þetta fyrirtæki með fjárframlögum, öðru en því, að veita lán með vanalegum kjörum, lán er afborgist á 28 árum með 6% á ári. Eg vona því, að háttv. þingdm. viðurkenni að fyrirtæki þetta sé svo nytsamlegt og þarft, að þeir vilji veita þetta lán, sem fær tryggingu í sjálfri verksmiðjunni og áhöldunum, svo að áhættan fyrir landssjóð getur varla verið stór. Annars er það ekki neitt nýtt, að þingið veiti fé í þessu skyni. Þannig hefir útlendum manni austur á Seyðisfirði verið veitt lán til sútunargerðar.

Fleiri breyt.till. hefi eg ekki fram að bera að þessu sinni.

Eg get ekki stillt mig um, áður en eg sezt niður, að fara örfáum orðum um nokkra af hinum svonefndu bitlingum, og láta skoðun mína í ljósi um þá, og skýra frá, hverja eg styð og hverja ekki.

Styrkur til Brynjólfs Björnssonar tannlæknis virðist mér í alla staði mjög réttmætur og sanngjarn, og get með ánægju skrifað undir þær röksemdir, er fyrir honum hafa verið færðar, og skal eg því ekki fara fleiri orðum um það.

Þá kemur styrkurinn til Einars listamanns Jónssonar. Í gær var mikið rætt um hann hér í deildinni. Mér bæði gramdist og tók sárt að heyra þau nálega meiðandi orð, er viðhöfð voru um þann mann. Eg hygg þó, að háttv. þm. verði að kannast við, að hann er okkar mesta og helzta listamannsefni. Til þess að þreyta ekki háttv. deild um of á langri ræðu leyfi eg mér að skírskota til röksemda þeirra, er h. þm. Dal. (B. J.) færði fyrir þessum styrk í fyrri ræðu sinni hér í deildinni, um leið og eg vil mótmæla harðlega hinum órökstuddu og ómaklegu hnútum í þess manns garð frá h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.).

Þá er styrkbeiðnin til Jónasar Guðlaugssonar á þgskj. 394. Mér kom í hug, að ef þessi 600 kr. styrkur næði samþykki þingsins, þá yrðu þau æðimörg skáldin, er styrkur ber, því margur góður hagyrðingur er á landi okkar. Og ef svo fer, sem mér líklegt þykir, að skáldstyrkur þessi gangi í gegnum Nd., vildi eg spyrja Ed., hvort hún vildi ekki smella á fjárlögin öllum þeim, er geta og hafa getað sett saman óskakka bögu. Eg hefði helzt kosið að vera laus við alla skáldstyrki, ef það hefði verið unt. En þó því sé nú svo varið, að við verðum sóma okkar vegna að styrkja hin viðurkendu góðu skáld, þá álít eg að þessum styrk sé þannig varið, að sjálfsagt

sé að hafna honum. Eg er honum því algerlega mótfallinn, og mun ekki greiða honum atkv. mitt.

Þá kemur styrkurinn til Jóns Ísleifssonar, er stundar nám á fjöllistaskólanum í Þrándheimi. Eg þekki þann mann persónulega, og hefi átt tal um hann við suma kennara hans, og luku þeir lofsorði á hann sem efnilegan mann, er eiga mundi góða framtíð fyrir höndum, og sem væri mjög líklegur til að vinna landi sínu stórmikið gagn, ef honum entist aldur til. Maður þessi hefir sérstaklega lagt stund á að læra að byggja hafnir, bryggjur, byggja út fossa og mæla afl í þeim o. s. frv. Liti maður á þetta land, sem við byggjum, með öllum þess hafnleysum, öllum þess fossum, er geyma í sér næstum ótæmanlegan auð og afl, afl, sem býður eftir að einhver hög hönd komi og kenni okkur að beizla og brúka, og ausa svo af auði þeim, er þar felst, og landið svo mjög þarfnast. Eg vil því mæla hið bezta með þessari styrkveitingu, og það því fremur, sem eg er sannfærður um, að þessi litla styrkveiting muni borgast landi voru aftur í margföldum mæli.

Háttv. þm. Húnv. töluðu mikið um sparnað í gær hér í deildinni. Það er gott og nauðsynlegt að brýna slíkt fyrir þm., og gæti slíkt haft góðan árangur í för með sér, ef deildin tæki það til rækilegrar íhugunar og færi eftir því, eða breytti eftir þessu sjálfsagða boði sparnaðarmannanna. En það er dálítið óþægilegt og erfitt að sníða utan af þessum ýmsu fjárbeiðnum og fjárveitingum, þar sem ekki liggja fyrir neinar breyt.till. í þá átt, enda hefir það ekki mikið að segja, þó verið sé að klípa út úr hinum einstöku smábitlingum, því þó þeir væru allir skornir niður, mundi ekki sparast nægilega mikið fé. H. 1. þm. Húnv. (H. G.), talaði um, að vilji þjóðarinnar væri sá, að spara sem allra mest, og getur verið nokkuð til í því. Samt held eg nú fyrir mitt leyti, að þjóðarviljinn muni nú vera sá, að greiða sem minst í landssjóð en fá sem mest úr honum aftur. Það er hægt að sjá að þetta er rétt á því, að fjöldi fjárbæna kemur til þingsins, en alt af kvartað og kveinað yfir álögunum og gjöldunum.

Þm. S.-Þing. (P. J.) talaði einnig mikið í gær um »sparnað« og »sjálfsafneitun«. Mér þótti að mörgu leyti vænt um að heyra það, en eg er hræddur um, að þetta sé hjá honum »meira í orði, en á borði«. Hann áminti þm. um að vera samhuga að þessu leyti. En mér finst hann ekki þar hafa gengið á undan öðrum með góðu eftirdæmi, þó hann hefði átt að gera það. Virðist mér hann hafa verið full heimtufrekur, að krækja í sem ríflegasta fúlgu handa kjördæmi sínu, og jafnvel ekki látið nægja að koma því í sjálf fjárlögin. heldur keyrt það inn á fjáraukal. Þetta sýnist mér ekki benda á sparnað þann og sjálfsafneitun, er háttv. þm. var þó að prédika hér í deildinni. Ef sparnaður á að koma að verulegum notum, þarf því að minka að miklum mun hinar ýmsar stærri fjárveitingar, eða fresta framkvæmdum í bili á þeim fyrirtækjum, er helzt þola bið, og verja þá fé landsins til hinna allra nytsömustu fyrirtækja, sem fyrir hendi eru.

Eg vil því áður en eg sezt niður benda á hið helzta, sem að mínu áliti hefði átt að bíða næsta þings; og sný mér þá fyrst að símunum. Eg skal ekki neita því, að talsvert hagræði og skemtun væri að því, að fá síma um sem flest héruð landsins —, og verja

til þess stórfé á hverju ári — en hvort það sé hyggilega farið með fé landsmanna, — ekki sízt, þegar litið er til hins bága árferðis hér á landi — um það munu verða æði skiftar skoðanir, — enda lítil líkindi til, að margt af þeim borgi sig nokkurn tíma. Hinn eini sími er hugsanlegt væri, að mundi gefa nokkrar verulegar tekjur af sér, og þá um leið mundi gera talsvert gagn, er Vestmannaeyjasíminn, sem þó varð fyrir þeim forlögum hér í deildinni um daginn, að hann var feldur, ekki af því, að menn ekki játuðu gagnsemi hans, heldur af því einu, að ekki þótti forsvaranlegt, að halda áfram sömu fjárbruðlun og að undanförnu. Til þess nú, að háttv. deild verði sjálfri sér samkvæm í símamálinu, þá finst mér henni skylt, að fella þá alla í þetta sinn. Eg fæ heldur ekki séð, hvaða nauðsyn eða réttlæti er fólgið í því, að smella þessum símum á fjárlögin hvað eftir annað, fyrirtæki, sem ekki einungis hin núverandi kynslóð á að njóta, heldur líka eftirkomendurnir. Eðlilegra væri því, að minu áliti, að til þess að leggja símana væri tekið lán með löngum afborgunarfresti, svo kostnaðurinn kæmi ekki eins tilfinnanlega niður á þjóðinni.

Þá hefir mikið verið rætt um símann frá Vatnsleysu til Siglufjarðar, hve afar-nauðsynlegur hann væri, vegna síldarveiðanna og hinnar miklu aðsóknar að Siglufirði af útlendum skipum, og sá sími mundi því gera mikið gagn og gefa landinu tekjur. Eg veit, að mikið muni vera hæft í þessu, og að þörfin fyrir síma sé þar meiri en víða annarsstaðar. En hvers vegna þá ekki, að leggja þann síma skemstu leið, þ. e. úr Ólafsfirðinum, þar sem sími er kominn áður og fyrir svonefnda »Botna« til Siglufjarðar — sú leið er mörgum sinnum styttri, og yrði því margfalt ódýrari, en hin leiðin. Það var reyndar tekið fram hér í deildinni í gær, að ómögulegt væri að leggja síma þessa leið, sem eg hefi nefnt, — en engin rök voru færð fyrir því máli. Það vill nú svo vel til, að eg hefi farið þessa leið nokkrum sinnum — og það að vetrarlagi — og mun eg geta því af eigin reynslu borið um það, að sú leið er marglalt styttri, og ekki verri fjallvegur, en svo víða annarsstaðar, en þrátt fyrir það, þá mun eg samt greiða atkvæði móti þessum síma, sem öðrum að sinni af ástæðum þeim, er eg hefi tekið fram.

Þá kem eg að flutningabrautunum. Um þær má að vísu segja, að ilt sé að komast af án þeirra og þess vegna verði að halda áfram að veita fé til þeirra eins og að undanförnu. En eg verð að taka það fram, að þótt þær séu nauðsynlegar, og sjálfsagt væri að halda þeim öllum áfram, ef nægilegt fé væri fyrir hendi, þá verður þingið einnig þar að fara gætilega, og bíða heldur með framkvæmd þeirra að meira eða minna leyti næsta fjárhagstímabil, enda veit eg, að sumar þeirra eru ekki svo bráðnauðsynlegar, að ekki þoli bið um sinn, og skal eg þar til nefna Eyjafjarðarbrautina og Einarsstaða o. fl. Eg vona nú, að allir sjái, að á símunum og flutningabrautunum má því spara stórfé, og vænti eg þess, að háttv. efri deild lagfæri fjárlögin í þessa átt, er eg hefi bent á, þar sem nú er enginn tími til slíkra breytinga hér í deildinni.

Skrifstofufé til landsverkfræðingsins, er alveg óþarft, og mætti því vel spara þá upphæð.

Þá kemur styrkur til smjörbúanna og mætti einnig færa hann nokkuð niður, sama er að segja um styrkveitingu til Búnaðarfélags Íslands og bún-

aðarfélaganna og það því fremur, sem fleiri háttv. þm. hér í deildinni hafa lýst því yfir, að þeir verði ekki varir við neina sérlega gagnsemi Búnaðarfélagsins.

Sama er að segja um styrk til rannsókna viðvíkjandi áveitunni um Skeið og Flóa. Ef það er annar eins stórgróðavegur, eins og háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) tók fram, þá mætti ætla, að hlutaðeigandi sýslur teldu ekki eftir sér, að bera þann kostnað, er stórgróði er viss í aðra hönd. *(Sigurður Sigurðsson:* Háttv. 2. þm. Rvík. (M. Bl.) veit ekki, hvað hann er að tala). Eg veit mjög vel, hvað eg er að fara og háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) verður að fyrirgefa, þótt eg ekki geti fylgst með honum í allri hans harla einkennilegu fjármálapólitík. Eg skal játa það, að landbúnaðurinn er ein af máttarstoðum þessa lands, enda ekki hægt að segja, að hann hafi verið olnbogabarn þingsins að undanförnu, því enginn annar alvinnuvegur þessa lands — ekki einu sinni allir samanlagðir — hafa orðið meira en hálfdrættingar — og þó varla það — á móti landbúnaðinum við fjárveitingar undanfarinna þinga í þeim efnum. Það er því ekki nema rétt, að geta hins sanna í þessu máli, og ekki dugar að blinda svo augu sín og annara, að engir atvinnuvegir þessa lands geti komið til sanngjarnrar skoðunar nema landbúnaðurinn.

Til þess, að sparnaðurinn í þetta sinn geti orðið verulegur og svo um muni, þá verðum vér því að spara á þeim póstum, er eg nú hefi nefnt. *(Sigurður Sigurðsson:* Eyðileggja atvinnuvegina og hlaða undir embættismennina). Þetta eru ósönn og ómakleg ummæli hjá háttv. 2. þingm. Árn. (S. S.). Eg hefi hvergi farið fram á það, að »eyðileggja atvinnuvegina og hlaða undir embættismennina«. Háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) getur hvergi sýnt fram á það, heldur hið gagnstæða, og eru því þessi orð hans eitt af hans alþektu »vindhöggum«, er falla máttlaus niður.

Björn Sigfússon: Þó að mér sé nauðugt að bæta miklu við þessar afarlöngu fjárlagaumræður, finn eg mig knúðan til að ávarpa háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) og svara honum nokkrum orðum. Eg mundi þó ekki hafa gert það, et hann hefði ekki beint ræðu sinni að nokkru leyti til mín. Hann talaði um »sparnaðarhljóm« í ræðu minni, en að eg sýndi þó enga »sjálfsafneitun«. Þetta þótti mér kynlegt, og mér kom mjög á óvart að heyra þessi orð af hans vörum. Honum ætti þó ekki að vera liðið það úr minni, að eg hefi frá upphafi haldið því fram í fjárlaganefndinni, að við ættum að kappkosta að skila fjárlagafrumv. til deildarinnar með sem minstum tekjuhalla. Hann veit það vel, að til þess að gera mitt til að ná þessu takmarki og einungis í því skyni að fá aðra til að gera slikt hið sama, hefi eg dregið úr sanngjörnum fjárbænum og alveg slept sumum fyrir mitt kjördæmi. Þannig er flutningabrautin um Húnavatnssýslu búin að bíða í 15 ár, og eg vildi þó sætta mig við 11 þús. kr. fjárveiting til hennar í þetta sinn í stað 21 þús. kr., sem verkfræðingurinn lagði til að veitt væri. Ennfremur slepti eg alveg að svo stöddu, að fara fram á styrk til að mæla 2 hafnir, og loks hvarf eg frá að biðja um styrk til að leggja tvær símalínur um sýsluna, sem bæði eru áhugamál sýslubúa og nytsemdarfyrirtæki. Getur nú hinn háttv. þm. sagt með sanni að hann hafi sýnt slika sjálfsafneitun? Hann hefir verið

í náðinni hjá fráfarandi stjórn og líklega þess vegna verið svo heppinn að fá allálitlega fjárhæð handa kjördæmi sínu. En nú skal eg sýna, hvernig hans sparnaði er varið og hans sjálfsafneitun. Hann hefir ekki slegið einum einasta eyri af fjárkröfum sínum. Meira að segja kom hann því til leiðar, að þær 15,000 kr., er hans kjördæmi voru ætluð í fjárlögunum til vega voru sett inn á aukafjárlögin, svo að hann gæti notað þær strax í sumar. Hann gat ómögulega beðið eins lengi og stjórnin ætlaðist til. Í þessu er fólgin hans sjálfsafneitun! Um fjárveitingar til vega og flutningabrauta í Þingeyjarsýslu og Húnavatnssýslu er það að segja, að hinni fyrnefndu eru áætluð 25 þús. og hinni síðarnefndu 16 þús. Eg geymi mér rétt til að koma fram með aðrar till. síðar, ef aðrir háttv. þm. vilja ekki draga úr sínum kröfum, sem ekki er enn útlit fyrir.

Hv. sami þm. sagði að eg vildi hækka tillag til tveggja skóla. Hvað Blönduósskólann snertir hefi eg áður sýnt fram á, að bæði þarf sá skóli hærri fjárveiting og á það fyllilega skilið. Það væri ranglæti að hafa hann lengur að olnbogabarni, og Reykjavíkur kvennaskóli á ekki að vera þar rétthærri, þó svo hafi áður verið.

Eg hefi áður gert grein fyrir, hvers vegna eg hefi fallist á að hækka styrkinn til Flensborgarskólans, nefnilega að það er víst, að sá skóli er góður og ódýr fyrir alþýðu og svo er önnur ástæðan sú, að eg vil bæta fyrir syndir síðasta þings, sem fór svo hraparlega að ráði sínu, að taka í burtu kennarafræðslu í Flensborgarskólanum og stofna afardýran kennaraskóla hér í Reykjavík, í stað þess að hafa sameinaðan alþýðu- og kennaraskóla í Hafnarfirði, sem bæði var miklu ódýrara og að öðru leyti hollara. Meðal annars var það háttv. þm. S.-Þing. (P. J.), sem vann þetta óþarfaverk (*Stefán Stefánsson* 6. kgk. þm.: Þetta er alt rangt!) Það er ekki sérlega þingmenskulegt atferli að utandeildarþm. skuli rápa hér fram og aftur um salinn, og vera að grípa fram í hvað eftir annað. En eg skal víkja því að honum, að hann ætti að blygðast sín fyrir hans látlausu baráttu fyrir því að slíta skólana úr sveitunum og demba þeim í kaupstaðina. Hann hefir getið sér þann orðstír fyrir það, sem hann á skilið, og eg öfunda hann ekki af. Það var einmitt sá herra, sem kom með þá fáránlegu uppást. fyrir nokkrum árum að setja einnig búnaðarskólana í Reykjavík, og sömuleiðis má það ekki gleymast, að hann barðist fyrir því með hnúum og hnefum að gera Skagafjarðarsýslu, sem hann var þá að nafninu fulltrúi fyrir, það hagræði að svifta hana Hólaskóla og flytja hann norður á Akureyri. Hann hefir orðið frægur fyrir það.

Eg hefi annars átt örðugt með að átta mig á stefnu háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) í þessum skólamálum. En þegar dregin eru saman öll atvik fer að skýrast fyrir manni. Hann getur ekki litið Eiðaskólann réttu auga, enda er hann í sveit. Þá lítur út fyrir, að honum sé í nöp við Hólaskóla, þennan skóla, sem er mjög ódýr í samanburði við aðra skóla og hefir gert stórgagn. Hinn háttv. þm. vill koma þessum skóla í burt — í kaupstað, eða kaupstaðarjaðar. Hann lætur sér einnig ant um, að koma kvennaskólanum á Blönduósi fyrir kattarnef — sjálfsagt af sömu ástæðum, Og eins og áður er sagt, hefir hann líka unnið að því að setja kennaraskólann hér í Reykjavík. Þetta bendir ótvírætt á það, að

hann — eins og hv. 6. kgk. (St. St.) — vill fyrir hvern mun, að allir skólar séu rótfastir í kaupstöðum. Þetta er nokkurn veginn þveröfugt við það, sem eg vil vera láta, og eg fæ ekki betur séð, en að það sé óholt og algerlega rangt gagnvart þjóðinni. Skoðanamunur okkar er svo mikill í þessu efni, að það er ekki furða, þótt hinum háttv. þm. geðjist ekki að þessum aths. mínum.

Eg þykist vita, að háttv. þm. S.-Þing. muni þykja eg hafa orðið nokkuð harðorður í sinn garð, en hann má þar sjálfum sér um kenna. Það var gersamlega ástæðulaust af honum, að fara að beinast að mér persónulega; eg hafði ekki gefið neitt tilefni til þess.

Stefán Stefánsson: Eg hefi hér áður við umræðurnar reynt að gera deildarmönnum ljóst, hvað nauðsynlegt, og að mínu áliti sjálfsagt það væri, að nú á næsta fjárhagstímabili væri veitt sú fjárupphæð til akbrautarinnar í Eyjafirði, sem bæði verkfræðingur landsins og stjórnin hefir lagt til, að stæði á fjárlögunum, og skal því ekki fara að endurtaka allar ástæður, sem eg hefi þegar talið fyrir því máli; en þar sem nú er komin fram tillaga um að þessi fjárveiting verði felld út af fjárlögunum, og í því sambandi umræður orðið alleinhliða, þá vil eg að eins óska þess, að atkvæðagreiðslan sýni það, að málið eigi ekkert skylt við flokkadeilur eða flokkarig. Þau orð, sem fallð hafa í þá átt, eru öldungis óþörf og illa viðeigandi, þegar gagnsemdafyrirtæki og veruleg framfaramál eiga hlut að.

Þá vil eg sérstaklega minnast á tillögu háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) er fer fram á að feld sé burt öll fjárveiting til síma. Þetta virðist mér mjög ósanngjarnt og óhyggilegt, einkum að því er snertir símalínuna til Siglufjarðar. Enda virtist hinn háttv. þm. tala þar af bersýnilegum ókunnugleika. Eftir orðum hans á símalínan að mestu leyti að liggja um fjöll og óbygðir, En samleikurinn er sá, að álman yrði lögð alla leið eftir allþéttbygðum sveitum, nema á örstuttu svæði, sem er leiðin yfir Siglufjarðarskarð. Þessi stutta símaálma mundi því, auk þess sem eg tók fram, að hún kemur allstórum bygðarlögum í símasamband, einnig liggja um í kauptún í Skagafjarðarsýslu og um Siglufjörð, sem er í Eyjafjarðarsýslu.

Að þessu yrði því ekki að eins hlutaðeigandi héruðum hagur, heldur yrði þetta landssjóði mikill tekjuauki, einkum þar sem svo mörg kauptún eru á jafnstuttri leið. Auk þess eru ⅔ fjárupphæðarinnar lagðir fram af héruðunum sjálfum, og er það meira en til nokkurrar annarar símaálmu, sem nú er í ráði að leggja samkvæmt fjárlagafrumvarpinu. Og þó er þessi álma óneitanlega þeirra allra álitlegust hvað væntanlegar tekjur snertir fyrir landssjóð.

Siglufjörður er stærsta kauptúnið á þessari línu, en auk þess aðalviðkomustaður veiðiskipa fyrir Norðurlandi og aðal-fiskveiðastöð útlendinga hér við land. Þess vegna er eg í alls engum vafa um, að beinn hagur yrði af þessari álmu.

Eg vil taka hér sem dæmi, að 3 síldveiðafélög á Hjalteyri hafa borgað stórfé í landssjóð; eitt þeirra veit eg til að borgaði 6—700 kr. á rúmum 2 mánuðum. Á Siglufirði eru og mörg stór síldveiðafélög erlend.

Það hefir komið til tals, að símalína þessi yrði lögð frá Ólafsfirði til Siglufjarðar, og ætti eg sízt að vera því mótfallinn hvað snertir mitt kjördæmi, eða Eyjafjarðarsýslu, út af fyrir sig skoðað, þar sem sýslan og sveitarfélag Ó-

lafsfjarðar hefir lagt sima þangað, og hefði því sjáanlega hag af því að sú álma yrði lengd til Siglufjarðar. En þá yrði hagurinn minni fyrir landssjóðinn, því að þá lægi álman eingöngu um óbygðir, og viðhaldskostnaður mundi verða talsvert mikill, og það sem jafnvel mest er um vert, er að þá mundi þess langt að bíða, að norðursveitirnar og kauptúnin í Skagafjarðarsýslu kæmist í simasambandið.

Það er því ekkert áhorfsmál, að álman ætti að liggja um Skagafjarðarsýslu til Siglufjarðar, og hún ætti jafnframt að koma sem fyrst.

Eg þykist vita, að við atkvgr. verði greitt atkv. um hvern einstakan lið tillögunnar, og vil því biðja háttv. þm. að athuga vel þennan lið, með því að hér er ekki einungis um hag hlutaðeigandi héraða að ræða, heldur og alls landsins í heild sinni.

Jóhannes Jóhannesson: Háttv. þm. Sfjk. (B. P.) þarf eg ekki að svara neinu verulegu, enda er hann dauður sem kunnugt er, og má því ekki hreyfa við honum eða segja neitt, er geti gefið honum tilefni til andmæla. Hann bar ekki á móti því, sem eg sagði í gær; þau orð mín standa því óhögguð.

Hins vegar vildi hinn háttv. þm. (B. P.) dróttа því að mér, að atkvæðagreiðsla mín í aðflutningsbannsmálinu hefði komið í bága við loforð það, er eg hefði gefið kjósendum mínum í því efni. Þó var hann svo réttsýnn að færa sjálfur sönnunina fyrir hinu gagnstæða, þar sem hann las upp spurningar þær, er fyrir mig höfðu verið lagðar í því máli, og svör mín gegn þeim, og sýndi þar með ljóslega, að eg í því máli greiddi einmitt atkvæði eins og við var að búast eftir svörunum.

Mér hefir verið sagt, að háttv. frsm. fjárlaganefndar (Sk. Th.) hafi í gær farið ómjúkum orðum um mig meðan eg var fjarverandi, hafði gengið út úr þingsalnum litlu áður. Eg hefi nú farið þess á leit við hinn háttv. frsm., að hann segði mér efni ræðu sinnar, en hann hefir neitað því, og má hann því sjálfum sér um kenna, ef eg hefi nú ekki orð hans rétt eftir.

Hinn háttv. frsm. (Sk. Th.) hafði sagt, að eg hefði svikið loforð mín við kjósendur í bannmálinu, að mér hefði farist ódrengilega, og að slík aðferð réttlætti hrossakaupatilboð háttv. þm. Sfjk. (B. P.) til mín. En þetta afsakar engan veginn hrossakaupatilboð háttv. þm. Sfjk. þótt satt væri, því það er nú orðið upplýst, að hann hefir snúið sér á líkan hátt til samþingismanns míns (J. J.) Er nú þetta rétt hermt, háttv. framsm.? *(Skúli Thoroddsen:* Svona hér um bil).

Enda þótt þetta væri nú alt saman rétt, þá afsakar það alls ekki þm. Sfjk. (B. P.) því að hann hefir beinst þannig að fleirum en mér. Háttv. frsm. (Sk. Th.) hlaut því að vera það kunnugt, að þessi aðdróttun var með öllu tilhæfulaus — þm. Sfjk. (B. P.) var búinn að færa sönnur á það sjálfur, áður en háttv. frsm. (Sk. Th.) tók til máls. Þetta hlýtur því að vera vissvitandi blekkingartilraun frá hans hálfu.

Þegar eg nú hefi lesið upp spurningar þær, er fyrir mig voru lagðar í bannlagamálinu og svör mín við þeim, vil eg spyrja hinn háttv. frsm. (Sk. Th.), hvort hann geti neitað því, að við atkvæðagreiðsluna um það mál í haust hafi komið fram mótmæli alþingiskjósenda, mótmæli, er sýna og sanna, að verði bannlögin samþykt á þessu þingi, þá verða þau þvingunarlög, bæði gegn þeim, sem greiddu þar atkv. á móti, og hinum, sem ekki gafst

kostur á að mótmæla? Getur hann haldið því fram, að meiri hluti kjósenda minna hafi skorað á mig að gerast flutningsmaður þessa máls?

Eins og allir vita, er hinn háttv. framsm. (Sk. Th.) nú í öngum sínum, og lái eg honum það ekki, því það er ætið hart fyrir veraldlega sinnaða menn að verða fyrir vonbrigðum um tímanlega upphefð, og vanþakklæti þessa heims barna. Það er því ekki meira en skylda mín og vor allra að fyrirgefa honum mikið.

En það er þó oflangt farið, að minni hyggju, og eg vona að hin háttv. deild sé mér þar samdóma, þegar ráðist er á fjarverandi mann með ærumeiðandi, órökstuddum og gersamlega tilhæfulausum aðdróttunum.

Pétur Jónsson: Háttv. framsm. (Sk. Th.) taldi rangt og villandi að segja, að símarnir væru arðberandi. Eg skal taka það fram, að þegar eg talaði um að símar væru arðberandi, þá átti eg ekki við, að símarnir allir í heild sinni borguðu sig alveg, heldur að hinir nýju símar, sem nú eru á fjárlagafrv. gerðu það nokkurnveginn að líkindum. Til símalagninga, nýrra, eru nú ætlaðar 83 þús. Ef þar við er bætt hinum fyrirhugaða Vestmannaeyjasíma, samkvæmt fyrirliggjandi breyt.till., sem ráðgert er að kosti rúm 34 þús. kr., er upphæðin alls um 117 þús. kr. Rentur og viðhaldskostnað mun mega telja um 6% af þessu eða um 7 þús. kr., og líklegt er að símarnir gefi það af sér. Þar að auki eru umbætur á eldri símum, er nema 136½ þús. kr. Eg skal ekki segja um, hvort þessar fjárveitingar mundu gefa af sér góða vexti, en allar eru þær nauðsynlegar. Eg fyrir mitt leyti hygg, að helzt mætti spara fjárveitingu til koparþráðar til Ísafjarðar, 68 þús. kr., þótt ilt væri.

Því, sem háttv. 2. þm. Húnv. (B. S.) veik að þm. S.-Þing. tel eg mér ekki skylt að svara.

Þorleifur Jónsson: Það eru að eins örfáar aths. Háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) byrjaði ræðu sína í gær með því að taka það fram, að menn þyrftu að sýna viðsýni og fjármálaþekkingu í umr. um fjárlögin og virtist mér hann beina því að mér, því úr því fór hann að taka ræðu mína til bæna. Eg skal nú játa það, að hann er mér miklu fremri bæði að þingmenskualdri og sjálfsagt fjármálaþekkingu, en þótt eg sé óvanur, tel eg mér heimilt að leggja orð í belg, þegar mér býður svo við að horfa. Honum þótti undarlegt, að eg væri að tala um sparnað, þar sem eg þó væri fylgjandi till. um aukinn styrk handa Flensborgarskólanum, til þess að hann gæti lifað. Hann áleit, að Hafnarfirði og næstu sýslum bæri að kosta þennan skóla. Eg efast um, að þær mundu taka því vel. En þar sem hér er um að ræða nauðsynlega fjárveitingu að því leyti sem alþýðu er þar með gefinn kostur á ódýrum skóla með hæfilega stuttu kensluskeiði, vona eg, að háttvirt þingdeild kannist við að hún sé réttmæt og að hún fái góðan byr.

Líka talaði hinn sami háttv. þm. um að menn ættu ekki að ganga í till. stjórnarinnar eins og hvalskrokk, og taldi bandvitlaust að breyta »plani« stjórnarinnar um vegi og síma. En hvernig er nú þetta »plan«? Eg hygg, að það sé ekki neitt sérlega staðfast. Verkfræðingurinn taldi 1907, að Eyjafjarðarbrautin ætti að koma með þeim seinni, en nú leggur hann til að hún verði með hinum fyrstu. Ekki sýnir þetta staðfestu.

Þá talaði háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) um hversu fráleitt væri að hugsa um að koma á loftskeytasambandi við Vestmannaeyjar. Hann sagði að eg

vildi kasta í sjóinn einni loftskeytastöð, Það er nú ekki rétt hjá honum. En hitt vakti fyrir mér, að komið yrði í veg fyrir að vír væri kastað í sjóinn milli Vestmannaeyja og lands, fyrir 30—40 þús. kr. — eins og hann og fleiri vilja gera — að órannsökuðu máli. Ef rannsóknir leiddu það í ljós, að loftskeytasamband yrði hagkvæmara og ódýrara á þessum stað, myndu menn iðra þess að vera búnir að leggja sæsíma út í Eyjar.

Þetta voru þær aths., sem eg vildi leyfa mér að gera.

Framsögumaður (Skúli Thoroddsen): Mér þykir ástæða til að svara háttv. 2. þm. N.-Múl. (Jóh. J.) nokkurum orðum. Mér var gersamlega ókunnugt um, að þm. var ekki viðstaddur hér í þingsalnum, þegar eg hélt ræðu mína. Eg vissi það ekki fyr en eftir á. Þegar hann spurði mig um, hvað eg hefði sagt, færðist eg undan því, að halda ræðu mína í annað sinn, því að þótt góð væri, hugði eg ekki að menn gæfu um það. Eg sagði honum þó, að mér hefðu farist svo orð, að hann hefði brigðað loforð við kjósendur sína og farist ódrengilega við þá. Það er ekki ný bóla að þeir, sem ljótt hafa gert, kannast ekki við það. Jafnvel þó að sýnt sé með rökum fram á athæfi þeirra verða þeir óðir og uppvægir og álíta þann, sem sýnir fram á það, djöfulinn sjálfan.

Í Hjaltastaðaþinghá voru mest bannlagamenn, en þeir studdu þó þm., til þess að ná kosningu, af því að þeir þóttust sannfærðir um fylgi hans, að því er bannlögin snertir. En hvernig fór þm. að því, að koma þeim á þessa skoðun? Sem svar upp á skriflegar spurningar þeirra hér að lútandi, setur hann alstaðar fremst í svörin til kjósenda sinna: já! já! já!, en hnýtir svo þar aftan við aths., sem gátu hjálpað honum til að sleppa frá loforði sínu. Þessar aths. voru smuga fyrir hann til þess að smjúga út um, blekkingar- og undirferlistilraun, og ekkert annað. Kjósendurnir trúðu honum, því þeir litu á já-in, og þau blöstu alstaðar við þeim. Til þess að sannfærast um, að þetta sé rétt, sem eg segi, þarf ekki annað, en líta á spurningarnar, og svör hans upp á þær. Hann er spurður um það, hvort hann telji það nægan meirihluta, að $^3/_5$ verði með banninu, og þm. segir já við því og álítur það nægilegt, en svo notar hann smuguna, sem fyr var getið um, eftir að hafa gint kjósendur sína á greindan hátt.

Öðru þarf eg ekki að svara þm.; en það er rétt, að þeir, sem nota svona aðferð fái hreinskilnislega að heyra, hvernig hún er, og hvernig þeir haga sér.

Þm. var að bera mig brigslum, og segja, að eg mundi vera í illu skapi. Eg verð að segja honum það, sem satt er, að hann veit lítið um skap mitt, eða hvað veraldlega sinnaður eg er, því hann fær ekki rannsakað hjörtun né nýrun, enda þarf eigi að taka mér nærri dóma hans um mig, því hvorttveggja er, að honum er hugarfar mitt í siðferðislegu tilliti óviðkomandi, enda ekki æfinlega að marka hvað hann segir, eða mikið byggjandi á orðum hans; að minsta kosti hefir kjósendum í Norður-Múlasýslu orðið að því. Eg gæti því með meiri ástæðu sagt, að þm. væri í illu skapi, og kann það að vísu að vera skiljanlegt, hafi hann, sem sagt er, setið lengi að drykkju við veizluhald í gærkveldi og þótt hann skolaði vel af sér þjóðfrelsisrykið í Kaupmannahöfn í fyrra, þá má vera að hann hafi verið að skola það enn betur af sér í gærkveldi, hafi eitthvað verið eftir af því í fyrra.

ATKV.GR.: Áður en atkv.gr. um hinar fyrirliggjandi br.till. hófst var því skotið undir forseta (Ó. Br.) hvort leyfð yrðu þau afbrigði frá þingsköpum, að leggja undir atkv. deildarinnar nú till. um þau atriði, er feld voru við 2. umr. fjárlagafrumv. þessa. Úrskurður forseta var sá, að hann taldist ekki mega leyfa afbrigðin. Kom þá fram ósk um það að leita leyfis deildarinnar frá þessum þm.:

Jóni Þorkelssyni,
Birni Sigfússyni,
Jóh. Jóhannessyni,
Birni Kristjánssyni,
Magnúsi Blöndahl,
Skúla Thoroddsen.

Afbrigðanna var leitað um till. á þgskj. 387, 398, 386, 389 og 390 og voru sþ. með 20:3 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Jón Ólafsson,
Bened. Sveinsson,	Jón Jónsson S.-M.,
Björn Kristjánss.,	Jón Sigurðsson.
Björn Sigfússon,	
Björn Þorlákss.,	
Eggert Pálsson,	
Einar Jónsson,	
Hannes Hafstein,	
Hálfdan Guðjónss.,	
Jóh. Jóhannesson,	
Jón Jónsson N.-M.,	
Jón Magnússon,	
Jón Þorkelsson,	
Magnús Blöndahl.	
Ólafur Briem,	
Pétur Jónsson,	
Sig. Gunnarsson,	
Sigurður Sigurðss.,	
Skúli Thoroddsen.	
Stefán Stefánsson,	
Þorleifur Jónsson.	

Því næst var til atkv. gengið um þær breyt.til. við frumv. er fyrir lágu. (Atkvæðaskrá A. 410).

2. gr.

1. Breyt.till. 107 við 8 samþ. án atkv.gr.

2. Breyt.till. 107 við 12 samþ. án atkv.gr.

3. Breyt.till. 107 við 15 samþ. án atkv.gr.

4. Breyt.till. við 18 samþ. með 20 samhlj. atkv.

5. Breyt.till. (Aftan við greinina bætist o. s. frv.) samþ. með 20 samhlj. atkv.

5. gr.

Breyt.till. 391 (»Við 1 bætist«), sþ. með 16 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Jón Ólafsson,
Ben. Sveinsson,	Eggert Pálsson,
Björn Kristjánss.,	Einar Jónsson,
Björn Sigfússon,	Hálfdan Guðjónss.,
Björn Þorláksson,	Jón Jónsson, N.-M.,
Hannes Hafstein,	Jón Magnússon,
Jóh. Jóhannesson,	Jón Sigurðsson,
Jón Jónsson, S.-M.,	
Jón Þorkelsson,	
Magnús Blöndahl,	
Pétur Jónsson,	
Sig. Gunnarsson,	
Sig. Sigurðsson,	
Stefán Stefánsson.	
Skúli Thoroddsen,	
Þorl. Jónsson.	

8. gr.

Breyt.till. (»Fyrir: 14,970 — til enda gr. komi: kr. 53,000 f. á, kr. 51,666,67 síðara ár, kr. 101,666,67«). Sþ. með 20 samhlj. atkv.

12. gr.

1. Við.till. 387 »Á eftir 4 lið« o. s. frv., feld með 13 : 9 atkv.

2. Breyt.till. 401 »Á eftir 6 lið« sþ. með 20 samhlj. atkv.

3. Breyt.till. við 8 b. (»Með því skilyrði að Akureyrarkaupst.«), samþ. með 14 samhlj. atkv.

13. gr.

1. Breyt.till. 391 við A. 1. b. d. feld með 13 : 6 atkv.

2. Breyt.till. við A. 1. b. 1 («Aftan við fjárveitinguna«) sþ. með 18 samhlj. atkv.

3. Breyt.till. við A. 1. b. 2. («innanstryks«) feld með 13 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Björn Sigfússon,
Jón Ólafsson,	Eggert Pálsson,
Ben. Sveinsson,	Einar Jónsson,
Björn Kristjánss.,	Hannes Hafstein,
Björn Þorláksson,	Hálfdan Guðjónss.,
Jón Magnússon,	Jóh. Jóhannesson,
Jón Þorkelsson,	Jón Jónsson N.-M.,
Magnús Blöndahl,	Jón Jónsson S.-M.,
Sig. Gunnarsson,	Jón Sigurðsson,
Skúli Thoroddsen,	Pétur Jónsson,
	Sig. Sigurðsson,
	Stefán Stefánsson.
	Þorl. Jónsson.

4. Breyt.till. við A. 1. c. sþ. með 12 : 2 atkv.

5. Breyt.till. við B. 1. 2. sþ. með 15 : 1 atkv.

6. Breyt.till. við B. II. 3 feld með 11 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Jón Ólafsson,
Bened. Sveinsson,	Eggert Pálsson,
Björn Kristjánsson,	Einar Jónsson,
Björn Sigfússon,	Hannes Hafstein,
Björn Þorláksson,	Jóh. Jóhannesson,
Hálfdan Guðjónss.,	Jón Jónsson, N.-M.,
Magnús Blöndahl,	Jón Jónsson, S.-M.,
Sig. Gunnarsson,	Jón Magnússon,
Sig. Sigurðsson,	Jón Sigurðsson,
Skúli Thoroddsen,	Pétur Jónsson,
Þorl. Jónsson.	Stefán Stefánsson.

7. Breyt.till. við B. III. samþ. án atkv.gr.

8. Breyt.till. 394 við B. III. falli niður.

9. Breyt.till. við B. XI. samþ. með 16 samhlj. atkv.

10. Breyt.till. 358 («Aftan við XI«) feld með 12 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Jón Ólafsson,	Bjarni Jónsson,
Eggert Pálsson,	Ben. Sveinsson,
Einar Jónsson,	Björn Kristjánss.,
Hannes Hafstein,	Björn Sigfússon,
Jóh. Jóhannesson,	Björn Þorláksson,
Jón Jónss., S.-M.	Hálfdan Guðjónss.,
Jón Magnússon,	Jón Jónsson N.-M.,
Jón Þorkelsson,	Jón Sigurðsson,
Pétur Jónsson,	Magnús Blöndahl,
Sig. Sigurðsson,	Sig. Gunnarsson.
Stefán Stefánsson,	Skúli Thoroddsen,
	Þorl. Jónsson.

11. Breyt.till. 407 við C. 1. samþ. með 16 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Jón Ólafsson,	Bjarni Jónsson,
Bened. Sveinsson,	Björn Kristjánsson,
Eggert Pálsson,	Björn Sigfússon,
Einar Jónsson,	Björn Þorláksson,
Hannes Hafstein,	Sigurður Gunnarss.
Hálfd. Guðjónsson,	Skúli Thoroddsen,
Jóh. Jóhannesson,	Þorl. Jónsson.
Jón Jónsson N.-M.,	
Jón Jónsson, S.-M.,	
Jón Magnússon,	
Jón Sigurðsson,	
Jón Þorkelsson,	
Magn. Blöndahl,	
Pétur Jónsson,	
Sig. Sigurðsson,	
Stefán Stefánsson.	

12. Breyt.till. við c. 2. sþ. með 18 atkv. shlj.

13. Breyt.till. við c. 2. sþ. m. 12:11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Jón Ólafsson,	Bjarni Jónsson,
Björn Þorláksson,	Bened. Sveinsson,
Einar Jónsson,	Björn Kristjánsson,

Já:	*Nei:*
Hannes Hafstein,	Björn Sigfússon,
Jóh. Jóhannesson,	Eggert Pálsson,
Jón Jónsson, N.-M.	Hálfd. Guðjónsson,
Jón Jónsson, S.-M.	Magnús Blöndahl,
Jón Magnússon,	Pétur Jónsson,
Jón Sigurðsson,	Sig. Gunnarsson,
Jón Þorkelsson,	Sig. Sigurðsson,
Stefán Stefánsson.	Skúli Thoroddsen,
	Þorl. Jónsson.

14. a. Breyt.till. 407 við D. 1. samþ. með 15 atkv. shlj.

15. Breyt.till. 359 við D. II. 1. feld með 12 : 7 atkv.

14. b. Breyt.till. 414 við D. I. 1. sþ. með 12 : 7 atkv.

16. Breyt.till. 359 við D. II. 2. feld með 13 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Ben. Sveinsson,	Bjarni Jónsson,
Björn Þorláksson,	Jón Ólafsson,
Einar Jónsson,	Björn Kristjánss.,
Jóh. Jóhannesson,	Eggert Pálsson,
Jón Jónsson N.-M.,	Hannes Hafstein,
Jón Þorkelsson,	Jón Jónsson S.-M.,
Magnús Blöndahl,	Jón Magnússon,
Sig. Sigurðsson,	Jón Sigurðsson,
Skúli Thoroddsen,	Pétur Jónsson,
Þorleifur Jónsson.	Sig. Gunnarsson,
	Stefán Stefánsson.

2 þm. greiddu ekki atkv. Teljast til meiri hlutans.

17. Breyt.till. 359 við D. II. 3. feld með 14 : 5 atkv.

18. Breyt.till. 376 við D. II. 3. feld með 12 : 10 atkv.

19. Breyt.till. 359 við D. II. 4. (a) fyrri liður feldur (Borðeyri—Reykjavík) með 13 : 10 að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Jón Ólafsson,
Ben. Sveinsson,	Björn Þorláksson,
Björn Kristjánss.,	Jóh. Jóhannesson,
Björn Sigfússon,	Jón Jónsson S.-M.,
Einar Jónsson,	Jón Magnússon,
Jón Jónss., N.-M.	Jón Sigurðsson,
Jón Þorkelsson,	Pétur Jónsson,
Magnús Blöndahl,	Sig. Gunnarsson,
Sig. Sigurðsson,	Skúli Thoroddsen,
Þorl. Jónsson.	Stefán Stefánsson,

3 þm. greiddu ekki atkv. Teljast til meirihlutans.

Síðari l. (við D. II. 4. b.) sþ. með 13 : 7 atkv.

20. Br.till. 359 við D. II. 5. sjálffallin.

21. Br.till. 359 við D. II. sömul.

22. Br.till. 367 við D. VI. feld með 16 : 2 atkv.

23. Br.till n. 401 við E. XII. samþ. án atkv.gr.

14. gr.

1. Breyt.till. við A. b. 4. feld með 13 : 5 atkv.

2. Breyt.till. 407 við B. III. b. feld með 14 : 9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Jón Ólafsson,	Bjarni Jónsson,
Eggert Pálsson,	Benedikt Sveinsson,
Einar Jónsson,	Björn Kristjánsson,
Hannes Hafstein,	Björn Sigfússon,
Jón Jónsson S.-M.,	Björn Þorláksson,
Jón Magnússon,	Hálfdan Guðjónss.,
Pétur Jónsson,	Jóh. Jóhannesson,
Sig. Gunnarsson,	Jón Jónsson N.-M.,
Stefán Stefánsson.	Jón Sigurðsson,
	Magnús Blöndahl,
	Sig. Sigurðsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Þorleifur Jónsson.

Einn þm. greiddi ekki atkv. Telst með meiri hlutanum.

3. Breyt.till. 395 við B. III. b. feld með 11 : 11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Jón Ólafsson,	Bjarni Jónsson,

Já:	*Nei:*
Björn Kristjánsson,	Ben. Sveinsson,
Björn Sigfússon,	Björn Þorláksson,
Einar Jónsson,	Hálfdan Guðjónss.,
Hannes Hafstein,	Jón Jónsson N.-M.,
Jóh. Jóhannesson,	Jón Jónsson S.-M.,
Jón Magnússon,	Jón Sigurðsson,
Jón Þorkelsson,	Pétur Jónsson,
Magnús Blöndahl,	Sig. Sigurðsson,
Sig. Gunnarsson,	Skúli Thoroddsen,
Stefán Stefánsson.	Þorleifur Jónsson.

4. Breyt.till. 395 B. VIII. a. 4. samþ. með 16 : 7 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Jón Ólafsson,	Bjarni Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Ben. Sveinsson,
Björn Sigfússon,	Björn Þorláksson,
Einar Jónsson,	Jón Jónsson N.-M.,
Hannes Hafstein,	Sig. Sigurðsson,
Hálfdan Guðjónss.,	Skúli Thoroddsen.
Jóh. Jóhannesson,	Þorleifur Jónsson.
Jón Jónsson S.-M.,	
Jón Magnússon,	
Jón Sigurðsson,	
Jón Þorkelsson,	
Magnús Blöndahl,	
Pétur Jónsson,	
Sig. Gunnarsson,	
Stefán Stefánsson.	

Einn þm. greiddi ekki atkv. Telst með meiri hlutanum.

5. Breyt.till. við B. VIII. a. 5 tekin aftur.

6. Breyt.till. við B. VIII. a. 6 samþ. með 13 : 2 atkv.

7. Breyt.till. við B. VIII. b. 5 feld með 12 : 7 atkv.

Breyt.till. 420 tekin aftur.

8. Breyt.till. 593 við B. VIII. d samþ. með 14 : 6 atkv.

15. gr.

1. Breyt.till. 360 við 2. b. feld með 12 : 11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Jón Ólafsson,	Bjarni Jónsson,
Bened. Sveinsson,	Björn Kristjánsson,
Eggert Pálsson,	Björn Sigfússon,
Einar Jónsson,	Björn Þorláksson,
Hannes Hafstein,	Hálfdan Guðjónss..
Jón Jónsson, N.-M.,	Jóh. Jóhannesson,
Jón Þorkelsson,	Jón Jónss., S.-M.
Magnús Blöndahl,	Jón Magnússon,
Sig. Gunnarsson,	Jón Sigurðsson,
Stefán Stefánsson,	Pétur Jónsson,
Þorl. Jónsson.	Sig. Sigurðsson,
	Skúli Thoroddsen.

2. Breyt.till. við 3. b. feld með 12 : 5 atkv.

3. Breyt.till. við 3. c. samþ. með 18 shlj. atkv.

4. Breyt.till. við 4. (Aths.) samþ. með 18 shlj. atkv.

5. Breyt.till. við 7. samþ. með 16 : 2 atkv.

6. Breyt.till. 360 við 11. (til Sögufél.) samþ. með 14 : 9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Björn Kristjánsson,
Jón Ólafsson,	Björn Sigfússon,
Benedikt Sveinss.,	Björn Þorláksson,
Eggert Pálsson,	Hálfdan Guðjónss.,
Einar Jónsson,	Jón Sigurðsson,
Hannes Hafstein,	Magnús Blöndahl,
Jóh. Jóhannesson,	Sigurður Gunnarss.,
Jón Jónsson N.-M.,	Sigurður Sigurðss.,
Jón Magnússon,	Stefán Stefánsson.
Jón Þorkelsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Þorleifur Jónsson.	

2 þm. greiddu ekki atkv. Teljast til meirihlutans.

7. Breyt.till. 363 (»Eftir 11. l. komi nýr l.«) samþ. með 16 atkv. shlj.

8. Breyt.till. 379 við 13. feld með 12 : 4 atkv.

9. Breyt.till. 398 (»Eftir 14 lið komi þessi l.«):

a. (Engilbert Gíslason) feld með 12 : 4 atkv.

b. (Ólafur Þorsteinsson) feld með 14 : 9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Björn Kristjánsson,
Benedikt Sveinss.,	Björn Sigfússon,
Eggert Pálsson,	Björn Þorláksson,
Einar Jónsson,	Hálfdan Guðjónss.,
Jóh. Jóhannesson,	Jón Jónsson N.-M.,
Jón Jónsson S.-M.	Jón Sigurðsson,
Jón Magnússon,	Pétur Jónsson,
Jón Þorkelsson,	Sig. Gunnarsson,
Magnús Blöndahl.	Sig. Sigurðsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Stefán Stefánsson,
	Þorleifur Jónsson.

2 þm. greiddu ekki atkv. Teljast til meiri hlutans.

c. (Einar listam. Jónsson) feld með 13 : 6 atkv.

10. Breyt.till. (»Aftan við 39. tl«. o. s. frv.) samþ. með 15 : 1 atkv.

11. Breyt.till. við 18. feld með 13 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Björn Kristjánss.,
Jón Ólafsson,	Björn Sigfússon,
Ben. Sveinsson,	Björn Þorláksson,
Eggert Pálsson,	Einar Jónsson,
Hannes Hafstein,	Hálfdan Guðjónss.,
Jóh. Jóhannesson,	Jón Jónsson N.-M.,
Jón Jónsson S.-M.	Magnús Blöndahl,
Jón Magnússon,	Sigurður Gunnarss.,
Jón Sigurðsson,	Sigurður Sigurðss.,
Stefán Stefánsson.	Skúli Thoroddsen,
	Þorl. Jónsson.

2 þm. greiddu ekki atkv. Teljast til meiri hlutans.

12. Breyt.till. 364 við 18 samþ. með 14 : 9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Björn Kristjánsson,
Jón Ólafsson,	Björn Sigfússon,
Bened. Sveinsson,	Hálfdan Guðjónss.,
Eggert Pálsson,	Magnús Blöndahl,
Hannes Hafstein,	Sigurður Gunnarss.,
Jóh. Jóhannesson,	Sigurður Sigurðss.
Jón Jónsson N.-M.,	Skúli Thoroddsen,
Jón Jónsson S.-M.,	Þorleifur Jónsson.
Jón Magnússon,	
Jón Sigurðsson,	
Pétur Jónsson,	
Stefán Stefánsson.	

2 þm. greiddu ekki atkv. Teljast með meirihlutanum.

13. Breyt.till. 407 (»Á eftir 19. komi nýr l. Guðm. Friðjónsson«).

Breyt.till. 414 þar við samþ. með 13 : 5 atkv.

Aðaltill. 407 svo breytt samþ. með 16 atkv. shlj.

14. Breyt.till. 394 við 19.

a) (Jóh. Sigurjónsson) feld með 16 : 7 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Björn Kristjánss.,
Jón Ólafsson,	Björn Sigfússon,
Bened. Sveinsson,	Björn Þorláksson,
Jón Jónsson N.-M.,	Einar Jónsson,
Jón Jónsson S.-M.,	Hálfdan Guðjónss.,
Pétur Jónsson,	Jóh. Jóhannesson,
Stefán Stefánsson.	Jón Magnússon,
	Jón Sigurðsson,
	Magnús Blöndahl,
	Sig. Gunnarsson,
	Sig. Sigurðsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Þorleifur Jónsson.

3 þm. greiddu ekki atkv. Teljast með meiri hlutanum.

b. (Jónas Guðlaugsson) feld með 16 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Jón Ólafsson,	Bjarni Jónsson,
Ben. Sveinsson,	Björn Kristjánsson,
Eggert Pálsson,	Björn Sigfússon,

Já:	*Nei:*
Hannes Hafstein,	Björn Þorláksson,
Jón Jónss. S.-M.,	Einar Jónsson,
Jón Magnússon.	Hálfdan Guðjónss.,
	Jóh. Jóhannesson,
	Jón Jónss., N.-M.,
	Jón Sigurðsson,
	Pétur Jónsson,
	Sig. Gunnarsson,
	Sig. Sigurðsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Stefán Stefánsson,
	Þorl. Jónsson.

1 þm. greiddi ekki atkv. Telst með meirihl.

15. Breyt.till. 399. »Eftir 21. lið« o. s. frv., samþ. með 14 atkv. samhlj.

16. Breyt.till. 398 við 33, samþ. með 17 atkv. samhlj.

17. Breyt.till. 389. »Eftir 35. lið« o. s. frv., feld með 15 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Björn Kristjánsson,
Ben. Sveinsson,	Björn Sigfússon,
Björn Þorláksson,	Einar Jónsson,
Jón Jónss. N.-M.,	Hálfdan Guðjónss.,
Jón Þorkelsson,	Jón Jónsson S.-M.,
Skúli Thoroddsen.	Jón Magnússon,
	Jón Sigurðssen,
	Pétur Jónsson,
	Sig. Sigurðsson.

2 þm. fjarverandi. 6 þm. greiddu ekki atkv. Teljast með meirihl.

18. Breyt.till. 400 við 36 (»komi nýr liður«), feld með 11 : 6 atkv.

19. Breyt.till. 362 við 39, feld með 13 : 8 atkv.

20. Breyt.till. 390. (»Eftir 39 bætist nýr liður«), feld með 14 : 5 atkv.

16. gr.

1. Breyt.till. við 4. a. feld með 15 : 6 atkv.

2. Breyt.till. við 5. samþ. án atkv.

3. —— 368: a) feld með 16 : 1 atkv.

b) feld með 14 : 7 atkv.

4. Breyt.till. 355 við 21 feld með 10 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Ben. Sveinsson,	Bjarni Jónsson.
Björn Kristjánss.,	Jón Ólafsson,
Björn Þorláksson,	Björn Sigfússon,
Eggert Pálsson,	Einar Jónsson,
Jóh. Jóhanness.,	Hannes Hafstein,
Jón Jónss. N.-M.,	Hálfdan Guðjónss.,
Jón Jónss. S.-M.,	Jón Magnússon.
Magnús Blöndahl,	Jón Sigurðsson,
Sig. Gunnarsson,	Sig. Sigurðsson,
Skúli Thoroddsen.	Stefán Stefánsson,

5. Breyt.till. við 25. samþ. með 15 atkv. samhlj.

6. Breyt.till. 408 við viðaukatill. 369 samþ. án atkv.gr.

7. Viðaukatill. 369 (»Aftan við tölul. 32«) feld með 15 : 9 atkv.

18. gr.

1. Breyt.till. (Böðvar póstur Jónss. tilfærsla) samþ. án atkv.gr.

2. Viðaukatill. 388 (Þorv. Björnss. 1000 kr. f. á. í viðurkenningarskyni) samþ. með 13 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Björn Sigfússon,
Jón Ólafsson,	Björn Þorláksson,
Ben. Sveinsson,	Hálfdan Guðjónss.,
Björn Kristjánss.,	Jón Jónss. N.-M.
Eggert Pálsson,	Pétur Jónsson,
Einar Jónsson,	Sig. Gunnarsson,
Hannes Hafstein,	Sig. Sigurðsson,
Jóh. Jóhanness.,	Skúli Thoroddsen,
Jón Jónsson S.-M.,	Stefán Stefánsson,
Jón Magnússon,	Þorl. Jónsson.
Jón Sigurðsson,	
Jón Þorkelsson,	
Magnús Blöndahl.	

3. Breyt.till. (»Eftirlaun amtmanns Júl. Havstein falli burt«) samþ. með 20 samhlj. atkv.

21. gr.

1. Breyt.till. (»Á eftir öðrum málslið komi — 22. gr.«) samþ. með 13 atkv. samhlj.

22. gr. (smbr. breyt.till. við 21. gr.).

2. Viðaukatill. 392 (»8,500 kr. lánsheimild til Neshr. utau Ennis) samþ. með 20 : 3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Jón Ólafsson,
Ben. Sveinsson,	Eggert Pálsson,
Björn Kristjánss.,	Pétur Jónsson.
Björn Sigfússon,	
Björn Þorláksson,	
Einar Jónsson,	
Hannes Hafstein,	
Jón Jónss. N.-M.,	
Jón Jónsson S.-M.	
Jón Magnússon,	
Jón Sigurðsson,	
Jón Þorkelsson,	
Magnús Blöndahl,	
Sig. Gunnarsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Stefán Stefánsson.	

3 þm. greiddu ekki atkv. Teljast til meirihl.

3. Viðaukatill. 366 feld með 12 : 8 atkv.

4. Breyt.till. 376 samþ. með 13 : 4 atkv.

Viðaukatill. 402 (Bergur sútari Einarsarsson) feld með 16 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Jón Ólafsson,	Bjarni Jónsson,
Ben. Sveinsson,	Björn Kristjánsson,
Eggert Pálsson,	Björn Sigfússon,
Hannes Hafstein,	Björn Þorláksson,
Jón Þorkelsson,	Einar Jónsson,
Magnús Blöndahl,	Hálfdan Guðjónss.,
Sig. Sigurðsson.	Jóh. Jóhannesson,
	Jón Jónsson N.-M.,
	Jón Jónsson S.-M.,
	Jón Magnússon,
	Jón Sigurðsson,
	Pétur Jónsson,
	Sig. Gunnarsson.
	Skúli Thoroddsen,
	Stefán Stefánsson,
	Þorl. Jónsson,

Breyt till. 421 (»Sláturfél. Suðurl.«) feld með 13 : 4 atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Frumv. í heild sinni samþ. í einu hljóði, og afgreitt til Ed.

Ein umræða, 29. apríl (A. 586).

Framsögumaður (Skúli Thoroddsen): Eins og háttv. deildarmenn hafa tekið eftir, hefir háttv. Ed. gert talsverðar breytingar á frumv. þessu frá því sem samþykt var hér í neðri deild, felt ýmsar fjárveitingar og bætt nokkrum nýjum við. Miða breytingar efri deildar að öllu samanlögðu í sparnaðaráttina, og má deila um, hvort slíkt sé heppilegt, þar sem sparnaðurinn er í því fólginn, að kippa burtu tillögum til þarflegra fyrirtækja, flutningabrauta og fleira.

Breyt.till. þær, er fjárlaganefndin ræður til að gerðar verði á frumv., eins og þaðnú er komið frá Ed., fara í þá átt, að minka útgjöldin um 16,100 kr. og auka þau um 85,000 kr., og eru af þeirri upphæð 40,000 ætlaðar til gufuskipaferða, en 30,000 kr. til Borgarfjarðarbrautarinnar. Og frá háttv. þdm. telst mér svo til, að breyt.till. séu 90; en þar sem flestar þeirra hafa komið fram áður, þá vænti eg að eigi taki langan tíma að ræða þær, og fyrir hönd fjárlaganefndarinnar eru það fæstar þeirra, sem eg hefi ástæðu til að miunast á, þar sem deildinni er

áður kunnugt um skoðun nefndarinnar hvað þær snertir. —

Eg ætla þá að minnast fám orðum á till. nefndarinnar og skal þá fyrst nefna fjárveitingu Ed. til Guðm. T. Hallgrímssonar læknis. Leggur nefndin til að hann sé feldur, með því að hún sér þess enga brýna þörf, að veita fleiri sérfræðingum í læknisfræði landssjóðsstyrk hér í Reykjavík, en gert hefir verið að undanförnu.

Fjárveitingin til Borgarfjarðarbrautarinnar, sem Ed. feldi, leggjum vér til, að verði tekin upp aftur, og þýðir eigi að orðlengja um það mál, sem áður hefir verið allítarlega rætt hér í deildinni, og verður það gert frekar af þm. Mýr. (J. S.) þyki honum ástæða til. —

Þriðja breyt.till. nefndarinnar fer í þá átt, að fella lánsheimildina til Fljótshlíðarhrepps, en veita hreppnum aftur á móti 2000 kr. styrk, móti 3000 kr. frá hreppnum, og er það í samræmi við undirtektir deildarinnar hvað Svarfaðardalsveginn snertir.

Þá koma gufuskipaferðirnar, og leggjum vér til, að hækkað verði árstillagið til þeirra úr 40 þús. upp í 60 þús. en binda stjórnina ekki við borð, hvaða félagi þessi styrkur eigi að veitast. Eins og kunnugt er, hefir leitt það gott af tilboði »Thore«-félagsins, um hluttöku landssjóðs í þeim félagsskap, að »Sam. gufuskipafélagið« hefir boðið mun betri kosti en áður, og nefndin ætlast til, að stjórnin sjái svo um, að millilanda- og strandferðir verði eigi lakari, en tilboð nefnds gufuskipafélags. Eg skal geta þess, að þetta tilboð »Sam. gufuskipafélagsins« fer í þá átt, að í stað þess að millilandaferðirnar eru nú 22, verða þær 25. Það hefir nú rétt í þessu verið útbýtt hér í deildinni áætlunum um ferðir þessar, og má af þeim sjá, hvernig ferðunum er skift niður á hina ýmsu hluta landsins. Í áætlun þessari er meðal annars gert ráð fyrir, að »Botnia« fari 9 ferðir, þar á meðal ferð í júní, og aðra í ágúst, og sömuleiðis í september og október, og eru ferðir »Botniu«, sem er með kælirúmi, sérstaklega miðaðar við óskir þær, sem fram hafa komið í þá átt, að æskilegt sé, að geta flutt smjör, fisk og kjöt ísvarið á brezkan markað, og ferðunum hagað þannig, að sem flestir geti notað þær.

Þá er þess getið í tilboðinu, að félagið leggi til strandferðabát, sem fari 6 ferðir milli Reykjavíkur og Fáskrúðsfjarðar, og 2 af þeim alla leið til Seyðisfj. Með þessu er vel borgið Hornafirði og öðrum stöðum á suðurströnd landsins; en með því að »Hólum« sparast mikill tími við það, að þurfa eigi að fara til þessara hafna, þá er í áætluninni ætlast til, að þeir fari 4 fljótar hringferðir með fám viðkomustöðum, og verða þær ferðir einkar hentugar til fólksflutninga.

Skal eg svo eigi fara frekar út í þetta, en geta þess í sambandi við þetta mál, að breyt.till. frá háttv. þm. G.-K. (B. Kr.) þess efnis, að gera samninga fyrir alt að 10 ára tíma, stríðir á móti hinni »rökstuddu dagskrá«, sem samþykt hefir verið hér í deildinni, þar sem landsstjórninni var falið, að afla sér þekkingar á öllu, er að eimskipaútgerð lýtur, íhuga tilboð »Thore«-félagsins o. fl., og láta síðan næsta alþingi álit sitt og tillögur í té, og álítum vér því, að semja eigi að eins til tveggja ára um millilanda- og strandferðir, svo að næsta þing hafi óbundnar hendur.

Þá leggur nefndin það til, að fjárveitingin til ransókna nýrra símalína verði færð niður í 5000 kr., úr 10,000 kr., og ætti það að geta nægt, þar sem lítið verður unnið að símalagningum á næsta fjárhagstímabili, og því ýmsir símar eftir,

þar sem þó undirbúningsransóknum er lokið. Sama er að segja um fjárveitinguna til viðhalds á símum, að hana álítum vér að færa mætti niður úr 12 þús. kr. síðara árið, í 10 þús. kr.

Þá kemur kvennaskólinn í Reykjavík. Ed. hefir hækkað fjárveitingar til hans að miklum mun, og viljum vér ekki gera það að ágreiningsefni, en teljum rétt, að setja þó það skilyrði, að 25 sveitastúlkum veitist heimavist, en í samræmi við þessa hækkun Ed. leggjum vér ennfremur til, að styrkur til Blönduóss-skólans verði hækkaður um 500 kr. árlega, og treystum, að deildin verði þeirri tillögu nefndarinnar samþykk, bæði vegna þarfa skólans og samanburðarins við kvennaskóla Reykjavíkur.

Þá leggjum vér til, að orðin í 14. gr. VIII. b. »og skrifstofukostnaður« falli burtu, því ella óttumst vér, að þau myndu draga þann dilk á eftir sér, að nýjar fjárbænir í sömu átt kæmu á næsta þingi, og óvíst hve mikill skrifstofukostnaður þessi yrði þá á endanum.

Að því er snertir fjárveitingu fyrir skápa handa fornmenjasafninu, þá er hún í samræmi við tillögur fornmenjavarðar og stjórnarráðs, og skápar þessir hafa þegar, ástæðna vegna, verið keyptir.

Utanfararstyrkinn til Lárusar Bjarnasonar getur nefndin ekki fallist á, sér eigi hvað alþýðuskólakennara þennan snertir neina brýna nauðsyn til styrkveitingar.

Viðvíkjandi styrknum til Sigfúsar Blöndals, leggur nefndin til, að honum sé veittur hann með því skilyrði, að hann árlega skýri frá, hvað störfum hans líður. Hann hefir nú haft styrk þennan árum saman, og er þetta skilyrði því eigi sett að ástæðulausu, þar sem enginn árangur hefir enn sést af orðabókarstarfi hans.

Þá leggur nefndin til, að styrkurinn til Guðm. skálds Guðmundssonar og Guðm. Friðjónssonar skálds sé færður úr 600 kr. niður í 400 kr. En eg vil geta þess, að persónulega er eg þessu móttallinn, og álít naumast gerlegt eða rétt, enda litlu muna, að klípa af eigi hærri fjárveitingum.

Ennfremur leggur nefndin til, að 1000 kr. styrkur til Guðm. Bárðarsonar sé feldur burtu; komst nefndin að þeirri niðurstöðu við nákvæma íhugun, að óþarft væri að styrkja nema einn jarðfræðing, og áleit jafnframt, að manninum væri það ef till vill ekki til góðs, að fá þennan styrk, því þá færi hann að gefa sig eingöngu við jarðfræðisransóknum, sem ekki gefa honum neitt teljandi í aðra hönd, og mundi því sí og æ leita til þingsins með nýjar og nýjar fjárbænir.

Styrkinn til Grasgarðsins, sem efri deild nefnir grasfræðigarð að upphæð 300 kr., leggur nefndin til að fella, og er það í samræmi við fyrri ályktanir deildarinnar.

Viðvíkjandi öðrum breyt.till. leggur nefndin til að veittar verði 1000 kr. til lendingarsjóðsins í Bolungarvík, enda er mikil nauðsyn á því, að sjóður þessi eflist sem fyrst, þar sem Bolungarvík er eins og kunnugt er, einhver stærsta verstöð á landinu. Lendingarsjóður Bolvíkinga fær og ákveðið gjald af hverjum hlut, er kemur þar á land, og má gera ráð fyrir að það nemi minst 1000 kr. árlega.

Styrkurinn til Sigurðar Jónssonar fangavarðar er sjálffallinn, þar sem hann er dáinn; en nefndin hefir leyft sér að koma með breyt.till. þess efnis, að 300 kr. styrkur verði veittur ekkju hans, eins og gert hefir verið í öðrum

tilfellum, er um ekkjur opinberra starfsmanna var að ræða.

Breyt.till. um styrk til Sighv. Borgfirðings vill nefndin styðja, svo að honum gefist kostur á, að vera um tíma í Reykjavík, og kynna sér handrit á söfnunum, er lúta að sagnfræðilegum störfum hans.

Hækkun sú, er fjárlaganefnd leggur til að gera á fjárveitingunni til póstflutninga, er bygð á bréfi frá erfingjum Wathne. Það félag hefir að undanförnu haft 2000 kr. á ári, til að annast um póstflutning, en telur þá upphæð nú varla nægja, til að kaupa ábyrgð á póstflutningnum, svo sem því er gert að skyldu, enda hefir ábyrgðargjaldið fyrir eina ferð numið alls 600 kr., að því er félagið skýrir frá. Af þessari ástæðu, og jafnframt til þess, að stjórnin hafi fé til umráða handa öðrum skipum leggur nefndin til, að liðurinn hækki um 4 þús. kr.

Breyt.till. hæstv. ráðherra um Fagradalsbrautina og Lagarfljótsbrúarveginn getur nefndin fallist á. En um allan fjöldann af breyt.till. einstakra þm. er það skjótast að segja, að nefndin leggur til að þær verði nær undantekningarlaust feldar. Þó eru einstaka till., sem hún ljær fylgi, eins og breyt.till. háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) um verzlunarskólann, sem er í samræmi við skoðun meiri hluta fjárlaganefndar. Sama er að segja um lánveitingu til ullarverksmiðju á Akureyri, enda er sú till. í samræmi við það, sem áður hefir verið samþ. hér í deildinni. Meiri hluti fjárlaganefndar er og fylgjandi till. sama hv. þm. um Grímsnesbrautina, með því skilyrði þó, að 4000 kr. til Flóaáveitunnar falli niður síðara árið.

Mér þykir ekki ástæða til að tala meira að svo stöddu fyr en eg heyri ræður einstakra þm.

Björn Kristjánsson: Eg skal geta þess, að ef breyt.till. á þskj. 659 kemst hér að, tek eg aftur breyt.till. á þskj. 671. Eg skal fara fáeinum orðum um breyt.till. mína á þskj. 659 í sambandi við aths. á breyt.till. á þskj. 671 um styrk til gufuskipaferða. Þar er til þess ætlast, að samið sé um ferðirnar til að eins tveggja ára. Þetta er sama sem að segja, að ekki verði samið við neitt annað félag en Sameinaða félagið. Það getur ekkert félag kept við það um ferðir, sem bundnar eru við tvö ár. Ekkert félag mun áræða að umbyggja eða byggja skip til tveggja ára. Enn fremur er þar tekið fram, að farmgjöld og fargjöld megi hækka. — Sömuleiðis er gert ráð fyrir því, að Botnia eða viðlika hraðskreitt skip, verði haft til ferðanna. En þess er ekki gætt, að þótt Botnia hafi verið sæmilega hraðskreið fyrir 18 árum, færi þá 12 mílur eins og Laura, í upphafi, þá er ekki að búast við sama hraða nú. Laura hefir nú ekki nema 9—10 mílna hraða, stafar það sérstaklega af því að þrykkið á katlinum hefir þrisvar verið sett niður. Með Botniu hefir auðvitað verið farið eins að. 18 ára ketill getur ekki haft sömu þenslumótstöðu eins og fyrstu árin. Auk þess hefir skipið verið sagað í sundur og lengt, passar því vélin alls ekki lengur fyrir skipið, og gæti af þeim ástæðum ekki haft lengur 12 mílna ferð. Það er undarlegt að hækka taxtann, þegar skipin eru ekki hraðskreiðari en þetta. Í áætluninni er gert ráð fyrir, að skipið komi að eins einu sinni á Ólafsvík, 3—4 sinnum á hafnirnar við Breiðafjörð, og sjá allir, hversu ófullnægjandi það er.

Af þessum ástæðum hefi eg komið með breyt.till. á þskj. 659. Eins og menn muna, sýndi eg fram á í umr. um annað mál, hversu miklu Íslendingar tapa á því að hafa ekki beinar sam-

göngur við Hamborg. Úr þessu bætir breyt.till. mín. Eg hefi ekki ástæður til þess að fara fleiri orðum um brt.; eg vona, að háttv. deild samþ. hana.

Eg sé hér breyt.till. um að fella fjárveitingu til vegar suður með sjó. Sú fjárveiting heflr lengi staðið óhögguð, og því var beint lofað í fjárlaganefnd á síðasta þingi, að hún héldist. Eg vona því, að deildin felli þá till.

Stefán Stefánsson: Eins og kunnugt er, fóru fjárlögin héðan svo, að 10 þús. kr. hvort árið voru veittar til akbrautarinnar inn Eyjafjörð. Þessi fjárveiting hefir verið feld í hv. Ed., en eg ber það traust til deildarmanna, að þeir breyti ekki atkv. sínu frá því, sem þau féllu hér áður í deildinni. — Eg skýrði þá frá því, að til þessa vegar hefði ekki verið veitt fé nú um síðustu 10 ár, þrátt fyrir það þótt hér sé um lögákveðna akbrautarlagning að ræða, og því skylda landssjóðs að leggja hana svo fljótt sem kostur er á, enda verkfræðingurinn, Jón Þorláksson, lagt eindregið með því, að fé yrði veitt til hennar nú á fjárlögum. Eg þarf ekki að lýsa, hversu hennar er mikil þörf; það hefi eg gert áður, og vænti eg því þeirrar sanngirni af hv. deild, að hún taki fjárveitinguna upp aftur og samþ. breyt.till. þá, er við þm. Eyfirðinga höfum leyft okkur að koma fram með.

Þá eru það að eins nokkur orð um þá — mér liggur við að segja — óskiljanlegu till., sem hér er komin fram, að fella hinn litla styrk til akvegarins í Svarfaðardal. Sá styrkur var samþ. hér með c. 20 atkv. og enginn hefir mælt orð á móti honum við allar undanfarandi umr. fjárlaganna í báðum deildum, en svo kemur þessi kynlega sending úr þeirri átt, er eg hafði sízt ætlað, þar sem er hinn háttv. þm. S.-Þing. (P. J.). Þessi háttv. þm. áleit eg, að mundi þó ekki verða seinastur til þess að sjá og kannast við þann framúrskarandi dugnað og það framtak, er Svarfdælir sýna í þessu vegamáli og því bæri fremur, að styðja en fella þennan litla styrk sem þeim hefir verið ætlaður. Eg vona að þetta sé að eins leikur og háttv. þingd. meti till. að verðleikum, taki hinn hv. flm. hana ekki aftur, sem eg þó óneitanlega helzt vildi óska eftir.

Þorleifur Jónsson: Eg skal lofa því að lengja ekki umr. mikið. Eg á hér breyt.till. á 2 þskj. Breyt.till. á þskj. 638 fer fram á það, að veittar verði 3000 kr. til vegar í Nesjum. Til þessa vegar hafa áður verið samþ. 5000 kr. hér í deildinni, en Ed. hefir þóknast að fella þá fjárveitingu burtu. Fyrir henni mun sparnaðarlöngunin hafa vakað. Eg skal nú játa, að sparnaðurinn verður einhversstaðar að koma niður, en sem kunnugur maður get eg borið það, að ef vegabætur eiga nokkurstaðar fram að fara, þá er það hér. Hinn gamli þjóðvegur er nú lagður niður, vegna þess að Hornafjarðarfljót eru ófær orðin ytra. Landssjóður hefir kostað þann veg undanfarið og haldið honum við; nú er hann hættur því, og því virðist liggja bein skylda á honum að gera hinn nýja þjóðveg innra yfir Fljótin færan sem fyrst. Þegar kemur yfir Laxá, taka við mýrar, sem oft eru ófærar, þegar rigningar ganga, einkum á haustin. Vegurinn er afarfjölfarinn alt árið má heita, og er því slæmt að hann sé ófær til lengdar. Þar við bætist líka, að þar sem brúin á Laxá verður gerð 1910, er hagkvæmara að nota sömu verkfærin til vegalagningarinnar heldur en að flytja þau burtu. Það hefir oft reynst kostnaðarsamt að koma vegaverkfærum aust-

ur. Upphæð þessi er svo lág, að hún gerir engan glundroða í fjárlögunum, og trúi eg því ekki, að háttv. Ed. geri nokkurt númer úr henni.

Á sama skjali hefi eg lagt til að bóndanum á Tviskerjum verði veittar 300 kr. Vona eg, að það mæti ekki mótspyrnu.

Enn á eg breyt.till. á þskj. 645 um að veita megi til gufubátaferða frá Reykjavík til Hornafjarðar og Papóss alt að 15000 kr. á ári. Eg álít því réttmætara fyrir mig að fara fram á þessa upphæð, þar sem farið er fram á það í hinu upphaflega tilboði Sameinaða félagsins að stryka Hornafjörð út. Í hinu nýja tilboði félagsins býðst það að vísu til að láta bát koma þar 8 sinnum, ef ástæður leyfa. En eg þekki félagið af 11 ára reynslu og býst ekki við, að það leggi sig í líma með að sigla inn á Hornafjörð. 12 sinnum átti báturinn að koma þar síðastliðið sumar en kom að eins einu sinni. Þetta er svo stórt brot, að landstjórnin hefði átt að draga af styrk til félagsins og verja til skaðabóta handa Austur-Skaftfellingum. Mér er kunnugt um, að sýslubúar minir hafa gert reikninga fyrir skaða þeim hinum beina, er þeir hafa orðið fyrir út af svikum gufuskipafélagsins í fyrra sumar, og sent þá reikninga til stjórnarráðsins, og mér er kunnugt um, að Sameinaða gufuskipafélagið hefir neitað að borga þá reikniuga, og býst eg ekki við að hægt sé að þvinga það til að greiða þær skaðabætur.

En mér finst spursmál um það, hvort ekki ætti að draga af félaginu dálítinn styrk, og láta Austur-Skaftfellinga fá hann í notum þess, að félagið rauf sínar áætlanir þar í fyrra.

Eg gat um það hér að framan, að nú væri nýtt tilboð komið frá félaginu, þar sem það gefur kost á sérstökum bát, þriðja bátnum á hinar lakari hafnir sunnanlands frá Reykjavík til Fáskrúðsfjarðar. Þetta mun framkomið út af fyrirspurn, er eg í samgöngumálanefndinni lagði fyrir erindreka hins sameinaða um þetta efni. Hann tók því ekki ólíklega þar, en bjóst við að styrkur til félagsins yrði þá að hækka um 20 þús. kr.

Fjárlaganefndin hefir nú tekið þá hækkun upp, og ef það við atkvæðagreiðsluna verður samþykkt, gæti eg tekið mína tillögu aftur, því þá er því slegið föstu, að hvaða félag sem samið er við, sé skylt að halda uppi sérstökum 3. strandbátnum minni en hinum, og hentugum á hinar lakari hafnir, til að annast strandferðir frá Reykjavík til Hornafjarðar og til suðurfjarðanna á Austfjörðum. En ef samið verður við Sameinaða félagið um þetta, þarf vel að vera búið um hnútana, þannig, að það geti ekki leyft sér að láta bátinn fara fram hjá höfnum í Austur-Skaftafellssýslu.

Hannes Hafstein: Háttv. framsm. fjárlaganefndarinnar, hefir líklega ekki tekið eftir breyt.till. á þgskj. 660.

Hann talaði að eins um hækkun á styrknum til Wathnefélagsins. En Thorefélagið sagðist þurfa að fá 20,000 kr. til að halda uppi póstflutningum. Nú hefi eg leyft mér að stinga upp á, að styrkurinn til póstflutninga verði færður úr 8000 kr. upp í 15,000, og þessum styrk verði svo skift hlutfallslega á milli Wathnefélagsins og gufuskipafélagsins »Thore«, þannig, að félögin geti bæði fengið sitt með þeirri viðbót, sem vænta má af póstsjóði Danmerkur. Eg vona að fjárlaganefndin, hafi ekkert á móti þessari breyt.till. minni, get heldur ekki séð, að unt sé

að komast hjá því, að hækka styrk þennan.

Það væri að vísu líka hægt að fella niður kröfuna um að skipin kaupi ábyrgð á flutningunum, og hægt að hækka jafnframt gjald fyrir peningasendingar og annað verðmæti. Það getum við gert með lögum, að því er snertir flutninga með strandferðaskipum, en til þess að breyta gjaldinu fyrir póstflutning milli landa þarf samkomulag við póststjórnina dönsku.

Af því það mundi valda ýmsum vafningum, er víst heppilegast í svipinn að halda því ástandi sem nú er, og hækka styrkinn fyrir næsta fjárhagstímabil.

Eg heyrði að háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) vildi mæla fram með breyt.-till. sinni á þgskj. 671, sem heimilar stjórninni að gera samning til 10 ára. Þetta fer í þveröfuga átt við ummæli hans um það, að landið sjálft tæki að sér ferðirnar, sem fyrst. Mér finst þetta öldungis vanhugsað, eins og nú á stendur. Kringumstæðurnar geta breytst á skemmri tíma en 10 árum. Finst því einsætt, að fella þessa till. háttv. þm. G.-K. (B. Kr.). Eg býst við að meðflm. minn að till. á þskj. 646 muni gera ítarlega grein fyrir henni, og er honum þar alveg samdóma. Mér finst, að úr því þingið á annað borð er að veita fé til ritstarfa, eigi það ekki að skera svo mjög við neglur sér, að styrkurinn verði gagnslaus til þess sem hann er ætlaður.

Þá er á sama þgskj. till. um, að hækka orðabókarstyrk Jóns Ólafssonar aftur í 1500 kr. Mér finst alveg rangt, að lækka þennan styrk, þar sem sannað er, að höf. hefir allmikið fyrirliggjandi í handriti, og lækkunin væri því að eins til að tefja útkomu bókarinnar.

Eggert Pálsson: Það er ekki viðaukatill. á þgskj. 644, sem eg vildi minnast á. Eg býst ekki við, að till. um brúargerð á Ytri-Rangá eigi meira erindi hér í deildina nú en áður, og skal eg því ekki tala um það efni að þessu sinni, enda er það háttv. þm. allkunnugt orðið. Aftur á móti vildi eg leyfa mér að fara nokkrum orðum um þá breyt.till. fjárlaganefndarinnar, að ætlaðar séu 2,000 kr. til vegagerðar í Fljótshlíðarhr. gegn 3,000 króna framlagi frá hreppnum sjálfum, og því sem ávantar annarsstaðar frá, nefnilega sýslusjóði Rangárvallasýslu og máske eitthvað frá Hvolhreppi. Það hefir verið samþ. hér í deildinni með mörgum atkv., að veita þessum hreppi 5,000 kr. lán, gegn 6% í vöxtu og afborgun á 28 árum. Háttv. Ed. hefir aftur á móti ekki getað fallizt á það, heldur lagt það til, að lánið yrði veitt með 4½ af hundraði í vexti og afborgun á 25 árum. En þannig löguð lántaka mundi verða hreppnum all örðug viðfangs. Hreppurinn þyrfti t. d. þá að borga fyrsta árið 425 kr. í vexti og afborgun af þessu láni. Og þegar þar við bættust 6—7 hundruð kr. sýslusjóðsgjald, útgjöld við barnakenslu, ómagaframfærslu og annað slíkt, þá verður það bert, að hreppurinn, sem er fremur fátækur og fámennur, mundi með svona lagaðri lántöku reisa sér hurðarás um öxl.

Eins og málið því nú liggur fyrir frá háttv. Ed., er hreppnum í raun og veru gert ómögulegt með að nota þessa lánsheimild. Og ef í fyrirtækið væri samt sem áður ráðist, þá mundi betra fyrir hreppinn að leita til veðdeildarinnar, en að neyta slíkrar lánsheimildar, sem stendur í frv.

Háttv. fjárlaganefnd Nd. hefir því breytt þessu, og hefir komið sér saman um að veita hreppnum 2,000 kr. styrk í eitt skifti fyrir öll, en láta lán-

veitinguna falla niður, í vissri von um að háttv. Ed. geri það ekki að ágreiningsefni.

Eins og sakir nú standa, er mjög ilt að komast áfram um Fljótshlíðarhrepp, þar sem Þverá hefir þar gert og gerir sífelt mikil spjöll, auk annars þau, að brjóta vegatroðninga þá niður, sem á bökkum hennar hafa legið. Það er því afarnauðsynlegt, að hér séu einhverjar umbætur gerðar. Og það er ekki að eins nauðsynlegt fyrir hreppsbúa heldur og fyrir langferðamenn, sem í gegnum sýsluna fara. Því það kemur einatt fyrir, að Þverá má fara á innri vöðum hennar, þó ófær sé á hinum neðri, ef að eins væri um færan veg að ræða inn eða út Hlíðina. Vegur þessi mun kosta um 10,000 kr. samkvæmt áætlun, sem gerð hefir verið. Og þegar á það er litið, þá er sannarlega hér ekki um stórkostlegan styrk að ræða, svo að vænta má að hann fái góðar undirtektir hér hjá háttv. deild. Eg held líka satt að segja — þótt eg geti máske ekki skoðast sem óvilhallur dómari — að Fljótshlíðingar megi reiknast þessa styrks maklegir, því fyrst og fremst er það mikið fé frá þeirra hálfu, sem þeir leggja til þessa fyrirtækis, 3 þús. kr., og þá eiga þeir það ekki síður skilið, þegar þess er gætt, að þeir hafa ráðist í einhverja stærstu samgirðingu hér á landi til varnar túni og engjum fyrir átroðningi, auk þess, að þar mun einna mest vera unnið að sléttun og jarðabótum yfir höfuð. En þótt skiftar kunni að vera skoðanir um verðleika þeirra manna, er nú búa í Fljótshlíðinni, þá munu allir sammála um, að þessi blettur er einn hinn fegursti á landi þessu, og jafnframt frægasti, ef litið er til fyrri tíma.

Hlíðin hefir lagt þjóðinni til tvö ágætis skáld vor, þá Bjarna Thorarensen og Þorst. Erlingsson. Það an hljómaði líka hinn snjalli lúður Tómasar Sæmundssonar út til þjóðarinnar. En merkust mun hún þó vera fyrir það, að hún ól þann manninn, er »vildi heldur bíða hel, en horfinn vera fósturjarðar ströndum«, Gunnar á Hlíðarenda, hina ágætustu hetju fortíðarinnar, sem enn dregur margan til Fljótshlíðarinnar til þess að kynna sér þar hinar fornhelgu stöðvar. En þótt »flest kunni að vera það an dýrðin flúin«, nú orðið, þá vænti eg þó að hinir lifendu megi njóta hinna dauðu í þessu efni, sem hér er um að ræða og deildin taki vel undir þessa litlu styrkveitingu.

Þá vildi eg að eins minnast lítið eitt á breyt.till. fjárlaganefndar um húsabyggingarlán til Björgvins sýslumanns Vigfússonar. Efri deild hefir líka ráðist á þá lánveitingu og fært hana niður í 4000 kr. úr 12000 kr. auk þess að lánskjörum er stórkostlega spilt. Fjárlaganefndin vill nú láta sitja við sama hvað kjörin snertir, en meiri hluti hennar vill veita 6000 kr. í stað 4000 kr. það er hálfa upphæðina, sem áður var. Og þótt það sé hvergi nærri nóg, þá gefur að skilja að það er hægra að bæta við 6 þús. en 4 þús. kr. Og þar sem deildin hefir áður samþ. 12 þús. kr. lánveitingu í þessu skyni þá geri eg mér beztu vonir um, að hún geti fallist á þessa breyt.till. Eg hefi líka ástæðu til að vona, að háttv. Ed. verði því samþ., þar sem það má ætla, að það hafi aðeins verið vaxta- og afborganaskilyrðin, sem henni þóttu ekki sem heppilegust, en ekki upphæðin sjálf.

Ráðherrann (B. J.): Eg á hér nokkrar breyt.till. við fjárlagafrumv. Ein þeirra er 3000 kr. fyrra árið til Fagradalsbrautarinnar. Landsverkfræðingurinn hefir skýrt mér frá, að brautin

sú verði búin í haust, en ekki hægt að afhenda hana fyr en á næsta hausti, og til þess að halda henni við þangað til er þetta fé nauðsynlegt. Það fé, sem ætlað er til viðhalds þjóðvega, geri ekki betur en hrökkva til þeirra vega, sem þegar eru lagðir, svo að eigi er hægt til þess að taka í þessu skyni. Þá er fjárveiting, er eg hefi farið fram á til Lagarfljótsbrúarvegar. Þennan veg þarf að leggja fyr eða síðar. Hann á að liggja frá aðalbrautinni og yfir Egilsstaðanesið, niður að Lagarfljótsbrúnni. Þetta fé vona eg að deildin veiti, því að vegarspotti þess er mjög nauðsynlegur, til þess að brúin komi að fullum notum.

Það hefir áður verið í fjárlögunum ætlaður fjárstyrkur handa byggingarfróðum manni, til þess aðallega að gera uppdrætti að kirkjum og leiðbeina við kirkjusmíð. Sá sem hefir haft þennan styrk undanfarið, Rögnvaldur Ólafsson húsameistari, segist skaðast á þessu verki, jafnvel þó að hann ekki reikni sér meira en sem svarar þriðjungi á við það, er tekið er fyrir þetta starf annarsstaðar. Eg veit með vissu, að hr. Rögnvaldur Ólafsson er áreiðanlegur maður og sannorður, og tek það í alla staði trúanlegt, það sem hann segir um þetta. Nú er honum falið nýtt starf í viðbót: að gera uppdrætti af barnaskólahúsum og leiðbeina þeim, sem þau gera, og mun það starf nema fult eins miklu eins og hitt við kirkjuverk áður. Það eru hortur á að reistir verði margir slíkir skólar á næstu árum. Raunar mætti gera þetta með minni kostnaði og fyrirhöfn með því að hafa öll skólahúsin með sama sniði hvert í annars mynd. En það finst mér ófært, að skera þessa fjárveitingu svo við neglur sér, að ekkert snið verði á húsunum. Vér þurfum að reyna að semja oss í þessu sem öðru ofurlitið að siðum annara mentaþjóða og venja af oss þann kotungsháttt, að vilja engu til kosta, að almenningshúseignir líti ekki mjög illa út. Og hins vegar er það engu síður áríðandi að koma upp húsum til almenningsfræðslu, heldur en til guðsþjónustugerða.

Þá hefi eg stungið upp á fjárveitingu til ekkju fyrv. fangavarðar Sigurðar Jónssonar. Hann þjónaði sýslan sinni frekan mannsaldur af ordlagðri skyldurækni og samvizkusemi, og finst mér ekki geta verið samboðið sæmd landsins að láta ekkju hans fara á vonarvöl, og vonast því til að þingið samþ. þessa litlu fjárveitingu 300 kr.

Þá hefir verið bent á af háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) að auka þyrfti styrkinn til póstflutninga á öðrum gufuskipum en hinum fastráðnu og landssjóðsstyrktu. Og er það bráðnauðsynlegt. Félag Wathnes og Thorefélag hafa bæði afsagt að gera það lengur öðruvísi en fyrir miklu hærra endurgjald en verið hefir. Þeir segja að það geri ekki betur en hrökkva fyrir vátryggingargjaldi póstsendinganna og eg býst við, að almenningur mundi kunna því illa, ef hann gæti ekki komið bréfum og póstsendingum með þessum skipum.

Pétur Jónsson: Þetta frumv. hefir tekið allmiklum breytingum, síðan það fór héðan úr deildinni. Gjöldin eru nú rúmlega 100 þúsund krónum lægri en áður, þá er Nd. gekk frá því, og þó nemur það miklu meira, sem Ed. hefir numið burt eða lækkað gjöldin á einstökum liðum frumv., einkum til hinna nytsömustu fyrirtækja þessa lands, svo sem vega og símalagninga. Eftir frumv. stjórnarinnar var ætlast til, að varið yrði 233 þúsundum kr. til vega, þegar þar er dregið frá það sem gengur til yfirstjórnar og undirbúnings vega og vegamála. Nd. hækkaði þessa fjárveitingu upp í 265 þús-

und kr. en nú hefir Ed. lækkað þetta niður í 173 þús. kr. Hækkun Nd. á stjórnarfrumv. var mest á vegum, sem landssjóði eru í raun og veru óviðkomandi: sýslu og sveitarvegum eða ca. 25 þús. Við þessu hefir Ed. ekki rótað að mun, heldur kemur lækkun hennar á vegafénu öll niður á flutningabrautum eða 87½ þús. kr. Þær ca. 40 þús. kr. til sýsluvega og sveitavega, sem stóðu á frumv., eins og það fór úr Nd. hafa eigi rótast að öðru en því, að 4500 kr. til brúar í Þistilfirði eru numdar burt, en mótorvagn, sem eiginlega er eigi vegabót settur þar inn á meðal veganna. Ed. ætlar því til landssjóðsvega aðeins 135 þús. kr. á þessu fjárhagstímabili.

Eg sýndi fram á það um daginn, að það væri ekki heppilegt fyrir landið að taka fé frá vegum, sem landið á að kosta eða yfir höfuð öðrum nauðsynlegum fyrirtækjum og bruðla því í önnur miður nauðsynleg, eða þá landssjóði eigi beint viðkomandi. Þegar vegalögin voru endurskoðuð, þá var slegið föstu vegaplani fyrir land alt og þar með ákveðið að landssjóður ætti að taka að sér byggingu þessara vega, sem kalla má landssjóðsvegi, svo fljótt. sem fjárhagur leyfði og eiginlega var þetta loforð gefið strax með vegalögunum frá 1894. En þá var engin áætlun til um það, hversu mikinn kostnað þessi vegalagning öll mundi hafa í för með sér. Nú stendur öðru vísi á, nú hefir verkfræðingur landsins gert yfirlit yfir, hversu mikið það muni kosta að leggja landssjóðsvegina, og nemur sú áætlun 2,400,000 kr. Hún að vísu lausleg, en vafalaust ekki of há, og hún yrði nokkuð hærri, ef gert væri ráð fyrir [illegible]púkkuðum, en ekki að eins mölbornum vegum.

Á þessari áætlun bygði milliþinganefndin í skattamálunum, þá er hún var að gera áætlun um framtíðarþarfir landssjóðs, og gerði eigi ráð fyrir meiri hraða á því, að fullnægja loforðum vegalaganna en það, að þeir væri bygðir á 20 árum. Eftir þeirri áætlun þarf að leggja til landssjóðsvega alt að 150 þús. kr. á ári, eða 300 þús. kr. á hverju fjárhagstímabili að meðaltali. Falli nú úr eitt ár eða fleiri, svo að minna sé unnið, þá leiðir þar af, að hækka verður útgjöldin til þeirra vega hin árin, ef 20 árin eiga að hrökkva til þessara vegalagninga. Nú er þó gert ráð fyrir, að héruðin taki jafnóðum við allmiklu af vegunum og létti þannig viðhaldi þeirra af landssjóði. Ef það væri eigi, þá þyrfti miklu meiri fjárframlög úr landssjóði. Menn geta nú hugsað sér, hverjir muni vilja verða til þess, að bíða lengur en 20 ár eftir vegalagning af landssjóðs hálfu. Nú hefir stjórnin ekki áætlað nema 233 þús. kr. á fjárhagstímabilinu, og það að meðtöldum 15 þús. kr. til sýsluvega. Að hún ekki áætlaði þetta hærra kom af því, að svo mikið var áætlað til símalagninga. Nú hefir hv. efri deild lækkað fjárveitinguna um 87½ þús. kr. á ári, svo að til landssjóðsveganna kemur þá ekki á fjárhagstímabilið, nema rúmar 120 þús., því 40 þús. kr. dragast frá, er ganga til sýslu- og hreppavega. Með öðrum orðum, að þetta er varla helmingur af því fé, sem þyrfti til þess, að geta haldið í horfinu þessi 20 ár. Þetta er mjög óheppilegt, eins og eg drap á áður, að setja þennan bláþráð í vegagerðir landssjóðs. Það er ekki hægt, að bæta það upp aftur, nema á þann hátt, að safna þá miklu meiri vinnukrafti til vegagerðanna. Við það verður vegavinnan dýrari og svo dregur það vinnukraftinn óhóflega frá aðalbjargræðisvegunum þau sumrin og gerir truflun í þeim, alt til stórskaða fyrir

landið og landsmenn. Nú er þar á móti dauf atvinna, svo að vegavinnan kemur sér vel, og verður landssjóði ódýrari. Það er áríðandi um vegagerðirnar af þessum ástæðum, að þær komi sem jafnast á árin, og ef nokkuð er meira á þau ár, þegar dauf er atvinna. En úr því svona er nú komið, þá fyndist mér samt meira samræmi í því, að fella líka fjárveitinguna til sveita- og sýsluveganna, því ekki eiga þeir þó að sitja fyrir landssjóðsvegum. — Enginn skynsamur og sanngjarn maður getur í alvöru ætlast til þess. Auðvitað hefði eg helzt kosið, að sett hefði verið hæfileg upphæð til vega inn á fjárlögin, en úr því, að það er nú ekki hægt, þá kem eg ásamt öðrum háttv. þingm. með tillögu um það, að landið spari líka sýslu- og sveitavegaféð til næsta þings. Tillögur okkar eru því þess efnis, að fella burtu allar fjárveitingar til sveita- og sýsluvega úr frumvarpinu. Þó láðist okkur fjárveiting til dragferju á Héraðsvötn, af því mig minti, að hún væri á þjóðvegi. Nú þegar eg veit, að hún er á sýsluvegi, þá tek eg aftur tillögu viðvíkjandi dragferju á Lagarfljóti samræmis vegna. Eg skal geta þess, að við gerum það ekki með glöðu geði, að fella allar þessar fjárveitingar. Sumar þeirra hafa svo mikið til síns máls, að manni fellur beinlínis sárt að fella þær, til dæmis til vegarins í Svarfaðardal. En um það tjáir ekki að fást, þegar skorið er niður það, sem enn þá er skyldara að gera, og fylgja skal skynsamlegu »plani«.

Þá koma símarnir. Þar sparar Ed. 106 þús. kr. frá frumv. Nd, en Nd. feldi niður Vestmannaeyjasímann og koparþráðinn frá Borðeyri til Ísafjarðar (34 + 68 = 102 þús.). Þetta er alt 208 þús. Þannig er þá búið í báðum deildum, að fella niður alt það, sem stjórnin, með ráði símastjórnar, eða hinna sérfróðu manna, lagði til, að gert væri að símalagningum, en settur í staðinn einn símaspotti, sem óneitanlega liggur fjær, þó nauðsynlegur sé. Það er Siglufjarðarsíminn. Úr því nú á að spara allar nýjar línur að kalla, þá leggjum við til, að Siglufjarðarsíminn bíði líka, af því að hann verður að sitja aftar í röðinni, en hinir, sem feldir eru. Þar á móti leggjum við til, að sparnaður sá, sem með því fæst og á vegunum eftir tillögu okkar sé hafður til þess, að strengja koparþráð á línuna frá Reykjavík að Borðeyri. Það er skilyrði fyrir því, að hliðarlínur þær, sem komnar eru og koma í ár komi sjálfar að notum og geri eigi notin á aðallínunni ófullkomin. Sérstaklega verður í þessu efni, að taka tillit til Vestfjarða, því án aukaþráða á þessari línu, þá verður oftast nær óhugsandi, að nota talsíma frá Ísafirði til Reykjavíkur.

Enn eru nokkrar breyt.till., sem við höfum leyft okkur að koma fram með á sama þgskj. Er þá fyrst um kvennaskólann hér í Reykjavík. Fyrst og fremst er lækkun á fjárveitingunni, sem Ed. ætlar honum alls úr 6800 kr. ofan í 6000 kr., þar næst tilhögunin á þessum fjárveitingum, sem við viljum samræma við Blönduósskólann, og loks er að fella niður það skilyrði, að Reykjavíkurbær leggi skólanum 500 kr. Það skilyrði er þarflaust og óheppilegt. Ef tillaga okkar gengur fram, þá verður skólinn að fá það fé, sem hann vantar annarsstaðar frá eins og Blönduósskólinn, ef ekki frá, Reykjavíkurbæ, þá með skólagjaldi frá efnaðri nemendum, eins og víða er, eða á annan hátt, og ætti enginn sérlegur örðugleiki að vera á því fyrir góða stofnun, að fá slíkt. Það er talinn sjálfsagður hlutur í Norðurlandi. Eg

hefi sýnt fram á það áður, hve óheppilegt er, að landssjóður tæki því nær alveg að sér framfæri þessa skóla. Eftir minni till. fær hann þó 700 kr. meira á ári, en eftir neðri deildar frumvarpinu.

Þá er næst lagfæring á styrknum til unglingaskóla. Ed. færði hann upp með því fyrst og fremst, að taka ísfirzka skólann út úr með sérstakri fjárveiting, og þar næst, að færa skilyrði um fjárframlag á móti landssjóðsstyrknum niður úr helmingi í þriðjung. En fyrir gáleysi situr hámark styrkveitinganna við sama 750 kr. Af þessum sökum, þá koma þessar ívilnanir ekki að gagni skólum, sem hafa upp undir 1500 kr. árskostnað, því þeir fá þá ekki nema helming, en minni og lakari skólar geta fengið $^2/_3$ kostnaðar. Þetta viljum við lagfæra með því, að setja hámarkið upp í 1000 kr.

Fjárveitingar til Goodtemplarafélaga og bindindisfélaga virðist nú óþarft, þegar aðflutningsbann er sama sem lögleitt, að minsta kosti síðara árið. Sumir segja að vísu, að félög þessi eigi einkum að annast um, að gæta hlýðni almennings við lögin. En eg held eigi veiti af því, að til þess styðji allir góðir drengir, og það sé óviðeigandi, að launa fremur einn en annan til þess. Það gæti líka orðið afleiðingin, að þeir ólaunuðu köstuðu allir ábyrgðinni upp á hina, og færi þá ver, en ef allir væri styrklausir af almennu fé í þessum efnum.

Undarlegt er það af efri deild, að hækka stór mikið til kvennaskólans í Reykjavík, en lækka um helming þennan litla styrk til húsmæðraskóla Jónínu Sigurðardóttur. Hún hefir nú haft skóla í húsi gróðrarstöðvarinnar á Akureyri 2 síðastliðna vetur. Nemendur voru 21 fyrri veturinn, en 27 hinn síðari, námstími 6 mánuðir. — Þessi skóli hefir engan styrk fengið annan en 300 kr. úr sýslusjóði og ívilnun um húsaleigu hjá Ræktunarfélagi Norðurlands. Hann er þó að sínu leyti eins verðugur til styrks og hinir aðrir kvennaskólar, nema fremur sé, af því hann snýst þó að þeirri fræðslu, sem almúgakonur hér á landi vanhagar mest um.

Loks er síðasta breyt.till. okkar um það, að færa styrkinn til ungmennafélagsins úr 1500 kr. ofan í 1000 kr. á ári. Úr því verið er að klípa af hinum allra nytsömustu fjárveitingum sýnist svo, sem þessi fjárveiting sé full sómasamleg 1000 kr. á ári.

Einar Jónsson: Eg ætla ekki að vera langorður. Það sem kemur mér til að segja nokkur orð, eru tillögur, sem eg er riðinn við. Rangárbrúin er þekt orð hér í deildinni. Eg ætla að uppfylla það loforð mitt að vera stuttorður, og geta að eins þess í sambandi við þetta, að Rangæingar munu miklu heldur kjósa að leggja sjálfir nokkuð af mörkum til brúarinnar, heldur en bíða enn þá eftir notum hennar, enda þó eg áliti að þeir eigi fulla sanngirniskröfu á brúnni nú strax á landssjóðs kostnað eingöngu. Nú kemur hún fram á fjárlögunum í þeirri umgerð, að ákveðins tillags er krafist frá sýslufélögum. Það þarf ekki annað en líta í vegalögin til þess að sjá og sannfærast um, að ekki var leyfi til að fresta framkvæmd þessa máls til næsta fjárhagstímabils. Í 2. gr. er talað um flutningabraut austur um Hellisheiði, og austur yfir Ytri-Rangá og í 7. gr. er það fram tekið, að landssjóður skuli brúa öll vatnsföll á flutningabrautum, sé það kleyft. Annars er meining vegalaganna eindregið sú, að á flutningabr. séu engar hindranir til fyrir hlaðna vagna, enda koma þær annars ekki að hálfum notum.

Hin háttv. deild ætti að íhuga eða yfirvega, að í samhandi við þessi atriði og vegna þeirra, þá hentar alls ekki að draga þetta mál eins á langinn og gert hefir verið á þessu þingi. Í 10. gr. vegalaganna stendur, að þær flutningabrautir, sem fullgerðar séu, skuli afhenda sýslufélögunum til viðhalds. En það er alls eigi hægt að afhenda sýslunni þessa flutningabraut, fyr en brúin er komin, og verður því að svo stöddu að álíta, að í Rangárvallasýslu sé engin flutningabraut til. Eg mæli því eindregið með því, að þetta verði gert, ekki fyrir það eitt, að mitt kjördæmi á í hlut, heldur af því að mér er kunnugt, að hér er um afarmikla þörf og brýna nauðsyn að ræða, enda mundi eg hafa að slíku stuðlað hvar sem verið hefði á landinu, þar sem eins hefði ástatt verið. Því miður verður það í sögu þessa þings, að menn láta skipa sér hvernig þeir eiga að greiða atkvæði, oft á óforsvaranlegan hátt. Eg veit að eg hefði ef til vill ekki átt að minnast á þessa brú, eða nefna nafn hennar í þetta sinn, enda hygg eg, að þetta verði í síðasta sinn, sem eg geri það.

Eg drep loks að eins með fám orðum á, að eg hafði tvær breyt.till. með höndum, er háttv. Ed. vildi ekki sþ. vegna ókunnugleika, sem sé viðkomandi Þorv. Björnssyni og sýslumanni Björgvin Vigfússyni. Eg er sannfærður um, að viðurkenningarstyrkur til Þorvalds Björnssonar hefir verið feldur í efri deild af vanþekkingu og engu öðru á þessum manni. Eg vona því, að þessi háttv. deild greiði atkv. með þessu máli nú eins og áður. Þó æfi hans sé tekið að halla, er hann þó í ýmsu sama mikilmennið og áður. Gestrisni hans og góðsemi mun margur enn þá fyrir finna; annars lýsi eg honum í þetta sinn ekki frekar né réttar en eg hefi áður gert og vísa til þess, sem um hann var sagt hér í deildinni um daginn, af þeim háttv. þm., sem hans mintust þá. Háttv. alþingi ætti ekki að sjá eftir þessum krónum til þessa manns, því það er áreiðanlegt, að hann er þeirra vel maklegur.

Þá er það 3. breyt.till. er eg ætlaði að minnast á. Breytingin er í því fólgin, að háttv. Ed. lækkaði lánið til sýslumannsins í Rangárvallasýslu úr 12000 niður í 4000 kr. En svo hefir háttv. fjárlaganefnd Nd. hækkað það aftur upp í 6000 kr., svo að það er nú orðinn helmingur þeirrar fjárhæðar, er upphaflega var beðið um. Eg þekki þörf þessa manns, en að hinu leytinu eru mér vel kunnar kringumstæður hans, og eg þykist geta staðhæft, að hættulaust er að lána honum fjárupphæð þessa, og þó hærri hefði verið. Eg yrði háttv. deild mjög þakklátur, ef hærri upphæð fengist, en þessar 6000 kr., því eins og tekið hefir verið fram, er tryggingin góð frá hans hendi. Eg ætla svo ekki að fara fleiri orðum um þetta að sinni, þar sem eg hygg að mönnum hafi skilist, að hér er um brýna nauðsyn að ræða, og svo enda eg mál mitt með þeirri von, að þingið samþykkti lánveitingu þessa.

Jón Jónsson (1. þm. S.-Múl.); Eg get fallist á óskir hæstv. forseta (H. Þ.) um það, að gott væri, ef umræðum yrði nú bráðum lokið að þessu sinni, og skal eg því reyna að vera ekki mjög langorður.

Það stendur nú svo á, að nafn mitt. ásamt háttv. þm. S. Þing. (P. J.) er við breyt.till. á þgskj. 640, og þótt það sé nú í fyrsta sinni á þessu þingi, að eg hefi gert nokkra breyt.till. á fjárlögunum, þá mun eg þó ekki mæla mjög

fyrir þessum breyt.till., enda hefir háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) þar að mestu tekið af mér ómakið; hann hefir skýrt það nægilega, en eg vil þó enn taka það fram, að það sem fyrir okkur flm. þessara breyt.till. vakti, var aðallega það, að reyna að fá meira samræmi í fjárveitingu 13. gr. fjárlaganna, eins og hún nú liggur fyrir.

Bæði hinn háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) og eg lítum svo á, að fjárveitingar þær í 13. grein til ýmsra vega, sem landssjóðurinn hefir ekki lagaskyldu að styrkja, og sem við leggjum til að feldar sé niður, sé í rauninni þarfar og nauðsynlegar. En þar sem nú báðar þingdeildirnar hafa sýnt það, að sem minst er ætlast til að veitt verði á þessu fjárhagstímabili til þeirra vega, er landssjóður samkv. lögum á að leggja, þá sé þeim mun meiri ástæða til þess, að veita einnig sem minst til annara vega eða fyrirtækja, er engin lagaskylda mælir með, þótt þau annars sé þörf og styrks makleg.

Eg get lýst því yfir fyrir mitt leyti og fyrir hönd meðflutningsmanns míns, að breyt.till. 2.—7 kjósum við helzt að verði annaðhvort samþ. allar eða feldar allar, og hefði raunar verið réttast, að það hefði verið að eins ein till. um að fella alla þá liði. En við gættum þess ekki að haga því svo, er við sömdum till. Verði því þær fyrstu þeirra feldar, munum við taka hinar aftur. 5. till. fer fram á, að fella niður þá einu fjárveiting, sem eg hefi farið fram á að veitt væri í mitt eigið kjördæmi, og geta því vonandi allir séð, að þessar till. okkar eru fram komnar af því, að við vildum gefa deildinni kost á að koma dálitlu samræmi, dálitlu viti í fjárveitingar til vegagerðar, en ekki af því, að við teljum þessar fjárveitingar óþarfar í raun og veru.

Eg finn svo ekki ástæðu til að tala frekar um þessar breyt.till.? Háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) hefir gert það rækilega og eg er honum að öllu leyti samþ., að því er til þessara till. kemur.

Eg skal ekki fara mörgum orðum um breyt.till. frá öðrum háttv. þm. eða fjárlaganefndinni. Þær eru margar framkomnar frá fjárlaganefndinni — eða öllu heldur frá meiri hluta hennar, en ekki heildinni; eg skal játa, að eg var þar í minni hluta, eins og stundum fyrri, og mun ekki styðja þær. Annars skal eg ekki eyða tíma í það að fara neitt út í þessar breyt.-till. sérstaklega, en eg mun við atkv.-gr. sýna afstöðu mína gagnvart þeim.

Af öllum þeim mikla fjölda breyt.-till., er fram hafa komið, vil eg að eins leyfa mér að minnast á 1—2.

Að því er snertir viðaukatill. háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) við skilyrðin fyrir fjárveitingu til gufuskipaferða, skal eg benda á það, að fyrir síðasta þingi (1907) lá tilboð frá Sameinaða gufuskipafélaginu, þar sem boðnir voru betri kostir en nokkru sinni áður eða síðar. Þar var, eins og háttv. þm. muna, boðið, að byggja tvö nýtízku gufuskip til millilandaferða, með kælirúmi og öðrum þægindum.

Þessu tilboði var nú að vísu ekki beinlínis hafnað, en þingið vildi hins vegar ekki ganga óskorað að þeim skilyrðum, er þar voru sett, heldur breytti þeim töluvert, og varð því ekkert af samningum í það sinn. — Það skilyrði gufuskipafélagsins, sem einkum varð þess valdandi, að þingið vildi ekki ganga að, var það, að samningur skyldi vera gerður fyrir 10 ár. Og nú kemur háttv. þm. G.-K. (B. K.) með þessa till., að heimila stjórninni að gera samning, er gildii 10 ár. Mér er reyndar sagt nú, að það sem talað var um 1907

hafi ekki verið nema 8 ár. (*Hannes Hafstein:* 10 ár). Jæja, 8—10 ár, en eg vil nú að eins vekja athygli háttv. þingdeildarmanna á því, að þar sem síðasta þingi þótti þetta tímabil of langt, það gat ekki gengið að þessum skilyrðum, þá er það einnig jafn athugavert, er hinn háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) fer nú fram á, að stjórninni sé heimilað að gera samning um 10 ára bil við eitthvert gufuskipafélag, og að öðru leyti með næsta óverulegum skilyrðum, og sem gefa ónóga tryggingu fyrir því, að skipin verði góð eða jafn vel viðunanleg. Og þar sem eg ætla, að enn minni trygging sé fyrir góðum kjörum eftir þessu tilboði eða heimild, en á síðasta þingi, þá virðist mér alls ekki meiri ástæða til að samþ. þetta nú, en þá, heldur þvert á móti.

Þá vil eg leyfa mér að minnast örfáum orðum á fjárveitinguna til Eiðaskólans. Háttv. 2. þm. Rvk (M. Bl.) hefir komið fram með breyt.till. þess efnis, að styrkurinn til þessa skóla verði lækkaður úr 20 þús. niður í 10 þús. kr., enda þótt fyrri upphæðin hafi nú verið samþ. hér í báðum deildum þingsins.

Eg skal rifja það upp nú, þótt hv. þm. sé það kunnugt, að bæði neðri deild og efri hafa samþ. að veita 20 þús. kr. til skólans, 10 þús. kr. hvort árið, eftir því sem Nd. ákvað, en Ed. hefir samþ. að veita upphæðina (20 þús.) í einu lagi fyrra árið. Auk þess hafði Nd. hækkað hinn árlega styrk, er var í stjórnarfrumv. um helming, úr 1500 kr. upp í 3000 kr. Þessa fjárveiting lækkaði Ed. Og nú stendur í frumv., eins og það liggur hér fyrir, að að eins 1500 kr. skuli veittar árlega — sama upphæð, sem veitt var til skólans í niðurlægingarstandi hans áður, meðan þar var átátt um flest og sárfáir lærisveinar.

Eg skal nú ekki fella neinn dóm á þessar gerðir háttv. Ed., en eg bið menn að athuga, að hér er búið að svifta skólann hinum álitlega styrk, er Nd. ætlaði honum.

En ekki er þó þar með búið. Stjórn skólans sendi erindi til þingsins, og fór fram á að fá styrk af landssjóði til þess að stofna sérstaka kensludeild fyrir húsmæður við skólann. Þessu var vel tekið í fjárlaganefnd Nd. og af deildinni sjálfri, var samþ. hér í deildinni með mörgum aths. að veita Eiðaskóla til þessa 1000 kr. árlega. Bæði fjárlaganefnd og deildin leit svo á, að tilraun til að stofna húsmæðraskóla væri vel þess verð, að hún væri styrkt, í samræmi við það, að fjárlaganefnd einnig vildi styðja þess konar stofnun annarsstaðar — í Norðurlandi (Jónínu Sigurðardóttur). Háttv. Ed. hefir nú litið öðruvísi á þetta mál; húsmæðraefnin hafa ekki átt þar upp á pallborðið, þótt kvennaskólunum hafi verið tekið þar vel. Hin háttv. Ed. hefir lækkað styrkinn til Jónínu Sigurðardóttur um helming og felt með öllu burt styrkveitinguna til Eiðaskólans; hún hefir ekki álitið málið þess vert, að því væri sómi sýndur.

Eg skal svo ekki segja öllu meira um þetta atriði, en þar við vil eg láta sögu mína lenda, að Norðausturlandi er þetta mikið áhugamál; þar er það af flestum talið í fyrstu röð þeirra framfarafyrirtækja, er ber að styrkja. Enda vænti eg, að háttv. deild líti eins á það og hún hefir áður gert. Það er nú búið að rifja upp meðferðina á veslings Eiðaskóla, en það verð eg að segja, að hún yrði ómjúk, ef till. háttv. 2. þm. Rvk. (M. Bl.) yrði nú samþ.; það væri öldungis ósanngjörn meðferð.

Eg ætla ekki að tala um aðrar kringumstæður skólans, það hefir verið

gert áður; en þessi skóli er fyllilega þess virði, að hann sé ríflega styrktur, því að kenslukraftar hans eru mjög vandaðir, eftir því sem hér getur verið um að ræða á voru landi, og húsnæðið vandað í bezta lagi.

Um fleiri breyt.till. skal eg svo ekki tala hér.

En þótt óskað hafi verið, að tíminn yrði sparaður og ekki lengdar um of umr., þá verð eg þó að minnast nokkuð frekar á fjárlögin, eins og þau nú liggja fyrir hér í deildinni, eg hefi lítið minst á þau fyr á þinginu og þetta er síðasta meðferð þeirra hér í háttv. deild.

Eg vil þá leyfa mér að vekja athygli háttv. þm. á fáeinum tölum í þessum fjárlögum, og ef til vill reyna að útlista þær nokkuð.

Eins og sjá má, þá eru útgjöld landssjóðs eftir frumv. áætluð yfir 100 þús. kr. minni á næsta fjárhagstímabili, en farið er fram á í stjórnarfrv. Og þessi sparnaður — ef sparnað skyldi kalla. — er að þakka háttv. Ed. Úr Nd. fóru fjárlögin þannig, að útgjöldin voru meiri en upphaflega var til ætlast (í stjórnarfrv.), en Ed. hefir svo lækkað þau um nálega 170 þús. kr. eða rúmlega það.

Þessi lækkun á útgjöldunum (118 þús kr.) sem nú er á pappírnum, er að vísu álitleg — frá vissu sjónarmiði; útgjöldin virðast þar stórum minni, en áætlað var upphaflega. En ef litið er til þess, að fjárlaganefnd þessarar deildar og ráðh. hafa nú stungið upp á auknum fjárveitingum, sem nema til samans um 100 þús. kr., og þar sem gera má ráð fyrir, að þessar till. verði samþ., sérstaklega að því er til þeirra fjárveitinga kemur, er hæstv. ráðh. fer fram á, því að þær eru í alla staði réttmætar; ef nú litið er á þetta þá verður upphæð útgjaldanna í fjárlögunum svipuð og í stjórnarfrumv. upphaflega. Þar hefir í rauninni ekkert sparast. Það hefir oft heyrst kveða við á þessu þingi, einkum frá hæstv. meirihluta þingsins, hve mikil nauðsyn sé á að spara landsfé, það sé svo ilt í ári nú o. s. frv. Þetta er nú að vísu fallega hugsað, og efast eg ekki um, að mörgum hinna háttv. þm. sé það í raun og veru áhugamál að fara drjúglega með fé landssjóðs. En það mætti líka einmitt búast við því, að sá flokkur, er nú hefir yfirtökin á þingi, fyndi sér skylt — flestum fremur — að spara sem mest, af því að þessi sami flokkur hefir áður lagt svo mikla áherzlu á það, að það væri ein af helztu ástæðunum til að skifta um stjórn, að þá yrði minna fé eytt.

Eg þykist nú vita, að það sé fullur vilji allflestra hinna háttv. þm. þessa flokks, að gera sitt til að útgjaldabálkur fjárlaganna verði sem minstur. En það verð eg að segja, að hinum háttv. meiri hluta hefir ekki tekist það; honum hefir mistekist sú tilraun, sem eg efa ekki að fyrir honum hafi vakað, mistekist hún með öllu. Að vísu er það svo, að ýmsar upphæðir hafa verið feldar úr fjárlögunum, en þær hafa þá komið fram annarsstaðar, ef til vill smærri upphæðir, en að sama skapi fleiri. Það er í rauninni ómögulegt í fljótu bragði að segja, hvað orðið hefir af öllum þessum »spöruðu upphæðum«; en horfnar eru þær að mestu. Það er víst. —

Eg hefi borið saman upphæðir helztu gjaldagreinanna, eins og þær eru í fjárlögum þeim, er nú gilda (frá síðasta þingi 1907), eins og þær voru í stjórnarfrumv. og eins og þær eru nú í frv. og kemur þá ýmislegt einkennilegt í ljós og skal eg leyfa mér að benda á

ýmsar greinar, þessum ummælum mínum til skýringar. —

Við byrjum þá á 12. gr. fjárlaganna, það er fyrsta grein útgjaldabálksins, þar sem um verulegan mun er að ræða. Upphæð þeirrar gr. er í gildandi fjárlögum 269 þús., í stjórnarfrumv. 283 þús. og í frumv. eins og það nú liggur fyrir, 300 þús. Sú grein hefir því verið hækkuð um 17 þús. kr. frá því sem stjórnin ætlaðist til, og þessi hækkun er þingsins verk. —

Þá kemur 13. gr. fjárlaganna, það er sú gr. sem stærstu fjárhæðirnar hefir að geyma, eins og vant er. Það er samgöngumálagr., og í henni eru allar fjárveitingar til póstmála, vega, gufuskipaferða, síma og vita. Til þeirra mála hefir verið varið æ stærri og stærri fjárhæðum á undanfarandi þingum, og verið lögð áherzla á það að vinna sem mest að þeim fyrirtækjum, og er óhætt að fullyrða, að í því efni hefir farið saman vilji þjóðarinnar, þingsins og stjórnarinnar. Þetta hygg eg að verið hafi rétt leið, sem legið hefir að því marki að styðja sem haganlegast alla atvinnuvegi og framfaraviðleitni landsmanna allra. Nú koma þessar svokölluðu sparnaðartilraunir meiri hlutans einmitt niður á þessari gr., og þetta markar nýja fjármálastefnu meiri hlutans og nýju stjórnarinnar. Kröftunum hefir hingað til verið varið til verklegra nytsemdarfyrirtækja og það hefir markað stefnu þá í fjármálapólitíkinni, sem fyrverandi stjórn og meiri hluti hafa fylgt á undanfarandi þingum, en nú er auðsjáanlega horfið frá þessari stefnu. Tölurnar í 13. gr. sýna þetta ljóslega. Á þinginu 1907 var áætlað 1208 þús. kr. til útgjalda þessarar gr., eins og fjárlögin sýna. Stjórnin ætlaði nú að fara nokkru gætilegar í sakirnar og áætlaði 1078 þús. til þessara útgjalda. Hún miðaði við að tekjur landssjóðs yrðu nokkuð ódrýgri en á undanfarandi árum og sló því hæfilega undan, en hélt þó eindregið í áttina að takmarkinu. Eins og frumv. liggur nú fyrir deildinni, þá eru útgjöld í þessari gr. áætluð 871 þús. kr. eða 207 þús. kr. lægri en stjórnarfrumv. ætlaði hana og 337 þús. kr. lægri en í gildandi fjárlögum. Hv. þm. S.-Þing. (P. J.) skýrði nákvæmlega frá á hverju fé þetta væri »sparað«, og sýndi fram á, að það væri á brúm, vegum og símum, þeim fyrirtækjum, sem hingað til hafa verið talin nauðsynlegust allra, og því ætla eg ekki að fara fleiri orðum um þessa gr. en vekja aðeins athygli háttv. þingd. á því að allar aðrar útgjaldagr. frv. hafa hækkað, því fé, sem tekið hefir verið af brúm, vegum og símum, er dreift um þær allar. 14. gr. hefir hækkað um 26 þús. í meðferð þingsins, stjórnarfrumv. áætlaði hana 473 þús. nú er hún 499 þús. kr. Það er ýmislegt, sem hækkuninni veldur, en það sem mestu nemur eru mjög auknar fjárveitingar til ýmislegra skóla, sem landssjóður hefir að vísu styrkt hingað til, en þó ekki verið taldir hans handbendi. Hér kemur þessi »tendens« glögt fram, að fella úr fjárlögunum ýmislegt það sem landssjóði er að lögum skylt að láta vinna, en taka upp í þess stað ýmislegt, sem enga lagaheimild hefir til fjár úr landssjóði. T. d. skal eg benda á Flensborgarskólann; hann fær nær því alt sem hann bað um, nær alt sitt fé úr landssjóði, án þess þó að stjórninni sé gefinn vegur til þess að líta eftir eða hafa áhrif á skólann. Alstaðar kemur það sama fram: Það er látist vera að spara með því að fresta útgjöldum í bili, sem landssjóði er skylt að greiða og verður að borga á næstu árum, en fénu er varið til ýmislegra útgjalda, sem binda

landssjóði bagga nú og framvegis, bagga, sem honum er ekki skylt að bera og sem hann hefir ekki borið áður. —

15. gr. hækkar um 20 þús. kr. frá því sem hún var áætluð í frumv. stjórnarinnar og nokkru meira en helmingur þeirrar upphæðar eru bitlingar til einstakra manna. Eg skal ekki segja að þeir séu óþarfir eða ónauðsynlegar fjárveitingar, en það er þetta þing, sem veitir þá, þingið, sem ekki álítur landssjóð færan um að vinna sín skyldustörf.

Alls eru í fjárlögunum nýjar styrkveitingar til einstakra manna eða hækkaðir styrkir, sem nema 24 þús. kr. Svona örlátur er sparnaðarflokkurinn nýi við einstaka menn. Slíkar fjárveitingar hafa áður verið kallaðar bitlingar. Það sem meðal annars hefir hækkað útgjöldin í 15. gr. er aukin fjárveiting til bókasafnanna á Akureyri og Ísafirði. Það er ekki hægt að segja um það fé, sem til þeirra er varið, ef það er rétt notað, að það sé eyðslueyrir, sökum þess að það hækkar eign landsins og kaupstaðanna. En því gat þetta ekki líka beðið?

16. gr. er til verklegra fyrirtækja. Þar er um stórar upphæðir að ræða, og hefir sú grein hækkað tiltölulega minna en hinar í meðferð þingsins; enda er þar um verkleg fyrirtæki að ræða, og þau geta náttúrlega beðið fremur hinu. Alls hefir grein þessi hækkað í meðferð þingsins um 20 þús. úr 396 þús. upp í 416 þús.

Það er þessi meðferð á fé landssjóðs, sem eg hefi viljað benda á. — Eg get dregið það saman í örfá orð: Þörfustu verkin, svo sem vegir, brýr, símar o. s. frv. eru stöðvuð án þess að það takist að láta hag landssjóðs batna í minsta máta frá því sem hann var, meðan hin »eyðslusama stjórn« sat við völdin. En hún var gætin framfarastjórn. Nú er öllu snúið öfugt.

Eg segi það fyrir mig og minni hlutann í þessari deild, að vér höfum reynt að berjast móti þessari nýju stefnu eftir föngum. Meiri hlutinn hefir heiðurinn af þessu eins og öðru, sem þingið gerir og hann ber einnig ábyrgðina af því. Og eg afsala mér og þeim þm. hér í deildinni, sem sama flokk fylla — heimastjórnarflokkinn — alla hlutdeild bæði í heiðri og ábyrgð af þessum fjárlögum.

Jón Sigurðsson: Eg vil leyfa mér að þakka háttv. fjárlaganefnd fyrir það, að hún hefir tekið upp fjárveitinguna til Borgarfjarðarbrautarinnar, þótt fjárveitingin sé nokkru lægri en á stjórnarfrumv. síðara árið. Það var byrjað á brautinni um aldamótin og hefir gengið seint; mest er nauðsyn á því, að fá brú á Norðurá.

Eg verð að láta þá skoðun í ljósi, að það sé ekki heppileg stefna, að láta nauðsynleg fyrirtæki, sem landssjóður á að annast, bíða, einkum þau fyrirtæki, sem hafa áhrif á líf og efnahag manna; það væri of langt gengið inn á sparnaðarbrautina, að hætta við þau með öllu. Þegar hart er í ári, er vinnan ódýrari, og fólk hefir þá meiri þörf fyrir hana.

Þá hefir fjárlaganefndin lagt til, að 1000 kr. til mótorbátsferða á Hvítá falli burtu. Eg er ekki ánægður með það, því mér finst það meinlaust, þó heimildin standi um það, að 1000 kr. megi verja til ferðanna á Hvítá. — Peningarnir verða ekki borgaðir út, nema báturinn geti komist langt upp eftir ánni.

Þá vil eg minnast á breyt.till. 633. Það er hækkun styrksins til 2 ríthöfunda um 200 kr. á ári til þeirra Þorsteins Erlingssonar og Guðmundar Magnússonar. Eg hefi áður tekið það

fram, að þessir menn hafi unnið þann sóma og það gagn til bókmenta, að þeir eigi styrk skilið, og vil eg eigi fara að endurtaka það nú, sem áður er búið að segja um það mál, en að eins vil eg taka það fram, að eg álít, að þessi styrkupphæð sé hæfileg til þeirra manna í samanburði við það, sem öðrum rithöfundum er veitt á þessum fjárlögum.

Skal eg svo ekki fara fleiri orðum um þetta, en vænti þess, að hin háttv. deild sé mér samdóma um þetta efni.

Bjarni Jónsson: Eg get ekki sagt, að þakklátssemi við Ed. íþyngi mér fyrir meðferð hennar á fjárlögunum. Þó er eg henni þakklátur fyrir það, að hún hefir veitt Guðmundi lækni Tómassyni styrk. Það er hin mesta nauðsyn á, að sinna styrkbeiðni hans. — Vér höfum haft margar og margvíslegar framfarir hér á landi á síðast liðnum áratugum, en vér erum ekki fremur en aðrar þjóðir undanþegnir skuggum menningarinnar. Er það sem allir vita afleiðing þess, er menn flytja saman í bæi og samgöngur aukast, að landlægir verða ýmsir sjúkdómar, sem hættulegir eru, af því að þeir eru tíðastir á fátæku kvenfólki og geta haft hinar verstu afleiðingar, svo sem bólgu í lífmóður og öðrum áríðandi líkamshlutum, óbyrjuskap o. fl.

Guðm. Tómasson ætlar sér að veita slíku fólki ókeypis læknishjálp, ef hann fær styrkinn.

Öllum er það kunnugt, að ill aðbúð og vankunnátta getur orðið sængurkonum að margvíslegu meini, gert þær óbyrjur, örkumlaðar og sjúkar á ýmsan hátt. Þessu vill Guðm. Tómasson bjarga við með því, að koma upp vísi til fæðingarstofnunar, þar sem fátækar stúlkur og konur geti notið hjúkrunar, meðan þær liggja á sæng. Þetta er hið mesta nauðsynjaverk, og það eitt út af fyrir sig væri styrksins maklegt.

En svo er á það að líta, að auk þess mundu menn, sem ganga á læknaskólann, hafa gagn af þessari stofnun, því að hana mundu sækja miklu fleiri, heldur en aðrar sjúkrastofnanir hér í bænum. Einnig er það leiðinlegt, að læknaefni okkar skuli ekki mega sitja yfir konum, fyr en þeir hafa verið marga mánuði í Kaupmannahöfn á fæðingarstofnuninni þar, að eg ekki tali um það, hversu nauðsynleg slík stofnun væri, er hér er settur upp háskóli.

Nú er þess að gæta um manninn sjálfan, að auk þess, sem hann er gáfaður maður, þá hefir hann ráðist í allmikinn kostnað, af því hann áleit, að þörf mundi vera á, að setja á stofn slíka stofnun, og hefir þess vegna farið til ýmsra landa til þess, að afla sér fræðslu um þessa hluti, þar á meðal hefir hann dvalið í Englandi á sérfræðisstofnun í þessari grein, og mun hann hafa kostað til þessarar fræðslu freklega 4000 kr. og auk þess miklu til verkfærakaupa.

Þinginu ætti því að vera ljúft, að veita manninum þessa upphæð, auk þess, sem það er aðalatriðið í þessu máli, og þó engin ástæða væri önnur, þá væri hún ein nægileg, en hún er sú, að maðurinn fái að njóta þess, er hann hefir lært, því það liggur í augum uppi, að ef maður þessi verður að hrekjast í eitthvert útkjálka læknishérað, þá hefir hvorki hann sjálfur né landið í heild sinni not af lærdómi hans. Vona eg því til, að deildin láti þetta komast í gegn, einkum þar sem efri deild hefir sýnt þá sannsýni, að samþykkja þetta, sem eg er henni þakklátur fyrir.

Þá er orðabókarstyrkur til Jóns ritstjóra Ólafssonar. Þótt eg legði það

til áður, að þessi styrkur yrði feldur, þá var það fyrir þá sök, að mér þótti ekki nógu vel til bókarinnar vandað, að láta einn mann gera hana og eigi nægilegt fé. En er eg sá, að deildin treysti þessum manni til verksins, þá greiddi eg atkvæði með hærri upphæðinni. Af sömu ástæðu legg eg nú til, að styrkurinn sé hækkaður aftur.

Þá hefir háttv. Ed. skorið niður styrk til Jóns Ófeigssonar til að semja þýzka orðabók. Þessi fjárveiting var samþykt hér í deildinni með 14 : 9 atkv., og vona eg, að þeim sömu mönnum hafi ekki snúist hugur síðan, og það því síður, sem komið hefir fram tillaga um það, að þingið veitti styrk til þess, að gefa út kenslubækur. Og enginn mun bera á móti því, að orðabækur séu kenslubækur, því þær eru það handhægasta hjálparmeðal, þeim sem mál vilja nema. En að þurfa að hafa millilið í milli sín eigin máls og þess, sem numið er, það er afar-óheppilegt og skaðlegt fyrir móðurmálið. Maðurinn er duglegur og áhugamikill, og því engin hætta á, að styrknum verði ekki vel varið, en stór nauðsyn á, að hann fáist. — Eg vona því, að þessir 14 menn, sem greiddu atkvæði með þessu um daginn, hiki ekki við, að gera það enn.

Þá hefi eg með 1. þm. Eyf. (H. H.) lagt til, að styrkurinn til Einars Hjörleifssonar skálds, og Þorsteins Erlingssonar verði hækkaður upp í það sama, sem hann var, er fjárlögin fóru héðan úr deildinni. Eg vil minna menn á það, að reglan við slíka styrkveitingu á að vera sú, að styrkurinn geti komið styrkþega að notum. Þess vegna ef styrkurinn er alt of lágur, þá verður maður einhvernveginn við að bæta, til þess að geta dregið fram lífið. — En þá getur vel svo farið, að maðurinn missi sjónar á sínu eigin starfi — eða sökum þreytu og annríkis aldrei geti að því unnið — og af þessum ástæðum eiga háttv. þm. að greiða atkv. með hærri styrknum, því þá er öllu borgið, manninum, verkinu — og styrknum. — En að hugsa sér að hann lifi af 1000 kr., nær ekki nokkurri átt, og maðurinn þarf að vinna mikið til þess að fá það í 1500 kr. Hér er ekki vani að borga meira en 30 kr. fyrir örkina í ritlaun, og verða þeir þá að unga úr sér rúmum 17 örkum til þess að vinna upp mismuninn. Þeir sem vilja koma mönnum í slíkt öngþveiti, geta ekki búist við að árangurinn af aðalstarfi þeirra verði mikill. En fái hann 1500 kr., þá getur hann með léttu móti unnið fyrir því sem ávantar til þess að geta lifað, og ef í harðbakka slær, þá getur hann dregið fram lífið með það. Þingið hefir sýnt, að það hefir viljað styrkja þessa menn, hvers vegna þá ekki að styrkja þá þannig, að landinu verði að gagni? Þeir sem fært hafa þenna styrk niður hafa raunar fyrir landssjóðs hönd sparað 800 kr., en þeir hafa um leið ónýtt fyrir landssjóði 1000 kr. og 1200 kr., og auk þess starfsemi þessara manna að miklu leyti. Ef einhver er hræddur við, að Ed. muni fella þetta aftur, ef það nær samþykki hér, þá er slíkt ekki á ástæðu bygt, því að svo miklir fjármálamenn munu þeir þó vera, að þeir ekki vilji kasta 1000 kr. í þingkostnað, til þess að geta sparað þessar 800 kr. En illa væri farið, ef hægt væri að heimfæra vísu þessa upp á þessa menn og afskifti þingsins af þeim:

»Þjóðin hann syrgði
og harmandi hrein
og hlóð niður peningum
dauð yfir bein«.

Menn sjá að eitt skáld og einn rímari leggja þetta til. Veit eg að mörg-

um hefir þótt skáldið leika vel á strengina, og vona eg að menn meti dóm hans svo mikils, þeir sem altaf þurfa einhverja stoð til að styðja sig við, að þeir verði ekki mótfallnir þessari tillögu okkar.

Sigurður Sigurðsson: Eg á hér nokkrar breyt.till., sem eg vil fara nokkrum orðum um. Ein þeirra fer fram á, að veittar verði 10,000 kr. fyrra árið til Grímsnesbrautarinnar. Samskonar fjárveiting var samþykt á fjáraukalögunum fyrir 1908 og 1909. Annars var fjárveiting til þessarar brautar tekin upp á fjárlagafrumv. stjórnarinnar og samþykt hér í deildinni. En Ed. þóknaðist að fella hana burtu.

Þessar 10,000 kr., sem veittar eru í fjáraukalögunum, eru alls ónógar til þess að komist verði með veginn austur yfir versta kaflann — hraunin, — sem eru svo að segja ófær yfirferðar vor og haust. Fyrir því hefi eg komið með þessa breyt.till., sem eg vona, að verði samþykt. En fjárlaganefndin hefir sett það skilyrði, til þess að vera með þessu, að eg kæmi með breyt.till. í þá átt, að nema í burtu jafnmikla upphæð af fjárlögunum til þess að fjárhagsjafnvægið ekki raskaðist. Eg hefi því neyðst til, þótt mér hafi fallið það illa, að koma meðal annars með till. um það, að fella burtu 4000 kr. síðara árið af fé því, sem ætlað er til þess að rannsaka Flóaáveituna. En um það tjáir ekki að fást, þegar fyrirtæki eiga í hlut, sem alls ekki geta eða mega bíða.

Þá vil eg minnast á þá breyt.till. mína, að færa lánið til Klæðaverksmiðjunnar á Akureyri úr 60 þús. kr. niður í 50 þús. kr. Eg skal sem fæst segja um þessa lánsheimild, en það verð eg að segja, að mér virðist hún mjög svo varhugaverð. En svo hefi eg lagt til, að þessum 10,000 kr. yrði bætt við lánið til kornforðabúranna. Það er eigi óliklegt, að meira þurfi að lána til þeirra á fjárhagstímabilinu en það, sem ætlað er til þess, og því virðist mér það mjög sanngjarnt, að bætt sé við þá upphæð þessum tíu þúsund kr., sem breyt.till. fer fram á.

Þá hefi eg farið fram á, að veittur verði afborgunarfrestur á láninu til tóvinnuvélanna á Reykjafossi í Ölfusi. Eg hefi áður gert grein fyrir því, af hverju tóvinnuvélafélagið þurfi þessa með, og vona eg, að menn líti með sannsýni á málið og fallist á að vera með þessari tillögu.

En áður en eg lyk máli mínu vil eg leyfa mér að víkja nokkrum orðum að ræðu háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.). Hann gat þess, að hann að þessu sinni, eins og oftar hefði orðið í minni hluta í nefndinni, og gaf í skyn, eða það mátti lesa það á milli línanna hjá honum, að nefndin hefði skiftst eftir flokkum. En þessu var alls eigi þannig varið. Ef eg man rétt voru flestar breyt.till. nefndarinnar samþ. með miklum atkvæðamun í nefndinni, og voru það ýmist menn úr meiri eða minni hlutanum, sem komu fram með þær. *(Jón Jónsson,* S.-Múl.: Það var oft töluverður ágreiningur). Þegar fjárlögin voru til 2. og 3. umr. studdi hinn háttv. þm. að því, að styrkveitingar til einstakra manna kæmust að og yrðu samþyktar. Greiddi hann flestum þeirra atkv., eftir því, sem eg man bezt. En hvað, sem sagt er nú um þetta, þá vil eg þó fullyrða, að *minni hlutinn á sinn fullan þátt í,* að skáldastyrkir og orðabókarstyrkir eru jafn rifir og margir, sem raun er á orðin.

Eg sé það á breyt.till. 646, að þeir

hafa þar sameinað sig vinirnir, þm. Dal. (B. J.) og 1. þm. Eyf. (H. H.) um hækkun á ýmsum skáldastyrkjum. En eg skil annars ekki í því kapphlaupi, sem virðist eiga sér stað, að vera stöðugt að hækka styrki til skálda og listamanna, og það er hart, að vér skulum nú ekki geta mætt háttv. Ed. á miðri leið, að því er það snertir, að stryka sem mest út af þessum persónulegu styrkjum.

Annars er hætt við, að mínu áliti, að þessir skáldastyrkir verði til þess, að allir fari að yrkja, og svo auðvitað sækja um skáldastyrk á eftir. Það má einnig óhætt fullyrða, að engin þjóð á jafnmörg skáld og vér Íslendingar í hlutfalli við fólks fjölda. Eg lít enda svo á, að skáldin séu orðin helzt til mörg meðal vor. Og eg fyrir mitt leyti vil ekki, með því að greiða atkvæði með þessum skáldastyrkjum, stuðla að því, að ala þann hugsunarhátt, að allir fari að yrkja og áliti sig vera skáld.

Sigurður Gunnarsson: Eg á hér að eins 2 breyt.till. og skal eg fyrst minnast á breyt.till. 669.

Eg er þakklátur Ed. að lánsheimildin í 22. gr. fjárlaganna hefir fengið að standa. Háttv. Ed. hefir verið sannfærð um, hve afarnauðsynleg þessi bátakví er, sem þar um ræðir, þar sem veiðistöðin er hin fisksælasta við Breiðaflóa, en brimlending háskaleg; en hin háttv. Ed. hefir gert annað. Hún hefir breytt lánskjörunum, gert þau miklu erfiðari. Eg kem nú hér með þessa breyt.till., sem miðar að því að setja þetta aftur í sama horf, og vona eg, að háttv. þingdm. telji það eigi eftir, þó lánskjörin séu bætt. Vona eg að þessari breyt.till. minni verði vel tekið, og að háttv. Ed. hafi eigi mikið við þetta að athuga, er hún íhugar það nánar.

Þá ætla eg að drepa á breyt.till. á þgskj. 666, sem eg á ásamt nokkrum öðrum háttv. þm. Þær eru viðvíkjandi skáldastyrk. Mér virðist bezt við eiga, að fara gætilega í að styrkja mörg skáld, þar sem þröngt er í búi landssjóðs og í mörg horn að líta, en vildi, að þau skáld, sem á annað borð fá styrk, væru styrkt myndarlega. Eg hefði helzt kosið, að þingið í þetta sinn hefði einungis styrkt 3 skáld, en látið hin bíða betri tíma. Vér, sem komum með þessar breyt.till., viljum leggja til, að styrkurinn í 22., 23. og 24. lið, 15. gr., sé færður niður, ýmist að þriðjungi eða helmingi.

Þá ætla eg að drepa með örfáum orðum á breyt.till. háttv. þm. A.-Sk. (Þ. J.) um að 15 þús. kr. af því fé, sem ætlað er til gufubátaferða á fjörðum og flóum, verði varið til Hornafjarðargufubátsins. Virðist þetta bæði órétt-látt, þareð, ef þetta yrði, væri einar 30 þús. kr. ætlaðar til allra annara gufubátsferða á landinu, og því síður ástæða til að samþykkja þetta, er »Sam. gufuskipafélagið« gerir í tilboði sínu ráð fyrir sérstökum bát til þessa með auknu tillagi. Eg geng út frá því sem vísu, síðan tilboð »Thore«-félagsins var felt, að eigi verði í annað hús að venda, en að semja við hið Sameinaða. Annars er þetta tilboð Sam. fél. fyrst nú komið fyrir sjónir þingdeildarinnar allrar, svo að naumast er enn unt að átta sig á því til hlítar, sízt áætluninni um millilanda- og strandferðir, og er því skiljanlegt, að hvorki eg né aðrir þm. hafi getað kynt sér áætlanir félagsins að nokkru ráði. En við fljótlega yfirferð sé eg, að áætlunin er alsendis óviðunandi, að því er snertir Breiðaflóa, verði henni eigi breytt. Það

má eigi minna vera, en ferðir verði þó eitthvað skárri en áður, þar sem þingið leggur ríflega fé til, og hefir hafnað öðru fyrirkomulagi á samgöngumálunum, er eg taldi og tel illa farið. Eg verð að treysta því, að svo verði um hnútana búið, að áætlun þessa megi laga til hagræðis fyrir landsmenn, frá því sem hún nú birtist.

Af því að svo mikill tími hefir gengið í þessa umræðu, þá ætla eg ekki að vera margorður, en minnast þó á einstöku breyt.till. Háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) kom með þá till. að fella burtu styrkinn til G.-T.-reglunnar, og bygði hann þá breyt.till. sína á því, að starfi hennar myndi nú lokið hér á landi, er bannlög væru samþykt. Eg býst við, að hlutverk G.-T. verði sama og áður hefir verið, og veit ekki betur, en að vín verði flutt inn í landið til 1912. Og þótt eigi væri annað, þá ætti að veita þennan styrk sem viðurkenning fyrir gott og vel unnið starf. Vona eg að allir þingdm., sem meta þetta starf að nokkru, greiði atkv. á móti þessari breyt.till.

Háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) virtist mér fordæma nokkuð snemma fjármálapólitik meiri hlutans. Enginn getur vænst þess með sanngirni, að meiri hlutinn hafi getað lagt nokkura fasta undirstöðu undir fjármálapólitik sína á þessu þingi, enda er það hinn heiðraði minni hluti, sem þar hefir lagt grundvöllinn, eða búið alt í garðinn. Hinar stórpólitísku öldur hafa, eins og kunnugt er, risið allhátt á þessu þingi, og þegar svo er, er naumast að vænta þess, að meiri hlutinn hafi haft færi á að breyta verulega stefnunni að þessu sinni. Svo er og á það að líta, að minni hlutinn hefir lagt alt kapp á að rugla fjármálin, og auðséð á mörgu, að honum hefði eigi leiðst, þótt tekjuhallinn hefði orðið mun drýgri. Mun minni hlutanum heppilegast að bíða með dóm sinn. Annars ætla eg ekki að fara fleiri orðum um þetta mál að svo komnu.

Jón Jónsson (N.-Múl.): Eg er þakklátur hinum hæstv. ráðh. (B. J.) fyrir till. hans um 3000 kr. hvort árið til Fagradalsbrautarinnar, og 4000 kr. f. á. til Lagarfljótsbrúarvegarins. Er breyt.tillaga þessi bygð á tillögum verkfræðings landsins, enda er hún í alla staði réttmæt.

Af því að eg hefi orðið var við misskilning um Lagarfljótsbrúarveginn, vildi eg minnast á hann lítið eitt. Upphaflega var það meiningin, að brautin ætti að ná alla leið að Lagarfljótsbrú, en nú atvikaðist það einhvernveginn þannig, að vegalögin segja að brautin skuli lögð niður að fljótinu hjá Egilsstöðum. Það er alveg ljóst, að til þess að brúin geti komið að tilætluðum notum, þarf brautin að ná brúnni. Vegurinn frá Egilsstöðum að brúnni er vondur með köflum: kílar, mýrar og móar. Þetta er líka þjóðvegur. Má benda á, að verkfræðingur landsins hefir talið nauðsynlegt, að gera þjóðveginn frá Egilsstöðum að Jökulsá hjá Fossvöllum sem fyrst akfæran, því að fyr kæmi ekki Fagradalsbrautin að fullum notum.

Hér er ekki nema um litla fjárveitingu til allra nauðsynlegasta vegarkafla á þessari leið að ræða, og vona eg að háttv. þm. í þessari deild verði enn sem fyr svo sanngjarnir að samþykkja þessa fjárveitingu.

Eg hefði eigi búist við, að háttv. 2. þm. Reykvíkinga (M. B.) mundi koma með breyt.till. um að lækka svona mikið styrkinn til Eiðaskólans, þar sem hann var skólanum hlyntur áður. Nú eru skólanum ætlaðar í fjárlögunum að eins 1500 kr. hvort árið til reksturs. Áður, meðan búnaðarskólarnir

voru 4, hafði þó Eiðaskóli 2500 kr. á ári, og þótti, sem var, sultarskamtur. Þá voru í skólanum þetta 6—10 nemendur og stundum færri. Nú eru þar um 20 námsmenn og verða vafalaust miklu fleiri úr þessu, eftir því sem húsrúm leyfir.

Hér er því alls ekki sanngjarnt í sakirnar farið við okkur Austfirðinga, heldur hangið í bókstaf bændaskólalaganna. En um þennan byggingarstyrk er það að segja, að hann er veittur í eitt skifti fyrir öll og brýtur því ekki bág við nein »princíp«. Eg skal játa, að 20,000 kr. er rausnarleg fjárveiting til byggingarinnar. En allir sjá, hve árstillagið er lítið og full þörf á að skólanum sé sýnd viðurkenning á einhvern hátt. Eg vona, að tillaga háttv. 2. þm. Rvk. (M. B.) verði feld.

Annars vildi eg óska þess, að hann tæki breyt.till. aftur.

Jón Magnússon: Það er komin fram breyt.till. frá háttv. þm. Dal. (B. J.) um að styrkurinn til Boga sagnfræðings Melsteðs, þetta sem eftir er af honum — annað árið —, færist niður í 200 kr. Ef háttv. meiri hluti vill hegna honum, þá tjáir ekki um það deila, hann hefir ráðin. En hitt, að leggja það til, að þessum fræðimanni verði veittur svo lúsalegur styrkur, 200 kr., það getur ekki verið gert í öðrum tilgangi en að svívirða manninn, sem sannarlega á alt annað skilið af þingi og þjóð. Þessi tillaga hlýtur að vera sprottin af persónulegum kala.

Af því að eg stóð upp, ætla eg að drepa á styrkinn til þýzkrar orðabókar. Þingið hefir áður jafnan tekið fremur greiðlega í styrkveitingar til útgáfu orðabóka; eg veit, að manni þeim, er styrkurinn er ætlaður, er mjög vel trúandi til að leysa verkið vel af hendi, og það er orðin mikil nauðsyn á því, að fá þýzk-íslenzka orðabók. Vona eg því, að styrkur þessi verði nú veittur.

Framsögumaður (Skúli Thoroddsen): Eg finn ekki ástæðu til að svara, fyrir hönd nefndarinnar, nema örfáu af því, sem sagt hefir verið. Eg skal geta þess, viðvíkjandi ræðu háttv. þm. A.-Sk. (Þ. J.), að til þess er ætlast, að báturinn, sem gengur á milli Reykjavíkur og Fáskrúðsfjarðar, verði valinn með sérstöku tilliti til Hornafjarðar. Hann á að verða grunnskreiðari en »Hólar«. Að öðru leyti ætla eg mér eigi að taka að mér, að verja Sameinaða félagið, eða meðferð þess á Horufirðingum.

Það er rangt hjá háttv. þm. Vestm. (J. M.), að bendla fjárlaganefnd eða meiri hluta hennar við till. um að lækka styrkinn til Boga Melsteðs; hún er frá háttv. þm. Dal. (B. J.), og er eg samdóma háttv. þm. um það, að þessa till. verði að skoða sem fram komna í háðungarskyni, eða mjög litlu virðingarskyni að minsta kosti. Það er rangt að ámæla meiri hluta fyrir meðferðina á Boga, þar sem hann ætlar honum að halda styrknum fyrra ár næsta fjárhagstímabils, og efast eg um, að minni hlutanum hefði farizt betur, hefði hann staðið í meiri hlutans sporum. —

Þá skal eg snúa mér að ræðu hv. 1. þm, S.-Múl. (J. J.). Hann talaði mest um málið frá pólitisku sjónarmiði. Manni lá við að halda, að ræðan ætti að koma út í »Lögréttu« eða »Reykjavík«. Hann ámælti meiri hluta fyrir stefnu hans í fjármálum. Hæstv. ráðherra (B. J.) stendur næst að svara þessu, en þar sem hann eigi hefir gert það, skal eg taka það fram, að eg gat þess við 1. umr., að með því að frv. væri undirbúið af fráfarandi stjórn,

hlyti það að vera hennar stefna, sem þar bæri mest á; en það er kunnugt að núverandi stjórn hefir byrjað á símum og fleiri stórfyrirtækjum, og þannig bundið fé landsins, svo sem eg hefi fyr sýnt fram á í fjárlagaumr. Háttv. þm. Ísaf. fann að því, að sparnaðurinn kæmi mest fram í 13. gr., en það er ekki enn komið í ljós, hver sparnaðurinn verður, því það veltur alt á því, hve mikið af breyt.till. einstakra þm. kemst að.

Þá mátti og kenna þess á ræðu hv. þm., að hann vildi draga sem mest vald undir stjórnina. Eg er gagnstæðrar skoðunar. Eg vil draga sem mest vald frá stjórninni í hendur þingsins og þjóðarinnar.

Eg finn ekki ástæðu til að þrefa um einstakar breyt.till., sem margoft hefir verið minzt á áður.

Bjarni Jónsson: Mér hefði ekki komið til hugar að taka til máls, ef ekki hefði verið ráðist á mig fyrir mína meinlausu till. um styrk til Boga Melsteð. Tveir þm. hafa sagt, að sú till. sé fram komin í háðungarskyni við manninn. Eg neita þessu. Það mætti þá eins segja, að 200 kr. fjárveiting til bóndans á Tvískerjum sé veitt í háðungarskyni. Það er líka undarlegt af jafnmiklum sparnaðarmönnum að kalla tilraunir manna til að spara, óþörf útgjöld, háð og háðungartilraunir.

Jón Jónsson (S.-Múl.): Háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) hefir komið fram með till. þess efnis að lækka lánsheimildina til verksmiðjufélagsins á Akureyri, úr 60 þús. niður í 50 þús. kr., en hækkar aftur um 10 þús. krónur lánsheimildina til kornforðabúra.

Eg skil ekki, hvers vegna háttv. þm. fer fram á þessa hækkun til kornforðabúranna. 10 þús. kr. er víst nægilegt fé til að byrja með, og mér finst engin sanngirni mæla með því að dregið sé úr hinni upphæðinni til þess að hækka þessa. Eigi verksmiðjufélaginu að verða verulega gagn að láninu, þarf það að vera svona mikið, eins og frv. ætlast til. Þetta var upplýst greinilega í Ed. þar sem sæti á einn af stjórnendum verksmiðjufélagsins, og hann þekkir auðvitað betur til en háttv. 2. þm. Árn. (S. S.).

Eins og við var að búast gerði hv. framsm. (Sk. Th.) tilraun til að hrekja það sem eg sagði. Samt held eg að honum hafi ekki tekist að raska þeim grundvelli, sem eg bygði á. Og margt af því, er hann lagði mesta áherzlu á, var hreinn og beinn útúrsnúningur. Eg benti að eins á nokkrar tölur úr fjárlagafrumv. og stjórnarfrumv., bar þær saman, og dró út af þeim réttar ályktanir, og lýsti yfir því, að vér, minni hlutinn á þessu þingi, vildum ekki taka á okkur ábyrgðina af fjárlögunum, eins og þingið ætlar að ganga frá þeim, og mundum heldur ekki sækjast eftir hlutdeild í heiðrinum.

Háttv. framsm. heldur því fram, að ekki verði hjá því komist að stöðva um stundarsakir ýms mestu nauðsynjastörf landssjóðsins, af því að fé sé ekki til, eða að það sé fast. Þetta er algerlega rangt, og eg sýndi glögt fram á það áðan, að öllu þessu mikla fé, sem þingið nú hefir svift frá framfarastörfunum, ætlast það til að varið sé til ýmislegs annars, sem landssjóður er ekki að lögum skyldur að veita fé til. Eg sýndi fram á þetta með fullum rökum, og sömuleiðis á það, að eftir allan þennan »sparnað«, verða útgjöld landssjóðsins eins mikil og hin fráfarandi stjórn ætlaðist til. Hér er því í raun og veru ekkert sparað; jafnmiklu fé er eytt til ýmislegs miður nauðsynlegs, en lögboðin nauðsynjastörf landssjóðsins látin bíða. Þetta er afar-auðskilið og einfalt.

Eg er á móti þannig lagaðri fjár-

málapólitík, af því eg er sannfærður um að hún er stórskaðleg fyrir landið, og því vísaði eg ábyrgðinni af mér og þeim flokki, er eg fylgi. Háttv. framsm. sagði að ræða mín hefði verið fyrirtaks kjósendaræða, eða til þess að láta birta hana í »Reykjavík« eða »Lögréttu«. Það yrði þá víst í fyrsta sinn, að mér hlotnaðist sá heiður að þingræður mínar væru prentaðar í blöðum. Hv. framsm. (Sk. Th.) og eg erum svo gamalkunnugir, að hann veit vel, að það er ekki mín veika hlið að fylla þingtíðindin með þessar svonefndu »kjósendaræður«, og hann segir þetta víst í gamni. En hvað ætli mætti segja um þessar sparnaðaræður háttv. framsm. sjálfs, og ýmsra af flokksmönnum hans, sem oftast eru með »sparnaðinn« á vörunum á þessu þingi, — ætli það sé ekki kjósendaræður? Þeir þurfa víst sumir fremur á slíkum ræðum að halda, en eg.

Það er algerlega rétt hjá háttv. frms. (Sk. Th.) að einkenni góðrar stjórnar lýsi sér ekki hvað sízt í sparnaði á fé landsins. En getur nokkur bent á það í gerðum þessarar nýju stjórnar, og háttv. meiri hlutans í heild sinni, er sanni, að hér sé um nokkra sparsemi að ræða í raun og veru? — Nei, það er víst ómögulegt.

Hv. framsm. var eitthvað að tala um það, að einkenni góðrar löggjafar væri það, að bæta sem mest hag hinna mörgu smáu, og er þetta auðvitað fallega mælt. En hvernig kemur þessi hugsun fram í þessum fjárlögum? Eg sé hana hvergi, eg sé hvergi hlynt sérstaklega að smælingjum landsins, nema ef hann skyldi meina »þá lítilsigldu«. Nei, aðalhugsjón þessa frumv. er sú, ef hugsjón skyldi kalla, að skera niður vegina, brýrnar og símana, sem til gagns eru fjöldanum, og jafnvel, að því er snertir brýr og vegi, til gagns skepnunum, og þær eru þó verulegir smælingjar.

Það er ekki rétt, að eg hafi lastað styrkveitingar til Flensborgarskólans og kvennaskólanna. En eg vil slá því föstu, að fyrst og fremst sé landssjóði skylt að framkvæma það, er honum ber samkvæmt lögum. Hitt eigi fremur að sitja á hakanum, þótt þarft sé, og eg skal enn taka það fram, að með því að taka þessa skóla svona algerlega upp á landssjóðinn, er ekki að eins eytt allstórri fjárupphæð í bráð, heldur er þar með tekin upp á bak landssjóðsins mjög þung byrði um ókomin ár. Eg heyri að einhver nefnir Eiðaskólann. Það er ekki sambærilegt, þar sem sú fjárveiting er að eins í eitt skifti.

Það er sannfæring mín, að hollast sé fyrir oss að hafa sterka framtakssama stjórn, og láta hana hafa sem mest frumkvæði í löggjöfinni, og trúa henni fyrir sem mestu. En mér skildist háttv. framsm. halda fram því gagnstæða, að bezt væri að stjórnin yfirleitt hefði sem takmarkaðast vald og þjóðin réði mestu. Okkur hefir oft áður borið milli um þetta merkilega atriði, og líklega er til lítils að við förum að þrasa um það nú. Líklega bregður hann mér ekki um, að eg sé að tala til að geðjast kjósendum, þegar eg held fram þessari skoðun, og betur geðjast almenningi væntanlega að hans skoðun en minni. Enda er það drengilega gert af honum að halda uppi þjóðræðismerkinu, þar sem nú er svo komið, að fáir sýnast vilja kannast við þjóðræðisnafnið, og stefnan sjálf sýnist vera komin í fyrirlitning hjá þeim, er fyrir skemstu hófu hana með stóryrðum og fagnaðarlátum.

Framsögumaður (Skúli Thoroddsen): Eg skil ekki, hvernig nokkrum manni getur dottið í hug önnur eins fjarstæða og það að ætlast til þess, að hægt sé

að marka fjármálastefnu hinnar nýju stjórnar á fjárlögum, sem lögð eru fyrir þingið af hinni fráförnu stjórn, og þar sem gert er ráð fyrir yfir 300 þús. króna tekjuhalla, auk tekjuhalla á aukafjárlögum, er nemur hátt á annað hundrað þúsund króna, og ekki sízt þegar svo háttar, að við megninu af útgjöldum þeim, sem á fjárlagafrv. eru, verður alls ekki hreyft, þar sem um föst útgjöld ræðir, eða lögákveðin, sem ekki verður haggað við. Þegar svo er í garðinn búið, þá er vitanlega ómögulegt að ráða neitt af till. meiri hluta fjárlaganefndar um það, hverja stefnu nýja stjórnin ætlar sér að taka, að því er til fjármála landsins kemur.

Eg drap á, hver tekjuhallinn var áætlaður, þótt eg eigi nefndi hinar ákveðnu upphæðir; en hvernig stæði fjárhagurinn nú, eftir afskifti hinnar gömlu stjórnar og flokks þess, er hún styðst við, hefði ekki verið slík veltiár til lands og sjávar, sem verið hafa að undanförnu? Minni hlutinn sem nú er, á ekki þakkir skilið fyrir það, þótt vel hafi fiskast, og hátt verð verið á fiskinum.

Að öðru leyti skal eg geta þess, að eg veit ekki betur, en að háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) og hans flokksbræður í fjárlaganefndinni hafi greitt atkv. með mörgum hækkunum á fjárlögunum, og situr því eigi á honum, að vera að álasa meiri hlutanum fyrir aðgerðir hans, né fyrir það, að meiri hlutinn vill synja um fjárveitingar til ýmsra fyrirtækja, þar sem 1. þm. S.-Múl. (J. J.) sem og ýmsir flokksbræður hans hafa greitt atkvæði gegn fjárveitingum til brúa, vega og síma hvað ofan í annað, sem er sama sem þeir segi við sjálfa sig: »Í þessum heiðri verð eg að fá hlutdeild«.

Pétur Jónsson: Eg ætla að eins að svara stuttlega því sem háttv. framsm. (Sk. Th.) sagði um brt. okkar 1. þm. S.-Múl. (J. J.). Þegar í upphafi tók eg það fram, að við hefðum ekki komið með þessar till. af því, að við álitum þessa vegi, sem þar er um að ræða ónauðsynlega, heldur af því að okkur þótti skrítið, að stórfé væri varið til vega, sem landssjóður þarf ekki að kosta, en hinir látnir sitja á hakanum, er honum ber að annast.

Eg hefi sýnt, að hann gufar upp hinn mikli sparnaður, sem gerður er á fé til hinna nauðsynlegri og arðberandi fyrirtækja, og maður veit varla hvað af honum verður. Og það er auðsætt af þessu, að þótt sparað sé fé til alveg nauðsynlegs áframhalds þessara fyrirtækja, þá hafa ársþarfir landsbúsins aldrei verið hækkaðar á neinu þingi jafnmikið og nú, og það eftir ekki sparnaðinn, heldur þvert á móti. —

Björn Sigfússon: Eg held, að till. frá háttv. A.-Sk. (Þ. J.), hljóti að vera fram komin af tómum misskilningi. Verði bátastyrkurinn samþyktur eins og hann er nú í fjárlögunum, er ekki þörf á 15 þús. kr. sérstakri fjárveitingu til báts á Hornafjörð. *(Þorleifur Jónsson:* Eg tek tillöguna aftur). Jæja, þá þarf eg ekki að tala um hana. En í sambandi við þetta, þá vil eg taka það skýrt fram, að þegar fjárlaganefnd neðri deildar færði bátastyrkinn í eitt lag og slepti að setja sérstök skilyrði, þá vildi hún leggja áherzlu á það, að styrkurinn væri notaður til að bœta samgöngur, þar sem þær nú eru lakastar, þar á meðal á Hornafjörð og Húnaflóa. Hitt álít eg gersamlega rangt, að veita styrkinn helzt þangað, sem samgöngurnar eru beztar. Verði strandferðir ekki lakari, en þær eru nú, þá tel eg óþarft, að styrkja sérstaka flóabáta, nema á þeim stöðum, sem alt af verða helzt út undan. Nokkuð er það sérstaklegt með Faxaflóa gufu-

bátinn, af því að hann tekur að sér póstflutninga til Vesturlands og Norðurlands og sparar þannig landpósta, að miklum mun. En hitt tel eg víst, að styrkur til þess báts megi vera töluvert lægri en nú er, þar sem hann hefir afar-mikla mannflutninga og vöruflutninga, og ætti því að borga sig með minna framlagi úr landssjóði. Þetta er stjórninnl ætlað að athuga sérstaklega.

Eg hef ekkert á móti því, að heimila stjórninni alt að 60 þús. kr. á ári til strandferða og millilandaferða, og með þeim nánari skilyrðum, sem sett eru af fjárlaganefndinni, sérstaklega með það fyrir augum, ef mögulegt yrði að fá skip með kælirúmum og einhverjar ferðir til Hamborgar og Leith. En eg legg þetta til með alt öðrum hug, en þeir, sem miða það einungis við hið Sameinaða gufuskipafélag, og hina nýju áætlun erindrekans danska. Að vísu er nú helzt til lítill tími til þess, að athuga þá ferðaáætlun, sem kemur hér fyrst inn á fundinn í dag. En viðvíkjandi því, sem háttv. 1. þm. N.-M. (J. J.) o. fl. gerðu svo mikið úr því, hvaða gagn það væri, að Hólar færi 4 ferðir kringum land, þá vil eg segja það, að mér finst, að lítil bót mundi verða að þessum hringferðum. Lítum á hverjir eru viðkomustaðir — það eru kaupstaðirnir 4, nfl. Reykjavík, Seyðisfjörður, Akureyri og Ísafjörður, einmitt þeir staðir, sem áður hafa beztar samgöngur. Vinningurinn er því að eins fyrir þessa kaupstaði og engan annan og hvernig í dauðanum geta menn haldið því fram í alvöru, að þetta sé svo alment gagn fyrir landið. Eg sé því ekki annað, en að rétt sé, að samþykkja viðaukatill. háttv. þm. G.-K. (B. Kr.), því hún getur opnað veg fyrir stjórnina, að komast að samningum við eitthvert annað félag, en það Sameinaða, t. d. norskt eða enskt félag, og hins vegar vil eg bera það traust til stjórnarinnar, að hún semji ekki fyrir lengri tíma, en minst verður komist af með, og sæti þeim kjörum, sem bezt fást aðgengileg.

Að lokum get eg ekki látið vera, að svara ræðu háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) fám orðum. Hann endaði ræðu sína á því, að vísa til talnanna, sem hann nefndi. Þær áttu að sýna ráðleysi meiri hlutans í fjármálunum. Háttv. framsm. (Sk. Th.) hefir raunar skýrt það allvel, að það er ekki að kenna þessari viðtakandi stjórn né meirihl. nú, heldur þeirri fráfarandi stjórn og ýmsum ráðstöfunum síðari þinga. — Eg skal með nokkrum tölum sýna fram á það, hvernig búið er fyrir fram að binda meiri hlutann af tekjum landssjóðs með ýmsu, sem síðustu þing hafa lögbundið fram yfir það, sem áður var. Eg skal þá máli mínu til sönnunar að eins benda á nokkrar stofnanir, sem til hafa orðið undir hinni fráfarandi stjórn, og sem allar kosta mikið fé árlega, og þótt ýmislegt af því sé nauðsynlegt, þá kostar það jafnmikið fyrir því.

Skal eg þá nefna fyrst:

Lagaskólann, sem kostar árl.	25,000
Kennaraskólann	23,400
Gagnfræðaskólann á Akureyri	25,000
Prestlaunasjóðinn	24,000
Vegna fræðslulaganna . . .	30,000
Geðveikrahælið	18,800
Bændaskólana (viðbót með byggingum)	6,400
Samtals	210,200

Svo koma í viðbót söfnin öll með byggingum rúmlega önnur eins upphæð, og loks vitarnir allir og símakerfið, skóggræðslan, sandgræðslan og fleira og fleira. Þetta eru alt viðbætur, sem gerðar hafa verið á síðustu árum

og sem verður að halda áfram. En hins vegar, ef að spara á fé, þá verður að draga úr einhverju af öðrum fyrirtækjum, þar á meðal vegum, því ekki er hægt að auka skatta landssjóðs í fljótu hasti. Eg held því, að það sé ástæðulítið, að vera að reyna til að sverta meiri hlutann á þessu þingi fyrir bruðlunarsemi, þar sem hann hefir reynt af öllum mætti, að halda í horfinu framfaratyrirtækjum, en lítið var orðið eftir af óbundnum tekjum, eins og eg hefi nú sýnt fram á.

ATKV.GR.: Breyt.till. 637 við 12. gr. 5 samþ. með 15 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Jón Ólafsson,	Bjarni Jónsson,
Björn Jónsson,	Benedikt Sveinsson,
Björn Kristjánsson,	Einar Jónsson,
Björn Sigfússon,	Hannes Hafstein,
Björn Þorláksson,	Jóh. Jóhannesson,
Eggert Pálsson,	Jón Jónsson N.-M.,
Hálfdan Guðjónss.,	Jón Jónsson S.-M.,
Jón Sigurðsson,	Jón Magnússon,
Magnús Blöndahl,	Jón Þorkelsson.
Ólafur Briem,	
Sigurður Gunnarss.,	
Sig. Sigurðsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Stefán Stefánsson.	
Þorleifur Jónsson.	

Breyt.tlll. 674 við 13. gr. A. 2. sþ. án atkv.

Breyt.till. 674 við 13. gr. A. 2. (ath.) samþ. með 19 samhlj. atkv.

Breyt.till. 660 við 13 gr. A. 2. (ath.) feld með 16 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Jón Ólafsson,	Bjarni Jónsson,
Björn Jónsson,	Bened. Sveinsson,
Björn Kristjánss.,	Björn Sigfússon,
Eggert Pálsson,	Björn Þorláksson,
Einar Jónsson,	Hálfdan Guðjónss.,
Hannes Hafstein,	Jóh. Jóhannesson,
Jón Magnússon,	Jón Jónss., N.-M.
Pétur Jónsson,	Jón Jónsson, S.-M.
Stefán Stefánsson.	Jón Sigurðsson,
	Jón Þorkelsson,
	Magnús Blöndahl,
	Ólafur Briem,
	Sig. Gunnarsson.
	Sigurður Sigurðss.
	Skúli Thoroddsen,
	Þorleifur Jónsson.

Breyt.till. 637 við 13. gr. B. II (undir 1. lið), samþ. með 16 atkv.

Breyt.till. 648 við 13. gr. B. II feld með 13 : 8 atkv.

Breyt.till. 672 1. við 13. gr. B. II. (eftir 2. lið). samþ. með 20 samhlj. atkv.

Breyt.till. 650 1. við 13. gr. B. II. (eftir 3. lið), samþ. með 13 samhj. atkv.

Breyt.till. 644 við 13. gr. B. II. (Rangárbrú), feld með 14 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Jón Ólafsson,	Bjarni Jónsson,
Eggert Pálsson,	Benedikt Sveinsson,
Einar Jónsson,	Björn Jónsson.
Hannes Hafstein,	Björn Kristjánsson,
Jóh. Jóhannesson,	Björn Sigfússon,
Jón Jónsson S.-M.,	Björn Þorláksson,
Jón Magnússon,	Hálfdan Guðjónss.,
Jón Þorkelsson,	J. Jónsson, N.-M.
Pétur Jónsson,	Jón Sigurðsson,
Sig. Sigurðsson,	Magnús Blöndahl,
Stefán Stefánsson.	Ólafur Briem,
	Sig. Gunnarsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Þorleifur Jónsson.

Breyt.till. 672 2 við 13. gr. B. III, 3 samþ. með 19 samhlj. atkv.

Breyt.till. 638 1. við 13. gr. B. III, 5 (nýr liður), feld með 15 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bened. Sveinsson,	Bjarni Jónsson,
Björn Jónsson,	Jón Ólafsson,
Jón Jónss., N.-M.	Björn Kristjánsson,
Jón Sigurðsson,	Björn Sigfússon,
Jón Þorkelsson.	Björn Þorláksson,
Ólafur Briem,	Eggert Pálsson,
Sig. Gunnarsson,	Einar Jónsson,
Sig. Sigurðsson,	Hannes Hafstein,
Skúli Thoroddsen,	Hálfdan Guðjónss.,
Þorleifur Jónsson.	Jóh. Jóhannesson,
	Jón Jónss., S.-M.,
	Jón Magnússon,
	Magnús Blöndahl,
	Pétur Jónsson,
	Stefán Stefánsson.

Breyt.till. 640. 1 við 13. gr. B. III, 8 feld með 15 : 2 atkv.

Breyt.till. 640 2 við 13. gr. B. VII. tekin aftur.

Breyt.till. 640 3 við 13. gr. B. VIII, feld með 15 : 2 atkv.

Breyt.till. 640 4 við 13. gr. B. IX. tekin aftur.

Breyt.till. 640 5. við 13. gr. B. X. tekin aftur.

Breyt.till. 640 6. við 13. gr. B. XI, tekin aftur.

Breyt.till. 637 við 13. gr. B. XI, (á eftir XI nýr liður), samþ. með 22 samhlj. atkv.

Breyt.till. 640 7. við 13. gr. B. XII, (nýr liður), tekin aftur.

Breyt.till. 640 8. við 13. gr. B. XIII. feld með 15 : 8 atkv.

Breyt.till. 637 við 13. gr. C 1 sþ. með 19 samhlj atkv.

Breyt.till. 674 2 við 13. gr. C 1 (aths.), samþ. með samhlj. 20 atkv.

Breyt.till. 659 við 13. gr. C 1, sþ. með 14 : 7 atkv.

Breyt.till. 637 við 13. gr. C 1, sþ. með 15 : 4 atkv.

Br.till. 655 við 13. gr. C 1, tekin aftur.

Breyt.till. 640 9. við 13. gr. D. II 1 (»falli burt«), feld með 16 : 4 atkv.

Breyt.till. 640 9. við 13. gr. D. II 2 (komi nýr liður), feld með 16 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Jón Ólafsson,	Bjarni Jónsson,
Eggert Pálsson,	Ben. Sveinsson,
Einar Jónsson,	Björn Jónsson,
Hannes Hafstein,	Björn Kristjánsson,
Jón Jónsson S.-M.,	Björn Sigfússon,
Jón Magnússon,	Björn Þorláksson,
Pétur Jónsson,	Hálfdan Guðjónss.,
Skúli Thoroddsen.	Jóh. Jóhannesson,
Stefán Stefánsson.	Jón Jónsson N.-M.,
	Jón Sigurðsson,
	Jón Þorkelsson,
	Magnús Blöndahl,
	Ólafur Briem,
	Sig. Gunnarsson,
	Sig. Sigurðsson,
	Þorleifur Jónsson.

Br.till. 637 við 13. gr. D. II. 2. sþ. m. 16 atkv. shlj.

Br.till. 637 við 13. gr. D. V. sþ. m. 16 atkv. shlj.

Br.till. 637 við 13. gr. D. VI. sþ. m. 16 atkv. shlj.

Br.till. 680 við 13. gr. E. 1 a. sþ. m. 14 atkv. shlj.

Br.till. 680 við 13. gr. E. 1. b. sþ. með 16 atkv. samhlj.

Br.till. 637 við 14. gr. B. VI. (eftir 5) sþ. m. 21 atkv. shlj.

Br.till. 640 10 við 14. gr. B. VIII, 1.—3. feld m. 13 : 6 atkv.

Br.till. 637 við 14. gr. B. VIII, a. 1. sþ. m. 16 atkv. shlj.

Br.till. 637 við 14. gr. B. VIII, 5. sþ. m. 17 : 8 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Benedikt Sveinss.,	Bjarni Jónsson,
Björn Jónsson,	Jón Ólafsson,
Björn Kristjánsson,	Einar Jónsson,
Björn Sigfússon,	Hannes Hafstein,
Björn Þorláksson,	Jóh. Jóhannesson,
Eggert Pálsson,	Jón Magnússon,

Já:	*Nei:*
Hálfdan Guðjónss.,	Pétur Jónsson,
Jón Jónsson N.-M.,	Sig. Sigurðsson,
Jón Jónsson S.-M.	
Jón Sigurðsson,	
Jón Þorkelsson,	
Magnús Blöndahl.	
Ólafur Briem,	
Sig. Gunnarsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Stefán Stefánsson,	
Þorleifur Jónsson.	

Br.till. 637 við 14. gr. B. VIII, b. 5 c. sþ. m. 14 : 11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Jón Ólafsson,
Bened. Sveinsson,	Eggert Pálsson,
Björn Jónsson,	Einar Jónsson,
Björn Kristjánss.,	Hannes Hafstein,
Björn Sigfússon,	Jóh. Jóhannesson,
Björn Þorláksson,	Jón Jónsson S.-M.,
Hálfdan Guðjónss.,	Jón Magnússon,
Jón Jónsson N.-M.,	Jón Þorkelsson,
Jón Sigurðsson,	Pétur Jónsson,
Magnús Blöndahl,	Sigurður Gunnarss.,
Ólafur Briem,	Stefán Stefánsson.
Sigurður Sigurðss.	
Skúli Thoroddsen,	
Þorleifur Jónsson.	

Síðari liður sþ. með 14 : 5 atkv.

Br.till. 640 11 við 14. gr. B. VIII. c. sþ. m. 15 atkv. shlj.

Br.till. 640 2 við 14. gr. B. VIII. o feld með 15 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Kristjánss.,	Bjarni Jónsson,
Björn Sigfússon,	Jón Ólafsson,
Björn Þorláksson,	Bened. Sveinsson,
Hálfdan Guðjónss.,	Björn Jónsson,
Jón Sigurðsson,	Eggert Pálsson,
Ólafur Briem,	Einar Jónsson,
Sig. Gunnarsson,	Hannes Hafstein,
Sig. Sigurðsson,	Jóh. Jóhannesson,
Stefán Stefánsson.	Jón Jónsson N.-M.,
Þorleifur Jónsson.	Jón Jónsson S.-M.,
	Jón Magnússon,
	Jón Þorkelsson,
	Magnús Blöndahl,
	Pétur Jónsson,
	Skúli Thoroddsen.

Br.till. 650 3 við 15. gr. 1. d feld í e. hlj.

Br.till. 650 4 við 15. gr. 3. c. feld m. 19 : 3 atkv.

Br.till. 650 5 við 15. gr. 3. d. tekin aftur.

Br.till. 637 2 við 15. gr. (eftir 3. d.) sþ. m. 16 atkv. shlj.

Br.till. 650 við 15. gr. 13. tekin aftur.

Br.till. 639 við 15. gr. 14 sþ. m. 14 : 11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Björn Sigfússon,
Jón Ólafsson,	Eggert Pálsson,
Ben. Sveinsson,	Einar Jónsson,
Björn Jónsson,	Hannes Hafstein,
Björn Kristjánss.,	Hálfdan Guðjónss.,
Björn Þorláksson,	Jón Jónsson S.-M.,
Jóh. Jóhanness.,	Jón Magnússon,
Jón Jónss. N.-M.	Jón Sigurðsson,
Jón Þorkelsson,	Pétur Jónsson,
Magnús Blöndahl.	Sig. Sigurðsson,
Ólafur Briem,	Stefán Stefánsson.
Sig. Gunnarsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Þorleifur Jónsson.	

Br.till. 637 við 15. gr. 16 feld m. 15 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Sigfússon,	Bjarni Jónsson,
Björn Þorláksson,	Jón Ólafsson,
Hálfdan Guðjónss.,	Ben. Sveinsson,
Jóh. Jóhanness.,	Björn Jónsson,
Jón Jónss. N.-M.,	Björn Kristjánss.,
Jón Sigurðsson,	Eggert Pálsson,
Ólafur Briem,	Einar Jónsson,

Já:	*Nei:*
Sig. Sigurðsson,	Hannes Hafstein,
Skúli Thoroddsen.	Jón Jónss. S.-M.,
Þorleifur Jónsson.	Jón Magnússon.
	Jón Þorkelsson,
	Magnús Blöndahl,
	Pétur Jónsson,
	Stefán Stefánsson.

Rr.till. 646 1 við 15. gr. 19 feld m. 14 : 11 atkv.

Br.till. 663 við 15. gr. 20 sþ. m. 15 : 3 atkv.

Br.till. 646 við 15. gr. 20 feld m. 13 : 8 atkv.

Br.till. 663 við 15. gr. 22 feld m. 14 : 4 atkv.

Br.till. 666 1 við 15. gr. 22 feld m. 15 : 10 atkv.

Br.till. 637 við 15. gr. 23 sþ. m. 13 : 4 atkv.

Br.till. 666 2. við 15. gr. 23 feld m. 13 : 11 atkv.

Br.till. 666 3. við 15. gr. 24 feld m. 15 : 3 atkv.

Br.till. 637 við 15. gr. 24 sþ. m. 15 : 5 atkv.

Br.till. 640 12. við 15. gr. 28 feld m. 13 : 8 atkv.

Br.till. 640 13. við 15. gr. 29 feld m. 13 : 6 atkv.

Br.till. 645 1 við 15. gr. 32 feld m. 17 : 3 atkv.

Br.till. 636 við 15. gr. 33 sþ. m. 14 : 4 atkv.

Br.till. 646 við 15. gr. 33 sþ. m. 14 : 4 atkv.

Br.till. 662 við 15. gr. (nýr liður eftir 34) sþ. m. 15. atkv. shlj.

Br.till. 637 við 15. gr. 40 sþ. m. 14 : 5 atkv.

Br.till. 637 við 15. gr. 43 sþ. m. 15 : 2 atkv.

Br.till. 645 2. við 15. gr. (aftan við 15. gr. bætist) sþ. m. 14 : 11 atkv. að viðhöfðu nafakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Björn Kristjánsson,
Jón Ólafsson,	Björn Sigfússon,
Benedikt Sveinss.,	Björn Þorláksson,
Björn Jónsson,	Hannes Hafstein,
Eggert Pálsson,	Hálfdan Guðjónss.,
Einar Jónsson,	Jón Jónsson N.-M.,
Jóh. Jóhannesson,	Jón Sigurðsson,
Jón Jónsson S.-M.	Ólafur Briem,
Jón Magnússon,	Sigurður Sigurðss.,
Jón Þorkelsson,	Skúli Thoroddsen,
Magnús Blöndahl,	Þorleifur Jónsson.
Sigurður Gunnarss.,	
Stefán Stefánsson.	

1 þm. greiddi ekki atkv. Telst til meirihl.

Br.till. 670 við 16. gr. 4 a. tekin aftur.

Br.till. 640 14. við 16. gr. 5 sþ. m. 14 : 11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Jón Ólafsson,	Bjarni Jónsson,
Bened. Sveinsson,	Björn Jónsson,
Björn Sigfússon,	Björn Kristjánsson,
Eggert Pálsson,	Björn Þorláksson,
Hannes Hafstein,	Einar Jónsson,
Jóh. Jóhannesson,	Hálfdan Guðjónss..
Jón Jónss., S.-M.	Jón Jónsson, N.-M.,
Jón Magnússon,	Jón Sigurðsson,
Ólafur Briem,	Jón Þorkelsson,
Pétur Jónsson,	Magnús Blöndahl,
Sig. Gunnarsson,	Skúli Thoroddsen.
Sig. Sigurðsson,	
Stefán Stefánsson,	
Þorleifur Jónsson.	

Br.till. 650 7. við 16. gr. 7 b sþ. m. 15 : 6 atkv.

Br.till. 640 15. við 16. gr. 10 sþ. m. 13 : 8 atkv.

Br.till. 650 8. við 16. gr. 10 sþ. m. 14 : 11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Ben. Sveinsson,	Bjarni Jónsson,
Björn Kristjánss.,	Jón Ólafsson,

Já:	*Nei:*
Björn Sigfússon,	Björn Jónsson,
Björn Þorláksson,	Eggert Pálsson,
Jón Jónsson S.-M.	Einar Jónsson,
Jón Sigurðsson,	Hannes Hafstein,
Magnús Blöndahl,	Jóh. Jóhannesson,
Ólafur Briem,	Jón Jónss. N.-M.,
Sig. Gunnarsson,	Jón Magnússon,
Sigurður Sigurðss.,	Jón Þorkelsson,
Stefán Stefánsson.	Skúli Thoroddsen.
Þorleifur Jónsson.	

2 þm. greiddu ekki atkv. Teljast til meiri hlutans.

Br.till. 650 9. við 16. gr. 22 tekin aftur.

Br.till. 674 3. við 16. gr. (eftir 22 nýr liður) sþ. með 16 atkv. shlj.

Br.till. 672 3. við 16. gr. 23 sþ. m. 15 atkv. shlj.

Br.till. 637 við 16. gr. 24 («til sama ferðakostn.«) sþ. með 13 shlj. atkv.

Br.till. 637 við 16. gr. 30 sþ. m. 19 shlj. atkv.

Aths. aðaltill. sþ. m. 21 atkv.

Br.till. 638 2. við 16. gr. 32 sþ. m. 15 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Björn Jónsson,
Jón Ólafsson,	Björn Sigfússon,
Ben. Sveinsson,	Björn Þorláksson,
Björn Kristjánsson,	Hálfdan Guðjónss.,
Eggert Pálsson,	Jóh. Jóhannesson,
Einar Jónsson,	Jón Jónss. S.-M.,
Hannes Hafstein,	Ólafur Briem,
Jón Jónss., N.-M.,	Pétur Jónsson,
Jón Sigurðsson,	Sig. Sigurðsson,
Jón Þorkelsson,	Stefán Stefánsson.
Magnús Blöndahl,	
Sig. Gunnarsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Þorleifur Jónsson.	

1 þm. greiddi ekki atkv. Telst með meirihl.

Br.till. 637 við 16. gr. (eftir 33 nýr liður) sþ. m. 14 shlj. atkv.

Br.till. 637 við 18. gr. (Marie K. Jónsson) sþ. m. 16 shlj, atkv.

Br.till. 672 4. við 18. gr. þar með fallin.

Br.till. 637 við 18. gr. (Sig. fangav. Jónsson) sþ. án atkv.gr.

Br.till. 635 við 18. gr. (Þorv. Björnss.) feld með 13 : 9 atkv.

Br.till. 669 við 22. gr. 2 feld m. 16 : 9 atkv.

Br.till. 650 10. við 22. gr. 5 feld m. 15 : 9 atkv.

Br.till. 673. br.till. við 656 sþ. m. 13 shlj. atkv.

Br.till. 656 (svo breytt) eftir 22. gr. 5 sþ. m. 13 : 12 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Jón Ólafsson,	Bjarni Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Ben. Sveinsson,
Eggert Pálsson,	Björn Jónsson,
Einar Jónsson,	Björn Sigfússon,
Hannes Hafstein,	Björn Þorláksson,
Jóh. Jóhannesson,	Hálfdan Guðjónss.,
Jón Magnússon,	Jón Jónss. N.-M.,
Jón Sigurðsson,	Jón Jónsson S.-M.,
Jón Þorkelsson,	Magnús Blöndahl,
Pétur Jónsson,	Ólafur Briem,
Sig. Sigurðsson,	Sig. Gunnarsson,
Skúli Thoroddsen,	Þorleifur Jónsson.
Stefán Stefánsson.	

Br.till. 637 við 22. gr. 8 sþ. m. 20 shlj. atkv.

Br.till. 658 við 22. gr. 8 þar með fallin.

Br.till. 684 við 22. gr. 10 sþ. m. 14 : 6 atkv.

Br.till. 657 við 22. gr. 15 feld m. 13 : 5 atkv.

Frv. svo breytt sþ. með 23 shlj. atkv. og endursent Ed.

Fjáraukalög 1908 og 1909.

FRUMVARP til fjáraukalaga fyrir árin 1908 og 1909; 1. umr. 17. febr. (stjórnarfrv. A. bls. 67).

Ráðherrann (H. H.): Frumvarp þetta fer fram á viðbót við gjöld þau, sem tilfærð eru í fjárlögunum fyrir árin 1908—09, að upphæð 133,936 kr. 17 aurar. Þessi upphæð er aðallega ætluð til samgöngumála.

Meðal annars er ætlast til, að gerð verði brú á Ytri-Rangá í Rangárvallasýslu nú í sumar. Eins og menn muna var það að eins ágreiningur um brúarstæðið, sem var þess valdandi, að brúin var ekki sett á núgildandi fjárlög, en annars kemur flestum saman um, að brú þessi vegna umferðar og flutningsvegar eigi eðlilega rétt til þess, að verða næst í röðinni af hinum stærri brúm. Næst ætti svo brúin á Norðurá í Borgarfirði að koma árið 1910.

Enn fremur ber brýna nauðsyn til, að bættar verði samgöngurnar á sjó milli Hornafjarðar og annara hafna, til þess að suðurhluti landsins verði ekki jafn afskiftur í þeim efnum og verið hefir. Þetta þyrfti að komast í framkvæmd sem fyrst, helzt þetta ár, og er því lagt til, að bæta við upphæð þá, sem á fjárlögunum stendur, en ónóg hefir reynst, svo miklu, að víst megi telja, að bátur fáist.

Þá er lagt til, að láta ekki lengur bíða, að leggja talsíma til Vestmannaeyja í sambandi við Ægissíðuálmuna, sem nú vonandi ekki dregst lengur, en til næsta vors. Það er nauðsynlegt að hraða Vestmannaeyjasímanum bæði vegna eyjaskeggja sjálfra og svo vegna landsins í heild sinni. Bæði fiskiveiðar og aðrar siglingar sunnanlands mundu hafa af því hinn mesta hag, eins og sýnt er fram á í ástæðum frumv.

Með því að reynslan hefir sýnt, að gott talsímasamband má fá á eigi lengri vegi, en hér er um að ræða, með járnþræði, sem er miklu ódýrari en koparþráður, þá má spara 10,000 krónur á álmunni austur í sýslur (Árnessýslu og Rangárvallasýslu) með því að nota tvöfaldan, gildan járnþráð í stað koparþráðs þess, sem fé er veitt til í núgildandi fjárlögum. Er lagt til, að sparnaðurinn verði látinn koma sýslunum, er hlut eiga að máli, til hagnaðar, þannig, að tillagið frá sýslufélögunum færist niður um þá upphæð. Frá Árnessýslu verður tillagið þá að eins 6,000 kr. til línunnar, ásamt aukalínu til Eyrarbakka og Stokkseyrar, og er það minni upphæð, en sýslan mundi þurfa að greiða til þeirrar aukalínu frá Selfossi, ef landið legði símann austur tillagslaust. En með því að greiða þessa upphæð, sem tillag til landsímalagningar í stað þess að byggja »privat« sýslu-álmur til kauptúnanna, þá sparast notendum aukagjald fyrir hvert símskeyti, sem mundi verða mjög óvinsælt og tilfinnanlegt. Það þykir því engin ástæða til að ætla, að sýslunefndin færist lengur undan þessu litla tillagi, en eg vil þó benda á það, að væntanleg fjárlaganefnd ætti að bera sig saman við hlutaðeigandi sýslunefndir um þetta mál sem fyrst.

Við lagning Vestfjarðaálmunnar og annara símalagninga í sumar sparaðist 50,000 kr. Af því fé er lagt til, að varið verði 36,000 kr. til þess að innleysa Eskifjarðarálmuna, sem er eign stórkaupm. Thor E. Tuliniusar. Með þessu yrði létt aukagjöldum af sýslubúum og sambandið gert einfaldara og notasælla, eins og nákvæmlega er útlistað í athugasemdunum við frumv.

Um önnur atriði læt eg mér nægja að skírskota til hinna prentuðu athugasemda, sem frumvarpinu fylgja, og vona eg, að þar sé nægilega sýnt, að hinu opinbera ætti að vera hagnaður að því, að framkvæmdum þeim, sem frumv. fer fram á, sé hraðað sem mest og lokið þegar á þessu ári.

Fel eg því næst háttv. þingdeild frv. þetta með meðmælum mínum.

Björn Jónsson: Það er mín tillaga, að málinu sé vísað til fjárlaganefndar.

ATKV.GR.: Samþ. í einu hljóði og 1. umr. frestað.

Framhald 1. umr., 17. marz (A. n. 243, 244).

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Önnur umræða, 19. marz. (A. n. 243, 244, 303 atkvæðaskrá).

Framsögumaður (Björn Jónsson): Nefndin hefir lagt til allmikilla breytinga á þessu frumv. Hún hefir lagt til, að færa fjárveitingarnar í því úr 134 þús. niður í rúmar 40 þúsundir. Hún hefir að vísu bætt inn í nokkrum minni háttar fjárupphæðum, en sparnaður yrði þó töluverður, ef tillögur hennar verða samþyktar.

Fyrsta breytingin, sem hún vill að gerð verði, er að fella burt fjárveitingu til miðstöðvarhitunar í pósthúsinu 3000 kr., og er gerð grein fyrir því í nefndarálitinu, hverjar ástæður liggi til þess.

Nefndin fékk elzta og helzta múrara bæjarins til að skoða ofnana í pósthúsinu; hann taldi þá í svo góðu lagi, að ónauðsynlegt væri með öllu, að taka upp miðstöðvarhitun fyrst um sinn. Þar í móti hefir nefndin lagt til, að veita 800 kr. til peningageymsluklefa í pósthúskjallaranum. Póstmeistari var ekki viðstaddur, en fyrsti póstafgreiðslumaður, sem gegnir í fjarveru hans, taldi á því brýna nauðsyn.

Þá hefir nefndin lagt til, að veita 10 þús. kr. til Reykjadalsbrautarinnar; það þykir nauðsynlegt, sem fyrst, að bæta úr torfærum á þeirri leið og brúa ána Laxá. Raunar er þetta að eins fjárveitingarfærsla, því að fé er ætlað til þessa í komandi fjárlögum.

Enn hefir nefndin lagt til, að 11,500 kr. verði veittar til að fullgera Fagradalsbrautina; það er líka færsla, og liggja hinar sömu ástæður til þess, sem sé, að brautirnar verði sem fyrst fullfærar,

Þá hefir nefndin lagt til, að veitt verði til nauðsynlegra umbóta á Holtavegínum, Eyrarbakkabraut, Eyjafjarðarbraut með meiru 15 þús. kr. Það hefir þótt sjálfsagt að gera þessa vegi afhendingarfæra, er landssjóður skilar þeim af sér, enda hefir landsverkfræðingurinn lagt til þessa.

Um Grímsnesbrautina er hið sama að segja, sem um Fagradalsbrautina; það er líka færsla frá fjárlögunum. Annars hefir nefndin tekið upp þá reglu, að hafa sérnefni á vegum og brautum, í stað langrar lýsingar, það er fult svo hentugt.

Meiri hluti nefndarinnar hefir verið því samþykkur að fresta brúargerð á Ytri-Rangá. Stjórnin hafði lagt til, að brúin yrði gerð nú í sumar, vegna þess, að það væri hentara fyrir landsverkfræðinginn.

Þá leggur nefndin til, að burt falli fjárveiting til aðstoðarverkfræðings til undirbúnings járnbrautarlagningar austur. Nefndin leit svo á, að frekara undirbúning þyrfti ekki, en þegar hefir verið hafður, enda mikil tvísýna á því, hvort braut þessi verður lögð bráðlega, t. d. á næstu 10—20 árum.

Nefndin leggur til að fella burt það

fé, sem lagt er til að veitt verði til símasambands við Vestmannaeyjar, 34,200 kr. Þótt þetta fyrirtæki sé í rauninni æskilegt, þá er þó ekki bráðnauðsynlegt, að svo mikið fé verði lagt til þessa og mætti því spara það að sinni, enda er naumast nokkurt hérað, sem hefir jafngreiðar samgöngur sem Vestmannaeyjar, bæði hér við landið og önnur lönd. Auk þess hefir komið til tals, að reynt verði að koma á loftskeytasambandi við Eyjarnar, fyrir sama eða jafnvel minna verð; eg veit það óglögt enn þá. En ef svo reyndist gæti orðið að því mikill hagur, því að þá mætti með tímanum koma á sambandi við skipaflota þann, sem hefst við í grend við Vestmannaeyjar, þegar fer að tíðkast að hafa loftskeytaáhöld á skipum, en þess verður líklega ekki langt að bíða úr þessu, og sá floti gæti aftur komist í samband við önnur lönd. Minni hluti nefndarinnar hafði það í móti þessu, að með þessu fengist ekki beint samband milli lands og Eyja. Yrði fyrst að senda skeytin til Reykjavíkur og þaðan austur. En vér hinir héldum því fram, að ef bagi yrði að þessu, þá mætti færa niður gjald þeirra, sem þetta samband notuðu, þannig að þeim yrði jafnódýrt, sem ef sambandið yrði beint. Nefndin símaði til Hamborgar og fékk það skeyti, að henni yrði svarað bréflega. Svo stóð á þessu, að Vilhjálmur Finsen, sem fyrst hefir vakið máls á þessu og nefndin sneri sér til, var ekki heima. Hann er loftskeytamaður á skipi öflugs gufuskipafélags í Hamborg, og var staddur í New-York og verður fram á haust. Kona hans, sem er norsk, skildi ekki skeytið, en sendi það til Kaupmannahafnar til íslenzks manns þar, og þaðan fékk nefndin bréfið. Málið er því að svo stöddu ekki útkljáð, og er ekki efamál, að réttast verður að fresta símalagningunni.

Sími frá Ísafirði til Bolungarvíkur kostar ekki nema 6 þús. kr. Nefndin felst á, að til þess verði veitt fé í fjáraukalögum, til þess að hann megi leggja á þessu sumri. Bolungarvík er nú orðin svo stórt kauptún.

Stjórnin stingur upp á 1000 kr. til bókakaupa handa lagaskólanum. — Nefndin lítur svo á, að þess sé engin þörf. Hún hefir kynt sér, hvað ráðgert er að kaupa fyrir það fé, og virðist engin nauðsyn á að fara þar fram úr hinni föstu fjárveitingu (í þ. á. fjárlögum). Alþingistíðindi og Stjórnartíðindi getur landssjóður lagt skólanum ókeypis, og af »De danske Lovtidende« er til aukaeintak í stjórnarráðinu, sem skólinn getur sjálfsagt fengið.

Við alla aðra skóla hér á landi leggja bæði kennarar og nemendur sér sjálfir til kenslubækur. Óviðfeldið að vera að kaupa smákver af því tagi fyrir landssjóðsfé, eins og hér er ráðgert (af forstöðumanni lagaskólans).

Til brúar á Grímsá hefir nefndin viljað veita fé það, er um er sótt og einnig til bryggjunnar í Stykkishólmi, sökum þess að þar hefir áður verið varið til allmiklu fé, sem ekki kemur að notum, ef bryggjan kemst ekki upp.

Nefndinni finst ekki brýn þörf á að hækka laun dyravarðarins við bókhlöðuna nýju á þessu ári. Hyggur það megi bíða til næsta árs.

Þá leggur nefndin til að Sæmundi lækni Bjarnhéðinssyni verði veittur ferðastyrkur, er nemi 600 kr. til þess að fara til Noregs á alþjóðasamkomu holdsveikrasérfræðinga þar í Björgvin í sumar.

Þá mælir nefndin með fjárveitingu til bryggju á Blönduósi. Einnig með till. frá h. 2. þm. Árn. (S. S.) um að veita

1600 kr. til Eyrarbakkabrautarinnar. Samkvæmt beiðni frá 4 austfizrku þm. vill nefndin veita 4000 kr. til brautargerðar niður að Lagarfljótsbrú, einnig eftirstöðvar af kostnaði við brúna á Jökulsá undan Hákonarstöðum. — Nefndin vill styðja þá till., að veitt sé fé til að mæla skipaleið inn á Gilsfjörð.

Styrk til Jóns Ísleifssonar til verkfræðisnáms getur nefndin ekki mælt með, þar sem nú er enginn verkfræðingaskortur hér hjá oss framar.

Ráðherrann (H. H.): Sparnaðurinn, sem þessi fjárlaganefnd lætur svo mikið yfir, er sannarlega ekki annað en nafnið tómt. Þó að fjárveitingunni til brúarinnar á Ytri-Rangá sé frestað um tíma, þá er það fé enganveginn sparað — og það er öllu fremur ill en góð fjárhagsráðstöfun að skjóta á frest nauðsynjafyrirtækjum, þó að fé sé fyrir hendi, að eins til þess að geta talað um sparnað í svip. Nú er búið fyrir löngu að færa sönnur á, að brúarstæðið, sem stjórnarfrumv. fer fram á, er mjög heppilegt, og eg skil ekki, hvað er að vanbúnaði, að koma þessu fyrirtæki í framkvæmd, sem svo lengi hefir staðið til og verður að gerast. Mér finst algerlega rangt að fella burtu fjárveitinguna til miðstöðvarhitunar í pósthúsinu og á ritsímastöðvunum. Það er brýn þörf að bæta hitunina þar frá því sem nú er, og hitun sú, sem stjórnarfrumv. fer fram á, er hentugust í þeim húsakynnum, sem hér er um að ræða, enda áreiðanlega kostnaðarminna til lengdar, að því er kolaeyðslu snertir.

Þá er breyt.till. um að fella niður fjárveitingu til Vestmannaeyjasímans. Eg skal ekki deila um það, hvoru er ódýrara að koma upp í byrjun loftskeytasambandi eða talsímasambandi við Eyjarnar, en hitt er víst, að árlegur reksturskostnaður er miklu minni við talsímasamband, og auk þess er slíkt samband fólki svo miklu hentugra, heldur en loftskeytasending, að það verður naumast borið saman. Sé talsími lagður geta Vestmanneyingar eða þeir, sem nota símann þar skipst samtölum við allar stöðvar á landinu. En með loftskeytasambandi fæst að eins samband við eina einustu stöð, og það eingöngu fyrir ritsímaskeyti og óvíst þó. Háttv. framsm. (B. J.) gat þess, að fyrirspurn hefði verið gerð til Þýzkalands í þessu efni. Það þykir mér skrítin krókaleið. Betra að fara annaðhvort beint til Marconi-félagsins, eða þá til Poulsens-félagsins danska, því að þeirra tæki eru alveg vafalaust bezt, og tæki annara félaga meira eða minna stæling af þeirra, sérstaklega tækjum Marconi-félagsins.

Hvað sem öðru líður hygg eg að hinn háttv. frsm. (B. J.) verði að játa það, að starfræksla við þráðlausa firðritun er miklu dýrari en við ritsímasamband. Við hverja loftskeytastöð þarf einn aðalmann og helzt annan til sem aðstoðarmann, sem þurfa að hafa fengið allmikla sérþekkingu í þeim efnum, en símastöðvar úti um land geta ólærðir alþýðumenn rækt og þykir vel duga. Þráðlausar höfuðstöðvar, sem ætlaðar eru til skeytasendinga langar leiðir, eru afarerfiðar viðfangs og þurfa oft viðgerða. Eg hefi séð tilraunastöð Poulsens við Lyngby. Þar eru þrjár heljarstórar stengur eða möstur, eða réttara sagt, möstur á möstrum ofan, svo há, að stálstrengirnir, sem ganga í allar áttir út frá þeim á ýmsum hæðum til þess að halda þeim uppi, mundu hafa tekið yfir 20—30 dagsláttur. Þrátt fyrir alla þessa strengi, getur þó mjög vel komið fyrir, að stangir þessar fjúki að meira eða minna leyti, og geta viðgerðir vafalaust oft verið erfiðar og seinlegar. Á heimleiðinni sagði inge-

niör Poulsen mér allmikið frá loftritun, og sagði hann þá meðal annars hið sama, og eg áður hafði heyrt haft eftir enskum vísindamanni: »Hefði þráðlaus firðritun verið fundin upp fyrst, og menn svo komist upp á að nota þráð, þá hefði það þótt afarmikil framför«. Þegar eg lét í ljós undrun yfir því, að hann, sjálfur uppgötvarinn að einni beztu þráðlausu aðferðinni, skyldi segja þetta, bætti hann við: »Við játum það allir, að sama gagn og sími gerir hún ekki — og líklega aldrei — en hún er góð, þar sem ekki er hægt að koma símum við«. Svona lítur hann á það mál og mun þó enginn efa, að hann er því máli kunnugri en háttv. framsm. (B. J.) og þeir menn, sem hafa viljað berjast fyrir loftritun í stað ritsíma hér á landi. Annars má enginn skilja mig svo, að eg hafi á móti því að reyna þráðlausa firðritun hér á landi, þar sem hún er eðlileg og heppilega fyrirkomið. Þannig mundi eg vilja gretða atkvæði með því, að fá þráðlausa stöð á Suðurlandi, sem gæti skipt skeytum við skip á sjó og við stöðvar í Skaftafellssýslum, þar sem þræði verður ekki komið við. En það getur þó varla komið til mála, að setja upp slika stöð á næstu árum, af þeirri einföldu ástæðu, að hún kemur ekki að tilætluðum notum, fyr en þau skip, sem hingað koma til landsins hafa loftskeytatæki, en það er varla nokkurt af þeim skipum, sem ganga hér við land, sem þau tæki hefir haft, nema herskipin. Þegar þessa er gætt, virðist mér æði ósanngjarnt, að vilja, eins og h. háttv. framsm., svifta Vestmannaeyjar talsímasambandi við land, og bíða unz fengið er loftskeytasamband — og það í sambandi við þráðlausa firðritun á skipum — sem fæst hver veit hvenær. Eg er þeirrar skoðunar, að tilraunum með þráðlausa firðritun hér á landi eigi alls ekki að blanda saman við það nauðsynjafyrirtæki fyrir fiskiveiðar vorar og siglingar, að koma Vestmannaeyjum í talsímasamband landsins. Þetta þarf að gerast nú þegar. Kostnaður við símalagningu þangað er áætlaður einar 34 þús. kr. útgjöld fyrir landssjóð, og mjög miklar líkur til að arðurinn af símanum muni þegar á fyrsta ári fyllilega borga renturnar af þeirri upphæð, fyrir utan allan þann óbeina hagnað, sem af símunum leiðir fyrir verzlun, siglingar og fiskiveiðar. Eg vona því, að hin háttv. deild láti ekki upphæð þessa falla burt af fjáraukalögunum, svo að verkið verði þegar byrjað á þessu ári.

Um breyt.till. að því er snertir bókakaup til lagaskólans get eg verið stuttorður. Það getur vel verið, að af bókakaupum þeim, sem um ræðir í skýrslu frá skólanum hefði eitthvað mátt spara. En misskilningur er það, að stjórnarráðið geti lagt skólanum til »Lovtidende«; þó að eitthvert rusl af því sé til, um fram það, sem stjórnarráðið notar sjálft, er það engan veginn »komplet« og þarf að safna því saman og binda inn og ekki víst að það verði ódýrara að taka þetta drasl þar og kaupa það sem vantar en að semja við »antikvar« og fá þau öll í einu. Yfir höfuð er það næsta augljóst, að svona ný stofnun sem lagaskólinn getur ekki komist af án nýrra bóka. Þegar kennararnir semja nýjar kenslubækur þurfa þeir að hafa lagasöfn, dómasöfn auk ýmsra nauðsynlegra »system«-verka, og það því fremur, sem íslenzkri lögfræði hingað til hefir verið lítt gaumur gefinn. Vilji menn yfirleitt leggja nokkra rækt við þennan skóla, verða menn að vilja leggja eitthvað af mörkum til hans, enda er hann að minni hyggju svo

þarfur íslenzkri þjóðmenningu, og einn þáttur í sjálfstæðiskröfum vorum, að oss ætti ekki að vaxa það í augum.

Eg skal viðurkenna, að það er ekki sem allra-réttast, að kostnaður til pappírs og annara ritfanga er talinn til útgjalda til bókakaupa; hér er þó að eins að tala um yfirfærslu frá einum lið til annars; réttara að reikna þá upphæð til óvissra útgjalda, en þetta smáræði skiftir engu.

Aðrar breytingar hjá háttv. fjárlaganefnd skal eg ekki fjölyrða um, að svo stöddu.

Framsögumaður (Björn Jónsson): Eg hef áður gert grein í ástæðum nefndarinnar fyrir breytingum þeim, er hún mælti með við þetta frumv. og hefir hæstv. ráðherra (H. H.) ekki hrakið þær að neinu. Um brúargerð á Rangá er það að segja, að eg fæ ekki séð, að nokkur meiri ástæða sé til að brúa þá á, en svo fjölda margar aðrar ár á landinu. Mjög víða á landinu hagar svo til, að vatnsföll eru erfið og ill yfirferðar, já oft og einatt ófær; þar er víða þörfin meiri en með þessa á, sem fremur má teljast lítill þrándur í götu. Áin er bergvatn með góðum botni, jafnvel á vögnum má hæglega komast yfir hana. En hve margar óbrúaðar torfærur eru það ekki, sem það er ekki hægt að segja um?

Miðstöðvarhitun í pósthúsinu er ekki rökstudd með öðru en því, að það sè þægilegra og skemtilegra — jú, ódýrara er líka sagt, en um það fer nú tvennum sögnum. Mér er að minsta kosti kunnugt, að miðstöðvarhiti var fyrir nokkru settur í stórt verzlunarhús hér í bænum og hefir mér verið sagt, að síðan eyðist þar 1000 kr. meira á ári til hitunar en áður. Auk þess er pósthúsið orðið gamalt og kröfur eru farnar að heyrast um að koma þurfi upp nýju pósthúsi. Það væri óhyggilegt að fara hér að leggja nýja bót á gamalt fat.

Þá talaði hæstv. ráðh. (H. H.) um símann til Vestmannaeyja og kvað hann það óráð og tap fyrir landið að fresta honum. Eg fæ ekki séð, að það sé neitt óráð að fresta því nú um stuttan tíma, ef tök væru á því að koma á hagkvæmu loftskeytasambandi, sem kemur að öllum sömu notum sem sími nema miklu meiri fyrir skip á sjó. Hvort hér verði komið við loftskeytasambandi, er nokkuð, sem ekki er hægt að fullyrða fyrir víst, en það sem hæstv. ráðh. (H. H.) gat um, að starfræksla loftskeytastöðva væri svo feikna dýr, þá getur það verið að hún sé dýr við hinar miklu og stórkostlegu stöðvar úti í heimi, sem eiga að flytja skeyti mörg þúsund mílur, en ekki er því máli hér að gegna, þó að sett verði á slofn smástöð ein í Vestmannaeyjum. Annars þarf ekki mikið að vera að tala um þetta, því að það sýnist nokkurn veginn sjálfsagt, að koma hér upp loftskeytastöðvum sem fyrst.

Sigurður Sigurðsson: Af því það stendur sérstaklega á með breyt.till. á þgskj. 253, þá verð eg að gera lítilsháttar grein fyrir henni. Það er viðvíkjandi Eyrarbakkabrautinni niður Breiðumýri. Breyt.till. miðar að því, að varið sé 1600 kr. til þess að afstýra skemdum framvegis, sem þessi braut er undirorpin af vatnságangi. Fjárveitingin er nauðsynleg í alla staði, og þarf að samþykkjast á fjáraukalögunum fyrir árin 1908 og 1909, svo að auðið verði að afhenda brautina á næsta hausti til sýslunnar. Það hefir verið gerð áætlun um, hvað þetta verk muni kosta. Áætlunin hljóðar upp á 3400 kr.; en verkfræðingur landsins býst við, að kostnaðurinn verði meiri.

Sýslunefnd Árnessýslu fer nú fram

á það, að landssjóður leggi fram alt að helming þess kostnaðar, og er þar eigi til ofmikils mælst, þar sem þetta verk lýtur að því að gera þessa braut svo úr garði, að hún verði afhent sýslunni til viðhalds. Í raun og veru ber landssjóði að kosta þetta að öllu leyti; en hér er þó eigi farið fram á slíkt.

Verkfræðingur landsins hefir lagt til, að sérstök fjárveiting yrði veitt í þessu skyni, og öll sannsýni mælir með því að landssjóður borgi þetta að minsta kosti að helmingi. Vona því að br.-till. verði samþ. Eg skal taka það fram, að þetta er engin jarðabót heldur að eins til þess að halda vatni frá brautinni, svo að hún ekki eyðileggist fyrir þá skuld. Skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta, en treysti því, að breyt.till. fái fylgi og verði samþ.

Bjarni Jónsson: Eg hefi komið með tvær breyt.till., sem nokkru varða. Það er öllum, sem hér sitja, kunnugt, hvernig landslagi er háttað kringum Breiðafjörð, og vita það að þar eru samgöngur mestmegnis á sjó. Sömuleiðis er það kunnugt, að vegurinn inn á Salthólmavík og Króksfjörð er óhreinn af skerjum og grynningum, og að skipstjórar vilja ekki sigla þangað inn, sökum þess að leiðin er ekki mæld. Það er því full nauðsyn, að þessar leiðir verði mældar sem fyrst. Að vísu hefir verið áætlað fé til þess að mæla leiðina inn á Salthólmavík, 4000 kr. á móti 1/4 hluta frá héruðum þar í kring, en það var svo lítið að ekki hefir verið hægt að byrja á verkinu. En að þetta sé Saurbæingum áhugamál er víst, enda hafa þeir þar kaupfélag, og ekki um aðrar samgöngur að ræða, því torsótt yrði að leggja braut um alla Skarðsströnd og fyrir Gilsfjarðarbotn. Eg vil því mæla með því að þingið veitti 10000 kr. sem mun hrökkva langt til að mæla leiðina. Eg hefi látið vera að minnast á 1/4 hluta frá héruðunum, af því eg er algerlega á móti, að héruðin leggi til almennra samgangna.

Við 3. umr. mun eg koma með br.-till. um þetta mál. Vona að allir menn sjái, hversu sanngjörn krafa þetta er, þar sem þau héruð eiga hlut að máli, sem öll viðskifti manna á milli eiga að verða á sjó, og það er brýn nauðsyn á þessu, þar sem ekki er hægt í þessum héruðum að bæta samgöngurnar á annan hátt.

Svo hefi eg hér aðra breyt.till. um námsstyrk handa Jóni Ísleifssyni, er stundar rafmagnsnám í Þrándheimi. Hann er gáfaður og duglegur maður og hefir valið sér að nema þetta í Noregi, þar sem staðhættir eru líkastir hér, svo eg held að eg geti með góðri samvizku mælt með þessum litla styrk, einkum þar sem hann ætlar að kynna sér meðferð fossa, og hygg eg það rétt vera hjá honum að hollast sé að stunda þetta nám í Noregi. Hann sækir um 1200 kr. í alt, 600 kr. á fjáraukalögum og 600 kr. fyrra fjárhagsárið. Þetta er svo lítill styrkur, að eg skil ekki að nokkur maður verði á móti því. Enda ekki nokkur vafi á, að maðurinn er þess maklegur, og sýnir það bezt hin góðu meðmæli, er hann hefir. En þótt styrkurinn sé lítill getur hann komið manninum að góðu haldi, því hann er fátækur og á bágt með að leita á náðir annara. Enda mundi styrkurinn miða til þess að hann ynni í landsins þágu.

Jón Magnússon: Eg þarf ekki að fara sérlega mikið út í þessi efni, því að hæstv. ráðherra (H. H.) hefir að mestu tekið af mér ómakið. Eg vil

að eins minnast nokkuð á símann til Vestmannaeyja.

Háttv. framsm. (B. J.) talaði um það, að þessa síma væri lítil þörf, hann mætti vel bíða, því að Vestmannaeyjar hefðu svo góðar samgöngur. Nú er samband Vestmannaeyja við land svo að segja alveg hið sama sem samband Reykjavíkur við útlönd, svo að eyjarnar hafa mikinn hluta vetrar ekkert annað samband við land en póstskipin. Oft verður ekki komist á land í Rangárvallasýslu svo mánuðum skiftir, þótt að vísu áraskifti séu að því. En látum svo vera, að samgöngur séu sæmilegar, og að það sé ástæðan fyrir því, að hin háttv. fjárlaganefnd leggur til, að símasamband komist ekki á til Vestmannaeyja. En hvers vegna er þá sími lagður til Borgarness? Ólíku betri samgöngur eru þar en í Vestmannaeyjum. Enda er þetta ekki ástæða háttv. fjárlaganefndar, einhver önnur ástæða hlýtur að vera til þessarar tillögu; þessi ástæða hefði aldrei átt að heyrast.

En nú vill svo til, að þessi sími kæmi ekki eingöngu Vestmannaeyjum að gagni heldur bæði Eyjunum og þó einkum Reykjavík og sjávarútvegi hér og við Faxaflóa. Á síðasta þingi, er þetta mál lá fyrir, kom eg að máli við marga útvegsmenn hér, og luku þeir allir upp einum munni um það, að sími til Vestmannaeyja væri ekki að eins nauðsynlegur, heldur töldu þeir hann jafnvel nauðsynlegastan allra síma á landinu, að því er til sjávarútvegs kemur. Enda þarf ekki til þeirra að vitna; þetta vita allir. Háttv. framsm. (B. J.) taldi útlátalítið að fresta símalagningunni; það má vera að svo sé fyrir landssjóð í bráðina; en eins og hæstv. ráðherra (H. H.) tók fram, sá sími mundi gefa af sér góða vöxtu, og ekki að eins það, heldur mundi landssjóður beint stórgræða á honum.

Háttv. framsm. (B. J.) var að tala um að koma á loftskeytasambandi við Vestmannaeyjar, og kvað nefndina hafa leitað fyrir sér í því efni. Mér sýnist hin háttv. nefnd hafa rekið það erindi mjög slælega. Það hefði verið hægur nærri og raunar eini rétti vegurinn að snúa sér til áreiðanlegs félags um málið, en leita ekki til einstaks manns, sem ekkert á undir sér, En það þurfti ekki að leita til nokkurs félags um þetta mál. Vér höfum svarið frá þinginu 1905. Eftir tilboði merkasta félagsins »Telefunken« er stofnkostnaður við loftskeytasamband milli Vestmannaeyja og Reykjaness talinn 74 þús. kr., en reksturskostnaður minst árlega 9 þús. kr. Ekki hefir loftskeytasamband orðið miklum mun ódýrra síðan, að því er eg veit. En það er næstum hlægilegt í grein einni, er birtist nýlega í blaðinu »Ísafold«, um loftskeytasamband milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur, að sjá stofnkostnaðinn áætlaðan 15,000 kr. Það sér hver heilvita maður, að slíkt fleipur er ekki eftir hafandi, þó að einhver óáreiðanlegur maður láti sér slíkt um munn fara. *(Björn Jónsson:* Hann hefir meira vit á því en við). Getur verið, en ekki þótti tiltækilegt, er rætt var um stofnkostnaðinn á loftskeytasambandi milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja 1905, að ætla hann minna en 90 þús. kr. *(Björn Jónsson:* Síðan eru 4 ár). Varla hefir loftskeytasamband lækkað svo mjög síðan, að það, sem þá kostaði 90 þús. kr., kosti nú 15 þús. kr. Eg tek það aftur fram, að ef háttv. fjárlaganefnd hefði haft áhuga á þessu, mundi hún hafa snúið sér til áreiðanlegs félags, en ekki til einstaks manns; það var óþarfa krókur og sýnist helzt vera gert til þess að

koma því svo fyrir, að enginn árangur yrði að. *(Björn Jónsson:* Fögur ágizkun!). Hæfilega fögur, því að alt hefir sýnilega verið miðað við það að draga málið á langinn. Ef nefndin hefði sagt, að hún skyldi hafa rannsakað þetta fyrir þinglok, þá hefði verið öðru máli að gegna.

Eg ímynda mér, að ef hinni háttv. fjárlaganefnd hefði verið full alvara með að koma nokkuru sambandi á við Vestmannaeyjar, mundi hún hafa sýnt það betur í framkvæmdinni. Eg get hugsað mér, að fyrir hinni háttv. nefnd hafi vakað, að óþarft væri að kosta svona miklu til svo lítils bletts, þar sem svo fátt fólk er, það borgaði sig ekki. En nú er því svo varið, að landssjóður hefir satt að segja ekki kostað miklu til Vestmannaeyja, enda hafa eyjabúar hvorki kvabbað né kvartað. Það er sannast að segja af afskiptum landssjóðs af Eyjunum, að þær hafa engra hlunninda þaðan notið, annara en þeirra sem ómögulegt var að neita þeim um. Það hefir verið talað um, að Vestmannaeyjar hefðu góðar samgöngur á sjó. En af hverju stafar það? Það stafar af því, að það þykir borga sig að láta skipin koma þar við.

En þótt landssjóður hafi lítið hlynt að Vestmannaeyjum, þá græðir hann þó meira á þeim en nokkurum öðrum bletti á landinu. Tekjur af Eyjunum eru árlega 20—30 þús. kr., en kostnaður sama sem enginn. Vestmannaeyjar eru því sem mjólkurkýr, sem engu þarf til að kosta. Eg vona því að háttv. þm. sýni nú sanngirni í þessu máli, og skal eg ekki orðlengja frekara um það að sinni.

Annað atriði, sem eg vil minnast á, og hæstv. ráðherra (H. H.) hefir raunar talað um, er fjárveitingin til bókakaupa handa lagaskólanum. Mér hefir ætíð verið ant um þann skóla, og álít, að hann hefði átt að vera kominn á miklu fyrr. Eg tel það sjálfsagða skyldu þingsins að hlynna að honum sem bezt. Háttv. framsm. (B. J.), taldi skólann mundu geta fengið lagasöfnin með litlu verði eða jafnvel ókeypis. En það er ekki svo. Stjórnartíðindin er örðugt að fá; þau eru uppgengin og verður að kaupa. Alþingistíðindin eru að vísu til og eru ódýr, en band á þeim er dýrt. Af Lögtíðindunum veit eg ekki til, að til sé nema 1 eintak hér í bæ, sem ekki vanti í, nfl. hjá stjórnarráðinu. Hvorki við yfirréttinn né bæjarfógetaembættið eru þau til nema »defect« að miklum mun.

Eg sé ekki, að hægt sé að spara það fé, sem þarf til nauðsynlegra bókakaupa, og úr því að skólinn er kominn á, sæmir þinginu ekki annað en gera hann vel þolanlega úr garði.

Jón Þorkelsson: Á þgskj. 296 á eg till. um það, að dýraverði við safnhúsið verði veitt 600 kr. viðbót. Það er í samræmi við það, sem fjárlagan. sjálf hefir lagt til í fjárl., með þeim ummælum, að ekki sé »vit í«, að ætla manninum minna, en 1400 kr. um árið. Maðurinn hefir nú 800 kr. um árið; þar af verður hann, að því er hann hefir mér sagt, að halda 2 stúlkur, sem báðar hafa til samans 30 kr. um mánuðinn og dreng með 10 kr. á mánuði. Eftir verður þá handa honum, konu hans, 3 börnum og fæði handa vinnufólki hans 26 kr. um mánuðinn. Það segir sig sjálft, að maðurinn getur ekki af því lifað.

Í öðru lagi hefi eg lagt til, að veita 500 kr. til aðstoðar fornmenjaverðinum, í samræmi við fjárlagan., sem ætlar honum 600 kr. til þess hvort árið á næsta fjárhagstímabili; það, sem munar, nemur þá hér um bil tíman-

um frá nýári. Það hefir verið játað, að fornmenjavörðurinn væri ekki skyldur að hafa á hendi umsjón forngripasafnsins, og þó að hann hefði það, væri honum ókleift, að anna því einn.

Þá vil eg loks minnast á þá breyt.-till. fjárlagan., er fer fram á það, að lækka fjárveitinguna til undirbúnings skrásetningu fornmenja úr 1000 kr. í 500 kr. Eg hefi átt tal um þetta við fornmenjavörðinn, og hann hefir sagt, að ekki væri viðlit, að komast af með minna, en stjórnin hefir lagt til fyrir þetta verk, sem er beint lögskipað, eins og menn vita.

Eg bið menn vel að athuga það, hversu ísjárvert það er, að útlendingar eru farnir að vaða hér uppi og leita fornmenja, sem vér höfum friðað. — Daniel Bruun hefir fengið 10 þús. kr. úr Carlsbergssjóði til að grafa hér í fornmenjum í 3 ár. Það er óneitanlega kátlegt að heyra, að útlendingar eru farnir að leggja stórfé í það, sem er skylda, sómi og réttur vor að rannsaka, en vér sjálfir nemum lúalega við nögl oss alt, sem til þessa þarf. Bruun hefir dvalist hér við fornmenjarannsóknir í 2 sumur. Fyrra sumarið var hann norður í Gásum, en síðara sumarið ransakaði hann eitt hof. — Til þessa hafa gengið 6000 kr. Eg skýt því nú til sómatilfinningar allra manna, þeirra er orð mín mega nema nú, hvort svo búið megi vera, hvort vér megum veita einar 500 kr. á ári til því líks verks, sem það nú er, að kanna fornmenjar allar á landi voru. Það vita allir menn, að hér er mikið að gera. Hér hafa verið að blása upp og eru að blása upp dysir og haugar. Þessara fornmenja þarf að gæta, ef þær eiga ekki að eyðast, og til þessa þarf fornmenjavörðurinn að hafa með sér marga menn til aðstoðar víðsvegar um land alt. Þá hefir og ekki verið hirða mikil á legsteinum hér á landi. Þeir hafa verið brotnir og teknir í húsahleðslur, í bæjarkampa og fjárhúsaveggi. Þessu þarf fornmenjavörðurinn að safna og binda brotin saman með gipsi. Ljósmyndavél góða og nákvæma þarf hann og að hafa á ferðum sínum. Mér þykir nú raunar, sem ekki kunni að vera loku fyrir það skotið, að fornmenjavörðurinn eigi heimtingu á, að fá greitt úr óvissum útgjöldum fyrir ferðalög sín til ransókna, úr því að þau eru lögskipuð. Og ef svo er, þá þýðir fjárlaganefndinni ekkert að vera að skamta þessa fjárveitingu.

Eg skal þá víkja aftur að forngripasafninu. Það hefir sagt mér vörðurinn þar, að ekki sé hægt að ábyrgjast með þeim mannafla til umsjónar, sem nú er, að óráðvandir menn geti ekki tekið þar gripi. Það hefir og fylgt með, að ráðvanda menn gæti hent að gera þar spjöll. Að vísu er bannað að handleika muni þar. En það er ekki unt, að framfylgja því banni, nema gott gæzlulið og trútt sé við. Þessu til dæmis, sagði hann mér, að komið hefði í safnið nú fyrir nokkru skóli einn hér og skoðað sig um. En sú varð raun á eftir á, að þar hafði margt verið handleikið og sumt skemt. Fornir hlutir eru oft svo viðkvæmir, að ekki má við þeim hreyfa nema með varúð, og sem minst loft má á þeim leika, til þess að þeir geti geymst öldum saman. Í þessu skyni eru hafðir um þá glerskápar. Ef um óvandaða menn er að ræða, er ekkert hægara, en að hafa félagsskap til þess, að ná í muni þar, þegar gæzlan er svo ónóg. Einn getur brotið glerið, svo sem eins og af tilviljun; vera má, að hann geri afbötun sína og borgi spellið. En annar er svo úti í horni, kemur að á

eftir og hirðir fémæta muni úr kassanum. Til þessa þarf og ekki félagsskap; ráðvandan mann getur hent að brjóta glerskáp, og ef þá er ófrómur maður viðstaddur, þá getur hann fært sér það í nyt. Menn munu því sjá, að á slíkum söfnum er margs að gæta, bæði að því er tekur til óráðvendni og handæði eða gáleysis.

Undarlegt er það, að forngripasafninu hefir ekki verið ætlað neitt fé til flutnings í hið nýja hús, jafn erfiður sem hann mun þó hafa verið. Áður hafði safnið miklu meira fé til umráða en nú. Þegar það var í bankanum fekk það 2000 kr., til þess að gjalda húsaleigu. Ekkert fé hefir það safn heldur fengið til áhalda; alt það fé, sem til áhalda hefir verið ætlað, hefir verið notað handa landsbókasafninu og landsskjalasafninu.

Af öllum þeim rökum, sem eg hefi nú til tínt, þá vænti eg, að menn láti sanngirni ráða og styðji þetta safn sem má.

Eggert Pálsson: Þetta mál, Rangárbrúarmálið, hefir verið á dagskránni allmörg undanfarandi þing, og allir menn hafa viðurkent, að Rangá væri vond á og ill yfirferðar — þeir er nokkuð til þekktu — sem nauðsyn bæri til að væri brúuð sem fyrst. Vitanlega eru til enn þá verri vatnsföll óbrúuð hér á landi. En það eru vatnsföll, sem menn hafa ekki enn hugmynd um að verði brúuð; má t. d. nefna Kúðafljót Markarfljót, Þverá og fleiri sand- og auravötn. En af þeim vötnum, sem hægt er að brúa, stendur Rangá óneitanlega fremst í röðinni. Á síðasta þingi skoraði fjárlaganefndin í báðum deildum á stjórnina að láta ransaka brúarstæðið á Ægissíðuhöfða nákvæmlega og gera áætlun um brúarkostnað þar fyrir þetta þing, svo framarlega sem brú teldist þar örugg. Þetta hefir nú stjórnin látið gera, svo að alt er þannig nú fullkomlega undirbúið undir framkvæmd verksins. Að þetta brúarmál ekki komst í framkvæmd á síðasta þingi stafaði að eins af ónógum undirbúningi.

En nú eru þau mótmæli, sem bygð voru á hinum ónóga undirbúningi horfin úr sögunni og brúarstæðið fengið á þeim eina rétta og hentuga stað, sem allir hlutaðeigendur óska helzt eftir. Háttv. framsögum. fjárlaganefndar (B. J.) vildi efast um að áin væri ill yfirferðar og hélt því fram að hún væri aðeins lítil spræna, sem ó-þarfi væri að brúa. Þetta stafar auðvitað af ókunnugleika háttv. framsm. (B. J.) þar eystra, sem tæplega er svara vert. Þegar áin er allra minst er hún þó á miðjar síður, og oft og einatt meira og eftir því er breiddin, svo að tekur nær fjórðung stundar að ríða yfir hana, svo að allir geta séð, hvílíka sprænu hér er um að ræða. Hann sagði og að hægt væri að koma vögnum yfir um ána. — Þetta er satt. Það er hægt, það er að skilja mögulegt, en erfiðismuni kostar það mikla bæði fyrir menn og skepnur og því nær sem tómir verða vagnarnir að vera. Og ætti háttv. framsm. (B. J.) hestinn, sem fyrir vagninn er beitt, efast eg um að hann vildi góðfúslega leggja hann í það. Svo mikill dýravinur er hann áreiðanlega. Honum mundi víst blöskra, því að það gerir flestum að sjá 1—2 menn standa með reidda svipuna og lemja hestinn miskunarlaust, til að fá hann til að koma vagninum yfir um á þurt. Enda er það alls ekki sjaldgæft að hestar séu linaðir við þær aðfarir. Að minsta kosti þekki eg dæmi til þess. Þegar rjómabúið í Fljótshlíð var stofnað varð að flytja ýms óhliftæk áhöld til búsins og við það bilaði einn hesturinn einmitt í Ytri-Rangá,

svo að hann varð að slá af árið eftir og var þó hesturinu á góðum aldri og talinn stólpagripur.

Hv. frsm. (B. J.) sagði, að botninn í ánni væri góður. En það er einmitt hið gagnstæða tilfellið — þar eru mjög víða klappir, sem ilt er að sneiða hjá, svo að kventólk og lítilsigldir menn fara aldrei yfir ána fylgdarlaust, hvað lítil sem hún er.

Nú er sem sagt undirbúningur þessa máls orðinn hinn allra bezti og verkfræðingur landsins hefir fengið nýtt tilboð um ódýrari brú, en menn höfðu nokkru sinni vænst, svo að ástæða er þannig til að vonast hins bezta fyrir framgang þessa máls, og býst eg ekki við, að það gagni því mikið að ræða málið meira, enda mun deildin líklega vera búin að ákveða afstöðu sína til þess, jafn kunnugt mál sem það er áður orðið hinu hv. alþ.

Sigurður Gunnarsson: Eg hefi leyft mér að koma fram með tvær till., aðra á þgskj. 284 og hina á þgskj. 285. Fyrri till. fer fram á, að veitt verði fé til að brúa Grímsá í Helgafellssveit og svonefnt Síki, einnig í sömu sveit.

Í sumar er leið var unnið að þjóðveginum, milli Stykkishólms og Borgarness, í Helgafellssveit, og er veginum nú komið nálega upp undir Kerlingarskarð að norðan eða, nánar tiltekið, upp undir svo nefnt Stórholt. Á þessum kafla vegarins er áin og síkið, sem eg nefndi. Kemur hinn nýi vegur þar ekki að fullum notum fyr en þetta er brúað, að minsta kosti að vetrarlagi. Þótt hér sé eigi um nein stór vatnsföll að ræða, getur á þessi og síki valdið að vetrarlagi óþægilegum farartálma.

Áætlun skriflega um kostnaðinn hefi eg ekki í höndum, en glöggur og vanur verkstjóri, Daníel Hjálmsson, sá hinn sami, er stýrði vegagerðinni á greindu svæði hefir sagt mér, eftir áætlun, er hann hefir gert, að kostnaðurinn fari eigi fram úr 3000 kr.

Hin till. á þgskj. 285 er sú, að þingið veiti 5000 kr. styrk til hafskipabryggjunnar í Stykkishólmi, á þessum sömu fjáraukalögum. Þess ber að geta, að fyrv. þm. Snæf. hafði á undanförnum þingum útvegað 10,000 kr. lánveitingarheimild með góðum kjörum til þessa stórfyrirtækis, og 5000 kr. styrk.

Starfinu er nú komið alllangt áleiðis, og hefir Stykkishólmshreppur lagt til fyrirtækisins af sinni hálfu þaðsem hann ítrast megnar, tekið 20,000 kr. lán í Landsbankanum, og 5000 kr. bráðabirgðalán í Íslandsbanka. Auk þess leggur sýslan til 2000 kr., sparisjóður 1000 kr., o. s. frv. Enn fremur hafa kaupmenn haft góð orð um að styðja málið. Tek eg þetta fram til að sýna, hvílíkan áhuga hreppsnefnd, sýslunefnd o. fl. hafa sýnt í þessu máli. Slíkan áhuga á nauðsynjafyrirtækjum hefir þingið verið vant að meta, og vona eg að svo verði enn, enda má öllum ljóst vera, að hreppsnefnd Stykkishólmshrepps þarfnast ákaflega slíks styrks, er hér er farið fram á. Yrði þá styrkurinn allur, með áður veittum styrk 10,000 kr., sem ekki nemur fjórðungi kostnaðar, því byggingin verður, vegna breytingar sem stjórnarráðið lét gera, yfir 40,000 kr. Til hliðsjónar skal eg benda á, að síðasta þing veitti styrk til bryggju á Skipaskaga og Blönduósi, er nema þriðjungi kostnaðar.

Stykkishólmur er, svo sem kunnugt er, sjálfsköpuð miðstöð samgangna á Breiðafirði. Kaupstaðurinn hefir og verið í framför síðari árin, og fólki því fjölgað. Enn skal eg benda á, að í

hitt eð fyrra náði hreppsnefndin kaupum á Stykkishólmi, sem áður var einstakra manna eign, og fyrir því stendur nú bryggjan á eigin lóð kauptúnsins.

Heppilegast af öllu telur hreppsnefndin, að bryggja þessi geti orðið að öllu eign kauptúnsins, og nefndin haft þannig óskoruð umráð hennar.

Í því trausti að deildin taki drengilega í þetta mál, lýk eg máli mínu um þessar br.till.

Einar Jónsson: Hér hefir komið fram sitt hvað, sem eg get ómögulega látið vera að minnast á.

Þó er það sérstaklega meðferð hins háttv. meiri hluta á Rangárbrúarmálinu og Vestmanneyjasímanum, sem hefir vakið undrun mína, meðfram vegna þess, hve miklu eg er kunnugri staðháttum þar, en flestir þeir er nú hafa talað í málinu. Þótt nú Rangárbrúin verði ekki beint feld, er það þó héraðsmönnum mjög bagalegt, ef framkvæmdirnar á þessu afarnauðsynlega velferðarmáli dragast á langinn. Það var augljóst, að þar sem háttv. frsm. (B. J.) sagði að áin væri tært og lygnt bergvatn með sléttum og góðum botni, þá talaði hann af miklum ókunnugleik. Því botninn er einmitt slæmur sandbotn, með hvössum staksteinum og einatt vex áin svo, að hún verður kolmórauð með flugstraumi. Kemur þetta sér því ver, þar sem menn eru neyddir til að aka kerrum yfir um ána, sem þó er hin versta og grimdarlegasta meðferð á hestum þeim, er fyrir vagnana er beitt.

Það er á allra vitorði, að þetta brúarmál hefir verið leagi á dagskrá hér á alþingi, og Rangæingum hefir beinlínis verið lofað brúnni og því ekki undarlegt þótt þeim sárni, ef þetta dregst enn lengur.

Eftir skýrslu verkfræðings landsins er engin brúarbygging á næsta sumri, og væri þá sannarlega tími til að framkvæma þetta marg umrædda nauðsynjamál. Eg vona að hið háttv. þing athugi vandlega þær upplýsingar, sem nú eru komnar í máli þessu, áður en það gerir nokkuð til að tefja fyrir jafn sjálfsögðu fyrirtæki.

Eg get naumast ímyndað mér að mörgum geti blandast hugur um, að það er mjög áríðandi að Vestmannaeyjasíminn komist sem fyrst á. Það er hin mesta nauðsyn, sem nú þegar kallar að og það ekki einungis Vestmannaeyja vegna, heldur vegna landsmanna í heild sinni, vegna þeirra mörgu, sem mundu hafa stórkostlegan hag af því að síminn kæmist á. Vestmanneyingar eru ekki mjög margir, en þeir eru dugandi menn og líklega mestir sjósóknarmenn af landsmönnum. — Framleiðslan er því miklu meiri en búast mætti við eftir fólksfjöldanum. Já, eg vík að því aftur. Nauðsyn á símanum er mikil. Eins og kunnugt er, er mjög mikið, já meiri hlutinn af þeim fiski, sem sunnlenzku fiskiskipin fá, tekinn suður undir Vestmannaeyjum og hve mikið gagn er það ekki útgerðarmönnunum að fá daglegar fregnir um fiskigönguna, hvar fiskur sé mestur þá og þá, sem og að fá vitneskju um hvernig skipum þeirra gangi og geti hagað öllu eftir því sem þörfin krefur í þann og þann svipinn. Eg skal svo ekki fjölyrða um málið en vona að flestir þm. sjái og finni, hve nauðsynlegt þetta sé og muni ekki greiða atkv. með að fresta málinu og því síður fella það með öllu.

Jóhannes Jóhannesson: Eg stend upp að eins til þess að minna háttv. deild á það, að háttv. fjárlaganefnd hefir að öllu leyti fallist á þær 2 br.-

till, sem við þm. að austan höfum leyft oss að koma fram með á þskj. 261.

Fyrri breyt.till. er eðlileg afleiðing þess, að háttv. fjárlaganefnd hefir séð nauðsynina á því, að Fagradalsbrautin, er langt er síðan byrjað var á, verði fullger á yfirstandandi ári, og því lagt til, að fjárveitingin til hennar verði færð úr fjárlögunum yfir á fjáraukalögin. Vegur sá, sem hér er um að ræða, á nefnilega að liggja frá enda brautarinnar við Egilsstaði um svo nefnt Egilsstaðanes að Lagarfljótsbrúnni og kemur brautinni eigi að fullum notum fyrri en vegurinn er lagður.

Að því er brúna á Jökulsá á Dal hjá Hákonarstöðum snertir, skal eg leyfa mér að upplýsa það, að áætlun um trébrú á þessum stað að upphæð 6 þús. kr. eftir þáverandi lands-verkfræðing, hr. Sigurð Thoroddsen, lá fyrir þinginu 1905 og veitti það á fjárlögunum fyrir árin 1906—1907 3 þús. kr. til brúar þessarar, þó ekki yfir helming kostnaðar. Núverandi landsverkfræðingur hr. Jón Þorláksson lagði hins vegar til, er til hans kasta kom, að amerísk stálbrú væri sett í stað trébrúar á ána — þótti brúin of löng til að vera trébrú — og áætlaði kostnaðinn við stálbrú 2600 kr. hærri en við trébrú eða 8600 kr. Helminginn af þessum 2600 kr. eða 1300 kr. veitti þingið 1907 á fjáraukalögunum fyrir fjárhagstímabilið 1906—1907 og sýndi með því, að það ætlaðist til að landssjóður greiddi helming kostnaðarins við brúargerðina.

Nú komst brú þessi loks á síðastliðið sumar og kostaði alls kr. 9116,28. Helmingur af þessari upphæð er kr. 4558,14. Þar af eru veittar eins og eg gat um kr. 3000,00 á fjárlögunum fyrir árin 1906—1907 og 1300 kr. á fjáraukalögunum fyrir sömu ár.

Mismunurinn milli hálfs kostnaðarins og hinna veittu upphæða kr. 258,14, að viðbættum kr. 0,79, sem eigi hafa komið til útborgunar af hinu veitta fé og því er endurveiting, eða samtals kr. 258,93, fer því breyt.till. vor fram á, að veitt verði á fjáraukalögum þessum og treysti eg því að hún nái fram að ganga.

Framsögumaður (Björn Jónsson): Eg þarf engu við að bæta það, sem eg hefi áður tekið fram, með því að engin ný rök hafa komið fram eftir að eg svaraði hæstv. ráðh. (H. H.) — Málið því fullbúið til atkv.gr.

Jón Jónsson, (S.-Múl.): Eg skal ekki lengja mikið umr., en eg vil þó gera grein fyrir atkv. mínu. Að því er Rangárbrúna snertir, hefir verið bent á, að fjárhagslega séð væri það haganlegast og heppilegast að leggja brúna á næsta sumri. Málið er nú þegar að öllu undirbúið af verkfræðingi landsins og hefir hann gert ráð fyrir, að brúin yrði bygð sumarið 1909, en 1910 er ætlast til að bygð verði stór brú á Norðurá og 1911 3 brýr á Holtavörðuheiðarveginum. Væri nú Rangárbrúnni frestað til 1910 eða 1911 færi stór brúargerð fram á tveim stöðum á sama tíma, en hver brúargerð útheimtir náveru verkfræðings, og því er auðsætt, að þá yrðu báðir verkfræðingarnir bundnir við brúargerðirnir, og gætu þá auðvitað ekki samtímis haft eftirlit með vegagerðum og öðrum nauðsynlegum framkvæmdum á öðrum stöðum. Í mínum augum er málið svo vaxið, að fyrir landssjóð sé ekkert unnið, þótt því sé frestað og erfiðleikarnir á að fá verkið unnið seinna miklu meiri, að eg nú ekki tali um þann hag, sem Rangæingar hafa af að fá brúna strax, sem meir en vegur upp eins árs rentur af kostnaðinum. Eg treysti svo á réttlætistilfinningu þm.,

að þeir láti Rangæinga ekki gjalda þess, þótt nú hafi svo tekist til, að þm. þeirra eru í minni hluta á þinginu. Framsm. (B. J.) sagði í ræðu sinni áðan, að Rangá væri ekki stórt né erfitt vatnsfall. Látum svo vera, að það sé alveg rétt, þegar hún er borin saman við ýms þau stórvötn, sem landssjóður hefir brúað hingað til. En fjárlaganefndin ásamt framsm. hefir lagt til að bygð yrði brú á Laxá í Húnavatnssýslu. Það er þó miklu minni á og greiðari yfirferðar. Í samanburði við hana er Rangá stórá. Eg tel því þm. nokkuð mislagðar hendur, ef það yrði ofan á að fella Rangárbrúna, en samþ. brú á Laxá. En einkum vil eg þó leggja áherzlu á sögu málsins. Mál þetta kom fyrir þing 1907 og var þá að öllu undirbúið öðru en að ágreiningur var um brúarstæðið. Flestir kusu það þar sem nú er ráðgert, en verkfræðingur landsins hafði lagt til, að brúin yrði bygð á öðrum stað. Var málið svo þæft fram og aftur og varð það loks samkomulag við 1. þm. Rangv. (E. P.) að fresta málinu í bráð, og átta sig til fulls á því, hvort brúarstæðið væri hentugra. En kæmi málið full-undirbúið undir þing 1909, skyldi brúargerðin sett á fjáraukalögin og verkið unnið sumarið 1909. Ef þingið nú álítur nokkurs vert að brjóta ekki loforð fyrri þinga, á það ekki að fella þessa brúargerð nú. Og eg verð að segja, að það væri óheppilegt, ef seinni þing, þótt önnur flokkaskifting sé, teldu sig ekkert bundin við loforð fyrri þinga. Það yrði til að rýra álit og virðing þingsins, ef það yrði bert, að alþingi, sú virðulega stofnun, teldi sér ekki skylt að standa við orð sín, og er vonandi að meiri hluti háttv. deildar vilji ekki stofna til þess.

Þá er ritsímasambandið til Vestmannaeyja. Það tel eg bráðnauðsynlegt ekki einungis Vestmannaeyja heldur landsmanna vegna í heild sinni, er það hlýtur að verða til stórmikils hagnaðar, einkum fyrir útgerðarmennina hér í Reykjavík og annarsstaðar sunnanlands. Eg vildi óska, að háttv. deildarmenn íhuguðu þetta vandlega. Ef síminn kemur ekki til Vestmannaeyja verð eg að telja það mjög misráðið að vera að leggja síma austur í sveitir og láta hann enda í sveit ekki fjölmennri að eg hygg. Síminn frá Selfossi austur að Garðsauka kæmi þá ekki að tilætluðum notum og það væri því engin skynsamleg ástæða að leggja hann þá leið, heldur að eins gegn um Selfoss til Eyrarbakka og Stokkseyrar.

Framsögumaður (Björn Jónsson): Eg held það ætti að vera orðið fullrætt um þessa blessaða Rangárbrú. Þá brú má telja »lúxus«, ekki í sjálfu sér, heldur í sambandi við aðrar brýnar eða enn þá brýnni nauðsynjar, er kosta þarf úr landssjóði. Oss væri ánægja að láta Rangæinga fá fé þetta, ef vér gætum, en vér megum ekki af því missa frá öðru. Brýnni þörf kallar svo víða. Eg skal t. d. minna á alt það fé sem fer og verður að verja til útrýmingar berklaveikinnar hér á landi. Eg er sannfærður um, að ef Rangæingar væru spurðir, hvort þeir vildu ekki fyrst um sinn verða af brúnni, en fénu væri varið til að yfirstiga það mikla þjóðarmein, til að reisa heilsuhæli handa berklaveikum, mundi mikill meiri hluti þeirra svara óhikað já. Svo óeigingjarnir og svo miklir ættjarðarvinir veit eg að þeir eru. Annars er þessi mikla keppni h. þm. þeirra nokkuð óviðfeldin. Þingmenn eiga að hafa ekki eingöngu hagsmuni síns héraðs heldur alls landsins fyrir augum sér. Þeir mega ekki gera sig seka í ofmikilli hreppapólitik, og þegar

hún kemur fram eigi að síður, á deildin að sjá sóma sinn í að kveða slikt niður. Hér við bætist enn, að geysimikill ágreiningur er um brúarstæðið. Brú hjá neðri staðnum, hjá fossinum, mun ódýrari og að líkindum traustari og verður þar endingarbetri; á efri staðnum, á Höfðanum, liggur hún betur í þjóðleið. Eg fyrir mitt leyti er samt þeirrar skoðunar, að þegar brúin kemur, þá eigi hún að vera á efri staðnum.

Fyrri þm. S.-Múl. (J. J.) lagði mikla áherzlu á, að það væri að rjúfa heit fyrri þinga að synja Rangæingum um brúna, og taldi næsta þing bundið við ályktanir þingsins á undan. Þetta er herfilegasti misskilningur. Nýjum meiri hluta ætti eftir því að vera skylt að samþykkja og leggja fram fé til fyrirtækja, þótt hann álíti þau óþörf eða jafnvel skaðleg landi og lýð, ef að eins meiri hluti fyrri þinga — þegar flokkaskifting var öðruvísi — hafi verið þeim meðmæltur. Slíkt væri óþolandi haft á frelsi seinni þinga og liggur svo í augum uppi, að mig stórfurðar á að háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) skuli koma fram með aðra eins kenningu. Fjárhagurinn getur líka verið orðinn annar og lakari, t. d. 1907, alt annar en 1909, og því meiri ástæða til að hafa sem mestan sparnað; en það ætti seinni þing, t. d. þingið núna, ekki að hafa heimild til að gera, ef öll þessi kenning væri rétt.

Það hefir verið mikið talað um, hve Vestmannaeyjasíminn væri nauðsynlegur. Eg hef svarað því áður fullrækilega. Eg hef leitt rök að því, að ekki væri rétt að leggja ritsíma þangað, fyr en ransakað væri, hvort loftskeytasamband þangað væri óframkvæmanlegt. Hér er ekki verið að fara fram á annað en að ekki sé rasað fyrir ráð fram, heldur að reynt sé fyrir sér, hvort loftskeytasamband milli lands og Eyja sé ekki fáanlegt með góðu móti. Sjálfir höfum vér enga sérþekkingu á þessu máli og er skylda vor þingmanna að afla oss betri vitneskju eða fræðslu um það mál, áður en ráðist er í jafnstórt fyrirtæki.

Eggert Pálsson: Eg skal ekki vera langorður, en eg get ekki látið það vera ómótmælt, sem háttv. framsm. (B. J.) sagði um Rangárbrúna; maður skyldi halda það vera af ókunnugleika talað, en ekki öðru verra, sem hann sagði um það mál. Hann sagði, að það væri »luxus« að fara að brúa Rangá; sjálfur hefir hann þó fallist á að brúa Laxá í Húnavatnssýslu, smá-á, sannkallaða sprænu, eða öllu heldur lagt það til, svo að það getur ekki álitist að hann telji það vera »lúxus«. En er nokkur samkvæmi í þessu? Svo gagnókunnugur málavöxtum, sem orðin benda til, getur hinn háttv. framsm. (B. J.) tæplega verið. Mér er kunnugt um, að hann hefir farið yfir Rangá og eg veit, að grynnra getur hann ekki hafa komist yfir hana en á miðjar síður, þó þerritíð hafi verið. Og á hina hlið þykir mér ekki ólíklegt, að hann hafi einnig einhvern tíma farið yfir Laxá og honum hafi því ekki getað dulist hinn mikli mismunur, sem hér er á.

Reyndar kemur mér það ekki á óvart, þótt hann bregðist ókunnuglega við þessu, því að hann hirti ekki um að heyra ástæðurnar, er eg bar fram áðan — hann hefir alloft þann sið, eða öllu heldur ósið, bæði á þingi og annarsstaðar, að hlaupa út, þegar einhverju er andmælt af öfgum hans, eða einhver rök færð fyrir því, sem honum ekki geðjast að. *(Björn Jónsson:* Hefi heyrt þær ástæður tíu sinnum áður!)

Þá þótti háttv. framsm. (B. J.) réttara að Rangæingar æsktu þess, að

heilsuhælið væri stutt með fé landssjóðs heldur en að verja fé til brúargerðar á Ytri-Rangá. Hvað þetta atriði snertir, þá get eg sagt það, að ekki eru Rangæingar svo nærsýnir, að þeir ekki óski eftir, að berklaveikisheilsuhælið sé styrkt af landssjóði eftir föngum. Eg sagði nærsýnir, af því að eg veit ekki til, að meira sé um þá veiki þar en víða annarsstaðar á landinu, heldur þvert á móti. En hitt mun þeim óskiljanlegt reynast, hvers vegna þeir einir eigi sérstaklega að leggja alt í sölurnar fyrir þessa stofnun. Og væri þeim það ljóst, að annaðhvort yrði endilega að sitja á hakanum í bráð, Rangárbrúin eða heilsuhælið, álít eg að þeir hafi fullgilda ástæðu til að kjósa hið síðara.

Þá talaði háttv. framsm. (B. J.) um það, að ágreiningur væri enn um brúarstæðið, en þetta er alls ekki á rökum bygt. Það kann að vera að eins einn maður eða svo fyrir austan Rangá, sem vill hafa brúna á neðri staðnum. Og sé um ágreining talað í þessum efnum, þá er öllum vitanlegt, hvaðan sú alda er runnin. Ef brúin væri sett þar — á neðra staðnum — þá gæti eg tekið undir með framsm. (B. J.) og játað að það væri réttnefndur »lúxus«; þar hefðu að eins fáir fult gagn af henni, 1 maður eða 2 fyrir austan ána, og 10—20 bæir fyrir vestan, er kirkju sækja að Odda. Til flutninga yrði hún ekki notuð að fullu þar. Og eg ímynda mér því, að Rangæingar sem fyrir austan ána búa, tækju því ekki með neinum þökkum, ef brúin yrði höfð þar. Um þá er búa utan Rangár er líkt að segja: þeir eru flestir hlyntir því að brúin sé á efra staðnum, því þar hafa þeir hennar meiri not.

Eg hefi áður, ásamt 2. þm. Rangv. (E. J.), gert grein fyrir þessu nauðsynjamáli. En eg get enn þá bent á það, að þegar þarf að flytja yfir ána, þá verða menn að leggja borð eða fjalir ofan á vagnkassann, og hrúga svo flutningnum þar ofan á, til þess að komast með hann þurran og óskemdan, og mun öllum ljóst, hvílíkum örðugleikum slíkt er bundið, ekki að eins fyrir mennina, sem við það fást, heldur líka skepnurnar. Veit eg að háttv. framsm. er svo mikill dýravinur, að honum mundi ofbjóða sú meðferð á skepnum, sem þar verður að hafa, verður segi eg, því nauðsyn brýtur lög; annað er ekki hægt, meðan engin er brúin.

Skal eg svo ekki fjölyrða um þetta frekar; málið mun hvort sem er vera nægilega búið undir atkvæði — og fer þá um það sem fara vill.

Jón Ólafsson: Herra forseti! — Ekki get eg að því gert, að hafa nú yfir málsháttinn: »Ekki er lengi að breytast veður í lofti«.

Í fyrra vetur gerði hér mikinn hvassviðris-garra, er stóð austan úr Rangárvallasýslu. Hann blés hvassan í einu »meiriháttar« blaði hér í bænum, og geri eg ráð fyrir að háttv. framsm. (B. J.) beri enn þá meiri virðing fyrir því blaði, heldur en eg. Var þar blásið hart á syndaregistur stjórnarinnar og þingsins, og að því fundið meðal annars, að Rangæingum hefði verið synjað um brú á Rangá. Nú er það almælt, að framsm. (B. J.) sjálfur hafi samið þessa klausu fyrir »Hellis«manninn og aðra; að minsta kosti tók hann þetta upp sem sitt mál, þótti Rangæingar illu beittir o. s. frv.

Þetta var nú reyndar ekkert kynlegt úr þeirri átt, en þegar hann ræður nú sjálfur lögum og lofum, þá hefði þó mátt ætla, að hann myndi fyrstur manna vilja framkvæma það, er hann vítti þáverandi þing og stjórn

fyrir að hafa látið ógert. En það er nú síður en svo, að hann geri það. Í þessu er ósamræmi mikil, og því endurtek eg málsháttinn: »Ekki er lengi að breytast veður í lofti«.

Að því er snertir símann til Vestmannaeyja, þá hefi eg aldrei litið svo á, að Eyjarnar einar hafi þar mest eða alt gagnið af. Það yrði öllu heldur til gagns fyrir alt landið, fyrir langmestu atvinnugrein Íslendinga — sjávarútveginn, og kannast jafnvel frsm. (B. J.) við þetta. En þó segir hann, að nú beri ekki brýna nauðsyn til þessarar símalagningar, það megi fresta þessu verki þangað til komið sé í ljós, hvort ekki verði komið á loftskeytasambandi við Eyjarnar, með ódýrara móti, en unt er með símanum. En það gæti nú orðið nokkur bið á því. Auk þess vil eg minna á það, að samkvæmt áreiðanlegum skýrslum mun starfrækt og reksturskostnaður við 2 loftskeytastöðvar í Noregi 8 þús. kr. á ári, 4000 á hvorri. Það er sama sem fjórðungur allar þeirrar fjárupphæðar, sem farið er fram á eitt skifti fyrir öll til lagningar Eyjasímans. Þessi sparnaður virðist því nokkuð kynlegur.

Þá sagði hann, að tífalt meira gagn yrði að loftskeytastöð, ef henni væri komið upp. En hverjum yrði það gagn? Ekki landsmönnum, því að þeim kemur ekki að haldi annað samband en það, sem þeir fá með símanum. En það væru skipin, sagði hann, er mikið gagn hefðu af því. En eg veit nú ekki til, að neitt af þeim skipum, er oss við kemur, hafi þesskonar tæki, að þau gætu notað slíkt samband. Það eru víst að eins fá, ef nokkur. Eg býst við, að Birma hafi haft þau, þegar konungur var hér á ferð síðast, og ef til vill eitt lystiskip annað. Tíðast hafa skip, sem hér eru á ferðum, ekki loftskeytatæki.

Ef loftskeytasamband kæmist einhvern tíma á, — sem vonandi verður með tímanum —, þá yrði auðvitað ódýrra að hafa eina stöð. — Það sparaði sem svarar 4 þúsund kr. á ári í rekstrar-kostnað einn.

Skal eg svo ekki tala frekar um þessi mál — nema um fjárveitinguna til forngripasafnsins: vona eg að háttv. deild sjái það, að fjárveitingin þarf einnig að vera fyrir yfirstandandi ár, því að til þess má þó ekki ætlast, að safninu verði nú lokað, er sumarið fer í hönd og ferðamanna er von, er fýsast að sjá safnið.

Pétur Jónsson: Eg hefi ekki ætlað mér að lengja fjárlagaumræðurnar, hvorki nú að þessu sinni né síðar. Það er víða komist þannig að orði í nefndaráliti nefndarinnar, að meiri hlutinn var með þessu, eða hinu, og er þetta rétt. En sá meiri hluti hefir verið ýmislega samsettur, eins og gengur, og hefir eigi farið eftir flokkum alstaðar. Þess er þó ekki ætið getið, þegar nefndin hefir verið tvískift. En það getur auðvitað komið fram við atkv.gr.

Tvö stór atriði eru það, sem ágreiningur hefir orðið um í nefndinni, en það er Rangárbrúin og Vestmannaeyjasíminn.

Það hefir verið rætt nóg um þetta hvorttveggja, en eg vil að eins skýra fyrir mönnum afstöðu mína við atkvæðagreiðsluna.

Háttv. framsm. (B. J.) kastaði fram þeirri spurningu, hvort minni hlutinn á þingi ætti að vera bundinn við það, þegar hann kæmi næst til valda, sem meiri hlutinn hefði gert eða ákveðið næst á undan. En viðvíkjandi fjármálum skal eg geta þess, að slík skifting hefir aldrei komið fram í fjármálum. Það yrði í fyrsta sinni nú,

ef slíkt yrði; eg býst reyndar ekki við því, en það er alveg nýtt, ef svo verður.

En eg lít svo á, að alþingi sé skylt að taka til greina það sem síðasta þing hefir skuldbundið sig til að gera, nema sérstakar ástæður séu á móti. Alþingi verður að koma fram sem heild út á við. Ráðherraskifti (systemskifti) geta ekki raskað þess konar, ef ekki liggja sérstök atvik til, eða um áhrifamikið stefnumál sé að ræða.

Framsögumaður (Björn Jónsson): Hin síðasta athugasemd háttv. þingm. S.-Þing. (P. J.) er eg ætla að svara fyrst — var alveg út í bláinn töluð.

Skárra væri það nú, ef slíkt band væri á þinginu, að það teldi sig þannig háð síðasta þingi.

Svo eg snúi mér að aðal-aðfinslunni, þá skal eg geta þess, að mér væri sönn ánægja, að veita þetta, sem um er beðið, og þegar eg nefndi »luxus«, þá lagði eg að eins þá merkingu í það orð, að þetta væri ofviða í samanburði við margt annað, er brýnni nauðsyn bæri til að bæta, þar sem fjárhagurinn auk þess er mjög erfiður.

Það er annars einkennilegur samjöfnuður, að nefna brúna á Laxá (á Húnvetningabrautinni fyrirhuguðu) í sambandi við þetta mál; að líkja 47 þús. kr. við 6 þús. kr.! Laxá er lítil torfæra á braut, sem byrja á nú fyrst að leggja, en hefir dregist 10—15 ár.

Eg get ekki skoðað slíkan samanburð öðru vísi en sem blekkingartilraun.

Háttv. 1. þm. Rang. (E. P.) varð allheitur út af því, að eg hafði leyft mér að ganga út á meðan á ræðu hans stóð, þótti það víst ganga glæpi næst, að hafa ekki hlýtt á hina löngu og snjöllu ræðu hans, — og þá auðvitað látið sannfærast.

En mér finst það nú í rauninni vorkunnarmál, þótt menn leiði hjá sér, að hlusta á það í 11. skiftið, sem að heyrst hefir 10 sinnum áður, þetta, sem búið er að margþvæla, bæði í fjárlaganefnd og þar fyrir utan.

Þess gat hann einnig, að allir Rangæingar — fyrir austan Rangá — nema einn maður, vildu hafa brúna á efra staðnum. En eftir því, sem mér hefir verið sagt, þá munu menn þar skiftast yfirleitt í tvo flokka í þessu máli. — En það get eg sagt, að eg mundi auðvitað hallast að því, að brúin yrði þar sem betur hentaði, enda þótt það kostaði meira fé, og fer fjarri því, að sú hugsun manna sé ámælisverð, það er ekki nema eðlilegt og rétt.

Þá sagði 2. þm. S.-M. (J. Ó.) að eg hefði ámælt stjórninni fyrir að gera það, sem eg hefði mælt með sjálfur áður, þ. e. Rangárbrúnni, og taldi það vera kynleg veðrabrigði. Hann mun eiga við greinina eða greinarnar um misrétti við Rangæinga, sem stóðu í blaði mínu í fyrra vetur, er hann virðist vilja eigna mér sjálfum, þótt vel viti hann, að eg átti engan staf í henni. Undir henni stóðu margir tugir rangæskra bænda (kjósenda), enda samin þar eystra. — Greinin eða greinarnar stóðu líka í 2—3 öðrum blöðum.

Þar sem eg í annan stað mintist á heilsuhælið, — þá var það að eins samanburðar-dæmi og ekki annað. — Eg lít svo á, að ef um tvö nauðsynja fyrirtæki er að tefla, þá eigi að meta það mest, er brýnust þörfin er á — þótt bezt væri, að geta sint hvorutveggja.

Um Vestmannaeyja sambandið var það sagt, að nauðsynlegt væri að leggja sæsíma, það væri landinu nauðsynjamál í heild sinni, og mætti enginn frestur verða á því verki.

Eg held nú samt, að hér horfi þetta öfugt við: Mundi ekki meira gagn að því, að fá samband við allan skipa-

flotann nærri Eyjunum, og þá um leið við önnur lönd; mundi það ekki drjúgum auka tekjur landssjóðs?

Má ekki miða við það, þótt fá skip hafi nú lottskeytatæki, því þess mun naumast verða langt að bíða. Ættum vér þá að fara að ausa út fé, sem hjá mætti komast?

Eg skil nú ekki annað, en að þessi tvö ágreiningsmál — Rangárbrúin og Vestmannaeyjasíminn — séu orðin svo skýrð og rædd, að þingmenn geti verið orðnir fullráðnir í, hvernig þeir eigi að greiða atkvæði.

Með þeim 80 þús. kr., er við þetta sparaðist, mætti gera margt og mikið annað, sem meira er í varið; það mætti hjálpa mörgu áleiðis, sem brýn þörf er á.

Einar Jónsson: Eg býst nú við, að menn gangi að því vísu, að það sé Rangárbrúin enn, sem eg ætli að tala um. Eg verð að kannast við það, að svo sé. Mér finst það mjög undarlegt, að menn skuli vera að halda jafnmiklar tölur um mál, sem þeir í öðru orðinu kannast við, að þeir séu ekki nógu kunnugir, — jafnvel þekki ekki neitt.

Það getur enginn kunnugur maður sagt annað eins og það, að þetta fyrirtæki sé til gamans og skemtunar, en ekki verulega til gagns.

Kunnugir vita um tálmanirnar, þeir vita, að á sumrin er oft næstum ómögulegt, að flytja vörur yfir ána, og á vetrum verður oft og tíðum ekki yfir hana komist með nokkru móti. Menn verða þá að liggja við hana, ef til vill dögum saman.

Er nú hægt að segja, að slíkt fyrirtæki og hér ræðir um sé til gamans en ekki gagns, eða ætli menn séu að liggja við ána sér til gamans?

Þetta er sú fjarstæða, sem engu tali tekur, og ekki er eyðandi orðum að.

Framsögumaður (Björn Jónsson): Út af aðdróttuninni um, að það væri að eins einn maður, er berðist fyrir brúarstæðinu á neðra staðnum, — þá skal eg geta þess, að bæði hann, þ. e. Sigurður á Selalæk, og ýmsir fleiri, hafa sagt mér, að þeir vildu fegnir hafa brúna á efra staðnum, með því að meiri átroðningur mundi verða á sínum bæ (Selalæk), ef hún yrði neðar. — En hitt hefir verið smíðað af öðrum, verið notað til »agitationar« gegn Sigurði við þingkosningarnar. Það er alt og sumt.

Þá var talað um vandræðin, að verða að selflytja allan flutning yfir ána. En við slíkt hafa menn þó orðið að búa frá því er landið bygðist. — Vona eg, að háttv. þingmenn minnist þess, að eg lagði þó gott til málanna, þegar ræða var um brúargerð á Ölfusá og Þjórsá. Hin héruðin sáu ofsjónum yfir þessum héraðabótum og töfðu með því verkið í 10—20 ár. Nú vil eg segja, að þegar loks er búið að fullnægja þessum nauðsynjamálum, þá mega menn ekki þjóta upp úr öllum áttum og hamra fram einhvern »luxus«, þ. e. verk, sem að vísu má verða til gagns, en verður þó hjá komist. Þessa merkingu legg eg í orðið »luxus« í þessu sambandi, og ekki aðra. — Það eru miklu fleiri ár, sem torfærari eru yfirferðar en Rangá, það eru straumharðar ár og illar í botninn. Þar væri meiri nauðsyn á umbótum. Með þessum 40—50 þús. kr., sem ætlaðar eru til Rangárbrúarinnar mætti brúa margar smá ár, sem þó geta verið afar illar yfirferðar.

Háttv. 1. þm. Rvík. (J. Þ.) sló mér gullhamra fyrir það, að eg væri dýravinur. Eg þakka þingm. fyrir þessi

fallegu orð í minn garð, en eg verð þó að geta þess, að eg get ekki fylgt þeim dýravinum að því máli, að dýraverndunin sé svo mikil, að hestum sé hlift við því, að fara yfir lygnt vatn með góðum botni.

Jón Magnússon: Út af því, sem sagt var seinast, að ekki væri mikil nauðsyn á síma til Vestmannaeyja, þá skal eg að eins geta þess, að landsímastjórinn hefir sagt, að þessi sími hefði átt að koma á undan öllum öðrum símum, næst á eftir símanum frá Seyðisfirði til Reykjavíkur, og í sambandi við símann austur í Rangárvallasýslu. Þetta var álit hans, þess manns, er auðvitað hefir bezt vit á málinu hérlendra manna, og þess vegna hefir háttv. meiri hluti fjárlaganefndarinnar líklega ekki þótt ástæða til, að tala við hann.

Eg vil minnast á það, sem eg gat um áðan, að ekki er rétt, að setja loftskeytastöð til afnota fyrir skip, í samband við þetta mál. Til þess álít eg, að hentast væri, að hafa 1 stöð, t. d. á Eyrarbakka. En ef ætti að nota loftskeytasamband á milli Eyjanna og landsins, þá þyrftu stöðvarnar að vera 2, og það mundi vafalaust kosta mikið meira, heldur en að nota sæsíma, eins og stjórnin stingur upp á.

Vel getur verið, að sumum þyki ástæða til að hafa samband við Grímsey. Eg mæli ekki á móti því, en dálitið finst mér það einkennilegt, að tala um það, í sambandi við þetta mál.

ATKV.GR. (Atkv.skrá A. 303).

2. gr.

1. Br.till. tekin aftur.
2. Viðaukatill. sþ. með 22 atkv.

2. gr. með áorðnum breytingum sþ. með 24 atkv.

3. gr.

1. Br.till. við a. 4 sþ. með 21 atkv.
2. Br.till. við a 4. sþ. — 19 atkv.
3. Viðaukatill. 253 við B II. sþ. með 15 atkv.
4. Br.till. við B. II. sþ. með 18 atkv.
5. —— — — — — — 18 —
6. —— — — — — — 23 —
7. —— — — — — — 22 —
8. Br.till. við B. II. sþ. með 15 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Jón Ólafsson,
Bened. Sveinsson,	Eggert Pálsson,
Björn Jónsson,	Einar Jónsson,
Björn Kristjánss.,	Hannes Hafstein,
Björn Sigfússon,	Jóh. Jóhannesson,
Björn Þorlákss.,	Jón Jónsson S.-M.,
Hálfdan Guðjónss.,	Jón Magnússon,
Jón Jónsson N.-M.,	Jón Þorkelsson,
Jón Sigurðsson.	Pétur Jónsson,
Magnús Blöndahl.	Stefán Stefánsson,
Ólafur Briem,	
Sig. Gunnarsson,	
Sigurður Sigurðss.,	
Skúli Thoroddsen.	
Þorleifur Jónsson.	

9. Viðaukatill. 261 við B. III. sþ. með 23 atkv.
10. Viðaukatill. 285 við B. III. sþ. með 15 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Jón Ólafsson,
Ben. Sveinsson,	Björn Sigfússon,
Björn Jónsson,	Björn Þorláksson,
Björn Kristjánss.,	Eggert Pálsson,
Hálfdan Guðjónss.,	Einar Jónsson,
Jón Jónsson, N.-M.,	Hannes Hafstein,
Jón Magnússon,	Jóh. Jóhannesson,
Jón Þorkelsson,	Jón Jónsson, S.-M.,
Magnús Blöndahl,	Jón Sigurðsson,
Ólafur Briem,	Pétur Jónsson.
Sig. Gunnarsson,	
Sig. Sigurðsson,	

Já:
Skúli Thoroddsen,
Stefán Stefánsson.
Þorl. Jónsson.

11. Viðaukatill. 261 við B III sþ. með 24 atkv.

12. Br.till. við B VI II. sþ. með 13 : 9 atkv.

13. Viðaukatill. 286 við D. II. 6 sþ. með 13 : 1 atkv.

14. Br.till. við D. II. 6 sþ. með 13 : 9 atkv.

15. Br.till. við D. II. 6. sþ. með 20 atkv.

16. Viðaukatill. 282 sþ. með 13 shlj. atkv.

3. gr. með áorðnum breytingum sþ. með 19 shlj. atkv.

4. gr.

1. Br.till. við B. III sþ. með 14 : 2 atkv.

2. Br.till. við B V. sþ. með 16 atkv.

4. gr. með áorðnum breytingum sþ. með 19 shlj. atkv.

5. gr.

1. Viðaukatill. 296 sþ. með 13 shlj. atkv.

2. Br.till. við 7. sþ. með 14 : 4 atkv.

3. Viðaukatill. 296 við 7 sþ. með 20 : 5 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Björn Kristjánss.,
Jón Ólafsson,	Björn Sigfússon,
Ben. Sveinsson,	Hálfdan Guðjónss.,
Björn Jónsson,	Ólafur Briem,
Björn Þorláksson,	Þorleifur Jónsson.
Eggert Pálsson,	
Einar Jónsson,	
Hannes Hafstein,	
Jóh. Jóhannesson,	
Jón Jónsson N.-M.,	
Jón Jónsson S.-M.,	
Jón Magnússon,	
Jón Sigurðsson,	

Já:
Jón Þorkelsson,
Magnús Blöndahl,
Pétur Jónsson,
Sig. Gunnarsson,
Sig. Sigurðsson,
Skúli Thoroddsen,
Stefán Stefánsson.

4. Viðaukatill. 282 feld með 15 : 7 atkv.

5. gr. með áorðnum breytingum sþ. með 21 shlj. atkv.

6. gr.

1. Viðaukatill. 284 við 24 sþ. með 17 : 8 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Eggert Pálsson,
Jón Ólafsson,	Einar Jónsson,
Ben. Sveinsson,	Jóh. Jóhannesson,
Björn Jónsson,	Jón Jónsson, N.-M.
Björn Kristjánss.,	Jón Jónsson S.-M.,
Björn Sigfússon,	Jón Sigurðsson,
Björn Þorláksson,	Sig. Sigurðsson,
Hannes Hafstein,	Þorleifur Jónsson.
Hálfd. Guðjónsson,	
Jón Magnússon,	
Jón Þorkelsson,	
Magnús Blöndahl,	
Ólafur Briem,	
Pétur Jónsson,	
Sig. Gunnarsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Stefán Stefánsson,	

6. gr. sþ. með áorðnum breytingum með 21 atkv.

7. gr.

1. Viðaukatill. samþ. með 19 shlj. atkv.

1. gr. samþ. eins og hún er með 22 atkv.

Fyrirsögnin sþ. án atkv.gr.

Vísað til 3. umr. með 22 atkv.

Þriðja umræða, 31. marz (A. 317, 331, 335, 344, 347, 365).

Framsögumaður (Skúli Thoroddsen): Eg ætla að vera mjög stuttorður. — Viðvíkjandi breytingartill., þá var 1500 kr. til Holtavegarins prentvilla í frumv. á að vera 15,000 kr., og hér er því að eins um leiðréttingu prentvillu að ræða. Önnur breyt.till. viðvikjandi verndun á Eyrarbakkabrautinni fyrir vatnságangi þarfnast engrar útskýringar, þar sem það leiðir af sjálfu sér, að tillag verður að koma annarsstaðar frá, svo að nægi til að fullgera verkið.

Þá er till. fjárlaganefndar um að veittar séu til Elliðaeyjarvitans 700 kr. samkvæmt till. stjórnarráðsins, og hefir verkfræðingur Þorv. Krabbe, sem skoðað hefir vitann, látið í ljósi, að aðgerðin sé bráðnauðsynleg.

Næsta breyt.till. fer fram á að styrkurinn til presta og prestsekkna hækki um 500 kr., og er það gert eftir till. biskups. Fimta till. er um að bæta æfingabekk við kennaraskólann, og ætlaðar til þess 500 kr. Þá er enn till. nefndarinnar, breyt.till. við sömu gr. (4. gr.), að veita Jónasi Jónssyni frá Hriflu 500 kr. til þess að ljúka kennaraprófi, og er svo tilætlast, að hann taki að sér kenslu við æfingabekkinn í kennaraskólanum. — Hefir umsjónarmaður fræðslumála veitt honum beztu meðmæli, og þykir nefndinni því rétt, að hann sé styrktur, svo að hann geti lokið við nám sitt.

Enn fremur hefir nefndin leyft sér, að leggja til, að veittar verði 400 kr., til að gera við Langholts- og Þykkvabæjarklausturskirkjur svo að þær verji betur fúa, og er þetta gert eftir till. umboðsmannsins í Vík, sem telur það eigi mega dragast. Þá leggur nefndin til, að eftirstöðvar af láni jafnaðarsjóðs Suðuramtsins til viðlagasjóðs, til brúargerðar á Ölfusá falli niður ásamt vöxtum frá 6. sept. 1907, með því að jafnaðarsjóðirnir féllu úr sögunni, er amtsráðin voru lögð niður.

Enn fremur leggur nefndin það til, að stjórninni veitist heimild til að lána byggingarsjóði úr viðlagasjóði 10,400 kr. til lúkningar ógreiddum kostnaði við hitaleiðslu í safnahúsinu til hlutafélagsins »Völundur«, og víkur þessu svo við, að þegar »Völundur« tók að sér að byggja safnhúsið, var gert ráð fyrir að hitaleiðslan myndi að eins kosta um 7 þús. kr. Síðar voru gerðar töluverðar breytingar á fyrirkomulaginu, og varð verk þetta því hlutafélaginu miklu dýrara en áætlað var, er samið var um byggingu safnahússins, og álítum vér því að hlutafélagið eigi fulla heimtingu á þessari upphæð.

Við brt. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) um fjárveitingu til að kaupa spjaldskrín handa Landsbókasafninu hefir fjárlaganefndin ekkert að athuga, og mun greiða henni atkvæði sitt.

Loks kemur till. um brúargerð á Rangá. Till. um brú á Rangá hefir áður verið feld hér í deildinni, en nú víkur dálitið öðru vísi við, er héraðið býðst til að taka hlutdeild í kostnaðinum. — En þrátt fyrir það, mun þó hætt við, að till. eigi lítils byrs að vænta, þar sem þm. hafa þegar ráðið með sér, hversu þeir eigi að greiða atkv. um málið, og hafa snúizt gegn því við fyrri umr.; öðru máli hefði ef til vill verið að gegna, ef hún hefði komið fram strax. Auk þess er og á það að líta, að Rangæingar bera sinn hlut frá borði, þótt eigi verði af brúargerðinni, þar sem veitt er talsverð fjárupphæð til Holtavegarins.

Finn eg svo eigi ástæðu til að fara fleiri orðum um breyt.till. þær, sem fram hafa komið.

Eggert Pálsson: Eg ætlaði að segja fáein orð viðvíkjandi breyt.till. 344, sem eg og hv. samþm. minn höfum komið með. Eftir vexti málsins gefur að skilja, að það er ekki mikið eða margt sem um það mál er hægt að segja, sem till. hljóðar um. Það hefir þegar áður verið skýrt frá þörfinni á Rangárbrú, og álít eg þýðingarlaust að endurtaka það. Og vegna þessarar ómótmælanlegu nauðsynjar, sem er á því, að fá þessa brú sem fyrst, berum við þm. þessa kjördæmis fram þessa till. enda þótt við vitum eigi, hvernig kjósendur okkar myndu taka því að verða að bera þann bagga, sem við þannig neyðumst til að leggja þeim á herðar með þessari till. okkar.

Háttv. framsm. (Sk. Th.) mintist á fjárveitingu til Holtavegarins, og mér virtist svo sem hann vildi skoða hana sem styrk til Rangæinga. En hér er ekki um neinn styrk að ræða, heldur að eins fjárveitingu til þess að gera Holtaveginn svo úr garði, að hann verði tekinn út af landssjóði og afhentur sýslufélaginu. En hversu vel sem Holtavegurinn yrði úr garði gerður, sem eg efast um að nokkurn tíma verði, þá er það víst að fyrir sýslufélagið getur hann eigi komið að tilætluðum notum án brúarinnar. Það er víst og satt að með honum er langferðafólki og skemtiferðafólki mjög gert léttara fyrir, en þýðingarminni er og verður hann, að því er vöruflutning snertir á meðan Rangárbrúna vantar.

Legg eg svo alveg á vald hinnar hv. deildar, hvernig hún snýr sér í þessu máli. Við þm. kjördæmisins höfum fullkomlega gert skyldu okkar í þessu máli og ábyrgðin á því að þessi nauðsynlega samgöngubót kemst ekki á hvílir ekki á okkur, heldur hinni hv. deild.

Eg vil geta þess, að hinn hv. frsm. (B. J.) tók það fram við 2. umr. fjárlaganna, að mál þetta myndi öðru vísi við hafa horft, ef eg hefði þegar í byrjun í fjárlaganefndinni viljað hallast að uppást. hans að héraðið tæki hlutdeild í kostnaðinum við brúargerðina. En það er eigi hægt að áfellast mig fyrir þetta, því eg álít þá og það er enn mín skoðun, að landssjóður eigi að kosta þessa brú að öllu leyti, enda þótt við, samþm. minn og eg, höfum vegna knýjandi ástæðna og ósanngirni, sem beitt hefir verið í þessu máli, neyðst til að koma með þessa br.till. Ætla eg svo eigi að fjölyrða meira um þetta atriði, en læt háttv. deild um það að gera við þessa till, það sem henni þóknast.

Jón Ólafsson: Eg vil geta þess, að á þskj. 365 er prentvilla. 15. gr. 1 fyrir 5. gr. 1.

Eg vona að þeir háttv. þm. er komu á safnið, er það var opnað, hafi sannfærst um nauðsyn þessarar fjárveitingar og taki till. vel.

Ráðherrann (H. H.): Eg er þakklátur háttv. fjárlaganefnd fyrir að hafa tekið upp með till. sinum greiðslu á 10,400 kr. til hlutafélagsins Völundar til lúkningar ógreiddum kostnaði við hitaleiðslu í safnhúsinu. Það er mjög sanngjarnt, að félagið fái þessa fjárveitingu, sökum þess að fyrirkomulaginu var breytt frá því, sem samið var um í upphafi, og varð miklu haganlegra.

Sömuleiðis er eg þakklátur háttv. fjárlaganefnd fyrir till. um að eftirstöðvar af láni jafnaðarsjóðs Suðuramtsins til brúargerðar á Ölfusá falli niður. Að vísu má segja, að það sé eftir anda eða »analogiu« vegalaganna þegar ákveðið, að lán þetta falli niður á sama hátt og öll lán sýslufélaganna falla á landssjóð. En það fellur ekki beint undir orð vegalaganna vegna

þess, að það er jafnaðarsjóður en ekki sýsluvegasjóður, sem hér er skuldunautur. Eg mæli með þeirri breyt.till.

Loks skal eg mæla sem bezt með fjárveitingu til Rangárbrúarinnar. Nú er boðið 5000 kr. till. úr sýslusjóði og sýnir það, hversu brúarinnar er tilfinnanleg þörf. Það er víst ekki ofsögum sagt af því, hvern skaða héraðsmenn bíða af brúarleysinu hvert árið sem líður. Frá landssjóðs hálfu getur ekkert verið til fyrirstöðu að brúin sé bygð strax, og það er í samræmi við þær fyrirætlanir og »plön«, sem verkfræðingur landsins hefir lagt, og stjórn og þing fallist á. Eg vil vona, að háttv. þingd. samþ. till., því að ekki munar landssjóð um þann gróða, sem hann gæti haft í rentusparnaði, við það að bíða með ána 1—2 ár eða ekki, en héraðsbúa munar um þá bið, eins og tillagsframboð þeirra ljóslega sýnir.

Einar Jónsson: Það eru að eins örfá orð. Út af því, sem einn háttv. þm. sagði um daginn, að heppilegt mundi að koma á svifferju á Rangá, skal eg geta þess, að eg kom að máli um það við verkfræðing landsins, og kvað hann svifferju vera óhugsanlega vegna grynninga.

Eg skal ekki fara neitt út í Rangárbrúarmálið í þetta sinn, læt mér nægja að skírskota til þess, sem eg hefi áður sagt. Eg treysti háttv. þingd. til sanngirni, sérstaklega treysti eg hv. form. fjárlaganefndar, sem benti okkur á að hafa breyt.till. þannig að tillag kæmi frá sýslunni. Þetta fanst mér um daginn eina skynsamlega ástæðan á móti fjárveitingunni, en allar aðrar lýstu sér í því, að þær voru sprotnar af misskilningi og ókunnugleika. Þar sem því þessi ástæða er fallin, verður ekkert haft á móti fjárveitingunni með nokkurri sanngirni.

Framsögumaður (Skúli Thoroddsen): Eg hefi ekki ástæðu til að taka neitt fram viðvíkjandi ræðum þeim, sem haldnar hafa verið. Að eins viðvíkjandi Rangárbrúnni vil eg geta þess, að eg benti háttv. 1. þm. Rangv. (E. P.) á það, er rætt var um málið í fjárlaganefndinni, að þar sem ágreiningur væri í héraði um brúarstæðið, væri heppilegast, að sýslan skæri úr því með því, að leggja fram það, sem munar á kostnaði við að hafa brúna á efri eða neðri staðnum. En þar sem þessari till. minni var þá að engu sint í fjárlaganefndinni, þá er eg úr allri sök, þótt eg nú greiddi atkv. gegn henni. Engu að síður mun eg þó greiða henni atkv. að þessu sinni; en eg er hræddur um, að það komi að litlu liði, því að þótt hún merjist í gegn hér í deildinni með 12 atkv. gegn 11, eða svo, má ganga að því vísu, að hún verði feld í Ed.

Jón Ólafsson: Eg vil að eins geta þess um breyt.till. á þskj. 365 vegna þeirra, sem ekki þekkja til, að spjaldskrín (Card cabinet) er skápur með skúffum undir spjaldskrár þær, er nú hefir verið unnið að um nokkur ár í landsbókasafninu. Það er áhald til þess að gera almenningi aðgengilega skrá yfir safnið.

ATKV.GR.:

1. Br.till. á þskj. 335 við 3. gr. B. II. talin samþ. án atkv.gr.

2. Br.till. á þskj. 335 við 3. gr. B. II. samþ. með 20 atkv. samhlj.

Br.till. á þskj. 344 við 3. gr. B. II. samþ. með 12 : 8 atkv.

Br.till. á þskj. 331 við 3. gr. D. 2. talin samþ. án atkv.gr.

3. Br.till. á þskj. 335 við 3. gr. E. samþ. með 22 atkv. samhlj.

4. Br.till. á þskj. 335 við 4. gr. samþ. með 15 atkv. samhlj.

1: Br.till. á þskj. 347 við 4. gr. samþ. með 14 : 1 atkv.

5. a. Br.till. á þskj. 335 við 4. gr. samþ. með 15 atkv. samhlj.

5. b. Br.till. á þskj. 335 við 4. gr. samþ. með 14 atkv. samhlj.

Br.till. á þskj. 365 við 5. gr. 1. samþ. með 16 atkv. samhlj.

6. Br.till. á þskj. 335 við 7. gr. samþ. með 19 atkv. samhlj.

2. Br.till. á þskj. 347 við 7. gr. samþ. með 12 atkv. samhlj.

3. Br.till. á þskj. 347 við 7. gr. samþ. með 19 atkv. samhlj.

Frumv. þannig breytt samþ. í einu hljóði og afgreitt til Ed.

Ein umræða, 20. apríl (A. 478, 518, 519, 522, 526, 531, 532).

Framsögumaður (Skúli Thoroddsen): Háttv. efri deild hefir gert nokkrar breytingar við frumv. þetta; og skal eg stuttlega minnast hinna helztu.

Hún hefir felt 42,000 kr. til brúargerðar á Ytri-Rangá, og 4000 kr. fjárv. til Lagarfljótsbrúarvegar, 1000 kr. til brúar á Grímhólsá, og 400 kr. til Þykkvabæjar- og Langholtskirkna. Lækkanir þessar nema samtals 47,400 kr.

Þá hefir deildin aftur á móti sett inn ýmsar nýjar fjárveitingar, svo sem 4000 kr. handa Garðari Gíslasyni, til mótorvagnakaupa, 1200 kr. til lagaskólans, 52,700 kr. til þess að kaupa ráðherra bústað.

Að því er nefndar breytingar efri deildar á frumv. snertir, hefir fjárlaganefndin ekki fundið ástæðu til að taka upp að nýju þær fjárveitingar, er efri deild feldi, en getur á hinn bóginn ekki ráðið til þess, að 4 þús. kr. fjárveiting til Garðars Gíslasonar, til mótorvagnskaupa, verði samþykt, þar sem tillagan er mjög óljóst orðuð, og ber það eigi með sér, hvaða ferðir mótorvagninum er ætlað að fara, enda mörgum enn í minni, hversu fór um svipaða fjárveitingu til Thomsens kaupmanns fyrir fáum árum.

Viðvíkjandi breyt.till. háttvirtra þm. Rangv., um brúargerð á Ytri-Rangá, þá hefir nefndin ekki athugað það mál á ný, en eg býst við, að meiri hluti nefndarinnar verði henni mótfallin; vilji eigi halda því máli til streitu við efri deild.

Breyt.till. háttv. þm. Dal. (B. J.) og hæstv. ráðherra (B. J.) er nefndin meðmælt.

Þá er till. frá háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.), um að veittar verði 10,000 kr. til viðskiftaráðunauta erlendis. Nefndinni þótti till. heldur óljós, vildi hún yrði betur stíluð, t. d. tekið fram, hvar þeim mönnum væri ætlað að sitja erlendis, og væri því æskilegt, að skýringar fengjust um það atriði, t. d. frá hæstv. ráðherra (B. J.) hafi hann íhugað mál þetta.

Björn Kristjánsson: Eins og háttv. framsm. fjárlaganefndarinnar (Sk. Th.) tók fram, var engin ákvörðun um fjárv. til viðskiftaráðunauta tekin.

Það hefir nú all-lengi verið á dagskrá þjóðarinnar, að þessu máli yrði komið í framkvæmd, og nú þótti oss kominn tími til þess, þar sem árferðið í peningalegu tilliti er ilt og lánstraust landsins ekki í sem beztu lagi.

Eg hefi oft séð það á ferðalögum mínum erlendis, hve ilt það er fyrir innlenda kaupmenn að eiga hvergi slíka menn, bæði vegna vankunnáttu í tungumálum og ýmsra annara orsaka. Það er enginn efi á því, að jafnskjótt og slíkir menn væru orðnir starfinu vanir, mundi árangurinn margborga þau tiltölulega litlu laun, sem þeir eiga að fá.

Þessara manna er að minni hyggju enn meiri þörf, þar sem nú er alkunnugt, að gerðar hafa verið hinar frek-

ustu tilraunir til að spilla lánstrausti íslenzkra kaupmanna erlendis, og jafnvel meira að segja als landsins.

Það er þess vegna að eg kom með þessa litlu breyt.till. Og eg er sannfærður um, að séu þessir menn heppilega valdir, muni þeir geta gert ómetanlegt gagn fyrir land og lýð. Vona eg því, að háttv. deild taki till. þessari vel.

Einar Jónsson: Það er enn vegna Rangárbrúarinnar, að eg stend upp. Mig furðaði stórum, hvernig háttv. frsm. fjárlaganefndarinnar (Sk. Th.) tók nú í málið, þar sem hann þó ekki als fyrir löngu hér í deildinni var kominn inn á þá sanngirnisbraut, að fylgja málinu, er sýslan legði fram þennan skerf til fyrirtækisins. Háttv. framsm. (Sk. Th.) virtist leggja nokkuð mikið upp úr ástæðum háttv. Ed., og kvaðst eigi vilja standa í trássi við hana. En eg vil minna á það, að í Ed. var brúin feld með 7 atkv. móti 6, og hvernig getur háttv. framsm. óttast svo mjög að standa í trássi við 7 menn, en leggja ekkert upp úr því hinu sama við 6. Eg skoða þennan mun svo lítinn, að engin ástæða geti skapast úr honum. Mér fyrir mitt leyti finnast ástæður Ed. í nefndarálitinu harla litlar, og þar að auki hvergi nærri réttar.

Það er t. d. hvergi nærri rétt, að segja annað eins og það, að áin sé ekki farartálmi; allir sem nokkra vitund þekkja til, vita að hún er það í meira lagi, eins og fyr hefir verið greinilega og rétt skýrt frá hér í þinginu. Þá nær það heldur engri átt, að segja, að yfir ána þurfi ekki að fara, meira en 12—1500 manns. Það er að minnsta kosti 3—4000 manna, þó eigi sé miðað við annað en fermda menn í Rangárvallasýslu. Vitanlega hafa þeir, er fyrir utan ána búa, brúarinnar minni not, en þó eru það ekki færri en 800 menn, sem þurfa að sækja lækni yfir Ytri-Rangá, sækja fé í réttir auk ýmsra annara ferðalaga, sem oft eiga sér stað, eins og gerist og gengur hreppa á milli. Það eru líka margir fleiri en Rangæingar, sem hafa stór not af brúnni. Skaftfellingar hafa mjög mikið gagn af henni, og auk þess líka Reykvíkingar, og eins fjölmargir útlendir ferðamenn. Eg skil því ekki eftir hverju er reiknað, þegar útkoman verður að eins 12—1500.

Það er ein hin mesta fjarstæða, að brúarinnar sé ekki þörf. Eg er í stórum vafa um, hvort meiri þörf er á nokkrum vegi eða samgöngubót hér á landi, nú um þessar mundir.

Þorleifur Jónsson: Eg hefi ásamt öðrum háttv. þm. komið með br.till. á þgskj. 522, um það, að aths. þeirri er Ed. hefir sett inn viðvíkjandi ferðum Austfjarðabátsins verði breytt þannig að báturinn fari eina ferð til Reykjavíkur og eina ferð til Vestmannaeyja. Útgerðarmönnum bátsins þótti það rugla of mikið ferðum hans um Austfirði, ef hann færi 3 ferðir suður um land, og eg gat ekki gert mig ánægðan með það, að hann færi að eins til Vestmannaeyja, en ekki til Reykjavíkur. Það ríður mest á því fyrir sýslubúa mína, að fá ferð til Reykjavíkur, og því hefi eg komið með þá tillögu, að báturinn fari þó eina ferð þangað. Að þessu geta útgerðarmenn bátsins gengið, við höfum fengið vilyrði þeirra fyrir því. Og eg veit til, að þm. V.-Sk. (G. Ó.), sem kom með aths. í Ed. um bátaferðir til Vestmannaeyja, sættir sig við, að báturinn fari að eins 2 ferðir suður um land; vænti eg því að að hin háttv. deild taki máli þessu vel og samþykki tillöguna.

Ráðherrann (B. J.): Eg skal að eins minnast á Rangárbrúna, það er ekki af því, að mér væri ekki kært að sú

samgöngubót kæmist á, að eg hefi talað á móti því máli hér í deildinni áður, og legg enn á móti því, heldur af hinu að eg álít að hún geti beðið betri tíma. Það má gera mjög mikið með 50 þús. kr., að því að bæta ýmsar torfærur, sem enn þá meiri nauðsyn er að lagfæra en þetta. En auðvitað dettur mér ekki í hug, að lá héraðsbúum, þótt þeir reyni alt hvað hægt er, að bæta samgöngur hjá sér. Samúð hefi eg fullkomna með þeim og væri mjög svo kært, ef hægt væri að veita fé til brúarinnar að þessu sinni, en álít ekki rétt, að taka fé frá öðrum nauðsynlegri fyrirtækjum til þessa; það bráðliggur ekki það á því.

Bjarni Jónsson: Eg ætla að eins að minnast á fjárveitinguna til Gilsfjarðarmælingarinnar. Ed. hefir talið þessa fjárveiting óráðlega af því hversu fáir hafi hennar not. Eg gerði grein fyrir því um daginn, að bæði Reykhólasveit, Bæjarhreppur, Garpdalshreppur, Saurbæjarhreppur, og nokkuð af Skarðsströnd hefði gagn af því, ef góð innsigling fengist inn á Salthólmavík og Króksfjörð, sem hvorttveggja eru löggiltir verzlunarstaðir. Auk þessara sveita, sem eg hefi nefnt mundi að sjálfsögðu alt byggðarlagið frá Þorskafirði til Kollafjarðar hafa mikil not af því, ef góðar samgöngur fengjust við þessar hafnir. Innsiglingin þangað er bæði óhrein af skerjum og viða straumar, svo erfitt er eins og nú er, að fá skip til að sigla þangað inn, og þess vegna þarf að mæla leiðina. Kaupfélögin, sem þar verzla, eru nú í vandræðum með alla flutninga — og þó að þessir menn fengju 10 þús. kr. í eitt skifti, þá mundi landið græða við það. Þarna er ekki hægt að bæta samgöngur nema á sjó. Eg vona þess vegna, að þótt sláturfélag Ed. hafi slátrað þessu, að það mæti sömu velvild í þessari háttv. deild, eins og við fyrri umr. fjárlaganna.

Framsögumaður (Skúli Thoroddsen): Eftir upplýsingar þær, sem hæstv. ráðherra (B. J.) hefir gefið um verzlunarerindrekana,[1] þá get eg lýst því yfir fyrir hönd meiri hluti fjárlaganefndarinnar, að hún er þessari fjárveitingu hlynt. —

Fjárlaganefndinni í Nd. barst frá fjárlaganefnd Ed. erindi frá spítalalækninum á Kleppi um það, að veitt væri fé til þess að byggja fjós og hlöðu þar á jörðinni, og víkur því svo við, að á Kleppi er tún, er gefur af sér töðu fyrir 4 kýr, en hvorki er til fjós eða nokkurt skýli fyrir heyið. Spítalalæknirinn hefir og skýrt frá því, að nú sé keypt mjólk fyrir 170 kr. mánaðarlega, og telur hann líklegt, að það sparist, ef fjósinu og hlöðunni yrði komið upp. Fjárlaganefnd Nd. vill því mæla með þessari fjárveiting.

Fimm hundruð króna fjárveiting til séra Einars Þórðarssonar þarf ekki að mæla með. Sá maður er svo kunnur, og sömuleiðis, hvernig ástæður hans nú eru, að eg tel nægja að geta þess, að fjárlaganefndin er fjárveitingunni mjög eindregið fylgjandi. —

Pétur Jónsson: Mér skildist á ræðu hæstv. ráðherra (B. J.), að það mundi vera fáanlegur maður nú þegar til þess, að takast á hendur að vera verzlunarerindreki. Með því að allmjög veltur á því, hver maðurinn er, þá vildi eg mælast til þess, að hæstv. ráðherra (B. J.) vildi skýra deildinni frá því, ef hann hefði vísan mann í huga, og þá hver þessi maður væri, því það mundi frekar afla málinu fylgis. —

Jón Ólafsson: Út af ummælum hæstv. ráðherra um þá fyrirhuguðu

1) Ummæli þessu viðvíkjandi finnast ekki í ræðu ráðherra hér á undan.

verzlunarumboðsmenn, þá vil eg leyfa mér að spyrja, hvort það er meiningin, að þeir megi heldur ekki vera umboðsmenn íslenzkra kaupmanna.

Ráðherrann (B. J.): Eg vil lýsa því aftur yfir út af fyrirspurn háttv. 2. þm. S.-Múl (J. Ól.), að eg ætlast til þess, að enginn sé til þessa starfa valinn (viðskiftaráðunauts), sem reki nokkra verzlun eða aðra atvinnu fyrir sjálfan sig eða aðra. Hann má ekki vera nokkurs manns umboðsmaður annars en stjórnarinnar. Hann á að vera öllum óháður og eingöngu starfsmaður landsins. Viðskiftaerindrekarnir mega alls ekki hafa umboðsmennsku starfa á hendi, því að eg tel það verzlun eða atvinnu fyrir sjálfa þá. Það er því afar-áríðandi, að þeir séu sem allra óháðastir. — Hins vegar get eg ekki orðið við tilmælum háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) um það, að nafngreina þann mann, er staða þessi sé ætluð, og er það bæði af því, að eg hefi ekki enn fast ráðið neitt um það, og af því, að eg ætlast til, að þingmenn láti sig það litlu skifta, hver maðurinn er, hvað hann heiti, ef hann er að eins vel til kjörinn, að annast þetta starf. Meira að segja, þótt eg hefði haft einhvern tiltekinn mann í huga, hann og engan annan, þá mundi eg telja mjög óheppilegt, að fara að nefna hann hér. Eg er mjög hræddur um, að það eitt kynni að valda háskalegri sundrungu í þessu máli.

ATKV.GR.:

Breyt.till. á þingskj. 532 við 2. gr. samþ. með 20 atkv.

Breyt.till. (522) samþykt með 20 samhlj. atkv.

Breyt.till. á þingskj. 526 feld með 15 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Jón Ólafsson,	Bjarni Jónsson,
Eggert Pálsson,	Ben. Sveinsson,
Einar Jónsson,	Björn Jónsson,
Hannes Hafstein,	Björn Kristjánss.,
Jóh. Jóhannesson,	Björn Sigfússon,
Jón Jónsson S.-M.,	Björn Þorláksson,
Jón Magnússon,	Hálfdan Guðjónss.,
Jón Þorkelsson,	Jón Jónsson N.-M.,
Pétur Jónsson,	Magnús Blöndahl,
Stefán Stefánsson.	Ólafur Briem,
	Sig. Gunnarsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Þorleifur Jónsson.

Jón Sigurðsson og Sig. Sigurðsson greiddu ekki atkvæði, og töldust því með meiri hlutanum.

Breyt.till. á þskj. 532 við 3. gr. E. 6 samþ. með 14 atkv.

Breyt.till. á þskj. 519 samþ. með 14 atkv.

Breyt.till. á þskj. 531 við breyt.till. 518, samþ. með 13 atkv.

Breyt.till. (518) þannig breytt samþ. með 14 : 5 atkv.

Breyt.till. (532) ný gr. á eftir 6. gr., samþ. með 16 : 2 atkv.

Frumv. í heild sinni þannig breytt samþ. með 18 : 1 atkv., og endursent Ed.

Fjáraukalög 1906 og 1907.

FRUMVARP til fjáraukalaga fyrir árin 1906 og 1907; 1. umr. 17. febr. (stj.frv. A. bls. 148).

Ráðherrann (H. H.): Þetta frumv. tilheyrir reikningslagafrumv. Að því er snertir upphæðir þær, sem ræðir um í hinum einstöku greinum frumv., þá skal hér skírskotað til athugasemda reikningslagafrumv., og athugasemda endurskoðenda og svara stjórnarráðsins. — Meðal útgjalda þeirra, er hér eru

talin, eru nokkur gjöld, er standa í sambandi við konungskomuna, en þó þótti ekki rétt, að færa til endilegra útgjalda í þeim reikningum. Ýmislegt af því, sem til þurfti að kosta við það tækifæri, varð sem sé landinu til frambúðar, og hefði orðið að gerast, hvort sem var. Má þar nefna viðgerð á mentaskólanum, er í raun og veru var bráðnauðsynleg; varð sá kostnaður kr. 17,777.

Þá er og brúargerð á Hvítá hjá Brúarhlöðum og Tungufljóti, er kemur landsmönnum í góðar þarfir, auk þess, sem erlendum ferðamönnum, er ferðast á því svæði, er mikill fararbeini að þessu.

Svo kemur andvirði tveggja húsa, er reist voru á Þingvelli um konungskomuna, enn fremur andvirði fyrir 2 vagna, er fengnir voru til móttöku konungs og föruneytis hans.

Meiri hluti fjárlaganefndarinnar 1907 vildi ekki selja húsin né vagnana langt undir verði, heldur láta landssjóð kaupa hvorttveggja af móttökunefndinni og láta landið eiga það. — Hér er lagt til, að landið kaupi húsin fyrir 15,000 kr., sem raunar er langt undir virkilegu verði, naumast helmingur verðs, af því að flutningskostnaður efnis varð svo dýr. Jafnframt er farið fram á söluheimild fyrir stjórnina, ef þolanleg boð fást. Vagnarnir eru settir með fullu verði.

Gjöld til póstmála hafa farið talsvert fram úr áætlun. En hjá því hefir með engu móti orðið komist. — Hins vegar er það og bót í máli, að tekjuhalli verður ekki á póstferðunum, heldur afgangur af tekjunum, þótt þessi gjöld komi einnig til greiðslu. Afgangurinn mundi samt verða á 9. þús. kr.

Mæli eg svo með frumv. til háttv. þingdeildar.

Björn Jónsson: Legg til að málinu sé vísað til reikningslaganefndarinnar, og 1. umr. frestað.

ATKV.GR.: Samþykt í einu hljóði.

Forseti (H. P): Á síðustu þingum hefir verið tekin upp sú regla, sem eg álít ekki í fullu samræmi við þingsköpin, og jafnvel þvert ofan í þau, að setja nefnd í málið við 1. umræðu, eftir að því hefir verið vísað til 2. umr., og láta svo málið koma til 2. umr., er það kemur úr nefndinni í stað þess að fresta 1. umr., þá er nefnd er skipuð, og láta málið koma til framhalds þeirrar sömu umr., er það kemur frá nefndinni. Eg mun fyrst um sinn halda þeirri reglu, sem eg tel réttari og samkvæmari þingsköpunum. Deildin getur ávalt síðar samþykt, að taka upp hina aðferðina til flýtis, ef henni sýnist svo.

Jón Ólafsson: Það er einmitt samkvæmt þingsköpunum, að þessari aðferð forseta sé fylgt, hin aðferðin er þeim andstæð.

Framhald 1. umr., 31. marz (A. n. 323).

Framsögumaður (Hálfdan Guðjónsson): Eg hefi ekkert um þetta mál að segja nú og óska að því verði vísað til 2. umr.

ATKV.GR.: Vísað til 2. umr. með 19 samhlj. atkv.

Önnur umræða, 3. apríl (A. n. 323, 427).

Framsögumaður (Hálfdan Guðjónsson): Eg geng nú út frá því eins og getið, að deildin hafi þegar kynt sér landsreikninginn og aths. yfirskoðunarmanna við hann svo og svör stjórnarinnar. Nefndarálit það sem við höfum lokið við er fljót-athugað.

Þess vildi eg þó geta að eg hefi ástæðu til þess að minna á fjárveiting-

una til þess að kosta utanför til að kynnast heyrnar og málleysingjakenslu Þar hefir verið greitt meira en ákveðið var af þinginu, og það sett á fjáraukalög og er naumast um annað að gera en samþ. það. Þess verður að gæta, að sá, er för þessa fór, hafði sett upp þessa upphæð. Hann neitaði því næst að fara fyrir þá fjárveitingu, er þingið tiltók. Málleysingjakenslan mátti ekki niður falla. Var stjórninni þá sá einn kostur að veita hina hærri upphæðina. Hinn liðurinn er um fjárkröfu eða ábyrgð á hendur Björgvin Vigfússyni vegna vantalins lausafjárskatts. Hann hefir reiknað eftir annari verðlagsskrá en rétt var, það er þeirri, er í gildi var þegar þingseðlarnir voru gefnir út í aprílmán. í stað þeirra, sem í gildi gekk eftir miðjan maí s. á. Af því hefir skekkja hlotist. Nefndin veit það að þetta er ekki með ásettu ráði gert, en þó getur hún ekki þar sem þetta hefir komið fyrir aftur, lagt til að því sé slept og sízt fyrir seinasta árið, því að þá hafði hann fengið athugasemdir við reikninginn og var því auðgert að reikna á réttum grundvelli að minsta kosti það árið.

Umboðsmaður ráðherrans (Klemens Jónsson): Eg hefi ekki neinu við að bæta. Framsm. (H. G.) hefir tekið það fram, sem um þetta mál er að segja; þó vil eg fara nokkrum orðum um ábyrgð Björgvins sýslumanns. Frá mínu sjónarmiði finst mér sanngjarnt að að losa hann við ábyrgð á reikningi 1906 og stjórnin hefir lofað Björgvin því, að mæla með því, og því hefi eg komið með breyt.till. í þá átt, en eg sé mér ekki fært að koma með till. um að losa hann við ábyrgð á reikningi 1907, sem eg álít að hann ekki geti komist hjá að greiða. Honum var nokkur vorkunn, þótt hann reiknaði skakt fyrra árið og svo ber þess að gæta, að féð hefir ekki runnið í hans vasa heldur hefir það sparast almenningi. En stjórnin hafði enga heimild til að afgera málið upp á eigin hönd, heldur varð það að bíða þingsins og vænti eg eftir þessa skýringu, að deildin samþ. till. mína.

ATKV.GR.:

1. gr. samþ. með 16 atkv. samhlj.

2., 3. og 4. gr. samþ. með 17 atkv. samhlj.

5., 6. og 7. gr. samþ. með 16 atkv. samhlj.

8. gr. samþ. með 14 atkv. samhlj.

9. og 10. gr. samþ. með 16 atkv. samhlj.

Br.till. (viðaukatill.) á þskj. 427 samþ. með 14 atkv. samhlj.

11. gr. þannig breytt samþ. með 16 atkv. samhlj.

Fyrirsögnin samþ. án atkv gr.

Frumv. í heild sinni samþ. með 15 atkv. samhlj. og vísað til 3. umr. í einu hljóði.

Þriðja umræða, 13. apríl (A. 429).

ATKV.GR.: Frumv. samþ. í einu hljóði og afgreitt til Ed.

Ein umræða, 29. apríl (A. 601, n. 626).

Framsögumaður (Hálfdan Guðjónsson): Eins og háttv. samdeildarmönnum er kunnugt hefir nefndin í framhaldsáliti sínu við fjáraukalögin 1906 og 1907 látið í ljós, að hún ekki getur fallist á að reikningsábyrgðin á manntalsbókarreikningi Skaftafellssýslu falli alveg niður, eins og hv. Ed. hefir lagt til. Vér sjáum enga ástæðu til að sýslumanni sé gefin eftir 148 kr. 33 aur, sá hluti reikningsskekkjunnar, sem honum var engin vorkunn að

finna rétt út. Það var hreinasti óþarfi af manni með opin augu að reikna það rangt út, eftir að hann hafði fengið aths. um það frá stjórnarráðinu. - Vér höfum því lagt til, að upphæð sú, sem sýslumaðurinn fái gefna eftir, verði kr. 312,65 í stað kr. 460,98, eins og Ed. hefir lagt til.

Eggert Pálsson: Eg get ekki látið vera að lýsa því yfir að mér þykir hin hv. nefnd vera nokkuð hörð í horn að taka gagnvart fyrverandi sýslumanni Skaftafellssýslu. Þessi misskilningur, sem hér er um að ræða, er upprunalega ekki honum að kenna, það vita og viðurkenna allir. Annar maður, sem hafði verið settur sýslumaður í sýslunni, hafði byrjað á þessum ranga útreikningi. Og þegar þessi sýslumaður kom að, áleit hann þá aðferð alveg rétta og sjálfsagða, sem fyrirrennarinn hafði brúkað, að reikna manntalsbókagjöldin eftir þeirri verðlagsskrá, sem er í gildi, þegar þingað er. Það er ófrávíkjanleg regla í öllum öðrum sýslum landsins og það var því fylsta ástæða fyrir hann að ætla, að það sama gilti í Skaftafellssýslu. Hitt er annað mál, að við nána athugun verður það bert, að í Skaftafellssýslum má ekki í þessu falli hafa sömu aðferð og í öðrum sýslum landsins. Í Skaftafellssýslum er það regla að halda manntalsþingin miklu fyr en annarsstaðar. Afleiðingin af því er sú, að sú verðlagsskrá, sem fara á eftir með útreikning manntalsbókagjaldanna, er ekki gengin í gildi, þegar þingað er. En þessa hafði sýslumaður sá, sem hér á hlut að máli ekki gætt. Af því stafar villan. En sökin er þó ekki hjá honum einum heldur fyrirrennara hans, svo að ætla má, að allir geti verið sammála um að hér sé ekki um ásetning að ræða heldur um vangá — og það mjög afsakanlega vangá — sem rétt og sanngjarnt sé að ábyrgð sé ekki gerð gildandi fyrir að neinu leyti. Þess ber líka að gæta, að ekki einn eyrir af peningum þeim sem hér er um að ræða, hefir runnið í sýstumannsins vasa heldur orðið gjaldendum til nytja. Mér finst því að Nd. gerði réttast í að láta við svo búið standa, sem Ed. hefir viljað vera láta — og það því fremur, sem í Ed. sitja menn, sem hafa glögga þekkingu á þessu máli og eftir nána yfirvegun hafa lagt til að allar skaðabótarkröfur skyldu niður falla út af misgáningi þeim, sem hér hefir átt sér stað.

Framsögumaður (Hálfdan Guðjónsson): Eg get ekki viðurkent — þrátt fyrir ummæli háttv. 1. þm. Rangv. (E. P.) — að við höfum tekið hörðum höndum á núverandi sýslumanni Rangárvallasýslu. Það getur vel verið, að öðrum sé að kenna þessi skekkja í fyrstu, en seinast er hún þó honum að kenna. Reikningsskekkja sú, er hér veldur ágreiningi er þannig löguð, að hver maður með opin augu hefði getað séð hana, eftir að sýslum. hafði fengið aths. frá stjórnarráðinu, og þá yfirsjón viljum við ekki verðlauna. — Það er líka rangt að ala upp þá hugsun hjá embættismönnum þessa lands, að ekki verði tekið hart á, heldur litið mildum augum á, þótt þeim verði á hinar og þessar yfirsjónir við innheimtuna. Hitt álítum vér réttara, að haft sé strangt eftirlit með embættismönnum landsins og að það komi niður á þeim sjálfum, ef þeim verða á þess konar villur.

Jóhannes Jóhannesson: Eg ætla að taka í sama strenginn og 1. þm. Rangv. (E. P.) Mér finst það mjög afsakanlegt af ungum sýslumanni, að hann áttar sig ekki á, að manntalsgjöldin í þessari sýslu eiga að innheimtast — gagnstætt í öðrum sýslum landsins — eftir verð-

lagsskrá, sem ekki er gengin í gildi, þegar innheimtan fer fram, sérstaklega þar sem maður sá, er settur var í sýsluna á undan honum, hafði gert sig sekan í sama athugaleysinu. Og þótt hann svo hafi fengið athugasemd frá endurskoðanda, þá er ekki svo mjög á því að byggja, því að það er oft, sem ráðherra ákveður, að athugasemdir endurskoðanda skuli niður falla. Auk þess finst mér það ótilhlýðilegt af Nd., ef hún vildi gera þetta að kappsmáli við Ed., sem lagt hefir til, að allar skaðabótarkröfur skyldu niður falla.

Eggert Pálsson: Eg skal fúslega játa, að þessi misgáningur, misskilningur eða misreikningur, eða hvað, sem það á að kalla, sem hér er um að ræða, á ekki rétt til verðlauna, enda fer eg ekki fram á það. Hér er að eins um það að ræða, að ábyrgð sé ekki gerð gildandi, eða refsingu beitt fyrir jafn afsakanlega villu. Það er eðlilegt, að ungur sýslumaður flaski á að önnur regla tíðkast í Skaftafellssýslum en öðrum sýslum landsins. Og þótt endurskoðandi gerði athugasemd um reikninginn, þá gat sýslumaður litið svo á, og gerði líka, að endurskoðandi hefði ekki réttara fyrir sér, en hann sjálfur og það því fremur, sem fyrirrennari hans hafði sýnilega staðið í sömu meiningunni. Það er sem sé athugandi, að það var endurskoðandi en ekki stjórnarráðið, sem athugasemdina gerði. Og sýslumaður hafði þannig ástæðu til að ætla að stjórnarráðið — þegar til úrskurðar kæmi — féllist eins vel á sína skoðun, eins og skoðun endurskoðanda. Þar sem því jafnmiklar afsakanir eru fyrir hendi mundi þingið heldur ekki gefa öðrum embættismönnum undir fótinn að gera rangt, þótt það sýndi tilhliðrunarsemi í þessu máli. Það mundi engin áhrif hafa á aðra embættismenn framvegis, eins og háttv. 1. þm. Húnv. (H. G.) virtist óttast. Þótt strangleika væri hér beitt, mundi það ekki koma framvegis í veg fyrir vangá, sem öllum ber saman um, að að hér sé einungis um að ræða, því vangá verður aldrei hept, hversu miklum refsingum sem beitt er.

Framsögumaður (Hálfdan Guðjónsson: Eg skal ekki teygja umræðurnar um þetta mál, en orð þau, sem hér hafa fallið, hafa ekki getað sannfært mig um að það beri að gefa upphæð þessa eftir. Eg verð að halda því fram, að sýslumanni var, eftir að hann hafði fengið athugasemdirnar frá stjórnarráðinu, engin vorkunn að sjá það rétta. Hefði hann viljað kynna sér þetta betur, hefði hann ekki þurft annað en að líta yfir allmarga reikninga fyrri ára. Þá hlaut honum að geta orðið ljóst, að athugasemdin við reikning hans var á rökum bygð.

Einn sýslumaður hér í deildinni var eins og að gefa í skyn, að þingið ætti ekki að taka hart á, þótt sýslumönnum yrði á aðrar eins ávirðingar. Eg verð að vera á annari skoðun. Eg álít það ekki heppilega aðferð til að vekja ábyrgðartilfinning embættismanna að séð sé svo í gegnum fingur við þá.

Hannes Hafstein: Það er ekki rétt hjá háttv. 1. þm. Húnv. (H. G.) að hér sé að ræða um úrskurð frá stjórnarráðinu, það er að eins athugasemd frá endurskoðanda manntalsbókar-reikninganna. *(Hálfdan Guðjónsson*: Endurskoðandi er í stjórnarráðinu á 3. skrifstofu, hélt eg). Hér er ekki brotið á móti neinum stjórnarúrskurði.

Eg skal annars ekkert afsaka þetta athugunarleysi sýslumanns, það getur vel satt verið að hann hefði átt að rannsaka betur þetta mál, eftir því tilefni, sem athugasemdin gaf, en hinu vildi eg að eins vekja athygli á, að það

er í sjálfu sér ekkert á móti því, að sýslumaður léti vera að fara ettir athugasemdum, sem hann er ósamþykkur og álítur rangar eða á misgáningi bygðar, þangað til stjórnarráðið hefir athugað svör hans og uppkveðið úrskurð sinn. Hér lá enginn úrskurður fyrir.

ATKVGR. Breyt.till. á þgskj. 626 sþ. með 15:5 atkv. Frumv. þannig breytt samþ. með 19 atkv. og endursent Ed.

Landsreikningar.

FRUMVARP til laga um samþykt á landsreikningnum fyrir árin 1906 og 1907, 1. umr., 17. febr. (stj.frv. A. bls. 79).

Ráðherrann (H. H.): Frumv. þetta er samið í sama formi og áður, þræðir fjárlögin að mestu lið fyrir lið. Þó er það á stöku stað, að fjárupphæðin í fremra dálki stendur ekki heima við fjárlögin, því að þar er einnig talið það, sem veitt er í fjáraukalögunum. En frumv. fylgir sundurliðað yfirlit, þar sem gerð er grein fyrir þessu.

Landsreikningarnir eru nú prentaðir og búið að svara endurskoðendum. En prentun á tillögum endurskoðenda er enn eigi lokið, og því ekki hægt að útbýta landsreikningnum nú þegar, en mun verða gert næstu dagana.

Eins og sjá má af frumv. þessu, er tekjuhallinn minni en búist var við. Hirði eg ekki að endurtaka það, sem eg sagði um þetta efni í gær. Hér í er og innifalinn kostnaður við konungskomuna o. s. frv. Verða reikningar yfir þann kostnað allan lagðir fyrir reikningslaganefndina.

Forseti (H. Þ.): Sem annar yfirskoðunarmaður landsreikninganna skal eg geta þess, að svör ráðherra upp á athugasemdir okkar fengum við ekki fyr en að kveldi 13. febr., og hefi eg síðan engan tíma haft til að athuga svörin, en væntanlega verða reikningarnir afgreiddir frá okkur yfirskoðunarmönnunum nú um helgina.

Björn Jónsson: Eg legg til að skipuð verði 3. manna nefnd í málið, og 1. umr. frestað.

ATKV.GR.: Samþ. í einu hlj., að kjósa 3 manna nefnd.

Kosningu hlutu með hlutfallskosningu:

Ólafur Briem,
Stefán Stefánsson,
Hálfdan Guðjónsson.

Í nefndinni var Hálfdan Guðjónsson valinn formaður en Ólafur Briem skrifari. Hafði formaður á hendi framsögu í málinu með því að skrifari gegndi forsetastörfum um það skeið, er málið kom fyrir Nd.

Framhald 1. umr., 31. marz (A. n. 324, 325).

Framsögumaður (Hálfdan Guðjónsson): Það er engin ástæða að eyða orðum um frv. þetta að sinni, en óska, að því verði vísað til 2. umr.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 19 samhlj. atkv.

Önnur umræða, 3. apríl (A. n. 324, 325).

Framsögumaður (Hálfdan Guðjónsson): Þrátt fyrir það, þótt nefndin hafi ekki komið með breyt.till., með því að yfirskoðunarmönnum og stjórninni ber hvergi á milli í verulegum atriðum, þá getur svo farið, að hún finni ástæðu til þess að koma með þær síðar, ef umræðurnar gefa tilefni til þess. Hún telur nauðsynlegt að sýslumenn og aðrir gjaldheimtumenn landssjóðs, sem ekki hafa goldið gjöld sín í tæka tíð, séu ámintir af stjórninni

og að þeirri áminning sé beint sérstaklega til þeirra, sem drátturinn hefir verið hjá, en sé ekki almenn áminning til allra, því að þá kemur hún minna við þá, sem sérstaklega verðskulda hana.

Þá skal eg minnast á sölu á upptækum afla hjá botnvörpungum. Nefndin álítur engin lög til, að skylda stjórnina til þess að selja aflann við opinbert uppboð, enda gæti slíkt oft verið fremur til skaða en ábata fyrir landssjóð, og lögheimildar í þá átt ekki þörf.

Þá er Arnarstapaumboðið. Það hefir verið vandræðagripur nú upp á síðkastið. Þetta eina umboð hefir sérstöðu hvað jarðarafgjöldin snertir. Það er ekki hægt að ganga strangt eftir, því þá er hætt við að jarðirnar legðust í eyði, og ekki væri hag landssjóðs betur borgið með því. Væri æskilegt að stjórnin og umboðsmaðurinn þar vestra, gætu komið sér niður á eitthvað heppilegt þessu viðvíkjandi, svo að í líkt horf kæmist með innheimtu á tekjum af þessu umboði og öðrum umboðum. Hvað Múlaumboðið snertir, þá verður að gera gangskör að greiðari skilum, þar sem tekjur frá árinu 1907 eru enn ógreiddar í febr. 1909.

Viðvíkjandi byggingarstyrk á þjóðjörðum, skal eg geta þess, að þessi fjárlaganefndarheimild er fallin. Eg finn því ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um það.

Þá kemur styrkur til ýmsra vegagerða. Nefndin er samþykk stjórninni um það, að heimilt sé að nota það, sem veitt er á fjárhagstímabilinu að meira leyti fyrra árið, ef nauðsyn krefur. Það verður að þoka þessu til eftir því sem kringumstæður eru.

Viðvíkjandi styrk til læknaskólans, ætla eg að láta þess getið, að ákvæði sem komist hafa á rangan stað á fjárlögunum ollu dálitlum misskilningi.

Viðvíkjandi gagnfræðaskólanum á Akureyri, þá er það að segja, að stjórnin telur sig hafa heimild til, að verja fé til skólans, þótt það sé eigi veitt á fjárlögum, ef hún telur útgjöldin nauðsynleg (samkv. lögum 10. nóv. 1903) og telur sig eigi þurfa að leita aukafjárveitingar fyrir slíkri greiðslu. Þessa skoðun getur nefndin ekki fallist á, og telur sjálfsagt að leita aukafjárveitingar, þegar svo ber undir. — Væri nefndinni þökk á að heyra skoðun háttv. umboðsmanns ráðherra um þetta efni.

Þá er að minnast á útgjöld við Landsbókasafnið. Nefndin litur svo á, að sparnaður á einum undirlið réttlæti ekki umframgreiðslu á öðrum liðum, telur t. d. ekki heimilt að verja til aukinna bókakaupa því, sem sparast kynni af upphæðinni, sem ætluð er til eldiviðar og ljósa.

Á reikningnum 1907 verður fyrst fyrir til athugunar tekjuliðurinn: »Óvissar tekjur«, undirliðurinn »gjald fyrir auglýsingar«. Er þar ógreitt frá blaðinu »Reykjavík« kr. 305,15, ef reiknað er eftir tímalengdinni, sem blaðið flutti hinar »opinberu auglýsingar«. Það blað sem hrepti það árlangt, fékk það fyrir rúmar 800 kr., en gaf ekki út auglýsingar nema $^3/_4$ hluta ársins. Það hljótum við að álíta sem ógoldna skuld, því við getum ekki tekið tillit til þess, að meira sé um auglýsingar á einum tíma en öðrum af árinu. Það hefir og að sjálfsögðu átt að fylgja auglýsingaréttinum til þessa blaðs sama skilyrði og áður, að fyrir hvern þuml. dálkslengdar væri greidd 1 kr., og meira ekki.

Nefndin leggur því til að þessi upphæð endurborgist.

Þá eru nokkur atriði viðvíkjandi fiskiveiðasjóðnum, er vert er að taka til greina. 17. aths. er viðvíkjandi strandi »Sea-gull«. Það vildi svo slysalega til, að skipið kom á stað, sem það hafði enga heimild til að koma á eftir samningum við vátryggingarfélagið, og leystist þá félagið við tryggingarskyldu sína. Eg get ekki sagt, hve há upphæð muni tapast, því að bú þess manns mun tekið til gjaldþrotaskifta, sem var eigandi skipsins er það strandaði og sem ráðstafaði viðkomu þess í Vestmanneyjum, er leiddi til þess að ábyrgðin féll. Í sambandi við þetta má láta þess getið, að einkennilegt er það og óeðlilegt, að rentur af lánum úr »Fiskiveiðasjóðnum« eru ákveðnar 3% samtímis því að vextir af lánum frá »Ræktunarsjóðnum« eru ákveðnir 4%, eins og sjá má í reglugerðum sjóða þessara í Stjórnartíðindunum, og mun þó talsverður munur vera á veðgildi fasteigna og skipastóls. Gróði sjávarins er fljótteknari, en gróði af landbúnaði, en hann er líka miklu stopulli og óábyggilegri, en landbúnaðurinn, sem næstum ávalt má treysta að meira eða minna leyti. Væri því fylsta ástæða til að breyta þessum ákvæðum reglugerða þessara bæði hvað snertir vexti og afborganir. Fer eg svo ekki fleiri orðum um þetta að svo stöddu.

Umboðsmaður ráðherra (Klemens Jónsson): Eg hefi fyrir stjórnarinnar hönd ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um þetta mál. Ræða háttv. framsm. (H. G.) hefir eigi gefið tilefni til þess.

Það hefir þráfaldlega komið fyrir bæði fyr og síðar, að stjórnin hefir alment brýnt fyrir gjaldheimtumönnum landssjóðs, að standa skil á fé landsins í tæka tíð. Þessi áminning er stöðugt ítrekuð. En geri einhver gjaldheimtumaður sérstaklega sig sekan í vanskilum, þá er hann víttur fyrir það. Þessum hætti mun landstjórnin vafalaust halda áfram.

Viðvíkjandi skólanum á Akureyri, þá mun stjórnin vafalaust fara eftir bendingu nefndarinnar um allan aukakostnað, en þar sem nefndin heldur því fram, að reikninga skólans eigi að borga í hvert sinn sem þeir falla til, en ekki megi ávísa skólastjóra vissa upphæð í því skyni fyrirfram, þá get eg eigi verið nefndinni samdóma; þetta getur átt sér stað í Reykjavík og þar í grend, en á stöðum langt í burtu, má ekki búast við, að menn bíði eftir borgun, þangað til hún getur komið héðan, og það er engin von til, að skólastjóri geti lagt út úr sínum eigin vasa til að borga ýms útgjöld skólans. Eg álít því að óhjákvæmilegt sé að halda þeirri venju, sem haldist hefir, eftir því sem eg frekast veit, frá því skólinn var stofnaður.

Hv. nefnd heldur því fram, út af landsbókasafninu, að eigi megi verja því fé sem sparast á einum undirlið til annara gjalda til sömu stofnunar. Þetta hefir þó altaf hingað til verið álitið leyfilegt, og ekki þótt ástæða til að leita aukafjárveitingar, ef ekki er farið fram úr upphæðinni í heild sinni sem veitt er. Þetta hefir verið svo um landsbókasafnið, landsskjalasafnið og forngripasafnið, skólana o. s. frv. Og mér finst það alveg eðlilegt. Það er öll upphæðin, sem ekki má yfir stíga, en sundurliðunin er aðeins til leiðbeiningar. Þetta er líka í fullu samræmi við stefnu þessa þings, þar sem það fellir burtu sundurgreiningu á því fé, sem veitt er til spítalanna á Laugarnesi og Kleppi, og verður þó vissulega þar að taka til leiðbeiningar einstaka liði við hagnýting heildarinnar.

Þá vildi eg minnast lítið eitt á skip-

ið »Sea Gull«. Það er þegar búið að borga upp í lán til þess skips liðugar 3000 kr.; en óvíst hvað enn fæst. Eigandi þess gagnvart stjórninni dó síðastliðið vor, ekkja hans sat fyrst í óskiftu búi, en framseldi það síðan til skifta, þegar landssjóður var búinn að fá landsyfirréttardóm fyrir kröfu sinni út af skipinu. Búið er sennilega þrotabú, svo að það er sennilegt, að landssjóður tapi einhverju. En þó það ekki skyldi verða í þetta skifti, þá skal eg þó benda þinginu á það, að það er fyrirsjáanlegt, að landssjóður verður fyrir miklu tapi af lánum til fiskiskipa, eins og þeim atvinnuveg er nú komið. En á þessu á þingið sjálft aðalsökina, því það stafar af þeim ákvæðum, að taka megi veð í skipunum sjálfum, og að lánið skuli vera afborganalaust 5 fyrstu árin eða svo. Þegar þessi ár eru liðin, þá eru sum skipin — aðkeyptir gamlir dallar — orðin því nær ónýt, eigendur standa ekki í skilum, skipin eru seld á uppboði fyrir sama sem ekkert.

Þetta hefir reynslan þegar sýnt, og eg bendi á þetta til þess að þingið geti tekið í taumana, ef því lízt. Annars má frá öðru sjónarmiði skoða þetta sem styrk til sjávarútvegsins, og þá er hann sannarlega ekki hár í samanburði við allar þær geysiupphæðir, sem búið er að verja til landbúnaðarins.

Framsögumaður (Hálfdan Guðjónsson): Háttv. umboðsmaður ráðh. (K. J.) hefir ekki gefið tilefni til þess að eg þyrfti nokkru verulegu við að bæta, það sem eg hefi áður sagt.

ATKV.GR.:

Tekjuhliðin (I) sþ. í e. hlj.

Gjaldahliðin (II) sþ. í e. hlj.

Niðurlagsatriðin sþ. í e. hlj.

Fyrirsögn sþ. án atkv.gr.

Frumv. í heild sinni sþ. í e. hlj. og vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umræða, 13. apríl.

ATKV.GR.:

Frumv. sþ. umræðulaust í e. hlj. og afgreitt til Ed.

Ein umræða, 26. apríl (A. 576, n. 625).

ATKV.GR.:

Frumv. sþ. með 18 atkv. og afgreitt til ráðherra sem *lög frá Alþingi.*

Vantraust á ráðherra.

TILLAGA TIL ÞINGSÁLYKTUNAR um, að deildin vænti þess, að ráðherrann (Hannes Hafstein) beiðist lausnar; ein umr., 23. febr. (A. 35).

Flutningsmaður (Skúli Thoroddsen): Kvað þingsályktun þessa hafa átt að vera óþarfa, þar sem kosninga-ósigurinn 10. sept. síðastl. hefði átt að vera næg bending til að beiðast lausnar, og hefði nýja ráðherranum þá gefist nokkur tími til að búa mál undir alþingi, og starf þess þá orðið veigameira, en nú yrði raun á. — Hann minti á, að ráðherra hefði skýrt fregnrita danska blaðsins »Berlingur« frá þeim ósannindum, að stjórnarandstæðingar væru þriskiftir, og hefði því sízt verið að furða, þó að einhverjir danskir stjórnmálamenn hefðu litið svo á, að rétt væri, að hann hefði eigi beiðst lausnar, þegar eftir kosningarnar. — En þegar ráðherra varð það ljóst í þingbyrjun, að sjálfstæðismenn komu fram sem einn flokkur, hefði þó allur vafi hans að minsta kosti hlotið að vera horfinn. — En ráðherra hefði, í viðtali við flokksstjórn sjálfstæðismanna, gert það að beinu skilyrði, að

vantraustsyfirlýsing væri borin fram á þingi, og mætti hann því sjálfum sér um kenna, að ýfð væri upp ýms embættisstarfsemi hans, sem vítaverð hefði þótt.

Aðal-atriðin í þingsályktunartillögunni væru:

I. Að ráðherra hefði lagt alt kapp á, að koma fram »frv. til laga um ríkisréttarsamband Danmerkur og Íslands«, ,og í því skyni haldið fundi víða um land til að fá þjóðina, til að aðhyllast frumv., sem mikill meiri hluti hennar telur lögfesta Ísland í danska ríkinu, og að hann þrátt fyrir kosningaósigurinn hafi lagt frv. fyrir þingið, og mæli enn með því, að það verði samþykt óbreytt.

Kvað hann það öllum ljóst, að sá maður, er teldi frv. gott, og segði það eigi að eins Íslendingum, heldur og Dönum, væri manna sízt til þess fallinn, að semja um málið við Dani, og fá þá til þess, að bjóða oss betri kosti.

Ráðherrann legði aðal-áherzluna á, hvað fáanlegt væri, og að því bæri eigi að hafna, í stað þess er mótflokkur hans legði aðal-áherzluna á hitt, að binda eigi hendur eftirkomendanna, girða eigi fyrir það, að Ísland gæti síðar krafist þeirra landsréttinda, er það teldi sér bera, án þess að eiga þau undir náð Dana.

II. Ráðherra hefði og, eftir að kosningarnar 10. sept. síðastl. voru um garð gengnar, og vilji mikils meiri hluta þjóðarinnar augljós, sýnt, að honum væri það engu að síður svo mikið alvörumál, að fá frv. meiri hluta millilandanefndarinnar samþykt á alþingi, að hann hefði ráðið konungi til þess, að útnefna, sem konungkjörna þingmenn, tvo menn (L. H. Bjarnason og Stefán kennara Stefánsson), er þjóðin hafði hafnað við kosningarnar, og væru eindregnir fylgismenn sambandslagafrumv. þess, er meiri hluti þjóðarinnar hefði tjáð sig öndverðan, þar sem einmitt nú hefði verið áríðandi, að fjölga þeim, sem fylgdu meiri hluta þjóðarinnar að máli, svo að vilji þingsins kæmi fram gagnvart Dönum með sem mestum krafti.

III. Væri það tekið fram í þingsályktunartillögunni, að þjóð og þing teldi ýmsar stjórnarathafnir ráðherra vítaverðar. — Orðið »vítaverður« væri notað, sem í daglegu tali, í merkingunni aðfinsluverður, eða ámælisverður, en ekki í fornri merkingu, um hegningarvert athæfi. — Landsyfirréttur notaði og orðið þráfaldlega í forsendum dóma sinna um aðfinsluverða málsmeðferð héraðsdómara, í mótsetningu við sekt, eða aðra hegningu.

Kvað formælandi þingsályktunartillögunnar leitt, að þurfa að fara að rifja upp ýmsar yfirsjónir ráðherra, sem minst hefði verið á »eldhúsdagana« á undanförnum þingum, og hefði verið ákjósanlegast, að vísa ráðherra á þingtíðindin, fyrst honum væri svo ant um, að fá vantraustsyfirlýsingu, að hann afsegði að víkja úr ráðherrasessi að öðrum kosti.

Kvaðst hann þó vilja fara sem styst yfir.

1. Hefði ráðherra þótt of deigur gagnvart útlenda valdinu, og minti hann í því skyni á »undirskriftarmálið«, þar sem ráðherra hefði farið þvert ofan í yfirlýsingu sjálfs sín og skilning, eða skilyrði alþingis. — Sama hefði þótt kenna í ritsímamálinu, og benti hann í því skyni á 20 ára einkarétt norræna fréttaþráðarfélagsins, og á þau ákvæði ritsímasamnings, að innan-

ríkisráðherra Dana hefði einn úrskurðarvaldið, ef ágreiningur yrði um skilning á ákvæðum samningsins. — Enn hefði og framkoma ráðherra verið vitt, er danska nýlendusýningin var á ferðinni, þótt minna væri um það vert.

Í sömu átt þætti það benda, að hann hefði ætlað útlendum mönnum hærri laun, en Íslendingum væri ætlað, t. d. landsímastjóri Forberg látinn fá 5000 kr. árlega, þótt lögákveðin laun embættisins væru að eins 3500 kr., o. fl.

2. Stjórn ráðherra hefði verið flokkstjórn í fylstu merkingu, og heimastjórnarflokkurinn eins konar lífsábyrgðarfélag; þeir væru teljandi þingmennirnir í stjórnarflokknum, ef nokkrir væru, sem eigi hefðu verið lagðaðir að einhverju leyti, og væri það sama reglan, sem kvartað væri um, að Christensens ráðaneytið í Danmörku hefði fylgt, embættaveitingar og sýslana hefðu og yfirleitt verið miðað við flokkinn, símritarar valdir á þann hátt o. fl. (bent á veitingu ýmsra sýslana, þar sem auðsætt þótti, að tillit til flokksins hefði eitt ráðið).

Heimastjórnarflokkurinn hefði og fylgt sömu reglunni, að því er snertir skipun í bankaráð Íslands banka, kosningu endurskoðunarmanna landsreikninga o. fl.

Afleiðingin af þessari óhappastefnu hlyti að einhverju leyti að vera sú, þótt æskilegt væri, að eigi væri farið langt í þá átt, að stjórnarmönnum yrði goldið líku líkt, er stjórnarskifti yrðu. Annars myndi heppilegast, að draga embættisveitingar sem mest úr höndum stjórnarinnar, t. d. skipun sýslumanna og lækna, og að endurskoðunarmenn banka- og landsreikninga væru þrír, og kosnir með hlutfallskosningu.

3. Hefði ráðherra eigi sýnt þá óhlutdrægni og réttlæti í stjórn sinni, sem vera átti. — Í þessu skyni minti hann á það, hversu starfsmönnum Íslandsbanka hefði verið bannað að fást við pólitík, nema greiða atkvæði við kosningar, þar sem starfsmönnum Landsbankans væri það á hinn bóginn heimilt, og hefðu notað það ósleitilega; enn fremur minti hann á málaferlin á Snæfellsnesi, þar sem hinum sakfeldu var að lokum synjað leyfis um áfrýjun til hæstaréttar á þeirra eigin kostnað. — Enn fremur minti hann og á það, er ráðherra svifti pólitiskan andstæðing sinn (Bjarna frá Vogi) aukakennarasýslan, er alþingi hafði veitt honum o. fl. o. fl, hér að lútandi.
4. Hefðu óskir þjóðarinnar lítt átt upp á pallborðið hjá ráðherra, og minti hann í því efni á þingrofsáskoranir, bændafundinn 1. ágúst 1905, Þingvallafundinn 1907 o. fl.
5. Hefði ráðherra hvað eftir annað virt vilja þingsins og fjárveitingarvald þess að vettugi, t. d. engu sint ályktun beggja þingdeilda um vorpróf í hinum almenna mentaskóla; ritsímasamninginn hefði hann gert að alþingi fornspurðu, og þvert ofan í fjárveitingu þess. — Síðasti samningur við sameinaða gufuskipafélagið hefði og verið gerður í heimildarleysi.
6. Hefði ráðherra ausið út krossum og nafnbótum, og gæti það hafa aukið metorða- og hégómagirni ýmsra.

Formælandi benti að lokum á, að

það væri í fullu samræmi við almennar þingræðisreglur, að ráðherra viki úr völdum, og vék að því nokkrum orðum, að yfirleitt væri eigi heppilegt, að ráðherrar sætu mjög lengi að völdum, betra, að nýtr kraftar tækju við stjórnartaumunum öðru hvoru.

[Eftir Þjóðviljanum 28. febr. 1909 bls. 33—34].

Ráðherrann (H. H.): Jafnvel þótt eg hafi fulla ástæðu til að álíta, að meiri hluti íslenzkra kjósenda standi alls ekki á bak við þá ósk, sem þingsályktunartillaga þessi lætur í ljósi, og viti það með fullri vissu um sum af þeim kjördæmum, sem kosið hafa frumvarpsandstæðinga á þing, þá dettur mér þó ekki annað í hug, en að haga mér eftir því, hvernig aðstaða mín er á þinginu eins og það nú er orðið samansett við síðustu kosningar, og það þegar af þeirri ástæðu, að án fylgis meiri hluta þingsins eða samvinnu við hann, er ómögulegt fyrir ráðherra að halda stjórnarathöfnum, sem hann á að bera ábyrgð á, í því horfi, sem hann vill og telur réttast.

Hins vegar get eg hvorki varið það fyrir þjóðinni eða konunginum, að kasta frá mér að ástæðulausu störfum þeim, sem eg hefi með höndum og gerast eftirlaunamaður.

Eftir kosningarnar í haust var að minni hyggju ómögulegt að segja um það með fullri vissu, hvernig skipast mundi um samvinnu milli þingsins og núverandi stjórnar; að vísu var hægt að segja, þegar það sást hverjir kosning hlutu, að það væri sennilegt, að stjórnin yrði í minni hluta, er á þing kæmi; en afstaða þingmannaefna gagnvart frumvarps-uppkasti millilandanefndarinnar, sem aðallega var kosið um, var svo mismunandi, að ómögulegt var að sjá þar neina stefnuskrá, er sameiginleg væri fyrir alla svo nefnda frumvarpsandstæðinga. Enda eigi kunnugt, að þeir væri einn flokkur, sízt að því er snertir önnur mál og afstöðu gagnvart stjórninni yfirleitt. Það hefði því verið gersamlega óþingræðislegt tiltæki, ef eg hefði sótt um lausn vegna kosninganna, áður en þing kom saman, og enda margt annað, sem mælti móti því. Þannig hefði verið ómögulegt fyrir hinn nýja ráðherra, sem siglt hefði í septemberlok til þess að taka við embætti sínu, að undirbúa fjárlög og önnur mál undir þingið, þar sem hann varð að fara þegar í nóvembermánuði aftur á konungsfund með stjórnarfrumvörpin til þess að hafa þau tilbúin í tæka tíð fyrir þing. Auk þess hefði verið ómögulegt, að segja konungi neitt áreiðanlegt um það, hverjir væri líkegastir til að hafa meiri hluta þingmanna, af þeim sem til greina gætu komið sem ráðherraefni. Það er meira að segja enn þá hulin gáta fyrir öllum, enda þótt meira en vika sé liðin af þingi, og meiri hlutinn mun enn sitja á rökstólum um þetta efni.

Eg hafði hugsað mér, að ef svo færi að meiri hluta flokkur myndaðist á móti stjórninni, þegar þingmenn kæmi saman, þá myndu þeir lýsa því yfir, þegar í þingbyrjun, eða svo snemma, að sá maður, er konungur kveddi sér til viðtals til þess, að ráðgast um viðtöku ráðherraembættisins, gæti siglt með »Ceres« eða »Sterling«, og hefðu þá ráðherraskiftin getað orðið um næstu mánaðamót, og hinn nýi ráðhera komist aftur heim til þings um eða eftir miðjan marz.

Um þetta átti eg fyrir nokkrum dögum tal við háttv. þingmenn, sem eru í stjórn meiri hluta flokks þess, sem nú er til orðinn, og lét í ljósi við þá, að eg mundi biðja konung lausnar, jafnskjótt og meiri hluti þingsins hefði lýst því yfir opinberlega á þingi, að hann vildi ekki hlíta samvinnu við mig

sem ráðherra og óskaði stjórnarskifta. Okkur kom þá öllum saman um, að það væri heppilegast, að blanda þessu auðsótta atriði ekki inn í þau stórmál, sem fyrir þinginu liggja, til þess að vekja ekki ótímabærar kappræður um þau og spilla ekki möguleikum um samkomulag og samvinnu í þeim málefnum, sem enn eru ekki fullhugsuð eða athuguð, og að það væri nægilegt, að tillagan héldi sér fast við það atriði eitt, að stjórnin hefði ekki nægilegt fylgi, og að tillagan ætti að koma fram í sameinuðu þingi. — En raunin hefir þó orðið sú, að háttv. þingmenn hafa valið þann kost, að gera tvær tillögur, sína í hvorri deild, og blandað inn í þær, meðal annars, ýmsum atriðum, sem helzt hefði átt að forðast að svo stöddu og of snemt virðist að leggja fullan dóm á nú, áður en sambandsmáls- og stjórnarskrárnefndin hefir lokið starfi sínu.

Það er enn þá vilji minn, að gera mitt til, að forðast ótímabærar deilur um þetta mál, og leiði því að mestu hjá mér, að svara í þetta sinn lögfestingarkenningunni, sem fram kemur í tillögunni. Nokkur atriði í henni og í sókn háttv. formælanda tillögunnar verð eg þó stuttlega að drepa á.

Tillagan segir í upphafi, að eg hafi lagt alt kapp á, að koma fram »frumv. til laga um ríkisréttarsamband Danmerkur og Íslands«. Nákvæmara hefði verið að segja, að eg hefði látið mér ant um, að reyna að komast að sem beztum samningum fyrir Íslands hönd um sjálfstæði þess, því það hefi eg gert, eftir því sem mér hefir verið unt. Frá því eg tók við þessu embætti og áður þó, hefi eg, eftir því sem eg hefi haft vit á og í mínu valdi hefir staðið, kappkostað að vinna að því, að fá uppfyltar skynsamlegar frelsis og sjálfstæðiskröfur þjóðarinnar. Og þær tilraunir hafa oft verið bæði vandasamar og vanþakklátar; eg hef oftast orðið að vinna að þeim í kyrþey. Eg hefi ekki getað útbásúnað þær eða tilganginn með hverju einu í blöðum eða á mannfundum, og oftast orðið að þegja við árásum og úthúðunum. Menn gleyma því allmjög og alloft, að staða Íslands ráðherra er ekki eins og venjuleg ráðgjafastaða í útlendum ráðaneytum. Hún er landsstjórastaða inn á við, og »diplómat«-staða út á við.

En um kapp mitt til þess að koma fram frumvarpi sambandslaganefndarinnar er það að segja, að eg taldi það blátt áfram skyldu mína, bæði sem Íslendings og varaformanns nefndarinnar að gera það lítið sem eg gat til þess að skýra það mál, sem þjóðin átti að dæma um með kosningunum, og hnekkja þeim rangfærslum og missögnum, sem út voru breiddar um frumvarpið og hvað í því stæði. Hefði eg látið það undir höfuð leggjast hefði mig mátt iðra þess alla æfi, að hafa ekki gert þessa tilraun til að opna augu manna fyrir þeim blekkingum sem beitt var, og afstýra óhappaverkinu að hafna frumv. Og er langt frá, að of langt hafi þar verið farið af minni hálfu; eg gæti miklu fremur ásakað mig um, að hafa legið á liði mínu og ekki lagt mig nóg í líma til þess að skýra þetta mál, og hrekja blekkingarnar, sem látlaust og feimnislaust var beitt gegn því, bæði leynt og ljóst, mest þó víst í kyrrþey.

En eg er mér þess meðvitandi að hafa barist fyrir góðum málstað, og ekki vissvitandi gert annað en það, sem eg álít rétt. Þess vegna get eg nú, er eg fell á þessu máli, verið í rólegum hug og haft þá tilfinningu, að »gott sé heilum vagni heim að aka«.

Setningin í þingsályktunartillögunni um, að mikill meiri hluti þjóðarinnar

telji sambandslagafrumvarpið »lögfesta Ísland í danska ríkinu« hefði mátt missa sig, því að auk þess, sem lögheilgunarkenningin er fjarstæða ein, er setningin að öðru leyti ekki sönn.

Af 11,169 kjósendum í þeim kjördæmum, sem kosning fór fram í, hafa að eins 4671 kjóendur, eða 41,8% greitt atkvæði með þingmannaefnum, sem vildu meiri eða minni breytingar á frumvarpinu. 3023 kjósendur, eða 27,1%, hafa alls ekki greitt atkvæði um frumvarpið, og 3475 kjósendur, eða 31,1% hafa greiit atkvæði með því óbreyttu. Það er þannig blátt áfram rangt, að mikill meiri hluti þjóðarinnar hafi látið í ljósi ósamkvæði sitt við frumvarpið, hvað þá aðra eins heljarfirru sem þá, sem hér er um að ræða.

Af þeim 8146 kjósendum, sem atkvæði greiddu við kosningarnar, voru að eins 14,6% framyfir hjá frumvarpsandstæðingum. En þess ber að gæta, að því fer afar-fjarri, að allir þeir, sem kusu frumvarpsandstæðinga, gerðu það af þeim ástæðum, að þeir teldu frumvarpið »lögfesta Ísland í danska ríkinu«, eins og tillagan segir, eða kysu yfir höfuð meiri losun á sambandinu við Danmörku. Það er á allra vitorði, að fjölda mrgir af þeim vildu að eins einhverjar breytingar til skýringar á þeim atriðum, sem andstæðingarnir misskildu mest eða rangfærðu, bæði að því er snertir samræmi textanna og annað orðalag. Og þar fyrir utan kusu með þessum hóp allir þeir, sem engar breytingar vilja á núverandi ástandi, allir þeir seinteknustu og íhaldssömustu, sem þótti frumvarpið of stórstígt og bjuggust við auknum gjöldum og kostnaði af því fyrirkomulagi, sem frv. fer fram á.

Sömuleiðis hafa þeir fengið stuðning margra manna, sem ekki þóttust hafa tök á að átta sig á málinu, rugluðust við það að heyra sinn segja hvað um það, suma hrósa því upp úr öllu valdi og aðra rífa það niður fyrir allar hellur, og þorðu ekki að eiga það á hættu að greiða atkvæði með því, er þeir ekki skildu til fulls, og vildu þá heldur hafa núverandi ástand óbreytt. Margur af þessum mönnum eru nú orðnir sannfærðir um ágæti frumvarpsins og iðrast atkvæðis síns.

Meiri hlutinn á þingi á þannig tilveru sína að talsverðum mun að þakka mönnum, sem alls ekki hafa uppkveðið slíkan áfellisdóm um frv., sem till. greinir. Meira að segja, það er blindu tilfelli að kenna, að meiri hlutinn á þingi er eins fjölmennur og hann er. Að réttu hlutfalli við atkvæðatölurnar hefðu frumvarpsmenn átt að vera 14 af þeim 33 þm. sem kosnir voru með atkv.gr. í kjördæmunum og hefðu því — ef kosið hefði verið eftir hlutfallskosningum — verið alls 20 frumvarpsmenn á þingi nú, með hinum konungkjörnu þm., og frumvarpsandstæðingar ekki í ákveðnum meiri hluta.

Þá segir till., að eg leggi frumv. fyrir þingið nú, og mæli enn fastlega með því óbreyttu, Já, auðvitað legg eg frumv. fyrir þingið óbreytt, eins og andstæðingar sjálfir hafa heimtað, og það geri eg með góðri samvizku og eftir fylstu sannfæringu. En hins vegar hefi eg aldrei barist á móti því, að reyna mætti að fá einhverjar breytingar. Eg hefi að eins sagt: Við getum ekki lofað neinum breytingum. Við ráðum því ekki einir. Það þarf líka að hugsa um samþykki Dana. Það má ekki stofna frumv. í voða, með því að sþ. breytingar, sem ekki geta gengið fram á ríkisþinginu. Þyki þess vegna nokkuð koma til þess, sem á er unnið, þyki það vera framfarir frá því sem nú er, þá verða þm. að geta samþ. það óbreytt, eins og það er.

En nú er málið komið til þingnefndanna bæði hér og í Danmörku, svo þær nefndir geta skifst skeytum á, og nefndin hér reynt hvað hún kemst. Tilraunin er öllum boðin.

Þá segir till. að eg hafi gengið þvert á móti vilja íslenzkra kjósenda, þegar eg valdi kgk. þm. síðast.

Hvaðan kemur tillögumönnum sá vísdómur?

Annan þeirra kusu 192 kjósendur af 468 kjósendum í Snæfellsnessýslu, hinn kusu 187 af 395 í Skagafirði við síðustu kosningar. Báðir eru gamlir og æfðir þm. Eru allir þessir kjósendur, sem hafa kosið þá, einskis virði og ómaklegir þess að teljast með? Þótt þessir þm. næðu ekki kosningu í þessum tveim kjördæmum, þá sannar það alls ekkert um, að þeir hefðu ekki getað náð kosningu í öðrum kjördæmum. Það er hreinn tilbúningur út í loftið, að íslenzkir kjósendur yfirleitt hafi verið á móti kosningu þeirra. Það sanna er, að margir skynbærir menn viðurkenna að ekki hafi legið eins nærri að kjósa neina menn í landinu og einmitt þá, af því að þeir voru báðir meðlimir sambandslaganefndarinnar og því allra manna kunnugastir því mesta stórmáli, sem þingið á að fjalla um og leiða til lykta. Tilgangurinn með kosning kgk. þm. er, eins og allir ættu að vita, ekki að eins sá, sem nefndur var hér í deildinni um daginn, að gera Ed. alþ. íhaldssamari, heldur fult eins mikið sá, að tryggja þinginu menn með grundaðri og margvíslegri þekkingu á helztu málunum. Og hvað þekkingu snertir á því aðalmáli, sem þingið á nú að fjalla um, mun fáum blandast hugur um, að þeir standa þar mjög framarlega.

Loks verður stjórnin að velja þá menn til þingsetu, sem hún álítur hafa rétta skoðun á aðalmálunum. Það væri beinlínis að skoða landsstjórnina sem samvizkulítinn aulabárð, ef ætlast er til að hún velji menn, sem að hennar áliti hafa rangar og skaðlegar skoðanir á þeim málum, sem hún telur mikilsvarðandi fyrir þjóðina.

Þá kemur syndaregistrið, sem háttv. framsm. (Sk. Th.) taldi upp, þessar vítaverðu ráðstafanir, sem eg á að hafa gert. Hvernig sem reynt er að draga úr eftir á, verður það ekki útskafið, að orðið »vítavert« er þungt áfellisorð, sem næst liggur að skilja svo, að það eigi við hegningarvert athæfi. En mér er spurn: Hafi eg að áliti meiri hlutans gert mig sekan í vítaverðu athæfi sem ráðherra, hvers vegna höfðar þingið þá ekki mál á móti mér?

Landsdómurinn er til. Ráðherraábyrgðarlögin eru svo víðtæk og hörð, að allar stjórnarathafnir, sem með réttu má kalla vítaverðar, falla undir ákvæði þeirra laga. Eg bið ekki um neina hlíf í því efni. Nú er bolmagnið til. Hvers vegna ekki þá að láta kné fylgja kviði?

Þingið er ekki dómari minn. Það er málsaðili gagnvart mér. Það getur ákært mig og ákveðið málsókn, en ekki uppkveðið dóm yfir mér, ekki einusinni þann dóm, að athafnir minar séu vítaverðar í þeim skilningi, sem yfirrétturinn notar, er hann lýsir þetta eða hitt embættisverk undirdómara vítavert, án þess að dæma honum aðra hegning. Þau ummæli eru þar þáttur úr dómi lögmæts dómstóls. En í munni háttv. tillögumanna og þingdeildarinnar, eru þau ekkert annað en skammaryrði, órökstuddur sleggjudómur, sem ekki ætti að sjást í þingskjali. Það sýnir misskilning háttv. þm. á stöðu sinni. Eg get með sama rétti kallað till. vítaverða árás mig, eins og þeir geta kallað embættisverk mín vítaverð.

Háttv. flutningsm. (Sk. Th.) talaði því

næst um deigleika minn gagnvart útlenda valdinu. Eg veit eigi, hvort eg á að vera að þreyta þingið með því að ansa slíkum sleggjudómum. Eg hugði hann, sem kunnugur er starfi mínu, t. d. í millilandanefndinni, mundi þó að minsta kosti ekki fara að tyggja upp þá tugguna sína frá undanfarandi þingum; en hann hefir nú litið öðru vísi á velsæmið. Eg er ekki hræddur um, að ummæli hans um þetta atriði verði langær dómur sögunnar, enda hygg eg að öðrum sé hættara við því en mér að heykjast í hnjáliðunum fyrir danskinum eða kengbeygja bakið fyrir útlendum valdhöfum, og mun það síðar sjást.

Þá var það undirskriftarmálið, er flutningsm. (Sk. Th.) fann mér til foráttu; en þar held eg að eg eigi sízt vanþakkir skilið, því að eg þori að fullyrða það, að sá sem tekið hefði við ráðherraembættinu, ef eg hefði frá gengið haustið 1903, hann hefði ekki lagt meiri stund en eg hefi lagt á það, að hafa fram meginatriði þess máls, sérstöðu Íslandsráðherrans í ráðaneyti konungs og sjálfstæði hans gagnvart stjórnarbreytingum í Danmörk. Eg hefi einnig smám saman með hægð og varfærni getað jafnað ágreininginn um formhlið málsins, og fengið forsætisráðherra Dana til að fallast á, að hinn nýi ráðherra Íslands skrifi sjálfur undir skipunarbréf sitt, en forsætisráðherrann komi þar hvergi nærri. Það er nú afgert mál. Hefði eg ekki farið einmitt þá leið, sem eg hefi farið í máli þessu, þá væri málinu ekki komið eins og nú er komið; en nú er ósk nefndarinnar í stjórnarskrármálinu 1903 fullnægt.

Ritsímamálið er mér líka talið til áfellis. En það er mín fylsta sannfæring, að það hafi ekki verið einungis rétt af mér að gera samninginn við Mikla-Norræna, heldur hefði það verið vítverð vanræksla, ef eg hefði ekki notað tækitærið og gripið hönd Hage's þáverandi samgöngu- og fjármálaráðgjafa Dana, sem hann af velvild sinni til Íslands rétti mér. Tala þeirra manna fer líka vaxandi dag frá degi, sem viðurkenna hið mikla gagn, sem þeir og þjóðin í heild sinni hafi af símanum, og það verður víst erfitt nú að telja þjóðinni trú um, að starf mitt í því máli hefði verið betur ónnið.

Háttv. flutningsm. þóttist þá finna mikið athugavert við framkomu mína í danska sýningarmálinu sæla, sem Íslendingum var svo mjög á móti skapi. Það er eigi gott að skilja, hvað hann á við, nema ef vera skyldi það, að eg vildi vera og var algerlega fyrir utan það mál, þegar eg sá hvernig til sýningarinnar var stofnað, og svifti hann og hans vini þannig vopni gegn mér.

Þá er mér þunglega gefið að sök, að eg hafi tekið nokkra útlenda menn til að standa fyrir ýmsum framkvæmdum hér á landi. Þetta er alveg satt, en það hefi eg gert af þeirri einföldu ástæðu, að ómögulegt hefir verið að fá innlenda menn, sem væru þeim störfum vanir. En hvað er að harma, þótt útlendir dugnaðarmenn setjist hér að, kenni Íslendingum til verka og gerist sjálfir Íslendingar? Er landinu ekki hinn mesti hagur að slíkum mönnum? Forberg símastjóri er þegar orðinn Íslendingur í húð og hár. Hann hefir leyst sig af allri þegnskyldu við Noreg og tekið hér rétt innborinna manna og fáa starfsmenn landsins hygg eg vinna þessu landi betur en hann; skógræktarstjórann vil eg nefna Vér áttum engan innborinn skógfræðing, er gæti tekist á hendur forgöngu og yfirumsjón með vaknandi skóg-

græðslu og sandfoksvörzlum í landinu. Sá maður — hann er reyndar danskur! — sem eg hefi fengið til þessa starfs, hefir fengið bæði visindalega og verklega sérþekkingu í þeim efnum, og hann vinnur með alúð og elju þetta þýðingarmikla en fyrst um sinn vanþakkláta og árangursseina framtíðarstarf fyrir þetta land, meira að segja unir sér vel.

Eg skil ekki, hvernig háttv. flutningsm. (Sk. Th.) fór að koma því inn í mitt syndaregistur, að meiri hlutinn, sem hingað til hefir verið, hafi á þingi kosið menn úr sínum flokki í ýmsar stöður sem alþ. skipar. Hitt skildi eg að eg hefði átt að veita mönnum ýms embætti og sýslanir, af því að þeir fylgdu þeim pólitiska flokki, sem eg er í. Háttv. flutningsm. hefir þessum orðum sínum engan stað fundið, og eg álít slíkar aðdróttanir út í loftið ekki svaraverðar. Eg skora á hann að tilgreina einhver dæmi. *(Skúli Thoroddsen:* Hér er alls ekki staður til slíks). Sé svo, hvernig er hér þá staður til þess að bera mér slíkt á brýn? Þetta eru ósannindi. Það hefir einmitt verið leitast við að taka menn fullkomlega jafnt úr öllum flokkum til embætta. Og mér hefir meira að segja verið lagt það til ámælis af flokksmönnum mínum að eg gengi um of fram hjá þeim um embættaveitingar og tæki þá jafnvel síður en aðra. Það hefi eg þó eigi viljað gera, en hitt hefir ætíð vakað fyrir mér að taka þá menn til allra starfa, sem bezt væru til þeirra hæfir, hvaða pólitiskum flokki, sem þeir annars kynnu að fylgja.

Ein aðdróttunin var sú, að allir þm. í mínum flokki, hafi fengið fjárhagslegan vinning eða einhvern sæmdarauka, krossa og því um líkt, fyrir að fylgja mér. Vill ekki þm. segja okkur hvað það er, sem hver einstakur hefir úr býtum borið? *(Skúli Thoroddsen:* Það væri hægt að nefna nöfn). Því þá ekki að nefna þau! Háttv. þm. ætti að hafa sannanirnar á reiðum höndum, úr því hann er að bera slíkt á borð hér í þingsalnum. En honum vefst þar tunga um tönn. Hann veit það, að þetta er að eins fyrirsláttur hjá honum. Eða hvers vegna ber hann sjálfur krossinn? Eg veit ekki betur en að krossinn sem hann ber, þegar hann vill hafa sem mest við og »puntar« sig reglulega vel, sé honum gefinn einmitt eftir meðmælum frá mér.

Háttv. formælandi gaf það í skyn, að stefnuskrá meiri hlutans hefði verið sú, að allir menn í flokknum kæmust smátt og smátt á eftirlaun, en allir, sem ekki væru þeim meginn í pólitíkinni, væri útilokaðir frá öllum vildarkjörum og vegtyllum. *(Skúli Thoroddsen:* Þetta er misskilið). Eg gat ekki skilið það á annan veg. — En þarna liggur víst nærri, að háttv. flm. (Sk. Th.) sé að kenna mér sín eigin börn, því að eg man ekki betur en að háttv. flutningsm. (Sk. Th.) hafi sjálfur hérum árið skrifað grein í »Þjóðviljann« sinn, þar sem það var haft að »slagorði« fyrirsögn, inntaki og einkunnarorðum kenningar hans um það, hversu fara skyldi með alla, sem ekki hlýddu hans pólitisku pípu: »Ekki einu sinni í hreppsnefnd eiga þeir að komast«. Þetta er hans heróp, og eigi það að verða »program« þess meiri hluta, sem nú er að setjast á laggirnar, þá má mönnum verða það tilhlökkunarefni. Eg vona, að eg þurfi ekkert til þeirra að sækja.

Það hefir verið tint til, þegar mér hefir verið brugðið um ranglæti og hlutdrægni, að eg hafi t. d. átt að banna starfsmönnum við Íslandsbanka

að gefa sig við pólitík! Eins og það væri gefið fyrir fram, að allir þeir menn, sem þar væru, hlytu að vera andstæðingar minir í pólitikinni. En eg réð ekki neinum lögum né lofum í þá átt. Það var ósk þeirra bankamanna, sem keyftu bankastofnunarleyfið af þeim herrum Arntzen og Warburg, að bankinn yrði algerlega flokkslaus og ópólitisk stofnun, og þess vegna óskuðu þessir stofnendur bankans, að það væri haft í skilyrðum við starfsmenn bankans, að þeir blönduðu sér ekki í flokka-pólitík. Ekki var þó Páli heitnum Briem meinað að bjóða sig fram til þings, þótt hann sæti jafnframt sem þriðji maður í stjórn Íslandsbanka. En eftir frumkvæði stofnendanna, sem samþykt var af bankaráðinu, var það sett í samningana við bókara og féhirði, að þeir ættu að leggja allan starfskraft sinn fram í bankans þjónustu, og mættu ekki taka þátt í stjórnmáladeilum. Þetta er alt og sumt.

Hvað snertir það, að eg hafi vikið manni úr stöðu við lærðaskólann, og það af pólitiskum ástæðum, þá vil eg hlífast við að svara því, sem háttv. flutningsm. (Sk. Th.) sagði, vegna þessa heiðursmanns sjálfs, sem hlut á að máli. Eg finn enga köllun hjá mér til að draga fram hér á þingi þær ástæður, sem lágu til ráðstafanar þeirrar, sem háttv. flutningsm. (Sk. Th.) átti við. En vilji þingdeildin vita ástæðurnar, þá getur hún skipað nefnd til þess að ransaka málið, og sú nefnd getur í stjórnarráðinu fengið þau skjöl og skilríki, sem hér að lúta. Allir, sem þau skjöl lesa, munu sannfærast um, að hér er ekki um pólitiska flokksráðstöfun að ræða, heldur sérstakt skólamál, og að stjórnarráðið bygði úrskurð sinn á gildum rökum, í samræmi við tillögur rektors og stiftsyfirvalda.

Um málaferli, sem verið hafa á Snæfellsnesi er mér ekki fyllilega ljóst, hvað mér er gefið að sök. Mér gat ekki borið nein skylda til þess, að koma því máli fyrir hæstarétt. Fyrst er það, að hæstarétti er ekki sérlega ljúft að taka fyrir slík smámál, sem ekki ná »summa appellabilis«, og leyfi til þess er sjaldan veitt. En í annað stað er það dómsmálaráðaneytið í Danmörku en ekki stjórnarráð Íslands, sem veitir slíka undanþágu. Dómsmálaráðaneytið skrifaði til stjórnarráðsins, og spurðist fyrir um, hvort nokkrar sérstakar eða knýjandi ástæður væru fyrir hendi til þess að undanþága væri veitt í þessum málum. En þar sem stjórnarráðinu voru slíkar ástæður alls ekki kunnar, og málið að öðru leyti ómerkilegt, þá gat stjórnarráðið ekki annað en kveðið nei við þeirri fyrirspurn.

Háttv. formælandi ásakaði mig um, að eg hefði stungið undir stól áskorunum, sem komið hefðu frá þjóðinni og ekki sint þeim. En til þess er því að svara, að eg hefi engar áskoranir fengið frá þjóðinni. Það hafa einstaka menn þotið upp, og komið á stað einhverjum áskorunum með nokkrum undirskriftum úr fáeinum hreppum, en það hefir verið langt frá því, að slíkar áskoranir hafi nokkru sinni komið frá meiri hluta þjóðarinnar, og sumar áskoranir, t. d. um synjun konungsstaðfestingar á ritsímalögunum voru óhæfa ein, framkölluð af röngum fortölum æsingamanna. Hins vegar hefi eg einmitt alt af haft vilja á og oft beygt mig fyrir því, sem eg vissi að þjóðinni var áhugamál. Eg hefi lagt mig í líma til þess að fylgja því, sem eg hefi orðið að álita almennan vilja

þjóðarinnar, og þar til get eg neínt sjálfstæðismálið.

Eg hefi nú hrakið öll hin einstöku atriði þessarar þingsályktunartill. og ásakanir flsm. og get eg með sanni sagt, að ekkert af þessu hrellir mig á neinn hátt.

Eg fell ekki á neinum af aðfinningum formælanda eða tillögunnar, eg fell — ef fall skyldi kalla — á því tilfelli, eða þeim dugnaði mótstöðumannanna, sem setti frumvarpsmenn í minni hluta við oflitið undirbúnar kosningar.

Það er illa farið, ef það veldur glötun góðs máls og ógæfu fyrir landið.

En fyrir sjálfan mig get eg sagt, að hundrað sinnum heldur vil eg falla en vita upp á mig, að eg hefði gengið einhverja þá vegu, sem ekki þola dagsbirtuna eða sögunnar ljós, til þess að ná vesölum stundarsigri fyrir sjálfan mig.

Glíman er nú úti í bráðina, og eg mun ekki láta meiri hluta þingsins ganga lengi eftir mér að leggja niður embættið. Það hefir aldrei verið mér eins mikið keppikefli, eins og það sýnist vera mörgum öðrum, og stundum hefir það ekki verið svo auðvelt, þó margt hafi vel ráðist með góðu fylgi góðra drengja.

Háttv. meiri hluti er nú loks kominn að takmarkinu, að taka við völdunum, en því fylgir líka abyrgðin á stjórn þessa lands, ábyrgð inn á við og ábyrgð út á við. Eg vona að hin nýja stjórn og hennar menn vandi ekki síður verk sjálfra sín, en þeir hafa vandað um við mig. Eg vona að meiri hlutinn gæti þess nú vel og vandlega, að hinni nýju stjórn verði aldrei neitt eins »vítavert» eða vítaverðara á en mér hefir orðið að sögn fl.m. tillögunnar, hvorki í embættaveitingum né öðrum embættisverkum. Eg vona, að þeir láti nú sjá, að sjálfstæðismáli þjóðarinnar miði nú betur áfram undir sinni nýju stjórn, heldur en undanfarin ár, að samgöngur og atvinnuvegir og mentamál landsins eflist ekki lakar, en 5 árin síðast undanfarin, að fjárhagur landsíns verði ekki verri en hann verður við lok þessa fjárhagstímabils, sem nú stendur yfir, og að samlyndið í flokknum hjá þeim verði ekki lakara heldur en það hefir verið hjá fyrverandi meirihluta í hinum stærri málum.

En um fram alt óska eg, að alt snúist Íslandi til hamingju og heilla, og betur rætist úr í ýmsum greinum heldur en nú áhorfist.

Jón Magnússon: Eg get ekki stilt mig um að minnast lítið eitt á búning þingsál.till. Mér virðist hún vera óþarflega ókurteislega orðuð, með öðrum orðum: óþinglega orðuð. Eg á þar sérstaklega við orðið »vítaverðar«. Það var hreinn óþarfi, að hafa það orð, sem er mjög móðgandi, hvað svo sem háttv. aðalflutnm. till. segir um það. Auðvitað skaðar það á engan hátt hæstv. ráðh. né heldur flokk þann, er eg heyri til, þótt háttv. meiri hluti skeyti eigi þeirri kurteisisskyldu, sem þingið á heimting á, að gætt sé að minsta kosti í skjölum þeim, er lögð eru fyrir þingið til samþyktar. Þvert á móti. En mér þykir það leitt þingsins vegna, fordæmisins vegna, að eigi skuli hér gætt þinglegs velsæmis, og það er heimskulegt af hinum háttv. meiri hluta, að taka upp svona sið, því að hann á nú að fara að taka á sig ábyrgðina, og er alls eigi víst, að öllum líki allar gerðir hans, eða þess manns úr þeim flokki, er ráðherra verður.

Og svo er till. klaufalega orðuð, svo

klaufalega, að furðulegt er, því að það er þó vitanlegt, að í háttv. meiri hluta eru þó nokkrir allvel ritfærir menn. Till. telur nefnilega nauðsynlegt, að ráðh. fari frá, vegna samvinnu hans við þingið.

Þetta er auðvitað rugl. Hugsunin er vitanlega sú, að meiri hlutinn skorar á ráðherrann að beiðast lausnar vegna þess, að hann geti ekki unnið með þinginu.

Hvað innihald till. annars snertir, þá er það aðallega eitt atriði, sem eg vildi minnast á og eigi snertir einungis hv. ráðh., heldur og oss alla 6 íslenzku nefndarmennina í millilandanefndinni, og þann flokk, er eg telst til. Það er ásökunin um, að ráðh. sé að berjast fyrir því, að »lögfesta« Ísland í danska ríkinu. Við þetta orð »lögfesta« er nú fyrst að athuga, að það er hér haft í rangri merkingu; þýðing þess er alt önnur en háttv. tillögumenn vilja láta í það leggja hér. Orðið »lögfesta«, »festa lög fyrir«, þýðir, næst þeirri merkingu, er hér ætti að vera í því: að leggja lögbann fyrir. Í þeirri merkingu hefir það verið haft bæði að fornu og nýju, en hefir aldrei í réttu máli þýtt það, er eg býst við að tillögumennirnir ætlist til, nefnilega, að »festa Ísland með lögum í danska ríkinu«.

En þegar þá er að ræða um það, hvort sambandslagafrumv. geri heldur að binda það, sem áður var laust, eða leysa það, sem áður var bundið, þá verðum vér að gera oss glögga grein fyrir því, hvernig aðstaða Íslands er nú gagnvart Danmörku, með öðrum orðum, hvernig sambandið milli landanna er nú. Eg hygg að það sé í rauninni óþarft, að fara mjög langt aftur í timann, til þess að komast að raun um þetta, né rita eða ræða mikið um það, hvernig skilja eigi Gamla sáttmála. Eg hygg, að vér séum allir jafnt minni hlutinn sem meiri hlutinn, samdóma um það, að Ísland hafi komið undir Noregskonung sem sérstakt og sjálfstætt ríki, að eins gengið á vald konungs, en ekki gefið sig undir Noregs ríki; enn hygg eg, að minni hlutinn og meiri hlutinn séu ásáttir um að neita því, að nokkur gild breyting hafi á þessu verið gerð, þangað til einveldið hófst. En sú breyting, sem þá varð á (erfðahyllingin 1662) hafði ekki og gat ekki haft nein áhrif á sambandið milli landanna, Íslands og Danmerkur. Um þetta hygg eg að við þurfum eigi að deila hér. Það er fyrst, er kemur fram yfir 1870, að nokkru öðru er að gegna um dóm manna um afstöðuna.

Stöðulögin, eins og þau eru til orðin, gátu útaf fyrir sig eigi orðið gild fyrir Ísland; þau eru valdboðin lög, til orðin án íhlutunar frá Íslands hálfu, enda mótmælti alþingi þeim 1871, og lýsti því yfir, að ríkisþingið hefði brostið heimild til að setja lög þessi án samþykkis Íslands. Hefði nú við það staðið, þá væri auðsætt, að skipun sú, sem stöðulögin gera um sambandið milli landanna, væri ekki gild fyrir Ísland. En svo kemur stjórnarskráin 1874, og hún byggir á stöðulögunum, segir það berum orðum, og móti henni höfum vér tekið, þótt stundum hafi því verið haldið fram, að stjórnarskráin væri í rauninni heldur eigi fyllilega löglega til orðin. Og víst er um það, að alt af síðan 1875 höfum vér í verki og framkvæmd bygt löggjöf vora og stjórn á stjórnarskránni 1874 og skipun þeirri, er stöðulögin setja um sambandið. Þetta kemur í ljós með berum orðum í lögum frá þinginu, og eigi kemur það síður í ljós í barátttunni um endurskoðun stjórnarskrárinnar á árunum 1881—1903. Þá er alt af byggt á þeirri skipun, sem stöðu-

lögin setja um sambandið. Alþ. samþ. 4 eða 5 sinnum á þessu tímabili frv. til endurskoðunar stjórnarskrárinnar, eða endurskoðunar stjórnarskrár, og í öllum þessum frv. er bygt á skipun sammála og sérmála í stöðulögunum. Og þess eru engin merki, að það sé gert af nauðung eða móti vilja þings og þjóðar, heldur þvert á móti, eins og sjá má af ummælum nefndarinnar í stjórnarskrármálinu í Nd. 1891. Þar segir meðal annars svo: — Með leyfi hæstv. forseta að lesa það upp — »Að öðru leyti þykist nefndin mega treysta því, að þetta ákvæði (»konungur eða landstjóri staðfestir«) sé einkar vel fallið til þess að bera órækt vitni um það, að það er ekki tilgangur þjóðarinnar á Íslandi að losast við hið núverandi stjórnarsamband við Danmörku, nema að svo miklu leyti sem það er ósamrýmanlegt við það að landið fái í raun og veru innlenda löggjöf og stjórn í eigin málum, sem viðurkent er með stöðulögunum, að liggi fyrir utan hluttöku hins almenna löggjafarvalds ríkisins«. Undir þetta skrifa meðal annara: Skúli Thoroddsen, Sigurður Stefánsson, Jens Pálsson og Sigurður Gunnarsson. Í fullu samræmi við alt þetta er svo stjórnarskrárbreytingin 1903.

Eg hefi heyrt það sagt á þingmálafundum og víðar nú undanfarið, að allir útlendingar, aðrir en Danir, væru oss Íslendingum samdóma um það, að í rauninni væri ekkert lögmætt samband milli landanna, annað en konungssamband eitt. Þetta er fjarri öllu lagi. Sá maður, sem hefir verið fróðastur allra manna útlendra um þetta mál, Konráð Maurer, samherji Jóns Sigurðssonar í hinni fyrri stjórnarskrárbaráttu vorri, segir beint, að vér höfum gengið að og samþ. stöðulögin og stjórnarskrána 1874, og hinn langfrægasti allra þjóðréttarfræðinga núlifandi, Jellinek, telur stöðu Íslands í sambandinu við Danmörku bygða á stöðulögunum, og kallar að Ísland heyri til þeirrar tegundar, er hann nefnir lönd í ríkisréttarsamböndum.

En hvað sem öðru líður, þá er það alveg ómótmælanlegt, að löggjöf vor og stjórn er í verki bygð á stjórnarskránni 1874 og stöðulögunum. Einn háttv. þm. segir fyrir aftan mig, að stjórnarskráin 1874 hafi verið »oktroyeruð«. Látum svo vera, en um stjórnarskrárbreytinguna 1903 er alls eigi hægt að segja það.

Er vér stöndum nú svo, sem eg áður hefi sagt, þá er það hin mesta fjarstæða að segja, að sambandslagafrv. innlimi Ísland í danska ríkið; þessi staðhæfing háttv. meiri hluta er alveg öfug við hið sanna. Sambandslagafrumv. bindur hvergi neitt, er áður var laust eða óbundið, heldur leysir það alstaðar og í öllum greinum það, er áður var bundið.

Eg skal ekki að þessu sinni fara mikið út í frumv., til þess verður vonandi færi síðar. Nú ætti að nægja að benda á það, að þar sem vér eftir stöðulögunum höfum ráð yfir ákveðnum flokkum mála, og þessi umráð koma þar fram, eins og þau væru veitt svo sem af náð Dana, þá byggir frv. á því, að Ísland eigi ráð allra sinna mála, og að sambandinu sé skipað með samningi milli landanna, af frjálsu fullveldi hvors um sig. Frumv. leysir meðal annars þessi mál, er áður hafa verið í höndum Dana: 1. gæzlu fiskiveiðaréttarins, með öðrum orðum gæzlu landhelginnar; 2. fæðingjaréttinn; nú höfum vér engan íslenzkan fæðingjarétt; vér höfum að eins danskan rétt innborinna manna, og það er viðurkent í íslenzkum lögum; 3. peningasláttuna; það er máske ekki mikils-

varðandi mál í sjálfu sér, en getur haft þýðingu, er dæmt er um sjálfstæði landsins; 4. dómsvaldið er alveg og þegar í stað, ef vill, leyst undan Dönum, og það vona eg að hv. meiri hluti telji ekki lítils virði; 5. kaupfáninn; um hann má segja líkt og um peningasláttuna. Án þess að fara frekara út í þetta, skal eg taka það fram, að eftir væntanlega uppsögn nær sambandið til hermála og utanríkismála einna, auk konungdómsins, — og það er réttast að líta á skipun frumv. eins og hún verður þá, því að hitt er að eins bráðabirgðarástand.

Það er því auðsætt, að innlimunarásökunin er svo fjarri sanni sem frekast má vera, og að það er alveg þvert á móti; sambandslagafrumv. leysir, en bindur ekki, leysir í öllum greinum það, sem áður var bundið.

Um hin önnur atriði í þingsál.till. hirði eg eigi að ræða mikið, enda hefir hæstv. ráðh. svarað þeim, svo að óþarft er við að bæta.

Eg get þó eigi stillt mig um að láta þess getið, að mig furðar á því, að meiri hlutinn skuli nú vera að saka hæstv. ráðherra um ritsímasamninginn eða ritsímamálið; það mál er endilega úrskurðað af alþingi, og núverandi alþingi brestur með öllu heimild til að dæma eða finna að við fyrri alþingi: hvert alþingi er hið æzta úrskurðarvald í þeim málum, sem fyrir það koma og undir það liggja, og síðara alþingi hefir alls enga heimild til þess að setjast í dómarasæti til þess að dæma þess gerðir, þótt meiri hluti þess alþingis sé annar en hins. Hvert alþingi hefir engan annan dóm yfir sér en dóm sögunnar, og þann dóm þarf ráðherrann ekki að óttast í þessu máli, né meiri hlutinn á hinum síðustu þingum. Annars er það ekki einu sinni satt, að þjóðin sé á móti ritsímanum eða ritsímasamningnum. Þvert á móti. Það sýnir sig bezt á því, að allir vilja nú fá ritsímann heim til sín.

Háttvirtir tillögumenn bera hæstv. ráðherra það á brýn, að hann hafi verið hlutdrægur í embættaveitingum, og bera fyrir sig dóm þjóðarinnar. Hvernig geta tillögumenn fært nokkrar sönnur á, að þjóðin áliti þetta, og hvernig geta þeir einu sinni vitað dóm þjóðarinnar í þessu efni. Það er hin mesta heimska; eg vona, að háttv. forseti fyrirgefi mér, þótt eg noti þetta orð. Það er hin mesta heimska af hinum háttv. meirihl., að koma fram með þessa ásökun. Það er vitanlegt, að varla nokkurntíma er veitt svo embætti eða sýslan, að ekki sé einhver óánægður; einn segir þetta og annar hitt. Annars er þessi ásökun meiri hlutans á als engum rökum bygð, og gersamlega ósönn. Hvað sérstaklega snertir ásökunina um það, að stjórnarráðið hafi verið skipað einungis frá flokkssjónarmiði, þá er sú ásökun vitanlega röng; eg hygg að óhætt megi segja, að ekki hafi fleiri verið teknir í stjórnarráðið af stjórnarflokknum, en af mótflokk ráðherrans. (*Sk. Th.*: »Eg þekki það«). Ef hinn háttv. þm. þekkir það, þá fer hann vísvitandi með rangt mál. Eg endurtek það, að það er heimska af meiri hlutanum að vera með þessa ásökun, því að það á sérstaklega við um veiting embætta, að enginn lifir svo öllum líki. Nú á meiri hlutinn að fara að taka við völdunum og ábyrgðinni, og það má hann vita, að varla fær hann þann ráðherra, sem gert geti svo öllum líki.

Eg vil svo enda mál mitt með því, að óska þess, að því fordæmi, sem hér er sett í dag, verði eigi fylgt framvegis. Hér hefir verið beitt óþarflega ókurteisri og óþinglegri aðferð, sem eg

vona, að ekki verði tekin upp framvegis.

Jóhannes Jóhannesson: Eg býst nú ekki við, að nokkur maður muni vera í vafa um það, hvernig eg muni greiða atkv. í þessu máli, þar sem tillaga sú, er hér liggur fyrir til umræðu og úrslita, er rökstudd eins og hún er.

Samt sem áður neyðist eg til þess. að gera grein fyrir atkvæði mínu af því, að eg stend nú einn míns liðs í þessari háttv. deild, og get því ekki skirskotað til þess, sem framsm. meiri- og minni hluta hennar hafa tekið fram.

Það er svo langt frá því, að eg hafi getað felt mig við allar ráðstafanir og gerðir hins hæstv. ráðherra, að eg hef alt af, síðan stjórnarskiftin urðu, fylt flokk andstæðinga hans, og á þingunum 1905 og 1907 leyft mér að finna að ýmsum gerðum hans.

Ef samskonar tillaga og hér liggur fyrir, en að sjálfsögðu öðruvísi rökstudd, hefði komið fram á þingunum 1905 og 1907, hefði eg óhikað greitt henni atkvæði.

Þar sem eg nú eigi lengur get fylgst með andstæðingaflokki stjórnarinnar, verð eg að reyna að gera grein fyrir, hvernig á því stendur.

Það stórmerkilega og einstaka, sem hér er að fara fram í þingsögu, ekki einasta þessa lands, heldur og, það eg til veit, í þingsögu allra þjóða, er þá þetta, að ráðherrann er af andstæðingaflokki sínum aðallega sakaður um og honum fundið það til foráttu, að hann hafi snúist yfir á stefnuskrá flokksins í aðalvelferðarmáli þjóðarinnar og leitt það fram til sigurs.

Eg áskil mér og geymi mér rétt til þess, þegar sambandslagafrumv. kemur til umræðu í þessari háttv. deild, að færa svo skýrar sannanir fyrir því, að þeim verði eigi með réttu mótmælt, og það eigi dulið til lengdar, að það er stefnuskrá andstæðingaflokks þessarar stjórnar, þegar hann gekk lengst, það nefnilega, að gera Ísland að sérstöku ríki með fullræði yfir öllum sínum málum, í málefnasambandi við Danmörku, sem ráðherrann hefir nú snúist yfir á og nú leitt til sigurs, þar sem tilboð um, að breyta stöðu Íslands í þá átt liggur nú á borði þingsins í sambandslagafrumvarpi stjórnarinnar.

Þetta er eigi torvelt að sjá né sanna. Annars vegar liggur sambandslagafrv. fyrir, hins vegar prentuð stefnuskrá flokksins á ýmsum tímum, ávörp, fundarsamþyktir og blaðagreinir, og svo hefi eg í höndum skrifaðar skýrslur frá fulltrúum flokksins um það, hverrar breytinga hann óskaði í þingmannaförinni 1906 og loks umboð það, sem oss fulltrúum flokksins í sambandsnefndinni var gefið á síðasta þingi og eg hef ekki skilið við mig síðan.

Samanburður á þessu öllu gerir það ótvírætt, að eg fer hér með rétt mál, og að það er andstæðingaflokkur stjórnarinnar, sem er hlaupinn frá stefnuskrá sinni í sambandsmálinu; en samanburðurinn tekur nokkurn tíma, og því geymi eg mér hann, þar til málið kemur til umræðu í deildinni.

Svona langt get eg ekki fylgt flokknum, og má hver lá mér sem vill.

Eg hef nefnilega ávalt álitið stefnuskrá flokksins heillavænlega fyrir þetta land, og það voru því meir en lítil vonbrigði fyrir mig, þegar eg sá flesta gamla flokksbræður mína, af mér óskiljanlegum ástæðum, hafna því og lítilsvirða, sem vér skömmu áður höfðum álitið harla gott, en vart gert oss nokkra von um að ná nema eftir langa og harða baráttu.

Og það er svo langt frá því, að eg telji framkomu hins hæstv. ráðherra í

sambandsmálinu vítaverða, að það er sannfæring mín, að hann eigi skilið heiður og þökk allra góðra Íslendinga fyrir hana, og að þetta verði viðurkent, er stundir líða fram og hitinn, sem nú er í mönnum rokinn út, og þessi framkoma hans álít eg að geti vegið upp á móti mörgum yfirsjónum.

Því hafði verið haldið fram af andstæðingum ráðherrans, að hann hefði talið Dönum trú um, að vér Íslendingar myndum sætta oss við lítilfjörlegar breytingar á sambandinu milli landanna og þess getið til, að hann í því máli myndi reka sleitulega réttar Íslands.

En í sambandslaganefndinni varð það oss öllum Íslendingum bert, að ráðherrann hafði aldrei gefið Dönum minstu átyllu til að ætla, að vér mundum sætta oss við minni umbætur en þær, sem andstæðingaflokkur hans hafði krafist, er hann fór lengst í kröfum sínum, og fyrir þeim kröfum beittist hann með þeim gáfum, mælsku og lipurð, sem jafnvel andstæðingar hans játa, að hann hafi til að bera.

Eg veit, að umræður um þetta mál hafa engin áhrif á úrslit þess. Þau eru fyrirfram ákveðin, og skal eg því eigi þreyta deildina á lengri ræðu.

Að eins vildi eg mega segja hinum hæstv. ráðherra, að eg öfunda hann af því, en ann honum þess, að falla á þessu máli, og það er óbifanleg sannfæring mín, að hann fái síðar uppreisn.

Hinum háttvirta meiri hluta vildi eg mega benda á það, að það er þýðingarmikil ákvörðun, sem hann ætlar nú að fara að taka. Ekki af því, að eg telji það lífsskilyrði fyrir þjóðina, að hinn núverandi ráðherra haldi völdunum framvegis, eða það varði svo miklu, hver eftirmaður hans verður, þótt eg geti eigi neitað því, að óviðurkvæmilegt væri að sjá, eg vil ekki segja einhverja hræðu, heldur einhvern liðlétting í sæti Hannesar Hafsteins — en þó gæti svo farið, því skilið gæti eg það, þótt beztu menn flokksins kynokuðu sér við því, að taka nú við forustunni — heldur vegna sambands þess, sem hún er sek í við sambandsmálið, sem vekur kvíða hjá manni fyrir því, að flokkurinn muni eigi bera gæfu til, að leiða það til farsællegra lykta, heldur ef til vill leiða þá ógæfu yfir land vort, sem verri væri en svarti dauði.

Björn Jónsson: Kvað fyrst hafa komið til orða, eftir bending hæstv. ráðgjafa, að vantraustsyfirlýsing þessi væri borin upp í sameinuðu þingi. En meiri hluti flokks þess, er ræðum. fylti, feldi sig betur við, að tillagan um hana væri borin upp í deildunum, þótt tvíverknaður væri. Enda mætti vel komast hjá því, ef ráðgjafi vildi láta sér lynda atkvæði þessarar deildar, svo sem ræðumanni hefði skilist í einslegu viðtali þeirra í milli, að hann mundi gera, ef ábyrgst væri, að sambandsmálið sjálft kæmi til umræðu í efri deild á þessu þingi, en gerði hvorki að falla hér né daga uppi, og að meiri hluti í efri deild væri sama sinnis um vantraustið, sem meiri hlutinn hér; og kvaðst ræðumaður geta ábyrgst hvort tveggja fyrir flokksins hönd.

Hann (B. J.) kvað sér hefði verið miklu ljúfara, að ekki hefði þurft að verða langar né harðar umræður um þessa tillögu, — harðar í hans garð, ráðgjafans, úr því að hann væri nú þess albúinn, að beiðast lausnar, er hann vissi fyrir vist vilja meiri hlutans á þingi. Því svo væri hann viðkynningargóður og öllum kær sjálfur, er hann þektu til muna, vinum og óvinum í stjórnmálaskoðunum, að hann

(B. J.) gæti borið það um einn að minsta kosti meðal hans allra-ákveðnustu mótstöðumanna, að þrátt fyrir langa og vægðarlitla viðureign þeirra í milli hefði þeim hinum sama aldrei getað orðið nema fremur vel við hann en hitt.

Ekki vel hægt að hafa vantraustsyfirlýsinguna vægara orðaða en þetta, ef hún átti að verða rökstudd; en þess mundu liðsmenn ráðgjafans hafa krafist í umræðunum, hvað sem honum leið sjálfum, ef því hefði verið slept í tillögunni sjálfri. Um orðið vítaverða væri það að segja, að það vissi allir sæmilegir íslenzkumenn, að merkti sama sem aðfinsluverður, og gæti þeir ekki látið vanþekking hinna aftra sér frá, að komast rétt að orði.

Varnarræða ráðgjafa í dag hefði skifst í tvo kafla: um ógreinileg kosningarúrslit í haust, og mótmæli gegn áburði um margar vítaverðar stjórnarráðstafanir hans embættistíð.

Hann styddist í fyrra atriðinu við rammskakka skýrslu í öðru málgagni hans hér í haust um atkv. með Uppkastinu og móti um land alt. Munurinn hefði verið miklu, miklu meiri en þar hefði staðið. Svör hinna og þessara kjósenda, er hann hefði átt tal við á ferðum sínum hér um land væri og nauðalítið að marka; hefði fæstir getað svarað einu orði við tíu hans, svo rökfimur sem hann væri og aðlaðandi í einslegu viðtali. Þeir gætu hafa verið frumvarpsandstæðingar alt um það, enda mundu hafa sýnt það í kosningunum. Að öðru leyti kvaðst hann verða að segja það um hlutdeild ráðgjafa í kosningabaráttunni í sumar, að það mundi mæla óhlutdrægir menn, að hann hafi lagt mikið ofurkapp á, að halda á lofti kostum sambandsfrumvarpsins. Sú staðhæfing hans, að frumvarpsandstæðingar hefðu viljað villa alþýðu manna sjónir, hún mundi reynast í þeirra augum stórum réttmætari, ef henni væri snúið alveg við, og sagt, að það væri frumvarpsmenn, hann og hans fylgismenn, er það hefði gert.

Þá vildi hann minnast á þá fullyrðing, að ekkert mundi hafast út úr Dönum, ef þessum kostaboðum væri hafnað. Hvaðan kæmi þeim sú vizka. Vér þektum orðið þessi haglkorn danskra hótana, er jafnharðan hefði bráðnað og orðið að hégóma. Afhögg hefði t. d. verið lengi um það, að vér fengjum innlendan ráðgjafa; fyrir 5 árum hefði hann fengist með orðinu. Oss hefði ekki orðið mikið ágengt í stjórnmálabaráttu vorri, ef vér hefðum jafnan látið undan þess kyns hótunum.

Um val kg.kjörnu þingm. tveggja hinna síðustu: að ekki yrði það varið með því, þótt þeim hefði hlotnast mörg atkvæði við kosningarnar. Ráðgjafi teldi sanngjarnt, að þeirra kjósendur, kjósendur í minni hluta, fengi líka sína fulltrúa á þing! Hvort hvert kjördæmi á landinu ætti þá að senda einhvern minni-hluta fulltrúa á þing með hinum?

Frummælandi hefði rökstutt til fullrar hlítar aðfinslur vorar að stjórnaratferli ráðgjafans hans embættistíð, og furðaði sig sérstaklega á því áræði hans og þm. Vestm. (J. M.), að bera alveg af sér flokksfylgi og hlutdrægni í embættaveitingum og sýslana, er öll þjóðin hefði fyrir sér önnur eins dæmi og þau, hvernig Páli heitnum Briem var bægt frá upphaflega fyrirhugaðri bankastjórastöðu við hlið hr. E. Schou einum, með því að snúa aftur skipunarbréfi hans á miðri leið til þess að koma að miklu síðri manni í þá

stöðu, er var flokksmaður ráðgjafans, þótt mætur maður væri að öðru leyti; eða dæmið um veitingu ráðsmannsstöðunnar við Laugarnesspítala, manni, sem hafði þjóðkunnan annmarka, er gert hefir hann að óhlutdrægra manna dómi óhæfan í þá stöðu fyr og síðar, þótt um hana hefði sótt í móti fjöldi mjög vel hæfra manna, þar á meðal annar eins maður og fyrri þm. Skagf. (Ól. Briem), — ábyrgðina fyrir þetta ætti vafalaust að leggja á herðar ráðgjafanum, þótt svo nefnd spítalastjórn veitti stöðuna að nafninu til; um bókarastöðuna við landsbankann, er veitt hefði verið móti tillögum bankastjórnarinnar austfirzkum kosningasmala stjórnarmanna, en sá settur hjá, sem bankastjórnin mælti með og var í bankans þjónustu áður. Þessi dæmi væri ekki nema fá af mörgum og væri hér til nefnd vegna framkominna ótrúlegra áræðinna mótmæla gegn mjög svo réttmætum hlutdrægnisásökunum og flokksfylgis á hendur ráðgjafanum; mundu hafa verið látin liggja í milli hluta annars kostar. Því ekkert kvað ræðumaður sér hugleiknara, en að hagnýta sem mannúðlegast og friðsamlegast meiri hluta vald það, er hann færi nú með og hans flokksmenn, ólíkt því sem mörgum fyndist gert hafa verið, meðan minni hlutinn, sem nú er, var í meiri hluta.

[Ræðan tekin eftir »Ísafold« 27. febr. 1909].

Sigurður Sigurðsson: Út af umr. þeim, er orðið hafa hér viðvíkjandi orðalaginu í þingsályktunartill. þeirri, er hér liggur til umr., vil eg segja það, að eg hefði kosið að öðruvísi hefði verið þar að orði kveðið. Eg á þar við orðið »vítaverður«. Fyrir því vil eg láta þess getið, að þegar eg greiði atkv. með þessari till. þá legg eg þann skilning í orðið vítavert, að það sé sama sem, að ýmsar ráðstafanir stjórnarinnar séu aðfinsluverðar. En það sem einkum ræður mínu atkv. í þessu máli er það, að eg vil ekki stuðla til þess að þingræðið sé brotið, ekki stuðla til þess, að ráðherrann sitji við völd, þótt hann hafi meiri hluta þjóðkjörinna þm. á móti sér. Því verður heldur ekki neitað, að það hefir verið ýmislegt athugunarvert í fari stjórnarinnar. Það sem mér í þeim efnum finst athugaverðast, er það hversu ógætilega núverandi stjórn hefir farið með fé landsins, miklu ógætilegar heldur en hyggnir menn mundu álíta heppilegt. Eg álít að hverri þjóð sé nauðsynlegt, að stjórnin sé aðgætin í fjármálum; hún þarf heldur að reyna að takmarka fjáraustur þingsins heldur en hið gagnstæða. Það er óneitanlegt, að stjórnin hefir gengið lengra en holt var í þessum efnum. Hins vegar er ekki hægt fyrir stjórnina að vitna í núverandi fjárhag — því það er ekki forsjá stjórnarinnar að þakka, að tekjuafgangur hefir orðið á fjárlögunum að undanförnu heldur hinu góða árferði, er verið hefir að undanförnu. Svartasti bletturinn í fjármálapólitíkinni er því hinn gegndarlausi fjáraustur, sem átti sér stað við konungsmóttökuna og þótt það sé vitanlegt að hæstv. ráðh. (H. H.) hefir ekki einn átt sök á því, þá er hitt þó ljóst, að honum hefir ekki verið það mjög á móti skapi, því þá hefði naumast verið gengið jafnlangt í fjársóuninni og raun varð á. Það hefir verið minst á titla og krossa. Get ekki látið þess ógetið, að eg álít að slíkt geti haft ill áhrif á menn. — Hitt er óviðurkvæmilegt, þegar farið er að nota krossa og nafnbætur sem verzlunarvöru, eins og sagt er að hafi átt sér stað. Það er og eigi ofmælt að nafnbæturnar hafi einkum hitt þá,

er fylgdu stjórninni að málum, og ekki er fráleitt að ályktа, að einhver hafi bundið sig fastari böndum við stjórnina fyrir þessi gæði.

Sömuleiðis var minst á útlendinga, sem eru starfsmenn í landinu, og að þeir hefðu að jafnaði hærri laun en aðrir. Eg skal ekki fara langt út í það mál, að eins benda á það að eg álít að sjálfsagt sé að gera þá kröfu til þessara manna, að þeir kunni okkar mál. Það eru hreinustu vandræði þegar t. d. þeir sem starfa við símann kunna ekki það mál, sem talað er í landinu. Skal ekki orðlengja frekara, en vil að eins taka það skýrt fram, að eg skil orðið »vítaverður« sama sem aðfinsluverður.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Eg var satt að segja í vafa um það hvort eg ætti að taka til máls — en það sem sérstaklega kom mér til þess, var það, að sagt var árdegis í dag í þessari deild, að það hefði eingöngu verið sambandsmálið, er skift hafi mönnum í flokka við síðustu kosningar. Satt að segja held eg að flokkaskiftingin eigi sér miklu dýpri rætur. Að mínu áliti á hún rót sína að rekja til gagnstæðra pólitiskra skoðana, liggur við að segja, til gagnstæðra pólitiskra lífsskoðana.

Till. sú, sem hér liggur fyrir frá hálfu meiri-hluta-þingflokksins, er áskorun til ráðherrans um að leggja niður völdin og yfirlýsing um það, að þessi meiri-hluta-flokkur vilji ekki eiga samvinnu við hann.

Um það í sjálfu sér er ekkert að segja annað en það, að til slíkrar yfirlýsingar hefir meiri hluti hvers þings fullan rétt. Engum manni í minni hlutanum dettur í hug, eða hefir nokkru sinni dottið í hug, annað en að hver ráðherra taki slíka yfirlýsing sem sjálfsagða ástæðu til að beiðast lausnar frá starfa sínum. Enginn mun sá þingmaður vera, í hvorugum flokknum, sem ekki óski að þingræðisreglunni sé fylgt. Sízt af öllu óskar auðvitað núverandi ráðherra þess — hann, sem hefir í konungsboðskapnum til alþingis 1905 útvegað oss svo ljóst fyrirheiti konungs um, að þessari reglu verði fylgt hér á landi. Því að þess skal minst hér í dag, eins og þess mun jafnan síðar minst í sögu þessa lands, að það var Hannes Hafstein — eg tala hér um ráðherrann, en ekki þm., því nefndi eg nafnið — það var hann, sem kom á þingræðisreglunni á Íslandi.

En þó að vér þannig viðurkennum lagalegan rétt meiri hlutans til að gera þessa samþykt og taka á sig ábyrgðina af henni, þá höfum vér hinir líka rétt til, að benda á, hvert gildi ástæður þær hafi, sem meiri hlutinn telur sig byggja þessa till. á.

Þær ástæður vil eg leyfa mér að íhuga nokkuð.

En fyrst vil eg leyfa mér að fara nokkrum orðum um flokkaskipunina á þessu þingi og benda á, hvað það er í raun og veru, sem hér skiftir flokkum, því að það stendur í nánasta sambandi við þetta mál. Það er þess vert að gera sér það ljóst, því fremur, sem eg er ekki viss um, að það sé allri þjóðinni ljóst — því að líklega má maður ekki efa, að það sé öllum þm. ljóst sjálfum.

Þessi skifting í tvo flokka á þessu þingi stafar einvörðungu af afstöðu manna til sambandslaga-frumv. En hún á aftur rót sína að rekja — eg vil ekki segja til tveggja gagnstæðra lífsskoðana, því að það væri ekki rétt — en eg vil segja: til tveggja gagnólíkra grundvallarskoðana á stjórnmálum, grundvallarskoðana, sem meira

og minna, sjálfrátt eða ósjálfrátt, koma fram og hafa komið fram hvarvetna í heiminum.

Aðrir hafa þá skoðun, að ekki þurfi annað en að setjast niður og hugsa út það fyrirkomulag, sem bezt sé í sjálfu sér, sannfæra svo nógu marga aðra um, að svo sé, og lögleiða það, og þá fari alt vel, alt gangi þá af sjálfu sér í ljúfa löð, og stjórnarfarið verði hið ákjósanlegasta.

Hinir segja, að fyrir ekkert komi að reyna slíkt; stjórnarfyrirkomulag hverrar þjóðar vaxi af sjálfu sér smám saman upp af þörfum þjóðarinnar. Engar gerbreytingar sé tiltækilegar, því að engri þjóð geti notast skipulag, sem hún sé ekki vaxin, en hver þjóð sé því að eins vaxin, að smábreyta og og smábæta eftir því sem þarfir og atvik knýi til.

Auðvitað hafa báðir rangt fyrir sér, og þó hvorir nokkuð til síns máls.

Að pappírs-gagnið eitt komi ekki að haldi. ef ekki er tekið tillit til þess, hverju þjóðin er vaxin — þess sýnir saga Frakka ljós dæmi.

Og að forlagatrúarmennirnir í stjórnmálum hafi heldur ekki rétt, það er auðsætt af sjálfu sér. Þjóðirnar fæðast ekki með neitt ósjálfrátt stjórnarfyrirkomulag; alt stjórnarfyrirkomulag er mannasetningar, alt árangur mannlegs hyggjuvits og viðleitni.

En að hið bezta stjórnarfyrirkomulag, sem enn hefir reynst í heiminum, þurfi ekki á miklum pappírslögum að halda, það sýnir stjórnarfyrirkomulag Breta.

Þeir eiga ekki enn í dag, og hafa aldrei átt, neina eiginlega stjórnarskrá. Öll þeirra stjórnskipun hvílir á fáeinum lögum, einföldum lögum, sem enga sérstaka aðferð þarf til að breyta; en langmest á venju — venju, sem hefir fest sig í meðvitundinni, unz hún er jafnheilög og stjórnarskrá. En alt það fyrirkomulag er þó ávöxtur mannlegs hyggjuvits og vilja.

Þessar tvær ólíku skoðanir — pappírsgagns-mannanna og forlaga-mannanna, koma eigi síður fram í skoðun manna á rétti þjóða og einstaklinga. En einnig þar kemur hið sama fram, að hvorugir fylgja fram skoðunum þessum í verki, eins og þeir setja þær fram; það er eins og það lifi í undirmeðvitundinni hjá hvorum um sig, að skoðun sín sé of einstrengingsleg og því röng.

Engin þjóð er í löggjöf sinni svo mikil pappírsgagns-þjóð, að hún viðurkenni ekki að lögum, að í viðskiftum einstaklinganna skapi langvint ástand »rás viðburðanna« rétt, enda þótt sá réttur komi í beina mótsögn við löglegar, skriflegar heimildir.

Þá er um eignarrétt er að ræða, köllum vér þetta »hefð«. Hún hefir um aldir gilt hjá öllum siðuðum þjóðum, nema heimsins mestu pappírsgagns-þjóð — oss Íslendingum. Hjá oss eru ein 4 ár liðin, síðan vér lögleiddum hana. En nú hötum einnig vér viðurkent, að hefðin skapi rétt.

Vér könnumst nú loks við þetta í viðskiftum einstaklinganna. En hinn virðulegi meiri hluti kannast ekki við það í viðskiftum þjóðanna, hvorki þjóðar og þjóðhöfðingja, né þjóða sín á milli.

Hér er eg þá kominn beint að ágreiningsatriði því, sem tvístrar oss í tvo flokka.

En erum vér þá ekki sammála um neitt?

Jú, um eitt erum vér sammála, allir Íslendingar, og það er um það, að vilja efla sem mest frelsi og sjálfstæði Íslands, en sporna við og afstýra allri innlimun þess í annað ríki.

En hvernig stendur þá á því, að hvor

þessara flokka um sig álítur hinn flokkinn innlimunarflokk? Því að eigi sæmir að bera brigður á það, að hugur fylgi máli, þegar hvor flokkurinn um sig segir þetta um andstæðinga sína.

Orsökin liggur í þeim gagnólíku grundvallarskoðunum, sem eg áðan nefndi: annars vegar neitun pappírsgagns-mannanna á því, að hefð skapi rétt, en hins vegar viðurkenning hinna á því, að hefð skapi að minsta kosti »faktiskt« réttarástand — staðreyndar-rétt.

En eins og eg vék að áðan, þá er þó í verkinu hvorugri þessari skoðun fram fylgt sjálfri sér samkvæmt.

Eg skal taka höfuð-átrúnaðargoð pappírsgagns-mannanna, minn mikilsvirta vin 1. þm. Rvk. (J. Þ.) og hans guðspjall, til dæmis og sönnunar orðum mínum.

Kennir hann ekki á IV. bls. formálans í þeirri nafnkunnu bók »Ríkisréttindi Íslands« á þá leið, að allar þær breytingar, sem orðið hafi á stjórnarfari voru síðan einveldið komst á og alt til vorra daga, sé lagalega skoðað hrein markleysa og hafi engin áhrif á ríkisréttindi landsins og réttarstöðu.

Samkvæmt þessu er það þá tóm markleysa, er Friðrik konungur VIII. skuli þykjast vera hér konungur. Vér Íslendingar höfum aldrei lögtekið þá konungsætt þeirra Glücksborgaranna.

Alt um það er ekki nema 9 dagar síðan eg horfði á 1. þm. Rvk. rita undir eiðstaf að stjórnarskránni, sem að hans skoðun hlýtur að vera ein markleysan, þar sem hún er gefin af Chr. IX. og bygð á L. 2. jan. 1871; alt er þetta ómark að doktors-dómi réttum, en samt lifir hann eftir þessari markleysu, situr hér á löggjafarþingi og er drottinhollur þegn Friðriks konungs VIII.

Samkvæmni er þetta ekki. En það er ósjálfráð viðurkenning þess, að »rás viðburðanna« hefir skapað réttarástand, ríkisréttarstöðu, sem sterkari er öllum kenningum hins virðulega kenniföður, svo sterk, að hann beygir bak fyrir henni í lífinu, í verkinu, í framkvæmdum sínum.

Og allir vitum vér það og játum — allir undantekningarlaust — að breyting á því faktiska ástandi sem er, getum vér ekki gert á vort eindæmi; til þess þurfi samþykki annars málsaðila; háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) segir samþykki konungs eins, en hann mun vera eini maðurinn, sem hyggur konung geta tekið frá hinni þjóðinni, sem hann stýrir, þann rétt til að fara með sameigin mál, sem henni er áskilinn í stöðulögunum og viðurkendur af oss í stjórnarskrá vorri (1. og 2. málslið 1. gr.)

Hins vegar erum vér náttúruréttarmennirnir, ef eg má nefna oss svo. — Vér erum ekki svo samkvæmir sjálfum oss, að vér viljum bíða þess, að faktiska réttarástandið breytist sjálfkrafa. Vér viljum fara samningaleiðina, til að losa af Íslandi erlend bönd.

Nú — og alt síðan einveldið komst hér á — er Ísland í framkvæmdinni innlimað alríkinu danska. Og þær taugar, sem halda innlimuðu landi við það land, sem það er innlimað, þær eru svo margþættar og margar, að enginn spekingur, því síður neinn vor þingmanna, getur talið þær allar upp, svo fulltalið sé.

1874 var með stjórnarskránni (á grundvelli stöðulaganna) höggvið á 9 af þessum taugum, eða öllu heldur á $8^1/_2$. Vér fengum full yfirráð handa sjálfum oss í 9 tegundum mála — sérmálunum. En dómsvaldið fengum vér þó ekki fult, og því tel eg ekki nema

hálfan-níunda streng höggvinn enn þeirra tengsla, er binda oss við annað þjóðfélag.

Nú býðst oss í sambandslagafrumv. kostur á, að gera Ísland að sérstöku, sjálfstæðu ríki í sambandi við Danmörk, sambandi, sem að eins hangir á tveim einum taugum, auk þjóðhöfðingjans: hermálum og utanríkismálum (og eigum vér þó þátt í þeirri taug). Allar hinar taugarnar getum vér nú höggvið algerlega í sundur, sumar þegar í stað og hinar eftir tiltölulega litla áratölu.

Þetta segjum vér sé að aflima en ekki innlima landið.

Vér, sem viljum höggva öll þau tengsl, er vopn bíta á, vér erum þess sannfærðir, að vér séum þeir sönnu sjálfstæðismenn, sönnu frelsismenn. Fyrir vorum augum eru vorir heiðruðu andstæðingar, hinn núverandi meiri hluti, mennirnir, sem vilja ekki breyta í neinu núverandi ástandi, en halda oss föstum í þeirri innlimun, sem vér erum í — í vorum augum eru þeir, meiri hlutinn, hinir sönnu innlimunarmenn, hinn eini og sanni innlimunarflokkur.

Þessi er skoðana-munurinn.

Eg býst ekki við þrátt fyrir það þó eg tali þessi orð, að eg muni hafa áhrif á atkv. nokkurs manns. Eg ætlaði upphaflega ekki að fara út í einstök atriði. En h. þm. Barð. (B. J.) mintist á, hvernig okkur hefði áunnist að fá stjórnina inn í landið. Hverjum var það að þakka? Var það hann sem fékk komið til leiðar slíku afreksverki? Nei, einmitt þeim manninum, sem enn situr í ráðherrasætinu, eigum við það að þakka, því megum við ekki gleyma við brottför hans. Hefir nokkur annar barist betur fyrir þingræði voru, en hr. H. Hafstein? Enginn maður.

Um alt ritsímahjalið skal eg vera fáorður. Heimildin lá fyrir í mörg ár frá meiri hluta þingsins, á fjárl.

Andstæðingar þess máls á þinginu 1905 lögðu sig í framkróka með að eyðileggja þetta stórnytsama fyrirtæki með undirskriftum, sem þó voru misjafnlega fengnar, sumar falsaðar og als og als þó að eins frá litlum minni hluta kjósenda, (*Jón Þorkelsson*: Úr hvaða kjördæmum voru falsanirnar?) Úr Húnavatnssýslu, og skjalinu með falsnöfnunum var rétt á eftir stolið úr lestrarsal alþingis. Eg skal ekki fara langt út í það mál; þótt öll nöfnin hefðu verið vel fengin, þá voru þau að eins lítið brot af kjósendum. Fáir menn hygg eg að nú mundi vera á móti ritsímanum. Eg held ekki að menn vildu fá þessa peninga til baka.

Það hefir verið marg sagt hér í deildinni, að hann hafi sýnt hlutdrægni í embætta- og sýslanaveitingum. En eg veit, að til eru menn, sem einmitt hafa lagt honum til ámælis, að hann hefði sett sína menn hjá að ástæðulausu.

Háttv. þm. Barð. (B. J.) tók sem dæmi embættisveitingu, sem ráðh. hefir enga meðgerð með, hefir líklega ekki munað betur, þangað til sessunautur hans hvíslaði því að honum,

Munurinn er ekki lítill. Annar flokkurinn gerir alt sitt til að ata mannorð fjarverandi manns, en hinn alt sem í hans valdi stendur til að halda hlífiskildi yfir andstæðing, sem hér hefir líka verið minst á í dag. — Yfir höfuð hefir þessi stjórn verið óhlutdræg. Í hennar tíð hafa t. d. starfsmenn þingsins verið af öllum flokkum, en nú eru þau störf nær eingöngu fengin í hendur skjólstæðingum, smölum og skósveinum meiri hlutans.

Háttv. meiri hluti virðist kinnoka sér við að láta till. þessa koma fram

í Ed., þeim hefir þótt heppilegra að taka hana aftur, til þess að binda fyrir munninn á minni hluta mönnum þar í deildinni.

Ástæðan til þess að þing var rofið og kosningar látnar fram fara nú þegar um sambandsmálið, og það tekið fyrir á þessu þingi, í stað þess að láta hið gamla þing koma saman í vetur og kjósa ekki fyr en næsta haust, var sú, að frumv. gæti orðið rætt af nýkosnu þingi samtímis og í ríkisþingi Dana, til þess að hægt væri að koma sér saman um breytingar þær, er fáanlegar kynnu að vera. Svo það er með öllu ranghermi, að ráðherrann eða hans flokkur hafi aftekið það að nokkrar breytingar væru tiltækilegar. Þessu lýsti ráðherrann og fleiri oft á fundum; en hitt er satt, að vér réðum til, að frumv. væri heldur samþ. óbreytt en að það yrði felt. Vér þm. Sunnmýlinga t. d. sögðum kjósendum vorum, að vér værum fúsir að leita breyt. og ef á þyrfti að halda, senda nefnd manna um þingtímann til Hafnar til að leita samkomulags.

Eitt atriði var í ræðu háttv. þm. Barð. (B. J.) sem eg vildi undirstryka; hann sagðist vona, að þetta væri seinasta árið, sem kgk. þm. yrðu útnefndir. Eg tek það sem yfirlýsingu af hendi hans flokks um það, að þeir ætli þá að samþ. á þessu þingi stjórnskrárbreyting í þessa átt. Eg vona þeir minnist þessa síðar.

Virðulegur 2. þm. Árn. (S. S.) talaði nokkuð um konungskomuna og þann kostnað, er af henni hefði leitt. En það var með samþ. allra þm. af báðum flokkum, og nefndin, sem stóð fyrir þeim kostnaði, var skipuð mönnum úr báðum flokkum, svo að þar er ekki um flokksmál að ræða. Báðir flokkar hafa samþ. það. *(Sigurður Sigurðsson:* Ekki samþ.) Jú, fulltrúar (nefndarmenn) beggja flokka. Eg veit að háttv. þm. N-Ísf. (Sk. Th.) var í móttökunefndinni og þykist eg vita að háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) muni ekki kasta á hann þungum steini fyrir eyðsluna. Hv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.), talaði um orður og titla og spillingu þá, sem af slíku leiddi, bæði fyrir þjóðina alment, og eins þá er þessi heiðursmerki þæðu. En þm. hefir víst talað þetta frá almennu heimspekilegu sjónarmiði, en ekki af lífsreynslu sjálfs sín, því að eg sá hann tildra djásninu á sig svo fljótt sem hann fékk það, og eg vona hann finni sig alveg óspiltan af krossinum enn.

Bjarni Jónsson: Eg hefði getað sparað mér að standa upp og tala, ef hæstv. ráðh. hefði ekki vikist undan að svara 1 til 2 atriðum.

Eg er fyllilega samþ. flutnm. till. að ráðh. hefði átt að fara frá þegar í stað, er kosningar voru um garð gengnar. Eg álít að hann hefði átt að beygja sig fyrir kosningunum. Hann sjálfur var og á því máli í sumar. Á ferðum minum um landið í sumar var mér víða sagt, að hann bæði á fundum og í tali við einstaka menn, hefði sagt, að það væri sjálf kosningin, sem réði úrslitum um það, hvort hann héldi sæti eða ekki. Þetta var líka brúkað á móti mér þannig, að ef kosning færi eftir því sem eg vildi yrði það til þess að ráðh. mundi víkja sæti þegar, en það væri harla mikill skaði að missa svo ágætan mann.

Eg held að sá ráðh., sem barðist svo vel fyrir sinum málstað, hefði átt að sjá hvað verða vildi og fara strax frá, til þess að skapa góða venju, svo að nýr ráðh. gæti tekið til starfa fyrir þing og unnið að undirbúningi mála undir þing.

Það hefði verið betra, ef hæstv. ráðh. hefði hagað sér þannig, og gat verið

alls óhræddur fyrir því ámæli, er hann hefði hlotið af því að víkja sæti strax og fara á eftirlauu. Það hefði enginn ásakað hann fyrir það. Sá ábyrgðarhluti hefði horfið skjótt, en hann hefði hlotið þökk mótstöðumanna sinna. Það er ekki hægt að efast um, að mikill meiri hluti þings og þjóðar er gersamlega andvígur hans máli. Eg tel hundraðtölureikninga hæstv. ráðh. ekki svara verða og um hlutfallskosningarnar er það að segja, að það er að byggja á því sem hefði verið, ef eitthvað annað hefði verið.

Hann sagði að stefna vor væri ókunn, en það er lýðum ljóst að vor stefna er stefna Þingvallafundarins, og það er það eitt, sem þjóðin aðhyllist og það hlaut öllum að vera kunnugt, sem ferðuðust um landið í sumar, og honum þá ekki sízt.

Eg get ekki sannfærst um það, að till. vor sé óhæversk eða óþingleg, þar eru hvergi notuð hörð orð. Það eina orð, sem ráðh. og minni hlutinn hefir fett fingur út í, orðið »vítavert«, hefir verið skýrt svo vel við umræður hér í deildinni, og samhljóða þeirri þýðingu, sem það hefir í nútíðarmáli. En það er fjarri því að það sé óviðurkvæmilegt orð, það er mjög meinlaust. Svo hógvært blað sem t. d. Kirkjublaðið notar það um bókmentafélagið.

Hitt er mér kunnugt, að í fornu máli er orðið víti notað, þegar einhver á að gera bætur fyrir yfirsjón, t. d. sama og sektir, þingvíti, og að drekka víti við hirð, borðvíti, en ekki bein refsing. Enginn leggur annað í orðið nú á tímum, en það, sem eg hefi sagt. Ráðherra sagði að þingið ætti ekki að vera dómari, en það hefir engum dottið í hug að lögsækja hann, en leyfist þá kettinum að líta á konginn og þinginu að finna að við ráðherra. Annað er ekki hér að gert

Eg skal ekki fara út í einstök atriði. Að eins vil eg benda á, að ráðherrann svaraði óbeint og út í hött 2 atriðum. Það hefir enginn haft á móti því, að útlendir vinnumenn væru teknir inn í landið, en hinu hefir verið mótmælt, að borga þeim hærra kaup en innlendum.

Þá vil eg minnast lítið eitt á aukakennarann, sem hefir falið mér að halda svörum uppi fyrir sig. Hæstv. ráðherra fitjaði upp á þessu tali um aukakennarann, því að hann var alveg laus við þetta mál hjá frummælanda, Hann sagði að eins, að annar hefði verið tekinn í hans stað, og fénu varið til hans, alveg heimildarlaust samkvæmt fjárlögunum. Frá mínu sjónarmiði var þetta ekki svo stórt mál, að það yrði valdandi ráðherraskiftum. En hinsvegar er eg ekki hræddur við að halda uppi svörum fyrir aukakennarann, sem þó nokkrir kynnu að halda. Það er öldungis óþarfi fyrir hæstv. ráðherra, að sýna aukakennaranum nokkra vorkunsemi í þessum umræðum, og má hann spara sér með öllu það dánumannsbragð, og þá eigi síður 2. þm. S.-Múl., (J. Ól.), mannorðsvörðurinn. Eg er alveg ósmeikur. En hitt þætti mér gaman að heyra, þær knýjandi ástæður, sem voru til afsetningar aukakennarans, því að þær hefir mér aldrei gefist kostur á að heyra.

Þau atriði, sem 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) gat um, mun eg leiða hjá mér nú, en bíða þangað til sambandsmálið kemur til umræðu. En það er rangt, að h. þm. Barð. (B. J.) hafi viljað binda fyrir munninn á Ed., því að það er einmitt eftir ósk ráðherra, því að honum fórust þannig orð, að honum þætti ekki gaman að byrja á þessu

máli á ný á morgun. Eg vona að hæstv. ráðherra leiðrétti, ef eg fer ekki rétt með.

Eg læt svo úttalað að sinni, en álít rétt, að ráðherrann hefði farið frá í haust. Eg skal ekki bera brigður á það, að hann hafi alt gert til þess að auka sjálfstæði Íslands. En íslenzku þjóðinni hefir þó þótt það ráðlegast að vita, hvort ekki mætti það takast að auka það meir en honum gat auðnast.

Einar Jónsson: Eg býst við að flestar ástæður meiri hlutans séu nú komnar fram. Ef rétt er álitið hjá mér, þá eru þær ærið léttar á metunum. En mér dylst ekki að það þurfi miklu meiri og gildari ástæður til þess að leggja út í þann leik, sem hér er leikinn í dag, því hann er þó óneitanlega alvarlegur og þýðingarmikill fyrir land vort og þjóð. Meiri hlutinn þarf að koma með rök. Þau eru ekki enn komin. Það er ilt að ráðherrann þurfi að víkja fyrir þessu. En það er ekki hætt við því að meiri hlutinn láti sannfærast af réttum rökum vorra manna, því að þeir eru ekki vanir því þeim meginn, eftir minni þekkingu. Það sem sýnir bezt að þá hefir vantað rök er orðið »vítavert« í till. Þegar þeim er sýnt fram á öfgarnar eru þeir að reyna að smeygja sér undan réttri þýðingu orðsins, og láta það þýða eitthvað minna en þeir hafa til ætlast, vilja nú láta það þýða aðfinsluvert. Það sýnir sig á öllu að þeir vilja ekki standa við þetta ósanngjarna orð vítavert. En þeir vilja þó um fram alt ekki hætta þessum leik. Sjálfur vil eg leyfa mér að bera það undir alla háttv. þm., sérstaklega hina nýju, hvort þeir hafi gert sér ljósa grein fyrir því, hvað þeir eru að gera, og afleiðingunum af gerðum þeirra.

Hver verður ráðherra? Hvort verður eftirmaðurinn jafngóður og sá, sem nú höfum vér? Hver getur svarað því? Ef það er ekki hægt að svara því, þá er grundvöllurinn valtur. En dýrt er það að setja slíkan embættismann á eftirlaun án þess nauðsyn krefji. Þó þessi ráðherra sé hinn fyrsti, sem þannig er skelt á eftirlaunin verður hann sennilega ekki sá síðasti, sem þangað kemst. Nei, það verður heill hópur af mönnum, sem fer á eftirlaun úr ráðherrasætinu, áður langt líður ef ákafinn á að ráða, en gildar ástæður ekki. Því að það á sjálfsagt langt í land, að eftirlaun verði afnumin. En sá maður á rétt á eftirlaunum, sem fer fyrir engan sakir. Og það er því varhugaverðara að hrinda manni, sem staðið hefir óaðfinnanlega í stöðu sinni, fyrir engar sakir og rakalaust úr embætti; það er ekki rétt að setja þann mann frá völdum á eftirlaun.

Öll þau atriði, sem fram hafa verið borin af meiri hlutanum hér í deildinni eru þegar hrakin, svo að eg þarf ekki að athuga þau. En eg vildi leyfa mér að telja upp þau atriði, sem andstæðingablöð stjórnarinnar hafa hrópað hæst um og gert mestar grýlur úr. Það er: Undirskriftamálið, skrælingjasýningin svo nefnda 1905, 500,000 kr. lánið, síminn og önnur fjáreyðsla t. d. konungskomukostnaðurinn o. fl. Eg veit ekki betur en að stjórninni verði ekkert ilt borið á brýn í nokkru þessu máli. Undirskriftargjálfrið er þegar hjaðnað niður, orðið að engu, og hrakið með öllu. Hvernig sem því máli hefir vikið við í fyrstu, þá er þó allajafna fengin gild sönnun fyrir því nú, að lengur kemur það eigi í bága við okkar fullan rétt, þar fyrir á okkar ráðherra skilið fyllstu þökk og

heiður. Símann þekkjum við allir. Allir óska nú síma, en það er líka öllum ljóst, að honum fylgir kostnaður. En hvers vegna vilja menn hann þá? Af því að það þykir borga sig. Og nú þegar er hann orðinn arðberandi fyrirtæki, gefur af sér 17,000 kr. nettó í landssjóð. En þó er kostnaðargrýlan enn þá ótæft notuð. Þá er það sýningin. Hún minti mig á það, að það væri alveg sama, hvað ráðherrann gerði, það var af andstæðingunum alt talið jafn óhafandi og jafn vitlaust. Sakir stóðu svo. Ráðherrann var upphaflega í þessari sýningarnefnd, og þá strax var tekið látlaust að úthúða honum fyrir það. Svo sagði ráðherrann sig úr nefndinni, en þá varð það einkennilega, að þá var hann skammaður líka fyrir það. Blöðin fundu ekki ástæðu til að hætta. Hvort ráðherrann gerir eitt eða gerir það ekki, það er í andstæðinganna augum alveg jafn ámælisvert.

Þá eru það 500,000 kr. Það hefir verið skýrt frá því, að það lán er fyrst brúkað nú um áramótin. Þetta lán var núverandi stjórn í rauninni óviðkomandi. Þetta lán var útvegað áður en hún kom til valda. Og það sýnir einmitt sparsemi stjórnarinnar, hversu lengi hún hefir látið hjálíða að nota sér af því. En eg sé ekki ástæðu til að álasa stjórninni fyrir það, að þetta lán nú er komið inn á okkar pappíra, þegar full heimild var til þess hvenær sem vildi eftir 1903. Og það sýnir sig að peningaforði landssjóðs nú er að eins 300,000 kr. minni nú en þegar núverandi ráðherra tók við, þrátt fyrir hin mörgu og nytsamlegu fyrirtæki, sem stjórnin hefir komið í verk.

Um konungskomuna er þegar talað, en hún var samþykt af þingmönnum og nefndinni gefin full heimild til að brúka svo mikið fé, sem hún áliti þörf. En þó að eitthvað þar hafi farið miður en skyldi og máske nokkuð gengið í súginn, er það ekki stjórnarinnar sök, heldur móttökunefndarinnar.

Háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) lýsti því yfir, að ferðalög ráðherra í sumar til þess að berjast fyrir frumv. hefði alstaðar vakið megna óánægju. En það er mér kunnugt um, að það ferðalag vakti ekki alstaðar óánægju. Því var víða tekið með ánægju og menn vildu mjög gjarna heyra þær skýringar á sambandsmálinu, sem ráðh. hefði að flytja. Bæði hann og nefndarmennirnir komu þangað og þangað af því, að þeir voru beðnir þess.

Eg vil þá ekki lengja umræðurnar meira, en verð að lýsa ánægju minni yfir því, að ástæður fyrir fráför ráðh. eru svo litlar og léttvægar frá mótflokksins hendi, enda þó alt mögulegt sé til tínt.

Björn Sigfússon: Það var háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.), sem neyddi mig til að biðja um orðið. Á honum sannast það, að hægra er að kenna heilræðin, en halda þau. Hann vítti hv. þingm. Barðstr. (B. J.) fyrir það, að hann hefði talað ósæmilega um fjarverandi menn, sem þó var þannig lagað, að beint tilefni var gefið, að nefna það. En svo gerði hann (J. Ól.) sig sjálfur sekan, ekki í því sama, heldur í því, sem var miklu verra. Hann velti sér með óhróðri og illmælum yfir fjarverandi menn norður í Húnavatnssýslu, sem engan kost eiga á, að bera hönd fyrir höfuð sér, sagði að þar hefðu verið »falsaðar« undirskriftir undir áskoranir í ritsímamálinu. Þessu mótmæli eg harðlega, og tel hann minni mann fyrir áburðinn. Enn fremur sagði hann, að þessum áskorunum hefði verið »stolið« hér af lestrarsalnum. Það má hann bezt vita, ef hann hefir gert það sjálfur. Ekki

gátu menn norður í Húnavatnssýslu gert það.

Fyrri hlutinn af ræðu þessa þingmanns, eins og nokkuð af ræðu háttv. þm. Vestm. (J. M.) var ekkert annað en málsfærsla fyrir þá danska stjórnmálamenn, sem mest klifa á réttleysi voru. Á þessum síðustu og verstu tímum eru þeir Íslendingar sorglega margir, sem ganga þannig erindi Dana. Fá þeir auðvitað danskar þakkir fyrir, en óþökk allra góðra Íslendinga.

Úr því eg stóð upp á annað borð, þá get eg ekki stilt mig um, að víkja máli mínu að háttv. 2. þingm. Rangv. (E. J.). Skal eg að vísu ekki eltast við margt af því, sem hann sagði og eugra mótmæla þarf — það voru bara orð, orð — — — — innantóm. Hann var að tala um það, að hann sæi enga ástæðu til, að ráðh. færi nú frá. Getur að vísu verið, að gott sé fyrir hann, að hafa þá skoðun, því að þá getur hann verið rólegur, þótt í minni hluta sé.

En hins vegar verður ekki annað dæmt af orðum hins háttv. 2. þingm. Rangv. (E. J.), en að hann hafi als enga hugmynd um þingræði; ætlast líklega ekki til, að ráðh. víkji nokkru sinni fyrir meiri hluta þjóðarinnar.

Hann spurði, hvað við nýju þingmennirnir ætluðum að gera í þessu máli. Það skal eg segja honum. Vér erum allir meiri hluta menn ráðnir í því, að varðveita þingræðið í hvívetna, þvert á móti stefnu minni hlutans.

Jón Jónsson, (1. þm. S.-Múl.): Það er engan veginn undarlegt, að miklar umræður spinnist um þetta mál. Það er alveg nýtt í eðli sínu, og það er í fyrsta sinni, að slíkt kemur fyrir hér. Skal eg ekki fjölyrða um þetta, en skírskota til þess, sem samflokksmenn mínir hafa tilfært í þessu efni; vil eg þar sérstaklega tilnefna þm. Vestm. (J. M.).

Menn hafa í dag verið að tala um fordæmi; það er hverju orði sannara, að það atriði er mjög þýðingarmikið. Og eg verð að láta í ljósi hrygð mína yfir því, að í dag hefir meiri hlutinn á þingi ekki gefið gott fordæmi. Vil eg þar benda á þingsályktunina, sem er óþinglega formuð. Það hefði þó verið sérstök ástæða til að vanda sig á hverju orði.

Auk þess, sem tillagan er bæði óþinglega og klunnalega orðuð — tillögumenn hafa sjálfir orðið að skýra, hvað í orðunum fælist — og draga úr þeim. Þá er það óviðkunnanlegt, að víða í henni skjóta þingmennirnir sér í skjól við veslings þjóðina — og hafa þeir þó engan veginn vissu fyrir vilja hennar í þessu efni.

Þetta lýsir hugleysi, eða ef til vill öllu fremur ógætni þeirra. Eg legg áherzlu á þetta og annað, sem gert hefir verið af hálfu meiri hlutans, og óformlegt hefir verið; tel það afaróheppilegt vegna fordæmisins.

Það er ekki til neins, að halda því fram, að þjóðin hafi við kosningarnar í haust lagt neinn úrskurð á það, að Ísland sé lögfest í danska ríkinu með frumv. millilandanefndarinnar. Mér er kunnugt um það, svo vel kunnugt, að eg get fullyrt það, að í mörgum kjördæmum, sem eg gæti nefnt, var spurningin alls ekki um það, heldur gerðu þingmannaefni frumvarpsandstæðinga að eins ráð fyrir einhverjum breytingum, einkum til skýringar, og um það, breytingar eða ekki breytingar, snerust kosningarnar einkum, en alls ekki um »innliman« eða lögfesting. Þjóðin hefir ekkert sagt um það við kosningarnar.

Háttv. þingm. Barðstr. (B. J.) gerði

litið úr orðum ráðherra um það, að ef allir kjósendur hefðu fengið notið réttar síns við kosningarnar — fengið fulltrúa í réttu hlutfalli við atkvæði þau er greidd voru — þá mundi litlu muna milli þingflokkanna. Þetta er þó alveg satt, því að þá hefðu frumvarpsmenn orðið 14 þjóðkjörnir og 6 konungkjörnir eða 20 alls. Hefðu frumvarpsandstæðingar þá ekki orðið einu sinni helmingur þingmanna, síðan Seyðisfjarðarkosningin var ónýtt.

Að því er snertir orð h. háttv. þm. um veitingu ráðsmenskunnar við Laugarnesspitalann, þá hefir það verið athugað, og læt eg mér það nægja.

Hinn háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) hélt því fram, að landsstjórnin ætti að vera íhaldssöm í fjármálum — frumkvæðið til fjárframlaga væri þá hjá þjóðinni sjálfri, og þingmenn ættu að bera það fram. En þetta er alveg gagnstætt minni skoðun: stjórnin á einmitt að gangast fyrir öllum framfarafyrirtækjum og þingmenn svo draga úr, er þurfa þykir. Fordæmið í þessu efni er í Englandi. Þar mega þingmean ekki bera fram neinar tillögur, er auki útgjöldin. Stjórnin fer fram á að fá veitt það fé, er hún þykist þurfa, og svo getur þingið dregið úr þeim fjárveitingum eða felt þær eftir vild. Þetta fyrirkomulag hefir gefist mjög vel, og það hefir þann auðsæja kost, að ábyrgðin á ástandi ríkissjóðsins er hjá stjórninni einni, og væri það vafalaust bót, ef slíkt kæmist á hjá oss. En kostur mun verða að fara frekar út í það, þegar stjórnarskrármálið kemur til umræðu.

En eg vil geta þess, að eg tala hér ekki í nafni neins flokks, stóð að eins upp til þess að mæla nokkur orð frá eigin brjósti, og eg vil leyfa mér að koma fram með nokkrar yfirlýsingar og staðhæfingar, er snerta efni það, sem hér er um að ræða. Þessar yfirlýsingar vil eg að standi fyrir minn reikning í þingtíðindunum:

1. Stjórnarfar það, sem við höfum átt að búa við síðustu 5 ár, þessi 5 ár, sem núverandi ráðherra hefir setið að völdum, hefir verið miklu betra, hagfeldara og farsælla en nokkurt annað, á þeim 1030 árum, sem liðin voru frá bygging Íslands 1904.
2. Á sama tíma hafa framfarir í als konar menning verið meiri og skjótari en nokkurn tíma fyr.
3. Núverandi ráðherra, H. H., er, að öllum öðrum ólöstuðum, hæfasti Íslendingurinn, sem nú er uppi, til þess að standa í þessari stöðu til gagns og sóma fyrir Ísland og Íslendinga.
4. Ástæður þær, sem tillagan tekur fram, eru allar rangar og ósannar, bæði í sjálfu sér og sömuleiðis að því, er þær vísa til skoðunar þjóðarinnar.
5. Verk það, sem þingið er að vinna, er óhappaverk.

Eg segi að vísu ekki, að þessi yfirsjón verði ekki bætt, en það er hugboð mitt, að þetta sé að eins einn hlekkur í samanhangandi keðju sams konar verka, og mun eg, þegar sambandslagafrumvarpið kemur til umræðu hér í deildinni, reyna að gera frekari grein fyrir þessum ummælum mínum. En eg hefi sagt þetta nú, til þess að geta sannað síðar, að eg hafi séð fyrir, hvað er í aðsigi.

Forseti (H. Þ.): Eg vil taka það fram, ekki fremur gagnvart einum en öðrum, að hér hafa fallið á báða bóga ýms óþingleg orð.

Vil eg biðja háttv. þingmenn að gæta velsæmis í orðum sínum.

Eggert Pálsson: Það er nú að vísu óþarft fyrir mig, að tala margt í þessu máli, þar sem háttv. þm. Vestm. (J. M.) o. fl. hafa með svo ljósum orðum

sýnt, hversu veikum og órökstuddum ástæðum tillaga þessi byggist á. Eg hygg að eftir umræðunum að dæma geti engum dulist, að fremur hafi verið sókn en vörn af hálfu minni hlutans, þótt þar séu að eins 9:15. Og orsakirnar til þess tel eg ekki að eins fólgnar í því, að hann eigi betri og færari mönnum á að skipa, heldur einnig og öllu fremur, að hann hefir sannleikann og réttlætið meir á sína hlið. En þótt margt og mikið hafi réttilega verið tekið fram af minni hlutans hálfu, þá vildi eg þó bæta nokkrum orðum við, ekki til gamans heldur í fullri alvöru. Því það er í sannleika enginn leikur, heldur mjög svo alvarleg athöfn, sem hér er verið að framkvæma af meiri hlutans hálfu, þar sem hann, samkvæmt þingræðisreglunni, sem hjá oss gildir nú í fyrsta sinni, er að búa sig undir að skifta um stjórn. Og það mega meiri hluta menn vita, að þótt þeir ráði nú lögum og lofum á alþingi, þá verða síðar orð þeirra og gerðir nú dregin fyrir dóm almenningsálitsins og sögunnar, og dæmt algerlega hlutdrægnislaust.

Hvað oss minni hluta menn áhrærir, þá teljum vér sjálfsagt, að ráðherra víki, þegar hann hefir meiri hluta alþingis móti sér. Ráðherrann, sem nú er, hefir sjálfur innleitt þingræðisregluna. Og minni hlutinn, sem fylgt hefir honum í aðalstefnunni, vill ekki fremur en hann vera í því fundinn að brjóta hana. En vér heimtum greinilegar ástæður og fellum oss ekki við að röksemdirnar séu uppdiktaðar og taladar út í loftið.

Í skjali því, er hér liggur fyrir, eru 3 atriði tilgreind fyrir því að ráðherra skuli víkja úr sæti. En þeir minni hluta menn, er hér hafa talað — og þá sérstaklega háttv. þm. Vestm. (J. M.) hafa sýnt og sannað, að öll þessi atriði eru á röngum rökum bygð.

Fyrst er talað um, að stjórnin verði að víkja, af því að ráðh. hafi lagt kapp á að lögfesta Ísland í Danmörku, binda það, innlima o. s. frv., þvert á móti vilja þings og þjóðar. Hvað vilja meiri hluta þingsins áhrærir þá getur þetta máske verið rétt, þótt undarlegt sé samt, að hann skuli ekki sjá kosti frumv. Og þess vegna er mér nær að halda, að þessi orð till. hafi samið að eins fáir menn í meiri hlutanum og hinum svo nefndu litilsigldari svo að eins ætlað að fylgjast með, og negla sig um leið. — En hafi það verið tilgangurinn þá er það misskilningur, því þó að þm. greiði nú atkv. með þessari till., þá hafa þeir þó alls ekki neglt sig við hvert orð í henni. En hvað þjóðina áhrærir, þá er langt frá, að fullyrt verði að hún álíti að Ísland sé bundið eða innlimað með frumv. Það hefir þvert á móti verið nær því af öllum játað, að frumv. innihaldi miklar réttarbætur. En hitt er annað mál að þjóðin hefir með kosningunum lýst því yfir að hún telji þær ekki nógu miklar og að hún treysti meiri hlutanum til frekari umbóta, enda var henni svo gefið undir fótinn fyrir kosningarnar, að hún mætti vænta þess.

Háttv. þm. Barð. (B. J.) tók það fram í ræðu sinni áðan, að þjóðin mætti vænta þessa af meiri hlutanum. Og það gleður mig að heyra, að meiri hlutinn ætli ekki að láta bíða 8—10 ár, áður en umbæturnar fást, eins og sami þm. gaf í skyn við umr. um stjórnarskrána fyrir fáum dögum.

Sú ástæða ályktunarinnar, að ráðh. hafi gengið þvert á móti vilja þjóðarinnar í vali kgk. þm., er blátt áfram hlægileg. Menn geta ekkert um vilja kjósenda sagt í þessu efni.

Þjóðin hefir í heildinni enga yfirlýsingu gefið áhrærandi þessa menn, sem fyrir konungsvali urðu. En það verður að teljast sjálfsagt, ef hún er ekki algerlega viti firt, að hún skoði það í mesta máta eðlilegt, að stjórnin velji þá mennina, er henni standa næst í skoðunum, fyrst hún á annað borð hefir rétt til að velja. Og í þessu tilfelli var það eðlilegt, að stjórnin veldi þá menn, er sæti höfðu átt í sambandslaganefndinni, þeir voru einmitt menn, sem erindi áttu á þingið að þessu sinni. En hvað þá snertir persónulega, þá ferst meiri hlutanum að minsta kosti ekki að finna að þeim manninum, er áður var flokksstjóri þeirra sjálfra.

Þá er 3. ástæðan, sem færð er í þessu skjali að ráðh. hafi gert sig sekan í ýmsu vítaverðu athæfi. En flm. till. eru nú reyndar farnir að fyrirverða sig fyrir orðalag þetta og segja að það þýði að eins aðfinsluvert athæfi. En sé það meiningin, hvers vegna var þá ekki notað það orð í stað þessa hneykslanlega orðs: »vítaverður«, því ef orðið »vítavert« eins og almenningur skilur það væri hér réttmætt, þá hefði verið sjálfsagt að draga ráðh. fyrir landsdóminn. En í hverju er þá þetta vítaverða athæfi fólgið? Hæstv. ráðherra hefir búið svoleiðis í haginn fyrir sína eftirmenn að nú þarf undirskriftar forsætisráðh. danska ekki lengur við útnefningu Íslands ráðherra. Var það vítavert athæfi? Um ritsímamálið þarf nú ekki að tala. Samningurinn sá er nú af flestum mönnum mjög þakkaður. Og geta menn talið það vítavert, sem almenningur viðurkennir þakkarvert?

Hvað embættaveitingar áhrærir þá mun óhætt að segja það, að þegar ræða er um veitingu góðra embætta eða sýslana, þá þykjast æfinlega einn eða fleiri verða fyrir halla. En eg hygg að það sé almannarómur, að í slíkum stjórnarathöfnum hafi ráðh. gætt þeirrar varfærni og sanngirni, sem frekast er hægt að gera ráð fyrir. Hv. þm. Barð. (B. J.) þóttist koma með sláandi dæmi um hlutdrægni ráðh. í embættaveitingum, er hann benti á veitingu ráðsmenskunnar við holdsveikraspítalann; en svo ónýtir hann dæmi sitt með öllu, er hann í lok ræðunnar lýsti því, að ráðh. skipi alls ekki í þá stöðu.

Enn fremur hefir það verið sagt ráðh. til foráttu, að frumv. þau, er lögð eru fyrir þingið nú af stjórninni, séu svo harla ómerkileg. Eg hygg að formælendur till. viti vart hvað þeir segja. Eru þá t. d. sambandsmálið og háskólamálið og stjórnarskráin alt í einu orðin ómerkileg mál? Og ef svo er, hver eru hin merkilegu? En eins og þegar hefir verið tekið fram, hefir það enga þýðingu að ræða þessa till. lengur. Það mál mun undirbúið og atkv.gr. um það. En eg vildi þó með fám orðum láta þeirrar skoðunar minnar getið, að ástæðurnar í till. um það að núverandi ráðh. víki úr sæti eru hvorki réttmætar né sanngjarnar.

Meiri hlutinn á þingi má vita það, að þessi stjórn fer nú frá með sóma og þökk mikils meiri hluta þjóðarinnar. Og þeir menn, er hafa komið því til leiðar taka nú á sig alla ábyrgð þess er af því leiðir. Þeir mega því vita fyrir víst, að þeir verða fyr eða seinna dregnir fyrir dóm almenningsálitsins og sögunnar fyrir þessar og aðrar athafnir sínar.

Stefán Stefánsson: Það hafa víst all-flestir búist við að núverandi stjórn fengi boðskap um það, þegar alþingi væri komið saman að nú skyldi hún þoka sæti. En fæsta mun hafa grunað það, að sá boðskapur yrði í því sniði, sem nú er raun á orðin.

Eg lít svo á, að háttv. meiri hluti hafi ekki neinn rétt eður gild rök til þess að orða till. um að hæstv. ráðh. beiðist lausnar á þann veg, sem hann gerir, þar sem því er haldið fram, að það sé álit mikils meiri hluta þjóðarinnar að í sambandslagafrumv. felist lögfesting Íslands í danska ríkinu, eða hvaðan kemur tillögumönnum sú vizka? Eg álít þvert á móti að í frumv. séu svo miklar stjórnskipulegar réttarbætur, að mjög væri misráðið að gera á því nokkrar þær breytingar, er gerði tvísýnu á staðfesting þess. Eg álít að hv. meiri hluti hafi ekki rétt til þess gagnvart þjóðinni.

Eg sé ekki hvernig flokkurinn getur sagt, að hér sé ekki um réttarbætur að ræða, þar sem með frumv. er komið í veg fyrir að við þurfum að lúta stöðulögum Dana, eða byggja stjórnarskrána að nokkru leyti á þeim, sem nú er þó ómótmælanlegt, að vér gerum, með tilvitnun hennar til þeirra laga. Það hefir verið tekið fram í þessum sal, að við höfum vilst á samningsaðilum, höfum nefnilega samið við ríkisþingið danska í staðinn fyrir að eiga um þetta mál að eins við konunginn. Sé þetta rétt álitið þá hefir öll barátta Jóns Sigurðssonar verið háð á ramskökkum grundvelli, því það er þó kunnugt að hans mikla starf beindist aðallega að því að fá ríkisþingsmenn Dana til þess að skilja og viðurkenna okkar rétt. En þrátt fyrir alt þetta verð eg að játa, að óhjákvæmilegt sé að núverandi stjórn fari frá völdum, hvaða afleiðingar sem það kann að hafa, en jafnframt má minna á þá ábyrgð meiri hlutans, er hann bakar sér geri hann þær breytingar á frumvarpinu, er stofna okkur út í langa og tvísýna stjórnarbaráttu við Dani, þar sem vér nú höfum þau góðu boð að að ganga, er í frumv. felast. Ráðherrann hefir barist fyrir sjálfstæðismáli þjóðarinnar betur en nokkur annar, síðan Jón Sigurðsson leið og hann hefir barist fyrir þessu máli, vegna þess að hann er sannfærður um að það sé mesta velferðarmál íslenzku þjóðarinnar.

Þegar að því kemur að vér berum fram óskir okkar í sambandsmálinu, vænti eg þess að þeim flokki er nú sest að völdum og tekur á sig ábyrgðina gagnvart þessu máli, auðnist að finna réttan samningsaðila, sé það full alvara hans að hér hafi verið farin »skökk gata«. Eg vil enn fremur óska þess, að flokknum mætti auðnast að fá þær umbætur á frumv., er okkur mætti að enn meira gagni koma, en þær sem felast í sambandslagafrv. en vonlítið tel eg það, þar sem þingflokkurinn hefir enn ekki bent á nein sérstök ákvæði í þá átt. Eg lýk svo máli mínu með einlægri þökk til hins hæstv. ráðherra fyrir ágæta framkomu hans í embættinu, en þó sérstaklega í þessu máli, sem eg er sannfærður um að þjóðin þakkar honum því innilegar, sem lengri tímar líða.

Jón Sigurðsson: H. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) sagði að ekki væri rétt að vera að vitna stöðugt til meiri hluta þjóðarinnar. En eg hygg að hann fari þar með rangt mál. Málið var vel skýrt fyrir þjóðinni, og hafði verið rætt frá öllum hliðum, og þjóðin gaf svo tvímælalausan úrskurð 10. sept. að ekki getur verið um neitt að villast. Vér sem stöndum hér í miðjum þeim eldi, sem flokkabaráttan hefir kveikt, stöndum of nærri þeim atburðum, sem hér eru að gerast til þess að vera þar óhlutdrægir dómarar. Hvort verk þetta er happaverk, skal eg ekki dæma um að sinni, við erum ofmikið riðnir við það til þess. Sagan leggur þar á dóm á sínum tíma. Hér var fyrir nokkru komin upp flokkaskifting. En ein-

hvernveginn vildi þó svo til, að sérstaklega fylgismenn stjórnarinnar veittu þessu máli lið. Eg álít að þeir menn, er stiltu sér upp sem andstæðingar frv. séu skyldir að framfylgja kröfum kjósenda sinna, annars væru það svik við kjósendurna, við þjóðina, eða þann hluta hennar, sem gefið hefir flokk vorum umboð með kosningunum, og án tillits til þess hvort verkið er happalegt eða ekki, þá verður samkvæmt þingræðisreglunum þessi stjórn að fara frá, og vér að fá aðra stjórn, sem er í samræmi við meiri hluta þingsins. Orðið »vítaverður« þótti ýmsum af oss kveða nokkuð fast að, en við nánari athugun komumst vér að þeirri niðurstöðu, að annan skilning en aðfinsluverður væri ekki hægt að leggja í það, og eg get því ekki séð, að það með þeim skýringum, er það nú hefir fengið, sé minstu vitund athugavert.

Háttv. 2. þm. N.-Múl. (Jóh. Jóh.) tók það fram, að þjóðræðismenn hefði verið búnir að gefa út stefnuskrá, sem nú í öllum atriðum hafi verið fullnægt, en þar við er að athuga að fyrst og fremst hefir þessu atriði verið harðlega mótmælt af flokknum og í öðru lagi er það gefin setning, að flokkur sá sem á síðasta þingi var í stórum minni hluta, gat ekki gefið umboð, er gildi fyrir ókomna tíð, það er úrskurður sá er þjóðin feldi 10. september, sem hér er hinn gildandi mælikvarði.

Eg get ekki stilt mig um í sambandi við þetta að minnast lítils háttar á kosningarnar í Norður-Múlasýslu. Hún er óneitanlega dálitið einkennileg. Það kjördæmi kaus eins og mönnum er kunnugt, sinn manninn af hvorum flokki, og virðist það bera vott um »pólitiskt« þroskaleysi kjósendanna. En dr. Valtýr skýrði þessar aðfarir kjósendanna á þann hátt, að Norðmýlingar hefðu aðallega viljað fá ekki að eins þá menn á þing, sem væru á móti frumv. sambandslaganefndarinnar, heldur einnig á móti stjórninni. 2. þm. N.-Múl. (Jóh. Jóh.) gat þess í ræðu sinni að hann öfundaði hæstv. ráðh. af því að falla á þessu máli — frumv. En ef það er rétt, sem dr. Valtýr sagði, þá hefir háttv. 2. þm. N.-Múl. (Jóh. Jóh.) stilt sig upp sem stjórnarandstæðingur, og þá er háttv. 2. þm. N.-Múl. (Jóh. Jóh.) að minsta kosti ekki öfundsverður, ef hann nú ætlar sér að greiða atkv. með stjórnarflokknum.

Magnús Blöndahl: Það eru einkum tvö atriði, sem sögð hafa verið af háttv. mótflokk í dag, sem eg get ekki látið ómótmælt. Í fyrsta lagi það sem hv. 2. þm. N.-Múl. (Jóh. Jóh.) sagði, er hann var að tala um þá »hræðu« er setjast mundi í ráðherrasessinn, og að núverandi ráðherra væri sá eini, sem fær væri um að skipa þetta sæti. — Það skal fyllilega viðurkent, að hæstv. ráðh., sem nú er, er mjög vel gefinn maður; en það er líka vitanlegt að honum hefir ekki tekist að leiða svo mál þjóðarinnar yfirleitt, að menn hafi verið ánægðir með það. — En að það nái nokkurri átt að segja annað eins og það, að meiri hlutinn muni setja einhverja »hræðu« í þennan sess, er svo mikil óskammfeilni, að það er fyllilega vítavert og á að vítast. Hv. 2. þm. N.-Múl. (Jóh. Jóh.) gat þess ennfremur, að tjón það, sem landið biði við það að hæstv. ráðh. færi frá völdum, mundi ekki verða betra en »svarti dauði«. Að þessi háttv. þm. sem talað hefir um að þm. úr meiri hlutanum hafi brúkað óþingleg orð, skuli þá sjálfum verða á hið sama fæ eg alls ekki skilið, finst að svona löguð orð ættu ekki að heyrast frá nokkr-

um manni innan þessara veggja. Í öðru lagi vildi eg minnast á það, sem háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.), var að fjargviðrast út af, að veitst væri að mönnum, sem ekki væru hér viðstaddir og gætu því ekki borið hönd fyrir höfuð sér. En hvað gerir svo hv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) sjálfur? Hann veitist að starfsmönnum þingsins, kallar þá smala og skósveina flokksins, vitandi það, að þeir geta ekki borið hönd fyrir höfuð sér. Þessi framkoma hv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.), er þeim mun einkennilegri, þar sem hann sjálfur hefir tekið það fram, að framkoma hans sé »þinglegri« en annara. Sami háttv. þm. gat þess, að sambandslagafrumv. mundi frekar »aflima« okkur frá Dönum, heldur en innlima. Eg skal ekki svara því í þetta sinn, mun gefast tækifæri til þess síðar, er það mál kemur til umr. hér í deildinni. Háttv. 2 þm. Rangv. (E. J.) hefði hæglega getað sparað sér hina löngu ræðu sína, því á henni var ekkert að græða annað en það, að nú hefði hann (2. þm. Rangv.) litið yfir allar gerðir stjórnarinnar og séð þær vera harla góðar.

Það er óneitanlega dálitið væmið að heyra menn bera jafnmikið hól og hér hefir verið borið á hæstv. ráðh. af hans flokksmönnum, því eftir ræðum minni hluta manna hér í deildinni í dag ætti þá okkar kæra fósturjörð að standa og falla með þessum eina manni, og sjá allir hvílík fjarstæða slíkt er. Eg get ekki stillt mig um að segja það, að eg álít að það sé mönnum ósamboðið að brúka slíkt staðlaust smjaður og hér hefir verið gert í dag af flokksmönnum stjórnarinnar.

H. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) var að tala um það, að ef hlutfallskosning hefði verið, þá hefði meiri hlutinn með þeim kgk. orðið í meiri hluta á þinginu. Eg vil spyrja háttv. þm. að því: Hvað koma kgk. þm. kosningunum við? Ekki kýs þjóðin þá. Sami háttv. þm. sagði, að þingið væri nú að vinna »óhappaverk«; það er mál, sem ekki kemur undir hans dóm, enda getur hann ekki rökstutt þennan sleggjudóm sinn á neinn hátt. Þótt háttv. 1. þm. Rang. (E. P.) þyki nú vera frekar sókn en vörn af hendi minni hluta, þá sannfæra slík órökstudd orð ekki menn og hafa því ekkert gildi. Hann sagði enn fremur, að hæstv. ráðh. hefði leitt hér inn þingræðið, en um það eru eflaust deildar skoðanir, enn sem komið er.

Pétur Jónsson: Það var h. 2. þm. Húnv. (B. S.), sem kom mér til að standa upp. Eg lagði þann skilning í orð hans, að eiginlega væri það hann og hans flokkur, sem vildi þingræði, og að mótmæli þau er kæmu fram af hálfu okkar minni hlutamanna gegn þingsályktun þeirri, er fyrir liggur, bæri vott um, að oss væri eigi svo ant um þingræðið. Þannig virtist hann að minsta kosti kosti skilja orð 2. þm. Rangv. (E. J.). Háttv. þm. gætir ekki að því að ekki er enn þá búið að ganga til atkv. um till. þá, er hér er verið að ræða; þá fyrst þegar búið er að samþ. hana, sést það, hvort þingræði er viðurkent í þessu landi eða ekki.

Við minni hluta menn höfum viljað sýna fram á það, að þingsál.till. þessi er hér er um að ræða, væri markleysa ein, á engum rökum bygð, og þótt eg verði að játa það, að eg hafi ekki miklar vonir um að mönnum snúist hugur í þessu máli, þá er þó aldrei fyrir það að synja, að mönnum geti snúist hugur, er þeir heyra nánari skýringar á málinu, og menn eiga

alt af geta tekið á móti sannleikanum, hve nær sem hann kemur.

En þó eg verði að játa það, að mér þyki það mjög sorglegt að núverandi stjórn þurfi að víkja frá völdum, þá er þó eitt gleðilegt við það að við eigum það atriði nú í svo góðum höndum, að við fáum að sjá og reyna að þingræði er viðurkent í þessu landi, að það er svo langt frá því að minni hlutinn vilji ekki að þingræðið sé viðurkent, að hann mundi undir engum kringumstæðum óska þess, að ráðh. heldi við völd, eftir að vera kominn í minni hluta í þinginu.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Eg stóð upp einungis til þess að mótmæla 2. þm. Húnv. (B. S.). Það var ósatt hjá honum, sem hann sagði, að sum nöfnin undir skjölunum úr Húnavatnssýslu hefðu ekki verið fölsuð. Hann sagði, að eg hefði verið að bera óhróður á einstaka menn; en það er heldar ekki satt, því eg hefi að eins sagt, að nöfnin væru fölsuð, en ekki hverjir fölsuðu þau, eg veit það ekki, og ber því engum sérstökum það á brýn, en hitt veit eg, að sum nöfnin voru fölsuð.

Sá þessi þm. þegar menn skrifuðu undir skjölin? Var hann á hverjum einasta bæ, sem skjölin komu á? Veit hann einu sinni hver nöfn á því og því skjali stóðu? Nei, um þetta veit hann ekkert; en eg hefi séð nöfnin og spurst fyrir um sum, og veit, að þar stóðu nöfn manna, sem vilja synja með eiði fyrir, að þeir hafi skrifað eða heimilað nokkrum öðrum að skrifa nöfn sín. Þingmaðurinn talar hér því eins og blindur maður um lit. Og svo beinir hann á slíkum grundvelli ærumeiðandi orðum að mér. Eg skora á hann að endurtaka þau orð fyrir utan þingsalinn, og þá skal eg koma honum í skilning um, hvað það hefir að þýða, að hafa slíkan munnsöfnuð.

Háttv. 2. þm. Rvk. (M. Bl.) var að ávíta mig fyrir það: að eg hefði meitt og móðgað ýmsa starfsmenn þingsins með því að nefna þá smala og skósveina síns flokks, meiri hlutans, þar sem þeir gætu ekki borið hönd fyrir höfuð sér. Eg get enga meiðing eða móðgun séð í þessum orðum mínum, sem auk þess voru alls ekki sögð í þeim tilgangi að niðra þeim mönnum á nokkurn hátt. Þvert á móti álít eg það í alla staði heiðarlegt starf, að vera duglegur smali síns flokks, miklu heiðarlegra en að vera fákænn og einskis nýtur þingmaður. Það er hinn háttv. 2. þm. Rvk. (M. Bl.) en ekki eg, sem telur það meiðandi að vera flokkssmali meiri hlutans; eg var að eins að benda á, hve óhlutdrægur háttv. meiri hluti væri í vali starfsmannanna við þingið.

Flutningsmaður (Sk. Th.): Umræður um þetta mál eru orðnar alt of langar, enda hafa mörg óþörf orð verið töluð, og mikið af órökstuddum ummælum heyrst.

Eg vil að eins geta þess út af téðum ummælum, að þær sakir, sem stjórnarandstæðingar í dag hafa borið á hæstv. ráðherra (H. H.), af því að hann hefir sjálfur neytt þá til þess, hafa áður heyrst, bæði hér á þinginu og í blöðum stjórnarandstæðinga, þótt hinn hæstv. ráðherra og hans flokkur hafi ávalt skotið við þeim skolleyrunum.

Stjórnarflokkurinn hefir yfirleitt sýnt algert skilnings- og tilfinningaleysi að því er til þess kemur, hvernig hæstv. ráðherra (H. H.) hefir hagað veitingum embætta og sýslana, og að því er breytni hans í garð mótflokksins yfirleitt snertir. Það er ekki við því að búast, að skilningur og tilfinninganæmi þess flokks sé meiri nú en að undanförnu.

Háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) fann að því, að þingsályktunartillagan væri ekki

þinglega orðuð. En til þessa er því að svara, að vér tillögumenn urðum að ráða því, hvernig vér teljum heppilegast að orða hana, og skiptir alls engu, hvað þeir segja, hann eða hans flokksmenn, heldur einungis um það sem vér álítum rétt, enda hefðum vér tillögumenn óefað aldrei fundið það orðalag, sem háttv. minni hluta hefði geðjast að.

Að öðru leyti skal eg, út af ummælum þingmannsins láta þess getið, að þeir menn, sem nú fylla meiri hluta voru boðnir fram í samráði við stjórn flokksins, og því sem andstæðingar sambandslaga-»uppkastsins«.

Ekki þykir mér mikið þurfa til að fullnægja háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) er hann tók gilda skýrslu þá, er hæstv. ráðherra (H. H.) hefir tekið eftir einu stjórnarblaðinu, að því er til atkvæðamagns hvors flokksins við kosningarnar 10. sept. síðastl. kemur. En öllum hlýtur að vera ljóst, að skýrslan er gersamlega röng, þar sem t. d. er slept heilu kjördæmi, Norður-Ísafjarðarsýslu, þar sem varla munu hafa verið meira en 4—5 kjósendur, er vildu líta við uppkastinu óbreyttu.

Háttv. 1. þm. Rangv. (E. P.) fáraðist mjög yfir orðinu »vítaverður«. En skýringu á því orði gaf eg í dag í fyrri ræðu minni, og í því felst einmitt sú hugsun, sem vér vildum fá fram; og þar sem það er víst, að ráðstafanir stjórnarinnar hafa verið vítaverðar í ýmsum greinum, þá erum vér heldur ekki þeir hræsnarar, að fara í felur með það, sem oss býr í brjósti.

Háttv. sama þm. (E. P.) þótti það ganga guðlasti næst, að segja að stjórnarfrumvörpin, sem nú hafa verið lögð fyrir þingið, væru veigalítil. En að því er til þeirra tveggja stjórnarfrumvarpa kemur, sem þýðingarmest eru, þá er að geta þess, að stjórnarskrárbreytingin er samtvinnuð sambandslagafrumvarpinu, og því engin von þess, að henni fáist framgengt. Nauðsyn er og að vísu á því að fá háskóla, en spurningin er, hvort hún er svo knýjandi, að rétt sé að baka landssjóði þau útgjöld, er af háskóla stafa, eins og sakir standa nú, hvað fjárhaginn snertir.

Háttv. þm. Vestm. (J. M.) þótti eg fara með rangt mál, er eg taldi að hæstv. ráðherra (H. H.) hefði skipað stjórnarráðið sínum flokksmönnum; en þessu verður þó eigi mótmælt, þó að als einn þeirra manna, er hann vildi þar hafa, hefði fylgt mótflokki hans að kosningum.

Annars tel eg alveg óþarft, að fara nú að telja upp einstök dæmi, til að sanna það, sem alkunnugt er, að hann sem ráðherra hefir hagað sér að eins eða þá mestmegnis, sem flokksstjóri. Þó skal eg geta þess, að Guðm. Finnbogason var sjálfkjörinn mentamálaráðunautur hér á landi, hafði notið styrks af almannafé til að kynna sér alþýðumentun, og stjórnin hafði haft hann til ráðuneytis; en eftir ræðuna á bændafundinum í Reykjavík 1905 var Jón Þórarinsson settur í þá stöðu, þrátt fyrir það, þótt Guðm. Finnbogason hefði öll skilyrði fram yfir nefndan skólastjóra.

Hvernig hæstv. ráðherra (H. H.) fórst við þann mann (Indr. Einarsson), er hina umboðslegu endurskoðun landsreikninganna hafði haft á hendi langa lengi, þarf ekki að minna á, og það var að eins vegna óánægjunnar, sem sú ráðstöfun hans vakti, að hann tók það ráð, að búa til sérstakt embætti í stjórnarráðinu, án heimildar af hálfu fjárveitingarvaldsins. En eg álít þýðingarlaust að fara lengra út í þetta

mál, jafnoft sem á það hefir verið minst á þingi og í blöðunum.

Hæstv. ráðh. (H. H.) hélt langa lofræðu um sjálfan sig. Engum fer vel að skjalla sjálfan sig. En eftir hans eigin orðum skyldi maður ætla, að aldrei hafi fyr á þessari jörð verið eins tárhreinn og grandvar ráðherra, sem hann.

Ekki skil eg, að nokkrum geti blandast hugur um, hve ómannúðlegt það var, er hæstv. ráðherra varð þess valdandi, að hreppsnefndarmönnunum í Neshreppi utan Ennis var meinað, að skjóta máli sínu til hæstaréttar, á eigin kostnað. En því máli var reyndar þannig háttað, að bezt var fyrir stjórnina, að fá það útkljáð, sem fyrst. Hvort það hefir verið bezt fyrir hina ofsóttu, er öðru máli að gegna.

Háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) sagði, að ráðherrann hefði jafnvel hlotið ámæli flokks síns fyrir það, að hafa stundum gengið fram hjá flokksbræðrum sínum við embættaveitingar; en sé svo, bendir það á, hve heimtufrekjan hjá flokksbræðrum hans hefir keyrt úr hófi, hafi þeir næstum volað yfir hverjum bitanum, er atvikanna vegna ekki gat lent í þeirra munni.

Af ræðu háttv. þm. Dal. (B. J.) sá eg, að hann hefir ekki fengið að sjá skjöl þau, er lutu að kærum á hendur honum. Framkoma hæstv. ráðherra í því máli, hlaut þó að stinga enn þá meira í stúf, en ella, þar sem það var þjóðkunnugt, að í hlut átti all-ákafur mótstöðumaður hans í pólitískum skoðunum.

Eg held það sé hvorki ómaksins vert, né heldur gustuk, að svara háttv. 2. þm. Rangv. (E. J.), enda hefir honum, þegar verið svarað. Ræða hans var aðallega rakalaus sleggjudómur, og fyrir slíka ræðu er ekki mikið gefandi, og bezt að þær heyrðust sem sjaldnast. Honum fórust, meðal annars, orð í þá átt, að meiri hlutinn þyrði ekki að standa við orðið »vítaverður«; en það er ósatt, og hefir verið marg-skýrt, hvað meint er með því.

Sami þingm. sagði enn fremur mörg lofleg orð um ráðherrann, út af afskiftum hans af ritsímamálinu, og gat þess, hve síminn væri þarfur. En um það stóð ekki deilan, hvort æskilegt væri að fá hraðskeytasamband eður eigi, heldur um hitt, hvort loftskeytaaðferðin væri ekki heppilegri og kostnaðarminni til frambúðar, eins og ýmsum og þótti, sem dönsk áhrif hefðu mátt sín of mikils, er ráðherrann gerði ritsímasamninginn að alþingi fornspurðu, og gagnstætt fjárveitingum þess í fjárlögum þeim, er þá giltu.

Háttv. 2. þm. N.-Múl. (Jóh. Jóh.) sagði, að ráðherrann hefði tekið upp stefnuskrá þjóðræðismanna í sambandsmálinu; þetta er satt að vísu, en hann féll frá henni í Kaupmannahöfn meðan á samninga-umleitaninni stóð, og fór þar svipað, sem háttv. 2. þm. N.-Múl. (Jóh. Jóh.), sem þó segist ganga með umboðsskjal frá sínum gömlu flokksmönnum í vasanum.

Framkoma ráðh. í sambandsmálinu, þótti honum svo lofleg, að hann kvaðst geta dáðst að henni, og taldi hann hana bæta fyrir allar hans yfirsjónir. En með því, að þm. hefir haft nefnt umboðsskjal svo lengi í vasanum, er leiðinlegt, að hann skuli ekki enn þá hafa kynt sér, hvað í því stendur.

Þar sem ráðgjafinn var að minnast á æva-gamla grein í blaði mínu »Þjóðviljanum«, þar sem farið var einhverjum orðum í þá átt, að minni hluta menn, sem þá voru, ætti ekki einu sinni að kjósa í hreppsnefnd, þá var hún rituð, sem gremjugrein, út af því, hversu þáverandi valdhafar létu sína

skoðanabræður sitja í fyrirrúmi, er til þeirra kom, að nefna menn til opinberra starfa, og var því að eins upphvatning til réttmætrar »retorsíonar«, þ. e. upphvatning til þess, að gjalda þá líku líkt. En þetta er alt annað, en það, að gera það, sem greinin í »Þjóðv.« einmitt vítir á þennan óbeina hátt, að meginreglu við veitingu opinberra embætta og sýslana, eins og ráðherra hefir gert.

Hæstv. ráðh. óskaði þess, að sjálfstæðismálinu þokaði betur áfram hjá andstæðingum hans, en hjá honum. Það er gott að heyra þær hugheilu óskir, en ekki gott að spá neinu um það í svip. Horfur alls ekki álitlegar, enda þeim það í bráðina aðal-atriðið, að vilja ekki fara aftur á bak, eins og gert er með frumvarpinu, — og reyna að glæða skilning Dana á málum vorum í von um sigur síðar.

Ráðherrann (H. H.): Bæði frummælandi og fleiri af hans flokki hafa kent mér um það, hvað nmræðurnar hafa orðið langar, alveg eins og það væri eg, sem hefði byrjað þann eltingarleik, sem hér er nú að enda um sinn. Það er ranghermi, að eg hafi sett það sem skilyrði fyrir því að biðjast lausnar, að mér væri gefið rökstutt vantrausts-vottorð. Það máttu þessir herrar gjarnan gera fyrir mér. En eg sagði þeim, er þeir spurðu mig, að málið skyldi mjög auðsótt, að eg skyldi fara, þegar meiri hluti þingsins að eins léti í ljósi, að eg hefði eigi hans fylgi, og að óskað væri stjórnarskiftis; það eru þá þeir, en ekki eg, sem hafa »leitt asnann inn í herbúðirnar«. Það hefir verið of mikið rætt um þetta einfalda mál, og skal eg ekki leitast við, að elta uppi alt það, er sagt hefir verið.

Frummælandi (Sk. Th.) var að reyna, að finna því stað, að eg hefði verið hlutdrægur í embættaveitingum. En eg á ekki að standa honum neinn reikningsskap af því. Hann nefnir að eins þau tilfelli, þar sem flokksmenn mínir hafa fengið einhverjar sýslanir, en gengur fram hjá öllum embættaveitingum og sýslana til stjórnarandstæðinga, sem eru alt eins margar. — Hann hefir ekki borið við, að skýra frá því, hverjir eru umsækjendur í hverju einstöku tilfelli; það er eins og hann gangi út frá því, að allir, sem fylgt hafa flokk meiri hlutans, hefðu af þeirri ástæðu einni átt að vera útilokaðir frá því að koma til greina við allar veitingar opinberra starfa eða viðurkenninga, og hans flokksmenn einir að hafa einkarétt til þess alls. En eg hygg, að það muni þó öllum skynbærum mönnum geta komið saman um, að þeir mennirnir, sem fylt hafa meiri hluta flokkinn síðustu ár — ekki sízt í sambandsmálinu — eru engan veginn eftirbátar hinna í neinu, hvorki menning né ættjarðarást. Þvert á móti má segja með fullri vissu, að þeim megin hefir verið meginþorri beztu manna landsins.

Háttv. flutningsm. (Sk. Th.) talaði um mann, sem vikið hefði verið frá opinberu starfi, án þess hann fengi að vita, hvað honum var gefið að sök. En hér veður hann einberan reyk. Maðurinn vissi þetta ofur vel og var marg ámintur. — Ef nefnd óskar, að sjá þau skjöl, sem að máli þessu lúta, þá getur hún fengið þau.

Frummælandi (Sk. Th.) og þingm. Barðstr. (B. J.) sögðu, að skýrsla mín um kosninga-úrslitin væri röng. Hver sem rannsakar það mál, mun sjá, að hún er rétt í alla staði. Að telja Norður-Ísafjarðarsýslu með var ekki hægt, því þar fór engin atkvæðagreiðsla fram. Eg neita því, að ekki sé þar meira en 4—5 menn, sem mundu

hafa greitt atkvæði með frumvarpinu. Eg er þar kunnugur líka, og óhætt þori eg að fullyrða, að ef þar hefði boðið sig fram góður maður gegn hv. flutningsm. (Sk. Th.), þá mundi hann hafa fengið allmörg atkvæði.

Það er varlega gerandi af háttv. flutningsm. (Sk. Th.) að hrósa sér svo mjög af því, að hann hafi alla N.-Ísf. í vasa sínum. Það getur verið, að honum verði önnur raunin á, áður en lýkur.

Af moldrykinu, sem háttv. þm. Barð. (B. J.) hefir þyrlað upp, vil eg að eins minnast stuttlega á eitt atriði. Það er sögusögn hans um það, hvernig eg hafi átt að beita óleyfilegum meðulum til þess að varna því, að Páll heitinn Briem amtmaður yrði bankastjóri við Íslandsbanka. Í blaði hans »Ísafold« stóð á sínum tíma missögn um þetta atriði, en eg lét það þá eins og vind um eyrun þjóta, eins og annað úr þeirri átt. Nú vil eg mótmæla þessum ósannindum. Eg þykist þess fullviss, að háttv. þm, Barðstr. (B. J.) hafi sagt það er hann sagði í fullkomlega góðri trú. Eg væni hann ekki að því, að hafa hallað máli móti betri vitund í þessu efni, því eg veit að honum var borin röng skýrsla um þetta, og eg veit hver það var, sem ósannindin smíðaði. Það var herra Alexander Warburg, og »Ísafold« mun hafa haft rétt eptir þeim sómamanni. En sannleikurinn var þessi: Rétt áður en eg sigldi í febrúar 1904 til þess að taka við ráðherraembættinu, eptir að landpóstur var farinn af stað norður frá Reykjavík, kom til mín maður — sem eg ekki hirða að nefna hér — með ólokað bréf til mín, og þar með fylgjandi bréf til hr. P. Br., þar sem hann var spurður, hvort hann vildi takast á hendur annað bankastjórastarfið við Íslandsbanka, og eg spurður um mitt álit. En jafnframt var þess getið af þeim, er bréfið flutti að réttara væri að bankastjórarnir væri þrír, og að æskilegt væri að bera þá till. upp við »Consortiið«, sem bankann stofnaði. Með því að póstur var farinn, eins og eg sagði, og næsti póstur átti ekki að leggja af stað frá Reykjavík fyrr en um mánuði síðar, var auðsætt, að bréfið komst eins snemma til Akureyrar, þar sem hr. P. Br. var þá, með því móti, að eg tæki það með til Hafnar, og sendi það til Akureyrar með »Vesta«, sem átti að fara frá Höfn norðan um land fyrst í marz. Það var því hægt, án þess að valda töf, að bera málið undir stofnendurna aftur. Þetta var gert, og samþykkt af þeim í einu hljóði, að bjóða honum 3. bankastjórastöðuna, sem hann og þáði. Þetta er sagan rétt sögð.

Háttv. þm. Barðstr. (B. J.) endurtók að eg hefði brotið lög með veitingu bókarastarfsins við landsbankann. En þar greinir okkur á um skilning laganna, og hans skilningur á þessu atriði þeirra er alveg vafalaust rangur. Orðin »eftir tillögum« þýða víða í lögum vorum sama og »eptir að hafa leitað tillögu«, og sá einn skilningur getur hér staðist. Hér var ágreiningur milli framkvæmdarstjóra bankans annarsvegar, og gæzlustjóranna hins vegar. Gæzlustjórarnir hafa aðeins synjunarrétt, ekki rétt til þess að ákvarða framkvæmdir móti vilja framkvæmdarstjórans, sem ábyrgðina ber. Stjórnarráðið varð að skera úr, og það gerði það, eptir því sem það áleit réttast.

Það er orðið svo framorðið, að eg vil ekki tefja fundinn lengur. Eg þakka háttv. flokksbræðrum mínum, sem talað hafa hér í dag, fyrir öll þeirra góðu ummæli í minn garð, og alla góða samvinnu og endurtek yfirlýsingu mína um það, að eg mun

ekki láta undir höfuð leggjast að beiðast lausnar frá því embætti, sem eg hef haft nú um hríð, ef meiri hluti þingdeildarinnar greiðir atkvæði með þingsályktunartillögunni.

Björn Jónsson: Eg verð að taka það fram, að þetta, sem hæstv. ráðh. sagði um landsbankalögin er ekki rétt hermt. Það stendur ekki í þeim, að bankastjórnin sé sammála einróma, heldur nægir meiri hluti hennar. »Eftir tillögum« bankastjórnarinnar getur alls ekki þýtt sama sem »móti tillögum« hennar.

Ummæli mín um stjskrfrv. eru og ekki rétt hermd. Eg sagði, að svo gæti skipast, að bið yrði á endalyktum þess máls, en aldrei, að svo þyrfti að vera.

ATKV.GR.:

Till. á þskj. 35 samþ. með 15:8 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Jón Ólafsson,
Ben. Sveinsson,	Eggert Pálsson,
Björn Jónsson,	Einar Jónsson,
Björn Kristjánss.,	Jóh. Jóhannesson,
Björn Sigfússon,	Jón Jónsson S.-M.,
Hálfdan Guðjónss.,	Jón Magnússon,
Jón Jónsson N.-M.,	Pétur Jónsson,
Jón Sigurðsson,	Stefán Stefánsson.
Jón Þorkelsson,	
Magnús Blöndahl,	
Ólafur Briem,	
Sig. Gunnarsson,	
Sig. Sigurðsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Þorleifur Jónsson.	

Hannes Hafstein greiddi ekki atkv.

Sambandsmálið.

FRUMVARP til laga um ríkisréttarsamband Danmerkur og Íslands (stj.frumv. A. bls. 192, 1); 1. umr. 19. febr.

Ráðherrann (H. H.): Það þarf ekki að skýra frá því, hvernig frumv. er til orðið. Texti þess er hinn sami eins og í frumvarpsuppkasti því, sem sambandslaganefndin eða réttara sagt $^{19}/_{20}$ hlutar hennar urðu ásáttir um, eftir að hinir dönsku nefndarmenn höfðu með mannúð og velvild slakað til í öllum meginatriðum í óskum og kröfum Íslendinga, eftir því sem ítrast var unt, ef konungssambandið skyldi haldast.

Munurinn er að eins sá, að nú er uppkastið orðið stjórnarfrumv., sem konungurinn lætur leggja fyrir alþingi og ríkisþingið samtímis, og málið er nú endanlega komið úr höndum sambandslaganefndarinnar og hennar manna til þinganna og þeirra nefnda, sem þingin væntanlega setja til þess að íhuga það.

Aðalbreyting frv. frá því sem nú er, er í stuttu máli þessi:

Í stað þess að stjórnarskipun landsins, sú sem nú er í gildi, er bygð á ráðstöfun (delegation) af hálfu hins danska ríkisvalds á löggjöf og stjórn tiltekinna sérmála í óaðskiljanlegum ríkishluta, verður stjórnarskipunin, ef þessi sambandslög verða samþ. eftirleiðis bygð á ráðstöfun Íslands sjálfs, er það gerir sem sérstakt ríki um alla hagi sína, þar á meðal einnig um meðferð þeirra mála, sem í þessu sambandslagafrumv. eru talin sameiginleg og að meira eða minna leyti falin umsjá sambandslandsins fyrir Íslands hönd. Það vald, sem dönsk stjórnarvöld fá til meðferðar í þeim málum, er léð þeim af Íslandi. Þetta kemur

og skýrt fram í frumv. því til nýrrar stjórnarskrár fyrir Ísland sem ríki, sem fylgir sambandslagafrumv. frá stjórnarinnar hendi.

Eg álít tilgangslaust fyrir mig að fjölyrða um þetta mál að svo stöddu. En áður en það fer til nefndar þeirrar, sem væntanlega fær það til meðferðar, vil eg nefna nokkur atriði, sem hafa orðið fyrir misskilningi í umr. um málið á undan þingkosningunum í haust, og skýra frá því, hvern skilning höfundar frumv. leggja í þau.

1. Fyrst eru orðin »er eigi verður af hendi látið«, í 1. gr. frumv. Þau hafa verið skilin svo, sem í þeim felist einhver óbein viðurkenning á rétti Dana yfir landinu. Þessi orð eru runnin frá Íslendingum í nefndinni — öllum —, en ekki sett þar eftir ósk dönsku nefndarmannanna. Þau eru tekin eftir sambandslögum Svía og Norðmanna 1814, og tilgangurinn með þeim var að slá því föstu, að Ísland væri ríki, en ekki eign eða hjálenda, sem Danmörk eða Dana konungur sem slíkur gæti ráðstafað. Þetta var sett og samþykt, áður en við fengum framgengt eða vissum, hvort við mundum geta fengið framgengt ýmsum öðrum ákvæðum, sem einnig slá þessu föstu, og merkir að eins frekari áherzlu á orðunum »frjálst og sjálfstætt land«, sem á undan þeim eru.

2. Orðin »veldi Dana konungs« og »det samlede Danske Rige« í danska textanum áttu að vera nýnefni um hið nýja samband milli Danmerkur og Íslands. Tilgangurinn var, að finna annað heiti en hingað til hefir verið notað um Danmörk og Ísland, annað en »den danske Stat«, sem Ísland eftir stöðulögunum á að vera hluti af. Þetta er heiti á hinu nýja ríkjasambandi, en táknar ekki og hefir aldrei átt að tákna neins konar innlimun Íslands í hið danska ríki, heldur þvert á móti. Ef til vill hefði orðið »Monarki« farið betur, en sumir voru á móti því, af því að í því heiti gæti verið sérstök söguleg merking.

3. Orðin í 3. gr. 2. lið: »er snertir Ísland sérstaklega« þýða hið sama eins og þar stæði: »er snerta málefni Íslands, sem ekki er farið með sem sameiginleg mál eftir lögum þessum«; undantekningin nær þannig til allra ríkjasamninga, sem á einhvern hátt koma við mál, sem Ísland sjálft framkvæmir hið æzta vald yfir.

4. Orðið »samþykki« í sama lið þýðir, að íslenzk stjórnarvöld hafi fult synjunarvald, að því er Ísland snertir gagnvart öllum ákvæðum í ríkissamningum, er koma við þessi nýnefndu mál. Það er að eins fyrir máltizku sakir, að orðið »Medvirkning« er notað í danska textanum í þessu sambandi í staðinn fyrir »Samtykke« en þýðir sama. Þetta ákvæði takmarkar svo mjög »delegationina« á meðferð utanríkismálanna, að engan veginn er hægt að segja, að þau séu algerlega sameiginleg.

5. Þar sem stendur í 4. lið 3. gr., að aukning á strandvörnum af Íslands hálfu skuli vera »eftir samkomulagi við Danmörku«, þá á það að eins við hið nánara fyrirkomulag á eftirlitinu. Meðan Danir eftir sambandslögum hafa strandvörzluna á hendi, bera ábyrgð á henni gagnvart öðrum löndum, er nauðsynlegt að samræmi sé í þeim vörnum, er þeir halda uppi fyrir vora hönd og þeim, sem vér gerum út sjálfir. Þetta og ekki annað merkja orðin.

6. Orðið »jafnrétti« í 5. gr. þýðir sama og »sami réttur að öðru jöfnu«, eins og tekið er fram í athugasemd-

um nefndarinnar við frumv. Það merkir, að þjóðernið út af fyrir sig skuli ekki valda misrétti, en að báðir verði að öðru leyti jafnt að fullnægja öllum skilyrðum landslaganna fyrir því, að verða réttindanna aðnjótandi.

7. Ákvæðin í 9. gr. um uppsögn sameiginlegra mála, sem mér fyrir mitt leyti virðast vera full-ljós, merkja, að konungur kveður á um sambandsslit í hinum sameiginlegu málum, sem þar eru nefnd, alt samkvæmt hinni framkomnu tillögu um það, eða, ef bæði alþingi og ríkisþingið gera tillögur um þetta efni, þá samkvæmt þeirri tillögunni, sem lengra fer.

Eftir samkomulagi milli Neergaards forsætisráðherra og mín býst eg við að þjóðþingið hafi sett nefnd í þetta mál, og sé hér sett nefnd í dag geta nefndirnar upp frá þessu með ritsímaskeytum borið sig saman um það, sem vafasamt kann að þykja, og leitað samkomulags, ef svo ber undir.

Eg ætla því ekki að tala um málið frekara að sinni; eg vona fastlega, að það verði af öllum hlutaðeigendum tekið til rólegrar og stillilegrar yfirvegunar, og alt sem að því lýtur athugað með gætni og glöggu auga, án ofurkapps og hleypidóma; vona eg að háttv. meiri hluti muni, að það er ekki að eins á hans valdi, heldur og á hans ábyrgð, hvort landið á að verða aðnjótandi þeirrar stórkostlegu réttarbótar, sem hér er kostur á, eða fara á mis við hana um langan aldur eða að öllu leyti.

Skúli Thoroddsen: Kvað óþarft að tala langt um þetta mál, svo margrætt sem orðið væri. Þótti landsstjórnin eigi hafa sýnt sig jafn óhlutdræga sem vera átti, er hún hefði að eins látið símrita til Íslands álit meiri hluta nefndarinnar og eins látið sér nægja að birta það eitt í Lögbirtingablaðinu, í stað þess að þjóðin hefði átt heimting á að fá samtímis að heyra álit minni hluta nefndarinnar.

Íslenzku nefndarmenn meiri hlutans hefðu látið mjög drýgindalega yfir því, þegar Sk. Th. bar fram breyt.till. sínar í nefndinni, að þær mundu eiga litlum byr að fagna á Íslandi, og meðal annars hefði einn þeirra kveðið svo að orði við dönsku nefndarmennina: Seks trækker bedre en én; þ. e. að sex dragi meira að sér en einn. Sk. Th. kvað það gleðja sig, að raunin hefði orðið önnur við kosningarnar.

Hann kvað sér hafa gengið það aðallega til, er hann kom fram með br.-till. sínar, að í Uppkastinu fælist uppgjöf á þeim réttindum, sem vér nú hefðum, og teldum oss eiga tilkall til. T. d. gætu Íslendingar nú, eftir stöðulögum og stjórnarskrá, skipað fiskiveiðamálum og annari atvinnulöggjöf svo sem þeim sýndist, og því heimilað Íslendingum sérréttindi fram yfir Dani, ef þeim sýndist svo.

Sama væri og um það, að Íslendingar gætu nú tekið sér hvaða verzlunarfána, sem þeim sýndist, en öðru máli gegndi, ef Uppkastið yrði samþ.

Þá veik hann orðum að, hver hætta væri fólgin í jafnréttisákvæði Uppkastsins, ekki sízt þar sem frumv. gerði ráð fyrir, að því yrði aldrei haggað.

Það virðist nokkuð hjáleitt, að fela Dönum hervarnir og utanríkismál vor um aldur og æfi samtímis því, að Danir ætluðu Íslandi að verða fullvalda ríki, og færi svo að sjálfstæði Danmerkur yrði hætt, t. d. af ófriði í Evrópu, þá væru Íslendingar miklu ver farnir, ef frumv. yrði samþ., og viðbúið að Ísland yrði þá ekki talið annað en ríkishluti, er að sjálfsögðu yrði að fylgja Danmörku.

Þrátt fyrir það þó að nefndarmennirnir dönsku hefðu látið svo í veðri vaka annað veifið, að Íslandi væri ætlað að vera sjálfstætt ríki, hefðu þeir þó verið ófáanlegir til að taka upp um það ljós ákvæði, og felt breyt.-till. sína (Sk. Th.), þess efnis, og ekki fengist til að nota orðið Statsforbund (ríkjasamband) í 1. gr. frumv., en kosið heldur Statsforbindelse (ríkiseining).

Það væri af sömu rótum runnið, að ekki hefði mátt nefna á nafn í frumv. sérstakt, íslenzkt landhelgissvæði, heldur notað orðið »Söterritorium« til þess að alt skyldi benda sem bezt á það, að ríkið væri eitt.

Það væri talinn aðal-ábatinn við Uppkastið, að Ísland fengi full ráð sérmála sinna.

En þetta væri reyndar lítilla þakka vert, er þess væri gætt, að Danir hefðu trygt sér með Uppkastinu jafnrétti til fiskiveiða og atvinnureksturs yfirleitt; en einmitt vegna atvinnumálanna hefðu þeir þótst þurfa til þessa að hafa hönd í bagga með sérmálalöggjöf vorri.

Um undirskrift undir skipun Íslandsráðgjafa væri það naumast vafasamt, að henni mundi nú hér eftir fást hagað svo sem Íslendingar óskuðu sér, og um afskifti Dana af sérmálalöggjöf vorri skifti það mestu, hversu á væri haldið af Íslendinga hálfu.

Aðal-ágreiningur milli stjórnar og sjálfstæðismanna væri sá, að stjórnin teldi ekki meira fáanlegt en það sem í Uppkastinu stæði, og vildi jafnharðan taka því sem fáanlegt væri, þar sem vér sjálfstæðismenn vildum á hinn bóginn eigi loka neinum sundum, en hamra á og bíða betri tíma, í því örugga trausti, að ekki væri til einskis beðið, heldur hlytum vér Íslendingar að ná fullum réttindum vorum, er stundir liðu.

Réttaróvissan sú, sem nú væri á um ríkisréttarlegu stöðu Íslands (ólögleg upptök stöðulaga og stjórnarskrár) væri Íslendingum til hagnaðar í baráttunni.

Skilningur Dana á málinu hlyti að skýrast smám saman, þótt örðugt gengi í fyrstu, og þeim að leiðast þófið og láta undan, svo að vér fengjum síðferðislegan rétt vorn að lokum.

Ráðherra hélt því fast að þjóðinni, að samþ. Uppkastið, og vildi þar með binda hendur eftirkomendanna. En þessari stefnu hans hefði mikill meiri hluti þjóðarinnar tjáð sig andvígan, og kosningaósigur stjórnarinnar 10. sept. síðastliðinn sýndi ótvírætt, að ráðgjafi hefði glatað trausti með þjóðinni, enda mundi framkoma hans í sambandsmálinu ekki eiga hvað síztan þátt í því.

Í samræmi við þennan yfirlýsta þjóðarvilja kvað hann meiri hluta þings hafa falið sér að lýsa yfir því, að væntanlegar væri mjög bráðlega úr báðum deildum þingsins *þingsál.till.*, er lýstu vantransti meiri hluta þings og þjóðar á núverandi ráðherra.

[Eftir »Þjóðv.« 28. febr. 1909, bls. 29–30].

Jón Þorkelsson: Eg skal ekki að svo komnu fara mikið út í einstök atriði þessa máls, en snúa mér heldur að því, hvernig Uppkast þetta er orðið til og undir komið. Menn hafa að mínu áliti með atferli þessa máls farið götuvilt.

Þegar Ísland gekk undir Noregskonung, samdi það við konung einn, en engan annan. Það gaf sig ekki undir Norðmenn, heldur Norðmannakonung.

Þau réttindi sem landið tók með sáttmálanum hinum forna, hefir það aldrei afsalað sér til annarar þjóðar.

Þegar landsmenn gengu undir einveldið í Kópavogi 1662, fengu þeir ekki Dönum í hendur réttindi sín til meðferðar, heldur léðu þeir þau konungi Dana og Norðmanna.

Landið hafði verið frá því er það bygðist, og þjóðfélagsskipun komst hér á, sjálfstætt og fullvalda ríki. Á þessu varð engin breyting gerð með Gamla Sáttmála. Landið var sjálfstætt ríki eftir sem áður. Og þeim rétti hefir það aldrei afsalað sér. Og ekki heldur í Kópavogi, heldur léði það þá konungi einvaldsstjórn mála sinna svo sem hin konungsríkin, Danmörk og Noregur.

Landið hefir aldrei fengið öðrum en konungi neitt vald yfir sínum málum og á því að réttu lagi við engan um heimting á ráðum yfir málefnum sínum nema konung.

Þessu hefir og lengi verið haldið fram af Íslendingum. En aldrei hefir það komið kröftuglegar fram en 1871, þegar ríkisþingið danska gaf út með ofríki lögin um stöðu Íslands í ríkinu, án þess að Íslendingar væru um spurðir eða fengi nokkru um það ráðið, því strax á alþingi um sumarið lýstu Íslendingar yfir því, að Danir hefði ekkert átt með slíkt löggjafarverk og mótmæltu lögum þessum. En á síðasta áratug 19. aldar tók að brydda á því, þegar seint þótti sækjast lagfæring og endurbót á stjórnarskránni, að menn fóru að hreyfa því, að nefnd væri skipuð úr báðum þessum þjóðlöndum, til þess að koma sér niður á sambandið milli landanna.

Háværar raddir tóku síðar að heyrast um þetta í stöku blaði, og í þingmannaförinni til Danmerkur 1906 gerðist það undirtal, að til slíkrar nefndar skyldi stofnað verða, og varð það að verki 1907.

Á þennan hátt er frumv. þetta undir komið, og er nú lagt bæði fyrir ríkisþing Dana og Alþ. Íslendinga.

Íslendingar hafa hér hleypt sér út á þá stigu, sem eru glapstigir og villigötur. Íslendingar hafa aldrei átt við ríkisþing Dana neitt að semja um samband landanna. Það eina í þessu máli, sem gat verið samningsatriði við ríkisþingið, var um það, er snerti fjárgreiðslur af Dana hendi.

En þó að Uppkast þetta sé nú fram komið á þennan hátt, og máli þessu komið í svo öfugt horf, sem nú hefi eg talið, sé eg þó ekki að svo gervu, að ekki megi setja nefnd í málið því til athugunar.

Mál þetta hefir nú verið þaulrætt hér á landi um hríð, og skal eg því ekki fara mikið út í einstök atriði þess, enda mun þess enn verða kostur, þótt síðar sé.

Þó vil eg geta þess, að eftir þessu frumv. verður ekki séð að landinu sé ætlað að verða ríki og því síður fullvalda ríki. Orðið ríki kemur hvergi fyrir í öllu Uppkastinu. Þar er einungis sagt, að það skuli vera »land«, sem að vísu getur þýtt í vissum samböndum nokkurn veginn sama og ríki, en í þessu sambandi þarf engin slík merking í því að liggja. Hér lá einmitt á, að orðið ríki stæði, ef landinu var í raun og veru ætlað að vera ríki.

Sá einn staður í aths. við frumv., þar sem helzt kynni að vera að því vikið, að ríki væri nefnt á nafn, er einnig svo lagaður, að á honum er ekkert að byggja. Þar er aðeins sagt, að Ísland verði eftir þessu frumv. nokkurs konar »særlig Stat«.

Orðið Stat getur að vísu þýtt ríki. En það getur líka þýtt fylki í öðru ríki, sem ekki hafi neitt sjálfstæði annað en stjórn nokkurra mála sinna.

Orðið Medvirkning í 2. lið 3. gr. þarf að mínu viti öldungis ekki að þýða samþykki, eins og ráðh. vill láta það þýða. Það þarf blátt áfram ekki að þýða annað en »meðverknað« eða til-

styrk. En tilstyrk verða menn stundum að veita nauðugir og ósamþykkir, þar sem við þann er að eiga, sem öflugri er.

Skipun gerðarmannanna í 8. gr., þar sem ætlast er til að oddamaður sé dómsforseti hæstaréttar Dana, ber óneitanlega einhvern keim af ákvæðum þeim, sem stóðu í hinu alræmda frv. Danastjórnar til stjórnskipulaga fyrir Ísland, sem lagt var fyrir þjóðfundinn 1851.

Þar stóð klausan sú: Ef alþingi og ríkisþingið danska greindi á um það, hver mál heyrði undir Alþ., þá skyldi ríkisþing Dana úr skera.

Löggjafarvald það, er Íslendingar (Alþingi) höfðu alt fram til 1662 var miklu rífara en það, sem vér nú höfum og enn er oss ætlað með Uppkastinu. Á árunum 1850—1851 kemur það og ljóst fram í fullnaðargerðum víðsvegar í héruðum landsins, að mönnum var þá þegar ljóst um þetta efni. Einna berast er þetta þó í fundargerð úr Skagafjarðarsýslu, sem virðist vera stílsett af Lárusi sýslumanni Thorarsen í Enni. Má helzt kalla að þetta löggjafarvald hins forna Alþ. hafi samsvarað því, sem menn kalla nú á dögum frestandi synjunarvald. Í lögbók vorri (Jónsbók) segir svo: Ef lögréttumenn verða ekki á eitt sáttir um nokkurt mál, þá er það lög, sem þingið samþykkir. Það vantar mikið á að þingið hafi eða eigi að fá þennan rétt í »praxis«, en vér eigum hann samt sem áður, því að vér höfum aldrei afsalað oss honum.

Víða er frv. þetta óhafandi óheilt og tvírætt, enda er það eftirtektavert, að athuga það, hvernig því hefir verið tekið. Stjórnin hafði áður fjölmennan flokk, mikinn meiri hluta þjóðarinnar með sér, en þegar frv. kemur, rís þjóðin svo eindregið á móti, að slíks eru ekki dæmi til fyrr hér á landi. Sá fjölmenni flokkur er nú orðinn að miklum minni hluta. Og alstaðar hafa Íslendingar tekið frumv. á sama hátt, hvar sem þeir eru jarðarinnar. Frá Vesturheimi hafa oss borist einbeittar áskoranir um að hafna því. Hafa Vestur-Íslendingar í því sýnt, að þjóðrækni þeirra og þjóðernistilfinning er vakandi, og að þeir geta ekki orða bundist, þegar þeir halda að hætta sé búin frændum þeirra austan hafs og íslenzkum kynstofni, — enda er það alkunnugt, að menn muna fult svo glögt til ættjarðarinnar úr langdvöl í öðru landi sem við heimagættirnar.

Eg skal ekki leggja harðan dóm á aðgerðir íslenzku nefndarmannanna í millirikjanefndinni. En sárt þykir mér að sjá það, að ekki er annað að merkja en að taflinu sé nú svo snúið við, að þekkingin sé orðin Dana megin á þessu máli, en vanþekkingin Íslendinga megin. Hvað hörðum höndum Íslendingar hafi unnið í nefndinni, læt eg ósagt. En borist hefir mér til eyrna sú saga, að dr. Knud Berlin hafi skorað á einn af íslenzku nefndarmönnunum — og það einn af þeim, sem ekki er hvað minstur fyrir sér, að minsta kosti að hans eigin áliti — að svara hinni síðari ritgerð sinni, er fylgir gerðum nefndarinnar. Hafi þá maður þessi afsakað sig með því, að hann mætti ekki vera að því, af því að hann væri boðinn í miðdegisverði á 26 stöðum, og þá mætti hann ekki undir höfuð leggjast.

Ef þetta er satt, — eg sel það ekki dýrara en eg hefi keypt —, þá gæti verið umtalsmál, hvort þetta væri að vinna trúlega í vín-garði föðurlandsins.

Ráðherrann (H. H.): Eins og eg tók áður fram, vona eg að 1. umr. þessa máls verði frestað.

Háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) sagði, að

forsætisráðherrann danski hefði ætlað að leggja frumv. fyrir ríkisþingið í haust, en eg veit ekki til að slíkt hafi komið til orða. Þvert á móti mun hinu fremur hafa verið hreift, hvort ekki væri rétt að bíða með að leggja málið fyrir ríkisþingið, þangað til það sæist hvernig alþingi snerist við því. En það varð brátt að samkomulagi, að frumv. skyldi lagt jafnsnemma fyrir bæði þingin. Annars stoðar ekki að eg og háttv. þm. tali um þetta mál okkar á milli, við erum svo margbúnir að því og þekkjum svo vel hvor annars skoðanir á því.

Hins vegar verð eg að mótmæla öllum þeim mótbárum, sem hann hreyfði; hann getur engar sannanir fært fyrir því að við glötum nokkru eftir frumv. Við vinnum, og það á marga lund. Vinnum þar á meðal alveg vafalaust betri aðstöðu í framtíðinni, ef að því skyldi koma, að landið þarfnaðist og þyldi enn frekari sérstöðu, en missum einskis í.

Hann sagði að Danir hefðu ekki viljað hafa orðið: »statsforbund«, af því að þeim hefði þótt það of veglegt, og kosið orðið »statsforbindelse«, af því að það táknaði betur eininguna eða innlimunina.

En hinn háttv. þm. virðist hafa gleymt því, að ástæðan fyrir því að þetta orð var valið var eingöngu sú, að þær upplýsingar komu af hálfu hinna mest metnu lögfræðinga meðal dönsku nefndarmannanna, að »statsforbund« hefði í pólitísku lagamáli aðra fastslegna merkingu en hér væri ætlast til. Það gæti aðeins átt við þar sem sambandsríkin hafa hvert sinn þjóðhöfðingjann. Um hið forna íslenzka alsherjarríki, sem var samband goðorða, er hvert stóð undir sínum goða sem höfðingja, hefði ef til vill mátt nota þetta orð.

Statsforbindelse« er viðtækara orð og innibindur það sem hér er átt við, realunion, en er alls ekki til rýrðar sett.

Eg get verið hinum háttv. þm. samdóma um það, að engin vandkvæði muni verða á undirskriftinni við ráðherraskifti framvegis, þeir erfiðleikar eru nú úr sögunni; það smáfærðist í lag eftir að íslenzki ráðherrann varð alveg fyrir utan dönsku ráðherrasamkunduna eftir þeirri stjórnarvenju, sem innleidd var 1904 og síðan haldin. Árið 1905 var því lýst yfir í ríkisráðinu af konungi, að ráðherrann skyldi ekki háður neinum dönskum stjórnarskiftum. Og nú er það fyllilega útkljáð mál milli forsætisráðherrans danska og mín með samþykki hans hátignar konungsins, að viðtakandi ráðherra undirskrifi sjálfur framvegis útnefning sína með konunginum. Það er því mjög hægur vandi fyrir háttv. þm. eða hvern sem vera skal að taka við — fyrir þá sök. Það er alt klappað og klárt, og enga baráttu að óttast.

Um þann boðskap h. háttv. þm., að þingsályktun sé í vændum um það, að eg leggi niður embættið, skal eg ekki segja annað en það, að eg bið rólegur átekta, og samþykki þingið yfirlýsingu um, að það æski ráðherraskifta, mun eg að sjálfsögðu beygja mig fyrir henni.

Hinn háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) byggir á alt öðrum grundvelli en eg í þessu máli; sé eg því ekki til neins að svara því, er hann sagði. Hann vill semja við konung einan, en sá er hér gallinn á, að konungur vor getur eftir núgildandi lögum ekki samið öðruvísi en gegnum ráðherra sína, eins og hvarvetna þar sem um þingbundna konungsstjórn er að ræða.

Það hljómar sem rödd úr gröfum forfeðranna, að konungurinn sé ein-

veldiskonungur hér á landi, eftir að við höfum haft þingbundna stjórn og löggjafarþing í landi marga áratugi; það verður ekki hjá því komist að taka til þess ástands, sem í raun og veru er. Og því verður ekki neitað, að Ísland er og hefir um langan aldur verið »de facto« hluti af Danaveldi. Samningur við konung Danaveldis um að það ástand hætti, getur ekki orðið öðruvísi en með samþykki löggjafarþingsins í Danmörk.

Hann tók nokkuð djúpt í árinni, þegar hann líkti gerðardómsákvæðinu um skipun oddamannsins við það ákvæði, að ríkisþingið skyldi skera úr slíkum þrætum. Hér er ekki nokkurri líking til að dreifa, öðru nær.

Hvor þjóðin velur eptir frumvarpsákvæðinu sína menn í gerðardóm, og sá er svo tekinn til oddamanns, er mestar líkur þykja til að sé utan allra flokka, og ætla megi óhlutdrægastan þeirra manna, er völ er á, og dönsk og íslenzk lög geta lagt skyldur á herðar. Háttv. þm. gat þess, að gleymst muni hafa að prenta í athugasemdum við frumv. till. minnihlutans í sambandslaganefndinni með frumv. þessu. Má segja, að svo skýtst svinnum sem ósvinnum, er háttv. þm. kemur með slíkt, því að fátt er það sem fjær liggur, heldur en að rökstyðja stjórnarfrumv. þetta með mótbárunum gegn því. Hitt er annað mál, að því fylgir sem fylgiskjal »bláa bókin«, er inniheldur nákvæma skýrslu um gerðir sambandslaganefndarinnar, þar á meðal einnig till. minni hlutans.

Jón Þorkelsson: Ágreiningurinn er sá sami milli mín og hæstv. ráðh. um það, hvernig semja beri.

Eg held því fast fram, að samningarnir eigi einmitt að fara fram við konung einan, og ekki öðruvísi.

Þegar vér gengum undir einveldið gerðum vér það sem sjálfstætt og fullvalda ríki, og áttum vér þar við konung einan. Nú ber honum að skila af sér réttindum þeim, er við léðum honum, skila þeim úr sínum eigin höndum beint okkur í hendur, en als ekki gegnum hendur annara.

Samningsaðilinn er hér á aðra hönd ríkið Ísland og hins vegar konungur.

Þykist eg vita, að ráðherrann muni þessu fyllilega samþykkur, þegar hann íhugar málið betur.

Þegar Ísland gekkst einveldinu á hönd, varð staða þess nákvæmlega sú sama og Noregs, og enda Danmerkur. Enginn neitar því, að Noregur hafi altaf verið konungsríki. Norskum málum var stjórnað eins og íslenzkum af stjórnarráðunum dönsku.

Noregur varð að vísu ekki betur úti en Ísland, en það losaðist fyrr undan erlenda valdinu.

Íslandi bera alveg sömu réttindi og Danmörku, þegar einveldinu létti þar af, og þau réttindi eigum vér nú heimting á að fá.

Skúli Thoroddsen: Eg man greinilega eftir þeim ummælum Christensens forsætisráðherra, að fresta að leggja málið fyrir ríkisþingið, unz séð yrði, hversu alþingi myndi taka í málið; má vera, að hæstv. ráðh. hafi gleymt því nú, og er það þá svipað, sem um mig, því eg man t. d. ekkert eftir þeim merkisatburði, er einn af háttv. meðnefndarmönnum mínum hefir fyrir skemstu skýrt frá í blaði einu, að ráðherrann hafi barið í borðið á einum fundi millilandanefndarinnar.

Hvað orðið »statsforbindelse« snertir var það sett viljandi, til þess að sem bezt yrði náð dönsku hugsuninni, að ríkið væri eitt.

Á sama hátt var valið orðið »Söterritoriet« (sjávarsvæðið), en feld sú till. mín, að nefna hið íslenzka land-

helgissvæði. Orðið »Statsforbund» (ríkjasamband) var einmitt rétta heitið og innibatt hugsun vor íslenzku nefndarmannanna; en það vildu dönsku nefndarmennirnir fyrir engan mun aðhyllast.

Ráðherrann (H. H.): Háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) mintist á ákvæðin um landhelgissvíðið, og vildi hann draga þá ályktun af því að feld var till. hans um að nefna landhelgissvíðið við Ísland berum orðum íslenzkt, að meiri hluti nefndarinnar teldi landhelgi vora danska. En þessi ályktun er alveg heimildarlaus; háttv. þm. (Sk. Th.) hlýtur að muna, að allar breyt.-till. hans, þar á meðal einnig sú till., sem gersamlega ónýtti alt samkomulag, till. um uppsegjanleika hermálasambands og sambands í utanríkismálum, voru bornar upp í einu lagi, en engin atkvæðagreiðsla um neina þeirra út af fyrir sig. Og ekki mótmælti háttv. þm. (Sk. Th.) þá þannig lagaðri atkv.gr. Þess vegna varð eitt yfir allar breyt.-till. hans að ganga, jafnt hinar óverulegu orðabreytingar sem hitt. Hér er því enga ályktun hægt að draga um þau atriðin, sem drógust með í fallinu, af því alt var borið undir atkvæði í einu.

Annars er mér óskiljanlegt, að það geti á nokkurn hátt rýrt það sjálfstæði eða haggað þeirri afstöðu Íslands gagnvart Danmörku, sem önnur ákvæði frumv. tryggja því, þó landhelgissvæðið við Ísland sé ekki sérstaklega nefnt »hið íslenzka landhelgissvæði« í lögum þessum fremur en það haggar sjálfstæði Danmerkur, þó landhelgissvæðið við Danmörk sé ekki sérstaklega nefnt »danskt« í frumv. Þetta eru orð, orð og ekki annað.

Skúli Thoroddsen: Út af ræðu hæstv. ráðh. skal eg geta þess, að það er alt öðru máli að gegna um Dani, þótt þeir óski þess eigi getið sérstaklega í frv., að Danmörk hafi sitt eigið landhelgissvæði. Það efast enginn um að svo sé. Hitt var á hinn bóginn nauðsynlegt, að geta þess, að Ísland hefði sitt eigið landhelgissvæði, þar sem Danir telja þar til jafnréttis við oss.

Að því er tilhögun á atkvæðagreiðslunni um breyt.till. minar snertir, þá mótmælti eg henni ekki af þeirri ástæðu, að það hefði ekki þýtt nokkurn skapaðan hlut, þar sem allir hinir nefndarmennirnir voru þeim andvígir, Íslendingar í nefndinni ekki síður en Danir, og kom mér það eigi á óvænt, þó að eg að vísu ekki byggist við því, að þeir greiddu atkv. gegn breyt.till. minum, og þá sízt, að einn þeirra, (Jóh. Jóh.) talaði í móti þeim. Hefði og að líkindum meira áunnist, ef vér Íslendingarnir hefðum allir haldið hópinn og staðið fast fyrir.

Ráðherrann (H. H.): Hinn háttv. þm. misminnir þetta, að nokkurt orð hafi fallið um, að menn væru andvígir efni allra breyt.till. Hitt er annað mál, að þá hafi þótt of langt komið samningum, til þess að vera að rífa upp aftur einstök óveruleg orðalagsatriði. En það er rangt, að nokkur hinna íslenzku nefndarmanna hafi mælt í móti þeirri till. sérstaklega, sem hér er um að ræða. Í fundarskýrslum í »bláu bókinni« á bls. 14, er að eins sagt, að till. hafi ekki fengið stuðning af hálfu vor íslenzku nefndarmannanna, og það er satt, því að við vorum mótfallnir því að sprengja alt samkomulag á síðasta augnabliki.

ATKV.GR.:

Samþ. með öllum þorra atkv. að skipa 9 manna nefnd í málið og fresta 1. umr. þess.

Þessir þm. voru kosnir í nefndina við hlutfallskosningu:

Jón Þorkelsson,
Jóhannes Jóhannesson,

Sigurður Gunnarsson,
Björn Jónsson,
Jón Magnússon,
Skúli Thoroddsen,
Bjarni Jónsson,
Jón Ólafsson,
Ólafur Briem.

Í nefndinni var Björn Jónsson kosinn form., en Jón Þorkelsson skrifari og framsm.

Á fundi deildarinnar 20. marz skýrði forseti frá, að meiri hlutinn hefði skipað Benedikt Sveinsson þm. N.-Þing. í nefndina í stað Björns Jónssonar, er utan færi á konungsfund. Við burtför hans var Skúli Thoroddsen valinn form. nefndarinnar.

Framhald 1. umr. (A. bls. 192, 1, n. 533 meiri hl., 596 minni hl.); 26. apríl.

Framsögumaður meiri hlutans (Jón Þorkelsson): Eg skal að eins geta þess að háttv. meiri og minni hluti hafa komið sér saman um að hafa ekkert skraf við þessa umr. og fresta öllu hjali til 2. umr.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Önnur umr. (A. bls. 192, 1, n. 533 og 596, 612, 628); 28. apríl.

Framsögumaður meiri hlutans (Jón Þorkelsson): Eg ætti í rauninni ekki að þurfa, að vera langorður hér að sinni um þetta afar-mikilvæga mál. Það hefir nú verið svo þaulrætt, svo að segja alt frá jafnlengd í fyrra á hverjum mannfundi, svo að kalla, sem haldinn hefir verið um endilangt þetta land, að þar getur nú litlu verið við að bæta, er geri málið ljósara. Síðan hefir það nú og verið tekið til meðferðar, umræðu og atkvæða á öllum þingmálafundum landsins, síðastliðið ár, svo að það er nú orðið öllum þraut-kunnugt út í æsar í hverju einstöku atriði. Og eins og von er, þá hefir þjóðin látið sig þetta mál svo miklu skifta, að varla munu dæmi til þess, að landsmenn hafi gert sér jafnglögga grein fyrir nokkru máli öðru. Það hefir komið alveg skýlaust fram, hver vilji alls þorra landslýðsins sé um þessa sök, hverjar kröfur þjóðin gerir sjálfri sér til handa og til hvers hún ætlast af þinginu, en það er að halda fram fullveldi lands og þjóðar í öllu gagnvart Dönum. Hér er því um ekkert að villast.

Allur þorri landsmanna kannast ekki við það, að í frumvarpi því frá millilandanefndinni, sem hér liggur nú fyrir, sé landi þessu og þjóð ætlað fullveldi yfir öllum málum sínum. — Eftir frumvarpi þessu er að vísu ætlast til þess, eða gert ráð fyrir því, að vér, þegar stundir líða og með ófyrirsjáanlegum eftirgangsmunum, getum fengið fullveldi yfir öllum málefnum vorum, að undanskildum þremur: konungssambandi, utanríkismálum og hermálum, sem vér eigum að hafa sameiginleg með Dönum og þeir að ráða yfir. Að vísu er gert ráð fyrir því, að endurskoðun geti eftir ákveðinn tíma átt sér stað á frumvarpi eða lögum þessum, en þar stendur ekki eitt orð um það, að vér eigum nokkurn rétt á því, að fá þessi mál nokkurn tíma í vorar hendur. Þessi mál skulu því um aldur og ævi, ef þeim er ekki góðmótlega sleppt við oss, vera sameiginleg fyrir bæði ríkin, Ísland og Danmörku, og vér ekkert hafa yfir þeim að segja. En utanríkismál og hermál eru þau stórmál, og oss svo áríðandi, hvort upp á sinn máta, að vér um fram alt megum ekki láta þau svo af höndum, að þau sé ekki laus

við oss í framtíðinni og niðja vora, þegar vér heimtum þau, eftir einhverjum ákveðnum reglum.

En auk þessa er frumvarp þetta óljóst um margt, og svo sem orðað á huldu í ýmsum atriðum, og eftir því verður réttarstaða laudsins heldur óákveðin. Að vísu hefir því verið haldið fram af meiri hluta millilandanefndarinnar, að landinu sé ætlað að vera ríki. En sá galli er þó á því, að það er í öllu frumvarpinu endanna á milli forðast að nefna það »ríki«. Í 1. gr. frumvarpsins, þar sem áríðandi var að orðið »ríki« einmitt stæði, stendur orðið »land«, sem ekki gefur neina ákveðna réttarstöðu til kynna. Þó að í athugasemdum við frumvarp þetta hafi verið á einum stað tæpt á orðinu »en særlig Stat«, þá er ekki mikið upp úr því að leggja. Orðið »Stat« þarf ekki að þýða annað en »fylki« í ríkisheild með meira eða minna lítilfjörlegri heimastjórn (homerule) í nokkrum fylkismálum. Að hér sé heldur ekki annað meint en »fylki« — og ekki »ríki« — vottast nú og af því, að Danir játa það nú sjálfir, að þeim hafi aldrei dottið í hug, að Ísland ætti að verða »ríki« og því síður »fullvalda ríki« jafn réttháttt við Danmörku.

Þó að mönnum hafi nú ekki geðjast að því, hvernig til þessa frumvarps var stofnað og hvernig það er til orðið, eins og tekið er fram í nefndaráliti voru, höfum vér þó, meiri hluti nefndarinnar, ekki viljað ráða til þess, að fella það umsvifalaust, heldur höfum vér valið þann veg, að gera við það breytingar, er bæði gerðu ákvæði þess skýr, ljós og ótvíræð, og að það kæmi ljóst fram, að landið væri fullveðja ríki, sem og ætti lausn á öllum málum sínum, að undanteknu konungssambandinu einu og borðfé til konungs og ættmenna hans.

Breytingartillögur vorar skal eg nú fara lauslega yfir, og gera stuttlega grein fyrir þeim.

1. gr. er með breytingum okkar þannig: »Ísland er frjálst og fullvalda ríki í sambandi við Danmörku um einn og sama konung og þau mál, er dönsk stjórnarvöld fara með í umboði Íslands samkvæmt sáttmála þessum«. Í stað þess er stendur í sambandslagafrumv.: »Ísland er frjálst og sjálfstætt land« í veldi Danakonungs o. s. frv.

Sömuleiðis höfum vér breytt 2. gr. all-mikið. Fyrir orðin (í 1. línu) »er gildir« komi »er nú gildir« (1.—2. lina). Vildum vér eigi, að þessi ákvæði tæki lengra, en til Glücksborgarættar þeirrar, sem nú er rétt borin til ríkis með Dönum.

Eins er það, hvað snertir rétt konungs til þess, að hafa á hendi ríkisstjórn í öðrum löndum. Er í breytingartillögum vorum nokkurn veginn skýrt ákvæði um það, að hann megi ekki hafa slíka ríkisstjórn á hendi, þó að ríkisdagurinn danski samþykki, nema því að eins, að það fyrirkomulag sé líka samþykt af alþingi Íslands. Eigi höfum vér heldur viljað, að sama gildi hér og í Danmörku, þegar konungur er »ófullveðja« barn eða þjáður af langvarandi sjúkdómi, t. d. geðveiki eða fásinnu, er geri hann óhæfan til ríkisstjórnar, heldur er þá ætlast til, að Íslendingar sjálfir geri ráðstafanir, að sínu leyti um það, hver hafa skuli ríkisstjórn á hendi á Íslandi, og hvernig ríkisstjórn þar þá skuli hagað.

Þá höfum vér og felt niður orðin: »svo og . . . . . ríkisarfi til«, og merkir sú tillaga enn, svo sem sú, er talin var fyrir skemstu, að vér viljum ekki binda oss að svo stöddu við neina aðra konungsætt, er koma kynni til valda í Danmörku, en Glücksborgarætt, þá sem nú er þar réttborin til

ríkis. Verði hún aldauða til ríkiserfða, þá viljum vér, að Íslendingar hafi óbundnar hendur.

Eins hefir oss þótt nauðsyn til bera, að gera orðabreytingar við upphaf á 3. grein. Við kunnum ekki við »sameiginleg mál«, en vildum heldur hafa »sambandsmál«.

Við 2. lið 3. gr. höfum vér gert breytingartillögu. Eins og menn vita, þá hefir það vakið all-mikla eftirtekt og umtal, að mönnum þykir íslenzki textinn og sá danski ekki í góðri samhljóðan einmitt í þessari málsgrein. Í íslenzka textanum stendur »samþykki«, þar sem í danska textanum stendur »Medvirkning«. Orðið »Medvirkning« getur að vísu merkt »samþykki«, en þarf ekki að merkja það, þarf ekki að merkja annað en »meðverknað«, »samverknað«, tilstyrk, atbeina, aðstoð, sem sá, er minni máttar er getur verið neyddur til að gera nauðugur. Með breytingartillögu vorri, þá höfum vér nú viljað sameina það tvent, að engir utanríkissamningar verði af hendi Dana gerðir, er snerta íslenzk mál, nema því að eins, að rétt íslenzk stjórnarvöld bæði taki þátt í því, að gera samningana, og jafnframt samþykki þá. Þarf því þá bæði við »Medvirkning« Íslendinga og þeirra »Samtykke« til þess, að slíkir samningar sé gildandi fyrir oss.

Eg sé, að háttv. minni hluti hefir einnig gert breyt.till. við þennan lið (3. gr. frv. 2. lið), en sú breyt.till. er að minni hyggju að eins óbótatillaga, skemdartillaga, réttarspillir; hún gerir enn skýrara en áður, að hér sé að eins að ræða um sérmál landsins, en ekki um utanríkismál.

Af þessu er það full-ljóst, að t. d. Spánarsamningur (um íslenzkan fisk), er gerður væri við Spánverja sérstaklega hlyti að liggja fyrir utan þetta »samþykki« (*Hannes Hafstein:* Þetta er misskilningur). Eg leyfi mér nú að halda fram þessum skilningi, á meðan engin rök koma á móti.

Aðal-breyting meiri hluta nefndarinnar við 3. gr. er sú, að 3. liður þeirrar gr. falli niður. Hermál höfum vér engin og höfum aldrei haft frá alda öðli, hvorki með Norðmönnum eða Dönum. Það er þó svo að vísu, að stjórnarskráin (57. gr.) heimtar af oss landvarnir hér á landi, en ekkert út fyrir það.

Vér höfum í raun réttri ekki önnur lög um þetta en sáttmálann við Ólaf konung helga frá 1022. Árið 1857 kom það til tals, að fá menn héðan af landi kvadda í danska herinn, en þeirri málaleitun var svarað svo, meðal annars í bréfi frá gamla Havsteen amtmanni, að það myndi mælast illa fyrir, með því að engin lög væru til þess.

Slík lagaákvæði hafa aldrei verið til hér og Íslendingar hafa því að lögum engin hermál; þeir eiga að vera hlutlausir, það er þeim hentast, enda ætti það ekki að verða ókleyft. Varnir Dana hrökkva þeim ekki, ef í hart fer, og þeir geta ekki hjálpað Dönum í ófriði, þótt Dönum lægi lífið á. Sameiginleg hermál með Dönum og Íslendingum eru Dönum gagnslaus og oss jafnvel háskaleg.

Þá hefir meiri hlutinn breytt 4. lið 3. gr., en það er ákvæðið um fiskiveiðaréttinn í landhelgi. Það ákvæði frumv. er ófrjálslegt og jafnvel háskalegt, þar sem oss er heimilað að auka eftirlitið með fiskiveiðunum við Ísland að eins eftir samkomulagi við Dani.

Íslendingum á að vera full heimild á að auka fiskiveiðagæzluna alveg eftir því, sem þeir vilja og geta, án þess að spyrja nokkurn að því. Vér höfum því lagt það til, að 4. liður orðist þannig: »Gæzla fiskveiða í landhelgi

Íslands, að óskertum rétti Íslands til að auka hana«. En fyrir orðin »fiskiveiða í landhelgi Íslands« stendur í frv. »fiskiveiðar þegnanna«, þ. e. bæði Íslendinga og Dana, sem oss þótti eigi haldast mega.

Helmingur meiri hluta nefndarinnar (eg og 2 aðrir) leggur til, að ákvæðið um endurgjaldið til Dana fyrir gæzluna orðist þannig:

»Endurgjald fyrir gæzlu þessa greiðir Ísland eftir því, sem málsaðilum kemur saman um með sérstökum samningi, er leggist fyrir alþingi til samþykkis«.

En hinn helmingur meiri hluta nefndarinnar vill orða þetta ákvæði þannig:

»Meðan Danir annast strandvarnirnar, njóta þeir jafnréttis við Íslendinga, að því er til fiskiveiða í landhelgi Íslands kemur, nema um annað endurgjald semji«.

Þetta ákvæði er ætlast til að verði ný málsgrein, er bætist aftan við 4. lið 3. gr.

Hin síðari tillagan þótti mér og 2 af nefndarmönnunum fara miður, bæði af því að vér kunnum ekki við að bjóða fram landhelgina, og af því að í sumar kom það ótvírætt í ljós í landinu, að mönnum þótti ilt að Íslendingar væru ekki einir um landhelgina, og að síðustu yrði þetta sérmál vort eftir þessari tillögu eitt af sameiginlegu málunum.

Fæðingjaréttur hér í landi teljum vér að vera eigi undir oss einum kominn, en megi ekki vera sambandsmál. Vér leggjum því til, að 5. liður 3. gr. falli niður.

Ákvæðinu um hæstarétt þótti oss og rétt að breyta, af því að orðalag frv. er hált í þessu atriði og eins víst, að Danir sjálfir þættist eiga að meta það nær dómaskipun landsins væri nægilega breytt til þess, að vér ættum rétt á því, að losna við hæstaréttinn danska. Það þurfti því að taka það skýrt fram, hvenær vér gætum fengið ægta dómsvaldið í landið. Fyrir því höfum vér lagt til að það ákvæði orðist svo: ». . . . þangað til löggjafarvald Íslands setur á stofn ægta dóm í landinu sjálfu«. Ísland á með öðrum orðum að ráða því sjálft, hvenær það fái ægta dóm í landinu.

Þá teljum vér og kaupfánann út á við sérmál vort; vér leggjum því til, að það ákvæði falli burt. Sama er að segja um 4. gr., það er till. nefndarinnar, að hún falli niður sem óþörf.

Á 5. gr. hefir meiri hl. nefndarinnar gert miklar breytingar. Fyrst er það, að jafnréttis-ákvæðinu er breytt þannig, að Danir heimilisfastir á Íslandi o. s. frv. skuli njóta hér jafnréttis við oss. Um það varð lítilsháttar ágreiningur í meiri hluta nefndarinnar, hvort nema skyldi burt úr þessari gr. ákvæðið um forréttindi íslenzkra stúdenta við Kaupmannahafnarháskóla.

Eg leit svo á — og 2 af meðnefndarmönnum mínum — að þessi klausa mætti ekki í sambandslögum standa; hún væri ótvírætt innlimunarmerki. Það kemur að voru áliti ekki sambandslögum við, hvort ísl. nemendur fá »legat« eða ekki, sem þeir í rauninni eiga fult tilkall til, eftir fornum lagaákvæðum og »statútum«. Hið svo nefnda »kommúnitet«, er hér ræðir um, er í rauninni »legat«, sem konungur lagði til háskólans seint á 16. öld; hann hafði, sem kunnugt er orðið, rænt klaustragóssi bæði hér og í öllum öðrum ríkjum sínum. Fyrir því var fé þetta líka lengi kallað »klaustrafé«, og að hafa »klaustur« eða vera á »klaustri«. Konungur hafði haldið klaustrafénu héðan meir en í 30 ár,

án þess nokkuð kæmi í móti áður en íslenzkir námsmenn tæki að njóta þessa fjár.

Vér höfum því að vorri ætlan kröfu til endurgreiðslu á þessu fé, ef vér eigum að vera óræntir réttar vors.

Um þetta atriði klofnaði meiri hl. nefndarinnar eins og eg tók fram áðan; en um það varð nefndin á einu máli, að 2 síðustu málsgr. 5. gr. skyldu falla burtu. Vér litum svo á, að ekkert ákvæði um herþjónustu af vorri hálfu gæti átt sér stað hér, með því að engin sameiginleg hermál viljum vér hafa við Dani, og höfum lagt það til, að 3. liður 3. gr. verði feldur niður. 57. gr. stjórnarskrárinnar stendur óhögguð fyrir því, með því að til landvarnar hér á landi erum vér skyldir eftir sem áður.

Ennfremur þótti full ástæða til að fella burtu fiskiveiðaákvæðið: að Danir og Íslendingar séu hér og í Danmörku jafnréttháir í því efni. Og hvaða gagn er það oss, þótt vér njótum jafnréttis við Dani, að því er fiskiveiðar við Danmörku snertir. Þau skifti væri hinn mesti ójöfnuður fyrir oss. Fiskimið þeirra geta á engan hátt jafnast við fiskimið vor, enda oss annað hentugra en að gera menn til róðra í útver til Danmerkur.

Þá vildum vér breyta orðalagi 6. gr. algerlega. Fyrri málsgr. orðist svo: »Í umboði Íslands fara dönsk stjórnarvöld með mál þau, er talin eru í 3. gr., unz uppsögn fer fram af annari hvorri hálfu, samkvæmt fyrirmælum 9. gr.« (er nú verður 7. gr.).

Vér vildum, að það kæmi skýrt fram, að hér væri um umboðsmál að ræða, og að hægt væri að segja þeim lausum á 25 ára fresti, öllum nema konungssambandinu einu.

Á 7. gr. gerðum vér orðabreytingar, samkv. því, sem á undan er farið. Þar ætlumst vér til að standi svo:

»Meðan Ísland tekur ekki frekari þátt í meðferð sambandsmálanna en um getur í 3. gr., tekur það heldur ekki þátt í kostnaði við þau, nema hvað Ísland leggur fé á konungsborð.«

Þá kemur þessi 8. gr., sem að mörgu leyti er einhver leiðinlegasta hnykslunarhellan í öllu frumv. Þar er ákvæðið um, að dómsforseti hæstaréttar skuli sjálfkjörinn oddamaður, ef ágreiningur verður. Hér er misréttið svo ginandi, að engin von er til þess, að Íslendingar vilji á nokkurn hátt hafa slíkt ákvæði í þvílíkum sambandssáttmála sem þessum. Það hefði getað komið til mála, að hlutkesti milli dómstjórans í hæstarétti Dana og æzta dómarans á Íslandi hefði ráðið, ef ágreiningur varð um oddamann. En vér álítum grein þessa ekki nauðsynlega, og höfum því lagt það til, að hún falli niður með öllu.

9. gr. frumv. er í rauninni flækjugrein; hún er staglsöm og illa orðuð. Henni vildum vér því breyta og gera hana einfaldari, en 25 ára frestinum vildum vér þó halda, og jafnframt, að ákveðið væri, að alt, nema konungssambandið eitt, geti orðið uppsegjanlegt eftir þann tíma með eins árs fyrirvara, hvort heldur ríkisþingið danska eða alþingi Íslendinga óskar þess.

Hinn háttv. minni hluti hefir gert ráð fyrir, að Danir myndu ekki taka slíku sambandi og hér er farið fram á, þar sem öll mál séu uppsegjanleg, en vér höfum þó ekki vilað fyrir oss, að halda fram slíku sambandi, sem oss hentugustu og því eina tiltækilega, ef samband skal haldast. En það hafa vitrir menn sagt oss, að ekki muni það verða oss mikið dýrara að ráða oss að fullu og öllu sjálfir, en að hafa konungssambandið eitt.

Má vera, að háttv. minni hluti segi nú, að þetta sé nú ekki annað en »grímuklæddur skilnaður«; hann um það, og mun eg víkja að því atriði síðar.

Hefi eg þá farið í gegn um allflestar breyt.till. meiri hluta nefndarinnar. Vænti eg þess, að háttv. þm., sem nú hafa átt kost á að kynna sér þessar breyt. vorar, sjái hér ekki gægjast fram neinn »grímuklæddan aðskilnað«. (*Jón Jónsson*, S.-Múl.: Danir geta sagt upp, þegar þeir vilja). Geri þeir svo vel. En eg held menn geti þó sofið rólega fyrst um sinn og kviðalítið fyrir því, að þeir geri það. Eg hugsa, að þeim sé annara um eitthvað annað en að sleppa oss úr sambandi við sig. Eins og vér leggjum til að frumv. verði, má ganga að því nokkurn veginn vísu, að 25 fyrstu árin verður ekki um annað samband en málefnasamband að ræða — ekki persónusamband, konungssamband eitt. Hitt er annað mál, að vér viljum nú með sáttmála þessum búa svo um hnútana, að eftir 25 ár sé oss heimilt hreint konungssamband við Dani.

Skal eg svo leyfa mér að koma lítið eitt við álit hins háttv. minni hluta; þess er þó að vísu ekki mikil þörf, með því að það líkist mikln fremur almennri blaðagrein ritaðri sérstaklega »fyrir fólkið«, en rökstuddu skjali.

Og það hygg eg vera hið allra kynlegasta nefndarálit, er enn hefir komið fram hér á þingi. Álitið hefst á bullandi skömmum til meiri hlutans fyrir drátt í nefndarstarfinu — og þó hefir hinn háttv. minni hluti orðið langt á eftir með álit sitt, sem er miklu styttra og miklu efnisminna, og einkum eftirtakanlegt fyrir stór orð og staðhæfingar.

Allar breyt.till. hins háttv. minni hluta eru alveg gagnslausar, nema þar sem ríki er sett í 1. gr. og tekið er burt ákvæðið um, að Danmörk og Ísland sé í ríkjasambandi o. s. frv. Þessi breyt. er til bóta, og hefði vel verið, ef öllu hefði verið breytt á líka lund; það hefði þá verið nokkur bröggun að því.

Breyt.till. minni hl. við 9. gr. væri auðvitað til bóta, ef hún næði yfir öll málin, að undanskildu konungssambandinu, en svo er ekki. Sömu málin standa föst og áður, og þau verða því að eins laus, að Danir vilji svo vera láta.

Aðrar breyt. háttv. minni hluta, eru að mestu bráðónýtar orðabreyt. einar; því eg veit varla, hvort breyt.till. um landhelgina er til bóta eða ekki.

Nefndarálit hins háttv. minni hluta er að mörgu einkennilegt, eins og þegar hefir verið sagt; þar eru staðhæfingar margar, og allar eiga þær sammerkt í því, að ekki er reynt að rökstyðja neina þeirra, þar er t. d. sagt (bls. 3), að persónusamband hafi aldrei verið, sé ekki og geti aldrei verið milli tveggja ríkja, er bæði hafi þingbundna konungsstjórn, og skal eg víkja nokkuð frekar að því síðar.

Persónusamband er furðu gamalt. Eða mun nokkur hér á þingi þora að neita því, að vér gerðum persónusamband við Noreg, konungssamband eitt, 1262, og var þó konungurinn þá hvorki einvaldur í Noregi né á Íslandi; hann var að vísu einvaldur yfir hermálum í Noregi en ekki á Íslandi. Hann var annars um löggjöf bundinn við lögþingin norsku fram undir 1300; hann gaf ekki nein alsherjar lög á eigin hönd án samþykkis þinganna. Landslög Magnúsar konungs lagabætis, bæði Gulaþingslög, Frostaþingslög og Eiðsifjaþingslög eru öll lögtekin á lögþingunum norsku, en ekki gefin út upp á eindæmi konungs.

Eg heyri hér leggja í eyra mitt eitthvað, sem hinn virðulegi 5. kgk. þm. (L. H. B.) úr efri deild er að tuldra, en mætti eg ekki biðja þann háttv. þm. að þegja, þangað til honum gefst kostur á að tala um þetta mál upp í Ed.? Hér á landi gátu menn gefið út lög, án þess að samþykki konungs þyrfti til, en konungur gat engin lög gefið út án samþ. þingsins, ella að þess undirlagi.

Ísland og Noregur sameinuðust um einn og sama konung, gerðu með sér »personalunion«. Má eg nú spyrja: Vilja þeir hinir háttv. herrar, minni hlutamenn hér á þingi, þá standa við það, samkvæmt nefndaráliti sínu, að þessi »sameining« hafi verið »grímuklæddur skilnaður«? Eða var það »grímuklæddur skilnaður«, þá er Svíar og Norðmenn sameinuðust undir einum og sama konungi 1319. Þeir höfðu ekki verið í sambandi áður, en voru nú að ganga í samband. Er minni hlutanum alvara með að þeir hafi verið að skilja, þegar þeir voru að sameinast? Eða er samband að viti minni hlutans sama og skilnaður?

Eða var það »grímuklæddur skilnaður«, er öll Norðurlönd gerðu samband sín í milli undir einum og sama ríkiserfingja 1397 (Kalmarsambandið)?

Það skín glögt út úr nefndaráliti minni hlutans, að hann hefir ekki athugað það, að ríkiserfinginn var einn og hinn sami í öllum þessum ríkjum, eða að ríkiserfingi getur verið sá sami í mörgum ríkjum, þar sem um persónusamband ræðir, og annað en sameiginlegan ríkiserfingja þarf ekki til þess að konungssamband verði. *(Jón Ólafsson:* Var Ísland þá aðspurt?) Það veit eg ekki og það veit enginn, enda kemur það ekki þessu máli við. Engin skjöl eru nú til, er segi til eða frá um það efni. En hitt mætti háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) vera fullkunnugt, að bæði var Ísland aðspurt 1319 og svo var það spurt seinna, hvort það vildi hylla hinn sameiginlega konung.

Kalmarsambandið hélzt til 1523, er Svíþjóð losnaði úr sambandinu eftir Stokkhólmsvígin; hin ríkin héldu saman á svipaðan hátt og áður fram til 1537. Þá myndi Noregur eftir kenningum háttv. meiri hluta hafa verið innlimaður, þegar hann var sviftur ríkisráði sínu, þó að hann héldi áfram að vera og nefnast konungsríki. Staða Noregs varð þá í raun og veru alveg hin sama og staða Íslands, nema rýrari um löggjöf. Ísland var því eftir stöðu sinni ríki eins og Noregur.

Eg vil nú enn fremur leyfa mér að spyrja háttv. minni hluta.: Var það »grímuklæddur skilnaður«, þá er England og Hannóver sameinuðust undir einn og sama ríkisarfa, Georg kjörfursta Englakonung 1714, — þessi ríki höfðu ekki verið í sambandi áður — ? *(Hannes Hafstein:* Það var enginn samningur). Það var sá samningur, sami, staddi, statutum, sem vanalega heldur vel, það voru ríkiserfðalög beggja landanna, sem sögðu, að svo skyldi vera. Ríkiserfinginn var einn, og undir hann bar bæði ríkin að lögum, hvernig svo sem stjórnarskipun hvors ríkisins var að öðru leyti háttað. Þetta samband stóð svo til 1837, er Viktoría drottning kom til ríkis á Englandi. Þá var karlleggur konungsættarinnar þrotinn, og kona mátti ekki taka ríki í Hannover, svo að þar kom til ríkis fjarskyldur karlfrændi. Löndin skildu, þegar persónusambandið hætti, en ekki þegar það byrjaði.

Á 18. öld var og enn persónusamband milli Austurríkis, Ungverjalands og Bæheims, er stóð þangað til Karl keisari hinn 6. gerði hina svo nefndu »pragmatisku sanktion« til þess að

tryggja Mariu Theresiu dóttur sinni ríkiserfðir í Austurríkislöndum.

Frá nýrri tíð má einnig að nokkru leyti nefna sem dæmi hér upp á Belgíu og Kongo. (*Jón Ólafsson:* Kongo?!) — Eg bið háttv. framsm. minni hlutans (J. Ó.) að reyna að þegja þangað til eg hefi lokið máli mínu, þá gefst honum kostur á að sýna sinn fróðleik. Kongo var til skamms tíma stjórnað af Belgíukonungi sem einvaldskonungi með nokkurs konar miðstjórn í Bruxelles, þangað til það var afhent Belgíu sem nýlenda.

Það er þingbundin stjórn bæði í Danmörk og Grikklandi. Og einmitt þau tvö ríki hafa vitrir menn tekið sem dæmi upp á það, hvernig konungssamband (personalunion) milli ríkja myndist eðlilega. Ef karlleggur yrði aldauða frá Friðriki Danakonungi VIII. og frá Valdemar prinzi bróður hans, þá bæri ríkiserfðir í báðum þessum löndum undir niðja Georgs Grikkjakonungs. Og mundi það ekki verða persónusamband? (*Jón Ólafsson:* Georg Grikkjakonungur hefir afsalað sér og niðjum sínum tilkall til ríkiserfða í Danmörku). Veit eg það, spyr heldur ekki hinn háttv. þm. að því. En að Georg Grikkjakonungur þurfti beint að segja þessum rétti frá sér og sínum örfum — svo að jafn óhentugt persónusamband eins og milli Grikklands og Danmerkur kæmist ekki á nokkuru sinni — sýnir einmitt, að eg fer með rétta kenningu.

Eitt er það, sem tekið hefir verið eftir spekingnum danska Knud Berlin, er í hvívetna hefir haft allan vilja og viðleitni á því að reynast oss erfiður. Það eru þau ummæli hans, að samband það, er vér gerðum fyrrum við Noregskonung væri innlimun, af því að vér hefðum samið við konung í öðru landi, gert konung í öðru landi að vorum konungi. Á þessa kenningu hans féllst að því er virðist, meiri hluti millilandanefndarmannanna íslenzku.

Nú vil eg spyrja: Höfðu öll ríkin, Ísland, Noregur, Danmörk og Svíþjóð konung í sínu landi á tímabilinu 1319—1523, höfðu þau konung hvert hjá sér? Eða hverju ríkinu heyrði konungurinn til? Hver af þeim höfðu annars lands konung yfir sér? Varð Noregur skattland Svíþjóðar eða varð Svíþjóð skattland Noregs 1319? Eða urðu Noregur og Svíþjóð skattlönd Danmerkur 1397? Eða varð þá Danmörk og Noregur skattland Svíþjóðar eða Svíþjóð og Danmörk skattlönd Noregs? Öll þessi ríki höfðu hvort um sig, alveg eins og Íslendingar 1262—64 gert annars land, hvert annars konung að sínum konungi, og ríkin voru öll jafnrétthá.

Eg ætla ekki að fara langt út í það gaman, sem stendur á bls. 4 í nefndaráliti minni hlutans, þar sem verið er að brýna það fyrir kjósendum í landinu, hvað sjálfstæðið kostar. Mér sýnist það efni framsett á þann hátt hjá minni hlutanum, að mál þeirra ætti betur heima í blaðagrein heldur en í nefndaráliti, sem frambærilegt ætti að vera hér á þingi.

Ein spekin, sem eg rek augun í í þessu einkennilega nefndaráliti, og sem er gott sýnishorn þess, hvernig það er í heild sinni rökstutt, er það, að Danmörk sé »elzta« konungsríkið í Norðurálfu heims. Eg hafði hugsað, að sá maður væri ekki til heimsendanna á milli, sem gæti sagt nokkuð með vissu um það, hvert væri elzta ríkið í álfu vorri. En hér kom sá, sem vissi, minni hluti nefndar á alþ. úti á Íslandi! Í grárri fornöld og fyrir allar aldir voru öll Norðurlönd smærri eða stærri konungsríki, þegar fyrst fara af þeim nokkrar sagnir, og England t. d.

er eftir sögnum orðið konungsríki rétt um daga Trjóumanna. En um ár eða aldabil veit þar enginn maður neitt. Önnur eins speki og þessi fullyrt með hik- og hispurslausri einurð, gefur grun um, að eitthvað fleira muni staðhæft að ástæðulitlu í nefndaráliti minni hlutans.

Minni hlutinn heldur því fast fram í áliti sínu, að vér séum af Dönum innlimaðir í Danmörku með stöðulögunum frá 2. jan. 1871, og að í þeirri innlimun verðum vér að dúsa, hvort sem vér viljum eða ekki. Af þessu dregur svo minni hlutinn þá ályktun, að vér eigum engan annan kost en að samþ. þetta millilandanefndarfrumv. til þess að losa oss við stöðulögin, og — innlima oss þar með sjálfir, en sú innlimun sé tilvinnandi, af því sú innlimun sé með nokkru betri kostum en innlimun Dana á oss 1871.

Hér skilur meiri hlutann og minni hlutann. Vér viljum ekki samþ. neitt það sjálfir, sem skert geti rétt vorn þann, er vér teljum oss eiga, en minni hlutinn álílur oss réttlausa, og vill því taka það, sem fæst.

Það má auðvitað lengi deila um það hver réttur okkar er að lögum. En fyrir mér er hann skýr, ljós og ótvíræður. Frá því er skýrt í stuttu máli í nefndaráliti voru, hvern rétt meiri hlutinn telur oss eiga.

Minni hlutinn vill ekki byggja mikið á því, hver þjóðréttur vor sé, samkvæmt sáttmálum, lögum og rökum sögunnar. Oss er það kunnugt að fornu og nýju frá því er saga minni hlutans hófst. Hann vildi byggja alt á náttúrlega réttinum svo kallaða. Enginn neitar því að hann sé góður nái honum. En hann er svo beztur að pappírarnir séu í reglu, að skjöl og skilríki sé til fyrir eigninni. Með hinum sögulega rétti vorum er hinn náttúrlegi réttur vor einmitt trygður. Vor eðlilegi þjóðréttur, að vera frjálst ríki og fullvalda þjóð, er einmitt nákvæmlega vor forni réttur, sem ríkisskjöl vor, hinir gömlu sáttmálar, eru hlaðin um sem varnargarður. Þeir, sem þá heimta hinn náttúrlega rétt oss til handa, en þykjast ekkert vilja hafa með vor fornu skjalföstu og sáttmálum vörðu réttindi að gera, krefjast þó að vísu hins forna réttar vors, þó að þeir annaðhvort viti það ekki eða loki fyrir því augunum. Það er eins og þeir haldi það gangi betur að sækja þrætulandið eignargagnalaust. Þar skilur oss og þá. Vér viljum sækja vorn náttúrlega rétt, vorn forna þjóðarrétt, en vér viljum styðja þá sókn og efla með öllum þeim lögheimildum og eignargögnum, sem vér eigum til og sýna, að þrætulandið sé vor eign. Menn skulu því vara sig á því, að gera lítið úr gildi hinna fornu ríkisskjala vorra. Fyrir mótstöðumenn vora, Dani, eru þau sá örlagagarður, sem þeir hafa aldrei komist yfir og munu aldrei komast yfir. Það eru þau, sem þeir verja stórfé til að reyna að hrekja og vefengja. Þar þykir þeim alt á ríða.

Meðvitundin um það, að vér eigum í raun og veru lögum og heimildargögnum várinn rétt fullvalda þjóðríkis ofan úr öldum, hefir einnig haft og hefir enn mikla þýðingu fyrir oss. Það hefir gefið þjóð vorri það þrek í baráttunni fyrir réttindum sínum og lyft henni til þeirrar djörfungar, sem vanséð er, að hún hefði annars haft. Meðvitund þessi er góð, að vér höfum aldrei glatað þeim réttindum, er ríkisgögn vor frá þeim tímum, sem vér gengum undir konungsvaldið sýna að oss voru þá skilin, heldur varið þau eftir megni til þessa dags fyrir löglausri ágengni og áleitni útlends valds.

Vér getum því uú komið fram upplitsdjarfir, að vér höfum ekki spilað þessum arfi frá forfeðrunum úr höndum oss. Vér erum ekki að heimta neitt af Dönum, sem þeir eiga, vér erum ekki að seilast á þeirra rétt, ekki að biðja um neitt, sem aðrir eiga, vér erum ekki að rekast eftir neinu óskilafé, — vér erum að heimta vitafé, eign vora, sem vér sýnum lagagögn fyrir, að vér eigum.

Danir þykjast vilja viðurkenna hinn náttúrlega rétt vorn, en hinn forna þjóðrétt vorn vilja þeir ekki kannast við. En af hverju? Af því að sá náttúrlegi réttur, sem þeir telja oss beri, er svo langtum lítilfjörlegri en sá réttur, er hin fornu ríkisskjöl vor segja til. Allir þekkja þann rétt, sem þeir hafa skamtað oss með stöðulögunum 1871 fyrir 38 árum. Og hver er sá náttúrlegi réttur, sem þeir vilja nú unna oss, hversu hátt rís hann? Hérna er verðlagsskráin, frumv. millilandanefndarinnar, sem þjóð þessa lands hefir nú einnig metið, og að verðleikum.

Þess hefir lítt verið gætt í sambandi við þetta mál, hvernig hin önnur eylönd í norðurhöfum en Ísland gengu í öndverðu undir Norðmannakonung, og sé eg þó ekki betur en það geti verið eftirtakanlegt til samanburðar við Íslendinga. Að vísu ganga þau öll undir konungsvaldið hvert á sinn hátt, en þar munar stórum, hve Íslendingar gera það mennilegast, og þeim er ábyrgð þess ljós, sem þeir eru að gera. Þeir eru og þeir einu, sem gera skriflegan sáttmála, og eru sér þess meðvitandi, að þeir sé fullveðja samningsaðilar.

Orkneyjar og Hjaltland komust undir Noregskonung á dögum Haralds harðráða nær 880. Kastaði hann eign sinni á öll óðul í eyjunum, enda þóttust Noregskonungar eiga þau æ síðan, og léðu þau jörlum sínum, Eyjajörlum, og gekk jarlsdæmið í erfðir.

Færeyingar gengu Noregskonungi á hönd á dögum Ólafs helga. Hann var yfirgangsmaður og áleitinn eftir því að ná bæði Íslandi og Færeyjum undir sig, enda höfðu Noregskonungar alt frá dögum Haralds hárfagra við og við verið að sæta lagi að ná valdi yfir þessum löndum. Allir þekkja Una hinn danska, sem Haraldur sendi hingað á að gizka um 890 og ætlaði að gera að jarli hér, en landsmenn gerðu þann aðsúg að sem nægði. Enginn lá þó á slíku lúalagi, að reyna að fleka Íslendinga, sem Ólafur konungur helgi, og það var hann, sem vildi fá Grímsey 1024 að gjöf, þegar Einar Þveræingur varð fyrir svörum á alþingi og ónýtti það ráð konungs með hinni minnilegu tölu, sem allir kannast við.

Færeyingar gengu Ólafi konungi á hönd 1024 með þeim skildaga, að þeir skuldbundu sig til »að halda þau lög, þann rétt, er hann setti þeim, og skattgildi það, er hann kvað á«. — Munurinn á afsali þeirra og sáttmálum vorum við konung er því gífurlegur. Á Færeyjum verður konungurinn strax einvaldur, en vér áskiljum oss löggjafarvald auk margs annars. Konungur ákveður ótiltekið skatt þeirra, svo háan sem honum sýnist, en vér einskorðum sjálfir, hvað vér viljum láta af hendi rakna. Færeyingar ganga næstum undir konungsvaldið eins og kindur, en Íslendingar vaka yfir rétti sínum eftir föngum með því að binda konung með skriflegum sáttmála.

Síðan dauða Þrándar í Götu 1035, sem var eini þjóðræknimaðurinn í eyjunum, er nokkuð kvað að, hafa

Færeyingar verið óslitið undir erlendu valdi.

Grænlendingar gengu Noregskonungi á hönd á dögum Hákonar gamla, eins og Íslendingar. Sama árið, sem hann sendi Henrik biskup að Hólum til Íslands (1247) til þess að reka þar erindi sín um vald yfir landinu, þá sendi hann einnig annan biskup til Grænlands, Ólaf að nafni, án efa í sömu erindagerðum, og hefir hann vist verið dyggur snati konungs, því að árið áður en Íslendingar gengu konungi á hönd átti Ólafur þessi einnig erindi hingað og dvaldi hér eitt ár, áður en hann færi til Grænlands. Árið 1257 sendi Hákon konungur þrjá af trúnaðarmönnum sínum til Grænlands, og voru þeir þar í fjögur ár, og höfðu þá unnið svo ósleitulega, að þá gengu Grænlendingar undir konung (1261). Enginn er til sáttmáli af Grænlendinga hálfu við konung, en Sturla lögmaður Þórðarson segir svo frá þessum atburði í Hákonarsögu (311. kap.):

»Þetta haust kómu þeir útan af Grænlandi Oddr af Sjöltum, Páll Magnússon, Knarrar-Leifr. Þeir höfðu verit útan fjóra vetr; þeir sögðu þat af Grænlandi, at þeir hefði gengit undir skattgildi, svá at öll manndráp skyldi bæta við konginn, hvárt er drepnir væri norrænir menn eða grænlenzkir, ok svá hvárt sem þeir væri drepnir í bygð eðr Norðrsetu. Svá ok þó þeir sæti alt norðr undir stjörnuna, þá skyldi konungur eigi at síður taka þegngildi eptir þá«.

Þó að Grænlendingar — sem þá voru Íslendingar, eins og vér erum — sýnist hafa gengið nokkuru mennilegar undir konungsvaldið en Færeyingar gerðu fyrrum, er munurinn á þeim og Íslendingum um þetta efni svo stór, að þar er engu saman að jafna. Sáttmálar vorir tryggja oss fullveldi yfir öllum málum vorum, og alt konungssamband laust, ef út af ber, en hin löndin tryggja sér ekki neitt, og hjá Færeyingum er full uppgjöf á öllum rétti.

Enginn maður hefir skrifað jafn viturlega og ljóst um þetta málefni vort sem prófessor Gjelsvik, norrænn maður. Er hann talinn einn af beztu lögfræðingum Norðmanna. Hann álítur þjóð- og ríkisrétt vorn enn alveg óskertan til þessa dags. Vér þurfum því ekki að koma fram sem beiningamenn fyrir Dani. Vér eigum einungis að heimta það, sem vér eigum og þeir halda fyrir oss.

Báðir flokkar hér á þinginu eru auðvitað sammála um það, að vér eigum að ná sem beztum rétti oss til handa að verða má, en um veginn greinir á að takmarkinu. Minni hlutinn leyfir sér og nú að fullyrða furðu mikið um það, hvað fáanlegt sé. Er það svo að skilja, má eg spyrja, að hinn fyrverandi ráðherra hafi fengið vitneskju og vissu um það, að óhætt væri að setja orðið »ríki« fyrir »land« í 1. gr. frv. og að fella megi í burtu »Det samlede danske Rige?« Hefir hann fengið tilsögn um það, að óhætt væri að breyta frumv., en leynt þingið því? Eða hvaðan kemur minnihlutanum sú speki að þessar breytingar séu frekar fáanlegar en breyt.-till. meiri hlutans? Þegar forsetarnir töluðu við Neergaard forsætisráðherra nú í utanför sinni, voru engar breytingar fáanlegar. Hvaðan er þá minnihlutanum komin sú vizka, að breytingar hans fáist samþyktar af Dönum? Eða er minnihlutinn hér að fara með vísvitandi ósannindi framan í öllum þingheimi? Eg krefst þess nú í nafni alls landslýðs, að minnihlutinn sýni

það hér á þingi og sanni vafningalaust, hvað hann hefir fyrir sér um þessar staðhæfingar sínar.

Skýrsla sú um samtal forsætisráðherrans og ráðherra Íslands nú síðast er áreiðanleg í öllum greinum, og hefir meðal annars staðið 16. þ. m. í »Þjóðólfi«, blaði forseta vors, sem sjálfur var áheyrsla þess samtals, og allir vita, hversu réttorður sá maður er. Þar er það skýlaust sagt, að ekki sé það tilætlunin með millilandafrv., að íslenzk mál séu þar með laus úr ríkisráði Dana. Ekki einungis það er því fengið með frumv. þessu, og hafa þó ýmsir haldið því fram, að svo væri og aðrir bygt á því fylgi sitt við frv.

Það sem vér fáum með millilandanefndarfrumv. er þannig vaxið, að ef vér göngum að því óbreyttu, þá játum vér af oss rétt, sem vér höfum haft til þessa dags, og fullveldi vort engu að nær. Verði það hins vegar samþykt með breyt.till., meiri hlutans, þá er fullveldi voru borgið og engum þjóðréttindum landsins afsalað.

Framsögumaður minni hlutans (Jón Ólafsson): Herra forseti! Eg ætla að biðja deildina að taka vægt á mér, þótt eg fari ekki langt út í ræðu hv. frsm. meiri hl. — Eg er illa fyrirkallaður, þreyttur, hef staðið í striti við búferlaflutning og ekki farið úr fötum í nótt.

Það var þá fyrst í ræðu háttv. frsm., er hann sagði að meiri hlutinn vildi gera þá breyting á frumv., að Danir færu með sameiginleg mál »eftir umboði voru« — sagði, að engin slík ákvæði stæði í frv. stjórnarinnar. Annað tveggja er, að hann hefir verið svo sokkin niður í gömul skjöl, að hann hefir engan tíma haft til að lesa frv., eða þá stórlega yfirsést við lesturinn, líkt og öðrum gömlum doktor, þegar hann les bibliuna. Því þetta stendur einmitt í 6. gr. Þar stendur, að Danir fari með þessi mál »fyrir Íslands hönd«, og það er að eins með því að vér samþykkjum þessi lög, að vér veitum þeim umboð til þessa. Sé þetta ekki að fara með mál »eftir umboði«, þá skil eg ekki mælt mál.

Það næsta, sem eg tók eftir, var það, að hann vildi gera lítið úr brtill. minni hlutans; þótti honum þær allar einkis virði nema sú fyrsta. »Sínum augum lítur hver á silfrið«. Allar brtill. minnihl. eru orðabreytingar til þess gerðar, að gera það ótvírætt, sem andstæðingar þess höfðu talið tvírætt, því höfum vér og breytt hinum danska texta frumv. líka, þar sem þess var þörf til að taka af allan efa um samræmi textanna á báðum málum. Auðvitað álítum vér, að alt það, sem brt. vorar fara fram á, hafi áður verið fólgið í frumv., en andstæðingar þess voru á öðru máli, og því vildum vér velja það orðalag, er þeir misskildu ekki. Einmitt af því, að Neergaard og aðrir danskir nefndarmenn eru oss samdóma um, að þessi sé sá skilningur, sem þegar lá í frumv., álíta þeir þetta orðabreytingar einar. Og því er engin mótsögn í því, að Neergaard segi, að Danir gangi að eins að orðabreytingum, og vér segjum, að þeir gangi að þessum breytingartill. vorum. Það samrýmist vel, er þeir telja þær að eins orðabreytingar, samkvæmar því, sem áður lá í frumv. En þar fyrir hljóta þær samt að vera mikilsverðar efnisbreytingar í augum þeirra manna, sem öðruvísi skildu nefndarfrumv. áður.

Háttv. framsm. meiri hlutans (J. Þ.) spurði, hvaðan oss kæmi sú vitneskja, er nefndarálit vort getur um, að vér teljum oss geta fullyrt, að breytingar

vorar mæti eigi mótspyrnu af Dana hálfu. Eg skal lýsa hér yfir því, ekki að eins í nafni minnihl. nefndarinnar, heldur í nafni vor 15 þingmanna i báðum deildum, sem fylgjumst að máli um frv. þetta, að vér höfum þá vitneskju svarta á hvítu, og má framsm. meirihl. (J. Þ.) standa á sama, á hvern hátt vér höfum fengið hana. Eg er þess fullviss, að þegar eg lýsi yfir því hér í áheyrn alls þingheims, i nafni vor allra 15, og legg það undir drengskap vorn, að vér hermum hér rétt frá, þá mun hvorki háttv. framsm. meirihl. (J. Þ.) eða neinn maður annar rengja orð vor allra um þetta mál.

Eg get sagt sama um nefndarálit meirihl., sem hv. framsm. hans (J. Þ.) sagði um nefndarálit vort, að það er »einkennilegt« — eða eg vildi öllu heldur segja fáránlegt. Það er ekki annað en einu sinni enn á ný upp soðin súpa af hinum mögru, dauðu beinum í beinagrindinni »Ríkisréttindi Íslands« og nokkrum skammrifum úr gömlum þjóðfundarskjölum og þingskjölum, og synd er að segja það, að súpan sé lystug. Nefndarálit meirihl. er svo leiðinlegt, að ýmsir háttv. þingmenn úr báðum flokkum hafa fullyrt við mig, að eg muni vera eini maðurinn, auk höfundarins sjálfs, sem hefir haldið út, að lesa það alt, með fylgiskjölum. Og full í lagt mun það vera, að $1^1/_2$ blaðsíða í öllu því langa máli snúi sér eiginlega beinlinis að efni frumvarps þess, sem nefndin fékk til meðferðar.

»Einkennilegt« er það og, að í 9 manna nefnd, með 6 manna meirihl., þá fær höfundur frumv. og framsm. meirihl. (J. Þ.) eina þrjá meðnefndarmenn sína til að verða sér samdóma um röksemdaleiðslu sína: tveir hygnustu mennirnir (þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) og 1. þm. Skagf. (Ól. Br.) eru honum ósamdóma. Háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) vill byggja á sama grundvelli, sem minni hlutinn — þótt kynlegt sé —, og háttv. 1. þm. Skagf. (Ól. Br.) virðist í áliti sínu um frv. stjórnarinnar svífa einhversstaðar í lausu lofti mitt á milli meirihl. og minnihl. Honum þykir framsm. (höf. meirihl. nefndarál.) gera of lítið úr þeim réttindum, sem stjórnarfrumv. gefur okkur, og vill byggja meira á þeim, en gert er í nefndaráliti meirihl.

Það er því svo langt frá því, að hann geri lítið úr þeim réttindum, sem frumv. veitir, að eg ímynda mér, og þykist viss um, að ef þær br.till., sem minnihl. nú hefir komið með, hefði legið fyrir í sumar, áður en hann bauð sig fram, þá hefði hann boðið sig fram, sem frumvarpsmaður, þótt hann sé nú orðinn svo rígbundinn flokksböndum, að hann hafi ekki kjark til þess að fylgja minni hlutanum að máli.

Allur vefur háttv. framsm. meirihl. (J. Þ.) um, að það væri rangt, sem sagt er í nefndaráliti voru, að persónusamband eitt hefði aldrei og gæti ekki átt sér stað í 2 ríkjum með fullri þingstjórn er bull, og alt, sem hann sagði um það lýsti að eins vanþekking hans á sögunni, og var — tómt bull og misskilningur og mishermi. Það sem sagt er í nefndarál. voru er rétt í alla staði og verður aldrei hrakið. Dæmið af sameining Noregs og Íslands sannar ekkert, af því að þar var konungur, eins og háttv. framsm. meirihl. (J. Þ.) játaði, einvaldur í hermálum og utanríkismálum — hann sagði í Noregi; eg segi í báðum löndunum. En þótt hann hefði verið það í Noregi að eins, þá var það nóg. Í nefndaráliti voru stendur: »þar sem slíkt samband hefir átt sér stað, þá hefir konungur verið

einvaldur í báðum löndunum, eða öðru að minsta kosti, í hermálum og utanríkismálum«.

Eg hefi áður bent á það í ræðu hér í deildinni, að um 1262 voru engin utanríkismál til hjá oss nema verzlunarmál. Svona var, þegar Íslendingar gengu konungi á hönd. En 5 árum síðar, þá gerir konungur samning við aðrar þjóðir um verzlun landsins. — Þetta var árið 1269. — 1302 bannaði Hákon Noregskonungur þýzkum kaupmönnum að verzla við norðurhluta Noregs og á Íslandi.

Mætti nefna fleiri dæmi því til sönnunar, að konungur hafi verið algerlega einvaldur í utanríkismálum. — Þá nefndi hann Kongó-ríkið, sem dæmi upp á »Personal-Union«; en þar var konungurinn einvaldur í öllum málum. Svona er þekking þessa hv. framsm. meirihl. (J. Þ.) á sögunni! Hinum dæmunum (Hannover — Bretland — o. s. frv.) er alveg eins farið. Konungurinn var t. d. í Hannover einvaldur í öllum málum allan þennan tíma, þar til 1833, og einvaldur þar í utanríkismálum og hermálum til 1837, að sambandið hætti.

Þá vildi háttv. framsm. meirihl. (J. Þ.) sýna fram á, að persónusamband gæti komizt á við konungserfðir í löndum með fyllilega þingbundinni konungsstjórn, og tók til dæmis, ef niðjar Friðriks VIII. dæju út í Danmörku, þá væru niðjar Georgs Grikkjakonungs réttbornir til ríkis í Danmörku, eins og í Grikklandi. Hann vissi það ekki, fyrri en eg skaut því að honum, að Georg varð að afsala sér og sínum erfingjum öllum erfðarétti til konungdóms í Danmörku, þá er hann varð konungur á Grikklandi. Hann hefir heldur ekkert hugboð um, að samkvæmt stjórnarskrá Danmerkur, þá getur Danakonungur ekki verið konungur í neinu öðru ríki án samþykkis ríkisþings Dana.

Þá vildi háttv. framsm. meirihl. (J. Þ.) bera brigður á það, að Danmörk væri elzta konungsríkið í Norðurálfunni, en því er ekki til neins að mótmæla, að Danmörk hefir verið óslitið konungsríki lengur en nokkurt annað ríki í Norðurálfunni. Bretland hefir, eins og allir vita, á sögulegum tíma lotið Danaveldi, en Danmörk aldrei síðan sögur hófust neinu öðru ríki.

Þegar uppkastið kom hingað til landsins í fyrra, þá voru allir fagnandi því í fyrstu, enda hafði það í sér alt, sem þingmálafundir höfðu haldið fram. — Þótt flokkurinn ekki sjái neina brýna nauðsyn til þess, að breyta frv., þá vill hann þó gera það til samkomulags, ef auðið væri, að koma með nokkrar breyt.till. í þá átt, að skýra orðalagið á frumv. Það er þá á 1. gr., að í stað orðanna »frjálst og sjálfstætt land« komi: »Ísland er frjálst og sjálfstætt ríki«. Við sömu grein, að orðin: »Danmörk og Ísland — — — veldi Danakonungs« falli burt, eða, að orðin haldist í íslenzka textanum, en í hinum danska komi: »Det danske Monarki«.

Þá tók háttv. framsm. meirihl. (J. Þ.) ómjúkt á breyt.till. vorum við 3. grein, 1. tölul. Orðin: »engan þjóðarsamning má gera«, og svo framvegis.

Þá höfum við og lagt til, að í staðinn fyrir »er Ísland snertir sérstaklega, skal þó gilda« komi: »Er snertir Íslenzk mál, þau er ekki er með farið sem sameiginleg samkvæmt þessum lögum, skal gildur vera«. Og verð eg að játa, að eg skildi ekki ummæli hv. framsm. meirihl. (J. Þ.) um þetta atriði. Eftir orðalagi breyt.till. vorrar, þá nær samningaréttur Dana við útlendar þjóðir ekki til vor í neinum málum fyrir utan dönsk hermál og konungs-

ættina — ekki t. d. til verzlunar- og siglinga, sem ekki eru sameiginleg mál. Þá er Danir gera samninga við aðrar þjóðir, ná þeir samningar því eigi til vor, nema vér samþykkjum þá sjálfir.

Þá er breyting við 6. gr., að á eftir 3. gr. bætist við og »9. gr.« til þess, að sýna það, að þau mál séu ekki sameiginleg lengur, en meðan um semji. Þá er í 7. gr., að fyrir »landssjóður« komi: »ríkissjóður« samkv. 1. gr.

Því hefir verið haldið fram af meiri hlutanum, að ef ágreiningur risi út af ákvæðum í 9. gr., þá mundi svo geta farið, að ákvæði hennar gætu orðið okkur til tjóns. Til þess að taka af allan efa í þessu efni, þá höfum við komið með breyt.till. þannig, að aftan við greinina bætist »alt samkvæmt tillögu þeirri, sem fram er komin, eða ef tillögur eru framkomnar frá þingum beggja ríkjanna, þá samkv. þeirri er lengra fer«. —

Það sem aðallega skilur leiðirnar, er því það, að meiri hlutinn vill taka þær einar breyt. góðar og gildar, sem hann veit fyrirfram, og játar að hann viti, að enginn kostur er á að fá samþ., en við minni hlutinn viljum gera þær einar breyt., sem kostur er á og tryggja sem bezt sjálfstæði okkar, og það hugsa eg að hafi vakað fyrir þjóðinni og vaki enn. Við erum þess vissir, að háttv. meiri hluti eða þeir af honum, sem engar breyt. vilja, aðrar en þær sem ónýta málið — eg segi ekki að þeir séu margir, en þeir eru til — þeir geri það einungis af því, að þeir vilja ekki unna landinu meira sjálfstæðis en það hefir. En hinir eru þó nokkrir, það er eg viss um, sem, ef þeir hefðu séð breyt. minni hlutans fyrir kosningarnar, hefðu þá sagt: »nú býð eg mig fram sem frumv.mann, en ekki sem andstæðing«. En þeir munu þó vera flestir, sem hyggja, að þeir haldi við gömul söguleg réttindi, sem þeir vilja ekki fyrirgera. En hver eru þessi réttindi? Hver hefir viðurkent þau? Mér er ekki kunnugt um, að þau séu viðurkend af neinu ríki. Hvað skilur þá flokkana? Jú, það að hafa sameiginleg hermál og utanríkismál við Dani. Hvaða þýðingu hafa þá þessi mál fyrir okkur? Hvaða þýðingu hafa hermálin? Jú, þau hafa þá þýðingu, að Danir taka að sér að verja okkur eftir megni án nokkurs framlags frá okkar hálfu; með öðrum orðum, Danir skuldbinda sig til að verja okkur eins og sjálfa sig. En það var einmitt eitt af því, sem freklegast var látið klingja við almenning í sumar í sumum kjördæmum, einkum hinum afskektari, að nú ætti að fara að gera okkur herskylda — og veslings bændurnir, sem voru svo fákænir að trúa lyginni, sögðu: »Ekki held eg vilji stuðla til þess að börn okkar og afkomendur verði send suður til Danmerkur til þess að slátra þeim þar«, og svo greiddu þeir atkv. á móti frumv. þessu. Slíkar og þvílíkar ástæður hafa verið færðar á móti frumv. — og meira að segja: eg og fleiri þm. höfum heyrt framsm. meiri hlutans (J. Þ.) segja kjósendum sínum hér í Reykjavík þessi ósannindi á almennum fundi hér í bænum!

Og þá eru nú utanríkismálin. Mér er ekki kunnugt um, að við höfum önnur utanríkismál en samninga við önnur ríki um verzlunarmál — og þegar engan þjóðarsamning má gera, er þau mál snertir, nema hann sé samþ. af oss, já, þá sé eg ekki hvaða ógagn það ákvæði getur gert okkur.

Ummæli blaðrara eins og prófessors Gjelsvík og hans nóta í útlendum blöðum, þarf eg ekki á að minnast — greinir, sem að nokkru leyti hefir verið upplýst um, að voru pantaðar af »Ísafold«.

Frumv. þetta gerir Ísland að frjálsu og óháðu ríki í sambandi við annað ríki um konungserfðir og tvær tegundir mála — utanríkismál og hermál — og jafnréttháttt Danmörku í öllu. Nú erum vér, hvort heldur með réttu eða röngu, »óaðskiljanlegur hluti Danaveldis«, en með þeirri einni réttarstöðu, sem stöðulögin veita. Vér erum, hvort heldur með réttu eða röngu, háðir alveg Danmörku í öllum málum. Þessi ein réttarstaða vor er viðurkend af öllum þjóðum. Ettir frv. yrðum vér af öllum viðurkendir að vera sjálfstætt ríki.

Það hefir mikið verið talað um innlimun bæði hér á þingi og utan þingsins. En eg vil segja, að þeir góðu herrar, sem nú sporna af alefli móti þessu sjálfstæði voru eftir frumv., þeir séu einir réttnefndir innlimunarmenn, því að þeir vilja halda oss í þeirri innlimun, sem vér erum í. En vér, sem viljum taka frumv. og afla landi voru þannig fulls sjálfstæðis og ríkisréttinda, vér erum þeir sannnefndu sjálfstæðismenn.

Framsögumaður meiri hlutans (Jón Þorkelsson): Það var auðvitað margt í ræðu framsm. minni hlutans (J. Ó.) sem svara þurfti, þótt eg kannske taki það ekki alt með í þetta sinn. Og gríp eg þá í það eftir því, sem eg minnist þess.

Meðal annars sagðist háttv. þm. ekki taka mikið mark á þeim »blaðablöðrurum« úti um lönd, sem ritað hefðu um þetta mál. Hefir hann þar líklega einkum átt við Norðmenn.

Það situr dável á hinum háttv. þm. (J. Ó.) að tarna, og af eigin reynslu getur hann talað um það, hvers virði orð »blaðamanna« sé. Hann sjálfur hefir fengist við blaðamensku um 40 ára skeið. Eg skal því ekki þrátta við hann um þetta. En það skrifa fleiri í blöð en »blaðamenn« einir. Og þeim, sem í blöðin rita er ekki öllum skipandi á sama bekk. Orð þeirra hafa mjög misjafnt gildi, alt eftir því, hverjir það eru, sem rita, og eftir því, hvernig ritað er. Orð sumra hafa lítið eða ekkert gildi. Aftur geta orð annara manna haft hina mestu þýðingu, þó aldrei nema þau standi í dagblaði. Þetta veit og hinn háttv. framsm. minni hlutans (J. Ó.) þó að hann vilji nú ekki kannast við það. Á orðum prófessors Gjelsviks ætla eg, að oss sé öllum vanzalaust að taka nokkurt mark. Það sýnist og ljóst, hvers virði sá maður þyki í sínu landi, sem Mikkelsen forsætisráðherra Norðmanna tók með sér einan allra lögfræðinga til samninga við Svía 1905.

Orð einstakra manna geta oft verið mikils virði, og hátt upp í það eins og þó það væri eitthvert goðasvar á huldu, út talað af stjórn einhvers lands. Auk þess eru blöðin í heild sinni stórveldi, og þau geta oft breytt almenningsálitinu og almennum hugsunarhætti, jafnvel á örstuttum tíma.

Fyrir fáum árum — ekki fullum þremur — voru þeir menn fáir hér á landi, sem þyrðu að segja, að Ísland væri að réttum lögum og ætti að vera sjálfstætt ríki og engum háð. Þá var sjálfur hinn háttv. framsm. minni hl. (J. Ó.) ekki kominn lengra en það, að hann hæddist þá mjög að því í blaði sínu, að Íslendingar ætluðu að fara að »leika« ríki! En nú er svo umskift orðið hugsunarháttinn í landinu — mest fyrir aðgerðir blaðanna og einurð yngri manna — að þessi sami þm. þorir ekki annað en halda því fram að Ísland eigi að vera ríki, og kemur nú með breytingartill. um það.

Bæði út af orðum háttv. frsm. minni hlutans (J. Ó.) og út af því sem stendur í nefndaráliti minni hlutans um

mannakvaðir héðan af landi til hernaðar, skal eg enn taka það fram, að engin lög eru til, sem heimili útboð héðan. Frumv. þetta þurfti því engin ákvæði gegn því að setja, og það því síður, sem sáttmálinn við Ólaf konung helga 1022 er enn gildandi lög, þótt gamall sé, um það hverja herþjónustu Íslendingum beri að inna erlendis. Þar er svo ákveðið, að Íslendingar þeir, sem staddir voru í Noregi skyldu landvarnarskyldir þar innan lands, 2 af hverjum 3, en hinn 3. skyldi sitja heima og hafa eftirlit með farangri þeirra allra þriggja.

Það er engin nýlunda í sjálfu sér, og hinn háttv. þm. þarf ekkert að furða sig á því né getur dregið af því neinar ályktanir máli sínu til stuðnings, að konungur var í fyrirsvari í öllum málum landsins, jafnt utanríkismálum og öðrum, því að hann hafði að lögum alt framkvæmdarvald á hendi, bæði utan lands og innan. Hitt gæti verið eftirtakanlegra, hverjir fóru með utanríkismálin og höfðu framkvæmdir á þeim í nafni konungs. Í lögbókunum og sáttmálunum finnast eins og kunnugt er engin ákvæði um utanríkismálin, en nóg dæmi má finna þess, að konungar fóru ýmist með þau sjálfir og hirðstjórarnir eða jafnvel sjálft alþingi. Má sem dæmi þess nefna verzlunarleyfi Arnfinns hirðstjóra Þorsteinssonar frá 1419 handa útlendingum hér í landi. En slík leyfi voru konungarnir á þeim tíma jafnan vanir að gefa út sjálfir. Þá má nefna Þingsdóm um verzlun útlendinga 1490, sem aldrei var staðfestur af konungi, en þó jafnan talinn fullgild lög, sömuleiðis alþingisdóm um sekkjagjöld útlendinga til konungs frá árinu 1500, og hirðstjóraskipan um sama efni frá 1501; staðfesti konungur hvorugt og var þó hvorttveggja haldið lög.

Þá er samningur alþingis frá 1527 við Hamborgarkaupmenn og stjórn Hamborgarríkis um vigt og mæli, sem er auðvitað beint efni í þjóðasamning. Af þessu sér háttv. þm., að þótt utanríkismálin heyrði undir konung, þá er það annað mál, hvort hann lét Íslendinga eða Norðmenn annast þau, er hann sjálfur gerði það ekki beint.

Annars var hinn háttv. þm. óheppinn, þar sem hann fór að vitna til gamalla skjala um það, að konungur hefði farið með utanríkismál vor 5 árum eftir að landið gekk undir hann. Bréf Eiríks konungs frá 1269 um verzlunarleyfi fyrir Hamborgara á Íslandi, sem þm. ber fyrir sig, hefir aldrei verið til, og þá var enginn Eiríkur konungur heldur til í Noregi. Þingmaðurinn mun hafa farið hér eftir prentvillu í »Reykjavík« í fyrra. Bréf það, sem hann mun eiga við, er mörgum árum yngra og nefnir ekki Ísland á nafn. Hann er heldur ekki vel heppinn með hitt bréfið, sem hann vitnar í, verzlunarbannsbréf Hákonar konungs háleggs frá 1302, því að það er lögleysa.

Hinn háttv. framsm. minni hlutans (J. Ó.) talaði um, að notað hefði verið hér á landi í »agitationir« í sumar, að nú ætti að fara að taka Íslendinga í herþjónustu. En það hefði þá kannske eins mátt geta þess, að þessi aðferð var notuð að sagt var á Hornströndum hérna um árið; veit eg ekki nema háttv. þm. kannist við, að hafa heyrt þess getið, ellegar nema háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) kynni að reka eitthvað minni til þess.

Þá koma varnirnar. Danir sjálfir játa, að þeir geti eigi varið oss til hlítar, ef til kæmi, og hverju erum vér þá bættari, þó aldrei nema þeir vinni það til sambandsins að gera það fyrir ekki neitt, sem þingmaðurinn

dáist svo að? Hér í nefndarálitinu segir, að eins og nú standi geti mannaframlög til hers Dana orðið heimtuð héðan af landi. (*Jón Ólafsson:* Meira hlutans?) Nei, minna hlutans. (*Jón Ólafsson:* Ósatt!) En þótt það standi í nefndaráliti sjálfrar sannsöglinnar, þá er það ósatt og rangt, eins og eg hefi áður sýnt fram á, enda hefir sliku ætíð verið frávísað hér sem lögleysu, ef fram á það hefir verið farið.

Enn fremur tók þingmaðurinn (J. Ó.) fram, að hin fornu réttindi vor, sem vér byggjum á, séu svo langt uppi í skýjunum, að enginn stuðningur sé í þeim, því að engir kannist við þau nema vér. Þetta er nú að vísu ekki satt. En Danir vilja vitanlega ekki kannast við þau. Og þó munu þeir þykjast eiga góða og nytsama réttindagrein viðvíkjandi Slésvík í samningi einum, sem þeir meta stórmikils, þótt ekki nái þeir þeim réttindum. Eg skal ekki segja, hvað þeir leggja nú upp úr ábyrgðarskjölum Englendlendinga um Slésvík. En vilji Danir ekki fleygja frá sér skjallegum rétti sínum, sem þeir þó ná ekki, hvers vegna skyldum vér þá afsala oss vorum gömlu skjallegu réttindum, þótt Danir vilji ekki kannast við þau? Erum vér nokkru bættari fyrir það?

Eg heyrði ekki, að hinn háttv. þm. (J. Ó.) svaraði því áðan, og krefst þess því aftur, að hann skýri frá því, hvaðan honum koma heimildir, og hverjar þær eru fyrir því, að nú muni fást þær breytingar á frumvarpinu, sem minni hlutinn fer fram á. Skora eg á þingmanninn, að segja hér afdráttarlaust og í heyrandi hljóði, hvað hann hefir fyrir sig að bera.

Af því, sem hinn háttv. þm. (J. Ó.) lagði mér í munn um ríkiserfðirnar og Ísland í sambandi við Grikkjakonung hefi eg ekki talað eitt einasta orð. Hann bjó það til sjálfur.

Staðhæfing hans á ný um aldur Danmerkur sem konungsríkis er hvorki verri né betri en staðhæfing minni hlutans hér um í nefndarálitinu, enda stendur það efni hér á engu.

Eg ætla ekkert að metast um það við þingmanninn (J. Ó.), hvorir sé innlimunarmenn, meiri eða minni hlutinn. Landsfólkið hefir dæmt það á minni hlutann að heita það.

Eg ætla svo ekki að fara fleirum orðum um mál þetta að sinni. Það taka ef til vill fleiri til máls, sem eg þarf að svara síðar.

Hannes Hafstein: Hinn háttv. frsm. meiri hlutans (J.Þ.) vildi fá að vita, hvaðan minni hlutanum kæmi vitneskja um, að gengið mundi að breyt.till. hans, og kastaði hann fram þeirri spurningu, hvort eg, sem fyrv. ráðherra, hefði í síðustu utanför minni fengið tilboð um breytingar, og þagað yfir þeim fram á þennan dag. Því er skjótsvarað þannig, að eg hefi engin tilboð né loforð fengið um breytingar á frumv., og hefi ekkert umboð til þess að bera þinginu nein skilaboð um slíkt. Eg hefi aldrei ætlað mér að gerast forgöngumaður að breytingum á efni þess, því að eg er ánægður með það eins og það er; en eitt hefi eg viljað reyna eftir megni: að ryðja steinum úr götu þess og létta fyrir þeim orðabreytingum, er verða mættu til þess að efnið kæmi enn skýrara fram. Þegar eg kom til Kaupmannahafnar síðast, var þar allmikill óhugur vaknaður út af frumv.-undirtektunum; lét eg það því vera meðal minna fyrstu og fremstu verka, að ná tali hinna dönsku nefndarmanna, skýra fyrir þeim, hvað fundið hefði verið frumv. til foráttu í kosningahríðinni hér heima, og benda á, hvernig mætti

girða fyrir hinar algengustu rangfærslur og útúrsnúninga út úr orðum frv. Eg átti skömmu fyrir jól fund með þeim öllum saman, og reyndi þá að útskýra eins vel og eg gat gang málsins allan og skilning frumvarpsandstæðinga hlutdrægnislaust, jafnframt og eg skýrði þeim frá afstöðu okkar íslenzku nefndarmannanna, hversu vér höfðum skilið og skýrt frumv. og einstök ákvæði þess, og hverjar orðabreytingar mundu nægja til þess að taka af allan vafa og girða fyrir öll tvímæli um samræmi textanna; þessar breytingar hnigu mjög í sömu átt og breyt.-till. minni hlutans nú.

Þessi fundur var eingöngu kallaður saman til þess að hlýða á skýrslu mína, en alls ekki til þess að ræða málið né gera neinar ályktanir, enda tóku eigi aðrir til máls, svo að á honum byggi eg ekkert að því er snertir afstöðu dönsku nefndarmannanna til þessara atriða. En síðar héldu þeir fund með sér, sem eg var ekki viðstaddur, og eg talaði bæði fyr og síðar við mjög marga þeirra einn og einn, og enginn af nefndarmönnum eða öðrum málsmetandi mönnum atkvæðisbærum um málið, sem eg átti tal við, vefengdu það, að skilningur minn á ákvæðum frumv. væri réttur og í samræmi við niðurstöðu nefndarinnar í heild sinni.

Á því, sem dr. Knud Berlin hefir verið að leggja til málanna í seinni tíð, er alls ekkert byggjandi. Hann er æstur mótstöðumaður okkar Íslendinga í sambandsmálinu og sjálfstæðismáli voru yfir höfuð, ramdanskur þjóðbelgur, sem fyrir hvern mun vill halda Íslandi undir Danmörk, sem hjálendu. Það var mjög óheppilegt, að hann skyldi vera gerður að skrifara nefndarinnar. Auðvitað átti hann þar engan atkvæðisrétt; hann átti að eins að útvega skjöl og skilríki fyrir nefndarmenn og ganga nefndinni til handa. En hann gat þó ekki á sér setið að sletta sér fram í umr. og yfir höfuð gang málsins, og reyndi að spilla sem mest fyrir því, að Danir yrðu við óskum vorum, enda var hann að loknu starfi nefndarinnar mjög argur út af því, hve eftirgefanlegir Danir hefðu verið, og að við hefðum fengið alt of mikið. Það muna víst fleiri en eg, að þegar nefndarstörfunum var lokið, þóttist hann vera alveg hissa á því, að ekki hefði verið sett með berum orðum í frv., að Ísland væri sérstakt ríki, úr því að Danir hefðu látið svo mikið undan, að enginn vafi væri á því, að það væri það í raun og veru. Þegar hann svo heyrði um mótbárurnar og útúrsnúningana hér, þá hefir hann talið þann kostinn líklegastan til þess að eyðileggja málið, að taka upp bardaga aðferð frumvarpsfénda hér, og séð sér leik á borði í því, að gera sem minst úr því er fengið var, og neita því, sem hann áður staðhæfði.

Eg hefi, þótt eg hafi ekki tilboð eða samþyktir, nægilega vissu fyrir því, — án þess að eg nefni nein nöfn — að svo framarlega sem frumv. hefði verið samþ. hér á þinginu með þeim breytingum eða svipuðum breytingum, eins og minni hluti nefndarinnar vill aðhyllast, þá hefðu þær ekki orðið frumv. til fordáttu hjá Dönum. Eg veit raunar ekki, hversu skipast hefir við forsetaförina. En eg legg ekki svo mikið upp úr því, þó forsetarnir telji ófáanlegar allar breytingar. Eftir þeirri einu skýrslu, sem eg hefi séð um viðtal forsetanna við Neergaard forsætisráðherra, dylst mér ekki, að hann hefir þegar á fyrstu kröfu þeirra um uppsegjanleika allra mála — þótst sjá, að um alls ekkert samkomulag gat verið að ræða, og var þess þá engin von, að

hann færi að bjóða upp á tilhliðranir í smærri atriðum. Enda stóð það aldrei til, að Danir færu að halda að okkur neinum breytingum á frumv. Það eru ekki Danir, sem sækjast eftir umbótum á sambandinu við Ísland; það erum vér Íslendingar, sem breyting viljum, það er í vora þágu, Danir eru ekki að troða upp á oss breytingum. Hitt er annað mál, þótt þeir hefðu til samkomulags getað gengið inn á breytingar til skýringar, ef alþ. hefði farið þess á leit, og málinu þar með verið borgið.

Frá mínu sjónarmiði eru breyt.till. minni hluta nefndarinnar formbreytingar einar, því að eg hefi alt af lagt þann skilning í frumv., sem felst í þessum skýringarbr.till. En frá sjónarmiði hinna, sem hafa neitað því, að þetta feldist í frumv. get eg ekki annað skilið, en að breytingarnar hljóti að vera mikils verðar. Það hefði því mátt teljast sigur fyrir þá, að koma þeim fram. Og þess sigurs, að bjarga málinu við, vildi eg unna þeim.

Eftir því sem fram er komið er það naumast óliklega til getið, að það mundi ekki hafa orðið til að greiða götu samkomulagsleitana í þessa átt, ef það hefði vitnast, að eg ætti einkum þátt í þessum breytingum Eg áleit mér því skylt að halda mér til baka og vita hvort nefndin sjálf eða einhverjir af hinum samningsfúsari meiri hluta mönnum fyndu ekki upp á því, að leita hófanna um þetta. Hið eina, sem eg hefi getað gert, án þess að eiga á hættu að draga minar óvildir yfir málaleitanir í þessa átt, er því það, að láta einstaka menn í nefndinni fá njósn af því, að þessar breytingar mundu vera reynandi. Það munu þeir menn kannast við. Nú er loks útséð um það, að engar tilraunir verða gerðar af meiri hlutans hálfu í þessa átt, og því hefi eg fyrst getað sagt þetta opinberlega. Þótt eg sem sagt geti ekki ábyrgzt, hvernig skipast kann að hafa eftir forsetaförina, þá held eg þori samt enn að fullyrða, að ef þingið samþykkir frumv., þá mundu þessar breyt.till. eða svipaðar ekki verða þess valdandi, að frumv. færi forgörðum, heldur mundi þá málinu borgið.

Þetta svar læt eg nægja fyrirspurn háttv. framsm. meiri hlutans (J. Þ.); meira get hvorki eg né væntanlega heldur ekki háttv. framsm. minni hlutans (J. Ó.) sagt honum um þetta efni. Eg ætla mér ekki að tala margt né mikið um þetta mál. Það er ekki til neins, enda er háttv. frsm. minni hlutans (J. Ó.) einfær um að halda uppi svörunum gagnvart háttv. frsm. meiri hlutans (J. Þ.). Það eru að eins örfá atriði, sem eg vil minnast stuttlega á.

Háttv. framsm. meiri hlutans (J. Þ.) sagði, að breyt.till. minni hlutans við 3. gr. 2. væri »óbótatillaga«. Í frumv. stendur: »Enginn þjóðarsamningur, er snertir Ísland sérstaklega, skal þó gilda fyrir Ísland, nema rétt stjórnarvöld íslenzk samþykki«. Þetta var af sumum andstæðingum frumv. talið þýðingarlaust ákvæði. Menn sneru út úr þessu á ýmsar lundir, sem eg ekki nenni upp að telja; meðal annars fettu menn fingur út í orðið »sérstaklega«, og sögðu að ákvæðið ætti ekki við aðra samninga en þá, sem væru gerðir sérstaklega eða eingöngu fyrir Ísland, en þeir væru engir til. Til þess að girða fyrir alla þessa útúrsnúninga hefir minni hlutinn komið fram með þessa tillögu, sem framsm. nefnir »óbótatillögu«. Hún segir ekkert nýtt, en breytir að eins um orð, þannig, að sagt er berum orðum, að

enginn samningur skuli gilda fyrir Ísland, ef hann snertir eitthvert sérmál þess ɔ: íslenzkt mál, sem ekki er farið með sem sambandsmál eftir sambandslögunum, nema rétt íslenzk stjórnarvöld eigi þátt í því og leggi á samþykki sitt. Yfir höfuð þarf samþykki Íslendinga, eða réttra stjórnarvalda þeirra að koma til í öllum samningum, sem snerta einhver mál, sem Ísland sjálft fer með. Í þeim sameiginlegum málum eða sambandsmálum, sem Danir í umboði voru fara með valdið fyrir Íslands hönd t. d. um peningasláttu, fyrirkomulag utanríkisstjórnar o. s. frv. eigum vér auðvitað ekki atkvæði. Aftur á móti hljóta allir verzlunarsamningar og siglingasamningar, alt sem snertir atvinnumál, réttarfar eða hegningarlöggjöf á einhvern hátt, að falla undir fyrirmæli ákvæðisins. Þetta er svo mikil takmörkun á umboði því, er vér veitum Dönum til þess að fara með utanríkismálefni vor, að vér höfum tögl og hagldir í flestu, sem fyrir getur komið. Þeir geta ekki upp á sitt eindæmi gert utanríkisráðstafanir viðvíkjandi neinum málum, sem oss varða, öðrum en þeim, sem þeim eru falin af oss sem sambandsmál. Þetta er nú »óbótatillagan«.

Háttv. framsm. meiri hlutans (J. Þ.) kallaði það hneykslunarhellu, eða jafnvel hneyksli, að dómstjóri hæstaréttar væri oddamaður í gerðardóminum, sem kveðið er á um í 8. gr. Eg efast um, að háttv. meiri hluti finni þó nokkurt betra ráð, þegar öllu er á botninn hvolft. Eg hefi séð ýmsar tillögur frá háttv. meiri hluta um þetta atriði, en sú hefir þó orðið niðurstaðan, að þeir hafa ekki haft önnur úrræði eftir alt saman en að sleppa gerðardóminum alveg. Eg sé ekki að meiri hlutinn hafi getað haft neina ástæðu aðra til þess að sleppa 8. gr. en einmitt þessa, að hann hefir þótst vera búinn að finna helzt til mikið að oddamannsákvæðinu, sem hann gat ekki bætt sig á. Annars er ekki mikið um þessa 8. gr. frumv. að gera. Gerðardómurinn átti að eins að vera um ágreining, er rísa kynni um það, hver mál væri sameiginleg eftir 3. gr. frumv., og gat naumast til sliks ágreinings komið, því ákvæðin eru svo skýr. En vér Íslendingarnir í nefndinni lögðum áherzlu á, að fá þessi ákvæði tekin inn í frumvarpið, til þess þar með að fá því slegið föstu óbeinlínis, að Ísland væri sérstakt ríki við hlið Danmerkur, og þetta ákvæði meðal annars leiddi síðar til þeirrar viðurkenningar af dönsku nefndarmannanna hálfu. Gerðardómur er óhugsanlegur nema um sérstakt ríki sé að ræða. Meðan Ísland er óaðskiljanlegur hluti Danaveldis, sker ríkisvaldið úr ágreiuingsmálum milli heildarinnar og hlutans. Þannig ályktuðu dönsku nefndarmennirnir. En þegar sérstakur gerðardómur á að skera úr ágreiningi milli landanna, gerðardómur, sem bæði löndin hafa stofnsett og tilnefnt, þá er auðstætt, að um tvo jafnréttháa aðila er að ræða. En þegar til þess kom að ákveða oddamanninn, varð það bert, að það varð að tiltaka einhvern, sem löggjafarvald Danmerkur og Íslands náði yfir. Það var hvorki hægt að ákveða í lögunum, að útlendur þjóðhöfðingi né útlendur sendiherra skyldi takast þetta á hendur, því þeir gátu auðvitað neitað því. Þegar útlendir þjóðhöfðingjar hafa skorið úr þrætum milli annara þjóða, hefir það auðvitað verið eftir beiðni í hvert skifti; og stundum hefir þjóðum, sem þó hafa viljað leggja ágreining í gerð, ekki lánast að fá neinn þjóðhöfðingja til þess. Þess vegna urðu Bandamenn og Engl-

ar hér um árið að leggja ágreiningsmál sitt í gerð — dómenda úr hæstaréttí Bandaríkjanna. Eftir vandlega íhugun komumst vér Íslendingarnir að að þeirri niðurstöðu, að eftir atvikum væri bezt að taka dómstjóra hæstaréttar, og man eg ekki betur en háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) væri þessu samþykkur. Vér töldum víst, að slíkur maður mundi ekki hætta heiðri sínum fyrir öllum heiminum með því að sýna hlutdrægni, enda bjuggumst ekki einu sinni við, að tækifæri mundi verða til slíks, þar eð slíkt gerðardómsákvæði átti, eins og eg áður tók fram, aðallega að vera sönnun fyrir stöðu Íslands sem hliðstæðs aðila. Eg skal játa, að þessa gerðardómsákvæðis er síður þörf nú, eftir að vér fengum það viðurkent með berum orðum í athugasemd nefndarinnar við frumvarpið, að Ísland yrði sérstakt ríki, en það var það takmark, er vér þokuðumst smám saman að í nefndinni, fet fyrir fet.

Háttv. andmælendur hafa stundum sagt, að vér íslenzku nefndarmennirnir höfum byrjað vel og á réttum grundvelli, en gugnað síðar og horfið frá réttum grundvelli af ótta við Dani eða meðfæddum heigulskap (*Jón Þorkelsson:* Það stendur ekki í nefndarálitinu). Nei, að vísu. Háttv. framsm. meiri hlutans (J. Þ.) er svo kurteis maður, að hann segir auðvitað ekki slíkt með berum orðum, en það hefir komið fram bæði á fundum og í blöðunum, og eg hygg að hér í salnum séu nokkrir þeir menn, sem látið hafa sér eitthvað slíkt um munn fara. En þetta er ástæðulaus getsök, eins og allir geta fullvissað sig um, sem lesa gerðir sambandslaganefndarinnar.

Í fyrsta skjali voru íslenzkn nefndarmannanna, undirstöðuskjalinu, sem háttv. meiri hluta hefir litist svo vel á, að hann hefir tektð allmikið af því upp í nefndarálit sitt, er einmitt algerlega sneitt hjá því að slá neinu föstu um uppsegjanleik sameiginlegra mála. Eg skal með leyfi hæstv. forseta því til sönnunar lesa upp niðurlagsatriðin úr þessari grundvallarstefnuskrá vorri, sem prentuð er í »bláu bókinni« á bls. 26. Þar segir svo: ». . . . maa vi som Basis for Forhandlinger angaaende Islands forfatningsmæssige Stilling i det samlede danske Rige fastholde, . . . at Island de jure bör opfattes som et frit Land under Danmarks Kongekrone, sammen med Kongen fuldt raadigt over alle sine Anliggender, med mindre nogle af disse ifölge Overenskomst mellem Danmark og Island matte være eller blive overdragne til Danmarks særlige Varetægt«. Hér er gert ráð fyrir málum, sem Dönum séu falin og alls ekki sagt neitt um, að þau skuli vera uppsegjanleg.

Þetta grundvallarskjal vort, sem vér skrifuðum allir undir hinir íslenzku nefndarmenn 7 saman, sýnir ekki, að vér höfum haft aðra skoðun þá en nú. Vér höfum í engu frá því vikið. Þegar það var lagt fyrir Dani, þótti þeim of langt farið, og þóttust þá þegar finna, að skoðunarmunurinn væri meiri en þeir hugðu. Kröfðust þeir þess, að vér legðum kröfur vorar fram í frumvarps formi, og það gerðum vér. Sem fulltrúar fyrir alla flokka á Íslandi töldum vér það skyldu vora að byrja með því að taka í frumv. hið ítrasta, sem krafizt hafði verið, þótt vér vissum fyrirfram, að sumt af því væri ekki þannig vaxið, að halda bæri því til streitu, ef samkomulag ætti að geta náðst. En vér álítum rétt að láta ekki sjást gagnvart Dönum neinn skoðanamun okkar á milli, er vér settum fram almenna uppsegjanleika-kröfu — þótt sumir okkar að minsta kosti væru henni ósamþykkir. Við vildum haga

svo samningaleitununum, að enginn gæti eftir á sagt, að þetta eða hitt hefði ekki fengist, af því að þess alls ekki hefði verið farið á leit eða þá ekki einróma af Íslendinga hálfu. Við vildum halda hópinn í lengstu lög, með því varð staða okkar sterkari, en hefði hver haldið fram sinni sérstöku skoðun í hverju smáatriði hefði staða vor orðið veikari en raun varð á. Það kom nú skjótt í ljós, að ekki var auðið að ná samkomulagi á þessum grundvelli. Nú vita það allir, að þess eru ekki dæmi í samningum milli þjóða, nema um yfirunna þjóð sé að ræða, að annar aðilinn fái alt en hinn segi já og amen við öllu. Til þess að samkomulag verði, verða báðir að láta undan í einhverju. Eg ímynda mér, að enginn, sem les gerðir nefndarinnar, geti verið í vafa um það, hvorir voru nær sínum upphaflegu kröfum og grundvallarsetningum, við Íslendingarnir eða Danir í nefndinni, þegar nefndarstarfinu lauk, og niðurstaðan var komin í ljós. Eg vísa því algerlega á bug til höfundanna þeirri ákæru, að vér höfum hopað frá þeim grundvelli, sem vér lögðum fyrst. Vér stöndum á honum enn þann dag í dag, og í samningaviðskiftunum álít eg, að beitt hafi verið réttri aðferð og hún hafi reynst affarasæl og sigurvænleg.

Það er handhægt vopn að slá um sig með þessu »innlimunar« orði, sem nú er svo mjög tíðkað; það er hægt að brúka það orð um alt, enda er farið til þess í seinni tíð. En sé það, sem sambandslaganefndin samþykti og vér núverandi minni hluta menn höfum fylgt, innlimun, þá býst eg við, að fleiri verði innlimunarmenn en margan grunar. Eg skal leyfa mér að minna á það, að bæði 1867 og 1869 samþykti alþingi undir forustu Jóns forseta Sigurðssonar stjórnarskrárfrumvörp, sem höfðu inni að halda ákvæði um sömu atriði, eins og þau, sem ágreiningi hafa valdið í frumvarpi sambandslaganefndarinnar. Eg ímynda mér, að þeir menn sem þá sátu á þingi, hafi ekki síður haft það hugfast en vér nú að glata ekki réttindum landsins, að þeir hafi ekki síður en vér sett sóma sinn og stolt í það, að vér Íslendingar höfum aldrei spilað réttindum vorum úr höndunum, eins og hv. framsm. meiri hlutans (J. Þ.) komst svo vel að orði.

Þá var barist undir merkjum þess manns, Jóns Sigurðssonar, sem eg býst ekki við að neinn kalli föðurlandssvikara eða innlimunarmann. En sjáum til, hvað það var, sem þeir börðust fyrir og samþyktu þá, forvígismennirnir fyrir frelsis- og sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar:

Í stað þess, er í frumv. sambandslaganefndarinnar er ákveðið, að Ísland skuli vera frjálst og sjálfstætt land í ríkjasambandi (Statsforbindelse) við Danmörku, er í báðum þessum frv. Jóns Sigurðssonar og alþingis kveðið svo á, að Ísland sé óaðskiljanlegur hluti Danaveldis með sérstökum landsréttindum.

Eftir frumvarpi sambandslaganefndarinnar eru, auk konungssambandsins, engin mál óuppsegjanlega sameiginleg með Íslandi og Danmörku önnur en hermál og utanríkismál, hin síðarnefndu þó með stórmikilli takmörkun Íslandi í vil. En eftir báðum hinum frumvörpunum, er nefnd voru, eru óuppsegjanlega sameiginleg mál, auk þess, er að konungdóminum lýtur: viðskifti ríkisins (ɔ: Danmerkur og Íslands) við önnur lönd, vörn ríkisins á landi og sjó, ríkisráðið, réttindi innborinna manna, myntin, ríkisskuldir og ríkiseignir og — póstgöngur milli Danmerkur og Íslands. Hvorki í löggjöf né stjórn þessara mála átti Ísland

neinn þátt að taka, fyr en slikt yrði ákveðið með lögum, sem ríkisþing Dana og alþingi samþyktu. Um hluttöku af Íslands hálfu í ákvörðun um ríkiserfðir eða um það, er konungdómurinn er laus, var ekkert ákveðið í þessum frumvörpum, fremur en í sambandslagafrumvarpinu. (Sbr. Alþ.tíð. 1867, 2. bls. 618—632 og Alþ.tíð. 1869, 2. bls. 385—400). Það er því auðsætt, að sé innlimun fólgin í ákvæðum sambandslagafrumvarpsins, eður afsal fornra réttinda eftir Gamla sáttmála, þá er það miklu fremur í þessum tveimur frumvörpum, sem þjóð og þing einhuga hafa barist fyrir að fá framgengt.

Undir forustu Benedikts Sveinssonar voru fjórum sinnum (1885, 1886, 1893 og 1894) samþ. á alþ. til fullnustu frv. til endurskoðaðrar stjórnarskrár, og í þeim öllum er gengið út frá því, að Ísland sé hluti ríkisins (Danaveldis) og öll mál Íslands, að undanskildum 9 tilgreindum málaflokkum, með berum orðum talin »almenn ríkismál«, þar á meðal auðvitað alt um ríkiserfðir og ráðstafanir um nýja konungsætt, öll utanríkismál óskorað, varnir til lands og sjávar, innborinna manna réttur o. s. frv., og ákveðið, að það sé komið undir bæði hinu sérstaka löggjafarvaldi landsins og löggjafarvaldi ríkisins, hvort Ísland skuli senda fulltrúa á ríkisþingið í Danmörku og borga fé til »almennra ríkisþarfa«.

Þetta var hvað eftir annað lögformlega samþ. af alþ. eftir frumkvæði og eindreginni ósk þjóðarinnar sjálfrar og helztu trúnaðarmanna hennar og réttarvarða. Það vantaði ekkert annað en undirskrift konungs til þess, að þetta yrði að stjórnarskipunarlögum. Og þá hefðu allar kenningar um, að Íslendingar hefðu eigi samþ. nein afskifti Dana af málum vorum, allar skírskotanir til Gamla sáttmála sem þess einasta, er Ísland hefði samþ. gagnvart konungi og Danmörku, verið gersamlega úr sögunni. Enginn lifandi maður hefði getað komið fram með slikt, ef eitthvert af alþingisfrumv. frá 1867, 1869, 1886 eða 1894 hefði náð staðfesting konungs, og þá hefði gersamlega skort grundvöllinn undir allar þær mótbárur, sem nú hafa komið fram gegn frumvarpi sambandslaganefndarinnar.

Hepnir hafa þeir verið Jón Sigurðsson og Benedikt Sveinsson, að Danir skyldi hafa vit fyrir þeim, og neita að samþ. þessi lög, sem þeir vörðu æfi og kröftum til að berjast fyrir. Hefðu Danir ekki verndað fyrir oss landsréttindin með lagasynjunum og neitun á kröfum vorum, þá hefðu þeir Jón Sigurðsson og aðrir íslenzkir stjórnmálamenn nú orðið að liggja undir ámæli núverandi stjórnmálagarpa, sem innlimunarmenn og réttindaglatarar. Mikið megum við þakka Dönum fyrir handleiðsluna!

En eins og eg þegar hefi tekið fram, ætla eg ekki að þreyta sjálfan mig né aðra með því að tala langt um þetta mál á þessum stað, eins og nú er komið málunum. Það mundi ekki breyta atkv. nokkurs manns.

En það vil eg segja, að þótt við nú hættum að tala um málið hér að sinni, og heiðruðum meiri hluta takist að hefta framgang þess í bráð, þá er málið ekki dottið niður. Það er eftir að tala um það aftur síðar; þjóðin á eftir að líta á það enn á ný, og yfirlíta gerðir þeirra herra. Þeir eiga eftir að bíta úr nálinni.

Ráðherrann (B. J.): Eg vildi leyfa mér að leiðrétta það sem háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) sagði um viðtal okkar alþingisforsetanna við Neergaard, yfirráðgjafann danska.

Yfirráðgjafinn vildi segja sem fæst

ákveðið um málið, og hann lauk máli sínu við okkur á þá leið, að engar efnisbreytingar fengjust á frumv.

Þó er alls ekki þar með sagt, að ekki kynnu Danir að slaka til í einstaka atriði, en sem sagt er lítil von um það nú að þessu sinni.

Því hefir verið haldið fram, að við forsetar alþ. höfum í utanför okkar spilt fyrir þessu máli. Það er gersamlega tilhæfulaust. Gat heldur ekki verið um neina tilslökun að ræða, frá vorri hálfu, þar sem forsætisráðherrann gaf engan ádrátt.

Það má að vísu segja, að forsætisráðgjafinn hafi ekki haft neitt umboð til þess að gefa nokkra yfirlýsingu þetta mál áhrærandi. En eg get bent á það, að eg átti tal við tvo aðra danska menn, er átt höfðu sæti í sambandslaganefndinni, og voru þeir alveg samdóma forsætisráðgjafanum um það, að engar efnisbreytingar væru fáanlegar.

Framsögumaður minni hlutans (Jón Ólafsson): Háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) hefir fært svo skýr rök fyrir okkar hlið í þessu máli, að eg hefi ekki miklu að svara.

Það er helzt ofurlitill sparðatíningur úr ræðu háttv. vinar míns, framsm. meiri hlutans, sem eg hefi dálítið að athuga við.

Hann var enn að halda því fram, að Ísland hefði verið í personal-union 1262, og sagði að konungur hefði þó ekki verið einvaldur, en eg tók það fram að fimm árum síðar hefði hann þó farið með þessi mál, sem einvaldur. Og þar er um enga prentvillu í »Reykjavík« að tala. Eg hefi engan staf í það blað ritað síðan eg hætti við ritstjórn þess, og tók ekki dæmi mitt úr því blaði, heldur eftir riti Jóns Jónssonar sagnfræðings. Og það sem framsm. meiri hlutans sagði, að bréf það er eg vitnaði í, væri ekki til, er ósatt mál.

En hitt er ekkert utanríkismál, þótt alþ. hafi sett á sekkjagjöld, heldur ekki utanríkismál ákvæði um vog og mæli. Hvorttveggja er alinnlent löggjafarmál.

Háttv. framsm. meiri hlutans (J. Þ.) spurði, hvert gagn okkur gæti verið að því, að hafa sameiginleg hermál með Dönum. Ef við göngum að sambandslagafrumv., þá höfum við ómetanlegt gagn af því, að hafa hermálin sameiginleg.

Háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) sagði að nefndarmennirnir íslenzku hefðu hvergi slakað til.

Þetta er sannleikur.

En hefir nú háttv. meiri bluti haldið fram kröfum Þingvallafundarins án þess að slaka til? Nei. Hvað hafa þeir gert við flaggmálið? Hafa þeir neitað að semja við Dani? Nei!

Háttv. framsm. (J. Þ.) veit, að nú höfum vér ekkert vald yfir þessum sameiginlegu málum. Hvernig ætlar hann að kippa þessu í lag?

Hvernig ætlar hann yfir höfuð að tala að fá nokkru framgengt, án samkomulags við Dani?

Hæstv. ráðherra gat þess, að forsætisráðgjafinn danski hefði ekki viljað gefa nokkra von um, að efnisbreytingar fengjust. Vér minni hluta menn segjum, að þær breytingar, sem vér höfum leyft oss að koma fram með séu einungis orðabreytingar.

Og vér allir saman, þessir 15 minni hluta menn, höfum vissu fyrir því, að Danir mundu ganga að okkar breytingum, þótt ekki þurfi að skýra frá því hér, hvernig vér höfum aflað oss vissunnar. Eg þóttist gefa full og næg svör um það efni í fyrri ræðu minni.

Háttv. framsm. meirihl. (J. Þ.) veit,

að frumv. með breyt.till. háttv. meirihl. nær ekki fram að ganga, og meiri hlutinn játar hér aftur og aftur berum orðum, að allir viti þetta. Sú eina hugsjón þessara manna er, að láta alt sitja við það sem er. Það eina, sem fyrir þeim vakir, er það, að varna því, að Ísland verði sjálfstætt ríki.

Það er til einskis fyrir þá, að neita þessu, því að allir heilskygnir menn hljóta að sjá það, og reynslan mun gera það bráðlega enn berara, að hugsjón þeirra hin eina nú er sú: Enga breyting frá því sem er. Til þess á þjóðin að halda þessari stjórn, sem nú er, við völd, að hún geti látið alt dúsa við það sem er.

Framsögumaður meiri hlutans (Jón Þorkelsson): Háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) sagði, að það væri hyggja sín — vissa, sagði hann ekki —, að Danir mundu samþykkja breyt.till. minnihl. En háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) lést ekki mega segja frá því á hverju hann byggði þá skoðun sína; en það er nú einmitt aðal-atriðið, að fá að vita, á hverju slík ætlun þeirra byggist. Á meðan það fæst ekki, þá liggur nærri að skoða staðhæfingu minni hlutans að eins sem blekkingu. Án allra röksemda gæti eg alveg eins staðhæft, að breyt.till. meirihl. yrðu samþyktar af Dönum. Og í sjálfu sér held eg, að það séu litlar líkur til, að breyt.till. minni hlutans verði miklu fremur samþyktar en breyt.till. meiri hlutans. Eg skal ekki deila mjög um það, hvort breytingarnar við 3. gr. séu til bóta eða ekki, en eg get að minsta kosti ekki séð, að þær séu það.

Háttv. 1. þingm. Eyf. (H. H.) talaði langt mál um 8. gr. og gerðardóminn og taldi hann eitthvert helzta merki og ljósastan vott þess, að Ísland væri sjálfstætt og fullvalda ríki. Ekki finn eg að svo sé né svo þurfi að vera. — Þótt land vort væri ekki annað en hluti úr Danmerkurríki með nokkurri heimastjórn, þá gæti vel verið svo ákveðið, að ágreiningsefni um það, hvað væri heimastjórnarmál eða ekki, skyldi útkljást með svipaðri gerð sem þessari, þar sem Danir hafa öll yfirtökin. Gerðardómur þessi hefir því ekkert sjálfstæðisgildi fyrir oss.

Eg skal heldur ekki þrátta um það, hvort minni hlutinn hefir vikið frá kröfum sínum, þó að meiri hlutanum sýnist svo. En það er minni hlutanum gott, ef þeir eru sér þess meðvitandi, að hafa unnið sigur og ekki slakað til. Vér höfum aðra skoðun á því máli.

Háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) mintist á pólitík okkar frá árunum 1867, 1869, 1871, 1873 og síðar. Nefndi hann í því sambandi bæði Jón Sigurðsson og Benedikt Sveinsson, og gat þess, að helztu menn þjóðarinnar hefðu þá viljað ganga að því fyrirkomulagi, sem var miklu verra en það, er nú væri í boði. Þeir hefðu gengið að því, að innlima landið í Danmerkurríki, og ákveðið og talið sjálfsagt, að það væri óaðskiljanlegur hluti Danaveldis. En háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) gáir ekki að því, hvernig þá stóð sérstaklega á. Þörfin á stjórnarbótinni var á árunum 1867—1873 svo óskapleg, en horfurnar tvísýnar. Réttmætar kröfur Íslendinga á þjóðfundinum 1851 höfðu verið barðar niður og að engu hafðar, og þessu máli ekki sint í mörg ár. Hvern eyri varð að sækja í gegnum ríkisþing Dana; allar framfarir landsins teftar og ekkert gert til neinna þarfa landinu né þrifa. Menn voru því neyddir til, að leita als lags um það, hvað hægt væri að fá til bóta á því

ástandi, sem var alveg óþolandi og ekki mátti fresta eina stund, að fá lagfæring á. Eigi þeir menn ámæli skilið, sem samþyktu stjórnlagafrumv. á þingunum 1867, 1869, 1871 og 1873, þá réttlætir það ekki minna hlutann nú, að vilja afbata sig með þeirra verkum. En auk þess hafa þeir hinir fyrri menn afsökun sína á ástandinu, sem þá var. Þess utan þá fæ eg ekki séð svo til fulls, að það hafi verið annað en bragð (manövre), að láta það heita svo, að Ísland skyldi vera óaðskiljanlegur hluti Danaveldis, til þess að geta náð einhverju hagræði og verða heyrðir um eitthvað. Jón Sigurðsson hefir og gert grein fyrir því, hvernig þingin þá skoðuðu þessi ákvæði ekki sem innlimun, heldur sem neyðarúrræði til þess að komast hjá öðru verra og vinna nokkur réttindi. Þeir vissu og að alþingi þá var ekki að gefa nein skuldbindandi lög, heldur bendingar. Það hafði þá ekki löggjafarvald, heldur ráðleggingar- eða bendingarvald. Og svo þegar stöðulögin komu frá 2. jan. 1871 mótmælti þingið þeim öllum eins, og þau voru, og tók þar með nokkurn veginn af skarið.

Um stjórnarbaráttu vora eftir 1874 má nokkurn veginn segja hið sama. Þar var við ramman reip að draga, stjórnin þverskallaðist við öllu og daufheyrðist. Þar varð því að leita lags sem fyrri. En hafi þingið þar gengið að ákvæðum, sem hættuleg voru, þá getur það ekki verið nú nein fyrirmynd fyrir minni hlutann né nein afsökun.

Örlagaorð þau, sem háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) mælti, skal eg ekki fara mörgum orðum um. Reynslan sýnir bezt, hvort úr þeim rætist.

Háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) taldi það ekki heyra til utanríkismála, að þingið hefði lagt á sekkjagjöld; það væri alveg eins og löggjafarþing Íslendinga færi nú að leggja á farmgjöld, en hann gleymir því, að þessi gjöld runnu ekki til landssjóðs, heldur voru þau »regalia«. En þyki þingmanninum þetta ekki duga, þá er til samningur sá, sem þingið gerði 1527 við Hamborgarráð, stjórn Hamborgarríkis, um vog og mæli, jafn þýðingarmikið atriði og það er. Tvö ríki geta vitanlega hvort í sínu lagi sett innanlands ákvæði um vigt og mæli, sem að eins er bindandi fyrir það ríkið, er setur þau. En þau geta því að eins gert ákvæði, er gildi fyrir bæði ríkin, að þau geri það í sameiningu og með samningi af beggja ríkja hálfu. Háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) má því til að kannast við það, að alþingi hér í þessum samningi er að gera sama við annað ríki af hendi Íslendinga og stendur þar út á við í fyrirsvari landsins.

Það var enn að heyra á sama þm., að Íslendingar gætu átt það á hættu að vera kallaðir í danska herinn, ef þeir samþyktu ekki frumvarp þetta óbreytt. En mér er spurn, hvaðan skyldi Dönum koma það vald? Fyrir því er engin heimild né lagastafur. Eg hefi áður bent á það — en menn virðast ekki hafa látist heyra það, svo að eg verð nú að endurtaka það —, að þegar danska stjórnin fór fram á það 1857, að Íslendingar gengju í herþjónustu suður í Danmörku, þá var þeim sýnt fram á, að þar væri farið fram á lögleysu eina, og Havsteen amtmaður meðal annara lagðist eindregið á móti slíkri kröfu. Sú krafa var því látin falla niður sem löglaus fjarstæða. Og síðan hafa engin lög heimilað Dönum neina mannakvöð héðan af landi. Eg held það sé því ekki vert að veifa mikið þessari grýlunni.

Reynslan hefir kent oss það, að vér

höfum farið hyggilega að í því, að vera ekki of fljótir til þess að gina við hverjum þeim kostum, sem oss hafa verið boðnir. Eftir því sem stundir hafa liðið, hefir málum vorum jafnan þokað fram til réttara og betra horfs, fyrir það, að vér sýndum þrautseigju og þrokuðum við. Hugsunarhátturinn hefir jafnan smámsaman breytst, bæði hér á landi til djörfungar og í Danmörku til mannúðlegri undirtekta og meira skilnings á málum vorum. Svo mun enn fara, að vér vinnum við biðina, ef vér höfum þrautseigju í oss til þess að halda kröfum vorum fast og einbeitt fram með hófsemd og stillingu. Þá mun lagið koma, sem skilar málefnum vorum í höfn um síðir, ef vér gætum þess að verða ekki of veiðibráðir og ætlum að ná lendingu á einhverju ólaginu, sem brýtur knörinn eða hvolfir honum.

Það skiftir meira að vér gerum vel þá samninga, sem vér gerum við Dani, heldur en að samningarnir takist fljótt, og að vér rösum fyrir ráð fram og niðjar vorir taki þar af langan skaða, og vér óþökk þeirra í marga liðu.

Mig furðar á því, að hinn háttv. framsm. minni hlutans (J. Ó.) skuli enn vera að bera fyrir sig konungsbréfið frá 1269, sem aldrei hefir verið til. Sami háttv. þm. staðhæfði það, að meiri hlutinn væri nú að slaka til frá kröfum Þingvallafundarins 1907. En staðhæfing þessi er á engu bygð. Frumvarpið verður, samkvæmt till. vorum í nákvæmasta samræmi einmitt við ályktun Þingvallafundarins. Og að mínu áliti kemur skilnaðarpólitík þá fyrst til greina, ef ekki er tekið í mál af Dana hendi að sinna kröfum þeim, sem meiri hlutinn nú heldur fram, og það sé þrautreynt. Reynslan síðar verður því úr því að skera, hvort slakað verður til frá kröfum Þingvallafundarins. Enn þá hefir það ekki verið gert.

Bæði framsögumaður minni hlutans (J. Ó.) og 1. þm. Eyf. (H. H.) halda því nú fram, að breyt.till. þeirra sé ekki annað en orðabreytingar. Eg veit það, að »ríki« er annað orð en »land«. En eg veit líka, að það merkir annað, og að þeir ætlast til, að það merki annað meira og ákveðnara.

Jón Magnússon: Eg vil að eins leyfa mér að bera litla fyrirspurn upp fyrir háttv. framsm. meiri hlutans (J. Þ.) Eg veit ekki betur, en að meiri hlutinn hafi talið það sem galla á tillögum sambandslaganefndarinnar, að þær nefna sig »frumv. til laga«, og hafa í því efni vitnað til Gjelsviks og Knud Berlins, sem lagt hafa alt kapp á að níða frv. niður fyrir allar hellur og spilla öllu samkomulagi og sem hafa lagt mikið upp úr þessu atriði. Því einkennilegra er, að flokkurinn skuli hafa þetta — af honum áður fordæmda — orðalag. Hefði meiri hlutinn talið það svo mikinn galla, sem hann lét í veðri vaka í sumar, þá hefði hann breytt því.

Framsögumaður meiri hlutans (Jón Þorkelsson: Hinn háttv. þm. Vestm. (J. M.) gerði til mín þá fyrirspurn, hverja leið meiri hlutinn hugsaði sér að fara til þess að koma máli þessu fram, úr því að hann teldi það ekki koma danska ríkisþinginu við. Þó að eg hafi ekki búist við þessari spurningu frá mínu sjónarmiði, og — þó að eg hafi ekki umboð til að segja það — eg hugsa frá sjónarmiði meira hlutans í heild sinni, þá hefir það verið skoðað svo af mörgum, og liggur næst að skoða það svo, að konungur sé enn einvaldur yfir öllum þeim málum vorum, sem hann hefir ekki takmarkað vald sitt í með stjórnarskránni frá 5. janúar 1874. Mál vor koma því dönsku

löggjafarvaldi ekkert við og frumv. frá oss um þetta mál ætti því í rauninni aldrei að leggjast fyrir ríkisþingið danska. *(Jón Magnússon:* Kemur það ekkert Dönum við eða dönsku löggjafarvaldi að veita Íslendingum rétt í Danmörku?) Vér erum ekki að biðja um nein réttindi í Danmörku, en viljum að eins mega njóta allra réttinda í voru eigin landi.

Vér teljum það rétt, að konungur staðfesti frumv. um þetta efni, eins og það er samþ. af þinginu nú. Vilji danska ríkisþingið einnig að sínu leyti gefa út lög um sama, gerir það það þá líka einungis í sameiningu við konung. Mundi þá fara um þessi lög hvorutveggja eins og sambandslög Austurríkismanna og Ungverja, að það eitt væri skuldbindandi í þeim, sem væri samhljóða í báðum.

Háttv. sami þm. spurði, hvers vegna vér hefðum ekki kallað frumv. í fyrirsögninni frumvarp til sáttmála, en ekki til laga, eins og prófessor Gjelsvik hafði lagt til. Þar til má því svara, að það varð nú ofan á hjá meiri hlutanum að leggja það til að nefna það frumv. til laga. Enn fremur má geta þess, að ekki þarf meiri hlutanum að vinnast samþ. til þess að skrifa undir hvert orð, sem Gjelsvik segir, þó að vér metum mál hans mikils. Það má líka benda á það, að í frumv. sjálfu er það jafnan kallað sáttmáli. Mönnum hefir þótt meir á ríða, að efni frumv. væri eins og það ætti að vera, heldur en að gera nafnið á því að ágreiningsefni.

Framsögumaður minni hlutans (Jón Ólafsson): Það er auðheyrt, að frsm. meiri hlutans er farinn að ryðga í þingsögu seinni þinga. Í frumv. því, sem lagt var fyrir þingið 1867 var slegið saman bæði stjórnarskránni og ákvæðum um samband landanna. — Stjórnarskráin átti að taka upp sérstöku málin, en jafnframt innihalda reglur um samband landanna. Í 3. gr. sem þingið félst á óbreytta, stendur:

»Í öllum þeim málum sem eru sameiginleg með Íslandi og Danmörku, það er að segja í öllum þeim málum sem um er rætt í 1. gr. eða þeim, sem snerta konungsmötuna, lífeyri handa konungsættinni, enn fremur viðskifti ríkisins við önnur lönd, vörn ríkisins á sjó, ríkisráðið, réttindi innborinna manna, myntina, ríkisskuldir og ríkiseignir svo og póstgöngur milli Danmerkur og Íslands, hefir Ísland löggjöf og stjórn saman við konungsríkið«. — — — —

Svo er gert ráð fyrir, að þegar Ísland tekur hlutdeild í stjórn sameiginlegu málanna, þá geti það sent menn á ríkisþingið. Það er því gersamlega rangt hjá framsm. meiri hlutans, (J. Þ.), að það hafi eingöngu verið sérstöku málin, sem tekin hafi verið upp í stjórnarskrárfrumv. 1867 og 1869.

Sami þm. hélt því fastlega fram og lagði mikla áherzlu á, að við ættum að semja við konung einan, en alls ekki dönsku þjóðina eða ríkisþingið. Í þessu er hann á alt annari skoðun en flokkur hans og formaður meiri hlutans á þingi hér, þm. N.-Ísf. (Sk. Th.). Hann sagði á þingi 1907: »Við danska ríkisþingið verðum við að semja af því að konungurinn skoðar sig ekki sem einvaldan«. Þar með eru vist ummæli framsm. (J. Þ.) fallin um koll, líka frá sjónarmiði meiri hlutans. Það er naumast ætlandi að frmsm. hafi sagt þetta til annars en að slá ryki í augu manna, ekki til að byggja á því neina fasta stjórnarstefnu fyrir sig og sinn flokk. Annars skal eg leyfa mér að slá föstu og undirstryka, að meiri hlutinn er í mesta ráðaleysi með, hvað gera eigi. Það væri ekki undarlegt,

þótt hann væri hræddur að koma fram fyrir kjósendur sína eftir öll þau miklu og stóru loforð, sem hann ekkert hefir efnt af; hann hefir gefið kjósendum sínum steina fyrir brauð.

Framsögumaður meiri hlutans (Jón Þorkelsson): Eg þarf í sjálfu sér litlu að svara háttv. frmsm. minni hlutans (J. Ó.). Eg hefi áður tekið flest fram sem nauðsynlegt var. Þó skal eg geta þess, að það var þá fyrst, eftir 1862, þegar farið var að blanda saman í eitt fjármálunum eða fjárskilnaðarmálinu við Dani og stjórnarmáli landsins, að þingið léði máls á því að ríkisþingið hefði atkv. um stjórnarmálið, en það óskaði ekki eftir því; það var í rauninni neytt til þessa. Með fjárskilnaðarmálið var ekki hægt að komast fram hjá fjárveitingavaldinu danska og úr því að málin nú urðu samtvinnuð, þá fylgdi stjórnarmálið á þá leið með. Þýðir lítið að deila um þessa sök nú, enda vitum við báðir nokkurn veginn ljóst, hvernig þetta ækslaðist svo. Þingin þá lögðu og lítið upp úr þessu, og skoðuðu konung á þeim tímum einvaldan hér um alla löggjöf. Og flestir munu telja svo, að konungur gæfi út stjórnarskrána 1874 sem einvaldur konungur, og að vér höfum ekki með því að taka við henni játað af okkur neinum rétti. En ábyrgist minni hlutinn sjálfan sig, að ekki sé réttarafsal í till. hans nú hér á þingi.

Framsögumaður minni hlutans (Jón Ólafsson): Allur þessi vefur er hreinasti kongulóar-vefur. Meiri hlutinn þykist standa á prógrammi Þingvallafundarins — beinu persónusambandi eða skilnaði. Skilnaðinn þorir flokkurinn nú ekki að hafa á dagskrá sinni og persónusamband geta þeir ekki fengið. Þeir koma því svo búnir heim og halakliptir, vitandi sig hafa ekkert gagnsamlegt aðhafst í þarfir þjóðarinnar. Enda þótt þeir láti glymja hátt og berji óspart skrolltóma landvarnarbumbuna, þá mun íslenzka þjóðin væntanlega úr þessu fara að heyra tómahljóðið í þeim bumbuslætti.

Framsögumaður meiri hlutans (Jón Þorkelsson): Eg verð að lýsa vin minn, hinn háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) ósannindamann að því, að Þingvallafundurinn 1907 hafi ætlast til þess, að farið skyldi að berjast fyrir skilnaði Íslands og Danmerkur nú á þessu stigi málsins, sem eg og hefi tekið skýrt fram áður, að ekki hafi verið meiningin. Slíkt er fjarri öllum sanni, og ef þm. vill halda fast við þá staðhæfingu sína, að meiri hlutinn víki nú frá kröfum Þingvallarfundarins, get eg ekki álitið slík ummæli annað en vísvitandi ósannindi.

Skúli Thoroddsen: Eg ætla að láta þess getið, að eg ætlaði ekki að taka til máls í þessu margræddda máli, en vegna ummæla, er fram hafa komið, verð eg að gera fáeinar stuttar athugasemdir.

Háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.), heldur því fram, að ef þetta mál strandar í Danmörku, þá bregðist þm. loforðum sínum við kjósendur, og rjúfi heit sín við þá. Eg veit ekki hvað þingmenn hafa sagt kjósendum sínum. En mér hefir skilist svo, sem við síðustu kosningar hafi af hálfu hins núverandi meiri hluta verið aðalatriðið, að fá þjóðina til að afsala sér engum landsréttindum, og sannfæra hana um það, að betra væri, að núverandi ástand héldist óbreytt, en að svo væri gert. Eftir frumv. meiri hluta sambandslaganefndarinnar eiga tvö mál að vera óuppsegjanleg, hermál og utanríkismál, og það hafa blöð sjálfstæðismanna að sjálfsögðu bent á, sem »innlimun« í dönsku ríkisheildina, jafnframt því er bent hefir verið svo ítarlega og þrá-

falldlega af mér og öðrum á ýmsan réttarmissi, sem af samþykt frumv. myndi leiða, að mér virtist algerlega óþarft að fara að taka það alt upp að nýju. Fyrir mér vakir það í þessu máli, að þjóðin láti Dani heyra óskir sínar og fullar kröfur og uppgefist ekki, þó hún fái nei á nei ofan. Hver þjóð á heimtingu á, að vera sjálfstæð gagnvart öðrum þjóðum. — Danska þjóðin er sjálf smáþjóð, og Dönum þykir leitt, að Danir í Slésvík verða að lúta erlendu valdi, og því ætti þeim að veita enn auðveldara en ella, að gera sér sjálfstæðiskröfur vorar skiljanlegar. — Ágreiningurinn, sem er á milli flokkanna er fólginn í því, að meiri hlutinn vill heldur sætta sig við, að núverandi ástand haldist óbreytt, en að glatað sé nokkru af réttindum landsins, en minni hlutinn lítur á það, hvað fáanlegt er í svip, og vill heldur taka því, en að alt standi í stað.

Á Þingvallafundinum sumarið 1907, var haldið fram hreinu persónusambandi (personalunion), og þá stefnu hefir þjóðin aðhylst á þingmálafundum. Hvað skilnað snertir, þá vil eg í tilefni af því sem tilrætt hefir orðið um hann í Danmörku vekja máls á því, að réttast væri, að leitað væri atkvæða um það hér á landi, að tilstuðlan alþingis, þótt eigi sé til skilnaðar efnt, eða í því skyni gert, hver vilji þjóðarinnar er í því efni, svo að eigi sé verið að segja Dönum sitt í hvert skiftið um það, bygt á ágizkunum.

Út af ummælum háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.), skal eg geta þess, að sé litið á sögulega hlið málsins, getur það að minsta kosti verið vafasamt, hvort vér Íslendingar getum eigi talið það rétt vorn, að semja við konung einan, en á hinn bóginn, þá er því svo varið, eins og sakir standa, að hann getur ekki framkvæmt neitt, nema ríkisþingið samþykki það. Vonir mínar byggjast einmitt aðallega á þeirri siðferðiskröfu, sem hver þjóð hefir, til að vera sjálfstæð, án þess eg þó geri lítið úr sögulegum og lagalegum rétti, eins og sumir. Aðalatriðið er, að við séum sammála um, hvað við viljum, og gerum dönsku þjóðinni það aftur og aftur sem skiljanlegast. —

Eg ætla svo ekki að fara fleiri orðum um þetta, en vil að eins minna á það, að alt veltur á þjóðinni í þessu máli. Sýni hún þrautseigju og stöðuglyndi í baráttunni mun alt vinnast að lokum, en ella eigi.

Hannes Hafstein: Eg ætla mér ekki að fara í orðakast við háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) um það, hvort Ísland fái »fullveldi« (souverænitet) með frumv. eða ekki. Þetta eru orð, sem toga má og skýra á ýmsa vegu, enda er það eftirtektavert, að engin ríki hafa tekið þetta orð eða þessa lýsingu á sér upp í stjórnarskrár sínar nema nokkur smáríki, sem ekki eru »souveræn« eða hafa fullveldi í orðsins venjulegu merkingu, ekki einu sinni eins mikið eins og við höfum í framkvæmd og reynd. Það mundi ekki auka tangri né tegund við réttindi Íslands eða bæta stöðu þess á neinn hátt, þó að þessu orði væri aukið inn í 1. gr. sambandslagafrumv. Ef Ísland hefir ekki »fullveldi« eftir öðrum ákvæðum frumv., þá nær það því ekki, þó að þessu orði sé troðið inn.

Annars virðist það auðsætt, að svo framarlega sem fullveldi Íslands skerðist við málasambandið um hermál og utanríkismál, eins og frá því er gengið í frv. sambandslaganefndarinnar, þá hlýtur fullveldi Danmerkur að skerðast að sama skapi við samning þennan. Eins og Ísland felur Danmörku mál þessi Dönum til meðferðar án upp-

segjanleika, eins skuldbinda Danir sig til þess að hafa þessi mál á hendi og standast fyrir oss kostnað af þeim án uppsegjanleika, og væri svo að Ísland ætti þá fólksfjölgun fyrir höndum, sem meiri hlutinn hefir gert ráð fyrir, þegar hann hefir verið að berjast móti jafnréttisákvæðinu, þá mundi með tímanum vera allmikið misrétti í því, að Danir einir bæru allan kostnað af vörn og utanríkispólitík ríkjasambandsins. En þeir gætu ekki losað sig við það. Þeir væru bundnir, þangað til sambandslögunum væri breytt. En til þess þyrfti Íslands samþykki. Sannleikurinn er auðvitað sá, að hvorugt landið glatar þjóðarfullveldi sinu, þótt þau leggi á sig þær takmarkanir, sem samningur þessi hefir í för með sér, og láti ríkjasambandið (Statsforbindelsen) framkvæma í einu fullveldi beggja landanna í vissum greinum.

Viðvíkjandi tali forsetanna við Neergaard forsætisráðherrann skal eg að eins taka það fram, sem áður hefir sagt verið, að þar sem þeir frá upphafi settu á odd þá efnisbreyting, sem ekki gat komið til tals, og hver einasti flokkur í ríkisþinginu skýlaust hafði aftekið, þá var engin von til þess að hann færi að fyrra bragði að brjóta upp á formbreytingum.

Framsögumaður minni hlutans (Jón Ólafsson): Herra forseti! Háttv. frsm. meiri hlutans sagði, að frumvörpin 1867 og 1869 hefði ekki átt að leggjast fyrir ríkisþingið, heldur fyrir konung einan. Þetta eru staðlaus ósannindi. Það þarf ekki lengra að leita en í frv. sjálf í alþ.tíð. þeirra ára, til að sjá, hvor okkar fer með rétt mál, og hvor með rangt.

Allir vita líka, að konungur hefir engan rétt til að semja við okkur um afstöðu Íslands og Danmerkur, nema með samþ. ríkisþingsins. Enginn annar en einvaldskonungur gæti undirskrifað slíka samninga án samþykkis ríkisþingsins. Það ætti því naumast að þurfa að endurtaka það, að ríkisþingið hefir samþykkisrétt í þessu máli alveg eins og vér. Ástæður hv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.), eru að eins þær, að Danir muni láta undan. Slíkt er auðvitað að eins út í bláinn.

Háttv. þm. N.-Ísf. kannaðist við orð þau, er eg las úr ræðu hans í alþt. 1907. En höfum vér nokkurn veg nema sannfæringarveginn eða samkomulagsleiðina?

Og það er engu spilt, þó við samþykkjum, að láta Dani fara með utanríkismál okkar og hervarnir, þangað til, ef sá tími kemur, að við verðum einfærir um að annast þau sjálfir algerlega. Það er alt af auðið að ná þeim í vorar hendur, þá er vér höfum bolmagn til þess (og fyrri höfum vér ekki við þau að gera); sá vegur raskast ekki með neinu frumv. eða neinum lögum. Sami háttv. þm. sagði, að ef við hefðum nokkur mál sameiginleg, þá létum við fullveldi okkar af hendi. Danir geta eftir þessu frumv. ekki ráðið nema í sameining við oss sumum málum. Láta þeir þá ekki fullveldi sitt af hendi?

Þeir hafa þó nú einir rétt til að fara með öll utanríkismál alls Danaveldis; vér höfum engan rétt nú í þeim málum. Hvorir takmarka þá fremur fullveldi sitt, vér eða Danir? Hvorugir afsala sér því, en báðir ganga að því, að framkvæma það í sameiningu.

Vér missum ekkert en öðlumst alt.

Ráðherrann (B. J.): Eg sé ekki, að neitt sé vantalað til stuðnings stefnu meiri hlutans í nefndinni, þeirri stefnu, sem eg aðhyllist, enda býst eg ekki við, að umræður verði öllu lengri.

Eg skal taka það fram, að það er nú engin leið önnur, eða annað er

nú ekki ógert, en að kveða skýrt á um það, hvað vér viljum, hvert sé takmark vort, og tjá það hinum aðilanum, Dönum. Danir hafa nú fortekið fyrir, að til nokkurs sé fyrir oss, að fara fram á nokkurar efnisbreytingar við uppkast millilandanefndarinnar. Því eigum vér einskis annars úrkosti en segja: Þetta viljum vér og annað ekki. Hvort sem þetta er gert með samþyktum í báðum deildum eða með rökstuddri dagskrá, skiftir minstu; viljinn er jafn ljós fyrir því. Ef meiri hlutanum á þingi þykir óruggara, að hafa atkvæðagreiðslu um málið, þá læt eg flokkinn ráða, enda ræður hann því alt um það. — Ef flokknum þykir hlýða, að skilja við málið í frumvarps formi, þá mun eg styðja það. Eg skal engu spá um afdrif frumv. Í þetta sinn er afsvarið víst. Eftirleiðis verður ekki sagt um, hversu fara muni. Það er rétt, að leita hófanna um það, að komast sem næst þessu takmarki, og það heldur fyr en síðar.

Skúli Thoroddsen: Háttv. framsm. minni hlutans (J. Ó.) lagði áherzlu á það, að eg hefði sagt, að vér fengjum ekki vilja vorum framgengt, nema því að eins, að vér gerðum samninga við konung, í sameiningu við ríkisþing Dana, og kvað hann þessi ummæli mín leiða til þess, að mér bæri að aðhyllast það. En orð mín voru að eins á þá leið, að hið »faktiska ástand« þ. e. ástandið, sem nú er, væri svo, að vér yrðum að leita samninga við Dani, þótt vér hefðum rétt til þess, að semja við konung einan. Stjórnarskrá vor og stöðulögin eru orðin til, sem valdboð. Þetta sjá nú Danir, og vilja því fá samþykki Íslendinga til skipunar þeirrar, sem felst í frumv. meiri hluta millilandanefndarinnar til þess, að þurfa ekki alt af að heyra það klingja, að samband vort við þá byggist á valdboði.

Í frumv. eru ákvæði um það, að Danir og Íslendingar skuli vera jafnréttháir hér á landi, sem og í Danmörku. Þetta ákvæði getur haft mikla þýðingu fyrir oss, og hana eigi heppilega. Þegar mjög er orðið áskipað í Danmörku, þá geta Danir flykst hingað þúsundum saman, og tekið sér bólfestu í frjósömustu héruðunum hér á landi. Það sjá allir, að af slíku getur þjóðerni voru stafað mikill háski. — Eftir stöðulögunum er það sérmál vort, að skipa atvinnulöggjöfinni, sem oss þóknast, og getum því veitt sjálfum oss forréttindi fram yfir Dani, ef vér viljum; en það getum vér eigi, verði frumv. samþykt. Að því leyti er í frumv. fólginn réttarmissir.

Verzlun og siglingar eru og sérmál vort, og því getur löggjafarvald vort skipað fyrir um sérstakan kaupfána. (*Hannes Hafstein*. Þetta er sérkredda). Þetta er engin sérkredda. Eg veit ekki betur, en að fánar séu nauðsynlegir hverju skipi, og fyrst að siglingar eru sérmál vort, þá leiðir af því, að kaupfáninn er það einnig. — Eg veit það vel, að Dönum er þetta viðkvæmt; þeir vilja helzt sjá dannebrog blakta hér á hverri stöng. — Fánamálið er orðið þjóðinni kært, einkum yngri kynslóðinni, þótt áhugi vor, sem eldri erum, sé ef til vill minni. Mér er þó orðinn fáninn svo kær, að mér þykir óviðkunnanlegt, að danskur fáni skuli blakta yfir oss hér á þinghúsinu, hve nær sem vér erum hér saman komnir til þess, að tala um landsins gagn og nauðsynjar.

Þá er og réttarmissir fólginn í því, að Danir hafi jafnrétti á við oss til fiskiveiða í landhelgi. Þar sem fiskiveiðar í landhelgi eru nú sérmál vort

getum vér útilokað Dani og aðra þegna þeirra frá þeim, ef oss sýnist. — Af þessu er ljóst, hver óhagnaður er fólginn í frumv. oss til handa.

Þá vil eg enn fremur geta þess, að viðvíkjandi orðum hins háttv. framsm. minni hlutans (J. Ó.) þess efnis, að vér mistum engin landsréttindi, þótt frumv. yrði samþykt, að hér á landi er þó fjöldi manna, sem heldur því fram, að gamli sáttmáli sé hinn eini gildi samningur, sem vér höfum gert um samband vort við annað ríki. — Gæti svo farið, að oss þætti það eigi þýðingarlítið, að hafa ekki bundið oss á höndum og fótum, ef svo bæri undir, að Danir lentu í höndum einhverrar stórþjóðarinnar. Eftir skoðun ýmsra á gamla sáttmála, gátu Íslendingar sagt sig lausa, ef rofinn væri. — En eftir frumv. mundu Íslendingar fylgja með sem innstæðu kúgildi, ef Danir yrðu gleyptir af öðru ríki, sem vonandi er, að ekki verði, og hefðu Íslendingar þá ekkert fyrir sig að bera. — Þar sem hæstv. ráðh. (B. J.) sagði, að minstu skifti um það, hvort frumv. yrði útrætt á þinginu, eða samþykt rökstudd dagskrá, en því léti hann þó flokkinn ráða, þá er mín skoðun sú, að ekki eigi að slíta þessu þingi fyrr en samþykt er frumv., svo að Danir sjái kröfur vorar í sem glegstri mynd. Rökstudd dagskrá er of sljóft vopn.

Framsögumaður minni hlutans (Jón Ólafsson): Það var eitt atriði í ræðu háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.), er gefur mér tilefni til að bera fram nokkrar spurningar.

Hinn háttv. þm. sagði, að vér hefðum rétt til að gefa sjálfir út lög um sérstakan íslenzkan fána. En hvers vegna hefir þá ekki hinn háttv. meiri hluti, annaðhvort hinn háttv. þm. sjálfur eða þá ráðh. komið fram með neitt lagafrumv. í þessa átt? Hverju svara þeir nú kjósendum sínum, er áttu að að hafa valið þá einnig með tilliti til þessa máls, hverju svara þessir háttv. þm.? Nei, þeim verður óhægt um svarið — þeir eru nú ekki vissir um að þetta heyri undir núveranda löggjafarvald vort!

Svo að eg snúi mér að því, er hinn háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) var að minnast á danska fánann hér á þinghúsinu, þá vil eg leyfa mér að spyrja hinn háttv. meiri hluta, hvers vegna hann hefir ekki dregið hér niður Danaveldisfánann, þar sem honum væri það nú í lófa lagið, að láta hér blakta þann fána, er hann ber svo mjög fyrir brjósti?

Eg vil að eins benda á, að háttv. meiri hluta þm. virðast helzt til gjarnir á að veifa stóru orðunum og feita fleskinu, og það svo mjög, að jafnvel hinn háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) gat ekki varist þess að láta sér önnur eins orð um munn fara og þessi: að hin síðari kynslóð myndi þeim mönnum þakklát, er eigi hefðu viljað binda hana á höndum og fótum með sambandslagafrumv.

Hinn háttv. þm. hefir játað, að vér gætum verið lausir við allan tilkostnað, þótt vér hefðum hermál og utanríkismál sameiginleg með þeim. *(Skúli Thoroddsen:* Danir gætu sett hér upp herkastala eftir frumv., ef þeim sýndist svo). Ekki nema sápubóla, sem þm. er að blása upp í skýjunum. Þeir öðlast ekki rétt til eins þumlungs af yfirborði þessa lands.

Þá sagði hann, að vér bindum oss í utanríkismálum. Það er þó svo skýrt og skilmerkilega tekið fram í frumv. 3. gr. 2. lið að »enginn þjóðarsamningur, er snertir Ísland sérstaklega, skal þó gilda fyrir Ísland, nema rétt

stjórnarvöld íslenzk samþykki«. Er þetta að binda oss?

Ef svona löguð ummæli, eins og hins háttv. þm., eru á rökum bygð, já — þá held eg að örðugt verði að finna þær fullyrðingar, sem séu rétt nefndar staðleysur.

Bjarni Jónsson: Það hefir nú borið svo margt á góma í þessu máli, að eg ætla mér ekki að fara að rekja það alt nú, eða svara því öllu nú, er þurfa kynni.

En af því að ýmsir háttv. þm. hafa vakið upp endurminningar um starf vort í þessu máli á síðastliðnu sumri, um baráttuna þá og efndirnar, er nú ætluðu að verða á loforðum þeim, er vér hefðum heitið kjósendum vorum, þá get eg ekki gengið þegjandi fram hjá því atriði.

Það vita allir, að þessi barátta hefir verið háð aðallega á grundvelli sögunnar, meiri hluti nefndarinnar hefir að mestu bygt á þessum grundvelli álit sitt, er skrifari nefndarinnar hefir samið. Eg er því einnig samþ., að sá grundvöllur sé réttur, og er hinn sögulegi réttur að vísu biturt vopn og gott, en sljófga má hann, sem hvert annað vopn, þótt gott sé í sjálfu sér; það má slá það úr höndum sér, með því að viðurkenna það, sem mótmælir hinum sögulega og lagalega rétti vorum.

Það hefði sambandslagafrumv. gert, ef það hefði orðið samþ.

Bæði eg og aðrir höfum litið svo á, að auk þessa sé það skýlaus og eðlilegur réttur hverrar þjóðar, að mega ráða sér sjálf — og þann rétt getur enginn af henni tekið; það má að vísu gera þá samninga, að þjóðin fái ekki notið þessa réttar síns, en jafngilda kröfu hefir hún til hans eftir sem áður. Því að þótt eg hafi með samningi játað það í gær, að eg væri þræll, þá þarf eg þó ekki að vera það í dag, ef eg vil það ekki og get losað mig.

Sama mætti nú segja um þetta frv., að vér glötuðum ekki eðlisrétti vorum, þótt það yrði samþ., en vér mundum koma á hann herfjötri þeim, sem erfitt yrði að leysa; vér stæðum ver að vígi eftirleiðis, ef vér nú semdum af oss réttindi vor.

Það hefir verið sagt hér í dag, að utanríkismál og hermál hefðum vèr sameiginleg með Dönum — oss í hag. Og gaman þótti mér að heyra, er hv. 1. þm. Eyf. (H. H.) sagði, að Danir byndu sig sjálfa einungis til að verja oss þangað til oss lysti að losna við þá.

En af hverju ætli Danir geri nú þetta, nema einungis af því, að þeir vilja vera yfirþjóðin, þeir vilja eiga oss með húð og hári! Það kom skýrt í ljós í sumar, það hefir einnig komið fram nú á þingi — síðast í dag, að að þessar yrðu afleiðingarnar, ef frv. yrði samþ.

Allar breyt.till. meiri hluta nefndarinnar lúta að því, að forðast að leggja nokkurn herfjötur á hinn eðlilega rétt þjóðarinnar, að binda hendur eftirkomendanna. Háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) gat þess, að hann hefði ekki borið fram neina till. í þessu máli nú, af því að hann hefði ekki viljað afla málinu óvinsælda með því að beita sér fyrir það; þetta þótti mér undarlegt, af því að á þessu þingi og áður hefir ekki borið á því, að hinn háttv. þm. hafi verið lagður sérstaklega í einelti. Nei, það mætti miklu fremur segja, að sambandsmálið hefði lifað á vinsældum þessa manns, heldur en að það hafi dáið fyrir óvinsæld hans. Þetta eða þvílíkt hefir hinum háttv. þm. einnig verið gefið í skyn hér á þinginu áður.

Ummæli hans í þessa átt geta því ekki verið annað en órökstudd brígslyrði. Enda vænti eg þess, að flestir séu svo skynbærir menn, að þeir láti ekki vináttu eða óvináttu ráða hér mestu um.

Sami háttv. þm. mintist þá á hinn alkunna nefndarskrifara Knud Berlin, er nú er á allra vörum, hann hefði átt að segja eitthvað í þá átt, hvers vegna »fullvalda« ríki hefði ekki verið tekið upp í frumv., þar sem það þó væri tekið fram í ástæðunum, en svo hefði hann (Kn. B.) snúist til þess að blekkja Íslendinga, af því að honum hefði þótt frv. of gott oss til handa.

En mætti nú ekki með jöfnum rétti segja, að Knud Berlin hefði sagt þetta við nefndarmennina íslenzku, þegar þeir fóru, í því skyni að hlakka yfir því, að þeir hefðu ekki náð takmarkinu, sem þeir áttu að ná, og stungið upp í þá þessari dúsu til bragðbætis?

Þá gat sami háttv. þm. þess einnig, að gerðardómsákvæðið sýndi ljósast fullveldishugmyndina.

En eg verð nú að taka undir með hinum háttv. frmsm. meiri hlutans (J. Þ.) að slíkt ákvæði er engan veginn órækur sjálfstæðisvottur; gerðardóm má setja milli landshluta og landsins sjálfs.

Hinn háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) vildi einnig vísa á bug þeim fullyrðingum frumv.andstæðinga, að sambandslaganefndin hefði í nokkru hopað af sínum upprunalega grundvelli.

En þessi ummæli hins hv. þm. eru að eins ósönnuð orð, sem ekki þarf að svara.

Í lok ræðu sinnar gat sami hv. þm. þess einnig, að bardagaaðferð millilandanefndarinnar hefði reynst heilladrjúg; má vera að hún hefði orðið það, ef frumv. hefði orðið samþ. — fyrir Dani en ekki Íslendinga!

Ekki get eg heldur fallist á þá fullyrðing hins háttv. þm., að Íslendingar hefðu með þessu frumv. fengið það, sem þeir þörfnuðust og — þyldu.

Og það virðist mér undarlegt, þegar þessi háttv, þm. og fleiri eru að vitna til þinganna 1867 og 1869. Slíkt kemur oss ekkert við hér. Má vel vera, að oss hafi orðið það að happi, að Danir samþ. ekki það, sem þá var farið fram á — en það hefir engin áhrif á þetta mál.

Þeim ummælum hins háttv. þm. vil eg leyfa mér að mótmæla, að vér værum altaf að gera »auktion« eða yfirboð yfir kröfur sjálfra vor, að vér viðhefðum stóru orðin, er ekkert feldist þó í. Þessi ummæli eru með öllu óréttmæt.

Hv. 1. þm. Eyf. (H. H.) talaði um að ilt væri að koma heim til kjósenda með svikin loforð. Hann skýrði rangt frá því, að vér hefðum ætlað oss að útvega konungssamband eitt eða skilnað. Vér höfum að eins sagt, að vér vildum fá betri samninga og ekki fara fram á minna en konungssamband í framtíðinni. Vér höfum því ekki rofið nein heit við kjósendurna, því að þessu höfum vér unnið á þessu þingi og einmitt það starf gaf háttv. þm. tilefni til að svara oss í þetta sinn.

Leiðin, sem vér ætlum oss að fara, er sú, að láta kröfur vorar ljóst og greinilega í ljósi við Dani, segja þeim allan sannleikann í málinu, og Danir svara svo, hvort þeir ganga að þeim eða ekki. Ef þeir samþykkja þær ekki að þessu sinni, þá skýrum vér réttmæti þeirra fyrir dönsku þjóðinni, og þá mun hún skipa fulltrúum sínum að verða við þeim. Eg veit, að slíkt verður niðurstaðan, þótt það vari að

sjálfsögðu lengra eða skemmra árabil, áður en vér fáum kröfunum framgengt eftir þessari braut.

Eg er mótfallinn því að afgreiða málið með rökstuddri dagskrá, enda veit eg eigi, af hversu heilum hug 1. þm. Eyf. (H. H.) mælti, er hann gaf oss það ráð. Það er miklu meira afl og kraftur, sem lýsir sér í því, að vér afgreiðum það sem lög frá þinginu. Ef vér afgreiðum það sem rökstudda dagskrá, þá sannast það á meiri hlutanum, sem háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) sagði, að hann fái vonda samvizku eftir verkið.

Háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) sagði, að að vér ættum eftir að bíta úr nálinni í þessu máli. Eg vil svara þeim ummælum með því sem stúlkan sagði, er hún var að sauma utan um dauðan mann; hann reis þá upp og sagði hún væri ekki enn búin að bíta úr nálinni. »Þá skal slíta en ekki bíta, bölvaður!«

ATKVGR. 1. brt. meiri hl. (533) sþ. með 16 atkv.

1. gr. sþ. með 16 atkv.

2. gr.

2. brt. meiri hl. sþ. með 16 atkv.

3. — —— — — 16 —

4. — —— — — 16 —

5. — —— — — 16 —

6. viðaukatill. sþ. með 15 atkv.

2. gr. þannig breytt samþ. með 16 atkv.

3. gr.

7. brt. meiri hl. sþ. með 16 atkv.

8. — —— — — 16 —

9. — —— — — 16 —

10. — —— — — 16 —

11. viðaukatill. a-liður feldur með 18 : 7 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Jón Ólafsson,
Ben. Sveinsson,	Björn Kristjánss.,
Björn Jónsson,	Björn Sigfússon,
Jón Jónss. N.-M.	Björn Þorláksson,
Jón Þorkelsson,	Hannes Hafstein,
Magnús Blöndahl.	Hálfdan Guðjónss.,
Þorleifur Jónsson.	Jóh. Jóhanness.,
	Jón Jónsson S.-M.,
	Jón Magnússon,
	Jón Sigurðsson,
	Ólafur Briem,
	Pétur Jónsson,
	Sig. Gunnarsson,
	Sig. Sigurðsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Stefán Stefánsson.

2 þm. greiddu ekki atkv. og töldust með meiri hlutanum.

b-liður sþ. með 16 atkv. shlj.

12. brt. — — 15 — —

13. — — — 16 — —

14. — — — 15 — —

3. gr. þannig breytt sþ. með 16 atkv.

4. gr.

15. brt. meiri hl. sþ. með 16. atkv. shlj., greinatalan breytist samkv. því.

5. gr.

16. brt. meiri hl. sþ. með 16 atkv. samhlj.

17. brt. meiri hl. feld með 16 : 9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Jón Ólafsson,
Bened. Sveinsson,	Björn Sigfússon,
Björn Jónsson,	Björn Þorláksson,
Björn Kristjánss.,	Eggert Pálsson,
Jón Jónsson N.-M.,	Hannes Hafstein,
Jón Þorkelsson,	Hálfdan Guðjónss.,
Magnús Blöndahl,	Jóh. Jóhannesson,
Sigurður Sigurðss.	Jón Jónsson S.-M.,
Þorleifur Jónsson.	Jón Magnússon,
	Jón Sigurðsson,
	Ólafur Briem,
	Pétur Jónsson,
	Sigurður Gunnarss.,
	Skúli Thoroddsen,
	Stefán Stefánsson.

1 þm. greiddi ekki atkv. og taldist til meiri hlutans.

18. brt. meiri hl. sþ. með 15 atkv.
5. gr. sþ. þannig breytt með 16 atkv.
6. gr.
19. brt. sþ. með 16 atkv.
6. gr. þannig breytt. sþ. með 16 atkv.
7. gr.
20. brt. sþ. með 16 atkv.
7. gr. þannig breytt sþ. með 16 atkv.
8. gr.
21. brt. sþ. með 16. atkv.
9. gr.
22. brt. sþ. með 16 atkv.
Fyrirsögn frumv. sþ. með 16 atkv.
Málinu vísað til 3. umræðu með 15 atkv. shlj.

Þriðja umræða (A. 683, 687) 30. apríl.

Framsögumaður meiri hlutans (Jón Þorkelsson): Eg get verið stuttorður um þetta mál nú; það var rætt ítarlega við 2. umr. og ekki hefir neitt það verið sagt, sem þá var ekki svarað, eða svara þyrfti.

Það er að eins br.till., eða réttara sagt viðaukatill. frá meiri hluta nefndarinnar, er eg nú vil fara nokkrum orðum um.

Helmingur nefndarinnar (eg þar á meðal) leit svo á, að klausan í sambandslagafrv. stjórnarinnar um forréttindi íslenzkra námsmanna við háskólann í Kaupmannahöfn ætti að falla með öllu í burt; í fyrsta lagi af því, að hér getur ekki verið um sambandsmál að ræða, heldur er það eftir eðli sínu »legat«, sem stofnað var af konungi á 16. öld, og kemur ekki sambandslögum við.

Þarnæst liggur sú ástæða til þess, að vér höfum nú nýlega samþ. frumv. um stofnun háskóla á Íslandi, og væri því óráðlegt að binda þessi forréttindi með sambandslögum á þann klafa, að vér gætum ekki samið svo um, að eitthvað af þeim með tímanum legðist til háskóla vors.

Enn fremur var það hvöt til að fá þessu ákvæði breytt, að á þingi 1905 var samþ. þingsál.till. um það, að yfirstjórn háskólans í Kaupmannahöfn samþyktist það, að leggja eitthvað af umgetnum styrk til hinna æðri mentastofnana hér: prestaskóla, læknaskóla og hins væntanlega lagaskóla.

Þess vegna var það nauðsynlegt, að ganga svo frá þessu atriði, að það gæti verið laust og utan við sambandslög, þegar á þyrfti að halda.

Meiri hluti nefndarinnar hefir fallist á þetta og ræður hinni háttv. deild sterklega til að samþykkja þessa viðaukatill.

Eg þarf svo ekki að segja fleira nú í þessu máli, en mun gera það síðar, ef mér þykir þess þurfa.

Jóhannes Jóhannesson: Eg gat þess í umr. um vantraustsyfirlýsinguna til fyrverandi ráðherra hér í deildinni, að eg, er sambandsmálið kæmi hér til umr., myndi leiða rök að því, er eigi yrði mótmælt, að sambandslagafrumv. það, er hann lagði fyrir þetta þing, væri í fullu samræmi við stefnuskrá flokks þess, sem eg hefi að undanförnu talist til, og nú er í meiri hluta á þessu þingi, og að það því sætti hreinni furðu, að háttv. meiri hluti skyldi gefa honum að sök forgöngu hans og afskifti af því máli.

Eg verð þá að rifja upp í stórum dráttum, hver stefna flokksins hefir verið í sambandsmálinu síðustu árin, og bera sambandslagafrv. stjórnarinnar saman við hana.

Eg skal að eins lauslega minna á, að alþingi 1901 — fyrsta þinginu, sem eg sat á — vildi flokkurinn sætta sig við það, að vér fengjum sérstakan ráðherra fyrir sérmálin — um sameigin-

legu málin var þá eigi rætt — þótt hann væri búsettur í Danmörku og launaður af dönsku fé, og eins á hitt, að á þingunum 1902 og 1903 greiddi allur flokkurinn undantekningarlaust atkvæði með stjórnarskipunarlögunum frá 3. október 1903, þótt skifting sameiginlegra mála og sérmála væri hin sama og í stöðulögunum frá 1871 og bygð á þeim.

Þó voru ýmsir óánægðir með ríkisráðsákvæðið, er Alberti, sællar minningar, smeygði inn í stjórnarskrárfrv., og eins mæltist hitt mjög illa fyrir, er skipunarbréf Íslandsráðherrans var undirskrifað af forsætisráðherra Dana.

Það varð því þegar bert, að flokkur vor myndi eigi til frambúðar sætta sig við fyrirkomulagið frá 1903, og jafnframt var farið að krefjast þess, að stöðulögin frá 2. janúar 1871 — grundvöllurinn undir stjórnarskipuninni — yrðu endurskoðuð og þeim breytt þannig, að sameiginlegu málin yrðu talin upp, og að lögin skyldu samþykt bæði af ríkisþingi og alþingi, svo fyrir það væri girt, að Danir gætu einhliða kipt burt lögunum og þar með grundvellinum undir sérmálastjórn vorri.

Blöð flokksins unnu svo ósleitulega að útbreiðslu þeirrar skoðunar, að hið núverandi fyrirkomulag væri meingallað, að í þingmannaförinni 1906 voru margir af þingmönnum meiri hlutans orðnir sannfærðir um hið sama og bundust samtökum við stjórnarandstæðinga um það, að nota ferðina til þess að reyna að fá breytingar á fyrirkomulaginu í framangreinda átt.

Um það, hverjar kröfur hinn núverandi háttv. meiri hluti vildi þá gera í sambandsmálinu, hefir maður glögga skýrslu í grein, er háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) ritaði í danska blaðið »Politiken« meðan á þingmannaförinni stóð, en um þá grein segir svo í skýrslu hans sjálfs um málið, sem skrásett er á heimleiðinni úr þingmannaförinni, og eg hefi í höndunum: »Jafnframt skrifaði og ritstjóri Skúli Thoroddsen grein í blaðið »Pólitiken«, þar sem hann skýrði frá kröfum Íslendinga frá sjónarmiði stjórnarandstæðinga, sem sé um endurskoðun stöðulaganna, er samþykt yrði bæði af alþingi og ríkisþingi, og að danskir ráðherrar hefðu engin afskifti af íslenzkum sérmálum, Íslendingar yrðu látnir einir um að ráða fyrirkomulaginu á sérmálastjórn sinni eftir eigin geðþótta o. s. frv«.

Eg þarf eigi að benda á, að hér er Íslandi ætlað að vera hluti úr danska ríkinu með fullum yfirráðum yfir sérmálum sínum, en engin afskifti af sameiginlegu málunum. Sama haustið komu ritstjórar allra blaða þáverandi minni hluta, þar á meðal hæstv. ráðherra (B. J.), þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) og þm. Ak. (S. H.) — og ritstjóri Þjóðólfs (H. Þ) — sér saman um ávarp til hinnar íslenzku þjóðar, er nefnt hefir verið Blaðamannaávarpið og gefið var út 12. nóv. 1906. Aðalkafli þess hljóðar svo:

»Ísland skal vera frjálst sambandsland Danmerkur, og skal, með sambandslögum, er Ísland tekur óháðan þátt í, kveðið á um það, hver málefni Íslands hljóti, eftir ástæðum landsins, að vera sameiginleg mál þess og ríkisins. — Í öllum öðrum málum skulu Íslendingar vera einráðir með konungi um löggjöf sína og stjórn, og verða þau mál ekki borin upp í ríkisráði Dana.

Á þessum grundvelli viljum vér ganga að nýjum lögum um réttarstöðu Íslands, væntanlega með ráði fyrirhugaðrar millilandanefndar«.

Hér er Íslandi eigi ætlað að verða sérstakt ríki, heldur hluti úr danska

t

ríkinu, er eftir ástæðum landsins hljóti að hafa sameiginleg mál með því, og það eigi gefið í skyn, að Ísland eigi að taka nokkurn þátt í meðferð þeirra.

Hefði millilandanefndin verið skipuð þá um veturinn, mundu fulltrúar minnihluta Íslendinga í henni hafa fengið þannig lagað umboð frá flokksbræðrum sínum, því allur flokkurinn aðhyltist Blaðamannaávarpið.

Nú kemur Þingvallafundurinn 29. júní 1907 til skjalanna. Til hans var boðað af þeim, sem áður höfðu aðhylst Blaðamannaávarpið og hann eingöngu sóttur af stjórnarandstæðingum. En bæði af því að samþykt hans er nokkuð óskýrt orðuð — það sýnir blaðadeilan, sem varð á eftir um það, hvernig hana beri að skilja — og eins hinu, að þingflokkur sá, er eg tilheyrði bygði á henni, en skýrði hana jafnframt í því, er hann fékk oss fulltrúum sínum í millilandanefndinni í hendur, ætla eg ekki að dvelja við hana, heldur snúa mér að umboðinu.

Umboð þetta fékk ítarlegan undirbúning; uppkast að því var í fyrstu samið af 3 mönnum — ef eg man rétt, háttv. þingm. N.-Ísf. (Sk. Th.) og dr. Valtý Guðmundssyni, sem fulltrúum þjóðræðisflokksins, og Jóni yfirdómara Jenssyni sem fulltrúa landvarnarflokksins — síðan var það rætt á tveim fundum í þingflokknum — en í honum var sá eini fulltrúi, sem landvarnarmenn áttu á þingi — og samþykt lið fyrir lið við síðari umræðuna.

Umboðið kemur í forminu fram sem: »Útdráttur úr gerðabók þjóðræðisflokksins á alþingi«, og skal eg með leyfi hæstv. forseta leyfa mér að lesa það hér upp. Það hljóðar svo:

»Útdráttur
úr gerðabók þjóðræðisflokksins á alþingi.

11. fundur fimtudaginn 11. júlí 1907, kl. 9 síðd.

Á síðasta fundi voru fram lagðar og bornar upp tillögur til fundarsamþyktar um verksvið millilandanefndarinnar frá nefnd þeirri, er kosin var til að semja þær. Eftir nokkrar umræður voru einstakir liðir bornir undir atkvæði og samþyktir, en fullnaðarályktun frestað. Var nú málið aftur tekið til meðferðar og samþykt í einu hljóði svo látandi

Fundarályktun
um samningsgrundvöll í sambandsmáli Íslands og Danmerkur:

Ísland skal vera frjálst sambandsland Danmerkur í konungssambandi við hana með fullveldi yfir öllum sínum málum.

Fela má þó Dönum að fara með ýms mál fyrir Íslands hönd meðan um semur, þau er eftir ástæðum landsins þykir gerlegt t. d. konungserfðir, hervarnir, utanríkismál, mynt.

Öll önnur mál skulu Íslendingar vera einráðir um með konungi, og verða þau að sjálfsögðu eigi borin upp í ríkisráði Dana.

Sérstaklega skal það tekið fram, að auk þeirra mála, sem nú eru talin íslenzk sérmál, skal áskilinn sérstakur íslenzkur þegnréttur; semja má þó svo, að Danir fái að njóta þegnréttar á Íslandi gegn því, að Íslendingar hafi sama rétt í Danmörku og Danir.

Fáni skal og vera sérstakur fyrir Ísland, en til samkomulags má vinna, að íslenzk skip hafi danskan fána í utanríkishöfum.

Rétt til fiskiveiða í landhelgi hafa Íslendingar einir, en með samningi má veita Dönum rétt til þeirra gegn því, að þeir annist landhelgisvarnir hér við land, meðan þörf er, eða láti önnur hlunnindi í móti koma.

Fé á konungsborð má bjóða fyrir Íslands hönd að tiltölu við fólksfjölda.

Framanritaðri fundarályktun til staðfestingar eru undirrituð nöfn allra flokksmanna.

Björn Kristjánsson, Einar Þórðarson, Jóh. Jóhannesson, Ólafur Ólafsson, Ólafur Briem, Ólafur Thorlacius, Sigurður Stefánsson, Skúli Thoroddsen, Sigurður Jensson, Valtýr Guðmundss., Stefán Stefánsson, Þorgr. Þórðarson«.

Eg skal nú taka þetta umboð, liða það niður lið fyrir lið og sanna með tilvitnunum í frumv. millilandanefndarinnar, svo skýrt og ótvírætt, að eigi verði með rökum móti mælt — nema ef til vill megi deila um eitt einasta atriði — að öllum atriðum þess er fullnægt í frumv. og meira til.

Eftir umboðinu »skal Ísland vera frjálst og sjálfstætt sambandsland Danmerkur í konungssambandi við hana . . .«.

Í 1. gr. frumv. stendur: »Ísland er frjálst og sjálfstætt land, er eigi verður af hendi látið. Það er í sambandi við Danmörku um einn og sama konung . . «.

Þegar þar við bætist, að Ísland í álitsskjali millilandanefndarinnar er nefnt ríki og í 1. gr. frumv. talið vera í »ríkjasambandi« við Danmörku virðist þessu atriði umboðsskjalsins náð í frumv. og freklega það.

Þá er það áskilið í umboðinu, að Ísland skuli hafa »fullveldi yfir öllum sínum málum«.

»Frjálst og sjálfstætt land«, eins og stendur í 1. gr, frumv., gæti Ísland eigi með réttu kallast, ef það hefði eigi fullveldi yfir öllum sínum málum. Sá er eigi frjáls, sem eigi ræður fyrir sèr.

En aðalsönnunin fyrir því, að Ísland hafi fullveldi yfir öllum sínum málum, er að finna í 6. gr. frumv. og 9. gr. þess.

Að því er sérmálin snertir, stendur í niðurlagi 6. gr.: »Að öðru leyti ræður hvort landið (Danmörk og Ísland) að fullu öllum sínum málum«. Hér er það tekið fram með svo skýrum orðum, sem frekast þörf er á, að Ísland hafi eigi einasta fullveldi, heldur og full og óbundin umráð og meðferð þessara mála; því færi það með vald einhvers annars en sjálfs sín í þessum málum, væri það að sjálfsögðu tekið fram, eins og það er tekið fram framar í greininni, að Danir fari einnig með vald vort í sameiginlegu málunum.

Að því er sameiginlegu málin snertir, þá er það tekið fram í sömu grein, að dönsk stjórnarvöld fari með þau »einnig fyrir Íslands hönd«.

Hvað liggur nú í þessu? Er hægt að draga þá ákvörðun af þessu ákvæði frumv., að vér afsölum oss fullveldi voru yfir þessum málum í hendur Dönum og innlimum oss Danmörku?

Síður en svo. Hér er það einmitt tekið fram svo skýrt, að hverjum í meðallagi greindum og upplýstum manni ætti engin vorkunn að vera á, að sjá, að hér er fullveldi vort yfir sameiginlegu málunum að fullu viðurkent.

Ef sú kenning væri rétt, að vér með frumv. afsöluðum oss fullveldinu í sameiginlegu málunum í hendur Dana, þá væru málin eigi lengur vor mál, heldur Dana, sem fengið hefðu fullveldi. Danir færu því að sjálfsögðu með málin sem sín eigin mál að öllu leyti, einnig að því er Ísland snerti, því meðferðarrétturinn fylgir fullveldinu að sjálfsögðu, svo framarlega sem skýr ákvæði eigi sýna, að meðferðarrétturinn (og

skyldan) sé færð yfir á aðra en þá, er fullveldið hafa. Orðin í greininni: »einnig fyrir Íslands hönd« sanna því ómótmælanlega, að málin eru vor mál eftir sem áður og að vér höfum fullveldið í þeim, en höfum að eins fengið Dönum í hendur umboð til þess að fara með þau, einnig að því er til vor tekur og í umboði voru, meðan lögin (ɔ: samningurinn) eiga að standa óbreytt og óhögguð. En hvort það er lengri eða skemmri tími, tímatakmarkað eða óákveðið, það gerir ekki hinn minsta veru-mun í þessu efni. Hvort tíminn er 1 ár, 50 eða 100 ár, eða óákveðinn skiftir engu. Aðal-atriðið er þetta, að valdið er vort, og að meðferð málanna er einnig »fyrir vora hönd«, eða í umboði voru, er falin öðrum af oss sjálfum og meðan vér sjálfir höfum samþykt.

Ein af hættulegustu villukenningunum, sem andstæðingar frv. hafa barið inn í þjóðina, er sú, að vald sé sama og meðferð, og að vér því afsöluðum frá oss og í hendur Dana fullveldinu í sameiginlegu málunum. Þetta er jafnfjarstætt eins og að segja, að eignarréttur sé sama og umráðaréttur, og að jarðareigandi, sem byggir jörð sína hafi afsalað sér eignarrétti að jörðinni í hendur ábúanda, því eins víst og það er, að sá sem bygt hefir jörð sína til ákveðins tíma, til lífstíðar, eða jafnvel selt hana á erfðafestu, er eftir sem áður eigandi jarðarinnar, eins víst er hitt og, að vér höldum fullveldi voru í sameiginlegu málunum, þótt vér fáum Dönum umboð til þess að fara með þau einnig fyrir vora hönd.

Þá skal það og tekið fram, að í 6. gr. áskiljum vér oss rétt á að taka þátt í meðferð sameiginlegu málanna, en slíkt væri fjarstæða, ef vér hefðum afsalað fullveldi voru yfir þeim í hendur Dana.

Þá felst og í 9. grv. frv. ótvíræð sönnun fyrir því, að vér höfum fullveldi í sameiginlegu málunum. Þar er það tekið skýrt fram, að alþ. geti eftir að 25 ár eru liðin frá því að lögin öðlast gildi, krafist endurskoðunar á þeim.

Ef vér afsöluðum oss fullveldinu yfir sameiginlegu málunum, væri eigi rétt hugsun í því, að vér getum krafist endurskoðunar á 3. gr., sem ákveður hver mál skuli vera sameiginleg, eða 6. gr., er ákveður, hvernig með þau skuli farið. Þau væru þá ekki sameiginleg mál, heldur aldönsk mál — eins og sameiginlegu málin verða nú að teljast eftir stöðulögunum — sem vér hefðum engin afskifti af og Danir færu með að öllu leyti sem sín eigin mál. En samkvæmt 9. gr. getum vér krafist þess, að öll lögin —, að ekki einasta einu ákvæði þeirra undanskildu — verði endurskoðuð.

Þá er svo að orði komist í umboðinu, að fela megi þó Dönum að fara með ýms mál fyrir Íslands hönd meðan um semji, þau er eftir ástæðum landsins þyki gerlegt, t. d. konungserfðir, landvarnir, utanríkismál, mynt.

Eg skal þá fyrst benda á, að mál þau, er umboðið veitir heimild til að fela Dönum, eru að mestu leyti sömu málin og talin eru í 3. gr. frv., og að orðin »fara með fyrir Íslands hönd« eru nákvæmlega hin sömu og standa í 6. gr.

Orðin: »meðan um semur« eru því það eina í þessari klausu, er valdið getur ágreiningi.

Hvað þýða þá þessi orð?

Þau þýða að sjálfsögðu það og ekkert annað, en að fela megi Dönum meðferð málanna þann tíma, stuttan

eða langan, ákveðinn eða óákveðinn, sem Íslendingum og Dönum kemur saman um, og ættu því alveg eins við, þótt sú kenning væri rétt, að Dönum væri falin meðferðin »um aldur og æfi«, eins og þó hún væri eigi falin þeim nema 2—3 ár.

En þessi kenning er ekki rétt.

Orðin »um aldur og æfi«, sem notuð hafa verið ósleitulega af frumv.-andstæðingum, standa hvergi í frv., þótt margur ætli svo vera. Hins vegar stendur í 9. gr. frumv., eins og áður er getið, ákvæði um það, að alþingi geti krafist endurskoðunar á lögunum eftir 25 ár, þar á meðal ákvæðinu í 6. gr., um meðferð sameiginlegu málanna, svo í raun og veru er þeim eigi falin meðferðin á nokkru máli lengur.

En þótt kenningin væri rétt, er þá nokkur háski á ferðum?

Þau einu mál, er vér gætum ekki sjálfir verið búnir að taka til meðferðar eftir 37 ár, væru þá hermál og utanríkismál.

En þegar betur er að gáð, þá höfum vér eftir frumv. í raun og veru engin hermál. Þar er skýrt ákveðið, að hvorki verði af oss heimtað fólk né fé til hernaðar. Ákvæðið um, að vér höfum hermál sameiginleg með Dönum, hefir því í raun og veru eigi annað að þýða en það, að Dönum sé skylt að verja land vort, meðan vér erum í sambandi við þá, án þess að geta krafist nokkurs í móti.

Þá eru utanríkismálin. Mér er eigi kunnugt, að vér höfum eða æskjum að hafa utanríkismál, er oss varði nokkru, önnur en verzlunar- og siglingasamninga, en í 3. gr. frumv. er oss það trygt, að engir slíkir samningar skuli gilda fyrir oss, nema vér sjálfir kjósum.

Það er eigi litið varið í það fyrir mig, að geta skirskotað til þess, að Jón yfirdómari Jensson, sem var einn af 3, er orðaði umboð vort, hefir opinberlega látið í ljósi, að skilja beri orðin »meðan um semur«, eins og þau eru skýrð hér.

Þá stendur í umboðinu: »Öll önnur mál skulu Íslendingar vera einráðir um með konungi, og verða þau að sjálfsögðu eigi borin upp í ríkisráði Dana«.

Um þessa klausu get eg verið stuttorður, því eg get skirskotað til þess, er eg sagði áðan um 6. gr. og vald vort yfir sérmálunum og meðferð þeirra, að því viðbættu, að í athugasemdunum við frumv. er það skýrt tekið fram, að vér ráðum því sjálfir, hvar sérmál vor verða borin upp fyrir konungi, og eins hinu, að ráðherra vor skrifi sjálfur undir skipunarbréf sitt.

Þá stendur í umboðinu: »Sérstaklega skal það tekið fram, að auk þeirra mála, sem nú eru talin íslenzk sérmál, skal áskilin sérstakur íslenzkur þegnréttur; semja má þó svo, að Danir fái að njóta þegnréttar á Íslandi, gegn því, að Íslendingar hafi sama rétt í Danmörku og Danir«.

Hér kemst nefndin lengra en umboðið heimtar, því í 5. tölulið 3. gr. stendur: »Löggjafarvald hvers lands um sig getur þó veitt fæðingjarétt með lögum, og nær hann þá til beggja landa«. Vér getum með öðrum orðum eigi að eins veitt fæðingjarétt á Íslandi, heldur einnig í Danmörku.

Þá stendur í umboðinu: »Fáni skal og vera sérstakur fyrir Ísland, en til samkomulags má vinna, að ákveðið sé, að íslenzk skip hafi danskan fána í utanríkishöfnum«.

Í 8. tölulið 3. gr. frumv. stendur, að kaupfáninn út á við sé sameiginlegur, meðan því er eigi sagt upp eftir 9. gr.

Enn stendur í umboðinu: »Rétt til fiskiveiða í landhelgi hafa og Íslendingar einir, en með samningi má veita

Dönum rétt til þeirra gegn því, að þeir annist landhelgisvarnir hér við land meðan þörf er, eða láti önnur hlunnindi í móti koma«.

Í 3. tölulið 5. gr. frumv. stendur: »Um fiskiveiðar í landhelgi við Danmörku og Ísland skulu Danir og Íslendingar jafnréttháir meðan 4. atriði 3. gr. er í gildi, þ. e. a. s.: þegar er vér samkv. 9. gr. segjum gæzlu fiskiveiðaréttarins upp sem sameiginlegu máli, missa Danir allan rétt til fiskiveiða í landhelgi Íslands.

Loks stendur í umboðinu: »Fé á konungsborð má bjóða fyrir Íslands hönd, að tiltölu við fólksfjölda«.

Í 7. gr. frv. stendur: »Þó leggur Ísland fé á konungsborð og til borðfjár konungsættmanna hlutfallslega eptir tekjum Danmerkur og Íslands«.

Hér komst millilandanefndin að betri kjörum en umboðið gerir ráð fyrir. Ef vér Íslendingar ættum að greiða fé á konungsborð móti Danmörku, hlutfallslega eftir fólksfjölda, yrðum vér að greiða $^1/_{30}$ af borðfénu, en þar sem á að leggja tekjur landanna til grundvallar, þurfum vér eigi að greiða nema c. $^1/_{100}$, því munurinn á tekjum landanna er því meiri en munurinn á fólksfjölda.

Eg þykist nú hafa sýnt og sannað með ljósum rökum, að það er stefnuskrá Þjóðræðisflokksins á þingi 11. júlí 1907, sem leidd hefir verið fram til sigurs í frumv. millilandanefndarinnar.

Eg hefi eigi gert það til þess að deila á nokkurn mann, heldur til þess að leiða hið sanna og rétta í ljós í þessu máli, því þótt undarlegt megi virðast, hafa Þjóðræðismenn, er snerust móti frumv. millilandanefndarinnar, eigi viljað kannast við þennan sannleika. Eg hef gert það til þess að sýna, að það erum ekki við, háttv. 6. kgkj. þm. og eg, sem höfum svikið flokk vorn, er vér samþyktum millilandanefndarfrumv., heldur fyrri flokksbræður vorir, sem hlupu frá stefnuskrá sinni í málinu, er þeir snerust á móti því.

Það er meðvitundin um þetta, sem gerir það að verkum, að við höfum tekið okkur létt, og munum taka okkur létt vanþakklæti það, skammir og brigzlyrði, er við höfum orðið fyrir og kunnum að verða fyrir af hálfu fyrverandi flokksbræðra okkar og blöðum þeirra, fyrir starf okkar í millilandanefndinni, og leggjum þá starfsemi ókviðnir undir dóm sögunnar.

Skúli Thoroddsen: Háttv. 2. þm. N.-Múl. (Jóh. Jóh.) mintist á »erindisbréfið«, er Þjóðræðisflokkurinn fékk oss í hendur, er hann kaus í nefndina, og taldi framkomu sína í millilandanefndinni hafa verið að öllu leyti í samræmi við það. — En um þetta get eg als ekki verið honum samdóma. Það eru einmitt orðin í erindisbréfinu: »meðan um semur«, sem eg taldi mér skylt, að fara eftir, enda skoðun minni samkvæmt, þar sem háttv. 2. þingm. N.-Múl. (Jóh. Jóh.) og háttv. þingm. Skagf. (St. St.) á hinn bóginn hurfu frá þeim í nefndinni, vitandi þó að líkindum vel, að þessi margumræddu orð í erindisbréfinu gátu ekki þýtt neitt annað, en það, að öll málin skyldu vera uppsegjanleg.

Háttv. 2. þm. N.-Múl. (Jóh. Jóh.) sagði, að hann og skoðanabræður hans hefðu fengið því framgengt, að Ísland yrði í konungssambandi einu við Danmörk með fullveldi yfir öllum sínum málum; en þessu mótmæli eg algerlega, því að auk þess, sem orðin: »Statsforbindelse«, »Söterritoriet« o. fl. o. fl. sýna, hve ant Dönum er um, að það komi glögt fram í frumv., að

ríkið sé eitt, þá tekur síðasta grein frumv. af allan vafa, hvað fullveldið snertir; það er ómögulegt að kalla þá þjóð fullvalda, er eigi getur nokkuru sinni fengið nokkur umráð yfir hermálum og utanríkismálum. Réttindin, sem vér Íslendingar fáum, ef frumv. nær fram að ganga eru næsta lítilvæg. En Danir fá aukin réttindi, að því leyti, að við fullveldi þeirra bætast íslenzk hermál, utanríkismál, sem og jafnrétti við Íslendinga á Íslandi. — Þá var hinn háttv. 2. þingm. N.-Múl. (Jóh. Jóh.) að vitna í grein yfirdómara Jóns Jenssonar um skilning hans á orðum erindisbréfsins: »Meðan um semur«; en skilningur þess manns á greininni hefir í mínum augum eigi meiri þýðingu, en skilningur hvers annars, ekki sízt þegar þess er gætt, hversu hann snerist við frumv., sem mun hafa stafað af því, að honum þótti alt fengið, ef sérmálin yrðu losuð úr ríkisráðinu, enda eigi neitt annað verulegt fyrir honum vakað. — En þar sem Danir hafa með jafnréttisákvæðinu o. fl. trygt sér þau atvinnuréttindi hér á landi, sem ríkisráðinu var ætlað að hafa eftirlit með, að íslenzka löggjafarvaldið svifti þá eigi, þá skiftir þá auðvitað engu, hvort sérmál Íslands eru borin fyrir konung í ríkisráðinu eður eigi.

En hvað nefnt »erindisbréf« snertir, þá hefir það vitanlega enga þýðingu, að vera að gefa það upp, hverjir hafa farið eftir umboðinu og hverjir ekki. Eg býst ekki við því, að geta sannfært háttv. 2. þm. N.-Múl. (Jóh. Jóh.) og hann sannfærir mig líklegast ekki heldur.

Jóhannes Jóhannesson: Eg er sammála háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) um það, að ekki þýði nokkuð að við förum að þrátta um einstök atriði þessa máls. En á það vil eg þó enn benda, að við nefndarmenn áttum ekkert að gera og gerðum ekkert annað, en að útvega tilboð, sem skyldi lagt fyrir þingið. Af þessu er það og auðsætt, að þótt innlimun hefði falist í frumv. millilandanefndarinnar, þá var það þingið, en ekki við, sem hefði innlimað landið, ef frumv. hefði orðið að lögum. Það er því eigi hægt að nota það sem ástæðu gegn skilningi mínum á orðunum: »meðan um semur« í umboði voru. En sá skilningur styrkist mjög við það, að eitt af þeim málum, sem við áttum að fela Dönum »meðan um semur«, voru konungserfðirnar, en þær datt engum í hug að fela þeim að eins um vissan árafjölda eða láta þær vera uppsegjanlegt mál.

Eg vil einnig leyfa mér að benda á það, að orðið »Statsforbund« á alls ekki við um slíkt ríkjasamband, sem hér um ræðir, en þó að það hefði nú staðið í frumv., þá sýndi það ekkert frekara fullveldi vort en orðið »Statsforbindelse«.

Háttv. framsm. (Sk. Th.) vildi halda því fram, að jafnréttis-ákvæðið væri Dönum einum í hag, en okkur í óhag. Hann hlýtur þó að játa, að það er allur munur á því, að eiga eins og við eftir frumv. ríkisborgararétt í ríki, sem ver yfir 100 miljónum kr. árlega til ríkisþarfa eins og Danmörk, heldur en eins og Danir á Íslandi, sem ver eigi meiru en rúmri miljón króna árlega til ríkisþarfa. Þetta jafnar fullkomlega upp þann mun, sem er á fólksfjöldanum í Danmörku og á Íslandi og meira til.

Jón Magnússon: Eg er gersamlega samdóma háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) um, að gagnslaust sé að deila frekar um málið að sinni, enda er það ekki skemtilegt verk.

Eg vildi að eins bæta dálitlu athuga-

semd við það, sem háttv. 2. þingm. N.-Múl. (Jóh. Jóh.) sagði viðvíkjandi því sérstaklega, hvort Ísland verði fullvalda eftir frumv.

Eg vil annars skjóta inn í þeirri athugasemd svo sem í innilokunarmerki, að mér virðist það harla óviðkunnanlegt, að háttv. framsm. (Sk. Th.) í þessu stórmáli skuli hlaupa í burtu meðan á umræðum stendur.

Eg hefi því miður ekki enn þá haft tíma til að lesa alt þetta einkennilega nefndarálit meiri hlutans, en meðal þess sem eg hefi lesið þar er þó ein grein, blaðagrein — fremur ómerkileg — eftir prófessor Gjelsvik, sem nefndin hefir látið prenta sem fylgiskjal, og hátíðlega lýst yfir að sú grein sè góð og blessuð, »það ljósasta, réttasta og bezta sem skrifað hefir verið í því máli«, sagði framsm. (J. Þ.) nú í ræðu sinni í dag; þetta er því einkennilegra. sem þessi fræðimaður er á alt annari skoðun en meiri hlutinn um aðalatriði í réttarstöðu Íslendinga eftir gamla sáttmála. Hann segir t. d., að Íslendingar hafi gert samband við norska ríkið, (en ekki konung Norðmanna einan, sem meiri hlutinn heldur fram).

Sami maður talar líka um, að hinn norski ríkisforingi (Statschef) hafi drotnað yfir Íslandi, en Íslendingar hafi engin áhrif haft á val hans. Þetta lætur meiri hluti nefndarinnar svo prenta og er heldur en ekki hrifinn af slíkum ummælum. Þessu sama skjali var annars óspart veifað að kjósendum. Það er allhlægilegt — og lítill frami fyrir fræðimenn meiri hlutans - að þeir skuli þykjast vera samdóma þeim manni, sem fer með kenningar, sem í meginatriðum eru svo mjög á móti þeirra eigin. Það hefði verið hyggilegra hjá meiri hlutanum, að gera minna úr og byggja minna á slíkum ummælum, og þar að auki svo flausturslegum og órökstuddum. En það var annar maður miklu nafnkunnari Bredo Morgenstjerne, sem hafði skrifað rækilega um málið og af mikilli alúð í hið merkasta lögfræðislegt tímarit á Norðurlöndum; til dóms hans tekur meiri hlutinn ekkert tillit, hreytir meira að segja ónotum í hans garð og óvirðingarorðum.

Eg skal geta þess, að það hefir verið mikið deilt um, hvort Ísland væri fullvalda ríki eftir frumv. Eg hygg að ákvæðin um það séu nú svo skýr, að það geti ekki dulist neinum meðallagi skynsömum manni, sem skyn ber á málið, því að ekki að eins sambandsfrumv. ber það ljóslega með sér, heldur líka sést það svo ótvírætt af frumv. því til stjórnskipunarlaga, sem lagt hefir verið fyrir þingið. Til enn frekari skýringar skal eg benda á, að það sem er aðalatriði, þegar um fullveldi ríkja í sambandi er að ræða, að annað eða eitt ríkið eða yfirríki ekki hafi áhrif á stjórnarskipun sambandsríkjanna. Hér er það ljóst, að hvorki annað sambandsríkið, né neitt yfirríki yfir báðum ríkjunum hefir neitt vald yfir stjórnarskipun Íslands. Það er nú alveg ljóst, að væri Ísland ekki fullvalda, þegar búið væri að segja upp hinum uppsegjanlegu málum, þá ætti fullveldi beggja ríkjanna að vera hjá þeim í sameiningu, hjá yfirríki, er myndaðist af þeim báðum, hjá sjálfu ríkjasambandinu (statsforbindelsen), en hitt er eins ljóst, að ekkert slíkt ríki myndast eða verður til, því að hér vantaði fyrstu skilyrðin fyrir því að ríki geti myndast, nfl. eitt ríkisland (terretorium), sameiginlegra ríkisborgara. Ríkislöndin, territoriin, verða tvö, og ríkisborgararnir tvennir, sérstakur ríkisborgararéttur fyrir hvort landið. Þetta eitt er nægilegt til að sýna, að Ísland sé sjálfsætt ríki, fullvalda þjóð-

félag; aftur á móti getur ríki verið fullvalda, þótt það feli öðru ríki að fara með sum mál sín út á við. Það missir ekki fullveldi sitt fyrir það.

Ólafur Briem: Það er að eins eitt atriði, sem eg vildi gera lítilsháttar aths. við, af því að eg er í nokkrum vafa um, hvort því sé haganlega fyrir komið í frumv.

Það sem eg á við er það ákvæði 7. gr., að með eins árs fyrirvara geti ríkisþing Dana og alþ. hvort um sig sagt upp sáttmála þessum að nokkru leyti eða öllu, þá er 25 ár eru liðin, frá því er hann gekk í gildi. Nú er það vitanlegt, að ýms af sambandsmálunum, t. d. strandvarnir og peningaslátta og þó einkum utanríkismálefni, eru þess eðlis, að hvenær sem Ísland tekur þessi mál að sér til halds og trausts, þarf að hafa til þess talsverðan undirbúning, er útheimtir bæði tíma og fé. Ef svo bæri til, að ríkisþingið beitti rétti þeim, sem því er áskilinn til að segja upp einhverju af þessum málum með eins árs fyrirvara gæti svo farið, að téður ársfrestur reyndist alt of naumur til undirbúnings, ekki sízt ef uppsögn ætti sér stað á því ári, sem alþ. væri ekki haldið og þar af leiðandi vantaði nauðsynlega fjárveitingu til lúkningar þeim kostnaði, er slík ráðstöfun hlyti að hafa í för með sér.

Að öðru leyti skal það tekið fram, að eg fyrir mitt leyti get ekki lagt sérlega mikið upp úr því, að í sambandslögunum sé tiltekinn tímabundinn uppsagnarfrestur á einstökum málum, með því að eg verð að líta svo á, að réttur sá, sem þar í á að vera fólginn Íslandi í vil, sé nægilega trygður með öðrum gr. frumv., eins og það var samþ. hér í deildinni við 2. umr. málsins, sem sé 1. gr., þar sem svo er ákveðið, að Ísland sé fullvalda ríki, og 5. gr., er skipar svo fyrir, að dönsk stjórnarvöld fari með sambandsmálin í umboði Íslands. Með þessum ákvæðum er Íslandi eftir minni skoðun veitt skýlaust vald til þess að taka í sína hönd og undir sín umráð sambandsmálin í heild sinni eða hvert einstakt þeirra út af fyrir sig, að því leyti sem málefnasambandið byggist ekki á öðru en samningi þeim, sem gerður er með þessum lögum. Þetta virðist því síður þurfa að valda neinum vafningum eða vífilengjum, þar sem í álitsskjali millilandanefndarinnar er með einróma yfirlýsing nefndarmannanna dönsku fengin viðurkenning frá fulltrúum allra stjórnmálaflokka í Danmörku um að frá Dana hálfu verði aldrei beitt neinu valdi við Ísland, til þess að halda nokkru forræði yfir því.

Samkvæmt þessu er það álit mitt, að áminst uppsagnarákvæði, hvort heldur eins og það er orðað í uppkasti millilandanefndarinnar eða í frumv. því, er nú liggur fyrir deildinni, hefði ekki átt að komast inn í frumv. og að það væri enginn skaði þó að það væri felt burtu. Ástæðan til þess, að eg samt sem áður hefi ekki gert ágreiningsatkvæði í sambandslaganefndinni um þetta efni, er sú, að eg gat búist við, að þar að lútandi breyt.till. yrði skoðuð sem fleygur til að koma málinu í ónýtt efni, enda lítil líkindi til eins og nú stendur, að sú till. fengi fylgi. En hvenær sem sambandsmálið verður tekið upp aftur til meðferðar með von um árangur, ætti það að vera alvarlegt íhugunarefni, hvort ekki væri rétt að sleppa ákvæðinu um tímabundinn uppsagnarfrest sambandsmálanna, og það því fremur, sem hætt er við að það ákvæði verði sá þrándur í götu, sem öll samningaumleitun strandi á í bráð og lengd. En hvort sem þeir samningar takast fyr eða síðar,

hljóta allir að kannast við, að meðan sambandið helst milli landanna, er báðum þjóðunum bezt og affarasælast, að öll viðskifti gangi sem friðsamlegast, eins og það á hinn bóginn er óskandi og vonandi, að Íslendingar þurfi ekki til langframa að slíta kröftum sínum í árangurslausum deilum um málið.

Framsögumaður minni hlutans (Jón Ólafsson): Herra forseti! Það væri að bera í bakkafullan lækinn að fara nú að tala mikið um þetta mál, er svo hefir verið þaulrætt bæði við 2. umr. og nú í dag.

Eg ætla heldur ekki að fara að tala um það frv., er nú liggur fyrir hér, en eg ætla að leyfa mér að gera grein fyrir framkomu vorri, minnihlutaflokksins.

Vér ætlum ekki að greiða atkv. um þetta mál; vér viljum ekki taka neinn þátt í þeim leikaraskap, sem allir játa að sé nú verið að fremja, því að það er ekki annað en uppgerðar-skrípaleikur. Vér viljum ekki brjóta skip vort á því eyðiskeri, er nú blasir við afdrifum þessa máls.

Þess skal eg þó geta, að ef nafnakall fer fram, þá munum vér greiða atkv. á móti, því að með þessu frumv. meiri hlutans er, eins og hátt. 1. þm. Eyf. (H. H.) tók réttilega fram, verið að draga slagbrand fyrir alt samkomulag síðar meir.

Eg get þó ekki bundist þess, áður en eg sezt niður, að beina þeirri spurningu að hinum háttv. meiri hluta, hverjar hann ímyndi sér að afleiðingarnar verði, ef frv. þetta verður nú samþ. sem lög frá alþ.; það er auðvitað, að þá neyðir flokkurinn ráðh. til að bera það fram fyrir konung, þótt skýlaust nei liggi þegar víst fyrir af konungs hálfu. Það stóð fyrir skemstu í blaði hins háttv. formanns meiri hlutans, nei, háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.), að ráðh. hefði enga heimild meiri hluta flokksins, til að gefa Dönum neinar vonir um samkomulag með tilhliðrunarsemi, það væri með öllu heimildarlaust.

En í hverja stöðu setur nú hinn hv. meiri hluti ráðherrann með þessu?

Á hann að bera það mál fram, sem fyrir fram er ákveðið að neita og sitja svo kyrr við völdin — halda áfram að vera ráðherra konungs, þó að konungur vilji ekki þýðast ráð hans og geti ekki borið traust til hans?

Eða er ætlast til að ráðh. rjúfi þing, til þess að sýna, hvort þjóðinni er alvara að veita enn þessum flokki fylgi sitt — og leika svo norska leikinn á ný: að ráðherrann leggi niður völd til að sýna konungi í tvo heimana, sýna honum, að hann geti ekki fengið neinn til að vera ráðherra og stýra landinu — því að vel vita þeir, að enginn Íslendingur vill taka að sér ráðherravöld í trássi við meiri hluta þjóðarinnar. Og á þá ekki næsta sporið að vera, að lýsa konunginn afsettan eins og í Noregi og sambandinu slitið við Dani? Þessu vænti eg að hæstv. ráðherra svari. Þjóðin á heimting á að vita, hvert verið er að stefna.

Pétur Jónsson: Eg ætla ekki að halda ræðu, en að eins spyrja forkólfa hins háttv. meiri hluta, hvort þeir ætla ekki að svara fyrirspurnum hins háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.)

Mér finst þjóðin eiga heimting á að fá að vita, hvað þessir menn hugsa sér um framgang þessa máls framvegis.

Eg vil því að eins árétta þessa spurningu fyrir mína hönd og margra annara á þessu landi, hvað þeir hugsa sér um framgang þess, þar sem Danir eru búnir að neita í áheyrn forseta alþ. og þar sem forsprakkar meiri hluta flokksins hafa lýst því yfir, að tilhliðr-

un við Dani eigi ekki að eiga sér stað í þessu máli. Hvað hugsa þeir sér? Þetta gæti mint menn á fornar tíðir, þegar líkt stóð á, þá var skylt mál á ferðinni, er átti að halda til streitu. Það var endurskoðunarbaráttan, er hófst 1885 og var endurnýjuð 1888.

Þá var gerð sú heitstrenging, að halda þessu máli til streitu með kappi og hiklaust og röggsamlega. Öllum er kunnugt, hve sú röggsemi dignaði upp á áraskeiðinu frá 1897 til 1903 og hvernig sumir áköfustu kraftarnir gugnuðu. Eru nú líkur til röggsamlegri framgöngu, þegar sem engin von er um sigur þess, sem barist er fyrir?

Skúli Thoroddsen: Það er undarleg ástríða hjá háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) að vera alt af að titla mig sem formann flokksins, enda þótt eg hafi margsagt, að eg sé það ekki (*Jón Ólafsson:* Eg leiðrétti líka orð mín sjálfur). Eins og menn vita, þá er það nú annar, sem því nafni ber að kalla, og kæri mig ekki um neina titla, sem eg á ekki.

Ræðu h. 1. þm. Eyf. (H. H.) þykir mér ástæða til að svara fáum orðum, enda þótt háttv. þm. Dal. (B. J.) hafi svarað flestu, sem svars þurfti.

Hinn hv. þm. gerði mikið úr þeirri hættu, er stafað gæti af því, að Danir gætu sagt upp sameiginlegu málunum, hve nær sem þeim sýnist, svo að vér yrðum þá að sigla vorn eigin sjó.

Hinn háttv. þm. gerir meira úr vernd Dana, en eg get gert; það er öllum kunnugt, að Danir eru ekki færir um að verja sjálfa sig, hvað þá heldur aðra. Eg byggi þá skoðun mína á vaxandi réttlætistilfinning þjóðanna, að vér myndum í engu ver farnir, þótt Danir sleptu af oss verndarhendi sinni.

Þá talaði hinn háttv. þm. mikið um það, að hinn núverandi meiri hluti væri í sífellu að gera ný og ný yfirboð, og gat hann þess, að þetta hefðum vér aðallega gert til þess, að koma honum frá völdum.

Eg hefi áður lýst því yfir í blaði mínu, hvílík fjarstæða það væri, að gera mér slíkar getsakir, því að það var svo langt frá, að eg í fyrstu gæti búist við því, að stefna sú, er eg fylgdi í millilandanefndinni yrði ofan á, þótt sú hafi nú orðið raunin á, að eg taldi þess enga, eða þó sárlitla von. Eg stóð ekki í símasambandi við neinn hér heima, og þegar þess er gætt, að 2 af nefndarmönnunum, er til þjóðræðisflokksins töldust fylgdu þáverandi stjórnarflokki að málum í nefndinni, sem og auk þess einn þeirra þm., er staðið hafði mjög framarlega í þjóðræðisflokknum dr. Valtýr Guðmundsson, — þá ætti öllum að geta verið það ljóst, að slík hugsun hlaut að vera mér mjög fjarri, að ágreiningsatkvæði mitt í millilandanefndinni væri vegur til að steypa stjórninni, enda leið nokkur tími, eftir að álit millilandanefndarinnar varð hljóðbært hér á landi, unz kunnugt varð um, hvernig sum þjóðræðisblöðin myndu snúast í þessu máli.

Að því er snertir spurningar háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) um það, hvað meiri hlutinn ætlast fyrir, eða hvað ráðherranum sé ætlað að gera, þá get eg sagt það fyrir mitt leyti — og líkt mun vera um marga aðra —, að eg vænti þess, að hæstv. ráðherra (B. J.) leggi fram alla sína krafta, til þess að vinna konung vorn, og hið danska löggjafarvald á vort band. Um undirtektir úr þessari átt er enn ekki fullreynt, og þinginu er því áríðandi að samþ. frumv., þar sem kröfur þess koma skýrt í ljós. En fari nú svo, sem allar horfur eru á, að kröfum vorum verði ekki sint að þessu sinni, þá

er sjálfsagt að halda þessu máli vakandi, og nauðsynlegt að þingið samþ. þetta frumv. aftur og aftur, — unz til sigurs leiðir.

Eg hefi áður bent á einn veg í þessu máli, en hann er sá, að einhverntíma bráðlega fari fram atkv.gr. hér á landi um það, hve margir vilji aðhyllast sambandið við Dani, og hve margir vilji að því sé slitið. Að því má ganga sem visu, að Danir vilja sízt af öllu, að upp úr því slitni, en það getur haft sína þýðingu, að vilji þjóðarinnar komi sem glöggvast fram í þessu efni, og að danska þjóðin sé hans eigi dulin, þótt eigi sé í framkvæmdaskyni fyrst um sinn.

En færi nú svo — sem eg tel einna líklegast — að méiri hluti þjóðarinnar kærði sig ekki um þessa vernd Dana, sem háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) gerir svo mikið úr *(Jón Ólafsson:* Á þetta að verða bráðlega?), og þó að barátt-an standi í 10—20—30 ár, þá vekur hún þjóðina til sjálfsmeðvitundar, og gæti því orðið henni þarfur skóli til að læra að stæla vöðvana, reyna á krafta sína.

Þessi barátta mundi því ekki verða til einskis, heldur til mikils gagns, enda þótt ekki sé þegar séður ávöxturinn, sem af henni kann að verða.

Hinn háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) gat þess, að þrautseigja þessarar þjóðar hefði verið lítil, er um landstjóra fyrirkomulagið var að ræða. Já, hún var þá of lítil, og var mér það sérstaklega tilfinnanlegt, er horfið var frá því árið 1895, með því að alveg sérstakar ástæður voru til þess, að eg hlaut að skilja það betur, en flestir aðrir, að undanhaldið var óheppilegt, ekki sízt eins og stjórnarástandinu þá var háttað. Þá var þingið máttlaust, og jafnan mátti búast við, að þeim frumv., er þingið samþ., yrði synjað staðfestingar, enda var þá ráðgjafinn útlendur, og hafði lítinn áhuga á íslenzkum málum, enda ókunnugur högum vorum, svo að undirbúningur þingmála af hálfu stjórnarinnar var mjög ónógur og ófullkominn.

Það stóð heldur ekki á lagasynjununum, og það var ekki nema eðlilegt, að slíkt hlyti að draga úr kjarki þjóðarinnar og áhuga þingsins. Þing var þá ekki til líka eins öflugt, eins og það er nú.

En þótt nú fari svo, að dráttur verði á, að fá því framgengt, sem sambandslagafrumv. vill veita, þá stendur oss það ekki fyrir þrifum í svipuðum skilningi, sem hið óheppilega stjórnarástand, sem var, áður en stjórnarskrárbreytingin var staðfest árið 1903.

Eg vildi óska, að háttv. minni hluti gæti nú felt sig við þessa hugsun, og tekið höndum saman við meiri hlutann til þess að bera fram sem fylstar kröfur Íslendinga, því að það er deginum ljósara, að ef vér erum sundraðir sjálfir, þá er miklu minni von sigurs, heldur en ef vér stæðum jafnan, sem einn maður.

Hitt er líka jafnljóst að ef alt af er hér uppi flokkur manna, er hallast að því er Danir vilja, þá veikir það kraftana eigi all-lítið.

Það væri því æskilegt að hinn hv. minni hluti gæti nú felt sig við að víkja frá undanfarandi stefnu sinni.

Hinum háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) fórust orð í þá átt, að samþ. þessa frumv., er nú liggur hér fyrir, gæti varnað því, að þjóðin vitkaðist aftur.

Eg vildi nú óska, að þjóðin ætti ekki eftir að vitkast í þeim skilningi, er fyrir hinum háttv. þm. vakir.

Eg óska, að þjóðin láti ekki staðar numið, fyr en hún hefir fengið það, sem hún að réttu á heimting á. Og

það er undir sjálfum oss komið, hvort það tekst, eða ekki; það er undir því komið, að vér með þrautseigju og öllum heiðarlegum meðulum reynum að gera málstað vorn gagnvart Dönum skiljanlegan þeim og öðrum þjóðum, og látum sjálfir eigi hugfallast.

Þá mintist hinn háltv. þm. á það, að stjórnarskrármálið svæfi enn í nefndinni. En það stafar af því, að fyrir meiri hlutanum hefir ekki vakað, að það mál ætti fram að ganga að þessu sinni, með því að vonirnar um það, að sambandsmálið verði leitt til heppilegra lykta, nái samþykki danska löggjafarvaldsins, eru mjög litlar, en þýðingarlaust að gera stjórnarskrárbreytingar, sem á ýmsan hátt eru samtvinnaðar sambandsmálinu.

Hitt er á hinn bóginn mikilsvert að fá stjórnarskránni breytt, bæði að því er snertir kosningarréttinn, konungkjörna þingmenn o. s. frv. Það mál ætti því að verða tekið til meðferðar á næsta þingi; en ekki veit eg, hvað hæstv. ráðherra hefir hugsað sér í þessu efni.

Þykist eg svo ekki þurfa að tala meira um þetta mál að sinni.

Framsögumaður minni hlutans (Jón Ólafsson): Af orðum hins háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) verður ekki annað dregið en það, að hann hugsi sér þann endi þessa máls, að vér höfum sama ástandið óbreytt og nú höfum vér, að vér berjum í sífellu höfðinu við steininn, eða gefumst upp að öðrum kosti — eftir 30 ár eða hver veit hvað langan tíma; að vér þá gefum upp loftkastalavígin! En hvar eru þá öll skilnaðarstóryrðin? Voru þau öll ekki annað en »reykur, bóla, vindaský« — tómur vindur?

Eg gerði þá fyrirspurn til hæstv. ráðh. (B. J.) áðan, hversu hann ætlaði að fara að, þá er hann hefir flutt fyrir konungi þetta frumv. og fengið neitað staðfesting þess — hvort hann ætlaði þá að leika norska leikinn upp aftur.

Eg sé, að hæstv. ráðh. (B. J.) er hér nú ekki sýnilega nálægur í holdinu — í sæti sínu, en eg þykist sjá hér inn um gættina á ráðherra-herberginu, að hann sé svo nálægur, að hann megi vel nema mál mitt. Þjóðin á fylstu heimting á, að hann skjótist ekki í felur fyrir orðum mínum, heldur svari þessari spurningu vífilengjulaust. — Eða getur hann ekki svarað? Þarf hann að halda flokksfund fyrst og leita véfréttar hjá þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) um, hverju hann megi svara? Eða hefir flokkurinn skipað honum að þegja við öllum óþægilegum spurningum?

Það lítur út fyrir, að það sé ekki hæstv. ráðherra (B. J.), er flokknum ræður, heldur sé það flokkurinn, er honum ræður. En hvað sem því líður nú, þá er svar hins hæstv. ráðherra (B. J.) ókomið enn.

Kemur það?

Hannes Hafstein: Háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) gerði mikið úr »framfluginu«, sem verið hefði í skoðunum hans og flokksbræðra hans í sambandsmálinu á síðustu tímum. Öllu má nafn gefa. Flug hefir í öllu falli verið á þeim, flug og flótti frá hverri sigurvænlegri kröfu, frá hverju náðu takmarki. Á harða hlaupi hafa þeir yfirgefið fyrri kröfur sínar og stefnuskrár og markmið í þessu máli, jafnóðum og eitthvað hefir verið fengið eða framkvæmanlegt af því, alveg án tillits til þess, hve mikið er fengið eða framkvæmanlegt. Nú er kappið að eins þetta: eitthvað annað! Ný krafa, nýtt yfirboð. Jafnóðum og tekist hefir á síðustu árum að komast fram hjá gömlum, rótgrónum skoðunum og kenningum viðvíkjandi afstöðu Íslands gagnvart Danmörku, sem verið hafa

ríkjandi með sambandsþjóð vorri, jafnóðum og lánast hefir að koma fram eða ryðja braut óskum og kröfum af Íslands hálfu, sem til skams tíma voru taldar framtíðarhyllingar einar, jafnótt hafa þeir, er lítilþægastir voru til umbótanna áður, rifið niður og forsmáð það sem fengið var, úthúðað því sem einskisvirði og verra þó, og sett upp nýjar kenningar og kröfur. Síðasta yfirboðið er þannig lagað, að vissa er fyrir því, að á fleiri yfirboðum þarf eigi að halda að sinni, og það af þeirri einföldu ástæðu, að því getur ekki orðið framgengt. Það er til hlítar búið að ganga fyrir allar æsar um það, að það er óframkvæmanlegt. Þetta er viðurkent af þeim h. þm. sjálfum, sem nú hafna sambandslagafrumv. og bjóða í staðinn fyrirkomulag, sem þeir vita að ekki er unt að fá, og þeir láta sér ekki nægja, að koma fram með þessar hugsjónir sínar sem ástæðu fyrir því, að samþ. ekki sambandslagafrumv., heldur hafa þeir nú loks komið sér saman um, að knýja skýjaborgir sínar fram í frumvarpsformi, sem lög frá alþingi.

Samþykt meirihlutatillaganna í lagaformi setur í tvennum skilningi slagbrand fyrir frekari framgang sambandsmálsins. Í fyrsta lagi þvergirðir hún fyrir alt samkomulag út á við, meðan þessu frv. er haldið að Dönum sem vilja þings og þjóðar, og leysir Dani í öllu falli af öllum loforðum og tilboðum, sem fengin eru með erfiði undanfarinna ára; í öðru lagi gerir hún miklu erfiðara inn á við að ná samkomulagi meðal íslenzku þjóðarinnar um skynsamlega og heilbrigða stefnu í þessu velferðarmáli hennar. Að knýja þessar óframkvæmanlegu kröfur fram sem samþykt lagafrumv., getur eftir öllum atvikum og ástandi naumast þýtt annað en það, að núverandi virðulegur meiri hluti á þingi vilji slá fastri ófrávíkjanlegri stefnuskrá fyrir þjóðina. Það á að gefa kreddum þeirra manna, sem nú drotna á þinginu, einskonar löghelgi með því móti, það á að láta sýnast svo, sem þetta sé ófrávíkjanlegur vilji þings og þjóðar. Ef einhverjir síðar komast að annari niðurstöðu, sjá glapræðið, sem gert er nú, og vilja halda fast við hinn gamla grundvöll Jóns Sigurðssonar og annara forvígismanna íslenzks þjóðernis, þá á þetta samþykta frumv. alþingis að vera heimildin til þess að hrópa um, að menn séu að hopa og hörfa, svíkjast undan merkjum, og »innlima« landið. Það er reiknað upp á það ístöðuleysi manna, að þora ekki að fylgja sannfæringu sinni af ótta fyrir því, að sagt sé um þá, að þeir séu ístöðulausir. Það á að negla þjóðina, fyrirskipa henni með harðri hendi, hvað hún megi hugsa og gera. Til þess tekur þessi virðulegi meiri hluti sér vald. Til þess vill hann nota hið bráðfleyga tækifæri.

En ekki kæmi mér á óvart, að jafnvel sumum af þeim kjósendum, sem mest og bezt hafa stutt kosning þessara herra, þyki hér vel langt gengið af þeim trúnaðarmönnum sínum. Þjóðin hefir í hæsta lagi sagt með kosningunum 10. sept. í fyrra, að hún vilji ekki aðhyllast sambandslagafrumv. óbreytt. En hefir hún gefið þessum herrum umboð til þess, að taka ákvarðanir um alla framtíð hennar? Nei, og aftur nei. Eg held að það sé sízt ofsagt, að slíkt sé gerræði. Margur hugsandi maður úr þeim flokki, sem þeir telja sér út um landið, mun segja: Hvers vegna þorðu þm. vorir ekki að láta þjóðina greiða atkv. um þetta mál af nýju, áður slagbrandur

var settur fyrir alt samkomulag? Og eg vil fyrir mitt leyti spyrja nú: Hvers vegna þora þessar frelsishetjur ekki að eiga undir því? Það virðist augljóst, að þeim ætti að nægja að svo stöddu, að láta kröfur sínar í ljósi t. d. með rökstuddri dagskrá, úr því þeir segja sjálfir, að þeir viti, að tillögur þeirra nái ekki fram að ganga, ef ekki byggi annað undir.

Eg skyldi þó ekki leggja þungan dóm á þetta atferli meiri hlutans, ef frumvarp hans væri eftirsóknarvert, ef það væri holt og gott framtíðartakmark, og betra en það sem í boði er. En það er síður en svo. Hvorki inn á við né út á við er það oss betra í nútið, né tryggilegra fyrir frelsi og sjálfstæði landsins í framtíðinni. Það mun sannast, þegar glímuskjálftinn og flokksæsingin rennur af þjóðinni, að það verður viðurkent, að það frumvarp, sem meiri hlutinn nú drepur, býður Íslandi alt það frelsi og alt það sjálfstæði, sem það á þessum timum þarfnast og þolir, og gefur því, hvernig sem á er litið, margfalt betri aðstöðu fyrir framtíðina. Eg hef lagt fyrir þetta þing frumvarp til nýrrar stjórnarskrár fyrir Ísland, sem sérstakt ríki. Það frumvarp er bygt á þeirri stöðu meðal landanna, sem Ísland mundi fá eftir sambandslagafrumvarpinu, sem nú á að hafna. Það er samþykt af konunginum í ríkisráðinu, og hefði átt sér vísa staðfesting, ef alþingi hefði samþykt sambandslagafrumvarpið, óbreytt að efni. — Þetta frumvarp sefur enn í nefnd, og getur ekki orðið útrætt á þessu þingi. Hvers vegna? Af því einu, að meiri hlutinn vill vegna flokkshagsmuna þegja það í hel. Þetta frumvarp, sem eg nú held á í hendinni, sýnir svo áþreifanlega sem unt er, að sambandslagafrumvarpið, sem það byggist á, stendur landinu ekki í ljósi fyrir svo viðtæku og fullkomnu frelsi og sjálfstæði inn á við, sem ríki með þingbundinni konungsstjórn getur haft. Eg fullyrði, að háttv. meiri hluti getur engin rök fært fyrir því, að vér gætum sett oss frjálslegri eða oss hagfeldari stjórnarskrá fyrir það, þó tillögur hans í sambandsmálinu með kostum og kynjum væri samþyktar. Vér kæmumst ekki hænufeti framar í rétti til þess, að ráða málum vorum inn á við.

Og út á við! Þar er það þá, sem kostirnir ættu að liggja! En því fer svo fjarri, að vér værum betur settir gagnvart öðrum löndum, ef það ástand væri lögleitt, að við þvert á móti værum þá í háska og óþolandi óvissu.

Háttv. 1. þm. Skagfirðinga (Ól. Br.) tók það réttilega fram, að það er óforsvaranlegt og stórháskalegt atriði í tillögum meiri hlutans, að búa svo um málasambandið um önnur eins mál, eins og alla utanríkispólitík og hermál o. fl., að sambandsþjóðin, sem hefir þetta á hendi fyrir okkur, geti sagt þessu upp með 1 árs fyrirvara, hvenær sem henni býður við að horfa. Þetta hljóta allir heilskygnir menn að sjá, að er hreint og beint glapræði, eftir því sem okkar fátæku högum er háttað. Það þarf ekki mikið hugmyndaflug til þess að sjá, hvernig við værum staddir, ef Danir snögglega notuðu sér slíka heimild, sem ómögulegt er að fortaka neitt um. Þeir geta, eins og aðrir, verið óhepnir við kosningar, og fengið þröngsýnan og sérgóðan meiri hluta, er tæki það ráð að firra sig óþægindum eða kostnaði með því, að segja Íslandi upp strandgæzlu, stjórn utanríkismála og allri hervörzlu. Ef vér þannig snögglega stæðum uppi einir vors liðs á okkar fámenna og fátæka landi langt úti í útsænum, þá er ekki að eins sú hættan, sem yfir vofir, að

gjöld þau, sem vér neyddumst til að leggja á oss til þess að standast þann kostnað, sem Danmörk ber fyrir oss meðan sambandið stendur, bæri oss algerlega ofurliði, heldur væri hitt enn þá háskalegra, að við ættum á hættu, að útlend riki virtu oss alveg að vettugi sem sjálfstætt þjóðfélag, og létu sig litlu skifta, hvert þeirra yrði fyrst til þess, að rétta út ránsklóna og kasta eign sinni á hólmann, og gæti þá orðið lítið úr sjálfstæði voru, tungu og þjóðerni.

Eg er sannfærður um það, að þess muni ekki langt að bíða, að það komi í ljós, að þjóðin láti sér fátt um finnast þetta gerræði meiri hlutans, sem nú er, að ónýta alt það langa og oft erfiða starf, sem á undan er gengið fyrir pólitiskt sjálfstæði þessa lands, og slá slagbrandi fyrir alt samkomulag, allan framgang málsins um framtíð, er eigi sér fyrir endann á. Eg er viss um, að margur mun verða sá maðurinn, sem kann þeim herrum litlar þakkir fyrir frammistöðuna, að minsta kosti þegar fram liða stundir og flokksæsing hjaðnar. Þá mun það verða öllum almenningi sjáanlegt, hversu happasælt og viturlegt verk hér er verið að vinna. Sérstaklega er eg viss um það, að mörgum, sem trúað hafa á fagurmælin um þjóðræðið sem yfirherra alls þingræðis, þyki kynlega við bregða, þegar »þjóðræðis«-meiri hlutinn á þingi forðast það sem heitan eldinn, að lofa þjóðinni að koma hér að atkvæði sínu, áður en þessi slagbrandur er sleginn, þegar henni er af ásettu ráði fyrirmunað, að hugsa sig um og uppkveða úrskurð sinn um frumv. í hinu nýja formi, sem það fær við minnihluta-tillögurnar; þegar stjórnarskrárfrumvarpið, sem inniheldur allar þær breytingar, sem meirihlutahöfðingjarnir áður hafa talið allra æskilegastar, er lagt á hylluna og þagað í hel, eingöngu til þess, að ekki verði þingrof, til þess að varna þjóðinni þess, að geta séð sig um hönd og kosið sér aðra fulltrúa.

Það er ilt til þess að vita, að Íslands óhamingju skyldi verða sundrung og flokkadrættir þjóðarinnar að vopni í þessu máli. Það er sorglegt, að einmitt þetta mál skyldi vera tekið til þess að fórnfæra því á altari valdabaráttunnar, að eins til þess að ná einu vesölu ráðgjafa-embætti! Það er illa gert, að setja það tvent í samband. Það er of mikil eyðsla, óþörf ofrausn. Það hefði verið svo ofur-auðvelt að koma mér frá, án þess að grípa til slíkra örþrifaráða. Á þessu þingi hefir verið samþykt að minsta kosti eitt frv. fyrir utan þetta, sem einhlítt hefði verið til þess, að mér hefði ekki dottið annað í hug, en beiðast lausnar, heldur en að undirskrifa slík lög með konungi. Sambandsmálið var of dýrt til þess að láta það fyrir slíka smámuni. Þjóðin hefir ekki efni á þeim stríðskostnaði. Eg hélt, að andstæðingar minir mundu geta haldið þessu eina máli, lífsmáli þjóðarinnar, fyrir utan valdaglímuna og innanlandserjurnar. Við 6 nefndarmennirnir íslenzku, sem sammála urðum, höfðum það hugfast frá upphafi, að reyna af öllum mætti að halda þessu máli fyrir utan allar flokkadeilur og ræða það við Dani sem umboðsmenn allrar íslenzku þjóðarinnar, fulltrúar allra flokka hér á landi. Sama anda vonuðumst við eftir hér heima, enda kom það fram, að í öllum héruðum landsins tóku sjálfstæðustu, glöggskygnustu og samvizkusömustu mennirnir frumvarpinu, án tillits til alls sem á undan var gengið, án tillits til flokka og fylgis. Eins úr flokki þáverandi stjórnarandstæðinga aðhylltust frumvarpið menn, sem framarlega

hafa staðið meðal þeirra, sem viðkvæmastir eru og vandlátastir um rétt Íslands og sæmd, og geta í öllum greinum borið höfuðið eins hátt, þar sem um heiður og framtíð Íslands er að ræða, eins og þeir, sem hreiknastir eru nú af framgöngu sinni og greypilegum sigri.

En þeir sem gengist höfðu fyrir sundrungunni áður, og þurftu fyrir hvern mun að ná meiri hluta við kosningarnar, voru á annari skoðun; þeir litu á hitt, hverjir mundu verða í meiri hluta á þingi, ef frumvarpið kæmist fram. Þeir hófu þá á móti því þá orrahríð, að slíks eru engin dæmi í stjórnmálasögu Íslands, tilfinningar almúgans voru æstar upp á allar lundir, og niðurstaðan varð sú, sem nú er að koma fram.

Eg hefi áður sagt, að eg álít tilgangslaust fyrir mig, að fara hér að ræða um einstök atriði í þessu máli. Skoðun mín er háttv. þingmönnum kunn og ræða mín snýr ekki atkvæði eins einasta manns. En eg get þó ekki skilist svo við þetta mál, að eg lýsi því ekki yfir að lokum, að eg get þó, þrátt fyrir alt, ekki örvænt um sigur málsins í framtíðinni. Eg sleppi ekki voninni um það, að skynsemi íslenzku þjóðarinnar sigri, og að meiri hluti hennar hafi þann hug og það þrek til að bera, að hann þori að aðhyllast hið rétta, þrátt fyrir öll óp og brigzl æsingamannanna um undanhald og tilslakanir. Eg treysti því, að það lánist að verja þjóðina þeim afleiðingum út á við, sem óttast má að annað eins glapræði eins og höfnun sambandslagafrumvarpsins hafi í för með sér; og þó að við, sem átt höfum við málið um hríð, séum nú úr sögunni, þá muni vekjast upp í þjóðinni aðrir menn, dugandi drengir, með hugrekki og hamingju til þess að kippa málinu aftur inn á rétta braut og leiða það til sigurs, til heilla fyrir land og lýð.

Framsögumaður meiri hlutans (Jón Þorkelsson: Orð flestra manna falla svo hér í deildinni í dag, að hvergi er komið nærri efni málsins, en öllu drepið á dreif. Það er verið að eyða tímanum til þess að tala um frumv. það, sem ekki liggur fyrir, millilandanefndarfrumv. stjórnarinnar, og hvað þjóðræðisflokkurinn hafi viljað, ætlað og ákveðið. Menn hafa ekki verið hér í dag að skýra fyrirliggjandi mál, menn hafa verið að rýfja upp gamlar væringar, »afgera gamlar sakir«, gera upp gamla reikninga. Hér er því svo sem engu að svara, sem málefni þetta sjálft snertir, því að menn hafa lítið við það komið. Sá af minni hluta mönnum, sem helzt snerti ofurlítið við sjálfu málinu var háttv. þm. Vestm. (J. M.) Hann bar oss meiri hluta nefndarmenn brigzlum fyrir það, að vér tækjum alt gilt, sem prófessor Gjelsvik hefði sagt. Eg skal játa, að Gjelsvik hefir margt sagt vel. En þó fer þm. með ósatt mál. Það er langt frá, að að meiri hlutinn hafi skrifað undir alt, sem Gjelsvik hefir ritað; það stendur hvergi í nefndaráliti meiri hlutans.

Eigi að síður er margt af því, sem Gjelsvik hefir ritað, svo sæmilegt, að eg held að það séu engin illyrði um háttv. þm. Vestm. (J. M.) þótt eg segi, að hann hafi aldrei skrifað neitt það um þetta mál, sem sé jafn ljóst og skilmerkilegt og ritgerð Gjelsviks.

Þgm. sagði, að Gjelsvik hefði ritað, að Íslendingar hefði gengið í samband við Noregs ríki (»den norske Stat«). Meiri hlutinn hefir aldrei skrifað undir það, enda er þetta rangt, nema að svo miklu leyti, sem konungur var fyrirsvarsmaður Noregsríkis. Því þótt konungurinn í Noregi hefði á síðari árum Hákonar gamla mikið vald, þá var hann

alls ekki einvaldur. Meginið af valdi hans á þeim tíma lá í hans eigin persónu og dugnaði.

H. 1. þm. Eyf. (H. H.) lagði það til, að málið yrði afgreitt með rökstuddri dagskrá. Eg vil spyrja hinn háttv. þm., hvort honum þyki þingið gera of mikið fyrir málið, ef það samþykkir það og afgreiðir sem lög. Eða á hin rökstudda dagskrá að þýða það, að minni hlutinn ætli á þá leið og í hægðum sínum að fá meiri hlutann til þess að svíkjast undan þeim merkjum, sem kosningarnar í fyrra sumar heimtuðu að haldið væri uppi og borin fram, — og að minni hlutinn ætli sér á þann hátt að vinna sér hagræði og fylgi hjá landslýðnum, er hann gæti sýnt fram á, að meiri hlutinn hefði brugðist heitorðum sínum?

Þetta er í rauninni ekki langt frá því að vera í samræmi við ýmislegt, sem á hefir brytt hina síðustu daga hjá ýmsum fylgismönnum minni hlutans. Allir vita, hvernig sumir minni hluta flokksmenn hafa notað sér það, að landstjórnin skipaði menn til þess að taka út landsbankann — hafa breitt út, að jafnvel sakarannsókn sé hafin, eða eigi að hefja gegn þeim sæmdarmönnum, sem fyrir bankanum standa, og engum manni dettur í hug að hafi framið neitt óheiðarlegt, — og fé manna sé ekki óhætt í bankanum, og heyrst hefir að ýmsir minni hluta menn hafi ráðið mönnum til þess að taka fé sitt út þaðan, — og jafnvel að þessi sómi hafi verið látinn berast til útlanda. Meiri hluta eða stjórninni er það auðvitað ekki gert til sæmdar, en mundi það vera gert almenningi til gagns? Eg segi ekki að hinn háttv. 1. þm. Eyf. hafi sjálfur gert þetta, en hitt er víst, að ýmsir flokksmenn hans hafa gert það.

Háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) og 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) voru að leggja fyrir mig og meiri hlutann einhverjar spurningar, sem eg þarf ekki að svara neinu. Þeim hefir verið svarað. En hins vegar vil eg leyfa mér til endurgjalds að leggja fyrir þá spurningu, sem eg vona að standi ekki á þeim að svara.

Geta þeir afdráttarlaust, skýlaust, og ósvikult leitt rök sín hér fyrir þingheimi að því, að frv. minni hlutans nái samþ. ríkisþingsins og konungs staðfestingu, verði það samþ. nú hér á þingi? H. 1. þm. Eyf. (H. H.) studdi þessa staðhæfing minni hlutans að eins við hugboð sitt, og enn veikara var um rökin hjá 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.). Og — ef frumv. þeirra yrði ekki staðfest af konungi né samþ. af Dönum, hvað ætla þeir þá að gera?

Það gæti verið mönnum nú til athugunar, að það hefir reynst oss holt, að vér höfum ekki æfinlega verið fljótir að gleypa við öllu, sem fáanlegt hefir verið. — 1851 var oss boðið að verða hreppur úr Danmörku. Hverjar þakkir mundum vér gjalda fulltrúum vorum þá fyrir það, ef þeir hefði ginið yfir þeirri flugu?

Eg skal geta þess, að komin er hér fram br.till. við 6. gr. frumv., sem fer fram á það að breyta nafni »Landssjóðs« í »Ríkissjóð«. Það á betur við og hugsa eg að ekki þurfi að tala fyrir því.

Það hefir lítið komið fram af rökum hér í dag, en nóg af órökstuddum staðhæfingum, og þær taka aldrei öðru svari en mótmælum.

Bjarni Jónsson: Vér höfum nú setið hér um stund og hlýtt á svanasöng minnihlutans yfir frumvarpi því, er millilandanefndin gerði og lagt var fyrir þingið. Mun þess nú skamt að bíða, að svanasöngur þessi deyi út og verði eigi annað en endurminning þessara samningasvana, er syngja sem ákafast

í dauðateygjunum. En mörgum mun hugnun í að þessum söng linni, því að stefið er jafnan að bera oss meirihluta menn brigzlum og getsökum um óhreinar hvatir fyrir það, er vér höfum fylgt fram til sigurs sannfæring vorri í þessu máli.

Full þörf væri að minnast á margt, sem hér hefir sagt verið: en þó mun eg forðast sem kostur er að yrðast við einstaka menn. Þó mun eg eigi geta sneitt hjá, að svara einstöku manni að nokkru. Eg mun engan hlut eiga í deilu þeirra þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) og 2. þm. N.-Múl. (Jóh. Jóh.) um umboð það, er þeir höfðu frá sínum flokki, er þeir fóru til samninga við Dani. Þó vil eg eigi láta ógetið þeirra orða hans, að enginn hefði falið nefndinni að innlima eða aflima þetta land Danmörku, heldur hefði þinginu ætið verið ætlað að ráða úrslitunum. Þetta er auðvitað rétt; en hitt er eigi síður rétt, að hann og aðrir honum samþ. nefndarmenn hafa gert sitt til að semja af oss sögurétt vorn til fullveldis og koma herfjötri á eðlisrétt vorn til þess, að ráða öllum málum vorum. Hitt segi eg ekki, að þeir hafi gert það vísvitandi.

Þm. Vestm. (J. M.) taldi frv. nefndarinnar hafa falið í sér fullveldi, að minsta kosti þegar upp væri sagt þeim málum, sem uppsegjanleg eru talin. Bygði hann þessa skoðun sína á því, að fullveldi ríkis væri eigi skert, þótt annað ríki réði málum þess út á við, ef það réði sjálft málum sínum inn á við. Eg veit ekki, hvaðan þm. hefir þessar kenningar, hvort þær eru úr einhverjum lærdómsbókum, eða þær eru hans eigin eign. Hitt sé eg, að þær eru auðhraktar. Því að hverjum manni má vera það í augum uppi, að það ríkið, sem ráðin hefir út á við, getur skuldbundið hitt svo, að tilfinnanlegt verði og að tjóni. Hvar er þá fullveldið?

Ef nokkur viðurkenning hefir fram komið um fullveldi Íslands í þessum samningatilraunum, þá felst hún í því, að Danir hófu að semja við oss. Það hlýtur að byggjast á því, að þeir hafi með sjálfum sér játað, að vér værum fullvaldur samningsaðili. En þá viðurkenning og sögurétt vorn og eðlisrétt til fullveldis hefir nefndin notað til þess að semja af oss fullveldið, að því leyti sem í hennar valdi stóð.

Sami þm. sagði málefnasamband vera í frv. (Realunion). En það er auðsætt að slíkt samband getur eigi verið milli ríkis og ríkishluta, eða milli Íslands og Danmerkur, ef svo er fyrir mælt sem í frv., að Ísland sé í »det samlede danske Rige« eða í dönsku ríkisheildinni. Frv. býður því ekki einu sinni málefnasamband, hvað þá meira. Enda eru líkur til, að einhverjum nefndarmanni hefði komið í hug orðið »Realunion« í stað hins margræða og óákveðna orðs »Statsforbindelse«, ef svo hefði verið til ætlast, að samband landanna yrði svo, að þetta nafn gæti átt við.

Og þótt það kunni svo að vera sem þm. segir, að frv. réttlæti þau orð, sem í aths. standa, að »Ísland sé sett við hliðina á Danmörku sem sérstakt ríki«, þá er þess að gæta, að þar getur ekki verið um annað að tefla en hálfríki (Halbstaat), en þá er ekki um annað að véla en fánýtt nafnatildur. Hugur íslenzku þjóðarinnar var allur annar. Hún vildi gera þá kröfu, að vér yrðum fullvalda ríki, en ekki vinna það til fánýtrar nafnbótar, hálfríkisnafnsins, að vefja fjötrum framtíð sína. Hún sá vel, að sér mundi fara sem Fenrisúlfi, ef hún léti leiðast til þess. Æsir gintu hann til þess að láta leggja á sig fjöt-

urinn Gleipni, er var sléttur og blautur sem silkiræma, og töldu hann mundu geta slitið hann auðveldlega. En því fastar sem hann knýr á, því meir þrengir fjöturinn að úlfinum, og rennur úr munni hans á sú, er Von heitir. Slika von vildi þjóðin ekki skapa sér. Ef hún hefði samþ. frv., þá hefði hún með því viðurkent yfirvald annarar þjóðar, en sagan, lögin og eðli málsins dæma oss nú réttinn til fullveldis og honum glötum vér eigi, nema vèr semjum hann af oss. En það megum vér fyrir engan mun gera. Eins og nú er, getum vér vænst þess, að fá orðafulltingi annara þjóða; en ef vér gerum hinn óvinafagnaðinn, þá er ekki þess að vænta, að þær styrki oss til að vega á veittar trygðir eða ganga á gerðar sættir. — Eg hefi jafnan haft þá trú og hefi enn, að takast muni að ná fullum rétti vorum með fúsu samþykki dönsku þjóðarinnar, en þótt ekkert gengi fram, var þó sjálfsagt að gera þá ítrustu tilraun, því að viðleitnin er öllum boðin og er óþarft að gefast upp fyr en í fulla hnefana.

Og það skil eg aldrei, að millilandanefndar menn vorir þykist sárt leiknir í þessu. Þeir ættu að vera oss allra manna þakklátastir fyrir það, er vér tökum upp og áréttum fyrstu kröfu þeirra í nefndinni. Þótt þeir yrðu að þoka úr því vígi á því þingi, er þá sátu þeir, þá má þó telja víst, að þeir fagni því nú, að þing þjóðarinnar sýni og sanni, að krafa þeirra var ekki fram flutt fyrir fordildar sakir. Enda geri eg lítið úr þeim svörum, sem Danir veita, ef þeir eru spurðir fyrirfram, því að þá gera þeir alt sem þeir mega til þess, að fæla oss frá að heimta rétt vorn, er þeir vilja fyrir oss halda. Þá fyrst er mark takandi á svari þeirra, er þing þjóðarinnar hefir sýnt með atkvæðum sínum, að þessi sé krafa vor og vilji.

Alt var þetta þjóð vorri ljóst. Og þótt bráðan bæri að úrslita-atkvæði um svo mikið mál, þá fór svo um hug þjóðarinnar, sem um gullið í eldinum, að tilreynt varð, hversu hreinn hann var. Hún hafði lítinn tíma til rannsókna, en frv.menn höfðu miklar gyllingar síns verks í frammi og ógnanir eigi síður, og létu einskis ófreistað til þess að vekja beyg og skelk. En huguargull þjóðarinnar þoldi eldraunina, og þótt ljóður kunni að hafa orðið á ráði hennar undanfarin ár, þá sannaðist hér það sem skáldið segir:

> Bagar ei brestur í keri,
> bara ef gullið er heilt.

En, því sýndi hún vitsmuni sína, að hún sá, að frumv. þetta mundi verða slagbrandur í þeim dyrum, sem vér eigum út að ganga til sjálfstæðis úr þeirri úlfakreppu, sem nú erum vér í.

En heldur þótti mér verða hausavíxl á slagbröndunum hjá 1. þm. Eyf. (H. H.). Hann sagði, að samþykt frv. eins og það varð við 2. umræðu gerði okkur örðugra fyrir inn á við, því að þeir sem hefðu látið til leiðast að fylgja málinu, ætti nú erfiðara með að láta undan síga, og þetta kallaði hann slagbrand. — Með öðrum orðum; hann telur það illa farið, að slagbrandur sé í flóttans dyrum, því að þá geti menn síður runnið frá réttu máli og sinni hjartans sannfæring. Fylgi honum hér að máli hver sem vill, en eg mun sýna, að minn hugur er þar allur annar.

Sami h. þm. Eyf. (H. H.) sagði og, að það mundi koma í ljós, er flokksæsing hjaðnaði, að ekkert væri áunnið með breytingunum. En þá fer að verða torskilið, hvers vegna hann getur ekki orðið breytingunum fylgjandi.

Því að úr því þær eru ekki betri fyrir oss, þá eru þær ekki verri fyrir Dani og getur hann þá látið sér vel lynda. *(Hannes Hafstein:* útúrsnúningur; inn á-við, sagði eg). Ekki er það útúrsnúningur, og má þm. sjálfum sér um kenna, ef hann getur ekki orðað hugsanir sínar svo ljóst, að menn skilji. En þótt hér sé rætt um inn á við, þá ber að sama brunni, að hann fer með rangt mál. Það er einmitt áunnið, að þjóðin getur alið þá meðvitund, að hún eigi fullan og óskertan rétt til fullvalda sjálfstæðis, er hún hefir látið þing sitt lýsa yfir því skýrt og skorinort, að hún vilji eigi hverfa að því ráði, að rýra réttindi sín með samningum. Og þá er mikið á unnið inn á við, því að slík meðvitund er í hugskoti þjóðarinnar eins lifgjöful sem sólin gróandi grösum, en úr hugskoti þjóðarinnar kemur alt það, sem hún vinnur gott og fagurt. Hér er því svo mikið á unnið, að enginn mun gera sig svo heimskan eða svo djarfan, að reyna að meta það til peninga; en sá er gróðinn mönnum munntamastur.

Þá sagði sami 1. þm. Eyf. (H. H.), að út á við yrði hagur vor verri og væri háski að gera slíkan samning við Dani, er þeir gæti sagt upp með eins árs fyrirvara, svo að landið yrði skilið eftir eitt í útsænum — (svo sem skáldið kvað að orði) — og varnarlaust fyrir hverri ránskló, er til þess seildist. Hér þekkjum vér markið á ógnununum síðan í sumar, þegar þeir bræðurnir geigur og beygur áttu að vernda frumvarpið sæla og reka slagbrand fyrir framtíðardyr þessarar þjóðar. Heldur þm., að vér munum eigi geta búið oss undir þessa uppsagnarógn á næstu 25 árum, sem ráðgert er að samningurinn standi? Auk þess veit hann eins vel og eg, að sú ránskló mætti vera smá, sem Danir gæti frá oss bægt.

Enn taldi hann líklegt, að kjósendur mundu kalla það óþarfa af oss, að lofa sér ekki að hugsa sig um aftur, áður vér rendum þessum slagbrandi, sem hann kallar svo, atkvæðagreiðslunni, fyrir flóttans dyr. Eg þekki engan kjósanda svo lítilsigldan, að slíkt mundi mæla, en hitt er víst, að ef vér létum eigi málið fram ganga nú, þá mætti bregða oss um svik í þessu máli, og þá mundi oss verða erfitt um svar. — En 1. þm. Eyf. (H. H.) þarf eigi að óttast þennan slagbrand svo mjög, því að vel veit hann, að engir slagbrandar stöðva flótta þeirra, sem nógu hræddir eru. Má hann því vera vongóður, ef honum tekst að hræða menn með skáldlegum lýsingum á því, hver hætta það sé Íslendingum, að fylgja einarðlega fram sjálfstæðiskröfum sínum.

Hann taldi það enn óhapp og Íslands óhamingju að kenna, að þetta mál hefði verið haft til þess að steypa sér af stóli. Þar til er því að svara, að þetta er ósatt mál. Vér börðumst fyrir góðum málstað, en ekki móti neinum manni, enda var honum sjálfrátt að fylgja oss að málum. Hitt er allóviðfeldið að heyra sal þennan bergmála slík brigzl á hverjum degi, þótt meiri hlutinn sýni það í orðum og athöfnum, að þau eiga sér engan stað.

Það virðist vera undarlega rík hvöt hjá 1. þm. Eyf. (H. H.) til að tala um yfirboð; eg veit nú ekki, hvort það eru fornar endurminningar frá söluþingunum, er þessu valda, en þessi hvöt virðist óstöðvandi. Þm. viðhafði þetta orð í morgun, þegar var verið að ræða um læknamál — og hann tjaldar því einnig nú.

Eg veit ekki, hvort þm. jafnar sér til Gracchusar, þar sem maður var fenginn til þess að bera fram rifari endurbótakröfu til þess að steypa Gracchusi. En sé svo, þá get eg fullyrt það, að hann á ekkert skylt við slíka menn sem þeir voru bræðurnir.

Eg get og fullyrt það við háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) og aðra þingmenn, að hér hefir ekki verið um neitt yfirboð að tefla; ekki hefir það eitt heldur vakað fyrir meiri hlutanum, sem nú er, að steypa hinni fyrri stjórn, heldur hitt, að vér þykjumst sannfærðir um, að sá málstaður sé réttur er vér höldum fram.

Ef um nokkurt yfirboð væri að tefla, þá ætti háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) og aðrir flokksmenn hans að taka nú saman höndum við meiri hlutann og reyna að fá Dani til að gera yfirboð, ef það þá gæti orðið svo glæsilegt, að viðlit væri að taka því. En betra er að halda því, sem nú höfum vér, en taka því, sem að eins mundi spilla hag vorum. — Að lokum vil eg skora á minni hl. að greiða atkv. með frumv. til þess að veikja eigi málstað vorn með sundrungu.

Jón Magnússon: Eg skil ekki, hvernig háttv. þm. Dal. (B. J.) getur búist við því, að við minni hlutinn verðum þeim samferða, þar sem þeir hafa sýnt það ljóslega með allri framkomu sinni á þinginu í ár, sérstaklega í nefndinni, að þeir hafa alls ekki samvinnu við minni hlutann viljað hafa.

Hannes Hafstein: Eg skil heldur ekki, hvernig háttv. þm. Dal. (B. J.) ætlast til að minni hlutinn gefi atkv. sitt með því, sem hann álítur frumv. til skemda og í mörgum atriðum enda skaðlegt. *(Bjarni Jónsson:* Eg skal undanskilja hv. 1. þm. Eyf. (H. H.) undan áskorun minni, ef hann vill).

Meðan á umr. stóð kom fram breyt.-till. á þskj. 695 (við 6. gr.). Frmsm. minni hlutans 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) hreyfði því, að breyt.till. þessa mætti ekki bera undir atkv., taldi að hún væri áður fallin með breyt.till. minni hlutans við 2. umr., er forseti hefði þá talið fallnar samkvæmt atkv.gr. Undir þetta tók ásamt frmsm. minni hlutans 1. þm. Eyf. (H. H.). Forseti (H. Þ.) mótmælti þessu og úrskurðaði, að br.-till. ætti að bera undir atkv. Leitaði hann um það samþ. deildarinnar og var úrskurður forseta samþ. með 15 atkv. gegn 9.

ATKV.GR.:

Viðaukatill. (687) við 4. gr. sþ. með 15 samhlj. atkv.

Breyt.till. (695) við 6. gr. samþ. með 15 samhlj. atkv.

Frumv. þannig breytt samþ. með 16 atkv. móti 9 að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Jón Ólafsson,
Ben. Sveinsson,	Eggert Pálsson,
Björn Jónsson,	Einar Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Hannes Hafstein,
Björn Sigfússon,	Jóh. Jóhannesson,
Björn Þorláksson,	Jón Jónsson S.-M.,
Hálfdan Guðjónss.,	Jón Magnússon,
Jón Jónsson N.-M.,	Pétur Jónsson,
Jón Sigurðsson,	Stefán Stefánsson.
Jón Þorkelsson,	
Magnús Blöndahl,	
Ólafur Briem,	
Sig. Gunnarsson,	
Sig. Sigurðsson,	
Skúli Thoroddsen.	
Þorleifur Jónsson.	

Frumv. afgreitt til Ed.

Aðflutningsgjaldshækkun.

FRUMVARP til laga um bráðabirgðahækkun á aðflutningsgjaldi; 1. umr., 18. febr. (A. bls. 132).

Ráðherrann (H. H.): Eins og eg tók fram í gær við 1. umr. fjárlagafrv., er ómögulegt með sæmilega varkárri áætlun að fá tekjurnar til þess að nægja til nauðsynlegra árlegra útgjalda, og því síður til þeirra framkvæmda og fyrirtækja, sem þjóðin þarfnast og nýmæli eru. Þjóðin hefir gert svo mikils um verðar kröfur til endurbóta á samgöngumálum, mentamálum o. fl., og þær kröfur eru svo réttmætar, að þingið getur ekki dregið að sér höndina í þessum efnum án tilfinnanlegs hnekkis.

Milliþinganefndin í skattamálum landsins hefir lokið störfum sínum og sent stjórnarráðinu álitsskjal sitt um málið með 17 frumv. En þess hefir nefndin getið, að hún hafi ekki lokið við málið til fullnustu. Því hafa frv. þessi ekki verið lögð undir þetta þing, enda komu þau svo seint frá nefndinni, að stjórnarráðinu var ómögulegt að athuga til hlítar tillögurnar og taka afstöðu til þeirra. Auk þess var því lýst yfir í sumar sem leið, að skattamálin kæmu ekki til atkvæða þessa þings, með því að kosning þingmanna þeirra sem það skipa, væri aðallega bundin við annað stórmál, nefnilega sambandsmálið eingöngu.

Af þeim sökum, sem nú var greint, hefir stjórnarráðinu þótt ráðlegast að leggja til, að þessi bráðabirgðaráðstöfun yrði gerð, fremur en að taka nýtt lán eða grípa til viðlagasjóðs, sem reyndar varla getur komið til greina. Ekki hefir þótt vert að leggja til að hækka útflutningsgjaldið, heldur eingöngu aðflutningsgjaldið, enda er það gjald yfir höfuð ekki of hátt; það er víða annarsstaðar miklu hærra á samskonar vörutegundum. Að vísu hefir upphæð þess hækkað mjög á seinni árum, svo að nú er aðflutningsgjald með varkárri áætlun 644 þús. kr. hærra um fjárhagstímabilið en fjárhagstímabilið 1900—1901. En það má þó fullyrða, að almenningi hafi ekki orðið það tilfinnanlegt, svo að landsmenn hafi þess vegna orðið fátækari.

Tollur á kaffi og sykri er eigi hár í samanburði við það, sem gerist víða annarsstaðar. Samt hefir landsstjórnin eigi viljað leggja til að hækka þann toll í þetta sinn, enda er sennilegt að til hækkunar dragi á þeim tolli af öðrum ástæðum innan skamms tíma. Eftir meðaltali 3 síðustu ára er svo mikið flutt af kaffi og sykri til landsins, að ef tollur á þessum vörutegundum væri hækkaður um 1 eyri á hverju pundi, mundi það veita landssjóði 100 þús. kr. tekjuauka um fjárhagstímabilið. Þess vegna er auðsætt, að ekki þyrfti mikla hækkun á þessum tollum til þess að t. d. vínfangatollurinn jafnaðist upp, ef til kæmi, að landssjóður misti hans.

Í þessu frumv. er því eingöngu farið fram á hækkun á vínfangatolli, tóbakstolli og tollgjaldinu af hinum smærri tollgreinum, tegrasi, chocolade, brjóstsykri og nýr tollur lagður á kakao. Vínfangatollur er hér lágur í samanburði við það, sem er í öðrum löndum, t. d. í Englandi og Noregi. Í Noregi er tollurinn af brennivíni kr. 2.65—3.20 á líter í ílátum undir 50 lítrum, en kr. 2.80—3.20 í stærri ílátum. Af neftóbaki er tollurinn í Noregi kr. 3.80 á kgr., af reyktóbaki og munntóbaki kr. 2.70 á kgr. og af vindlum kr. 6.00 á kgr.

Í athugasemdunum við frv. er yfirlit yfir aðflutning tollskyldrar vöru undanfarin ár. Ef borinn er saman tollurinn eftir núgildandi toll-lögum við

tollhækkun þá, sem frumv. fer fram á, verður hækkunin:

Af öli 3½ aur. á potti.
— brennivíni 48 aur. á potti.
— rommi, cognaci, whisky o. fl. 22 aur. á potti.
— rauðvíni 30½ aur. á potti o. s. frv., sem sjá má af yfirlitinu. Yfir höfuð er tollurinn hafður með þægilegum tölum, svo að auðvelt er að reikna hann og átta sig á honum, og er hann því handhægur í viðskiftum.

Yfirlitið sýnir, að svo framarlega sem vöru-aðflutningurinn minkaði ekki, þá mundi tekjuauki landsins við tollhækkunina nema um 240 þús. kr. á ári, eða 480 þús. kr. um fjárhagstímabilið. En þó að aðflutningurinn hafi undanfarin ár farið stöðugt vaxandi, má þó gera ráð fyrir því, að tollhækkunin muni draga úr kaupum, einkum á þeim vörum, sem mest er lagt til, að hækkað verði á, t. d. brennivíni. En jafnvel þó, að gert sé ráð fyrir því, að af brennivíni flyttist alt að 30%, — það er 82230 pottum — minna inn í landið eftir tollhækkunina en nú flytst, þá mundu þó tekjur landssjóðs af brennivíni einu nema alt að því 50 þús. kr. meira á ári, eða 100 þús. kr. á fjárhagstímabilinu, en nú, og vínfangatollurinn allur mundi þá geta um 150 þús. kr. tekjuauka.

Takmörkun brennivíns-brúkunarinnar mundi aðallega koma fram hjá landsmönnum sjálfum, því að ólíklegt er, að útlendir sjómenn, sem hér eru vanir að kaupa vínföng, mundu láta verðhækkun þá, sem af tollaukanum leiðir, vaxa sér í augum. Því tel eg víst, að bindindisvinum sé kærkomið þetta frumv., þar sem það stuðlar að takmörkun áfengisnautnar í landinu. Eigi síður ætti þeim að vera frumv. kærkomið, er berjast fyrir aðflutningsbanni vínfanga, — sem eg fyrir mitt leyti raunar tel óheppilegt, og jafnvel skaðlegt, — því að eins og tekið er fram í athugasemdunum við frumv., þá mundi hátt aðflutningsgjald vera afar hentugt, ef ekki nauðsynlegt undirbúningsstig undir slíka ráðstöfun. — Bæði mundi það gera bannið vinsælla hjá mörgum þeim, sem fyrir siðasakir verða að hafa áfengi um hönd, og í annan stað gera mönnum miklu torveldara að afla sér, meðan bannlögin væru í aðsigi áfengisbirgða, sem síðar, er bannið væri komið á, gætu verið hafðar að skálkaskjóli fyrir leynikaupum og ýmsum undanbrögðum.

Að því er kemur til tollhækkunar á tóbaki, þá virðist ekki ástæða til að ætla, að tollhækkunin muni draga úr aðflutningi þess; hann hefir verið mjög jafn að undanförnu. Aftur í móti er tollurinn af vindlum, kr. 5.20 á kgr., svo hár, að hækkun á honum mundi að líkindum valda tekjurýrnun. Sama er að segja um bitter og toll af honum.

Aftur í móti hefir verið lagt til, að gera toll af vindlingum jafn-háan vindlatolli, því að undarlegt sýnist, að ívilna þeirri vörutegund, þar sem hún er bæði að tiltölu dýrari í innkaupum en vindlar og óhollari, en þó notuð hérlendis aðallega af þeim, sem sízt skyldi.

Eg skal ekki gera fleiri almennar athugasemdir um frv. að þessu sinni. Vona eg, að háttv. þingd. taki frumv. til alvarlegrar íhugunar. Eftir atvikum virðist mér réttast, að vísa frv. til fjárlaganefndar.

Jón Þorkelsson: Þetta er mjög merkt mál, og er það tillaga mín, að því sé vísað til sérstakrar nefndar — 5 manna nefndar.

ATKV.GR.:

Samþykt með 13 samhlj. atkv., að kjósa sérstaka nefnd.

Ráðherrann (H. H.): Mér virðist réttast, að nefnd þessi, sem annars er sjálfsögð, taki einnig frumvörp skattamálanefndarinnar til athugunar.

Eg vil því stinga upp á, að kosin sé 7 manna nefnd í málið og 1. umr. þess frestað.

ATKV.GR.:

Sjö manna nefnd samþykt með 15 : 3 atkv.

Kosningu hlutu (eftir hlutfallskosningu):

Björn Kristjánsson,
Jón Ólafsson,
Jón Sigurðsson,
Magnús Blöndahl,
Jóhannes Jóhannesson,
Ólafur Briem,
Einar Jónsson.

Hinn síðastnefndi með hlutkesti milli hans og Jóns Þorkelssonar.

Í nefndinni var Ólafur Briem kosinn formaður, Björn Kristjánsson skrifari, en Jón Ólafsson framsögumaður.

Framhald 1. umr., 22. febr. (A. bls. 132, n. 42).

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Nefndin, sem sett var til þess að íhuga þetta mál, ræður þinginu fastlega til að hraða umræðum um það, sakir þess að einmitt nú er bráðlega von skipa, sem fullvíst er um að hafi að færa miklar birgðir áfengis. Nefndinni þykir réttast að þetta áfengi komi einnig undir tollhækkun þá, er hér ræðir um.

Frumvarpið vill hún samþ. óbreytt, að öðru en því, að hún óskar að einnig þær vínbirgðir, sem nú eru á ferðinni, skuli falla undir það.

Reyndar munu skoðanir manna skiftar um það, hvort lögin geti gilt þannig aftur fyrir sig. Þó væri það að nokkru leyti í samræmi við lögin um bittertollinn (1907). Að vísu er þó sá munurinn á, að þá var um sölutoll að ræða, en hér um aðflutningsgjald. Það gæti verið varhugavert fyrir þá sök.

Hér er því mest undir því komið, hvort hæstv. ráðherra treystir sér til að afgreiða þetta mál með símanum, svo að engin bið þurfi að verða.

Nefndin hefir fyrir satt, að mikill vínforði muni nú vera á leið hingað, eða verða innan fárra daga á leið hingað, með skipum frá útlöndum, bæði »Laura«, »Vendsyssel« og »Sterling«. Spurningin er nú, hvort þingið eigi að auka með því tekjur landssjóðs eða ekki, að láta lögin einnig ná yfir þær vörur, sem á leiðinni eru.

Þess er vænst, að hæstv. ráðh. skýri frá möguleikunum á að framkvæma þetta, sem nú var farið fram á.

Ef greiðara verður að fá frv. staðfest þannig símaleiðina óbreytt og viðaukalaust, þá mun nefndin taka það til íhugunar.

Það mun þó heppilegra, að frumv. sé samþ. óbreytt, heldur en að samþyktin dragist mjög lengi, því að á þeim tíma gætu kaupmenn selt mikið af birgðum sínum.

Bið eg háttv. þingdeild að fallast á tillögur nefndarinnar, og vil eg jafnframt gera þá fyrirspurn til hæstv. ráðherra, hvort þannig lagað samþykki muni ekki fást.

Ráðherrann (H. H.): Spurning h. háttv. þm. (J. Ó.) kemur að vísu að mér óvörum, en eg get þó þegar fullyrt, að eg mun ekki sjá mér fært, að fá þetta mál afgreitt í svip með símanum. Konungur á að fá til undirskriftar lögin, eins og þau eru afgreidd af alþingi og mjög hæpið, að símskeyti geti gilt sem frumtexti alþingis; yfir höfuð verður í svo mikilsverðu máli, eins og lagastaðfesting er, að fylgja

vissum formum, og eru ekki nein fyrirdæmi til svipaðra afbrigða áður. Afbrigðin við tollhækkunarlögin 1905 voru ekki önnur en þau, að konungur skrifaði undir þau utan ríkisráðs, upp á corroboration eftir á, og eru þess mörg dæmi áður. Vakti það þó talsverða mótspyrnu og efasemdir um gildi laganna, eins og menn munu rekja vitni til.

Að því er snertir tillögu nefndarinnar um að tollhækkunin verki aftur fyrir sig og leggist á allar birgðir, er heldur ekkert fyrirdæmi. Bittertollslögin frá 1907 hljóðuðu að eins um sölutoll af birgðum, jafnóðum og selt væri frá framleiðanda.

Annars sé eg ekki, að úrhættis sé um mál þetta, því nú er bráðlega von á skipi hingað; mun það áður langt um líður fara utan aftur, og má þá senda frumvarpið með því til staðfestingar, á sama hátt og tollhækkunarlögin 1905, og gæti þá þegar fengist vitneskja með símanum um staðfesting laganna, er hún væri fengin. Og verði samþykt tillagan um, að tollhækkunin nái til allra birgða, er blátt áfram þýðingarlaust að flýta staðfestingunni meira en það. Kaupmenn gætu ekki selt það sem þeir kunna að fá á þessu stutta tímabili auk allra birgða, sem þeir hafa; undanbrögð hlytu að komast upp, því lögreglustjórarnir sjá af tollskránum, hvað flutst hefir og geta farið nærri um, hvað sennilegt er að selst hafi á þessu stutta tímabili þangað til lögin næðu staðfesting. Tekjumissir yrði því ekki tilfinnanlegur landssjóði af þessu.

Það er ónákvæmni í viðaukatillögunni að ekki er talað neitt um, hvort privatmenn skuli einnig greiða þetta gjald af sínum birgðum. Það er að eins naumast unt að skilja orðin öðruvísi; en ákvæðin þurfa að vera vel greinileg, er um svo örðugar og óvinsælar ráðstafanir er að ræða.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Eg er þakklátur hæstv. ráðherra (H. H.) fyrir þær bendingar, er hann hefir gefið í þessu máli. Það er alveg rétt hjá hæstv. ráðherra, að það eru engin dæmi til þess hér að lög hafi verið send til staðfestingar með síma, en á einhverju fyrsta skifti skapast öll fyrirdæmi. Mér er það kunnugt, að t. d. veðbókarvottorð eru tekin gild, þótt þau gangi í gegnum síma, ef hlutaðeigandi yfirvald undirskrifar þau í viðurvist símstjóra og símstjóri vottar undirskriftina. Það er enn fremur rétt hjá hæstv. ráðherra (H. H.), að villur geta slæðst inn í símskeyti, en ráð við því er alhægt og altítt, það að endurtaka skeytið aftur þangað til það fæst orðrétt, og í þessu tilfelli verður það naumast svo mikill kostnaður, að það borgi sig ekki, það þarf ekki toll af mörgum pottum áfengis til þess.

Hæstv. ráðherra tók eftir því, sem og nefndinni var ljóst, að eftir nefndarálitinu kynni það að vera vafa undir orpið, hvort hækkunin komi niður á einstaka menn, sem ekki selja vín, en meining nefndarinnar var, að hækkunin næði að eins til þeirra, er selja vín, og áskilur nefndin sér rétt til að orða tillöguna svo, að allur vafi hverfi um það, hver tilgangurinn sé. Eg get ekki skilið, að ekki sé ástæða til þess að hraða þessu máli, því að ef lögin ganga ekki í gildi fyr en t. d. síðast í marz, þá getur talsvert verið horfið af vínbirgðunum, sem komið hafa til landsins á þeim tíma. Eg vil ekki gera mönnum getsakir, en það er ætlun mín, að kaupmenn mundu reyna að selja birgðir sínar svo fljótt sem þeim væri unt, ef þeir vissu að tollhækkunin væri í nánd.

Réttarmeðvitund manna virðist ekki

vera svo næm, að menn áliti það neina sérlega óvirðing, þótt menn sviki toll; þvert á móti virðist svo sem, að almenningur áliti það bera vott um kaupmannshygni.

Eg minnist þess, að á síðastliðnu vori komu upp eigi all-lítil tollsvik hér í bænum, en flest blöðin létu þess ógetið hver tollsvikarinn var, og ímynda eg mér að það hafi stafað af því, er eg áður hefi bent á, réttarmeðvitundarleysinu, heldur en af því, að þessi blöð, sem þögðu um nafnið, höfðu eigi all-litlar auglýsingar frá hlutaðeigandi manni um þetta leyti.

Þótt því að þrír gufuskipsfarmar af áfengi kæmi hingað til bæjarins, þá er ekki víst að öll kurl komi til grafar, ef lögin eru ekki gengin í gildi, áður en skipin koma, en hins vegar tollurinn allmikið fé. Eg hefi heyrt það á mönnum, að lög þessi muni standa í sambandi við væntanlegt frumv. til laga um aðflutningsbann áfengra drykkja, og eg vil taka það fram, að slíkt frv. getur engu að síður náð samþ. þingsins, því að líklegt er að slíkt bann komi með fyrirvara nokkuð löngum, og þá ekki vit í öðru, en að hafa tekjur af því víni, sem væri selt á meðan. Enda full þörf á því nú, að ná sem mestu af því víni, sem innflutt er, því að það er áreiðanlegt að ef þessi lög ná ekki fram að ganga strax, þá verður vínfangatollurinn ekki stórmikill næsta ár, því að hækkunin er svo mikil, að það borgar sig fyrir kaupmenn að fá ársbirgðir. Annars vonast nefndin til þess, að hún fái tækifæri til þess að bera sig saman við þm. og hinn hæstv. ráðh. um þetta mál.

Ráðherrann (H. H.): Eins og eg hefi tekið fram, held eg að menn geri sér alt of háar hugmyndir um það, hversu mikið peningalegt tjón það sé fyrir landið, ef að lög þessi ganga ekki strax í gildi. Eg held það ætti ekki að gera neitt til, þótt það væri látið bíða eftir næsta skipi; þá ætti það að vera komið til Kaupmannahafnar kringum 10. marz, og þá ætti það að geta fengið staðfestingu, ef ekki samdægurs, þá að minsta kosti einum eða tveim dögum eftir að skipið kemur þangað, og eftir þann dag væri alt áfengi tollað þessum hækkaða tolli, um alt land. Annars er ekki að reiða sig á það, að fregnir þær um hinar miklu vínbirgðir, er hingað sé von innan skamms, séu á nokkrum rökum bygðar. Slíkar sögur eru mjög oft ýktar.

Eg heyrði t. d. sagt um daginn, að einn kaupmaður hér hefði fengið 170 »uxahöfuð« af brennivíni, en slíkt var mjög orðum aukið, og svo getur og verið um þessa fregn. Eg get ekki séð, að hér sé knýjandi ástæða fyrir hendi, að rétt sé að vera að brjóta upp á nýjum stórfeldum afbrigðum frá gildandi reglum um staðfesting laga. Væri mjög mikið í húfi, t. d. einhver hætta fyrir land og lýð, þá væri sök sér að grípa til slíkra örþrifaráða. En hér er ekkert slíkt á ferðinni.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. í einu hlj.

Önnur umr., 26. febr. (A. bls. 132, n. 42, 50).

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Síðan nefndarálitið kom út, hefir nefndin komið sér saman um breyt. í málinu og leggur því til sem breyt.till., að aftan við 3. gr. stjórnarfrumv. bætist: þó skal greiða aðflutningsgjald, er ræðir í 1.—5. tölul. 1. gr., af vörum þeim er flytjast til landsins eftir 24. febr. 1909. Annars leggur nefndin það til, að frumv. sé samþ. að öðru leyti og

hefir fallið frá að láta tollhækkunina ná til allra vínbirgða, sem fyrir liggja, er lög þessi öðlast gildi, því að slíkt gæti lent á mönnum, sem fengið höfðu birgðir sínar fyrir mörgum árum. — Það er engin minsta ástæða fyrir kaupmenn eða aðra, að halda því fram, að þessi hái tollur geri það að verkum, að þeir geti ekki keypt eins í stórkaupum, því að þeir þurfi að borga tollinn. Það þurfa þeir alls ekki strax, ef þeir vilja hagnýta sér lögin um tollgeymslu. Nefndin vonar, að mál þetta með þeim breyt., sem þegar eru gerðar, fái góðan byr hjá háttv. deild.

Jón Magnússon: Eins og málinu nú horfir við frá nefndinni get eg ekki verið því samþ. í alla staði. Það er spánný leið, sem nefndin vill fara í þessu máli, svo ný og einkennileg, að hún ekki þekkist neinstaðar í allri tollpólitík heimsins, að tollur sé lagður á vörur, eftir að þær eru komnar inn fyrir tolltakmörkin, og aðflutningstollur greiddur af þeim, enda væri slíkt mjög ósanngjarnt og ranglátt. Það væri eins og hér stendur á, nokkurskonar hegning á menn, sem þó reka leyfða atvinnu. Hví á þá líka að skilja undan tóbakstollinn? Hví eiga ákvæðin um hann ekki alveg eins að ná aftur fyrir sig í tímann, ef slík regla að öðru leyti væri heppileg? Já, og því þarf endilega að taka til 24. febr. en ekki t. d. þann dag, sem lögin verða samþ.? Eg legg því til, að stjórnarfrumv. sé samþ. óbreytt, því að breyting nefndarinnar gerir óvissu í réttarástandinu í landinu.

Jón Sigurðsson: Það vakti fyrir nefndinni, að með breytingarákvæðum hennar væri að nokkru leyti girt fyrir það misrétti, sem eiga mundi sér stað, ef tollhækkunin legðist að eins á vín, sem flyttist inn eftir að lögin gengu í gildi, því að sumir hafa fyrirfram fengið að vita, að lög þessi voru í aðsigi og því getað pantað til fleiri ára, en aðrir aftur á móti ekki. Nefndinni var einmitt kunnugt, að sumir myndu hafa haft veður af þessum lögum, og því hefir hún lagt til, að lög þessi skuli ná yfir allar vínbirgðir, sem fluttar eru inn eftir 24. febr. Að þetta ákvæði sé ósanngjarnt eða ranglátt fæ eg eigi séð, því að það kemur eingöngu niður á mönnum, sem hafa ætlað að ná í vínbirgðir, áður en lögin gengu í gildi, en hins vegar vill nefndin ekki halda því lengur fram, að sá nýi tollur leggist á allar birgðir, sem fyrir liggja á staðfestingardegi laganna, því að það gæti komið niður á mönnum, sem hefðu birgðir frá fyrri árum.

Annars hélt nefndin, að gegnum ritsímann mundi vera hægt að fá staðfestingu konungs, svo að lagasmíði þetta hefði getað hlaupið sem fyrst af stokkunum, en hæstv. ráðh. hefir talið ýms vandkvæði á því, en með því að nefndinni hins vegar finst ástæða til, að vinda bráðan bug að þessu máli, því að annars geta kaupmenn búið sig svo undir, að lögin komi ekki til að fá neina verulega þýðingu — að minsta kosti ekki í bráð — þá leggur nefndin fastlega með að tollhækkunin reiknist strax frá 24. febr.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Eg ætlaði að svara háttv. þm. Vestm. (J. M.). Hann spurði, hví tollhækkunin á tóbaki hefði ekki líka verið miðuð við 24. febrúar. Eg skal geta þess, að það kom líka til umtals í nefndinni, en henni þótti ekki ástæða til þess, því að tóbak — nema reyktóbak — er þess eðlis, að það geymist ekki lengi óskemt og því ekki hætt við, að það verði keypt í stórum stíl til lengri tíma, og að því er reyktóbak snertir

þá kynni reyndar að hafa verið meiri ástæða til að taka það með, en það vegur þó varla mikið í þessu máli.

Því næst spurði h. þm. Vestm. (J. M.), hví nefndin hefði tekið til þennan dag (24. febr.) en ekki þann dag, sem lögin væru samþykt. — Það var af því, að nefndin leit svo á, að vel gæti svo farið, að menn, til að losast við þennan nýja háa toll, myndu innan þess tíma taka til sín birgðir frá útlöndum fyrir fleiri ár, já svo mikið, meira að segja, að það gæti nægt þeim alt þangað til vínsölubannið kæmist á 1911 eða 1912, og myndi tökin þá verða þau, að landssjóður hefði ekkert gagn af allri þessari tollhækkun á vínföngum. Eg vona því að allir viðurkenni, að sjá þurfi fyrir, að eigi verði á þann veg farið í kringum lögin.

Jón Magnússon: Það hlýtur að vera spaug hjá háttv. framsm. (J. Ól.), er hann heldur því fram, að kaupmenn mundu byrgja sig upp af þessum vörutegundum til þriggja ára nú þegar. Eg fyrir mitt leyti álít ekki, að þeir mundu geta það, vegna peningaleysis. Það mundi vera hámarkið, ef einhverjir gætu birgt sig til eins árs, enda mundi það ekki borga sig að birgja sig upp til margra ára, vegna þess, að það áfengi, sem mestur gróði er í að selja, rýrnar töluvert við geymsluna, og vörur eru ekki hafðar í tollgeymslu svo árum skiftir. Annars er óþarfi að ræða lengi um þetta; málið er ljóst, og það sem eg tel athugaverðast við breyt.till. er þetta, að verði hún samþykt, þá er þingið komið á mjög athugaverða braut, og miður trygga fyrir réttarmeðvitund landsins.

Framsögumaður (Jón Ólafsson:) H. þm. Vestm. (J. M.) heldur, að ekki náist tilgangur nefndarinnar, vegna þess, að kaupmenn muni ekki hafa efni á, að birgja sig til fleiri ára. Eg held að framleiðendur mundu verða fúsir á að veita lán, einkum og sérstaklega þegar þannig stendur á, eða senda vinið í umboðssölu. Það er rétt, að birgðirnar rýrna við geymsluna, en þær batna líka mjög mikið við að liggja á tré. Það væri viðurhlutamikið ettir dómi háttv. þm. Vestm. (J. M.), að láta lögin verka mikið aftur fyrir sig. En eg vil taka það fram, að tillagan um daginn, var varhugaverðari sökum þess, að hún gat breytt rétti manna.

Þegar tekið er tillit til þessa verður líkt ástatt með þetta, eins og var með bittertollinn á sínum tíma.

ATKV.GR: 1. gr. sþ. með 18 : 2 atkv.

2. gr. samþ. með 19 samhlj. atkv.

3. gr. samþ. með 17 samhlj. atkv.

Breyt.till. á þgskj. 50 samþ. með 15 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Jón Ólafsson,	Bjarni Jónsson,
Björn Jónsson.	Benedikt Sveinsson,
Björn Kristjánsson,	Hannes Hafstein,
Björn Sigfússon,	Jón Jónsson S.-M.,
Eggert Pálsson,	Jón Magnússon,
Einar Jónsson,	Jón Þorkelsson,
Hálfdan Guðjónss.,	Pétur Jónsson,
Jóh. Jóhannesson,	Skúli Thoroddsen,
Jón Jónsson, N.-M.	Stefán Stefánsson.
Jón Sigurðsson,	
Magnús Blöndahl,	
Ólafur Briem,	
Sig. Gunnarsson,	
Sig. Sigurðsson,	
Þorleifur Jónsson.	

Fyrirsögn frv. sþ. án atkv.greiðslu.

Málinu vísað til 3. umr. með 20 samhlj. atkv.

Þriðja umr., 1. marz, (A. 69, 60, 70, 77).

Stefán Stefánsson: Eg hefi leyft mér að koma fram með þá viðaukatill., sem hér liggur fyrir á þgskj. 60, við frumv. það til laga um hækkun á aðflutningsgjaldi, er kemur frá stjórninni, aðallega af þeirri ástæðu, að mér er kunnugt um, að í 2 kauptúnum norðanlands hefir verið notað til drykkjar súr berjasafi, sem er þó hvað áhrifin snertir engu óskaðlegri en hvert annað áfengi.

Á þessum stöðum er aðalsíldveiðiútvegur útlendinga fyrir Norðurlandi, og því mjög mikill mannfjöldi þar saman kominn um veiðitímann og þess vegna góður markaður fyrir þessa vöru, þar sem annað áfengi er ekki selt í kauptúnunum, og reynslan er sú, að ef menn neyta 3—4 glasa af þessum safa, þá verða þeir lítt sjálfbjarga, og margoft með öllu magnþrota.

Eins og kunnugt er ber ekki að greiða neinn toll af þessum súra berjasafa, og væri eiginlega ekki neitt við það að athuga, væri hans neytt að eins til matar, en nú þegar hann er jafnvel mestmegnis hafður til drykkjar, og hefir þá þau áhrif, er eg hefi skýrt frá, þá lít eg svo á, að sjálfsagt sé að greiða af honum toll, sem þá sé í samræmi við vintollinn, eftir áfengisstyrkleika. Hann ætti með öðrum orðum ekki að vera réttthærri en annað áfengi, þar sem hans er neytt á sama hátt. Verði ekkert gert, sem þó að nokkru heftir þessa sölu, þá þyrfti löggæzlan á þeim stöðum, er hér um ræðir, að vera miklu öflugri en hún er, og varið til hennar meira fé en er.

Í sambandi við þetta mál má benda á yfirlýsingu útvegsmanna við Hjalteyri. Þeir álíta þenna súra safa jafnskaðlegan og brennivín eða aðra sterka drykki. Þeir vilja því alt kapp á það leggja, að fá þessu útrýmt og hafa jafnvel boðið að bæta seljanda þann halla, er hann biði við að hætta sölunni. Þeim er þetta svo mikið áhyggjuefni, enda hefir það komið fyrir, að sumir skipverjar þeirra hafa verið svo lamaðir af áhrifum þessarar »saftblöndu« að skip hefir orðið að liggja inni á höfn, að eins þess vegna, því eftir að áfengisvíman er að mestu eða öllu horfin, eru menn svo veikir og slappir, að þeir geta ekki við verk verið. Á þessu ber enn meir en eftir nokkra víndrykkju.

Annars má sjá yfirlýsingu um skaðvæni safans í »Templar«. Hún er frá formanni síldveiðafélagsins Nordsee frá Nordenham á Þýzkalandi og 5 skipstjórum þess félags. Þetta eru alt mjög mætir menn, að því er eg bezt þekki, svo eg fyrir mitt leyti ber fult traust til þeirra hvað þetta snertir. Annars sést það af bréfi, sem prentað er í Stjórnartíðindunum 1904, að þetta er engin nýjung. Bréfið er frá stjórnarráðinu til amtmannsins yfir Suður- og Vesturamtinu út af bréfi sýslumannsins í Vestmanneyjum, þar sem hann skýrir frá því, að við ransókn á súrum kirsuberjasafa, sem flytjist þangað, hafi það komið í ljós að talsvert áfengi, 11,32% (þyngdar) = 14% (fyrirferðar) sé í nefndum vökva, og í annan stað spyrst fyrir um það, hvort eigi beri að skoða nefndan kirsuberjasafa, sem annað áfengi.

Áfengið er að vísu ekki jafnmikið og í brennivíni, en sem sagt afleiðingarnar eru eins skaðlegar.

Vona eg að deildin taki þessa tillögu mína til greina, með því að sþtollálagning á þessa vöru, tollhæðin er

nokkurnveginn í hlutfalslegu samræmi og á öðru áfengi eftir styrkleika.

Að eg hefi horfið frá hinni fyrri tillögu minni, stafar af því, að í 2., 3. og 4. lið frumv. eru tilgreind þau efni, sem alloft eru flutt í flöskum, en þetta er flutt að eins í stærri ílátum, og þess vegna réttara, að það sé 14. (síðasti) liður tillögunnar.

Jón Þorkelsson: Eg vil leyfa mér að koma fram með litla breyt.till. (á þgskj. 70) við frv. þetta frá 2. umr. Hún viðvíkur niðurlagi þess. Þar er sem sé sagt, að lögin gildi frá öskudeginum núna, þótt staðfest verði þau vitanlega ekki fyr en í vor.

Þetta er ósanngirni, og bein víti lögð á þá menn, er fyrir þessu verða.

Það er gamalt lögmál, að svo skal um hvert mál fara sem þá ganga lög í landi. — Ef út af því bregður, þá á eitt yfir alla að ganga og lögin t. d. að vera miðuð við nýár eða við staðfesting konungs.

Skal eg ekki halda þessari breyt.till. frekar fram en hverju öðru sanngirnisatriði, sem altaf er réttmætt.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Að því er snertir þessar 2 breyt.till., er nú hafa komið fram hér í deildinni, þá get eg lýst yfir því, að nefndin mun ekki vera mótfallin hinni fyrri (frá 2. þm. Eyf. St. St.).

Það er vitanlega ekki rétt að draga undan drykk, sem er 6½—9% styrkleika — eins og »súrsaftin«, sem hinn nafnkunni eiturbyrlari Kína-Lífs-Petersen býr til og selur hingað upp.

Um hina síðari breyt.till., frá háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) er alt öðru máli að gegna, því að hún er í rauninni engin breyt.till.

Þar sem farið er fram á, að lögin öðlist þá fyrst gildi, er konungur hefir staðfest þau, þá táknar það ekki annað en það, að feld sé nefndartill. og stjórnarfrv. sé samþ. óbreytt.

Hún er því alveg óþörf. Vona eg að háttv. deild fallist á þessar aths. minar, enda var hún mjög svo fylgjandi nefndarfrv. við síðustu umr., og var þá nægur timi til umhugsunar, enda deildin á eitt sátt um að hafna stjórnarfrv. óbreyttu.

Till. hins háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) getur naumast kallast annað en afturganga, sem kveða ætti niður.

Sé eg ekki nauðsynlegt að ræða þetta mál frekar nú, það var gert itarlega við síðustu umr. Hefi eg ekki orðið var við neinar nýjar ástæður, er raskað geti því er þá var afráðið.

Björn Kristjánsson: Mér virðist að till. háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) muni ekki ná þeim tilgangi, sem ætlað er. Þar sem hann tiltekur, að lögin öðlist gildi þegar konungur hafi staðfest, þá er það í rauninni alveg sama og stendur í frv.

Br.till. nefndarinnar stendur sem áður, þetta fellir hana ekki.

Ekki fæ eg séð, að nein ósanngirni sé í því fólgin að miða hækkunina við 24. febr. þ. á., af því að vínföng flytjast litið að um þetta leyti árs nema til Reykjavíkur, og þar vita allir um hvað verið er að ræða. Kaupmenn hér geta nú þegar hækkað verð á víni sínu ef þeir vilja, þeim er það í sjálfsvald sett. Þingið getur því fylgt þessu fram, og á að gera það, þegar það er upplýst, að verið er að gera tilraun til að svipta landssjóð þessum tekjuauka.

Jón Magnússon: Eg er að vísu samþykkur háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) um flest þau atriði, er hann tók fram, en þó sé eg engan veg til þess, að breyt.till. hans geti komið til atkvæða, því að efni hennar hefir verið felt við 2. umr., og væri því brot á 30. gr. þingskap-

anna að bera hana upp nú; auðvitað getur hún komist að í háttv. Ed.

Auk þess þykir mér breyt.till. óviðkunnanlega orðuð. Það hefði verið heppilegra að orða hana svo að fella aftan af seinni málsgreinina í 3. gr. En úr þessu mætti bæta með því, að í stað þess að bera upp br.till. væri skift atkv.gr. um frv. gr. og borin upp sér í lagi þessi setning: »Lög þessi öðlast gildi þegar í stað« þá kæmi hið sama út, sem breyt.till. vill vera láta, og skýt eg því til hæstv. forseta. Auðvitað kemur það ekki til greina, ef minn skilningur er réttur, að breyt.till. sé ekki hægt að bera undir atkv. nú.

Forseti (H. Þ.): Eg tel fullkomlega löglegt að bera upp þessa breyt.till. og er skilningur hv. þm. Vestm. (J. M.) á 30. gr. þingskapanna í sambandi við þessa breyt.till. ekki réttur, því að svona löguð breyt.till. hefir aldrei verið feld hér í deildinni, og skoðast hún sem viðaukatill. við frv. Það kemur því ekki til nokkurra mála að vísa henni frá.

Ráðherrann (H. H.): Forseti ræður auðvitað, hvað hann gerir, en eg verð að vera samþykkur háttv. þm. Vestm. (J. M.) En auk þess er galli á br.till. frá formlegu sjónarmiði, því að lögin eru gefin út í konungs nafni og byrja svo: »Vér o. s. frv. gerum kunnugt: Alþ. hefir fallist á lög þessi og vér staðfest þau«. Það er því fullkomlega rétt orðað í gr. að lögin öðlist gildi þegar í stað. Hitt á alls ekki við, að leggja konungi þau orð í munn, að lögin öðlist gildi, þegar konungur hefir undirskrifað þau.

Jón Magnússon: Eg álít, að gr. sé réttara orðuð í stjórnarfrv. en í br.till. Annars held eg fast við það álit mitt, því að þetta atriði er þegar afgert hér í deildinni.

Jón Þorkelsson: Eg er á sama máli sem hæstv. forseti um það, að brt.till. ber að skoða sem viðaukatillögu við frumv. Þessi breyt.till. hefir aldrei komið fram fyrr en nú og hefir því aldrei getað verið feld.

Eg er ekki að þrátta um formið; það gerir hvorki til né frá. Vera má, að betra sé að haga orðunum svo, að lögin öðlist gildi þegar í stað. En orðalag breyt.till. þarf í sjálfu sér ekki að vera henni til hnekkis; það má þá, ef þess þykir þörf, lagfæra það í efri deild. Raunar legg eg ekki kapp á þessa breyt.till.; eg flyt hana vegna þess, að mér þykir hún sanngjörn. Hver getur gert þar um, sem honum sýnist.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Það er til lítils gagns, að vera að þrátta um keisarans skegg, svo sem hér er gert nú. Það er rétt, að formlega hefir breyt.till. ekki verið feld, en efnislega hefir hún verið feld við 2. umr., og skil eg ekki, að háttv. þingd. fari svo ofan í sjálfa sig, að hún samþykki þessa breyt.till., einkum þar sem engin ný ástæða né skýring hefir fram komið henni til stuðnings.

ATKV.GR.:

Viðaukatill. á þgskj. 60 tekin aftur.

Breyt.till. á þskj. 77 samþ. með 20 atkv. samhlj.

Breyt.till. á þgskj. 70 feld með 14 : 4 atkv.

Frumv. samþykt með 19 atkv. samhlj. og afgreitt til Ed.

Einum r., 11. marz (A. 136, 162, 176).

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Nefnd sú, er skipuð var í þetta mál, hefir í framhaldsnefndaráliti (þingskj. 162) gert grein fyrir tillögum sínum.

En breytingartillögurnar eru af því sprotnar, að óheppilegt þótti orðalagið, þar sem talað er um það, hvenær

lögin öðlist gildi. Lögin geta ekki öðlast gildi, fyrr en þau hafa hlotið konungsstaðfestingu.

Annars væntir nefndin, að málið fái góðan byr hjá háttv. þingdeild, og það því fremur, sem það, ef hér byrjar vel getur á morgun orðið og verður afgreitt sem lög frá Ed.

Ráðherrann (H. H.): Hin háttv. nefnd hefir lagt það til, að gerð verði breyting á ákvæðunum um súran berjasafa. Mér virðist þetta mjög óheppilegt af nefndarinnar hálfu, því að þessi súri safi á í raun og veru ekki að vera áfengur; hitt er annað mál, að dæmi munu til þess að kaupmenn hafi blandað hann áfengi, og þannig misbrúkað hann.

Það er þess vegna alls ekki rétt, að tolla þennan safa, sem áfengan drykk. Miklu réttara — eins og samþykt hefir verið áður bæði hér og í efri deild — að leggja toll á hann, sem sérstaka tollvöru. Mundi þá sízt fjarri, að hafa 30 aur. toll, miðað við aðra kolonialvöru. Mér virðist blátt áfram, að tillögur nefndarinnar nái ekki nokkurri átt. »Súr berjasafi« er í rauninni ekki annað en safi úr berjum, sem ekki hefir verið látiun sykur í og ekki varinn lofti, svo að hann hefir þess vegna súrnað. En þessi vara er notuð og notandi í ódýrar súpur, sem almenningur neytir. Einnig má nota þennan safa saman við vatn til svaladrykkjar, eins og sýru. Að leggja geypi-toll á þessa vörutegund, er sama sem að fyrirmuna fátæku fólki að nota hana, og til þess virðist mér ekki ástæða, þó að einstöku angurgapar hafi misbrúkað hana til vörufalsana. Hér er ekki um áfengan drykk að ræða, nema fölsun komi til, þess vegna má ekki tolla þetta sem áfengisdrykk.

Fyrir því álít eg sjálfsagt, að ákvæði þau, sem að gerð hafa verið áður um þetta efni, bæði hér og í efri deild, séu látin halda sér, og enginn ruglingur gerður þar á.

Hitt er góðra gjalda vert, að nefndin hefir séð sig um hönd og komið fram með breyt.till. um það, hvenær lögin öðlist gildi, því að hinar fyrri tillögur komu að ýmsra hyggju vel nærri ákvæðum stjórnarskrárinnar, þar sem farið var fram á, að lögin öðluðust gildi, áður en konungsstaðfesting lægi fyrir. En þó verður ekki sagt, að breyt.till. sé heppileg, af því að ekki verður hjá því komist, að hún reki sig á ákvæðin i toll-lögunum, þau ákvæði, að tollurinn falli í gjalddaga jafnskjótt og skip það hafnar sig, er með tollvörurnar fer. Þá getur viðtakandi lögum samkvæmt fengið fullnaðarkvittun fyrir tollgreiðslunni.

Á tímabilinu frá 12. marz og þangað til lögin öðlast gildi, getur hver og einn greitt hinn venjulega toll og fengið fullnaðarkvittun fyrir, af því að lögin (nýju) eru þá ekki í gildi.

Það yrði að skoðast sem sérstakt skattgjald, en ekki aðflutningsgjald, sem að þannig væri lagt á vörurnar eftir á.

Það er mitt álit, að alt of mikið sé gert úr þörfinni á undantekningarákvæðum um birgðir þær, sem komnar eru hingað áður en lögin öðlast gildi, og eg þykist viss um, að þær umræður, sem verið hafa nú um hríð hér á þinginu um þetta atriði, séu nægar til þess, að ná tilganginum, sem sé að hindra aðflutning yfir skör fram, því menn hafa ekki þorað að eiga undir því, að panta neitt til muna um fram hið vanalega, meðan óafgert var um þetta efni. Það er því líklegt, að mjög lítið áfengi sé á leið hingað til lands nú.

Það virðist því vera næsta óþarft, að vera í þessu skyni, að reka sig á

almenn lagafyrirmæli, og toll-lögin sérstaklega.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Eg vil leyfa mér, að gera nokkrar athugasemdir út af ummælum hæstv. ráðh. — Vil eg fyrst víkja máli mínu að því, er hann sagði um súra safann. Það er ekki rétt, að hann sé blandaður áfengi hér; eg hefi að minsta kosti aldrei heyrt þess getið. En hitt er áreiðanlegt, að töluvert áfengi er í þessum safa, og hann verðnr áfengur við geymsluna — við að liggja. Styrkleikinn getur orðið 7—8°, og því full ástæða til, að súr safi sé tekinn inn undir tollhækkunar-ákvæðin.

Í annan stað verður víst naumast sagt með sanni, að hægt hafi verið, að fara mildilegar að þessu, ef safinn verður gerður tollskyldur á annað borð. Hitt mun rétt vera hjá hæstv. ráðh., að þessi ákvæði reki sig á tolllögin (að . . . falli í gjalddaga, þegar á land sé komið o. s. frv.), en jafn áreiðanlegt er þó það, að það er meira að segja algild regla, að hin eldri lögin verða að víkja fyrir hinum yngri þótt ekki sé berum orðum fram tekið, að þeim sé breytt. Það ber enga nauðsyn til að telja upp, hverjum eldri laga-ákvæðum sé breytt með nýjum lögum, þótt tarið sé að tíðka það hin síðari ár; lögfræðingarnir geta ávalt séð það og dómstólarnir skorið úr því. — Mótbáran um greiðslu tollsins og fullnaðarkvittunina er heldur ekki réttmæt, enda var háttv. 1. þingm. Eyf. (H. H.) áður samþykkur ákvæðinu um tímann (24. febr.), og fæ eg ekki betur séð, en að ástæðan hafi verið jafn góð og gild, þá sem nú.

Hæstv. ráðh. (H. H.) gat þess, að ef skip kæmi með tollskyldar vörur til einhvers manns, þá fengi hann þegar fullnaðarkvittun fyrir greiðslunni.

En hér er öldungis eins ástatt: ef skip kemur á Hornafjörð daginn eftir að lögin hafa öðlast gildi, þá er hetmtaður tollur eftir lögunum — og gefin fullnaðarkvittun fyrir. Munurinn er því ekki mikill.

Þetta getur átt sér stað í mörgum kauptúnum, þar sem síma verður ekki við notið.

Mér virðist ekkr, að nægar ástæður hafi komið fram til þess, að deildin hafni tillögunum — og vona eg, að hæstv. ráðherra (H. H.) verði ekki mótfallinn staðfestingu þessara laga, enda þörfin brýn að auka tekjur landssjóðs. Þó að mér sem minni hluta manni mætti vera það flokkshnykkur að fá sem mest á þessu tímabili, þá vona eg samt, að enginn flokksbróðir minn meti minna hag landsins sjálfs eða láti aðrar ástæður verka á sig í þessu efni.

Það má geta þess, að það var sagt við mig nýlega, að við værum ekki eigingjarnir minni hluta menn, að vera að búa í haginn fyrir hina komandi stjórn. Þetta er að vísu satt, enda lítum við að sjálfsögðu þar eingöngu á hag landsins.

Nefndinni þótti og réttast, að láta tollhækkunina einnig ná til allra vörutegunda; en ekkert þurfti þó að búa undir eða vera bak við, þótt til áfengisins eins hefði komið.

Reyktóbak þolir t. d. ekki geymslu og um vindla getur ekki verið að ræða í þessu efni.

Hæstv. ráðh. (H. H.) gat þess og lagði mikla áherzlu á það atriði, að frumv. ræki sig á eldri lög.

En eg veit ekki betur, en að það sé fremur nýr siður á þinginu, að telja upp, hvað falla skuli úr gildi af hinum eldri lögum, er víkja verða fyrir hinum nýrri.

Árekstur þarf því enginn að verða.

Jón Magnússon: Eg get tekið undir

það með hæstv. ráðherra (H. H.), að töluverð bót hefir orðið af nefndarinnar hálfu, frá því sem áður var. Það er framför, að frumv. öðlast þá fyrst gildi, þegar það er afgreitt frá deildinni, og að tollhækkunin nái til allra vörutegunda.

En það verður þó ekki varið, að orðalagið er mjög óheppilegt, og óhjákvæmilegt, eftir því sem bein orð liggja til, að frumv. reki sig á ákvæði hinna gildandi toll-laga.

Ef greiða á eftir frumv. toll af vörum, sem koma á tímanum frá 12. marz, þangað til það öðlast lagagildi, þá getur verið að búið sé að greiða tollinn áður eftir núgildandi lögum, en samt á eftir hinum fyrirmælum frumvarpsins að greiða tollinn — án frádráttar — eftir þessu frumv., en það sjá allir, að slíkt er harla ósanngjarnt.

Annars hefir verið mjög illa með þetta mál farið, og alt öðruvísi, en venja er til um toll-lög yfirleitt. Ef skynsamlega hefði verið að farið, þá hefði mátt afgreiða málið á 2 dögum, en í stað þess hefir tímanum verið eytt með því, að kasta því milli deildanna. Orsökin er sú, að sérstaklega hin hv. deild hefir farið hér eins á villigötu, og því hefir málið tafist.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Hvað viðvíkur meðferð þessara laga í þinginu, þá er seint að tala um það nú, því að ekki þýðir að sakast um orðinn hlut.

ATKV.GR. Brt. 162 (1. liður) sþ. með 18:3 atkv.

Brt. 176 við 2. lið á þgskj. 162 sþ. með 19:3 atkv.

1. og 3. gr. þannig breyttar samþ. með 21 shlj. atkv.

Frumv. í heild sinni samþ. með 22 atkv. og endursent Ed.

Háskóli.

FRUMVARP til laga um stofnun háskóla; 1. umr., 27. marz (A. 314).

Ráðherrann (H. H.): Eins og háttv. þingd. mun vera kunnugt, þá er frv. það, sem hér liggur fyrir komið fram samkvæmt þingsályktun frá síðasta alþingi.

Eins og tekið er fram í athugasemdunum við frumv., þá er það að miklu leyti samið eftir tillögum forstöðumanna mentastofnananna hér, og síðan hefir hans hátign konungurinn fallist á hugmyndina, og er því full vissa fengin fyrir því, að lögin muni ná staðfestingu konungs.

Ed. hefir rætt frumv. ítarlega og samþ. með litlum breyt., er eg finn enga ástæðu til að fara að ganga í gegnum. Þó er það ein af breyt. hv. Ed., sem eg get ekki felt mig við eða fallist á að sé rétt. Í stjórnarfrumv. var ákveðið að lögin gengju í gildi á afmælisári Jóns Sigurðssonar 1911, en Ed. hefir breytt þessu ákvæði þannig, að lögin skuli þá fyrst koma til framkvæmda, er veitt sé fé til háskólans á fjárlögunum, og er meiningin að því sé skotið á frest í þetta sinn.

Eg get ekki skilið, hvers vegna það á að fresta framkvæmdum laganna, ef þingið á annað borð aðhyllist þau. Mér finst einmitt að það ætti að vinda bráðan bug að framkvæmdum. Það er engin ástæða til að fara að bíða eftir sérstakri háskólabyggingu, því það má í bráðina komast af með það húsnæði, sem æðri skólarnir hafa nú, eða eins og sumir hafa stungið upp á, má ef til vill nota efra loft mentaskólans fyrir háskólakensluna. Ef ekki er byrjað með háskólabyggingu, þá verður lítill útgjaldaauki að háskólanum, og mundi ekki muna miklu fyrir landið

hvað það snertir, en aftur á móti er ýmislegur hagnaður við að fá háskólann strax, sem ekki er hægt að meta til peninga.

Eg býst við, að háttv. deild setji nefnd í málið til að athuga það. Eg vil því ekki fara fleiri orðum um það í bráðina, en láta mér nægja að skírskota til þess, sem tekið er fram í athugasemdunum við stjórnarfrumv.

Jón Þorkelsson: Eg vil leyfa mér að stinga upp á 5 manna nefnd, og að málinu sé vísað til 2. umr.

ATKV.GR.:

Samþ. að skipa 5 manna nefnd með 20 samhlj. atkv. og hlutu kosningu samkvæmt hlutfallskosningu:

Bjarni Jónsson,
Jón Þorkelsson,
Jón Magnússon,
Skúli Thoroddsen,
Eggert Pálsson.

Málinu vísað til 2. umr. með 18 samhlj. atkv.

Í nefndinni var Bjarni Jónsson kosin formaður, en Jón Þorkelsson skrifari og framsögumaður.

Önnur umr., 26. apríl (A. 314, n. 578).

Framsögumaður (Jón Þorkelsson): Þetta mál er komið hingað til deildarinnar frá háttv. Ed. og þar lagði stjórnin frumv. þetta fram. Frágangurinn á því er þó svo, hvað mál og stíl snertir, að nefndin hefir fundið ástæðu til þess að víta það verklag. En af því nefndin sá sér ekki fært, vegna tímaskorts, að gerbreyta frumv., þá vill hún leggja það til við háttv. deild, að hún samþ. frumv. óbreytt, sökum þess að vér teljum, að máli þessu megi ekki annað en ráða til lykta nú á þessu þingi.

Hvað efni frumv. snertir, þá er nefndin samdóma Ed. í öllum aðalatriðum; þó þykir henni vanta tilfinnanlega ákvæði í frumv. þess efnis, að engir hafi rétt til embætta á Íslandi aðrir en þeir sem tekið hafa próf við háskóla í Reykjavík í öllum þeim greinum, sem kendar eru við hann. Eg verð að álíta það lífsskilyrði fyrir stofnun þessu, að þessi ákvæði verði sett í lög, því háskóli vor hefir annarskostar ekkert bolmagn til þess að standast samkepni við aðra stærri stofnun, Kaupmannahafnarháskóla, sem alt til þessa hefir haft heldur takmarkalítið leyfi til þess að klekja út embættismannaefnum handa landinu.

Nefndin áleit þó, að það mætti hjálíða að sinni að gera fyrirskipanir í þessa átt, ef undin væri bráður bugur að málinu á næsta þingi. Eg hefi því leyft mér að koma fram með á öðru skjali þingsályktunartillögu þess efnis, að stjórnin láti það ekki dragast úr hömlu að undirbúa og koma fram með frumv. í þessa átt.

Eg skal af greindum rökum ekki fjölyrða meira um frumv. þetta að sinni. En það gæti verið ástæða til þess að fara í stuttu máli yfir sögu þessa mikla máls hér á þingi og hér á landi, nú þegar svo langt er komið, að þær lyktir eru að verða á því, sem lengst hafa verið þráðar. Mér er þetta og þeim mun ljúfara, sem eg hefi verið nokkuð við það riðinn fyrrum, bæði hér á þingi og utan þings, að reyna að hrinda því áleiðis, þó að nú sé orðið langt á það að minnast. Mér er kært, að það hefir fallið í minn hlut að standa fyrir svörum í þessu máli nú á síðasta stigi þess til fullkomins framgangs, þegar því er að skila til óskalands.

Strax á hinu fyrsta þingi voru 1845, kom fram krafa frá stúdentum í Kaup-

mannahöfn, borin fram af Jóni Sigurðssyni, um það, að landið fengi þjóðskóla fyrir allar stéttir manna í landinu. Fyrsti árangurinn af þessari kröfu var prestaskólinn, sem stofnaður var skömmu seinna (1847).

Erfiðara gekk það að fá læknaskólann, og þó komst hann hér á stofn 1876, eftir að Jón landlæknir Hjaltalín hafði áður um mörg ár haldið uppi kenslu í læknisfræði hér á landi og útskrifað marga lækna. En langtorsóttast reyndist að fá lagaskóla settan á landi hér. Frumv. um stofnun hans var neitað staðfestingar hvað eftir annað í nær hálfa öld. Og þó er hann nú fenginn líka.

Á alþingi 1881 bar Benedikt Sveinsson í fyrsta sinn fram frumv. til laga um stofnun háskóla. Okkur, sem þá vorum ungir menn, og þá staddir hér á áheyrendapöllunum, er enn þá minnistætt, hve forkunnar vel honum mæltist þá. Á því þingi komst málið í nefnd en lengra ekki. Á næsta þingi bar sami maður fram frumv. til laga um stofnun hans að nýju. En af einhverri hégilju — líklega helzt sökum þess að það mundi þykja of veglegt handa Íslendingum — gat þingið ekki felt sig við að nefna þessa væntanlegu stofnun háskóla, heldur var hún nú kölluð »landsskóli«, og var frumv. samþ. í þessu formi á þinginu, en náði ekki staðfestingu konungs. Árið 1885 var enn borið fram frumv. um þetta efni. Var það nú gert í Ed. af Benedikt Kristjánssyni, en var þá felt í þinginu.

1891 bar Benedikt Sveinsson enn fram frumv. um þetta efni í Nd., en það fékk þá sömu afdrif sem næst á undan og var felt. Loks var á alþingi 1893 afgreidd lög um stofnun háskóla hér á landi, en þau urðu að sæta sömu afdrifum, sem fleiri lög þingsins á þeim tímum, og var því synjað konungsstaðfestingar. Eftir það hreyfði þingið þessu máli ekki í mörg ár.

En utan þings og á meðal þjóðarinnar var málinu þó haldið vakandi enn um hríð. Háskólasjóðurinn var stofnaður, og konur jafnt sem karlar studdu að því og gáfu fé til hans. Lítið eitt var gefið til sjóðsins frá útlöndum, og varla svo teljandi sé, nema Þýzkalandi; gekst dr. Küchler fyrir því. Reyndist hann jafnan einhver hinn bezti stuðningsmaður málsins, og ritaði rækilega um það í helztu tímarit Þjóðverja.

Á seinasta alþ. var samþ. þingsál.till., sem 2. þm. Rvk. Guðmundur Björnsson bar fram, þess efnis, að skorað var á stjórnina að leggja fyrir næsta þing frv. til laga um stofnun háskóla í Reykjavík. Skal það hinum fráfaranda ráðh. vorum til heiðurs sagt, að hann tók svo skörulega undir það mál, að »hérna liggur bevísið«, að hér er nú frumv. komið, lagt fyrir þingið af landsstjórninni í nafni og umboði konungs.

Nefndarálitinu höfum vér nú látið fylgja skjöl þau og skýrslur, sem fyrir hendi voru viðvíkjandi »Háskólasjóðnum«, svo sem þau sér líkast herma. En þó að eg hafi reynt að halda þeim plöggum saman, mun þó eitthvað af þeim glatað, og sumt hefir aldrei í mínar hendur komið.

Mál þetta er svo afar merkilegt og þýðingarmikið, að nefndin getur ekki annað en ráðið deildinni til þess að gera það að lögum þegar á þessu þingi. Lögin verða að vera til þegar þingið sér sér fært vegna fjárhagsins að veita fé til stofnunarinnar, sem er svo afarmikil nauðsyn á fyrir þjóðmetnað vorn og þjóðþrif öll.

Í sambandi við nauðsyn þessa máls má minnast á það, í hvaða ástandi

þær stofnanir eru, sem kallaðar eru hinar æðri mentastofnanir landsins. Þeim hefir á engan hátt verið sá sómi sýndur, sem þær eiga skilið. Þær eru annaðhvort húsnæðislausar eða þá í alsendis ósæmilegum húsakynnum, og allir vita að samkeppni Kaupmannahafnarháskóla við þær er ótakmarkað. Prestaskólinn hefir nú staðið meira en 60 ár, og að öllu leyti getað nægt okkur hvað guðsorð snertir, en eigi að síður hefir Kaupmannahafnarháskóla stöðugt verið leyft að klekja út prestsefnum handa okkur, og svo stendur enn. Á þessum stofnunum öllum þarf að verða meginbreyting. Það þarf að lyfta þeim, svo að þær geti lyft þjóðinni á æðra stig allrar góðrar menningar og fullkomnunar. Og stofnun háskóla hér á landi er rakin leið til þess að svo megi verða.

Af framangreindum ástæðum öllum vil eg fastlega ráða háttv. deild til þess að samþ. frv.

Jón Magnússon: Þótt eg skrifaði undir nefndarálitið í máli þessu athugasemdalaust, þá var það ekki af því, að eg væri sannfærður að rétt eða sjálfsagt væri að koma málinu fram á þessu þingi, eða eg væri að öllu leyti ánægður með nefndarálitið.

Eg skal játa það, að mér finst nefndin hafa hrapað nokkuð að þessu, að samþ. frv. óbreytt að minsta kosti. Nefndinni fanst þó að frumv. gæti staðið til bóta. Og úr því að háskólalögin hvort sem er eiga ekki að koma til framkvæmda þegar, heldur þá fyrst er fjárhagur landsins leyfir það, þá sýnist engin brýn nauðsyn vera til þess að afgreiða málið frá þessu þingi, en það mætti vel bíða næsta þings og þá væri tími til þess að gera frumv. enn betur úr garði.

Það er aðgætandi, að hér er að tala um stofnskrá fyrir háskóla, stofnskrá, er ekki á að þurfa að breyta, jafnvel þótt aldir líði, og þótt háskólinn breytist sjálfur allmikið.

Vér vitum allir, að þótt fjárhag landssjóðs megi góðan telja, þá er fjárhagur landsins sem stendur þannig, að varla eru ráð á því að bæta við miklum gjöldum á almenning til þess að stofna háskóla, en í rauninni meiningarlaust að samþ. þetta frv., ef það á ekki að koma til framkvæmda bráðlega.

Um það sem háttv. framsm. (J. Þ.) sagði, að ekki væri mikið hlynt að hinum æðri mentastofnunum hér á landi, skal eg ekki vera fjölorður. Eg held þó að mér sé óhætt að fullyrða það eitt, að þær séu í allgóðu lagi, og þeirra vegna sé engin nauðsyn til þess að vinda bráðan bug að því að stofna háskóla. Og það sem hann sagði um að húsakynni skóla þessara væru slæm, þá verður ekki bætt úr því, þótt frv. yrði samþ., með því að þar er als ekki gert ráð fyrir neinum byggingum.

Eg sé enga ástæðu til þess, frekar en háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.), að útiloka læknakandídata frá háskólanum í Kaupmannahöfn frá embættum hér á landi, þótt þeir hefðu stundað nám við Hafnarháskóla. Læknisfræðin er almenn vísindagrein, sem menn geta stundað eins vel í Höfn og hvar annarsstaðar sem vera vill, jafnvel austur í Kína.

Eg sé ekki ástæðu til að orðlengja um þetta. Býst við því að frv. eigi að ná fram að ganga á þessu þingi, og mun eg sætta mig við það.

Framsögumaður (Jón Þorkelsson): Eg skal nú taka það fram, að þótt búningur frumv. þessa sé ekki svo góður sem ákjósanlegt væri, þá er hann þó ekki stórum verri en búningur allra

laga vorra annara, alt í frá 1874. Það er varla hægt að segja annað um þá lagasmíð, hvað mál og stíl snertir, en að hún sé ómynd, ef í harðan reikningsskap skyldi ganga. Bæði eg og aðrir höfum einkum fundið til þess, að þetta frumv. skyldi ekki geta verið bærilegt að máli og orðfæri, því að það er um þá stofnun, sem ætlast er til að verði fóstra, mær móðir (alma mater) alls þess, sem bezt er og þjóðlegast á landi hér í máli og menningu.

Það er að vísu rétt, sem háttv. þm. Vestm. (J. M.) sagði, að frumv. geri ekki ráð fyrir neinum byggingum. En hitt leiðir af sjálfu sér, að allar deildir háskólans verða að fá húsnæði, jafnskjótt sem við verður komið eftir að háskólinn tekur til starfa.

Hvað snertir þetta skilyrði þm. Vestm. (J. M.) og N.-Ísf. (Sk. Th.) um það að háskólinn í Kaupmannahöfn hafi rétt til að útskrifa lækna handa okkur, þá er mér spurn: Hvers vegna má þá ekki hver annar góður háskóli, hvar sem hann er, hafa rétt til þess sama? En eg álít alt slíkt, eins og nú á stendur, skaðlegt fyrir oss. Annars er sú hreyfing, heyri eg sagt, komin fram, að þeir, sem stunda nám við einhvern háskóla á Norðurlöndum, hafi rétt til embætta hvar sem er um öll Norðurlönd. Ef slíkt samband kæmist á milli háskólanna, þá er líklegt að hér mundi þá nokkuð farið eftir því.

Eins og nú hagar til, sé eg ekki annað en að það sé hreint og beint banatilræði við háskólastofnun vora, að nokkrum öðrum háskóla sé leyft að búa til embættismenn handa okkur. Vér ætlum að verja stórfé til háskóla hjá oss, en leyfum þá jafnframt annari samskonar stofnun í öðru ríki að keppa við okkur. Eg fæ ekki séð betur en það sé óhafandi og óþolandi.

Þótt nú frv. sé ekki eins vel úr garði gert og það ætti að vera, ræð eg þó óhikað deildinni til þess að samþ. það óbreytt, því að það er engin frágangssök. Hitt er annað mál, að frv. þetta hefði átt að geta verið þolanlega úr garði gert, eftir fyrst að vera samið af þeim mönnum, sem ástæða var til að álíta að eitthvað kynnu í íslenzku máli, og þar eftir að hafa gengið í gegnum 1. stjórnarskrifstofu, þar sem einmitt h. þm. Vestm. (J. M.) var skrifstofustjóri. Það er því nokkuð seint fyrir hann að koma með heilræði sín nú. Hann hefði unnið meira gagn með því að átta sig fyr í þessu máli.

Jón Magnússon: Út af því, sem háttv. framsm. (J. Þ.) var að segja seinast, vil eg taka það fram, að nefndin hafði gert margar breyt.till. við frumv. og á síðasta fundi nefndarinnar var samþ. að fela skrifara að semja nefndarálitið eftir því, en svo er horfið frá því, er nefndin hafði komið sér saman um, án þess að kalla saman fund og án þess að láta að minsta kosti alla nefndarmenn vita af, og samið nefndarálit, er fer í þá átt, að ráða háttv. deild til að samþ. frv. óbreytt, fyr en komið er með álitið til undirskrifta til hvers einstaks fundarmanns.

Þessi aðferð er að minsta kosti óvenjuleg.

Hálfdan Guðjónsson: Mér þykir dálítið undarlegur þessi ákafi, sem komið hefir fram í þessu máli. Eg skil ekki hvers vegna má ekki reifa málið nú, og taka það til meðferðar á næsta þingi, gæti skilið það, ef stofnunin ætti að taka til starfa tafarlaust, en því er ekki hér að heilsa, þar sem ekkert fé er veitt til hennar á fjárlögunum.

Eg hefi aldrei borið á móti því, að mál þetta snerti þjóðerni vort og tungu, en þess undarlegra er það, að nefndin skuli geta sætt sig við það, að láta

málið fara frá sér í þeim orðabúningi, sem nú er á því. Lítur helzt út fyrir, að einhver knýjandi nauðsyn reki þá til þess, t. d. að svo mörg embættismannaefni vanti nú í landinu, að nauðsynlegt sé að fjölga þeim. Mér finst að þetta mál þurfi að undirbúa rækilega, en ekki að setja stofnun þess á stofn á pappírnum, fyr en hægt er að setja hana á stofn í reyndinni.

Eg legg því til, að málið sé ekki sþ. hér að þessu sinni.

Jón Ólafsson: Mig furðar satt að segja stórlega á mótstöðu háttv. 1. þm. Húnv. (H.G.) móti þessu máli. Hann vill endilega geyma það til næsta þings að samþykkja þessi lög. Mér er ómögulegt að skilja, að það geti gagnað málinu neitt; málið hefir fengið eins góðan undirbúning og kostur er á. Og þótt einhver gæti með rökum sett eitthvað út á málið á frumv., þá skil eg ekki, að það sé svo mikið atriði, að nokkur, sem málinu ann, vilji fresta því fyrir þá sök. Og eg hefi nú ekki betur vit á, en að málið á frumv. sé gott. Þá var sagt, að háskólalög ætti að vera þannig úr garði gerð, að ekki þyrfti að breyta þeim síðar — ef til vill í margar aldir. Eg býst við, að við stöndum ekkert nær því 1911, heldur en nú, að búa til óumbreytanleg háskólalög. Okkar háskóli hlýtur að verða mörgum og miklum breytingum háður. Eg vona, að hann verði háður breytiþróunar-lögmáli framfaranna; og þó að þessi lög væri ekki eins ákjósanleg eins og hægt væri að óska eftir — og hygg eg þó, að þau sé góð og mætavel samin —, þá eru þau þó nægileg til þess, að koma stofnuninni á fót. Viðvíkjandi húsrúmi er ekkert á móti því, að skólinn geti tekið til starfa á afmælisdegi Jóns Sigurðssonar. Eg veit ekki betur, en að þeir skólar, sem nú eru hér, hafi húspláss, og þá ætti ekki að vera mikill vandi að bæta við húsrúmi fyrir 1 eða 2 deildir, t. d. á efra lofti mentaskólans. Það er mjög víða, að háskólar hafa ekki allar kenslugreinar í sama húsi — má þar til nefna t. d. Lundúnaháskóla. Mér er óskiljanlegt, hvers vegna menn vilja draga málið — eftir hverju er að bíða? — og það er kynlegt, ef þingið nú fer að fussa við þessari stofnun, sem það hvað eftir annað hefir óskað eftir að fá í fulla hálfa öld.

ATKV.GR. 1. gr. sþ. með 17 shlj. atkv.

2., 3., 4., 5., 6. gr. sþ. með 16 shlj. atkv. hver.

7.—12. sþ. með 16 shlj. atkv.

13.—29. sþ. með 16 shlj. atkv.

30.—33. sþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. samþ. án atkvgr.

Málinu vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Þriðja umr., 28. apríl, (A. 314, n. 578).

Framsögumaður (Jón Þorkelsson): Eg hafði ásett mér að tala ekki frekar um mál þetta hér í deildinni, en verð þó að segja nokkur orð.

Í nefndarálitinu (þingskj. 578) er þess getið, að menn þeir, er stofnendur háskólasjóðsins kusu á fundi 6. apríl þ. á. til þess að gera tillögur um það, hvernig verja skyldi í framtíðinni þeim hluta sjóðsins, sem karlmenn söfnuðu, hafi lagt það til, að honum skyldi verja til að styrkja karlnemendur við háskólann fyrirhugaða. En nú hefir einn af þessum mönnum (Þórhallur biskup) bent mér á, að það hefði ekki verið hugsunin að útiloka námsstúlkur frá styrk af þessum hluta sjóðsins, heldur að karlar og konur ætti jafnan rétt til hans. Hefir hann óskað að þetta væri tekið fram í umræðunum, og það hefi eg nú gert. Að

þessi hluti sjóðsins sé, eins og þessir menn hafa lagt til, kendur við Benedikt sýslumann Sveinsson, mun engum þykja meir en maklegt, enda hefir lítið verið gert til þess að halda uppi minningu hans síðan hann dó. Það hefir verið látið gróa yfir hana af svo merkilegu ræktarleysi, að mér er til efs, að nú viti nokkur maður, hvar leiði hans er hér í kirkjugarðinum.

Hálfdan Guðjónsson: Mér er með öllu óskiljanlegt, hvernig þetta mál hefir getað gengið hér í gegnum deildina, í því formi sem það er. Þannig lagað, sem það nú er, hefir það mér vitanlega aldrei legið fyrir neinu þingi. Finst líka engin ástæða til að flýta málinu svo mjög, þar sem ekki er tilætlast, að stofnun þessi komist upp, fyr en fé er veitt til hennar á fjárlögunum.

Hátttv. framsm. (J. Þ.) sagði við síðustu umr. málsins hér í deildinni, að þetta frumv. væri í marga staði meingallað, og þó ræður hann með mestu rósemi deildinni til að samþykkja það óbreytt, meira að segja, án þess að gerð sé nokkur tilraun til að bæta úr þessum mörgu göllum.

Í þessu sambandi vil eg minnast á hitt frumv., sem er skylt þessu, nfl. um laun háskólakennaranna; eg get engan veginn fallist á, að þau eigi að vera, eins og frumv. fer fram á. Þegar alt er komið í kring með embættaskipun eftir þessum lögum hvorum tveggjum, þá nemur útgjaldahækkunin til kennaranna við háskólann væntanlega 20—30 þús. kr. frá því sem nú er við skóla embættismannaefnanna. Er það allmikill árlegur útgjaldaauki fyrir landssjóð. Og er þó ekki tekið tillit til þess, að sjálfsagt má telja, að nauðsynlegt þyki að reisa sem fyrst mjög dýra háskólabyggingu, þegar háskólinn nýi tekur til starfa. Þessi launahækkun kennaranna þykir mér og líklegt, að dragi annan dilk á eftir sér, því að mér er ekki grunlaust um, að ósk sú um launahækkun, er þinginu barst frá kennurum hins almenna mentaskóla, eigi rót sína að rekja til þessa frumv. um laun háskólakennara. Engin von til þess, að kennarar við þann skóla vilji búa við svo miklu lægri laun, sem nú hafa þeir, en þessir blessaðir háskólakennar eiga að hafa. Vegna þess hvað þetta er merkilegt mál, kom eg ekki fram á móti því fyr. Eg vildi ekki hindra að málið fengi sem beztan undirbúning í þinginu að þessu sinni.

Framsögumaður (Jón Þorkelsson): Hinn virðulegi 1. þm. Húnv. (H. G.), ver ekki vel sínu pundi að nota það til þess að setja sig upp á móti þessu máli, setja sig upp á móti föðurlandinu, setja sig upp á móti guði, hann, sem þó »á að vera útvalinn drottins þjón og verk hans og vilja gera«. Því sannlega, sannlega segi eg yður, að sá maður setur sig upp á móti guði, upp á móti öllum hamingjudisum þessarar þjóðar, sem veita vill þessu máli banatilræði. Að sambandsmálinn einu undanskildu liggur ekkert mál fyrir þessu þingi, er sé jafnáríðandi, jafnmikil lífsnauðsyn fyrir oss sem einmitt þetta mál. Guðrækara verk er því ekki hægt að vinna gagnvart landi og lýð en að vilja skapa þessu máli feigð. Þetta hlutskifti hefir nú hinn hátttv. þm. kosið sér að þessu sinni og við þessa athöfnina ætlar hann nú að leggja virðing sína og velsæmi. Háskóli sá, er nú viljum vér koma á fót, á að verða arinn og og miðstöð allrar menningar vorrar, sem oss svo lengi og tilfinnanlega hefir vantað og oss svo hörmulega og óskaplega hefir fyrir þrifum staðið. Slíkt miðból hefir hvergi til verið alt

til þessa, og fræðadísin íslenzka hefir eiginlega hvergi átt höfði sínu að halla, hvergi átt heima. Miðstöð vors andlega þroska hefir engin verið og hvergi verið, nema ef helzt mætti segja að hún hafi um langan aldur staðið hálf sitt hvorumeginn 300 rasta hafs. Reykjavík og Kaupmannahöfn hafa nú langa lengi verið að togast á um það, hvor þetrra skyldi aðalból íslenzkrar mentunar, og þegar sá dagur er nú að renna upp að Reykjavík megi sigra í skinndrætti þessum, þá er það hart að sjá og heyra að nokkur íslenzkur þm. skuli sá vera til, sem vilji nú höggva sigurinn úr höndum oss.

Það hefir kostað oss langa og harða baráttu að komast það áfram í þessu máli, sem nú erum vér komnir. Vér höfum í því eins og mörgum öðrum málum fyrrum fengið að kenna á lagasynjunum hvað eftir annað, og vér höfum gengið í skrokk á dönsku stjórninni og úthúðað henni fyrir að þverskallast og daufheyrast við kröfum vorum, og landsmenn fyrrum, bæði karlar og konur, hafa lagt hart að sér í þessu máli, stofnað til fjársamskota og lagt fram fé til framgangs þessa máls, sem dæmi eru til um fá mál önnur. Og eigum vér þá eftir þetta alt saman, þegar loksins stjórn vor og konungur verða einug um að veita oss uppfylling þessarar lengi þráðu óskar, að gerast þau ómenni og illfygli, að drita svo hermilega í vort eigið hreiður, að vér nú lýsum því yfir að vér séum ekki menn til þess að taka að oss og halda uppi þessari langþreyðu stofnun? Er það alvara háttv. 1. þm. Húnv. (H. G.) að hann virkilega vilji ljá sig til þessa illvirkis og ómenskuverks?

Hinum háttv. þm. þótti mál þetta illa undirbúið. En má eg spyrja: Hvernig getur hinn háttv. þm. sagt það? Mál þetta hefir fyrst og fremst verið rætt með oss nú um 30 ár og bæði þjóð og þing margoft látið í ljósi skoðanir sínar og vilja sinn í því. Því næst hafa nú forstöðumenn læknaskólans, prestaskólans og lagaskólans undirbúið málið eftir þeirri þekkingu og viti, sem þeir höfðu bezt, — og um einn þeirra formann prestaskólans, er mér kunnugt, að hann nýtur fullkomins trausts 1. þm. Húnv. (H. G.). Síðan hefir málið gengið í gegnum hendur stjórnarráðsins og þar enn verið vandað til þess. Mér er nú spurn: Ef þetta mál er ekki sæmilega undirbúið, hvernig á þá að undirbúa mál til þingsins, og hvaða mál eru þá nógu vel undirbúin handa hinum háttv. þm.? Það er að vísu satt, að eg — og fleiri — fann að málinu og orðfærinu á frumv. þessu, en eg gat þess jafnframt, að frágangur á þessu frumv. væri að þessu leyti ekki verri en á svo mörgum lögum öðrum — nema skárri sé.

Eg heyri það sagt, að háttv. 1. þm. Húnv. (H. G.) sé hér á ferðinni með rökstudda dagskrá, sem hann hugsi sér að fá deildarmenn til að glæpast á að samþykkja, og eyða þar með þessu máli. Það virðist nú vera orðinn sá faraldur hér á þinginu, að veifa þessum rökstuddu dagskrám, er menn vilja koma einhverju máli fyrir kattarnef. Fyrir skömmu var einu máli (»Thoremálinu«) einmitt vikið burt með rökstuddri dagskrá hér í deildinni. Og nú er mér sagt, að hefndin fyrir að það tókst, eigi að koma niður á þessu máli, þó að eg viti, að framkoma hins háttv. 1. þm. Hún. (H. G.) stafi ekki af þeim hvötum. Annars hefir það verið talið efasamt, hvort það sé löglegt og þinglega rétt að afleiða frumvörp með rökstuddum dagskrám. Það var eitt sinn gert hér um

árið — og þá í fyrsta skifti — á þeim tímum, er þeir konungkjörnu stóðu mjög á móti vilja þjóðarinnar í stjórnarskrármálinu, en illa mæltist það þá fyrir.

Þetta mál er oss í heild sinni svo mikilsvarðandi, og undir því er svo mikið þjóðmetnaður vor, þjóðstolt og sómi, að ekki má nú sleppa tækifærinu, að koma því áleiðis til fulls framgangs. Eg vænti því þess fastlega, að sú rökstudda dagskrá háttv. 1. þm. Húnv. (H. G.) verði feld hér í deildinni, í hvað ærlegri og góðri meiningu, sem hann kann að hafa komið fram með hana.

Hálfdan Guðjónsson: Ýmislegt af því sem háttv. framsm. (J. Þ.) sagði, var talað út í hött. Annars gekk hann á það lagið, sem hann svo oft hefir tamið sér á þessu þingi, að varpa fram ýmsum hljómmiklum stóryrðum um sjálfstæði og þjóðerni í stað röksemda. Jafnvel í hlægilegustu smámálum hefir hann oft og einatt verið að veifa með »sjálfstæði« og »þjóðerni«, og gert þannig fegurstu orð að »glamuryrðum« og með því svift þau þeim krafti og áhrifum, sem þau, réttilega brúkuð, hafa. Eg gæti fært margar röksemdir og sannanir fyrir minu máli, en skal í þetta sinn láta mér nægja að benda á hans mörgu þingsályktunartillögur, sem hann hefir kveðið frelsi og sjálfstæði landsinsins vera undir komið, að næðu fram að ganga. Annars er svo langt frá því, að eg vilji berjast á móti sjálfri hugmyndinni. Eg er henni þvert á móti fylgjandi og því eru orð hans um mig töluð út í hött. Eg álít að eins málið ekki svo úr garði gert, að þingið eigi að afgreiða það nú. — Framkoma háttv. 1. þm. Rvk (J. Þ.) er líka all-kynleg í þessu máli. Hann taldi í ræðu sinni fyrir nokkru misfellurnar og gallana á frv., svo mikla, að ekki mætti við una. Það þyrfti að lappa upp á það, »umredigera frá rótum« voru hans óbreytt orð. Hvernig stendur þá á því, að hann vill nú engu breyta, heldur þykir frumv. gott og blessað í alla staði. Annars tek eg það aftur fram, að eg vil ekki fella málið, heldur að það sé betur undirbúið og komi síðar fram klætt fallegri fötum og á hentugri tíma. Þess vegna hef eg leyft mér að koma fram með rökstudda dagskrá, sem eg með leyfi hæstv. forseta skal lesa upp:

»Með því að lögum um stofnun háskóla er ekki ætlað að koma til framkvæmda fyr en fé er veitt til hans á fjárlögunum, þykir óþarft og ekki ráðlegt, að afgreiða frumvarpið, sem lög frá þessu þingi, og í því trausti, að stjórnin leggi málið betur undirbúið fyrir næsta þing, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá«.

Framsögumaður (Jón Þorkelsson): Eg ætla að ítreka það, að menn taki því heldur eftir því og gefi því gaum, að það er nú hér í dag ætlun og ásetningur sumra þingdeildarmanna að drepa þetta merkilega mál í hefnd fyrir það, að »Thoremálið« féll, og þeim þóttu ýmsir ekki fylgja því nógu fast, að þeirra skapi. Svo ótrúlegt, sem þetta er, þá er það þó satt, því að einn af deildarmönnum hótaði mér því áðan einslega. Vil eg að þetta sjáist í þingtíðindunum til athugunar og eftirþanka í framtíðinni.

Eg ætla ekki að kippa mér upp við það, þó að hinn háttv. 1. þm. Húnv. (H. G.) lýti mig fyrir það, að mér verði það stundum að nefna orð eins og »sjálfstæði« og »þjóðerni«, jafnvel í sambandi við það, sem honum finnast vera smámál. Eg hefi komist að raun um það, að við leggjum hvor

um sig alt annan mælikvarða á mál. Mér þykja það oft stórmæli, sem honum finst lítils um vert, og svo er ekki ólíklegt, af því, sem fram hefir komið, að honum þyki minna varið í »sjálfstæði« og »þjóðerni« en mér. Og þá er skiljanlegt, að þessi orð hneyksli hann meira en mig.

Hannes Hafstein: Það voru að eins örfá orð. Eg vildi að eins biðja háttv. 1. þm. Húnv. (H. G.), að skýra frá göllunum, sem hann kveður vera á frumv. Það væri fróðlegt að heyra skýringar þingmannsins. Annars væri það leiðinlegt, að vera með aðra eins sleggjudóma.

Bjarni Jónsson: Það voru undarlegar ákærur, sem háttv. flutningsm. rökstuddrar dagskrár (H. G.) bar hv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) á brýn, að hann hefði orðin »sjálfstæði« og »þjóðerni« að glamuryrðum með því að minnast á þau í sambandi við háskólamálið. — Eg fæ nú ekki séð, að slíkt hafi við nokkur minstu rök að styðjast, því að ef nokkuð er þjóðlegt, þá er það það, að menningarstofnanir vorar séu í landinu sjálfu, svo að þjóðin sjálf hafi tök á og umsjón með þeim stofnunum, sem undirbúa starfsmenn hennar undir það starf, sem þjóðin fær þeim að vinna, eða telur háttv. 1. þm. Húnv. (H. G.) það heppilegt og vel sæmandi þeirri íslenzku þjóð, að hún sendi sína beztu sonu suður til Hafnar, til að lifa þar við sult og seyru í 6—7 ár og drekka í sig danskar skoðanir. Að svo margir Íslendingar hafa ekki eyðilagst og skemst Íslandi á þeirri veru, kemur til af því, að íslenzka þjóðin er svo gott kjarnafólk, svo sjálfstæð í hugsunum og elsk að sínu landi. — Það situr því illa á hv. 1. þm. Húnv. (H. G.), að vilja leggja stein í götu þessa máls og verða því þannig að falli.

Háttv. sama þm. (H. G.) gleymdist að geta þess, að þegar hann var að tala um það, að nefndinni hefði þótt slæmur frágangur á frumv., að þá átti nefndin að eins við orðalag en ekki efni. Mér t. d., sem vil vera vandur að íslenzku máli, þótti illa farið, að hafa útlend heiti á kennurunum og hefði viljað breyta því, en vil þó ekki gera það nú að kappsmáli, til að tefja ekki fyrir málinu. — Að fé verði eigi veitt á fjárlögunum að þessu sinni til háskólans, er ekkert því til fyrirstöðu, að lög þessi verði samþykt. Það er líka all-undarlegt, þar sem salur þessi sí og æ hefir kveðið við af miklum sparnaðarhljóm, að heyra menn nú leggja til, að mál þetta skuli nú niður falla, eftir að það með miklum tíma og kostnaði hefir verið látið ganga í gegn um deildirnar, — það kostar þó sannarlega ekki svo lítið; en að málið verði betur undirbúið seinna er ekkert annað en tómur hljómur og hvellandi bjalla, og þeir sem vilja fella þetta mál gera sitt til, að rýra virðing og sæmd stjórnar vorrar og flokks. Þetta segi eg til þeirra manna, sem heyra til sama flokk og eg, enda þótt eg ekki sé með þessu máli af þeirri ástæðu.

Eg vona, að mönnum skiljist af því, sem eg nú hef sagt, að það er vansæmandi að fella málið.

Sigurður Sigurðsson: Það er undarlegur hiti í mönnum út af þessu máli, og því undarlegri er hann, þegar þess er gætt, að meiningin með rökstuddri dagskrá, sem komin er hér fram, er alls ekki að fella málið, heldur fresta því. Og hvað er annars á móti frestun þessa máls til næsta þings, þar sem þó er gert ráð fyrir, að lögin

um stofnun háskóla komi í rauninni ekki til framkvæmda fyr en fé er veitt til hans á fjárlögunum. Hvernig undirbúning þetta mál hefir fengið, skal eg ekki fara mikið út í nú, en heyrt hefi eg það sagt hér í deildinni, að málið á háskólafrumv. sé ekki sem bezt. En það á þó óneitanlega betur við og er æskilegt, að þegar verið er að semja lög um háskóla, sem á að kenna meðal annars heimspeki og málfræði þá sé málið á þeim lögum nokkurn veginn viðunanlegt. Annars verð eg að lýsa því yfir, að eg mun greiða atkv. með framkominni rökstuddri dagskrá af þeim ástæðum, er nú skal greina:

1. að mál þetta er eigi svo vel undirbúið sem skyldi, meðal annars hvað málið á frumv. snertir, eins og áður hefir verið tekið fram.
2. að það hefir í för með sér stofnun margra, nýrra og óþarflega margra embætta.
3. að það bakar landssjóði þegar lögin koma til framkvæmda alt að 20,000 kr. aukin útgjöld í embættislaun handa kennurum skólans.
4. að málið hefir ekki í þeirri mynd, sem það hefir nú, verið borið undir þjóðina.
5. að gert er ráð fyrir því, bæði í sjálfu háskólafrumv. og eins í frv. um laun háskólakennaranna, að háskólinn verði eigi reistur á næstu tveim árum.

Af þessum ástæðum greiði eg atkv. með rökstuddri dagskrá, sem komin er fram, þrátt fyrir það, þótt eg að öðru leyti sé hlyntur stofnun háskóla hér á landi, þegar ástæður okkar og efnahagur leyfir það.

Björn Sigfússon: Eg vil að eins með fáum orðum víkja að því sem frmsm. (J. Þ.) kastaði fram í ræðu sinni, að framkoma þessarar rökstuddu dagskrár ætti að vera hefnd fyrir að annað mál, sem hafði verið felt hér í deildinni; það er víst Thoremálið, sem háttv. frmsm. 1. þm. Rvk. átti við. — Þetta eru svo barnalegar getsakir, að eg er hissa á að háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) skuli koma fram með annað eins. Sá maður, sem kemur fram með þessa rökstuddu dagskrá, var einmitt á móti því að þingið gengi að Thoretilboðinu, og svo á hann að gera þetta til að hefna þess máls. Margt hefir hann sagt skrítið í ræðum sínum, þessi hv. þm. og komið okkur til að hlæja, en nú gerir hann okkur undrandi yfir því hvaða fjarstæður — eg vil ekki segja bull — hann lætur út úr sér, þegar hann reiðist.

Þá var háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) að spyrja flutningsmann rökstuddrar dagskrár um þá galla, sem hann sæi á frumv. Það vill nú svo óheppilega til, að sá þm. mun ekki geta tekið oftar til máls að þessu sinni. Eg skal geta þess að lýsing frmsm. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) á frumv. ætti að vera nóg til þess, að hvorki hann né aðrir, vilji samþ. það. Hann sagði að búningurinn á því — málið, væri svo ilt, að ekki veitti af að breyta því frá upphafi til enda. Sá meðhaldsmaður málsins ætti því eins og aðrir að vilja fresta því til næsta þings, svo það geti þá komið fram í þeim búningi, sem því er samboðinn. Efnisgallarnir eru líka allmargir að ýmsra dómi, t. d. óþarflega margir kennarar og óþarflega há laun.

Þá var hv. þm. Dal. (B. J.) að halda því fram að samþ. rökstuddrar dagskrár yrði til þess að drepa málið. Á hverju hann byggir það er ekki gott að vita og er slík staðhæfing því einkennilegri sem málið á ekki að koma til framkvæmda fyr en fé er veitt til þess á fjárlögunum, með öðrum orðum, í fyrsta lagi eftir tvö ár. Það er

því ekki gott að sjá, hversvegna endilega á að knýja það fram nú með hroðvirkni.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Það var að heyra á hv. 1. þm. Húnv. (H. G.), að hann gæti ekki svarað fyrirspurn þeirri, er hv. 1. þm. Eyf. (H. H.) beindi til hans, af því að hann væri »dauður« (ɔ: búinn að tala tvisvar í málinu). Auðvitað stendur í þingsköpum að eins um flutningsmenn og framsögumenn mála, að þeir megi taka oftar til máls en tvisvar, en þá liggur næst að álíta, að sá sem ber fram rökstudda dagskrá í máli, sé flutningsmaður hennar; þótt þetta sé eigi beinum orðum sagt í þingsköpunum, tel eg víst að forseti, sem jafnan hefir sýnt sig mjög frjálslyndan í skilningi og beiting þingskapanna, leyfi hv. 1. þm. Húnv. að taka til máls.

Þess er þörf, að háttv. þm. svari fyrirspurninni; hann telur frumv. meingallað, en hefir ekki sýnt fram á nokkurn galla á því.

Eg hefi ekki getað fundið annað, en að mjög væri vandað til frumv. þessa; það hefir fengið góðan undirbúning sem vænta mátti. Eg verð að ætla, að þar sem eg hefi alt frá þingbyrjun vandlega lesið og hugleitt málið, mál, sem mér er vel ljóst og eg hefi um mörg ár hugleitt — verið flutningsmaður þess eitt sinn á þingi, einnig ritað talsvert um það — eg verð að ætla, segi eg, að þegar eg ekki hefi orðið galla var á þessu frumv. þá séu þeir ekki auðsæir öllum. Hvað málið á því snertir, sem fundið hefir verið að, hefi eg ef til vill ekki síður skyn á en aðrir hér í deildinni um það að dæma, og eg hefi ekkert að því að finna. Mig grunar, að alt það, sem háttv. þm. einn hafði út á það að setja, sé reyndar ekki annað en eitthvað 4 orð eða svo: prófessor, dósent, rektor og doktor. En þótt þessi orð sé útlend að uppruna, þá hafa þau fyrir löngu samlagast málinu, og eigi meiri ástæða til að útrýma þeim, heldur en orðum eins og kirkja, prestur, prófastur, biskup o. fl. orðum, sem alveg eins stendur á með.

En það verð eg að segja, að færi þingið nú að hafna þessu frumv., hvort heldur drepa það berlega með því að fella það, eða launmyrða það með rökstuddri dagskrá, þá væri það hið vindhanalegasta stefnuleysi, eftir að þingið hefir barist fyrir því stöðugt samfeld 28 ár, eða síðan 1881. Það er eins og vér Íslendingar þurfum þá að nota hvert stórmálið á fætur öðru í ár, til að sýna og sanna öllum heimi hve stefnulausir vindhanar og staðfestulausar hræriþvörur vér séum, er vér höfnum, þegar það býðst, hverju því sem vér höfum áður haldið fram og talið oss velferðarmál.

Það er ekki satt, að málið komi flatt upp á þjóðina. Á þeim tíma, sem fyrir því hefir verið barist, hafa komið fram bænarskrár um það eða þingmálatundarsamþ. úr öllum kjördæmum þessa lands, og eg minnist ekki þess, að úr nokkru kjördæmi hafi nokkru sinni komið fram rödd á móti því. Síðasta þing skoraði beint á stjórnina að undirbúa málið og leggja frv. um það fyrir þetta þing.

Enginn þm. dirfist að vefengja, að þessi stofnun muni verða hin mesta andlega lífsuppspretta þjóðinni, hin mesta þroskaefling andlegs lífsgróðurs. í landinu. Enginn þorir að vega framan að því. Sjá þá ekki allir, að það er verið að reyna að vega launvíg með því að kviksetja þetta frumv. nú af yfirskinsástæðum, bera fyrir galla á efni og máli frumv., galla, sem enginn

treystir sér þó til að tilgreina og benda á, svo að hönd verði á fest. Eg skora á þingdeildina að viðlögðum sóma hennar og drengskap að samþ. nú hiklaust og tafarlaust þetta frumv.

Forseti (H. Þ.): Eg skal geta þess, út af fyrirspurn til mín frá háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.), að eg tel það í fullu samræmi við þingsköpin, að flutnm. að rökstuddri dagskrá sé jafn rétthár sem flutnm. hvers annars máls, og megi því taka oftar en tvisvar til máls við sömu umr., þótt þetta sé ekki tekið fram í þingsköpunum. Háttv. 1. þm. Húnv. (H. G.) er því leyfilegt, sem flutnm. dagskrárinnar að tala oftar í máli þessu, ef hann óskar.

Ráðherrann (B. J.): Eg ætla ekki að fara að ræða mikið þessa rökstuddu dagskrá, en ætla að eins að lýsa því yfir fyrir mína hönd og stjórnarinnar, að eg tel mjög illa farið, ef hún verður samþ. Þetta kemur ekki fjárhagnum við, það verða einhver ráð til að sjá um að ekki standi á því fé, er nauðsynlega þarf, enda hefir þegar verið hugsað fyrir því. Þetta mikilvæga mál ætti því nú að komast loks til framkvæmdar, eftir margítrekaðar yfirlýsingar þjóðarinnar, og þá verður þessi stofnun reist svo fljótt sem kostur er á. Það má alls ekki sleppa þessu máli eða láta það dragast úr hömlu, því að hér liggur við sómi þings og þjóðar.

Hálfdan Guðjónsson: Eg ætla einungis að segja örfá orð, af því skorað var á mig að gera það, en annars er engin ástæða fyrir mig að ræða þetta meira, því eg er þegar búinn að skýra afstöðu mína til þessa máls. Hnjóðsyrðin, sem til mín hefir verið kastað, virði eg að engu. En eg vildi enn ítreka það, að á frumv. eru miklir gallar og agnúar. Þegar eg tók það sama atriði fram rétt áðan, bar eg engan minni eða mjórri fyrir því, en sjálfan framsm. málsins (J. Þ.). Eg færði þá til rökstuddar ástæður, er ekki hlýðir að endurtaka, því mér fundust þær nógu skýr bending til að sannfæra hina áköfustu fylgismenn frumv. En til þess að hægra væri að gera mönnum til hæfis hefi eg breytt dagskránni, og til þess að auka fylgi hennar. Það er ekki svo frekt að orði komist að ástæða sé að hafna henni. Það er augljóst, að ekki er hægt að framkvæma þetta, fyr en fé fæst á fjárlögunum til þess. Eg er algerlega mótfallinn þeirri reglu, sem þingið virðist vera að taka upp að samþ. lög, sem ekki er ætlað að ganga í gildi fyr en löngu seinna, slík lög ættu að bíða þess tíma, að þau kæmust í framkvæmd, eða væri að minsta kosti ætlað það og fé væri til þess veitt á fjárlögum. Það er alt öðru máli að gegna með lög, eins og t. d. aðflutningsbannslögin. Eg hlýt að vera þessu mótfallinn, af því þessi aðferð er svo óeðlileg og glapræðisleg. Það er ekki talið miklu skifta að samþ. lög, sem engan kostnað hafi í för með sér. En svo er þegar á næsta þingi talið sjálfsagt að leggja fé fram til þess að framfylgja lögunum, fyrst þau séu til orðin. Slíkri reglu mæli eg fastlega á móti. Ef næsta þingi virðist ekkert því til fyrirstöðu, hvað fjárhaginn snertir, að leggja fram fé, til þess að háskólinn komist á laggirnar, þá hygg eg, að ekki mundi vandkvæðum bundið, að fá frv. þetta samþ. — og þá í þeim búning, er allir mættu vel við una. Hitt skil eg ekki, hvað því liggur nú á, þar sem ekki er búist við, að lögin komist til framkvæmda að svo stöddu. Hlýt eg því að telja þau úrslitin heppilegust, að samþ. nú hina rökstuddu dagskrá um málið.

Hannes Hafstein: Háttv. 1. þm.

Húnv. (H. G.) gat ekki bent á í hverjum atriðum frumv. þessu sé ábótavant, að þeirra hluta vegna þyrfti að fresta samþ. þess.

Það er engan veginn nýtt að setja það ákvæði í lög, sem háttv. Ed. hefir bætt inn í frv. þetta, að lögin komi eigi til framkvæmda fyr en fé sé veitt til þess á fjárlögum. Þetta var einnig gert í lagaskólalögunum frá 1903 o. fl. Eg hefði að vísu óskað, að þetta ákvæði hefði ekki verið sett inn í stjórnarfrv., en samt verð eg að segja, að betra er að lögin séu samþ. með þeim annmarka, heldur en að samþ. laganna sé frestað um ótiltekinn tíma. Samþykt og staðfesting lagaskólafrv. hafði þá afleiðing þrátt fyrir samskonar ákvæði, að stjórn og þing áleit sér skylt þegar á næsta þingi 1905, að undirbúa það að lögin kæmust í framkvæmd, með því að veita fé til undirbúnings væntanlegum forstjóra, og næsta þing þar á eftir setti lögin í framkvæmd. Líkt vona eg að yrði hér, að kostnaðurinn sem með þarf, yrði tekinn þegar upp á næsta fjárlagafrumv.

Eins og frumv. nú liggur fyrir, á það sér vísa staðfesting konungs, því að hann er búinn að samþykkja að það sé lagt fyrir þingið. Sé því hafnað nú, þá er það samþykki úr sögunni, og ómögulegt að vita með vissu, nema einhverjir erfiðleikar kynnu að rísa upp, er gerðu það örðugt að fá aftur samþykki konungs fyrirfram eða staðfesting eftir á, *ef búið væri að hafna málinu í þetta sinn*, og sýna með því, hve rík alvaran hefir verið hjá oss Íslendingum með þessari gömlu kröfu. Væri þá vel að verið, ef þetta þing bætti því við önnur afrek sín til sjálfstæðis Íslands og þjóðþrifa, að bana háskólamálinu, þegar það er þannig á veg komið, sem nú er það.

Hálfdan Guðjónsson: Þeirri aths. vildi eg beina til háttv. andmælenda minna, að háskólamálið hefir ekki legið fyrir þjóð né þingi fyr en nú í þeirri mynd, er það nú hefir; skal eg sérstaklega taka þetta fram að því er til útgjaldanna kemur í sambandi við frumv. þetta, hvort heldur litið er á kennarafjöldann eða launahæðina. Hitt veit eg vel, að oft hefir áður legið fyrir þinginu frumv. í svipaða átt, t. d. um stofnun lagaskóla, landsskóla o. s. frv. En stofnun lagaskólans réð að miklu leyti bót á þörfinni, sem þau frumv. spruttu af. — Fyrir því fæ eg með engu móti séð, að nauðsyn reki til að ráða nú þessu máli til lykta í frumv.formi, eða að það sé þinginu á neinn hátt til vansæmdar, þótt samþykt frumv. bíði þess, að frumv. sé betur úr garði gert og fé fyrir hendi, er fært sé að leggja stofnun þessari.

Framsögumaður (Jón Þorkelsson): Af því háttv. 1. þm. Húnv. (H.G.) vissi ekki til þess, að þetta mál hefði nokkurn tíma legið fyrir fyrri hér á þingum, þá ætla eg — þó að eg sé margbúinn að skýra frá því, að upplýsa hann um það, áður en atkv.gr. nú fer fram, að mál þetta hefir verið rætt hér á þingi öðru hverju síðan 1881, svo sem 1883, 1885, 1891 og 1893, og var þá afgreitt sem lög. Loks var með þingsál. skorað á landsstjórnina á síðasta þingi að leggja frumv. um þetta mál nú fyrir þetta þing. Og hvað vill svo þm. hafa það meira?

ATKV.GR.:

Hin rökstudda dagskrá (frá 1. þm. Húnv.) feld með 17 : 7 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Kristjánss.,	Bjarni Jónsson,
Björn Sigfússon,	Jón Ólafsson,
Hálfdan Guðjónss.,	Bened. Sveinsson,
Jón Jónsson N.-M.,	Björn Jónsson,

Já:	*Nei:*
Ólafur Briem,	Eggert Pálsson,
Sigurður Sigurðss.	Einar Jónsson,
Þorleifur Jónsson.	Hannes Hafstein,
	Jóh. Jóhannesson,
	Jón Jónsson S.-M.,
	Jón Magnússon,
	Jón Sigurðsson,
	Jón Þorkelsson,
	Magnús Blöndahl,
	Pétur Jónsson,
	Sigurður Gunnarss.,
	Skúli Thoroddsen,
	Stefán Stefánsson.

Frumv. í heild sinni samþ. með 21 atkv. gegn 4 að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Björn Sigfússon,
Jón Ólafsson,	Björn Þorláksson,
Ben. Sveinsson,	Hálfdan Guðjónss.,
Björn Jónsson,	Ólafur Briem.
Björn Kristjánss.,	
Eggert Pálsson,	
Einar Jónsson,	
Hannes Hafstein,	
Jóh. Jóhanness.,	
Jón Jónsson N.-M.	
Jón Jónsson S.-M.,	
Jón Magnússon,	
Jón Sigurðsson,	
Jón Þorkelsson,	
Magnús Blöndahl.	
Pétur Jónsson,	
Sig. Gunnarsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Stefán Stefánsson.	

Tveir þm., Sigurður Sigurðsson og Þorleifur Jónsson greiddu ekki atkv. og töldust með meiri hlutanum.

Frumv. afgreitt sem *lög frá alþingi.*

Háskólakennaralaun.

FRUMVARP til laga um laun háskólakennara. 1. umr., 5. apríl (A. 406).

Bjarni Jónsson: Eg leyfi mér að stinga upp á, að þessu máli verði vísað til háskólanefndarinnar, að umr. lokinni.

ATKV.GR. Málinu vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv.

Vísað til háskólanefndarinnar með 18 shlj. atkv.

Önnur umræða, 26. apríl (A 406, n. 578, 630).

Framsögumaður (Jón Þorkelsson): Það er eins ástatt með þetta frv. og hitt um stofnun háskóla, að nefndin hefir ráðið deildinni til þess að samþykkja það óbreytt. — Við höfðum ekki neitt verulegt við það að athuga; að eins hefði eg fyrir mitt leyti kosið, að minna hefði verið smjattað í athugasemdum stjórnarinnar við frumv. á nafni eins manns, en gert hefir verið. Sá maður á af þessu máli engan sóma skilinn. Hann er einn af þeim fáu, sem gerðu máli þessu ógagn fyrrum, og það skal hér nú sagt, að hann gerði ótilkvaddur á sinni tíð alt sem hann gat til þess að eyða því, og reyndi jafnframt á leiðinlega lúalegan hátt að gera þá menn tortryggilega í augum annara, sem málinu vildu koma fram. Eg hefði því kunnað betur við, að menn hefðu haft þann smekk, að þegja um þann pilt í þessu máli, enda hefði eg þá heldur ekki minst hans nú, þó að nafns hans geti eg hér að engu.

Þá eru breyt.till. komnar fram frá háttv. 2. þm. Árn. (S. S.), og þær talsvert stórkostlegar. Í læknadeildinni gerir hann ráð fyrir 1 prófessor og 1 dósent — og 6 aukakennurum, í guðfræðisdeildinni 1 prófessor og 1 dósent.

Það er með öðrum orðum, að hinn háttv. þm. vill draga úr öllum kenslukröftum skólans, en það er hið sama og að þrýsta skólanum niður á við.

Þá eru breytingartillögur við 2. gr. Þar leggur hann til, að hvorki byrjunarlaun prófessora sé eins há og frv. fer fram á, né heldur hámark launanna, og læt eg það að vísu vera — en hitt þykir mér ósanngjarnara, að hann ætlar ekki dósentum meira en 2400 kr. í laun, og ætlast þá líklega til þess, að teknar sé 400 kr., bæði af launum fyrra dósents við prestaskólann og af launum dósentsins við lagaskólann, sem bæði eru áður lögákveðin.

Með frumv. eru laun dósentanna ákveðin 2800 kr. og í athugasemdum við stjórnarfrumvarpið er fyllilega gerð grein fyrir því, að þau megi ekki minni vera. Breytingartillögur hins háttv. þm. eru því kynlegri, sem honum hlýtur að vera kunnugt um það, að þinginu hefir nú borist beiðni um launahækkun frá öllum kennurunum við latínuskólann, en það er vitanlegt, að laun latínuskólakennara eru þó allsæmileg og jafnleg í samanburði við laun margra annara starfs- og embættismanna á landi hér. Og þó er beiðni kennara þessara án efa á rökum bygð. Eg álít því breyt.till. þm. ósanngjarnar og til skaða, og að deildin eigi að fella þær. Þingmaðurinn hefir sjálfsagt ætlað með þessu að sýna landsmönnum að hann vilji spara, og fyrir alla muni láta þá sjá það í þingtíðindunum. En hver veit, nema landsmenn geri honum þann grikk, að vera svo skynsamir að sjá, að of mikill sparnaður, of mikil aðsjálni, er oft stakasta ráðdeildarleysi. Það er því ekki alveg víst, að það sé einhlítt fyrir þingmanninn, að tala alt af hátt um »ný embætti með háum launum«.

Frumv. þetta er svo nátengt frumv. um stofnun háskóla, sem á að ganga fram, að þau verða að fylgjast að; deildin verður því að fella breyt.till. háttv. 2. þm. Árn. (S. S.), ef frumv. á að komast í gegnum þingið. Nefndin hefði sjálf breytt frumv. þessu í ýmsu, ef hún hefði séð sér það fært tímans vegna, en hún vildi ekki tefla málinu í hættu.

Sigurður Sigurðsson: Mér skilst svo, að ekki mundi nærri því komandi hjá hinum háttv. framsm. (J. Þ.), að frumv. um stofnun háskóla verði látið óútrætt að þessu sinni og bíða næsta þings, jafnvel þó það mundi málinu langhollast. Það þarf vel að vanda, sem lengi á að standa, og mál þetta er naumast svo vel undirbúið, að það hefði einmitt gott af, að því væri frestað. — Jafn vitur maður og háttv. þm. Vestm. (J. M.) lagði það til í ræðusinni áðan, að málið yrði ekki útkljáð að þessu sinni, og finst mér vert að tekið sé tillit til þess.

Um breyt.till. mínar við frumv. um laun háskólakennaranna, sem nú er til umr., sagði framsm., að þær væru afturför frá því, sem stæði í frumv.

Ef það er framför í þessu efni, að búa til mörg embætti með háum launum, þá skal eg játa, að breyt.till. mínar eru »afturför«. En sé því aftur haldið fram, sem eg verð að gera, að vér eigum að fara varlega í að stofna mörg embætti, og setja launin hæfileg, þá eru breyt.till. mínar áreiðanlega til bóta.

Eg skal svo gera nánari grein fyrir þessum breyt.till. mínum.

Eins og nú er, eru 3 kennarar við prestaskólann, með heimspekiskennaranum. Nú er gert ráð fyrir sérstakri heimspekisdeild og hverfur því heimspekiskensla prestaskólans undir hana. Eg fæ því ekki séð annað en að 2 kennarar nægi í guðfræðisdeildinni.

Við lagaskólann eru nú 2 kennarar, og forstöðumaður hans fer fram á að fá einn aukakennara í viðbót. — Þar hefi eg lagt til að verði 1 prófessor, 1 dósent og 1 aukakennari með 16 hundruð kr. launum. Og fæ eg ekki betur séð, en það sé hið sama og nú er — að aukakennaranum viðbættum.

Þá er læknaskólinn; þar hefi eg lagt til að væri 1 prófessor og 1 dósent og 6 aukakennarar. — Nú er þar í rauninni að eins einn kennari — og svo nokkrir aukakennarar.

Frumv. gerir ráð fyrir 2 prófessorum og 6 aukakennurum; en breyt.till. mín, að því er læknaskólann snertir fer að eins fram á það, að öðrum prófessornum sé breytt í dósent.

Samkvæmt frumv. eiga að vera 9 prófessorar, 2 dósentar og 6 eða 7 aukakennarar.

Eftir breyt.till. mínum er gert ráð fyrir 5 prófessorum, 4 dósentum og 7 aukakennurum.

Við embættisskólana hér eru nú 6 kennarar, og sést af því, að breyt.till. mínar eru sanngjarnar, og rýra alls ekki gildi væntanlegs háskóla, síður en svo.

Hvað snertir breyt.till. mína við laun háskólakennaranna, þá skal eg geta þess, að laun hinna föstu kennara við embættismannaskólana eru nú 19,200 kr. Eftir frumv. verða byrjunarlaunin kennaranna við háskólann 32,600 kr., og auk þess 7000 kr. til aukakennara eða alls nálægt 40,000 kr. Verði tillögur mínar samþ. í þessu máli, þá verða byrjunarlaunin 26,200 kr., og sjá þá allir, að hér er farinn hóflegur meðalvegur, og að tillögurnar miða að því að bæta frumv.

Eg álít því að breyt.till. mínar geri frumv. að mun aðgengilegra. Þær hafa þann tilgang að sníða okkur í þessu sem öðru stakk eftir vexti. Eins og nú er gengur meiri hluti af fé landsins til alskonar skóla og mentastofnana, og embættismanna og safnanna hér í Reykjavik. En flest annað, sem gera þarf í þessu landi, og horfir til sannra framfara er í kalda koli og látið ógert.

Það er því, að mínu áliti kominn tími til að hætta að stofna ný embætti og nýja skóla. Við verðum að fara eftir því, sem hér hagar til, í þessu sem öðru og sjá öllu farborða. Eg verð því að halda því fram, að breyt.till. mínar séu til bóta. Það má enginn taka það svo, að eg vilji á nokkurn hátt draga úr því, að háskóli verði stofnaður. — Þeirri hugmynd hefi eg alt af verið fylgjandi. — Háttv. 1. þm. Rvk (J. Þ.) þótti laun dósentana lág. Þar við er það að athuga, að laun þeirra fara smámsaman hækkandi og svo verða þeir flestir prófessorar með tímanum, og þá hækka launin. Vinnan er heldur ekki ýkja ströng, þar sem þeir menn kenna ekki nema í mesta lagi 2—3 stundir á dag. Erfiðismönnum, sem standa allan daginn við vinnu sína með bogið bak mundi ekki þykja þetta vera langur vinnutími.

Framsögumaður (Jón Þorkelsson): Þessi kjósandarödd háttv. 2. þm. Árn. (Sig. S.) mun ekki hafa verið stiluð fyrir þingið, heldur fólkið, sem að á hlýðir og bera orð hans út í landsbýið. — Þingmanni þessum geri eg að vita það, hvað við á í öðru eins máli og þessu, og hvað þar sé nauðsynlegt. Hann þykist og auðsjáanlega — annars færi hann ekki að gera sig hér að lærimeistara — vita betri skil á máli þessu en allir aðrir, sem um það hafa fjallað; hafa þó átt þar ýmsir þeir menn hlut að, sem ætla má að viti

með hvað þeir eru að fara, þar á meðal allir forstöðumenn hinna æztu skóla landsins, og síðan landsstjórnin. En þessi þingmaður einn þykist vita betur og bera meira skyn á þetta mál, en allir þessir menn og kunna betur að segja til þess, hvers með þurfi. — Hitt er eftir að vita, hversu margir vilja læra þessa fræði hans og meðtaka hana í trúnni.

Breyt.till. þessa háttv. þm. (Sig. S.) miða allar til að spilla þessu frumv. Eg veit eigi betur, en að háttv. 2. þm. Árn. (Sig. S.) segist vera hlyntur, að hlúð sé að hinni »óæðri« mentun hér í landinu, og eru nú skólar þandir yfir alla skækla landsins, en á þá hin æðri mentun ekki upp á pallborðið hjá honum af því, að hann vilji ekki hafa hér neina mentun, nema þá »óæðri«, ekki aðra mentun en »hálfmentan«? Um leið og þingmaðurinn vildi lækka laun háskólakennaranna, þá spáði hann því, að eigi mundi verða eins dýrt að lifa hér í Reykjavík framvegis eins og hingað til. En hefir nú háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) athugað það, hverju hann er að spá með þessu? Hann er að spá því, að smjörið frá rjómabúunum, sem hann ber svo mjög fyrir brjóstinu, að komist í sem hæst verð, muni falla í verði. Hann spáir því, að kjötið, sem hann vill að slátrunarfélögin hafi einokun á að selja takmarkalaust dýrt, muni falla einnig í verði. Býst háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) þá ekki við, að hann muni fá lánið handa sláturhúsinu, sem hann leggur svo mikla áherzlu á, og svo muni sú einokun steypast? Spádómur þessi er ljótur og slæmur fyrir alt landið, og þó hrakverstur fyrir kjördæmi þessa háttv. 2. þingm. Árn. (S. S.), og gefur kjósendum hans nú á að líta í þingtíðindunum, sem þingmaðurinn býst nú við, að verði prentuð í ár, huggunargreinar hans landbúnaðinum til handa. En sem betur fer, þá eru allar þessar hrakspár þingmannsins um landbúnaðinn ástæðulausar, jafnástæðulausar og breyt till. hans, sem eg vona, að verði allar feldar. Það er vonandi, að allar atvinnuvegir landsins heldur hækki en lækki í verði, og því samfara hlýtur það að vera, að laun starfsmanna þess opinbera mega ekki vera skorin mjög nápínulega við neglur sér.

Annars virðist »pólitik« þessa háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) vera nokkuð undarleg. Meðal verkmanna í Reykjavík þykist hann vilja, að verkakaup alt sé hækkað, en þegar hann á að útvega sveitabændum starfs- og vinnufólk hér frá sjávarsíðunni, þá vill hann að bændur fái það sem ódýrast. — Komi þeir þessu saman, sem geta. Nú gefur deildinni hér í dag enn sem oftar, að meta tillögur slíks þingmanns. Og eg efast ekki um, að matið fari að maklegleikum í þessu máli.

Sigurður Sigurðsson: Eg þarf engu að svara hinni mögru ræðu hins hv. 1. þingm. Rvk. (J. Þ.). Hún var eintómir útúrdúrar og hnútur, en ekkert orð af viti mælt eða sanngirni, en slíkt er engin ný bóla hér í deildinni. — Eg vil minna á það, að alt af má fjölga kennurum síðar ef þarf, og sníða þannig kostnaðinn eftir þörfinni. — Batni efnahagur þjóðarinnar er ávalt innan handar, að hækka launin.

Viðvíkjandi aukakennaranum við lagaskólann hefi eg heyrt, að í ráði sé, að ráða til þess starfa á næsta vetri, mann, sem hefir annan starfa á hendi. Á sama hátt mundi því einnig hagað, að því er snertir aukakennarana við háskólann. Þeir mundu flestir hafa önnur störf jafnhliða, er launuð

væru á einn eður annan hátt. Öðru hefi eg eigi að svara; en eg vil geta þess, að þar sem maður þessi segir, að eg hafi verið að halda ræðu fyrir kjósendur mína, þá eru það manna dæmi, og sagt er, að háttv. 1. þingm. Rvk. (J. Þ.) hafi þurft þess mjög við um eitt skeið, og muni þurfa þess síðar, ef að vel eigi að fara fyrir honum.

Ummæli háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) um smjörbú og sláturhús koma þessu máli ekkert við.

ATKV.GR.:

1. Breyt.till. (630) a. við 1. gr. (guðfræðisd.) feld með 13 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bened. Sveinsson,	Bjarni Jónsson,
Björn Sigfússon,	Jón Ólafsson,
Björn Þorláksson,	Björn Kristjánss.,
Einar Jónsson,	Eggert Pálsson,
Hálfdan Guðjónss.,	Hannes Hafstein,
Jón Jónss., N.-M.	Jóh. Jóhannesson,
Jón Sigurðsson,	Jón Jónsson, S.-M.,
Ólafur Briem,	Jón Magnússon,
Sigurður Sigurðss.,	Jón Þorkelsson,
Stefán Stefánsson,	Magnús Blöndahl,
Þorleifur Jónsson.	Pétur Jónsson,
	Sig. Gunnarsson,
	Skúli Thoroddsen.

2. Breyt.till. við 1. gr. (630) (lögfræðisd.) feld með 14 : 10 atkv.

3. Breyt.till. við 1. gr. (630) (læknad.) feld með 13 : 11 atkv.

1. Breyt.till. við 2. gr. (630) (laun prof.) feld með 13 : 9 atkv.

2. Breyt.till. við 2. gr. (630) (laun dós.) feld með 13 : 7 atkv.

1. gr. óbreytt sþ. með 15 shlj. atkv.
2. — — — — 15 — —
3. — — — — 13 — —

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkv.gr.

Frumv. vísað til 3. umr. með 15 samhlj. atkv.

Þriðja umr., 28. apríl (A. 406).

ATKV.GR.:

Frv. í heild sinni sþ. með 14 atkv. gegn 9, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Björn Kristjánsson,
Jón Ólafsson,	Björn Sigfússon,
Benedikt Sveinss.,	Björn Þorláksson,
Björn Jónsson,	Hálfdan Guðjónss.,
Eggert Pálsson,	Jón Jónsson N.-M.,
Hannes Hafstein,	Ólafur Briem,
Jóh. Jóhannesson,	Pétur Jónsson,
Jón Jónsson S.-M.,	Sig. Sigurðsson,
Jón Magnússon,	Þorleifur Jónsson.
Jón Sigurðsson,	
Jón Þorkelsson,	
Sigurður Gunnarss.,	
Skúli Thoroddsen,	
Stefán Stefánsson.	

Tveir þingmenn: Einar Jónsson og Magnús Blöndahl ekki viðstaddir.

Frumv. afgreitt sem *lög frá alþingi.*

Styrktarsjóður barnakennara.

FRUMVARP til laga um styrktarsjóð handa barnakennurum; 1. umr., 18. febr. (A. bls. 142).

Ráðherrann (H. H.): Lagafrumvarp þetta er framkomið að ósk stjórnar hins íslenzka kennarafélags, er síðastliðið sumar átti með sér aðalfund og var falið að gangast fyrir því, að slíkt frv. yrði lagt fyrir næsta alþingi.

Menn hafa nú á síðari árum farið að gefa sig að barnakenslu sem aðalatvinnu; hefir þannig myndast sérstök stétt barnakennara, eða að minsta kosti vísir til hennar.

Eins og kunnugt mun vera, eru kjör barnakennara mjög erfið, launin afarlítil, og er því ekki nema sanngjarnt, að hagur þeirra sé að nokkru bættur.

Framlag það, sem beiðst er eftir af landssjóði, 5000 kr. í upphafi, og síðan

1000 kr. árlega, er svo hóflegt, að varla verður sagt að það muni landssjóð neinu.

Annars er lagafrumv. þetta að mestu samhljóða frumv. því, sem stjórn kennarafélagsins hefir samið og sent stjórnarráðinu.

Um leið og eg legg þetta frumvarp fyrir hina háttv. þingd., leyfi eg mér að gefa því beztu meðmæli mín.

ATKV.GR.:

Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Önnur umr., 21. febr. (A. bls. 142).

Sigurður Sigurðsson: Eg legg til, að þessu máli verði vísað til kenslumálanefndarinnar og að 2. umr. verði frestað.

ATKV.GR.:

Frumv. vísað til nefndar í kenslumálum með öllum greiddum atkv.

Framhald 2. umr., 27. marz, (A. bls. 142, n. 238).

Framsögumaður (Hálfdan Guðjónsson): Eins og háttv. þingdeild veit, þá er mál þetta ekkert stórmál, en frumv. þetta gengur áreiðanlega í rétta átt, og miðar til þess að bæta hag stéttar, sem er fjölmenn og væntanlega verður vinsæl meðal vor; stétt þessi eru barnakennararnir; það er ekki hægt að tryggja þeim ellistyrk með eftirlaunum, eins og öllum þorra embættismanna þjóðarinnar og þess vegna hafa þeir sent stjórninni þetta frumv. og það gengur í þá átt að tryggja þeim styrk, er þeir eru hættir kenslu og orðnir fjárþurfar.

Krafa sú er frumv. gerir er hófleg, og nefndin hefir því lagt það til, að það yrði samþ. að mestu óbreytt; að vísu er farið fram á dálitla útgjalda viðbót úr landssjóði, en hún er svo tiltölulega lítil, að nefndin hikar ekki við, að leggja hið bezta fram með frumv.

Eg skal svo ekki fjölyrða meira um málið að sinni, og vona að það fái að ganga gegn um háttv. deild.

ATKV.GR.:

1. gr. samþ. með 20 samhlj. atkv.

2. og 3. gr. samþ. með 20 samhlj. atkv.

Breyt.till. við 4. gr. samþ. með 20 samhlj. atkv.

4. gr. samþ. með 20 samhlj. atkv.

5., 6. og 7. gr. samþ. með 19 samhlj. atkv.

Frumv. vísað til 3. umr. með 19 samhlj. atkv.

Þriðja umr., 31. marz. (A. 353).

Framsögumaður (Hálfdan Guðjónsson): Þareð engar br.till. hafa komið fram um þetta mál og það fékk góðar undirtektir við hinar fyrri umr., þarf eigi meira um það að segja frá minni hendi.

ATKV.GR.:

Frumv. samþ. með 13 samhlj. atkv. og afgreitt til Ed.

Ein umr., 29. apríl. (A. 605).

Framsögumaður (Hálfdan Guðjónsson): Eg get sagt hið sama um þetta frumv. og það, sem deildin einmitt á þessari stundu gerði að lögum, að breytingarnar frá háttv. Ed. eru svo litlar, að þeirra gætir naumast, og því engin ástæða til að láta þetta frumv. hrekjast milli deildanna þeirra vegna.

ATKV.GR.:

Frumv. samþ. með 17 samhlj. atkv. og afgreitt sem *lög frá alþingi.*

Ellistyrkur.

FRUMVARP til laga um almennan ellistyrk; (A. 85). 1. umr., 5. marz.

Ráðherrann (H. H.): Frumv. þetta er kunnugt hér í deildinni áður, var lagt fyrir þing 1907 og þá rætt ítarlega.

Þeir hv. þm., sem þá voru á þingi og nú eiga hér sæti muna sjálfsagt eftir því, að frumv. var nokkuð breytt í deildinni, og fyrir ellistyrk í fyrirsögninni var sett: öryrkjastyrk.

Tími vanst ekki til að útkljá það í Ed. og þar dagaði það uppi.

Stjórnin sá ekki, að breytingar þær, er Nd. gerði væri til bóta, þó að æskilegt væri að hafa grundvöllinn sem víðtækastan. Eg álít heppilegast að halda sér við ellistyrkinn fyrst í svipinn og hafa hann þó svo verulegan, að hann komi að tilætluðum notum.

Nokkrar breytingar Nd. frá 1907 hafa þó verið teknar til greina.

Háttv. Ed. hefir nú haft frv. til meðferðar, og hefir það þar verið samþ. óbreytt, að öðru en því, að skotið hefir verið inn í 14. gr., að þegar sérstakar knýjandi ástæður séu fyrir hendi, sé sveitarstjórnum heimilt að veita styrk af sjóðnum einnig til manna, sem ekki hafa náð sextugsaldri.

Þetta verð eg að telja varhugaverða breyting, því að hún gæti orðið til þess að sveitarstjórnir færu að nota sjóði þessa til þess að létta skyldubyrðum af sveitarsjóðunum. En það er ekki meiningin með frv., heldur hitt, að styrkja þá, sem ekki leita til sveitarsjóðanna. En þó að þessi breyting sé ekki til bóta að minni hyggju, vil eg samt ekki leggja á móti henni, ef þd. skyldi þykja frumv. aðgengilegra með svo feldu móti. Vona eg að hv. deild taki málinu vel, og geng að því vísu, að nefnd verði sett í það.

Sigurður Sigurðsson: Eg leyfi mér að stinga upp á 5 manna nefnd.

Jón Jónsson (1. þm. N.-Múl.): Eg vil leyfa mér að koma fram með aths. við frv. þetta. Mér þykir það ekki samkvæmt því, sem nú er efst á baugi að vilja afnema eftirlaun embættismanna, að þá skuli vera farið að leggja alþýðu manna úr landssjóði. Ekki veit eg heldur til þess, að almenningur hafi óskað þessa. Eg mundi því leggja til, að burtnumið væri, að landssjóður legði fé til þessa.

Ennfremur vildi eg breyta takmarkinu, og hafa það hið sama og stjórnin setti.

Eg álít og viðfeldnara, að breyta alþýðustyrktarsjóðslögunum í samræmi við þetta. Margir eru, sem aðstoðar þurfa við í lífinu, áður komnir séu á þennan aldur, orðnir sextugir.

Þessi ákvæði vona eg að nefndin athugi.

Ráðherrann (H. H.): Eg sé ekki að þetta frv. komi við eftirlaunum embættismanna, og ekki miðar það heldur að því að létta á sveitarsjóðunum.

Meiningin með frv. er sú, að rétta dálitla hjálparhönd gamalmennum, sem í vandræðum eru, en heldur vilja lifa við harðræði en þiggja sveitarstyrk.

Að öðru leyti leyfi eg mér að skírskota til umræðanna á síðasta þingi.

ATKV.GR.:

5 manna nefnd samþ. í e. hlj. og 1. umr. frestað. Kosnir voru með hlutfallskosningu:

Sigurður Sigurðsson,
Jón Magnússon,
Sigurður Gunnarsson,
Þorleifur Jónsson,
Einar Jónsson.

Í nefndinni var Sigurður Sigurðsson kosinn formaður, en Jón Magnússon skrifari og framsögumaður.

Framhald 1. umræðu, 5. apríl (A. 85, n. 396).

Framsögumaður (Jón Magnússon): Eg ætla ekki að fara mörgum orðum um þetta frv. að sinni, en mun gera það, ef tilefni gefst til þess síðar.

Mál þetta er kunnugt; það hefir áður verið til meðferðar hér á þingi og hefir nú verið athugað af Ed. Eg læt mér því að svo stöddu nægja, að leggja til fyrir hönd nefndarinnar, að málið verði látið ganga til 2. umr.

ATKV.GR.:

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv.

Önnur umræða, 14. apríl (A. 85, n. 396, 456).

Framsögumaður (Jón Magnússon): Eg ætlaði eiginlega ekki að segja neitt við þessa umr. Eins og málið liggur nú fyrir, þá er það að mestu óbreytt og eins og það kom frá nefndinni í Ed., og í nefndarálitinu hefir hún gert grein fyrir breytingum sínum og því er engin ástæða til þess að telja þær upp aftur.

Eg sé að br.till. er komin fram við þessa umr., sem fara í þá átt, að breytt sé skilyrðunum fyrir styrkveitingu úr sjóðnum. Eg hefi ekki getað borið mig saman við meðnefndarmenn mína um þetta atriði, en eg hygg þó að mér sé óhætt að lýsa því yfir fyrir nefndarinnar hönd, að hún sé mótfallin br.till.

Það var meiningamunur á milli þingsins 1907 og stjórnarinnar um það, hvort lögin ættu einungis að ná til þeirra manna, sem fyrir ellilasleika gætu ekki unnið sér fyrir brauði, eða hvort þau einnig ættu að ná til þeirra, sem þyrftu á styrk að halda, þótt það væri ekki fyrir ellilasleik.

Háttv. Ed. hefir að mestu leyti hallast að till. stjórnarinnar, og bundið styrkveitinguna við ellilasleika, en hún hefir þó farið dálitinn milliveg í málinu.

Eg verð að álíta, að heppilegast sé í bráðina að binda styrkveitinguna og verksvið laganna við þá menn, sem ekki geta unnið fyrir sér. Ef taka ætti þessi takmörk í burtu, þá yrði ekkert gagn að sjóðnum að minsta kosti fyrst í stað. — Eg verð því að álíta, að rétt sé að fara ekki lengra en háttv. Ed. hefir gert.

Eg skal viðurkenna að það eru að vísu engin slík takmörk sett fyrir styrkveitingu, að því er alþýðustyrktarsjóðinn snertir, en þótt það sé ekki, þá hefir það samt reynst svo í framkvæmdinni, er um styrkveitingu hefir verið að ræða úr sjóðnum. Þessi sjóður er öflugri, en fyrstu árin er hann þó ekki stærri en svo, að hann mun trautt geta komið að gagni ef þau takmörk fyrir styrkveitingum eru ekki sett, sem háttv. Ed. hefir fallist á.

Jón Jónsson, (1. þm. N.-Múl.): Sú breyt.till. sem eg hefi komið fram með í málinu, sýnist mér að vera fremur meinlaus, og því ekki varhugavert að samþykkja hana.

Það eru nokkur atriði í frv. þessu, sem eg er ekki ánægður með, t. d. líkar mér það ekki hvað mikið fé er veitt til sjóðsins úr landssjóði, og eg vildi gjarnan draga úr því ákvæði, að að eins 60 ára gamlir menn gætu orðið aðnjótandi styrks; mér sýnist það atriði í 14. gr. vera óþarflega sterkt orðað, með því að aldrei er hægt að neita því, að það er mjög svo þýðingarmikið atriði, að geta styrkt menn undir ýmsum kringumstæðum, sem hafa við bág kjör að búa.

Eg vona því að deildin taki ekki hart á breyt.till., og að hún sjái að hún er sanngjörn og greiði henni því atkv.

ATKV.GR.: 1. gr. samþ. með 20 samhlj. atkv.

2.—3.—4.—5. gr. samþ. með 21 samhlj. atkv.

6.—7.—8.—9. gr. samþ. með 21 samhlj. atkv.

10.—11.—12.—13. gr. samþ. með 21 samhlj. atkv.

Breyt.till. við 14. gr. (456) feld með 12 : 9 atkv.

14. gr. óbreytt samþ. með 20 samhlj. atkv.

15.—16.—17.—18.—19. gr. sþ. með 21. samhlj. atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.greiðslu.

Málinu vísað til 3. umr. með 21 samhlj. atkv.

Þriðja umræða, 16. apríl. (A. 85, 469, 483).

Ólafur Briem: Það eru breyt.till. mínar á þingskj. 469 og 483, sem eg ætla mér að gera grein fyrir. 1. br.-till. á þgskj. 469 fer fram á það, að gjaldskyldan til ellistyrktarsjóðanna sé ekki takmörkuð við menn yngri en 60 ára. Eftir alþýðustyrktarsjóðslögunum, sem nú eru í gildi, er gjaldskyldan bundin við 2 stéttir, vinnufólk og lausamenn, en nú er henni ætlað að ná til allra stétta. Aftur er aldurstakmarkinu að ofan haldið óbreyttu. Eg þykist vita, að ástæðan fyrir því, að 60 ára aldurstakmarkinu sé haldið, sé sú, að menn á þeim aldri séu miður færir um að bera gjaldið. En þegar þetta nær til allra stétta, þá sýnist ekki vera ástæða til að skilja þessa menn undan, því að fjöldi manna er svo efnum búinn, að gjaldþol þeirra skerðist ekkert, þó þeir nái 60 ára aldri, en séu þeir efnalausir, er þeim veitt sérstök undanþága samkvæmt lögunum.

2. breyt.till. fer fram á, að feldur sé burt stafliður d. í 2. gr., er kveður svo á að þeir sem hafa trygt sér fé til framfærslu eftir 60 ára aldur, að upphæð 150 kr. á ári að minsta kosti, skuli ekki vera gjaldskyldir til ellistyrktarsjóðanna. Ástæðan fyrir þessari undanþágu virðist vera sú, að þessir menn hafi ekki þörf fyrir styrk úr þessum sjóði, og því sé ekki rétt að gera þá gjaldskylda. En þessi ástæða á ekki fremur við um þá menn, sem hér ræðir um, en marga aðra með því að segja má um allan fjölda manna, að þeir hafi hvorki þörf fyrir eða geti gert sér von um styrk úr sjóðnum. Eg ímynda mér, að þessi ákvæði hafi slæðst inn úr öðru frumv., sem hafi verið bygt á alt öðrum grundvelli nfl. að sjóðurinn sé skoðaður sem tryggingarsjóður og í hann legðu menn árgjöldin sem iðgjöld, til þess að tryggja sér árlega upphæð eftir ákveðinn tíma. En grundvöllur þessa frv. er allur annar. Þótt menn leggi fé í ellistyrktarsjóð eftir þessu frv. eiga menn að öllum jafnaði engan beinan rétt til styrks úr honum.

3. breyt.till. á sama þgskj. fer fram á að árgjöld kvenna sé fært úr 75 aur. niður í 50 aura. Í alþýðustyrktarsjóðslögunum, sem nú gilda, er árgjald karla 1 kr. og kvenna 30 aurar. Nú er í þessu frumv. gjald karlmanna hækkað um $^1/_3$ úr 1 kr. upp í 1 kr. 50 a. Eftir sama hlutfalli ætti gjald kvenna að vera 45 a. Nú er að vísu minni munur á kaupgjaldi karla og kvenna heldur en fyrir 20 árum, þegar alþýðustyrktarsjóðslögin voru í smíðum, og væri það eitt út af fyrir sig ástæða til nokkru meiri hækkunar á árgjaldi kvenna. En á hinn bóginn er þess að gæta, að nú liggur fyrir þinginu frumv. til laga um sóknargjöld og eru mikil líkindi til þess að það frumv. verði samþ., ef ekki nú, þá á næsta þingi, og þar er persónu-

gjald til prests og kirkju lagt jafnt á alla, bæði karla og konur, þrátt fyrir það þótt gjaldþol kvenna sé minna; þess vegna virðist mér ekki rétt að ellistyrktarsjóðsgjald kvenna, er einnig kemur niður sem nefskattur, sé hækkað eins mikið og gert er ráð fyrir í frumv.

Breyt.till. á þgskj. 483 hlýtur að standa og falla með 1. breyt.till. á þingskj. 469.

Framsögumaður (Jón Magnússon): Eg hefi heimild þeirra 3 nefndarmanna, sem eg hefi haft tal af, til að lýsa yfir því, að nefndin getur ekki fallist á breyt.till. háttv. 1. þm. Skagf. (Ól. Br.).

Það væri ef til vill nokkuð til í því, að takmarkið ætti ekki að setjast neitt að ofan, ef um reglulegan tryggingarsjóð væri að ræða og fé væri nóg. Fyrst um sinn er þó ástæða til að halda 60 ára aldursmarkinu, því að í raun og veru er sjóðurinn ekki eiginlegur tryggingarsjóður, nema að nokkru leyti, og sérstaklega mundi hann ekki koma að verulegu gagni, — meðan honum safnast eigi fé að mun — nema starfsvið hans sé takmarkað, og hygg eg að það sé rétt, að takmarka það einmitt við 60 ára aldur, enda veit eg ekki betur en að þetta sé regla, sem fylgt hefir verið hér, að minsta kosti þar er styrkveitingar úr alþýðustyrktarsjóðunum hafa þótt reynast vel; að minsta kosti er það svo, þar sem eg þekki til. Mér finst eðlilegt, að gjaldskyldan nái ekki nema til viss aldursmarks. Gjaldendur, sem goldið hafa frá 18—60 ára aldurs hafa sannarlega leyst af hendi sína skyldu.

3. breyt.till., um að setja niður gjald kvenna, þótti nefndinni engin ástæða að sinna. Nefndin var jafnvel í efa um, hvort ekki væri rétt að hækka gjaldið upp í það, er stjórnin hafði lagt til um, því að það er vissulega ekki til of mikils mælst, að heimta 1 kr. á ári gegn því, að gefa von um að fá styrk í ellinni. Vinnukvennakaup hefir hækkað svo mikið á síðustu árum, að sú stétt þolir miklu betur álögur en áður.

Um 2. breyt.till. skal eg vera fáorður. Það er varla vert að vera að senda háttv. Ed., frumv. aftur vegna þessa atriðis eins, enda virðist ekki ósanngjarnt, að þeir menn, sem víst er um að ekki þurfa að taka til sjóðsins, séu ekki heldur neyddir til að gjalda í hann, með því að hann verður þó að teljast tryggingarsjóður að nokkru leyti.

Eg vil því ráða háttv. þingdeild til að samþ. frumv. óbreytt.

ATKV.GR.: 1. breyt.till. á þgskj. 469 við 2. gr. feld með 13 : 5 atkv.

2. breyt.till. á þgskj. 469 við 2. gr. feld með 12 : 4 atkv.

3. breyt.till. á þgskj. 469 við 3. gr. feld með 13 : 5 atkv.

Breyt.till. á þgskj. 483 sjálffallin.

Frumv. sjálft samþ. með 18 samhlj, atkv., og afgreitt *sem lög frá alþingi.*

Vátrygging fiskiskipa.

FRUMVARP til laga um stofnun vátryggingarfélagsfyrir fiskiskip (A.161). 1. umr., 15 marz.

Ráðherrann (H. H.): Mál þetta hefir verið í nefnd í efri deild, og samþ. því sem nær óbreytt. Háttv. Ed. leit svo á, að hér væri um talsverða réttarbót að ræða, og framför fyrir fiskiveiðaatvinnu landsins. Eg skal eigi fara lengra út í þetta á þessu stigi málsins, en skirskota til ástæðanna, sem prentaðar eru með stjórnarfrumvarpinu. Vona, að háttv. neðri deild setji einnig nefnd í málið, og verður þá tækifæri

til að ræða það síðar. En mig langar til með leyfi háttv. forseta að grípa þetta tækifæri til þess að gera nokkrar athugasemdir um annað vátryggingarmálefni, sem sé um brunavátryggingarlögin, sem samþykt voru á síðasta þingi, en enn ekki hafa getað komist í framkvæmd, og virðist mér vel við eiga, að nefnd sú, sem fjallar um þetta vátryggingarmál, sem hér liggur fyrir, ætti líka að taka það mál til athugunar jafnframt.

Eins og mönnum er kunnugt, var það gert að skyldu, að vátryggja öll hús utan Reykjavíkur í íslenzka félaginu, en jafnframt var ákveðið, að félagið mætti ekki taka til starfa fyr en fengin væri endurtrygging fyrir ákveðnum hluta. En það kom brátt fram, að það var ekki áhlaupaverk, að komast í endurtryggingarsamband við útlend ábyrgðarfélög, þar sem um lögboðið ríkis-monopol er að ræða annars vegar, sem ábyrgðarfélögin telja sér andstæðilegt fyrirtæki, og stríðandi á móti eðlilegum rétti þeirra til frjálsrar samkepni. Það er stutt yfir sögu að fara, að stjórnin leitaði um þetta bæði til danskra, sænskra, enskra og þýzkra félaga, en þau synjuðu öll að takast á hendur endurtryggingu fyrir okkur. Hið norræna ábyrgðarfélaga-samband (Tarif-Foreningen) bannaði öllum sínum meðlimum að eiga við gagnábyrgðina, meðan um einkaréttarlög væri að ræða, og önnur félög, sem standa í sambandi við þennan félagsskap, fylgja dæmi þeirra.

Nú meðan eg var síðast í Höfn, var hreyfing á málinu. Forstjórinn fyrir nýja danska brunabótafélaginu, geheimeetatsráð Bramsen, fyrverandi ráðherra, hélt fyrirlestur um þetta efni, og virtust vera líkur til, að endurtrygging mundi geta fengist, ef Ísland slepti ákvæðinu um, að skylda menn til þess að vátryggja eingöngu í landsfélaginu, og hefi eg verið að búast við símskeyti um þetta efni fram á síðasta dag; en það er enn ókomið. Það var bent á það, að þó slept væri einkaréttarákvæðinu, þá væri samt allar líkur til, að öll hús yrðu vátryggð einmitt í hinu íslenzka félagi, vegna þess, að í lögunum er innlenda félaginu veitt hlunnindi, t. d. um forgangsrétt og trygging iðgjaldagreiðslu, sem mundi gera það að verkum, að bankar og lánstofnanir settu það að skilyrði fyrir lánveitingum upp á hús, að þau væru trygð í landsfélaginu.

Það ætti því að vera hættulítið að sleppa ákvæðinu um lögskyldu til að nota einmitt það félag; en auk þess mætti og ná sama takmarki með því að takmarka einkarétt innlenda félagsins við fyrstu 10,000 krónurnar í hverri húseign, en gefa frjálst það, sem þar er fyrir ofan, og sleppa þá allri kröfu um endurábyrgð. Það yrði sömu tekjurnar og áhættan fyrir innlenda félagið, eins og nú er til ætlast í lögunum, þar sem það á að endurtryggja alt, sem er yfir 10.000, og ekki verður við því búist, að endurtrygging fáist ódýrara en iðgjaldið verður hér. Háttv. nefnd ætti að taka þessar leiðir til athugunar, og mun eg gefa henni þær frekari upplýsingar, sem eg get í té látið. Félagið kemst naumast í framkvæmd, nema eitthvað sé að gert til breytingar á lögunum.

Jón Ólafsson: Eg verð að vera þeirrar skoðunar, að rétt sé að skipa sérstaka nefnd í þetta mál. Það er fleira en það, sem í þessu frumvarpi stendur, sem getur komið til álita og þarf íhugunar. Vér þurfum ýmis ný ákvæði um elds, sjávar- og lífs vátryggingarfélög, sem löggjafarvaldið þarf að

setja, og það helzt sem fyrst. Hér veður uppi urmull af útlendum vátryggingarfélögum, og þau sum eigi sem tryggilegust, sum jafnvel beinlinis iskyggileg. En löggjafarvaldið gerir ekkert til þess að vernda menn gegn viðsjálum félögum og prettum þeirra. Í Danmörku er þessu öðruvís háttað. Þar er það í lögum um vátryggingar, að ekkert útlent félag má reka atvinnu (tryggingar) í landinu, nema það hafi þar varnarþing og setji tryggingarfé eftir ákvæðum stjórnarinnar fyrir efndum samninga sinna. Svo ætti og hér að vera.

Það er því sannarlega engin vanþörf á, að skipuð sé sérstök nefnd.

ATKV.GR. Samþykt með 19 shlj. atkv. að skipa 5 manna nefnd í málið og 1. umr. frestað.

Kosningu hlutu með hlutfallskosningu:

Ólafur Briem,
Jón Magnússon,
Bjarni Jónsson,
Jón Ólafsson,
Magnús Blöndahl.

Í nefndinni var Ólafur Briem kosinn formaður, en Bjarni Jónsson skrifari og framsögumaður.

Framhald 1. umr., 5. apríl (A. 161, n. 404, 405).

Framsögumaður (Bjarni Jónsson): Það er að margra viturra manna hyggju ilt, að mikið fé fari úr landi voru til erlendra tryggingarfélaga, og nefndin hefir öll skipast að því, að brýna nauðsyn beri til, að sem flest verði félögin hér og að sem mest fé renni í innlendan tryggingarsjóð.

Þetta mál er áður kunnugt, því að háttv. forseti deildarinnar og formaður nefndarinnar (Ó. Br.) hefir haldið því fram á undanförnum þingum.

Þeir menn, er um málið hafa fjallað, telja þetta nauðsynjamál fyrir skip, fiskiskip og flutningaskip, sökum þess, að það sé einn þáttur af sjálfsögðu starfsviði voru, að flytja sem flest slík félög inn í landið.

Læt eg nægja að benda á þessa aðalástæðu, en mun við 2. umr. gera nánari grein fyrir þeim breytingum á frv., sem nefndin telur nauðsynlegar, áður það verði samþykt sem lög.

Vil eg svo að eins biðja háttv. deild, að leyfa frv. að ganga til 2. umr.

ATKV.GR. Frumv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv.

Önnur umr., 14. apríl. (A. 161, n. 404, 405).

Framsögumaður (Bjarni Jónsson): Eg gat þess þegar við 1. umr. þessa máls, að nefndinni þætti frumv. þetta gott og vildi taka því vel. Nauðsynin á að koma á fót innlendum vátryggingarsjóð er svo brýn, að löggjafarvaldið verður að taka það mál til meðferðar og ráða fram úr því og það á þessu þingi.

Hins vegar hefir nefndin þó leyft sér að koma með nokkrar breytingar við frumv. Sumar eru efnisbreyt., en flestar eru þó breyt. á formi, orðalagi til að fyrirbyggja misskilning og eg held eg megi fullyrða, að þær miða allar til bóta. Fyrsta breyt.till. nefndarinnar er að framan við frumv. komi ný grein, sem verði 1. gr. og skýri frá hvað lögin nái yfir, svo hljóðandi: Skip er í lögum þessum haft um öll skip og báta, stór og smá.

Þá er við 1. gr. (sem verður 2. gr.) breytt $^{40}/_{100}$ í $^{2}/_{5}$, það er að eins stytting brotsins. $^{35}/_{100}$ breytt í $^{2}/_{5}$, með það fyrir augum, að heppilegast væri að sem minstur hluti eignarinnar væri í eigandans sjálfsábyrgð — eftir

þessum ákvæðum þá að eins 1/5. — Það liggur líka í augum uppi, að því meiri hluti skipsins, sem er í eigandans sjálfsábyrgð, því ver gengur honum að koma skipinu fyrir sig, fá lán út á það o. s. frv. Það er honum minni og síður arðbærri eign. Þetta hlutfall þótti og einkar sanngjarnt borið saman við seinni liðinn (b.), þar sem sjálfsábyrgðin líka er að eins 1/5. Nefndinni hefir líka þótt rétt að setja trygging í stað hagsmunatrygging, sem er tvírætt orð og gæti þýtt þann óbeina hagnað eða ágóða af aflanum o. s. frv. Svo vill nefndin breyta við 2. gr. 4% í 4½% vegna þess að ekki er hægt að fá lán svo ódýrt, annars væri það að nokkru gjöf frá landssjóði, en það er ekki tilætlast. Landssjóður verður líka að borga 4½% af sínum lánum. Það sem við höfum lagt til að komi aftan við 2. (3.) gr.: »þó svo, að sú upphæð sé ekki skert«, er ekki efnisbreyting heldur að eins til skýringar. Ef þeim orðum hefði ekki verið bætt við, kynni sumum, ef til vill, að hafa þótt vafasamt, hvort taka ætti þá upphæð alla til að borga lánið eða að eins það, sem eftir það inn kæmi. Viðaukinn tekur af öll tvímæli. Við 6. gr. er fyrst nánara í stað nánar; það er að eins málfræðileg breyting.

Því næst höfum við talið heppilegt, að skýrt sé ákveðið, fyrir hvaða tjón ábyrgðin nái. Fyrir því vill nefndin bæta inn nýrri grein, er verði 8. gr. svo hljóðandi: Félagið bætir tjón og skaða, er verður af völdum sjávar, storms eða annars óveðurs, af strandi, af því, að skipið ber á sker eða grunn, af skipbroti, kollsigling, ásigling, árekstri, eldi og öðrum slysum. Af þessu leiddi að breyta varð 7. gr. (sem látin var verða 9. gr.) þannig að sú grein ætti við sérhvert tjón, sem bóta er fyrir krafist eftir þessum lögum.

Aðrar breyt. eru annaðhvort einungis orðabreytingar eða svo auðsæjar efnisbreytingar, að eg þarf ekki að fara neinum orðum um þær. Skal eg svo ekki orðlengja meir um þetta mál, en vona, að háttv. deild sjái sér fært að samþ. frumv. með þeim breytingum, sem nefndin hefir lagt til.

Hannes Hafstein: Það voru að eins örfá orð, sem eg vildi segja. Ein af breyt.till. nefndarinnar fer fram á að færa sjálfsábyrgðina niður úr 1/4 niður í 1/5. Aðalatriðið í þessu máli er að fá endurtrygging í erlendum vátryggingarfélögum. Í athugasemdum stjórnarinnar aftan við frumv. var þess getið, að leitað hefði verið hófanna við erlend vátryggingarfélög um endurtrygging og að von mundi vera um að fá hjá þeim endurtrygt, einmitt með þeim sjálfsábyrgðarákvæðum, sem sett eru í stjórnarfrumv. Þar sem nú sjálfsábyrgðin er minkuð, getur vel svo farið, að endurtrygging fáist ekki, eg segi ekki að svo þurfi nauðsynlega að fara, en eg álít ákvæðið um það hættulegt, af því það er út í óvissu sett, og lítt við það unnið að öðru leyti, en getur girt fyrir það, sem er skilyrði fyrir framkvæmd laganna. Eg vildi því vara við því, að samþykkja þessa breyting.

Framsögumaður (Bjarni Jónsson): Nefndin hafði líka íhugað þetta, en þótti það ekki svo varhugavert, að hún teldi neina hættu á, að breyta ákvæðinu um sjálfsábyrgð, enda það sem fyrir nefndinni vakti, var, að heppilegast væri, að því er eigandann snertir, að sjálfsábyrgðin væri sem minst, af ástæðum, sem eg þegar hef tekið fram hér að framan.

ATKV.GR.:

1. breyt.till. (þskj. 405) að framan við 1. gr. komi ný grein, sem verði 1. gr., samþ. með 22 samhlj. atkv.

Breytingartillögur (þskj. 405) við 1. gr. (2. gr. a.).

Fyrir $^{35}/_{100}$ komi $^{2}/_{5}$ samþykt með 16 atkv.

Fyrir $^{25}/_{100}$ komi $^{1}/_{5}$ samþykt með 13 : 3 atkv.

Aðrar breyt.till. við 1. gr. a. og 1. gr. b. samþyktar án atkv.

Breyt.till. við 2. gr. b. samþ. með 19 shlj. atkv.

Breyt.till. við 2. gr. c. samþ. með 18 shlj. atkv.

2. gr. þannig breytt samþ. með 19 atkv.

Breyt.till. við 3. gr. sþ. án atkv.gr.

3. gr. þannig breytt samþ. með 20 atkv.

4., 5. og 6. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Breyt.till. við 7. gr.

Fyrir enda — helmingi komi »þó er eigi skylt að greiða meira en nemi $^{2}/_{3}$« samþ. með 12 atkv.

Aðrar breyt.till. samþ. án atkv.

7. gr. þannig breytt samþykt með 20 shlj. atkv.

8. gr. (ný) samþ. með 18 atkv.

9. — — — — 20 —

Breyt.till. við 10. gr. samþ. án atkv.

10. gr. þannig breytt samþ. með 20 atkv.

11. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

12. — — — — — —

13. — — — — — —

14. — — — — — —

Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. með 23 atkv.

Þriðja umr., 16. apríl (A. 467).

ATKV.GR.:

Frumv. í heild sinni samþykt með 17 shlj. atkv., og endursent Ed.

Friðun á skógi o. fl.

FRUMVARP til laga um meðferð skóga og kjarrs og friðun á lyngi o. fl. (A. 83); 1. umr., 5. marz.

Sigurður Sigurðsson: Eg efast ekki um, að frumv. þetta sé komið fram af góðum vilja, og í þeim lofsverða tilgangi, að hjálpa skógræktinni hér á landi. En hitt dylst mér ekki, að sum ákvæði í frumv. eru varhugaverð og því nauðsynlegt, að það sé athugað. — Eg get ekki betur séð, en að það bezta í frumv. þessu felist í 1. gr. laga frá 22. nóv. 1907, um skógrækt og varnir gegn uppblæstri, en að flest ákvæðin, er talist geti ný, séu að minsta kosti töluvert athugaverð. Eg vil t. d. leyfa mér að benda á, að mér þykir það einkennileg ákvæði, að skógeigendur skulu skyldaðir til þess með lögum, að fylgja þeim er koma til þess að skoða skógana. Eg hef aldrei orðið þess var, að menn séu tregir til þess að fylgja vegfarendum, og sízt þeim, sem koma til þess að leiðbeina.

Þá er það og tekið fram í frumv., að mönnum sé skylt að leyfa skógræktarstjóra og skógarvörðum að fara umtölulaust yfir girt land, svo sem tún og engi; en slík ákvæði virðast mér gersamlega óþörf. Svona löguð ákvæði virðast benda á mjög mikinn ókunnugleika á íslenzkri gestrisni og hvernig högum er háttað hjá oss. — Það er eins og frv. kæmi frá manni, sem hér væri ókunnugur öllum ástæðum og staðháttum.

Samkvæmt frumvarpi þessu mega

skógræktarstjóri og skógarverðir auka myndugleika sinn með því, að kalla hreppstjórann sér til fylgdar, ef þeim sýnist. Þannig lagað ákvæði þykir mér einkennilegt og þýðingarlítið að setja í lögin, jafnframt og það getur freistað þessara háu herra til þess, að ganga lengra en vel á við.

Hið bezta í lögum þessum er heimild landsstjórnar til þess að mega kaupa svæði til verndunar og ræktunar skógi.

Af því að málið er þýðingarmikið, og eg held, að það sé mörgum þingmönnum kært, þá vil eg leyfa mér, að stinga upp á því, að skipuð sé 5 manna nefnd í það.

Ráðherrann (H. H.): Eg hélt, að hinn háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) ætlaði að taka af mér ómakið að mæla fram með frv. því að þetta er í hans »fagi« og fræðigrein; en það varð nú ekki. Sannast að segja furðaði mig á því, að heyra svona ræðu frá jafn vitrum manni, sem ætti að hafa talsverða þekkingu og kunnugleik á málinu.

Hinn háttv. þm. hélt því fram, að það sem farið væri fram á í þessu frumv. væri í aðalatriðunum ekki annað eða meira, en það sem þegar stæði í lögum frá 22. nóv. 1907 um skógrækt í landinu. Þetta er ekki rétt, því það er mjög verulegur munur á lögunum og ákvæðum frv., sem nú liggur fyrir. Í lögunum frá 1907 er lagður grundvöllur undir skógræktarmálin hér á landi og föstu skipulagi komið á þau, skógræktarstjóri ákveðinn og skógarverðir o. s. frv. Ákvæði frv., sem nú liggur fyrir, hníga að því að koma ræktunarstarfseminni og lögunum frá 1907 í framkvæmd, og það er ekki einasta verið að styðja skógræktina, heldur og aðaláherzlan lögð á að vernda landið, að banna að rýja það og eyðileggja.

Önnur atriði, sem hinn háttv. þm. gat um, koma fremur til greina við 2. umr. — Það er alls ekki vantraust á íslenzkri gestrisni, þótt í frumv. standi ákvæði um að mönnum sé skylt að fylgja skógræktarstjóra og þeim mönnum, sem ferðast til að leiðbeina í skógræktinni; það má eins vel skilja ákvæðið sem upphvatning til þess, að láta ekki gestrisnina hamla skógræktarmönnnum frá því að vinna verk sitt.

Jafnvel þótt ekki þurfi að búast við, að menn hamli umferð um land sitt, þá er mönnum það þó heimilt, ef um girt land er að ræða, og því eru ákvæði um það í frumv., sem taka af öll tvímæli. — Ákvæðið um, að hreppstjórar séu skyldir að fylgja skógræktarstjóra, ef hann æskir þess, er sett til þess að þeim verði kunnar bendingar og fyrirskipanir skógræktarstjóra, því það eru þeir, sem eiga að sjá um framkvæmdir þeirra og líta eftir að lögunum sé hlýtt.

Frumv. þetta fer skamt. Skógræktarstjóri vildi fara lengra, en stjórnin sá sér það ekki fært, t. d. að banna með öllu fjárbeit í skógunum.

Eins og eg tók fram áðan, þá eru þetta einstök atriði, sem ekki ætti að fara út í við þessa umr. Aðalatriðið er, að eitthvað verður að gera til að vernda landið, og það er tilgangurinn með þessu frv.

Pétur Jónsson: Eg er að því leyti á sama máli og háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) að frv sé í mörgum greinum athugavert, og því rétt að skipa nefnd í málið. Því vil eg leyfa mér að stinga uppá að málið sé falið landbúnaðarnefndinni til athugunar.

Sigurður Gunnarsson: Mér virðist að ekki geti komið til mála að ræða um annað en hin almennu atriði frv. við þessa umr. — Stefna frv. er rétt og góð, og eg er samþ. hæstv. ráðh.

um, að tími sé kominn til þess, að vernda gróður landsins, smáskóga og lyng, og það er skylda þingsins að leggja rækt við málið. — Á hvern hátt að frv. nær bezt tilgangi sínum, verður ljósast, þegar farið er að ræða hin einstöku atriði þess. — Eg er á sama máli og hinn háttv. þm. S.-Þing. (P. J.), að réttast sé að vísa málinu til landbúnaðarnefndarinnar.

ATKV.GR.:

Till. um að vísa málinu til landbúnaðarnefndarinnar samþ. með öllum atkv. gegn 1 og 1. umr. málsins frestað.

Framhald 1. umræðu, 5. apríl (A. 83, 341, n. 397).

ATKV.GR.:

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv.

Önnur umræða., 15. apríl (A. 83, n. 397, 341).

Framsögumaður (Sigurður Sigurðsson): Það mun þykja betur hlýða að segja fáein orð til þess að skýra og gera grein fyrir br.till. landbúnaðarnefndarinnar við frv. þetta. — Br.till. nefndarinnar eru aðallega orðabreytingar og ákvæði til skýringar, en engar verulegar efnisbreytingar.

Þá vil eg fyrst geta þess, að nefndin hefir lagt það til, að 1. gr. væri orðuð nokkuð á annan veg, en er í frumv. Efnisbreytingar eru þó mjög litlar en breytingarnar aðallega orðabreytingar. Dálítil efnisbreyting er það samt, að í frumv. stendur að ekki megi rífa fjalldrapa, viði, beitilyng, sortulyng, krækiberjalyng, bláberjalyng né mel, en eins og frumv.gr. er orðuð frá nefndinni, þá er leyft að rífa fjalldrapa eða víði en heimilar skógræktarstjóra að banna það, þar sem hætta er á, að það geti valdið tjóni. En annars hagar víða svo til hér á landi t. d. í Þingeyjarsýslum, að þetta rif er jafnvel nauðsynlegt fyrir ábúendur jarðanna og gerir alls engum skaða. — Ef eftirlitið er gott af hálfu þeirra, sem skóggæzlunni stýra, þá fá þeir nægilegt vald í hendur með þessu og um leið er komið í veg fyrir þau óþægindi, sem af algerðu banni leiða, fyrir ábúendur margra jarða.

Nefndin hefir einnig lagt það til að 3. gr. sé orðuð á annan veg en í frv. Breytingarnar eru þó einnig hér aðallega orðabreytingar.

Samkvæmt frv. gr. er ákvæðið það, sem lýtur að skyldu hlutaðeigenda til þess að fylgja skógræktarstjóra, já-kvætt, en samkvæmt till. nefndarinnar um þetta atriði verður ákvæðið nei-kvætt og kurteisara. Nefndin álítur þó að með þessu verði alveg sama tilgangi náð, þeim tilgangi að menn geti ekki skorast undan að fylgja þessum mönnum, sem hér ræðir um, enda mun ekki ástæða til þess að ætla að bændur fari að neita um fylgd eða aðstoð sína í þessu efni. Íslenzk gestrisni er svo alkunn og reynsla þeirra manna, sem ferðast hafa í svipuðum erindum er nægileg trygging fyrir því. Og fyrir því er réttast að orða þetta ákvæði laganna kurteislega og ekki sem beina skipun.

Þá hefir nefndin enn fremur lagt til að 4. gr. sé orðuð á annan veg en í frumv., en sú breyting fer í svipaða átt og breytingin á 3. gr. Enginn getur bannað umferð um land sitt, en orðalagið er að eins viðfeldnara. Yfirleitt lagði nefndin þó enga sérstaka áherzlu á þessa breyt. 3. og 4. gr., en eg fyrir mitt leyti legg allmikla áherzlu á þær. Eins og eg gat um við 1. umr. þessa máls, er sá hugsunarháttur almennur að teljast ekki undan að fylgja og liðsinna ferðamönnum, og allra sízt þá, þegar þeir eiga í hlut, sem eru kvaddir til að leiðbeina öðrum. Mér

fundust ákvæðin, eins og þau voru í frumv. miða að því að búa til hugsunarhátt, sem ekki er til í sveitunum. Og hvorki eg eða nefndin vildi neitt hlynna að sliku og breyt.tillögurnar eru því komnar fram til þess að fyrirbyggja þetta og laga málið á þessum greinum frumv.

Breytingin á 5. gr. frumv. er efnisbreyting. Nefndin hefir lagt það til, að í stað 6000 □ faðma komi 10 dagsláttur. Eg færði þetta atriði í tal við skógræktarstjóra, og honum þótti vænt um þessa breyt., taldi hana til bóta.

Breyt. við 6. gr. er að eins óveruleg orðabreyt., sem nefndin taldi til málsbóta.

Eg hljóp yfir það áðan, er eg talaði um breyt. nefndarinnar við 3. gr. frv., að hún hefir lagt það til að land það sem eigandi eða nothafi skóga er skyldur til að leggja fram vinnu við endurgjaldslaust til að höggva rjóður í skógnum sé fært niður úr 200 □ föðmum í 100 □ faðma. Nefndinni sýndist það nægilega stórt svæði til þess að sýna mönnum aðferðina við að höggva og grisja skóginn.

Þessar breytingar nefndarinnar ern, eins og þegar er sýnt, meira fólgnar í breytingum á orðalagi en verulegum efnisbreytingum. Eg vona, að deildin sjái að þær eru til bóta og taki þeim vel. —

Hannes Hafstein: Það er sérstaklega eitt orð, sem eg er óánægður með í till. nefndarinnar og það er orðið að »rifa«, um það hvernig taka megi hrís af jörðu. Það var meining frumv. að banna með öllu þessa leiðu aðferð, og það er ekki vel skiljanlegt, að menn gætu ekki gert sér hrísið að fullu gagni, þótt það sé losað með hníf, exi eða klippum, en ekki rifið upp með lúkunum. Það er einmitt þessi dauðs manns aðferð, að brúka ekki hníf, heldur »standa á og rífa«, eins og draugurinn komst að orði í þjóðsögunni, sem aðallega hefir orðið þess valdandi, að stórar og fagrar lendur, sem áður voru vaxnar skógi, kjarri eða hrísi, eru nú eyðilagðar og uppblásnar, jarðvegurinn fokinn burt og ber urðin eftir.

Eg er sannfærður um, að hv. nefnd vill ekki styðja að því að þessi hættulega og ljóta meðferð á landinu haldist við, og eg vil því leyfa mér að skjóta því til hennar, hvort hún vill ekki breyta þessu við 3. umr.

En ef endilega á að halda rifrildisákvæðinu, álít eg að minsta kosti nauðsynlegt, að niðurlag 1. gr. gangi í þá átt, að skógræktarstjóri eða skógarverðir þurfi ætíð að veita leyfi til þess að losa megi þannig fjalldrapa eða viðir í stað þess að þeir geti að eins bannað það á þeim svæðum, þar sem ætla má að það valdi uppblæstri landsins eða verulegum skemdum, því hætt er við að frumkvæðið verði oft skógræktarstjóra og skógarvörðum erfitt á þeim afarstóru svæðum, sem umdæmi þeirra ná yfir, og ákvæðið verði því fremur lítilsvirði eins og það er.

Pétur Jónsson: Það sannast í þessu máli, að háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) er meiri fagurfræðingur en eg; hann getur ekki »útstaðið« að rífa hrís. En eg hefi oft gert það og skammast mín ekkert fyrir það. Eg held að þetta hrísrif hafi fengið svona harða dóma vegna þess, að mönnum er ekki ljóst, hvernig tilhagar sumstaðar hér á landi. Eg er viss um að þeir sem samið hafa þetta frumv. hafa ekki mikla hugmynd um það, að sumstaðar á landinu eru stórar lendur, fleiri ferhyrningsmílur á stærð, sem eru alþaktar viði og fjalldrapa. Eg á sjálfur nálega 1 □ mílu af svona landi og mér þykir það sannarlega hart, ef það á að banna mér að

rífa þar hrís, þegar það eru máske helztu notin af stórum landflæmum. Sumstaðar hagar jafnvel svo til, að viðarrifið gerir engan skaða, heldur getur orðið til stórra bóta. Þeim sem samið hafa frumv. hefir verið ókunnugt um þetta, það sýna ákvæði þess. Lög þessi eiga einungis að ná til svæða, þar sem litlar leifar eru eftir af hrís og víði og þess vegna þörf er á að vernda. Það er aðaltilgangur þeirra og því má ekki gleyma.

Af breyt.till. nefndarinnar leiðir það, að eg t. d. þarf ekki að sækja um leyfi til þess að mega rífa, heldur eru það skógræktarmennirnir, sem eiga að líta eftir því, hvar það er hættulegast fyrir landið að rifið sé og þar er þeim gefið vald til þess að banna alt rif. Alment bann í þessu efni mundi ekki ná tilgangi laganna betur en ákvæði nefndarinnar gera, en mundi allvíða koma í bága við réttindi og hagsmuni manna á einstökum stöðum í landinu og verða tómt pappírsgagn.

Það stendur enn fremur í frumv. og mælt svo fyrir að kosta skuli kapps um að beita eigi skóga né kjarr. Á einstöku stöðum eru nú stór víði- og fjalldrapalönd með smá skógi og kjarri innan um. Samkvæmt ákvæðum frv., ef þeim væri stranglega framfylgt, mundi nær því ómögulegt að nota þessar lendur til beitar, en það eru einmitt því nær einu notin, sem hægt er að hafa af þeim, og þessi afnot gera jarðirnar byggilegar og ekkert annað. Þrátt fyrir þetta hefi eg eigi né nefndin lagt til, að draga úr þessum ákvæðum, af því þau eru víða nauðsynleg, þó þau, ef þeim væri fylgt, settu sumar jarðir í eyði.

Eg sagði áðan, að stundum væri rifið ekki einungis óskaðlegt, heldur bætti það landið og væri nauðsynlegt til þess að þessum umbótum yrði við komið. Eg skal í því efni benda hv. þm. á það, að þar sem deiglendir hrísflákar eru, þá er það einasta nothæfi vegur, sem eg þekki til þess að breyta lendunum í engi eða góða vall-lendisbeit, að viðirinn og fjalldrapinn sé rifinn með rótum, og það er bót, þar sem engjar eru litlar en geysi-stórar víðilendur.

Það var sagt að ekki þyrfti að rífa heldur mætti skera hrísið. Eigi að breyta þessu landi í engi, kemur aðferðin ekki að notum, og enn fremur er þess ekki gætt, að víða rífa menn hrís til eldsneytis, til þess að spara með því sauðatað, svo þeir geti notað það til áburðar. Sé hrísið skorið eða klipt, þá verður það of dýrt til eldsneytis, vegna þess að sú aðferð mun meir en helmingi seinlegri.

Eg vil segja að menn verða að kynna sér þetta, áður en gerð eru lög og samþyktir um það. Eg segi þetta af því að eg á svo stórt hrísland og er því málið svo kunnugt, að eg get dæmt um það.

Að öðru leyti þarf eg ekki að gera athugasemdir við frumv.

Hannes Hafsteiu: Það er vissulega ekki meiningin með frumvarpinu að svifta eigendur jarða, þar sem hrís og kjarr vex, notkunarrétti þeirra, heldur einmitt að tryggja eigendum til langframa jafnvel mjög aukin not af slíkum skóglendum, með því að stuðla að því, að þær séu sem heppilegast notfærðar, notaðar eins og siðuðum mönnum sæmir, en ekki með þeirri skammsýni, sem lengst af hefir brunnið við hjá oss Íslendingum í þessu efni. Meining laganna er ekki, að svifta menn eigum sínum, heldur vernda þær fyrir þá og landið í heild sinni. Enda þótt svo hagi til sumstaðar, sem hjá háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) að jarðirnar séu enn þá að miklu leyti vaxnar kjarri

eða hrísi, þá er ekki víst, að slíkar skóglendur verði til langframa, ef ranglega er með farið, en þar sem svo sérstaklega stendur á, að breyta á hrísiendi í ræktaða jörð, verður auðvitað engin fyrirstaða á því að fá leyfi skógræktarstjóra eða skógarvarðar til þess, að rífa hrísið upp með rótum.

Eg vona að nefndin fallist á þetta, og frumv. nái samþykki hinnar háttv. deildar.

Benedikt Sveinsson: Eg er þakklátur þm. S.-Þing. (P. J.) fyrir athugasemdir hans við frumvarpið. Mér fanst ekki leyna sér, að hann í raun réttri telur frumv. óhafandi, þótt hann stilti orðum sínum vel í hóf. Eg get ekki neitað því, að í mínum augum er frv. mesti gallagripur. Að vísu veit eg, að tilgangurinn er góður. Frumv. er samið af góðum hug, en með svo miklu þekkingarleysi á þeim efnum, að eg tel réttast, að fella það að svo komnu. Hér sunnanlands gera menn sér alveg rangar hugmyndir um skóga og kjarr í landinu og meðferð þeirra. Þeir halda að allur skógur sé á förum og bændur sé víðast hvar hinir mestu skógníðingar. En þetta er hin mesta fjarstæða. Þeir þekkja auðsjáanlega ekki, hvernig hagar til norðan lands og austan, þar sem skógur vex. Í Þingeyjarsýslu hefir vaxið upp allmikill skógur síðust 20 árin á mörgum stöðum, sumstaðar jafnvel svo, að til vandræða horfir með fjárgeymsluna, því að fé sækir í skóginn og næst ekki aftur nema með ærinni fyrirhöfn. Í Fnjóskadal, Ljósavatnsskarði, Kinn, Laxárdal, Kelduhverfi og Öxarfirði hefir skógur og kjarr aukist afarmikið þessi ár, svo að það er ástæðulaust að kvarta um eyðing skóganna, eins og margir ókunnugir gera. Það er alveg óþarft að setja strangar skipanir í því efni. Menn eru svo hygnir, að þegar þeir hafa fengið þekkingu á meðferð skóga og gagnsemi þeirra, þá fara þeir gætilega með skóganna, án þess að þeim sé skipað það með smásmuglegri lagasmið. Það er engu meiri ástæða til að setja lög um þetta efni heldur en að banna mönnum með lögum að fara illa með túnin sín, t. d. að rista torf nálægt hlaðvarpanum, eða beita hestum á þau fyrir slátt o. s. frv. Hvorttveggja væri viðlíka óþarft að setja í lög.

Þess mega menn ekki heldur vera duldir, að svo hagar víða til, einkum í sumum sveitum Þingeyjarsýslu, að varla er hægt að sleppa út kind úr húsi, nema að hitta á skóg eða kjarr. Þetta rekur sig illa á 7. gr. Þar sem meginhluti beitilandsins er kjarr eða skógur, verður þá sá einn kostur nauðugur, þeim sem lög þessi vilja halda, að hafa fé inni árið um kring! Og um geitfé er það sagt, að varast skuli á öllum tíma árs að beita því í skóglendi. Ef hlýðnast á þessu ákvæði, þá er ekki annað ráð fyrir hendi, en að taka höfuðið af þessum geitkindum, sem til eru í landinu! Eg er mikill skógavinur, engu síður en höfundar frumvarpsins, en með þessum lögum get eg þó ekki verið.

Jón Jónsson (N.-Múl.): Eg verð að lýsa því yfir, að eg er óánægður með fyrri hluta 7. gr. Reyndar er þetta vægt orðað. En ef sú yrði raunin á, að þessu ákvæði yrði beitt stranglega, mundi það geta orðið til stórbaga á útbeitarjörðum. Eg hafði því ætlað mér að koma með breytingartillögu um að fella þennan kafla greinarinnar burtu, en gleymdi því. Mun gera það við 3. umræðu.

Eg lét það í ljósi í nefndinni, að eg væri ekki ánægður með þetta um út-

beitina, og áskildi mér rétt til að koma fram með breyt.till.

Pétur Jónsson: Eg held, að háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) hafi ekki gert sér grein fyrir, hver munur er á því, að skera og rífa hrís, því stundum verður að rífa hrísið, ef breyta á landinu í graslendi. Því hefi eg reynslu fyrir, að þá er betra að rífa hrísið, en að skera það. Hins vegar þykir mér það einkennilegt, að þurfa að sækja um leyfi til skógarvarðar til þess að mega hafa hin helztu not, sem eg get haft af landi mínu að skaðlausu. Hitt er miklu nær, að skógarvörður hafi eftirlit með því, hvar og á hvern hátt má rífa í landareigninni. Að nota skæri eða hnífa til þess að klippa með hrísið yrði of dýrt, því eins og nú stendur á, brúka menn mikið hrís til eldiviðar, og spara með því sauðataðið, en ef farið yrði að klippa hrísið þá yrði það dýr eldiviður.

En sé gengið út frá því, að landseigendur hafi ekkert vit á og enga tilfinningu fyrir, að fara forsvaranlega með land sitt, þá yrði að vera maður jafnvel í hverjum hrepp, sem hefði ekki annað að gera en að líta eftir því, að menn fari rétt með land sitt í þessu efni.

Ef þessi lög ná fram að ganga, þá eyðilegst t. d. allur geitpeningur í landinu, því hinn eini vegur til þess að verja geitpeningi kjarr og víðilönd er að farga honum alveg. En þar sem slík lönd eru ekki, dettur fáum í hug að hafa geitpening. En eg fyrir mitt leyti hefi ekki sérlega mikið á móti því. Geitpeningur er vargur í véum, þar sem skógar og kjarr er annars vegar. En þó er þetta kannske ekki fullathugað af meðhaldsmönnum þessa máls. Eg held að þeir háttv. þm., sem þekkja hrislendin í Þingeyjarsýslu verði sammála um það, að þar sé víða engin hætta búin, þótt hrís sé rifið. Hrísrif hefir farið þar fram um mörg ár og veit eg ekki til, að það hafi gert skaða. En það eru til landbrotsjarðir, þar sem gæta þarf sérstakrar varúðar. Það er þó margt fleira en hrísrifið, sem hafa þarf gætur á.

Ef lögum þessum, eins og þau liggja nú fyrir, væri framfylgt svo, að þau meinuðu hrísrif að fullu og vetrarbeit þar sem kjörr eru, þá mundu þau setja margar jarðir í eyði, a. m. k. í Þingeyjarsýslu.

Frumvarp þetta mun upphaflega samið af skógræktarstjóranum, útlendum manni og lítt kunnugum hér. Hversu góður skógfræðingur sem hann er, veit eg til sanns, að hann þekkir alls eigi, hvað hér gerir jarðir byggilegar í landbrotasveitum, og hve lítil höft á afnotafrelsi manna mega eiga sér stað til þess, að jarðirnar verði óbyggilegar með öllu.

ATKV.GR.:

Breyt.till. (341) við 1. gr. (ný 1. gr.) sþ. með 16 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 15 : 4 atkv.

Breyt.till. (474) við (nýja) 3. gr. samþ. án atkv.gr.

Breyt.till. (341) við 3. gr. (ný gr.) sþ. með 14 shlj. atkv.

Breyt.till. (341) við 4. gr. (ný gr.) samþ. með 21 : 3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Jón Ólafsson,	Bjarni Jónsson,
Björn Kristjánss.,	Björn Jónsson,
Björn Sigfússon,	Björn Þorláksson.
Eggert Pálsson,	
Hannes Hafstein,	
Hálfdan Guðjónss.,	
Jóh. Jóhanness.,	
Jón Jónsson N.-M.,	
Jón Jónsson S.-M.,	

Já:
Jón Magnússon,
Jón Sigurðsson,
Jón Þorkelsson,
Ólafur Briem,
Pétur Jónsson,
Sig. Gunnarsson,
Sig. Sigurðsson,
Stefán Stefánsson.
Þorleifur Jónsson.

3 þingm. greiddu ekki atkvæði og töldust því til meiri hlutans.

1 þm. var fjarverandi.

Breyt.till. (341) við 5. gr. sþ. með 14 atkv.

5. gr. þannig breytt sþ. með 14 : 2 atkv.

Breyt.till. (341) við 6. gr. sþ. með 13 atkv.

6. gr. þannig breytt sþ. með 13 : 5 atkv.

7. og 8. gr. sþ. með 13 : 6 atkv.

9. gr. samþ. með 15 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Jón Ólafsson,	Bjarni Jónsson,
Björn Þorláksson,	Bened. Sveinsson,
Eggert Pálsson,	Björn Jónsson,
Hannes Hafstein,	Björn Kristjánss.,
Hálfdan Guðjónss.,	Björn Sigfússon,
Jóh. Jóhannesson,	Einar Jónsson,
Jón Jónsson N.-M.,	Jón Þorkelsson,
Jón Jónsson S.-M.	Ólafur Briem,
Jón Magnússon,	Þorleifur Jónsson.
Jón Sigurðsson,	
Pétur Jónsson,	
Sig. Gunnarsson,	
Sig. Sigurðsson,	
Stefán Stefánsson.	

1 þm. greiddi ekki atkvæði og var því talinn með meiri hlutanum.

10. gr. samþ. með 13 atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. með 13 : 7 atkv.

Þriðja umr., 17. apríl (A. 480, 490).

Benedikt Sveinsson: Mér hefir ekki líkað ýmislegt í frumv. þessu og hefi því komið með nokkrar breyt.till. — Við 1. gr., að á eftir orðunum: »Ekkert svæði má berhöggva«, komi: »nema landið sé tekið til ræktunar«. Tel eg þetta sjálfsagðan viðauka, sem enginn getur amast við. Þá er í 3. gr., síðustu málsgrein, að orðin: »og tæki« — til þess að höggva 100 fer.faðma svæði í skóginum, falli burt. Finst mér ósanngjarnt, að heimta af hverjum smábónda, að hann hafi hentug tæki til skógarhöggs á takteinum, þegar heimtað er. Tel eg því miklu hentara, að skógarvörður leggi sjálfur til verkfæri til þeirra hluta, heldur en að hann liggi á snöpum hjá bændum, enda tel eg líklegt, að skógarverðir hafi til þess betri og hentugri áhöld, en bændur eiga nú, og geti þeir þá jafnframt leiðbeint mönnum um notkun og útvegun slíkra áhalda.

Í 5. grein er landsstjórninni heimilað, að taka alt að 10 dagsláttna skóglendi til friðunar á jörðum einstakra manna. Er svo að orði kveðið í síðustu málsgrein greinarinnar, að fyrir afnotamissi landsins »megi« greiða eiganda eða notanda bætur eftir mati óvilhallra manna. — Eg legg til, að í staðinn fyrir orðið: »má (greiða honum)«, komi: »skal greiða honum«, því að það virðist liggja í augum uppi, að ábúanda eða eiganda beri fortakslaust endurgjald fyrir það, sem hann missir í af gæðum jarðarinnar af slíkri ráðstöfun stjórnarinnar.

Þá er í 7. gr. skipað svo fyrir, að ábúandi eða eigandi skóglendis skuli kosta kapps um, að beita sem minst skóga og kjarrlendi, einkum þegar snjór liggur á að vorinu, og að varast skuli á öllum tímum árs, að beita geitfé í

skóglendi. Mér er kunnugt um það, að víða norðanlands hagar svo til, að þessu ákvæði er als ekki hægt að fullnægja, nema svo sé krept að mönnum, að þeir megi alls ekki láta fé sitt út þann tíma ársins, sem kvistlendisbeitarinnar er mest þörf, en það er einmitt, þegar snjór liggur á jörð og að vorinu.

Um geitfénaðinn er það að segja, að hann er notadrýgstur í engjalitlum kvistlendis-sveitum, þar sem erfitt er að hafa kýr. Hefir það alt í frá forneskju verið nokkur bjargræðisvegur fátækum mönnum að eiga geitfénað, því að:

»Þótt tvær geitr eigi
og taugreftan sal
þat er þó betra en bæn«. —

En það liggur í augum uppi, að ef þetta ákvæði verður að lögum, þá er það dauðadómur yfir geitfé því, sem nú er til í landinu.

Vonast eg því til þess, að hin háttv. deild samþykki þessar breyt.till.

Annars hefði að minni hyggju verið réttast, að fella frumv. þetta með öllu. Lögin verða gagnslítil, en valda óþægindum og tjóni. Eg tel skógunum næga lagavernd í heimild þeirri, sem sýslunefndir hafa nú, til þess að gera samþyktir um friðun skóga í hverri sýslu, og hlýt eg að telja þá aðferð miklu vænlegri til gagns, því að mikið brestur á það, að hið sama eigi við um alt land.

Þegar kominn er nú þar á ofan heill her af eftirlitsmönnum með skógræktarstjóra í fararbroddi, þá tel eg þeim vorkunnarlaust, að sjá um, að vel og hyggilega sé með skógana farið.

Framsögumaður (Sigurður Sigurðsson): Nefndinni hefir ekki gefist kostur á, að athuga þessar breyt.till., sem gerðar hafa verið við frumvarpið. Eg fyrir mitt leyti get gengið inn á breyt.till. við 1. gr. og breyt.till. við 5. gr. er heldur ekkert að athuga við. En viðvíkjandi breytingunni við 7. gr. þá verð eg að lýsa því yfir, og eg held að eg geti líka gert það fyrir meiri hluta nefndarinnar, að eg get ekki fallist á hana. Sú breyting snertir aðalefni frumv.

Að öðru leyti, þá skal eg ekki fjölyrða meira um þetta mál, enda hygg eg, að menn séu nú þegar ákveðnir í því, hvernig þeir greiði atkvæði í máli þessu.

Hannes Hafstein: Eg hefi enga breyt.till. En eg vil að eins taka það fram, að ef að rifið er hrís eða viðir í banni skógarvarðar, þá á það auðvitað að varða sektum.

Eg er þakklátur hinum háttv. frms. (S. S.) fyrir ummæli hans viðvíkjandi 7. gr., og er eg þar á sama máli, og get eg ómögulega séð, að hún geti verið til nokkurs meins. Þegar talað er um það, að beita skóg, þá er átt við það, að reka fé í skóginn að þarflausu. Hitt er auðvitað, þar sem svo er ástatt, að fé verður að ganga í skóglendi, sökum þess, að ekki er annað land til, þá getur slíkt ekki reiknast sem lagabrot, en á hinn bóginn meinlaust, að hafa ákvæði í lögunum til þess, að hvetja menn til að fara vel með þessar litlu skógarleifar, sem eftir eru í landinu.

Framsögumaður (Sigurður Sigurðsson): Eg held, að enginn vafi geti leikið á því, að sektarákvæðin í 9. gr. nái einnig til 1. gr. Get enn fremur lýst því yfir, sem framsögumaður nefndarinnar, að hún skildi ákvæði frumvarpsins þannig.

ATKV.GR.: Breyt.till. á þskj. 490 við 1. gr. samþ. með 20 atkv.

Breyt.till. (þskj. 490) við 3. gr. samþ. með 14 atkv.

Breyt.till. (þskj. 490) við 5. gr. samþ. með 19 atkv.

Breyt.till. (þskj. 490) við 7. gr. feld með 13 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Jón Ólafsson,
Bened. Sveinsson,	Eggert Pálsson,
Björn Jónsson,	Hannes Hafstein,
Björn Kristjánsson,	Hálfdán Guðjónss.,
Björn Sigfússon,	Jóh. Jóhannesson,
Einar Jónsson,	Jón Magnússon,
Jón Jónsson, N.-M.	Jón Sigurðsson,
Jón Þorkelsson,	Ólafur Briem,
Magnús Blöndahl,	Pétur Jónsson,
Þorl. Jónsson.	Sig. Gunnarsson,
	Sig. Sigurðsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Stefán Stefánsson.

Frumv. með áorðnum breytingum samþ. með 17 atkv. gegn 4 og endursent Ed.

Fiskimat.

FRUMVARP til laga um fiskimat (A. 86); 1. umr., 5. marz.

Ráðherrann (H. H.): Frv. þetta er lagt fyrir þingið samkvæmt þingsál.till. frá seinasta alþingi; það hefir verið samþykt í Ed. með litlum breytingum. Eg vil láta mér nægja að skírskota til þeirra ástæðna, sem færðar eru fyrir því í ástæðum stjórnarinnar.

Jón Jónsson, (1. þm. N.-Múl.): Hér er um það að ræða, að stofna 3 ný embætti með samtals nálega 5000 kr. kostnaðarauka á ári fyrir landssjóðinn. Eg vil nú spyrja: Er þetta nauðsynlegt? Óska upplýsingar um það.

Ráðherrann (H. H.): Alþingi hefir óskað eftir að menn væru skipaðir til þess, að hafa þennan starfa á hendi, og auðvitað er ekki hægt að fá þá launalaust. Lægri laun mun naumast hægt að bjóða, en þau, sem farið er fram á í frumv. stjórnarinnar, ef menn eiga að fást, sem trúandi er fyrir starfinu, og hafa þá þekking og æfingu að þeir séu því vaxnir. Nefndin í Ed. hefir komist að sömu niðurstöðu og álitið, að nauðsynlegt væri að koma á þannig löguðu fiskimati til þess, að varan verði betur vönduð, og á þann hátt verði komið í veg fyrir, að hún missi álit sitt og gengi á útlenda markaðinum.

Benedikt Sveinsson: Eg vil leyfa mér að leggja til, að málinu sé vísað til nefndar þeirrar, sem kosin var til að athuga fiskiveiðamál landsins.

ATKV.GR.: Samþykt að vísa málinu til fiskiveiðanefndarinnar, með öllum atkv. og 1. umr. frestað.

Framhald 1. umr., 15. marz (A. 86 n., 165).

Framsögumaður (Benedikt Sveinsson): Nefnd sú, sem kosin var til að íhuga þetta mál, hefir ekki fundið ástæðu til að koma með neinar breytingar við stjórnarfrumv. Hún hefir átt allrækilegt tal við yfirfiskimatsmanninn hér í Reykjavík, og kom henni ásamt við hann um það, að varla væri að ræða um neinar breytingar á frumv. til verulegra bóta, enda var stjórnarfrumv. í öndverðu samið með hans ráði. Nefndin leyfir sér því að mæla með því óbreyttu.

Við 1. umr. hér í deildinni var því hreyft, að hér væri verið að stofna ný embætti og það bryti bág við þá meginreglu, sem deildin ætti að fara eftir. En engin regla er án undantekningar og deildin getur með góðum og gildum ástæðum vikið frá þeirri reglu, þegar um jafnmikið nauðsynjamál er

að ræða. Hér er mikið í húfi, því að hagur allra þeirra, er stunda og láta stunda fiskiveiðar er mjög undir því komin, hve vel vér getum trygt oss markað á saltfiski erlendis. Frá Íslandi er árlega fluttur fiskur til útlanda fyrir 5—6 miljónir kr., og sú reynsla, sem fengin er fyrir því, hve miklu þeir tveir fiskimatsmenn hafa áorkað, sem við höfum haft að undanförnu, bendir sannarlega á, að þessu fé muni ekki kastað á glæ. Eg hygg einmitt, að þeim peningum muni mætavel varið, er ganga til þess að hafa fleiri fiskimatsmenn, enda hafa stjórnarráðinu borist bréf frá fiskikaupmönnum á Spáni, er telja mjög nauðsynlegt, að fleiri fiskimatsmenn yrðu skipaðir í landinu. — Hér er ekki smáræði í húfi, að markaður á þessari vöru sé sem bezt trygður, og skal eg rétt til dæmis benda á það, að 10 króna verðhækkun á hverju skippundi, sem héðan flytst af landinu þessi árin mundi nema nær einni miljón króna árlega. Og það er engin fjarstæða að ætla, að vöndun vörunnar og trygging sú, er fiskikaupmenn á Spáni og Ítalíu fá með þessu fyrir því, að þeir kaupi ósvikna vöru, muni tryggja verðhækkun og verðlag á fiskinum sem þessu svarar.

Eg vona því, að háttv. deild taki máli þessu vel, og láti það hindrunarlaust ná fram að ganga.

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. með 24 atkv.

Önnur umr., 17. marz (A. 86, n. 165).

Framsögumaður (Benedikt Sveinsson): Eg hefi engu við það að bæta, sem eg tók fram við fyrstu umræðu þessa máls. Mæli að eins með því, að deildin samþ. frumv.

ATKV.GR.: 1. gr. samþ. með 21 samhlj. atkv.

2. gr. samþ. með 20 samhlj. atkv.
3. — — — 20 —— —
4. — — — 21 —— —
5. — — — 21 —— —
6. — — — 20 —— —
7. — — — 20 —— —
8. — — — 20 —— —
9. — — — 20 —— —
10. — — — 20 —— —

Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. með 20 samhlj. atkv.

Þriðja umr., 26. marz, (A. 251).

ATKV.GR.: Frumv. í heild sinni samþ. með 20 samhlj. atkv., og afgreitt sem *lög frá alþingi.*

Sóknarprestalaun.

FRUMVARP til laga um breyting á 26. gr. 1. lið í lögum nr. 46, 16. nóv. 1907 um laun sóknarpresta. (A. 108). 1. umr., 9. marz.

ATKV.GR.:

Frumv. umræðulaust vísað til 2. umr. með 14 atkv. gegn 5 að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Jón Ólafsson,
Björn Jónsson,	Bened. Sveinsson,
Björn Kristjánsson,	Einar Jónsson,
Eggert Pálsson,	Jóh. Jóhannesson,
Hannes Hafstein,	Jón Jónss., N.-M.
Jón Jónss., S.-M.,	
Jón Magnússon,	
Jón Sigurðsson,	
Jón Þorkelsson,	
Magnús Blöndahl,	
Ólafur Briem,	
Pétur Jónsson,	

Já:
Sig. Sigurðsson,
Stefán Stefánsson.
5 þm. greiddu ekki atkv.

Önnur umræða, 11. marz (A. 108).

Ráðherrann (H. H.): Eg býst við að öllum sé kunnugt, hvernig stendur á þessu frv. Á seinasta þingi var sþ. við einhverja síðustu umr. prestalaunalaganna breyt.till., sem ákveður að sextugur prestur í prestakalli, sem breyting á að verða á eftir lögum, gæti fengið laun sín eftir hinum nýju prestalaunalögum, ef breytingin kemst ekki á fyrir þá sök eina, að hann vill ekki aðhyllast hana, en annar prestur sextugur, sem stendur eins á fyrir, getur ekki orðið aðnjótandi sömu hlunninda, af því að breytingin kemst ekki á fyrir sakir hindrana, sem honum eru ósjálfráðar. Það leynir sér ekki, að þetta er ærið ósanngjarnt og virðist liggja í augum uppi, að í ákvæðum þessum er ekkert samræmi, og því ekki nema sanngjarnt og sjálfsagt að prestar fái að velja um launakjörin í báðum tilfellum.

Eg hefði ekki álitið þörf að taka þetta fram hér, ef það hefði ekki komið fram við umræður hér í deildinni, að þetta atriði var ekki ljóst fyrir öllum þm. — Eg vona að deildin taki málinu vel og lofi því að ganga til 3. umr.

ATKV.GR.:

Frv. (ein gr.) samþ. með 17 atkv. gegn 1.

Fyrirsögnin samþ. með 17 samhlj. atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 : 1 atkv.

Þriðja umræða, 13. marz (A. 184).

ATKV.GR.:

Frv. samþ. með 13 samhlj. atkv. og afgreitt sem *lög frá alþingi.*

Námulög.

FRUMVARP til námulaga; 1. umr., 24. febr. (A. 20).

Flutningsmaður (Björn Kristjánsson): Það tekur því ekki að eyða mörgum orðum að frumv. á þessu stigi málsins, þar sem nú er aftur tekin sú regla að fresta 1. umr.

Á þingi 1905 lagði stjórnin fyrir þingið frumv. til námulaga; það frv. var illa undirbúið, þýtt í skyndi eftir norskum lögum að mestu, og þó felt úr þeim mjög bagalega. Nefnd var sett í málið í Nd., og lagði hún til, að að gerð væri mikilfengleg efnisbreyting á frumv., sem sé sú, að láta námulögin að eins ná til opinberra jarða, landssjóðs-, léns- og kirkjujarða. Nefndin áleit, að hver einstakur jarðeigandi ætti námuréttinn í sinni jörð, og væri því ekki gerlegt að svifta hann þeim rétti. En málið varð ekki útkljáð í það sinn. Samt lagði stjórnin frumv. óbreytt aftur fyrir Ed. 1907, eins og hún lagði það fyrir þingið 1905. En nefnd sú, sem í það var sett hélt frv. svo lengi, að enginn kostur var að koma að breyt.till. eða setja málið í nefnd í neðri deild, vegna þess hve naumt var orðið fyrir um tímann. Það var því einkis annar kostur en að fella frumv. eða samþ. það óbreytt, og það kusu menn heldur, þó að menn sæju mikil missmíði á því, til þess að skýr vilji þingsins kæmi fram um það, að það ætlaðist til, að námulögin tæki að eins til landssjóðs- og kirkjujarða, afrétta o. s. frv. Í Ed. sátu engir, sem praktiskt skyn báru

á málið, og því fór sem fór, að lögin urðu svo gölluð, sem þau eru.

Til þess að bæta úr þessu kem eg með þetta frumv., því að eg álít, að breyta eigi lögum þó ung séu, ef missmiði eru á þeim. Eg hefi rekið mig á margt í lögunum, sem missmiði er á, t. d. um fresti, sem riða alveg í bág hver við annan og þess konar. Menn, sem leita málma, þurfa að verja til þess talsverðu fé, en enginn þorir að verja fé sínu til þess, nema réttur hans sé skýlaust trygður.

Eg vona, að frumv. fái góðar undirtektir. Í þessu frumv. eru ýmsar smábreytingar til þess að gera fyrirmælin skýrari, og ein stórbreyting, þar sem feldur er úr kaflinn um jarðeignarrétt til námugraftar, því sá kafli átti við á meðan námuréttur inn átti að ná til allra jarða landsins, en ekki í því móti, sem lögin eru nú. Í Noregi, Þýzkalandi og víðar eiga jarðeigendur 1/10 í námu, af því námulögin þar ná jafnt til jarða einstakra manna og opinberra jarða. Og þó það væri meining núgildandi námulaga að láta landssjóð eiga 1/5 hluta í námunum, þá er sá hængur á lögum þessum, að þau áskilja ekki landssjóði þennan rétt nema í öræfum, afréttum og almenningum. Engin ákvæði um það, að landssjóður eða kirkja eigi hlutdeild í námunni, ef hún liggur í landssjóðseða kirkjujörð, sem metin er til dýrleika. Yfirleitt eru lögin víða svo gölluð, að enginn veit, hvernig á að skilja ákvæði þeirra.

Eg vil stinga upp á 5 manna nefnd.

ATKV.GR.: Samþ. með 17 samhlj. atkv. að setja nefnd í málið. Kosningu hlutu með hlutfallskosningu:

Björn Kristjánsson,
Jóhannes Jóhannesson,
Benedikt Sveinsson,
Sigurður Gunnarsson,
Jón Ólafsson.

1. umr. frestað.

Í nefndinni var Jóhannes Jóhannesson kosinn formaður en Björn Kristjánsson skrifari og framsögumaður,

---

Framhald 1. umr., 15. marz (A. 20, n. 154).

Framsögumaður (Björn Kristjánsson): Það tekur því ekki að fara mörgum orðum um frumv. þetta. Eg skal að eins drepa lítið eitt á aðalkjarna málsins, aðaldrættina. Um einstök atriði er eigi vert að ræða fyr en við 2. umr. Frumv. gerir ráð fyrir eða réttara sagt ákveður, að þeir, sem leita vilji að málmum í landssjóðs- og kirkjujörðum, skuli fá málmleitarbréf hjá lögreglustjóra. Það gildir í 2 ár. Hafi hann svo leitað að málmum og fundið, á hann rétt til innan 2 ára frá tilkynningu um fundinn, að fá málmgraftarbréf, sem lögreglustjóri gefur út. — Svo langt eru núgildandi námulög samferða frumv. því, er hér liggur fyrir, en ýmsum ákvæðum hefir frumv. breytt frá því, sem stendur í námulögunum, þannig eru ákvæðin um sameign landssjóðs og málmleitenda feld í burtu, að landssjóður eigi 1/5 af réttinum til að reka námurnar. Það verður óneitanlega að álítast nokkuð óheppilegt — eins og nefndarálitið tekur skýrt fram, að landssjóður eða kirkja taki 1/5 þátt í rekstri náma, sem vafasamt er, hvort nokkurn tíma svara kostnaði. Hitt er hyggilegra, að námuhafi borgi til landssjóðs eða kirkju árlegt gjald, sem nokkurskonar eftirgjald. Þá er ekki hætt við, að menn muni sölsa undir sig stórar spildur lands að óþörfu, og láti þær liggja árum og tugum ára

saman, án þess að reka námurnar.

Svo er um frestina; þá vill nefndin fella burtu og getur það, — þegar betur er að gáð — verið hyggilegt ákvæði. Fyrirmæli núgildandi laga og frumv. um fresti leggja mikil, tilfinnanleg höft á málmnema, en hins vegar óhugsandi, að lögreglustjórar geti dæmt um, hvenær rétt er að veita frest eða ekki. Þess vegna verða önnur ákvæði að gilda um þetta efni, en annarsstaðar, þar sem námuverkfræðingar eru til, og þar sem þeir eru skipaðir til þess að dæma um slík atriði.

Þetta er aðalþráðurinn í þessu máli, og finn eg því ekki ástæðu til að fara frekari orðum um það að sinni. Vona að málinu verði vísað til 2. umr. að umræðum loknum.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 24 atkv.

Önnur umr., 17. marz; (A. 20., n. 151).

Framsögumaður (Björn Kristjánsson): Við síðustu umr. benti eg að eins á aðalþráðinn í þessum lagabálki; en nú vil eg leyfa mér að benda á hin einstöku atriði.

Nefndin fékk vitneskju um það, að fyrir kæmi, að landssjóður ætti stundum hálfar jarðir, og gera gildandi námulög ekki ráð fyrir því. Nefndin hefir því ráðið af, til að fyrirbyggja mikla vafninga, að láta námulögin að eins ná til jarða, sem landssjóður eða kirkja á óskiftar.

Enn fremur stóð í gildandi lögum, að námulögin næðu til allra »kirkjujarða« í staðinn fyrir léns-kirkjujarða.

2. gr. líka talsvert breytt. Þar kemur nýtt ákvæði um það að ekki þurfi að setja tryggingu, nema leitað sé í túnum og matjurtagörðum. Nú er ætlast til, að hlutaðeigandi lögreglustjóri gefi út málmleitarbréf, einnig þau, sem stjórnarráðinu er ætlað að gefa út samkvæmt námulögunum. Það væri t. d. tafsamt fyrir mann, sem ætti heima norður á Langanesi, að fá málmleitarbréf suður í Reykjavík. Séu málmleitarmenn útlendir eða dvelji langvistum erlendis er þeim ætlað að hafa umboðsmenn hér á landi, sem lögreglustjóri geti snúið sér til.

3. gr. er hér um bil eins og í eldri lögunum.

6. gr. breytt frá eldri lögum, að því leyti, að 12 mánaða fresturinn er gerður að tveim árum, annað var ósamrýmanlegt í námulögunum, eins og þau eru. Frestirnir þar koma hver í bága við annan.

Ætlast er til að málmgraftrar-tilkynning sé færð inn í námabókina. Og einnig að þeim er hafa jörð til nytja, sé birt með tveim vottum, ef málmar hafa fundist; öðrum birtingum slept sem þýðingarlausum.

Eg fer að eins fljótlega yfir sögu, því efnið mun ekki vera skemtilegt fyrir háttv. deildarmenn.

11. gr. er breytt að því leyti, að námuteigarnir eiga að verða stærri; er stærð þeirra miðuð við stærð námuteiga í Bandaríkjunum; er ekki líklegt, að námusvæði megi vera minna hér en þar, í jafn fámennu og félausu landi, sem Ísland er. Ætlast er til að námufinnandi fái tvo námuteigi, en aðrir einn.

12. gr. fer fram á, að sá sem beiðist útmælingar láti lögreglustjóra í té alla aðstoð, er hann með þarf.

Eg þykist vita, að háttv. þingdeildarmönnum sé þetta mál annars orðið ljóst, svo að ekki þurfi mikið frekar um það að ræða, þar sem að-

albreytingarnar eru skýrðar í nefndarálitinu.

Nefndin hefir gert alt, sem í hennar valdi stóð, til þess að gera lögin aðgengilegri en núgildandi lög og samræmilegri. Hún álítur rétt að stuðla að því, að námanna sé leitað.

Eg vænti þess, að háttv. deild, taki frumv. þessu vel, samþ. breyt.tillögur nefndarinnar og vísi því til 3. umr.

ATKV.GR.:

1. Br.till. við 1. gr. sþ. með 18 atkv.
2. — — 1. — — án atkv.
   1. gr. svo br. sþ. með 18 atkv.
3. Br.till. við 2. gr. sþ. án atkv.
   2. gr. svo br. sþ. með 17 atkv.
4. Br.till. við 3. gr. sþ. án atkv.
   3. gr. sþ. með 18 atkv.
   4. — — — 18 —
   5. — — — 17 —
5. Br.till. við 6. gr. sþ. án atkv.
6. Br.till. við 6. gr. sþ. með 17 atkv.
   6. gr. sþ. með 17 atkv.
   I. kafli sþ. með 17 atkv.
   7. gr. sþ. með 17 atkv.
7. Br.till. við 8. gr. sþ. án atkv.
8. — — 8. — — með 18 atkv.
9. — — 8. — — án atkv.
10. — — 8. — — — —
11. — — 8. — — — —
   8. gr. sþ. með 16 atkv.
12. Br.till. við 9. gr. sþ. án atkv.
13. — — 9. — — — —
   9. gr. sþ. með 17 atkv.
14. Br.till (10. gr. ný) sþ. með 13 atkv.
   10. gr. sþ. með 13 atkv.
   II. kafli sþ. með 16 atkv,
15. Br.till. við 11. gr. sþ. með 14 atkv.
16. — — 11. — — — 15 —
17. — — 11. — — — 16 —
   11. gr. sþ. með 15 atkv.
18. Br.till. við 12. gr. sþ. með 16 atkv.
   12. gr. sþ. með 16 atkv.
19. Br.till. við 13. gr. sþ. án atkv.
20. Br.till. við 13. gr. sþ. með 17 atkv.
21. — — 13. — — án atkv.
22. — — 13. — — með 17 atkv.
23. — — 13. — — án atkv.
   13. gr. sþ. með 18 atkv.
24. Br.till. við 14. gr. sþ. án atkv.
   14. gr. sþ. með 17 atkv.
25. Br.till. við 15. gr. sþ. með 17 atkv.
   15. gr. sþ. með 17 atkv.
26. Br.till. við 16. gr. sþ. án atkv.
27. — — 16. — — — —
   16. gr. sþ. með 18 atkv.
28. Br.till. við 17. gr. sþ. með 16 atkv.
29. — — 17. — — — 16 —
30. — — 17. — — — 16 —
31. Br.till. við 17. gr. sþ. með 16 atkv.
   17. gr. sþ. með 17 atkv.
32. Br.till. við 18. gr. sþ. með 18 atkv.
   18. gr. sþ. með 19 atkv.
33. Br.till. við 19. gr. sþ. með 18 atkv. og gr. þar með sþ.
34. Br.till. að 4. kafli falli burt, sþ. með 18 atkv.
   20. gr. sþ. með 18 atkv.
35. Br.till. að 5. kafli verði 4. kafli og
36. Br.till. að 27. gr. verði 20. gr. sþ. án atkv.gr.
37. Br.till. við 27. gr. (verður 20. gr.) sþ. með 18 atkv.
38. Br.till. við 27. gr. (verður 20. gr.) sþ. án atkv.gr.
   28. gr., er verður 21. gr. sþ. með 19 atkv.
39. Br.till. við 29. gr. er verður 22. gr. sþ. án atkv.gr.
   29. gr., er verður 22. gr. sþ. með 19 atkv.
40. Br.till. að 4. kafli, er verði 3. kafli sþ. með 18 atkv.
41. Br.till. ný 23. gr. eftir greinatölu nú sþ. með 18 atkv.
42. Br.till. ný 24. gr. eftir greinatölu nú sþ. með 18 atkv.
   30. gr., er verður 25. gr. sþ. með 18 atkv.

43. Br.till. við 31. gr., er verður 26. gr. sþ. með 19 atkv.
31. gr., er verður 26. gr. sþ. með 19 atkv.
44. Br.till. að 5. kafli verði 4. kafli sþ. með 19 atkv.
45. Br.till. að 32. gr. verði 27. gr. sþ. með 19 atkv.
32. gr., er verður 27. gr. sþ. með 19 atkv.
46. Br.till. að 33. gr. verði 28. gr. og 6. kafli 5. kafli sþ. með 18. atkv.
47. Br.till. að 34. gr. verði 29. gr. sþ. með 19 atkv.
34. gr., er verður 29. gr. sþ. með 18 atkv.
7. kafli verði 6. kafli sþ. með 18 atkv.
48. Br.till. sþ. án atkv.gr. (8. kafli verði 7. kafli.)
49. Br.till. við 35. gr. sþ. án atkv.gr.
50. Br.till. að 35. gr. verði 30. gr. sþ. án atkv.gr.
51. Br.till. að 36. gr. verði 31. gr. sþ. með 19 atkv. og gr. sömul.
52. Br.till. að 37. gr. verði 32. gr. sþ. með 17 atkv. og gr. sömul.
53. Br.till., að 38. gr. verði 33. gr. sþ. með 18 atkv. og gr. sömul.
54. Br.till., að 39. gr. verði 34. gr. sþ. með 19 atkv. og gr. sömul.
8. kafli verði 7. kafli sþ. með 19 atkv.
Fyrirsögnin sþ. án atkv.gr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 atkv.

Þriðja umræða, 26. marz (A. 249, 318).

Framsögumaður (Björn Kristjánsson): Eg sagði við 2. umr., að nefndin mundi koma með skýringar við 10. gr. Það var ekki meiningin, að ef maður kaupir málmgraftarbréf einhversstaðar og tekur sér marga teiga á sama stað, að hann einungis borgi fyrir einn, heldur verður hann að borga sama verð, 25 kr., fyrir hvern teig, er hann síðar tekur.

ATKV.GR.:

Br.till. (318) við 10. gr. sþ. með 19 samhlj. atkv.

Frv. sþ. í heild sinni með 21 shlj. atkv. og afgreitt til Ed.

Ein umræða, 3. maí (A. 668, n. 681).

Framsögumaður (Björn Kristjánsson): Háttv. Ed. hefir gert örlitlar breytingar á frumv. eins og það var samþ. í Nd. og nefndin hefir fallist á þær. Breytingarnar eru að eins 3. Við 3. gr. er felt úr: »með öðrum áhöldum en hökum og skóflum, eða öðrum óþektum áhöldum«. Nefndin hefir fallist á að þessi orð væru feld í burtu. Svo er við 13. gr. Henni hefir verið breytt, að því er snertir breidd á útmælingu, þegar málmurinn liggur í æð, að hún megi ekki vera minna en 100 metra á breidd.

Þá kemur 17. gr. Þar er að eins bætt við nokkrum orðum til skýringar. Þar stendur: »Auk þess greiði námuhafi jarðarábúanda lóðargjald fyrir hús og byggingar á námustaðnum, 5 aura fyrir hvern ferhyrningsmeter, sem hús standa á«. Þessi síðustu orð: »sem hús standa á« voru eigi í frv., eins og það fór frá Nd., en Ed. hefir sett þau inn og er það til bóta.

Eg hefi svo ekki meira um breytingar Ed. að segja; þær eru sumar til bóta og sumar meinlausar. Vona, að frv. verði samþ. hér í deildinni.

ATKV.GR.:

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgreitt sem *lög frá alþingi.*

Alþingiskosningar.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum um kosningar til alþingis frá 3. okt. 1903; 1. umr., 25. febr. (A. 39, 48).

Flutningsmaður (Jón Þorkelsson): Frumv. þetta er stutt og þarf ekki langt um það að tala. Það er hér flutt eftir almenningsósk í landinu. Það kom fram hér á þingmálafundi í Reykjavík og hefir víðar komið fram á þingmálafundum, að hentara væri að flytja kjördaginn eitthvað fram á haustið.

Kjördagurinn fellur á aðalbjargræðistíma manna, og verður mönnum því mjög erfitt að neyta kosningarréttar síns, einkum sjómönnum.

Færsla kjördagsins í þessu frumv. er miðuð við ósk manna hér í Reykjavík. Nú sé eg, að breyt.till. er komin fram um það atriði, þó að ekki liggi hún nú fyrir, og mun síðar verða að því vikið.

Eg tel sjálfsagt, að verða við ósk almennings í þessu máli, en með því að til greina getur komið að athuga kosningalögin frekar, þá skal eg leyfa mér að stinga upp á 5 manna nefnd í málið, einkum með hliðsjón af því, að breytt verði þeim ákvæðum kosningalaganna, sem orkað hafa tvímælis hér á þingi nú í vetur.

Sigurður Sigurðsson: Það er nú komið á daginn, sem ætlað var í öndverðu um þessi kosningarlög, að kjördagurinn mundi reynast óheppilegur, og skal eg ekki fara frekar út í það. En vekja vildi eg athygli væntanlegrar nefndar á því, að 10. okt eru miklar annir víða í sveitum. Þá standa réttir sem hæst, markaðir o, fl.

Því væri ástæða til að íhuga, hvort ekki mundi jafnvel henta, að kjördagurinn yrði færður enn lengra aftur, t. d. til 1. nóv. eða seint í okt.

Það hafa komið fram uppástungur um það, að binda kjördaginn við einhvern merkisdag, t. d. síðasta sumardag eða 1. dag vetrar. Tek eg þetta fram hér til íhugunar fyrir nefndina. En ef væntanleg nefnd skyldi ekki taka þessar bendingar til greina mun eg koma fram með breyt.till. síðar.

Jón Ólafsson: Mætti ekki vísa þessu máli til nefndar þeirrar, er íhuga skal kjördæmaskifting landsins?

Það er ekki líklegt, að nefndin verði færslu kjördagsins mótfallin, en hitt er hugsanlegt, ef til kosningabreytingar kemur, að þá atvikaðist svo, að dagurinn yrði ekki hinn sami í öllum kjördæmum.

Legg því til, að frumv. sé vísað til þeirrar nefndar.

Flutningsmaður (Jón Þorkelsson): Eg verð að sitja fast við minn keip um það, að sérstök nefnd sé skipuð í málið, en því ekki vísað til kjördæmanefndar.

Það er sitt hvað, kjördæmaskipun og kosningalög. Þar getur því ekki orðið neinn árekstur.

ATKV.GR. Till. um skipun 5 manna nefndar samþ. með 17 atkv. Kosningu hlutu með hlutfallskosningu:

Jón Þorkelsson,
Jóh. Jóhannesson,
Þorleifur Jónsson,
Ólafur Briem,
Eggert Pálsson.

1. umr. frestað.

Í nefndinni var Jóhannes Jóhannesson kosinn formaður, en Ólafur Briem skrifari og framsögumaður.

Framhald 1. umr., 10. marz (A 39, 48, n. 119).

Framsögumaður (Ólafur Briem): Frv. það, um breyting á gildandi kosningalögum, er nefndinni var falið til íhugunar, gekk að eins út á að breyta kjördeginum. En nefndin hefir leyft sér að koma fram með tillögur um ýmsar fleiri breytingar á kosningalögunum. Orsökin er sumpart sú, að ýms ákvæði laganna eru óljós og þurfa frekari skýringar, og sumpart sú, að í lögin vanta ýms ákvæði, sem nefndinni þykir nauðsyn að setja inn. En það getur vel verið, að reynslan sýni, að nauðsynlegt sé að breyta fleiri atriðum í kosningalögunum frá 1903, og fyrir því hefir nefndinni ekki þótt ástæða til, að þessar breytingar, sem nú liggja fyrir, yrðu teknar upp í teksta laganna að svo stöddu og lögin þannig breytt gefin út að nýju í heild sinni. Að vísu er hentugast að hafa slíkan lagabálk, sem þennan í einu lagi, en réttast virðist að láta nýja útgáfu laganna bíða, þar til þau eru komin í fastar skorður.

Ráðherrann (H. H.): Eg sé á till. háttv. nefndar, að hún ætlast til, að framboðsfrestur til alþingis væri hér eftir 6 vikur í stað 4 vikna eftir lögunum frá 3. okt. 1903. En eg sé ekki betur, en að það sé hálfhættulegt ákvæði, sem nefndinni hlýtur að vera ljóst, ef málið er athugað vandlega. Eftir núgildandi lögum er svo fyrirmælt, að sé að eins einn frambjóðandi, þá skoðast hann sem kosinn án atkv.-greiðslu og séu tveir frambjóðendur, og annar deyr eða dregur sig tilbaka þegar framboðsfresturinn er útrunninn — þá er hinn frambjóðandinn kosinn án atkvæðagreiðslu. Ef þessi óhöpp því vilja til eftir að framboðsfrestur er liðinn, þá gefst viðkomandi kjördæmi ekki kostur á að velja þingmann sinn. Já, getur meira að segja orðið alveg þingmannslaust um tíma, ef frambjóðandinn hefir að eins verið einn. En það er skiljanlegt, að því lengri tíma, sem menn eru útilokaðir frá því að fá ný þingmannsefni, því hættulegra er ákvæðið. Það gat verið nógu viðsjárvert að hafa framboðsfrestinn 4 vikur, en að hafa hann 6 vikur er auðvitað enn þá miklu verra. Eg vona því, að nefndin breyti því ákvæði.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Að því er snertir þá breyt.till., að þingmenskuframboð samkvæmt 23. gr. kosningarlaganna skuli vera komið í hendur yfirkjörstjórn eigi síðar en 6 vikum á undan kjördegi í stað þess að í núgildandi lögum er sá frestur ákveðinn 4 vikur, þá efast eg ekki um, að nefndin verði fús til að íhuga þetta atriði nánara eftir bendingu hæstv. ráðh. og annaðhvort taka aftur tillöguna eða búa svo um, að agnúar þeir, er hæstv. ráðh. (H. H.) benti á, komi ekki að sök. Nefndin álítur, að ekki sé vert að taka þessar breytingar, sem hér er farið fram á, upp í texta kosningalaganna að svo stöddu, meðan ekki er fengin reynsla fyrir, hvernig þær muni gefast og ef til vill nýrra breytinga þörf.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. með 21 samhlj. atkv.

Önnur umr., 12. marz (A 39, 48, n. 119).

Framsögumaður (Ólafur Briem): Verði frumv. þetta samþ. með breyt.-till. nefndarinnar, verður það í 5 gr. Fyrsta greinin hljóðar um það, að á aukakjörskrá þá, sem um er rætt í 12. gr. kosningalaganna, skuli þeir settir, sem ekki hafa kosningarrétt, þá er kjörskrá gengur í gildi (1. júlí), en vit-

anlegt þykir, að fullnægja muni þeim skilyrðum, sem til kosningarréttar þurfa einhvern tíma á árinu, er kjörskrá gildir fyrir, í stað þess að eftir núgildandi lögum skulu þeir settir á aukakjörskrá, sem ekki hafa öðlast kosningarrétt, þegar kjörskrá er samin (í janúar). Með þessari breytingu er bætt úr ósamræmi, sem er á milli 11. og 12. gr. hinna gildandi kosningarlaga.

Önnur breyting á eldri lögum er sú, að sá 7 daga frestur, sem nú er ætlaður til að fullgera kjörseðla, er ákveðinn 10 dagar. Þetta er gert vegna þeirra kjördæma landsins, sem langt eiga að sækja til prentsmiðju, og þar af leiðandi þurfa langan tíma til að koma kjörseðlum til prentunar. Svo er t. d. að segja um Austur-Skaftafellssýslu, að þar entist ekki hinn lögákveðni 7 daga frestur við kosningaundirbúninginn síðastliðið sumar. Það getur verið álitamál, hvort sú uppástunga nefndarinnar að færa kjördaginn til 1. vetrardags sé heppileg eða ekki. Sannast að segja er kjördagur sá, sem nú er í lögum (10. septbr.) haganlegur fyrir mikinn hluta landsins t. d. Norðurland og Austurland, en vegna sjómannastéttarinnar á Suðurlandi og Vesturlandi hefir nefndin þó fallist á að færa kosninguna lengra fram á haustið. Og dugir þá varla minni færsla en til 20. oktbr. sökum haustanna, er kalla að fram að því tímatakmarki.

Það hefir verið tekið fram með réttu, að blindum mönnum og þeim, sem eru handarvana, eða fatlaðir á annan hátt, sé með ákvæðum laganna um kosningarathöfnina hamlað frá að neyta kosningarréttar síns. Þetta er sýnilega mikill galli á lögunum og mætti bæta úr honum á þann hátt, að sá maður úr kjörstjórninni, er kjósandi nefnir til, veiti honum aðstoð við kosninguna, og er ákvæði um þetta tekið upp í 4. gr. frumv.

Þá má og minnast á það, að verði kosning þingmanns ógild samkvæmt 29. gr. stjórnarskrárinnar sbr. 41. og 48. gr. kosningarlaganna, eru engin ákvæði í lögunum um, hvað þá skuli gera; eðlilegast virðist, að stjórnarráðið skipi þá fyrir um nýja kosningu sem fyrst og er í 5. gr. frumv. tekið upp ákvæði þar að lútandi. Annars má geta þess, að dráttur sá, sem hlýtur að verða á úrskurði um gildi þingmannskosningar, þegar sá úrskurður bíður þess að þing komi saman, getur oft komið sér mjög illa.

Nú á þessu þingi, þar sem slíkt mál lá fyrir um kosningu þingm. Seyðf. úrskurðaði þingið, að ný kosning skyldi fram fara. En þau óþægindi eru því samfara, að hinn nýkjörni þingmaður getur tæplega mætt á þinginu, fyr en langt er af því liðið, en úr þeim galla verður ekki bætt nema með breytingu á 29. gr. stjórnarskrárinnar, er mælir svo fyrir, að alþingi skeri sjálft úr, hvort þingmenn þess séu löglega kosnir.

Einar Jónsson: Eg álít að breyt. þær, sem frumv. þetta fer fram á, séu kosningalögunum frá 3. okt. 1903 yfir höfuð til mikilla bóta, en hvergi til skaða. Sérstaklega tel eg gott ákvæði 3. gr., að 10. sept. sem sjálfsagður kosningardagur, sé færður til t. d. á fyrsta vetrardag. Úr sjávarplássum eru margir kjósendur burtu frá sínum heimilum 10. sept., ýmist út í sjó, á ferðum eða fiskiveiðum, ýmist við atvinnu á fjarlægum stöðum. Í sveitum er þessi tími einnig álitinn óhentugur vegna heyanna, ferðalaga og annara nauðsynlegra verka, sem ekki standa jafnmikið í vegi, þegar lengra kemur fram á haustið. Hið sama vil eg segja um 4. gr. frumv., að hún miði einnig til bóta og þess sé sannarlega þörf. —

Í núgildandi lögum er ekkert nægilegt skýrt ákvæði til um kosningarrétt blindra og fatlaðra manna og hafa þeir því lent í því á sumum stöðum við síðustu kosningar, að vera meinað að greiða atkv., sem þeir að minu áliti þó eiga jafnmikla heimtingu og sanngirniskröfu til sem hver annar sjáandi og heilbrigður maður. Að lögin séu í þessu falli ekki nægilega skýr, — komi jafnvel í mótsögn við sjálf sig — tel eg að megi sanna með því að athuga nokkrar sérstakar gr. laganna. Í 11. gr. stendur: »Á kjörskrá skal taka alla þá, er heimili hafa, í hreppnum og kosningarrétt hafa, þá er kjörskrá er samin«. Hér er það víst að blindir menn og handarvana geta, sem aðrir, verið sjálfsagðir til að standa á kjörskrá. Og 34. gr. segir: »Engum manni, sem á kjörskrá stendur, má kjörstjórnin meina að greiða atkvæði«. Eftir þessu geta blindir og fatlaðir menn óhikað kosið, en svo koma mótsagnir í 35. og 39. gr., þar sem ákveðið er að kjósandi skuli sjálfur gera kross innan í hringinn við nafn það eða nöfn, sem kjósandi vill velja og láti kjósandi sjá hvað á seðli hans er, er seðillinn ógildur o. s. frv. Hvorttveggja þetta: að gera krossinn í hringinn, og láta eigi neinn sjá hvað á seðlinum er, getur ekki gengið, því að aðstoðarmann hljóta þeir að velja sér til þess að geta kosið. Hér er því um mótsagnir að ræða. Úr þessu bætir áminst 4. gr. frumv. Annars er blindum og fötluðum mönnum óréttur ger með kosningalögunum, gagnvart því sem áður gilti, þegar menn skýrðu frá atkvæði sínu með eigin orðum, en engum mun koma til hugar að þessir menn beri síður skyn á landsmál en aðrir yfirleitt. Eg lengi svo eigi umr. frekar, þar sem háttv. frmsm. (Ó. Br.) hefir svo greinilega skýrt þetta frumv. og rakið efni þess og þýðing.

AKKV.GR.:

Br.till. á þskj. 48 tekin aftur.

1. gr. samþ. með 24 atkv.

1. liður 2. gr. samþ. í einu hlj.

2. – 2. gr. tekinn aftur.

3. gr. samþ. með 21 samhlj. atkv.

4. — — — 21 — —

5. — — — 23 — —

Frumvarpsgreinin (A.39) samþ. með 22 samhlj. atkv.

Fyrirsögnin samþ. með 23 samhlj. atkv.

Frumv. vísað til 3. umr. í einu hlj.

Þriðja umr., 15. marz, (A. 195).

ATKV.GR.:

Frumv. samþ. með 23 samhlj. atkv. og afgreitt til Ed.

Ein umr., 20. apríl. (A. 479).

Framsögumaður (Ólafur Briem): Við þessa umr. hafa ekki komið fram neinar breyt.till. við frumv. þetta. En í Ed. hafa verið gerðar nokkrar breyt. á frumv., fyrst sú, að aukakjörskrá skuli samin í maímánuði og á hana settir ekki að eins þeir, er ekki hafa kosningarrétt, þá er kjörskrá gengur í gildi (1. júlí) en vitanlegt þykir að fullnægja muni skilyrðum þeim, sem til kosningarréttar þurfa einhverntíma á árinu, er kjörskrá gildir fyrir, heldur einnig þeir kjósendur, er fallið hafa burt af aðalkjörskrá, þótt ekki hafi kært.

Önnur breyt. Ed. er sú, að frestir allir við kærur og aðfinningar við aukakjörskrá séu þriðjungi styttri en við aðalkjörskrá, sem er bein afleiðing af því, að aukakjörskrá er samin 4 mánuðum síðar, (í maí í staðinn fyrir janúar) en á að vera komin til yfirkjörstjórna á sama tíma (fyrir 1. júlí).

Þriðja breyt. Ed. er sú, að ef frambjóðandi deyr, áður en kosning fer fram, en eftir að framboðsfrestur er liðinn eða á næstu 3 sólarhringum fyrir það tímamark, megi annar maður bjóða sig fram til þingmensku, ef fullur helmingur af meðmælendum hins látna eru meðal meðmælenda hans. Þetta ákvæði miðar til þess, að stjórnmálaflokki þeim, er veitti hinum látna kjörfylgi, sé ekki fyrirmunað að neyta kosningarréttar síns, þegar svo stendur á, að að eins einn maður býður sig fram fyrir hvern stjórnmálaflokk, og er þetta gert í því skyni að koma í veg fyrir misrétti, sem annars ætti sér stað að óþörfu eða ástæðulausu.

Fjórða breyt. Ed. er sú, að ef kosning ferst fyrir í einhverjum hreppi á hinum ákveðna kjördegi sökum óveðurs eða af öðrum óviðráðanlegum ástæðum, skuli kvatt til kjörfundar að nýju á þann hátt, sem mælt er fyrir um í 51. gr. kosningarlaganna. Þetta ákvæði er nauðsynlegt með tilliti til þess, að kjördagurinn er færður lengra fram á haustið (frá 10. sept. til fyrsta vetrardags), er getur valdið því að kosning farist fyrir fremur en nú, einkum í strjálbygðum illviðrasveitum.

Allar þessar breyt. eru til bóta og væntist þess, að frumv. verði samþ. til fullnaðar.

ATKV.GR.;

Frumv. samþ. með 21 samhlj. atkv. og afgreitt sem *sem lög frá alþingi.*

Borgaralegt hjónaband.

FRUMVARP til laga um breytingar á ákvæðum laga 19. febr. 1886, að því er kemur til lýsinga (birtingar) á undan borgaralegu hjónabandi, 1. umr., 26. febr. (A. 47).

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): Þetta er mjög stutt og óbrotið frumv. og vona þessvegna, að það gefi ekki tilefni til andmæla í háttv. þd.

Eg vil þegar taka það fram, að það er leyft að fá undanþágu frá lýsingum, þegar menn kvongast, ef það er presturinn, sem gefur hjónin saman. En um borgaralegt hjónaband er öðru máli að gegna, því að þar er engin lagaheimild til að veita slíkar undanþágur, og verður því að festa upp um það auglýsingar t. d. á götuhornum, svo að heita má að hjónaefnin verði »að hengja sig« í þrjár vikur, áður en þau eru gefin saman. Þetta frumv. fer fram á, að menn fái leyfisbréf til borgaralegs hjónabands með sömu reglum og borgun, er tíðkast við önnur hjónabönd. Einnig finst mér sanngjarnt, að ósk hjónaefnanna um það, hvenær brúðkaupið skuli fara fram, sé af yfirvaldinu tekin til greina eftir föngum. Eg vona að það sem farið er fram á í frv. sé svo sanngjarnt, að það mæti ekki mótmælum.

Jón Þorkelsson: Eg vil spyrja, hvort þessi lög sem vitnað er til, séu ekki frá 22. sept. 1899, því eg veit að háttv. flutnm. muni vera það kunnugt. Eg hefi rannsakað þetta, og veit að þessi lög finnast ekki á prenti *(Jón Ólafsson:* Það er skrifstofa þingsins, sem hefir fundið þessi lög, og þau eru frá 22. (ekki 28.) sept. 1899.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. með öllum þorra atkv.

Önnur umræða, 1. marz (A. 47).

Jón Magnússon: Eg hefi ekki mjög á móti frumv. þessu, sem er rétt spor í áttina, en eg tel seinni partinn, seinni málsgrein alveg óþarfa og frv. miklu betra, ef hún væri feld í burtu. Það er engin ástæða til í kaupstöðum t. d.

að hafa hjónavígsluna annars staðar en á skrifstofu hlutaðeigandi valdsmanns eða í ráðhúsi, ef til er. Vígsluathöfnin er að réttu lagi ekki annað en notarial-staðfesting á hjúskaparsamningi brúðhjónanna og fer sú staðfesting eðlilegast fram á embættis-skrifstofunni eða í ráðhúsi. Eg hefi þó ekki talið þetta mál svo miklu skifta, að eg hafi komið fram með breyt.till. og vil því að eins leyfa mér að skjóta því til flutnm., að feld sé í burtu síðari málsgr. frumv.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): Eg er þakklátur hv. þm. Vestm. (J. M.) fyrir það að hann er mér og oss flutnm. sammála um það, sem er aðalatriðið: undanþágu frá hjúskaparauglýsingu sbr. lög 19. febr. 1886 3. og 4. gr. Að því er síðari liðinn snertir, virðist hv. þm. ganga að því vísu að borgaralegt hjónaband mundi að eins koma fyrir í kaupstöðum. *(Jón Magnússon:* Helzt í kaupstöðum). En mér er kunnugt, að það er tiltölulega alltítt upp til sveita. Með ákvæði þessu er ekki þrengt að valdsmanninum. Honum er ekki gert að skyldu að takast langa og erfiða ferð á hendur til að gefa brúðhjónin saman. Það er að eins sagt, að hann skuli fara eftir óskum brúðhjónanna í því efni, að svo miklu leyti sem hentugleikar hans leyfa. Í hinum eldri lögum frá 1886 er svo fyrir mælt, að valdsmaðurinn ákveði, hvar og hvenær vígslan skuli fara fram og hann er ekki skyldugur til að tilkynna það, ef til vill fyr en daginn áður eða jafnvel sama daginn. Þetta er nokkuð óviðkunnanlegt og getur verið brúðhjónunum allóþægilegt. Eins og kunnugt er, þá er það alvenja að gefa leyfisbréf fyrir þjóðkirkjumenn til hjónavígslu í heimahúsum, en hvaða ástæða er til að gera þennan greinarmun á þjóðkirkjumönnum og utanþjóðkirkjumönnum?

Jón Magnússon: Eg er hræddur um, að þessi ummæli háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) komi til af því, að hann ekki skilur muninn á kirkjulegri vígslu og borgaralegum hjúskaparsamningi. Finst annars nokkuð undarlegt, ef vér Íslendingar eigum ekki að fylgja þeim sama — í sjálfu sér eðlilega — sið, sem tíðkast út um víða veröld, að borgaraleg vígsla fari ekki fram annarsstaðar en á embættisskrifstofunni eða þing- eða ráðhúsinu. — Auk þess er ákvæði þetta villandi og í sjálfu sér óþarft. Ef það ekki á að skoðast, sem að lögbjóða yfirvaldinu skyldur til að vígja í heimahúsum, eða annarsstaðar, sem brúðhjónin óska, heldur að sérhver minsta ástæða geti leyst yfirvaldið frá þeirri fyrirhöfn, þá er ákvæðið þýðingarlaust, en hins vegar ætla eg fáum eða engum valdsmönnum, að vera svo meinsamir, að fara ekki eftir óskum brúðhjónanna í þessu efni, ef þörf er á og þær geta samrýmst ástæðum þeirra, þótt það stæði ekki berum orðum í sjálfum lögunum.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): Út af orðum háttv. þm. Vestm. (J. M.) skal eg leyfa mér að geta þess, að hvorki hann eða aðrir hafa nokkurn tíma sýnt fram á, hver meiri ástæða sé til, að binda borgarlegt hjónaband við embættisskrifstofuna en kirkjulegt við kirkjuna. Það er líka rangt minni hjá háttv. þm. Vestm. (J. M.), að alstaðar í heiminum utan Íslands fari borgaraleg vígsla alt af fram á skrifstofu yfirvaldsins. Mér er persónulega kunnugt um, að það á sér ekki stað að minsta kosti í Norður-Ameríku. — Eg þekki meira að segja dæmi þess, að brúðhjónin hafa verið gefin saman

úti á akrinum, við búðarborðið o. s. frv. eftir ástæðum. Mér er líka kunnugt um, að utan Reykjavíkur er það ekki ósjaldan, að borgaraleg vígsla fari fram í heimahúsum.

Sigurður Gunnarsson: Eg vildi að eins geta þess, að í minu prestakalli hefir að eins ein borgaraleg hjónavígsla farið fram í þau 15 ár, sem eg hefi verið þar prestur, og hún fór fram í heimahúsum.

ATKV.GR.:

Fyrri málsgrein frumv. samþykt með 21 samhlj. atkv.

Síðari málsgrein frumv. samþykt með 18 atkv. gegn 1.

Fyrirsögnin samþykt með öllum þorra atkvæða.

Málinu vísað til 3. umræðu með 22 samhlj. atkvæðum.

Þriðja umr., 3. marz. (A. 80).

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): Þar sem engin breyt.till. liggur fyrir, og málið var rækilega rætt við 2. umr., þá álít eg þarflaust, að fara um það frekari orðum.

ATKV.GR.:

Frumv. samþykt með 21 samhljóða atkvæði, og afgreitt til Ed.

Ein umr., 13. marz. (A. 172, 201).

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): Breyt.till. á þskj. 201 miðar að því einu, að setja inn þann kafla, sem háttv. Ed. feldi burt, því að það var af misskilningi, að hann var feldur þar úr. Það var sem sé misminni hjá þeim háttv. þingm., sem barðist þar á móti kaflanum, að hann væri í fríkirkjulögunum. Það er einmitt gagnstætt því; þar stendur, að valdsmaður ákveði stund og stað. Og það hefir komið fyrir, að berlega hefir verið neitað, að gefa saman hjón í heimahúsum. Það er ósanngjarnt, að menn, sem leyst hafa leyfisbréf, fái ekki að ráða því, hvort gefið er saman í heimahúsum eða ekki, einkum þegar þeim, er prest nota, er það heimilt. Háttv. þm. Vestm. (J. M.) fór raunar vægilegum orðum um þetta og taldi skylt, að taka til greina, ef ástæður væru til þess, að hjónavígslan færi fram í heimahúsum, en lýsti þó yfir því, að hjónavígslan ætti fram að fara á skrifstofum valdsmanna. Valdsmönnum er áskilinn ferðakostnaður fullur, enda veit eg dæmi þess, að lögreglustjórar hafa farið langar leiðir til þess að gefa saman hjón, t. d. sýslum. í Norður-Múlasýslu; hann hefir farið norður á Vopnafjörð og gefið saman mörg hjón í senn. Úr því að reynslan hefir sýnt, að sumir lögreglustjórar gera þetta ekki, er sanngjarnt að samþykkja fyrirmæli breytingartillögunnar, enda trúi eg ekki öðru, en að háttv. deild verði sömu skoðunar sem áður, og eg veit, að nú muni það verða samþykt í Ed., þegar leiðrétst hefir misskilningur deildarinnar á málinu, sem lýsti sér við atkvæðagr. þar um daginn.

Jón Magnússon: Eg skal játa það, að þetta mál er varla þess vert, að vera að ræða mikið um það, en þó vil eg leiðrétta dálítið hjá háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) Hann sagði, að eg hefði sagt, að borgaralegar hjónavígslur mætti aldrei fara fram annarsstaðar en á skrifstofum valdsmanna. Þetta er þveröfugt við það, sem eg sagði, enda stendur berlega í utanþjóðkirkjulögunum, að svo þurfi ekki að vera. Eg sagði hitt, að í kaupstöðum ættu slíkar athafnir að fara fram á skrifstofu valdsmanns eða á ráðhúsinu.

Annars læt eg mér í léttu rúmi liggja um frumvarp þetta. Eg er hræddur

um, að persónulegur árekstur valdi dálitlu um kapp háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) í þessu máli. Eg hygg, að það geri nokkuð til, að tregða hefir verið á því einhvern tíma, að fá bæjarfógeta til að gefa hjón saman í borgaralegt hjónaband heima hjá háttv. þm., og þó gekk það fram.

En sem sagt, þetta atriði er svo óverulegt atriði, og hefir svo litla praktiska þýðingu, að eg vil ekki eyða frekari orðum um það.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): Eg kann að hafa lagt meira í orð háttv. þm. Vestm. (J. M.) en til var ætlast. En hitt er alls ekki rétt, að mér gangi nokkrar persónulegar hvatir til þess að halda fram þessu frv. Eg hefi að eins kvænst einu sinni, í heimahúsum að vísu, en þá var hjónavígslan framkvæmd af presti (*Jón Magnússon:* En vandamenn þm.?) Að vísu hafa mér vandabundin hjón verið gefin saman í borgaralegt hjónaband í heimahúsum mínum af bæjarfógeta, svo að eg hefi sannarlega enga ástæðu til frumvarpsins í neinu, er mig snertir persónulega, en það á engin náð eða velgerð að þurfa að vera, að hjónaefni fái þetta gert. Allur munurinn milli okkar háttv. þm. Vestm. (J. M.) er sá, að eg vil, að menn hafi þann rétt, sem menn eiga að hafa, en hann vill, að menn njóti náðar.

ATKV.GR.:

Breyt.till. á þgskj. 201 sþ. með 16 atkv. móti 8, að við höfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Björn Jónsson,
Jón Ólafsson,	Björn Þorláksson,
Ben. Sveinsson,	Eggert Pálsson,
Björn Kristjánsson,	Hálfdan Guðjónss.,
Björn Sigfússon,	Jóh. Jóhannesson,
Einar Jónsson,	Jón Magnússon,
Hannes Hafstein,	Ólafur Briem,
Jón Jónsson N.-M.,	Sig. Gunnarsson,
Jón Sigurðsson,	
Jón Þorkelsson,	
Magnús Blöndahl,	
Pétur Jónsson,	
Sig. Sigurðsson,	
Skúli Thoroddsen.	
Stefán Stefánsson.	
Þorleifur Jónsson.	

Jón Jónsson (S.-Múl.) var fjarstaddur.

Frumv. þannig breytt samþ. með 21 shlj. atkv. og endursent Ed.

Aðflutningsbann áfengis.

FRUMV. til laga um aðflutningsbann á áfengi, 1. umr., 27. febr. (A. 45).

Flutningsmaður (Björn Jónsson): Mér er það mikið fagnaðarefni, að eiga kost á að flytja þetta mál hér á þingi. Það hefir lengi verið á dagskrá hjá bindindisliðinu, aldarfjórðung eða riflega það, og gert ómetanlegt gagn. Hefir áður (1900) verið bannaður allur tilbúningur áfengis í landinu, en nú er farið fram á, að þessu böli, áfengisnautninni, sé útrýmt með öllu úr landi voru. Vona eg fastlega, að þetta geti orðið að lögum frá þessu þingi.

Málið er þaulrætt og um það hefir einnig mikið verið ritað, svo að almenningi og þingmönnum sérstaklega mun nú vera það full-ljóst.

Röksemdir með og móti vínnautninni hafa margar verið tilfærðar um dagana.

Bannið á að meina mönnum að ná í áfengið, það á að firra þjóðina öllu því böli, er af vínnautninni leiðir.

Gladstone, hinn merkasti stjórnmálamaður og einn mesti stjórnvitringur á öldinni sem leið, hefir komist svo að orði, að áfengisnautnin, eins og hún

gerist í heiminum um vora daga og hefir lengi tíðkuð verið, væri meira heimsböl en allar styrjaldir og drepsóttir, er yfir mannkynið hafa gengið. Og þetta var ekki mælt út í bláinn, heldur hefir það sannast æ betur og betur.

Frumv. þetta er að ýmsu leyti samhljóða frumv. því, er fyrir nokkrum árum (1905) lá fyrir þinginu, þó með breytingum og viðaukum. Er ekki ætlast til, að frá því verði gengið til fullnustu nú, heldur mun því verða vísað til nefndar og hún rannsaki það til hlítar.

Auk venjulegra mótbára gegn aðflutningsbanninu: að það skerði persónulegt frelsi manna, að erfitt muni reynast að fá lögunum hlýtt o. s. frv., skal eg drepa á þá mótbáruna, sem yngst er og nú efst á baugi. Það er tekjutjónið, sem á að leiða af banninu og ekki sé auðgert að bæta.

Mótbáru þessari er margsvarað, enda mjög auðsvarað: Ef þjóðin getur lagt á sig aukagjöld með vínkaupunum, þá getur hún það þeim mun betur án þeirra. Með áfengiskaupunum fleygja menn fé sínu í sjóinn.

Bóndi, sem verzlar í kaupstað fyrir 1000 kr. og kaupir áfengi fyrir 200 kr., hann yrði betur úti, ef hann slepti þessum áfengiskaupum, en greiddi að eins 50 kr. í landssjóð.

En nú verður mönnum á að spyrja: Hvernig verður það skarð fylt, er í tekjugrein landssjóðs hlýtur að koma sakir bannsins?

Flutningsmenn þessara laga hafa ekki gengið gruflandi að þessu; þeir hafa hugsað sér þetta, og leiðin virðist furðu greið.

Gjöldin verða mönnum að sjálfsögðu léttbærari, að sama skapi og eyðslan er minni; þau verða eins ótilfinnanleg og auðið er.

En þetta atriði liggur ekki fyrir nú, og mun eg ekki fara frekar út í það að sinni.

Þá vildi eg drepa lítilsháttar á erfiðleikana, sem taldir eru á því, að lögunum geti verið framfylgt. Mér finst það ofurljóst, að vér Íslendingar stöndum betur að vígi í þessu efni, en flestar aðrar þjóðir. Aðal-ástæðan er sú, að landið er svo afskekt; það eru að eins hafnirnar, er sérstaks eftirlits þarfnast. Og eins og tekist hefir að koma við tollgæzlu, þannig má einnig hafa nákvæma umsjón með aðflutningi öllum.

Samkvæmt lögunum má áfengi hvergi flytjast til landsins nema til Reykjavíkur; alstaðar annarstaðar er það óheilagt og skal gert upptækt. Þó má það ekki flytja til Reykjavikur öðruvísi en til lyfsala og handa verksmiðjum.

Þm. rekur víst minni til þess, að málið var stöðvað á þingi 1905, það dagaði þar uppi. En jafnframt var skorað á landstjórnina að hlutast til um, að þjóðin greiddi atkvæði um þetta stórmál.

Sú atkv.greiðsla fór svo fram um leið og kosið var til alþingis í haust sem leið (10. sept.). Með banninu greiddu atkv. nál. 4900 kjósendur, en móti 3250.

Þetta var geysimunur, nægur til þess að sýna ótvíræðan vilja þjóðarinnar. Auk þess er það ekki venja að bera mál, þótt stórmál sé, þannig undir þjóðina sérstaklega, áður lögleidd séu.

Málið er því betur undirbúið, en ella gerist; og þeim mun öruggari eru flutningsmenn þess um, að því reiði vel af.

Þess má geta hér, að enda þótt mál þetta snerti alla þjóðina í heild sinni, þá hefir samt ekki nema örlitlum

hluta hennar gefist kostur á að greiða atkv. um það. Kvenþjóðin hefir þar ekki fengið að neyta eðlilegs réttar síns, og varðar hana þó málið ekki síður en karlmenn. Á henni lendir alla jafna þyngsta bölið, er hér ræðir um. Það voru heldur ekki nema eldri karlar, hinn rosknari hluti þeirra, sem atkv. greiddu. Og ganga má að því alveg vísu, að kvenþjóðin hefði einróma orðið banninu fylgjandi, ef til hennar kasta hefði komið.

Eg skírskotaði áðan til Gladstone, máli mínu til stuðnings. Vil eg gera það enn, og tilfæra orð hans er kemur til tekjuhalla landssjóðs. Þessi einn hinn mesti fjármálavitringur í heimi á öldinni sem leið, sagði svo: að vandalítið væri að sjá borgið fjármálum þjóðar, sem neytti ekki áfengis.

Auðvitað eru ekki allir Kára líkir, og fæstir jafnmiklir snillingar og Gladstone. Skotaskuld ætti þó engin að verða úr þessu, því að þótt þjóðin íslenzka sé fátæk og miklar kvaðir hvíli á henni, þá verða henni þó byrðarnar léttbærari en öðrum þjóðum flestum, fyrir þá sök, að ekkert hefir hún að segja af kostnaði þeim hinum mikla, er allmörgum öðrum þjóðum háir svo mjög, en það er herkostnaðurinn. Sá kostnaður nemur víða helmingi, sumstaðar miklu meira en helmingi af ríkistekjunum, ef með eru taldir vextir af ríkisskuldum, sem stafa langmest af hernaði og vígbúnaði.

Fylgjendur þessa máls og frumkvöðlar leggja öruggir og ókvíðnir útí þetta, en varlega hefir þó verið farið að öllu. Fresturinn er tiltekinn hátt upp í 3 ár, til þess að nægur tími vinnist til að gera fulla skipun á skattamálum landsins. Og því ætti að verða lokið 1911. Ef þingið 1911 skyldi ekki geta aflokið skattamálum, þá mætti færa tímabilið (frestinn) lengra fram. Við höfum tiltekið áramótin 1911—1912, en hinsvegar mætti þetta vel orðast þannig, að fresturinn skyldi útrunninn, þegar skattamálunum væri komið í kring. En þjóðinni er það áhugamál, að lögin öðlist gildi sem allra fyrst, og fyrir því þótti ekki hlýða að hafa frestinn lengri en til nýárs 1912.

Eg vil svo, að umræðum loknum, leggja til, að málinu sé vísað til 7 manna nefndar, er taki það til gaumgæfilegrar íhugunar.

Ráðherrann (H. H.): Háttvirtur flm. þessa frv. (B. J.) leit svo á, að aðalmótbáran gegn aðflutningsbanninu væri sú, að tekjumissirinn yrði landssjóði of tilfinnanlegur, hræðslan við það, að bannið hyggi svo stórt skarð í tekjur landssjóðsins, að erfitt myndi úr að bæta. Eg skal játa að skarðið yrði að vísu stórt, er alls vínfangatollsins misti við, en mér virðist það þó enganveginn skifta mestu máli. Úr því yrði tiltölulega hægt að bæta og þyrfti ekki til þess neina sérstaka fjármálasnilld.

Á fjárhagstímabilinu 1906—1907 var vínfangatollurinn 427 þús. kr. En á sama fjárhagstímabili var flutt svo mikið af kaffi og sykri til landsins, að með 4 aura viðbót við tollinn á pundinu af hvoru um sig, mundi hækkunin á kaffi- og sykurtolli hafa numið yfir 413 þúsundum króna, svo að með því að færa kaffitollinn upp í 17 aura og sykurtollinn upp í $10^1/_2$ eyri á pundi, ætti að fást alt að því sama upphæð eins og vínfangatollinum nemur, ef aðflutningurinn minkaði ekki að mun, sem naumast mundi verða. Þetta væri engin frágangssök, og mætti ef til vill jafnvel hafa hækkunina enn þá meiri. En þess ber vel að gæta, að þó að það gæti lánast, að velta þannig vínfangatollinum yfir á alla

kaffi- og sykurnotendur í landinu, svo að landssjóðurinn misti einskis í, þá mundi þó gjaldendur landsins og landið sem heild skaðast á þeim skiftum í peningalegu tilliti, auk þess sem gjaldið kæmi miklu ránglátlegar niður. Það er síður en svo, að alt það áfengi, sem til landsins flytst, sé keypt og drukkið af íslenzkum gjaldendum. Vínföng eru nálega hin eina tollvara, sem útlendingar, sérstaklega hinn útlendi fiskimannalýður, kaupa hér að nokkrum verulegum mun; og það er eigi all-lítið sem þeir kaupa af vínföngum, og borga tollinn af. Sá tollur er nálega eina gjaldið, sem útlendingar greiða í landssjóðinn, því tóbak munu þeir oftast hafa með sér, og ekki gera þeir hér þungavöruinnkaup á kaffi og sykri. Upphæð, sem svarar tollinum af öllum öl- og vínföngum, sem útlendingar kaupa hér við land, mundi því blátt áfram bætast við skattgjald innlendra gjaldenda, landið tapaði þeim peningum alveg.

Nú veit eg, að bannmenn segja, að landið mundi á annan hátt spara sér svo mikið fé við það að hætta vínfangakaupunum, að þetta mundi margsinnis borga sig, og landið yrði þeim mun færara um að borga aukin gjöld. En hér við er það að athuga, að menn gera sér alment rangar hugmyndir um það, hvað vínfangakaupin kosta landið í raun og veru, og skýrslur og fortölur bannformælenda um þetta eru mjög svo villandi, er þeir segja að Íslendingar kasti á glæ allri þeirri upphæð, sem aðfluttu vínföng kosta samkvæmt verzlunarskýrslunum. Því verzlunarskýrslurnar miða vtð útsöluverð hér á landi, og þar er meðtalinn tollur, starfslaun og ágóði, sem eftir verður í landinu. Það, sem landið eyðir við áfengiskaupin, er að eins innkaupsverð vörunnar, að viðbættum flutningskostnaði, ef varan er flutt í útlendu skipi. Til þess að skýra hvað þetta hefir að þýða, skal eg taka til dæmis þá áfengistegundina, sem langmest er flutt af og langmest munar um tollinn af. Það er brennivínið. Árið 1907 fluttist af dönsku brennivíni um 300 þúsund pottar, miðað við 8° styrkleika. Eftir verzlunarskýrslunum mun verðið á þessu nema hér um bil 340 þúsund kr., og samkvæmt kenningum bannformælenda ætti því landið að hafa fleygt í sjóinn þessari upphæð fyrir brennivín. En sannleikurinn er sá, að af þessum 340 þúsundum kr. renna 156,000 kr. í landsjóðinn sem tollur, er landsmenn annars þyrftu að greiða á annan hátt, 100—110 þúsundir eru ágóði, starfslaun og því um líkt, er kemur landinu til góða, en út úr landinu fer að eins 70—80 þúsund kr. af allri upphæðinni, sem brennivínið kostar í útsölu. Það er mjög sennilegt, þó að eg geti ekki sannað það nú, að vínfangatollurinn, sem útlendingar borga, nemi fullkomlega þeirri upphæð, sem öll innflutt vínföng kosta utanlands í innkaupum, svo að bann gegn innflutningi áfengis mundi ekki spara landinu í heild sinni neitt fé í aðra hönd, í öllu falli þyngjast gjöldin á þeim, sem hingað til ekki hafa keypt áfengi. og missir vínfangatollsins verður að skoðast sem fjárhagslegt tjón fyrir gjaldendur landsins.

En þetta fjárhagslega tjón er þó lítilsvirði í samanburði við annað og meira tjón, er af aðflutningsbanni getur hlotist fyrir verzlun landsins og viðgang þess, og skal eg nefna þess nokkur dæmi.

Það er kunnugra en frá þurfi að segja, að saltfiskur er aðal-útflutningsvaran héðan, og að Spánn er aðalmarkaðurinn fyrir þá vöru. Það er

því deginum ljósara, að það er eitt af fjárhagslegum lífsskilyrðum þessa lands, að eiga sér þar viðskifti trygð. Með verzlunarsamningi milli Danmerkur og Spánar 4. júli 1893, sem birtur er á Íslandi með stjórnarauglýsingu 9. nóv. 1894, er Íslandi meðal annars trygt það, að ekki verði á Spáni eða í spánska ríkinu lagt annað eða hærra aðflutningsgjald á íslenzkan saltfisk eða sjávarafurðir aðrar, en lagt er eða lagt verður á samskonar afurðir frá hverri annari þjóð, með öðrum orðum, að engri þjóð geti orðið ívilnað á Spáni í þessu tilliti, nema Ísland verði jafnframt ívilnunarinnar aðnjótandi, svo að vér þannig njótum þess, sem aðrar þjóðir, t. d. Norðmenn, leggja í sölurnar til þess að fá góð kjör fyrir sinn saltfisk, að á afurðir héðan verði ekki lagður hærri bæjartollur eða neyzlugjald (accise eða consumptions-gjald), heldur en á samskonar vöru, sem framleiddar eru þar í landinu sjálfu, að eigi megi leggja á vörur, sem héðan eru fluttar, svo nefndan »surtaxe« (aukatoll), hærri en lagður er á samskonar vörur, er til Spánar eru fluttar á spönsku skipi, og að saltfiski, sem héðan er fluttur beina leið til Spánar, þurfi eigi að fylgja skírteini um það, hvaðan hann sé (upprunaskírteini) o. s. frv. En meginatriði samningsins, sem alt hitt grundvallast á, er ákvæðið í 1. gr. hans, að verzlunin milli landanna skuli vera frjáls. Þetta er skilyrðið fyrir hinu. Nú er vín og vínföng, sem er algeng og viðurkend verzlunarvara um allan hinn mentaða heim, eitt af helztu aðalafurðum Spánar og spanska ríkisins, eins mikilsverð útflutningsvara að sínu leyti fyrir það land, eins og saltfiskurinn fyrir Ísland. Sé nú bönnuð hér verzlun eða jafnvel allur aðflutningur hingað til lands á þessum aðalafurðum Spánar, þá er viðbúið, að Spánverjum þyki illa haldið við sig hið fyrsta meginatriði samningsins, loforðið um frjálsan markað fyrir afurðir beggja landanna og telji sig lausa allra mála um hitt annað. Ef því frv. þetta eða eitthvað þessu líkt er knúð fram, á Ísland það bersýnilega á hættu, að Spánverjar láti fyrst sendiherrann í Kaupmannahöfn mótmæla lögunum, og heimti að minsta kosti undanþágu fyrir spönsk vín, og ef vér skipumst ekki við það, taki til að gjalda líku líkt, og nota venjuleg »repressalia«, annaðhvort íþyngi íslenzkum varningi með tollum eða hefti innflutning hans.

Nú má að vísu segja, að vínverzlunin við Ísland sé svo lítil fjöður á hatti Spánar, að Spánverjar muni ekki láta sig þetta neinu skifta, svo að samningsrofið muni slampast af óátalið. Það er satt að vísu, að aðflutningur víns beina leið frá Spáni hingað er óverulegur, og er það bein afleiðing af því, hvernig siglingum háttar. En hitt mun á hinn bóginn víst að það, sem hingað flytst frá Danmörku af svo nefndum »heitum vínum« Sherry, Portvín, Madeira o. fl., það stafar mestmegnis frá Spáni eða spönskum löndum. Það eru spanskar afurðir, sem þá missa markað, ef markaðinum hér er lokað, og nam verð þessa varnings, eftir verzlunarskýrslunum 1906 30—40 þúsund krónum. Það er bersýnilegt, að ef Ísland á fyrir hendi að eflast og þróast, eins og vér vonum, svo að íbúatalan margfaldist frá því sem nú er, þá vex verzlunin ekki hvað sízt, og getur vínverzlunin við Ísland þá munað Spánverja miklu meira síðar en nú, og þeim orðið meiri eftirsjá í henni.

Aðalatriðið er þó það, að hér er um grundvallarreglu (princip) að ræða, sem þjóðirnar sjaldnast þola að brotið sé móti, og gæti dregið dilk eftir sér fyrir vínlöndin gagnvart stærri þjóðum,

ef slík afbrigði leyfast einu landi, þótt lítið sé. Vér sjáum á reynslu síðustu ára, hve afarviðkvæmir Frakkar hafa verið gagnvart minni háttar tollhækkunum á víni bæði í Danmörku og í Noregi, þannig að ströngustu mótleikum hefir verið beitt eða hótað, neitun lánsfjár úr frönskum bönkum til Danmerkur, banni gegn sölu norskra ríkisskuldabréfa á Frakklandi o. s. frv. og vitum vér, að bæði Danir og Norðmenn hafa orðið að láta undan síga. Noregur hefir og áður fengið að kenna á vilja Spánar í þessu efni og orðið að taka tillit til hans, til þess að varðveita fiskmarkað sinn, og er það lausavon ein, að Spánverjar mundu verða oss hýrari í horn að taka til langframa, er þeir fá vitneskju um, að hér sé lögleitt algert bann gegn aðalvarningi þeirra. Ef við gerum þetta frv. að lögum, eigum við því á hættu, að þurfa að kippa þeim lögum snögglega úr gildi aftur, eða sæta kostum, sem yrði landi voru og öðrum aðalatvinnuvegi þess til afarmikils tjóns.

Þetta er nú ein hættan, sem af frv. stafar, en þær eru miklu fleiri. Eg vil að eins lauslega drepa á hættu þá, sem af því getur stafað fyrir þjóðarálit vort í öðrum löndum. Það er bersýnilegt, að útlendingar, sem skynja þau óþægindi, sem því hljóta að vera samfara, að örlítil þjóð taki sig út úr almennum viðskiftum og frjálsri verzlun við önnur lönd, munu ósjálfrátt hugsa sem svo: »Hvað gat komið þessari fámennu þjóð til að taka til slíkra örþrifaráða? Ekki getur það verið gert að eins til þess að ganga á undan öðrum þjóðum með góðu eftirdæmi! Auðvitað hlýtur að valda því hin brýnasta nauðsyn, það hlýtur að hafa verið lífsskilyrði fyrir þjóðina að hefta allan vínflutning til landsins, til þess að verja sig glötun. Þjóðin hlýtur að vera svo skrælingjalega ístöðulaus og hneigð til ofdrykkju, að þetta hefir þótt einasta ráðið, sem dygði til þess, að bjarga henni«. En mér er spurn: Eigum við slíkt Eskimóa-orð skilið. Eru Íslendingar þeir ræflar, að þeir geti ekki haft vín skynsamlega um hönd, eins og aðrir siðaðir menn? Eg neita því hiklaust fyrir þjóðarinnar hönd; það er ástæðulaus móðgun við íslenzku þjóðina, að gera henni slíkar getsakir. Hún kann eins vel að stjórna sér í þessu efni, eins og hver önnur þjóð, og alment er vín misbrúkað hér miklu minna en í mörgum öðrum löndum. Það væri því hart fyrir þjóðina, að liggja undir því, að slíkt orð legðist á hana, henni til skammar og skaða. Menn mega ekki misskilja mig svo, að eg telji það réttmætt, að draga slíkar ályktanir, þótt innleitt væri aðflutningsbann; en því ber ekki að neita, að jafnskaðleg og hættuleg gæti slík skoðun verið áliti voru í öðrum löndum, hversu óréttmæt sem hún í raun og veru væri.

Þá er að geta þess, að aðflutningsbann mundi skaða landið sem ferðamannaland. Hingað koma þegar allmargir ferðamenn og dvelja sumir alllengi og ferðast um til að skoða landið; þessir menn eru nær undantekningarlaust heldri menn, vanir því að hafa það viðurværi, er þeim líkar bezt, borða það sem þeim sýnist og drekka það sem þeim þóknast, yfir höfuð að hafa persónulegt frelsi. Það er hætt við, að t. d. frjálsbornum Englendingum mundi bregða í brún, er þeir kæmu hér og fengju að vita, að þeim væri með lögum bannað að neyta þess, sem þeir eru vanir við frá æsku, og frjálslega geta neytt, hvar sem vera skal annars staðar í veröldinni. Það er sennilegt, að þeir mintust þess, að »víðar er guð en í Görðum« og bæðu

þetta land vel að lifa með þvingunarlögum sínum og lögákveðnu matarhæfi. Hitt ætti þó að vera lýðum ljóst, að það getur haft afarmikla þýðingu, að hæna ferðamenn að sér, ef menn trúa því, að Ísland hafi skilyrði fyrir því, að geta með tímanum orðið eftirsótt ferðamannaland. Lítum á lönd eins og Sviss og Týrol, hvílíkt ógrynni fjár ber eigi ferðamannastraumurinn inn í lönd þessi árlega? Náttúrufegurð þeirra landa er viðbrugðið; en náttúrufegurð Íslands er líka mikilfengleg; vér eigum líka tignarleg fjöll, sólglæsta jökla, og kraftþrungna fossa, og ferðamönnum hefir yfirleitt getist mæta vel að loftslagi og landsháttum, til þess að taka sér hér hressandi sumarsprett. Náttúruskilyrðin eru fyrir hendi, og það ætti að mega eiga von á vaxandi ferðamannastraum, þrátt fyrir það, hve öllu því, sem menn geta í té látið annars staðar, er ábótavant hér enn þá, ef vér ekki bolum vora útlendu vini frá oss með illum viðtökum og óviturlegum lögum. En eftir þessum lögum er svo langt frá því, að ferðamenn gætu keypt sér hér það, sem þeir eru vanir að nota til daglegrar neyzlu, að þeir fengju ekki einu sinni að neyta hér þess forða, sem þeir hefðu með sér heiman að; það yrði blátt áfram tekið af þeim eins og óvitum, og þeir ættu jafnvel á hættu að komast í tukthúsið, ef þeir leyfðu sér, að taka með sér eitthvað, sem er fyrir ofan áfengistakmarkið, neyta þess sjálfir eða gefa kunningja sínum hressingu! Það er hætt við, að þeir yrðu fáir, heldri manna og dugandi drengja, sem leituðu sumarhressingar í landi, þar sem slík lög væru í gildi, nema þá til þess að láta, sem þau væru ekki til.

Já, láta sem lögin væru ekki til. Það er auðvitað úrræði, sem nota má og það er sannast að segja, að allir þeir annmarkar, sem eg hefi drepið á eru litlir hjá því aðalatriði, að öll framkvæmd laganna hlýtur að fara í mestu handaskolum. Eg fæ ekki séð, að á hinni löngu, strjálbygðu strandlengju vorri sé unt að hafa nokkurt markvert eftirlit með því, að ekkert áfengi flytjist inn í landið. Til þess þyrfti mörg hundruð sinnum meira lögreglulið en vér nú getum áskipað, og við þeim kostnaði mætti landssjóður ekki. Og hversu góð, sem lögreglan væri, þá mætti alt af búast við sífeldum brotum á lögum eins og þeim, er þetta frumvarp fer fram á. Það er að vísu ekki unt að skírskota í þessu efni beint til reynslu annara landa, því að lög eins og þetta eru óþekt alstaðar um víða veröld, þau eru eins dæmi, sérstök í sinni röð. En alstaðar í siðuðum löndum, þar sem reynt hefir verið að beita lagaþvingun í þá átt að hefta áfengisnautn, hefir það komið í ljós, að lögin ná ekki tilgangi sínum, að þeim er traðkað leynt og ljóst, yfirhylming, yfirdrepsskapur og alls konar undanbrögð þrífast, vitni muna ekki, lögreglumenn sjá ekki, dómarar skilja ekki og gróðavonir uppljóstursmanna og mútuþega togast á. Að slíkri niðurstöðu komst nefnd sú, sem sett var í Bandaríkjunum fyrir nokkrum árum til þess að rannsaka áhrif bannlaga eða takmörkunarlaga, er þar höfðu verið sett í ýmsum ríkjum, og er hún eigi glæsileg. Það er naumast efi á því, að líkt mundi ekki síður verða uppi á teningnum hér hjá oss, ef vér færum að samþykkja slík lög sem þau, er hér eru á ferðinni.— Þau mundu framkalla lagabrot á lagabrot ofan, og stjórnarvöldin vera alveg máttlaus til þess að halda lögunum í heiðri og fylgja þeim fram. En að hafa í landi lög, sem gefa tilefni til

sifeldra, daglegra lagabrota, sem ekki er hægt að hafa hemil á, er og verður siðspillandi og eitur fyrir hugsunarhátt þjóðarinnar. Það er þessara laga siðferðislega fylgja, og væri þá illa.

En ekki nóg með það, að lögin hefðu alment siðferðislega ill áhrif á landsmenn, heldur mundi sjálf bindindishreyfingin og bindindisfélögin leggjast niður, því að í landi þar sem það er lagabrot að neyta áfengis, — gæti sá félagsskapur — félagsskapur um að neyta ekki áfengis — ekki haldist né haft opinberan tilverurétt, fremur en félagssamtök um að brjóta ekki önnur hegningarlög landsins, drekka ekki eitur eða þviumlíkt. Nú er alkunnugt, hve miklu, góðu og þarflegu þessi félög hafa til leiðar komið, að því er snertir skoðun manna á ofdrykkju og drykkjuskap yfir höfuð, hve mjög þau hafa umsteypt tíðarandanum í því tilliti, og vil eg sérstaklega leggja áherzlu á það, að æskulýðnum hafa þau innrætt það rækilega, að áfengisnautn væri óholl, og þannig valdið því, að margir af uppvaxandi æskulýð hafa alist upp við fullkomið bindindi frá blautu barnsbeini, þrátt fyrir það, að áfengissala og áfengisnautn hefir verið frjáls og framkvæmd af öðrum. En eg er hræddur um, að þegar bindindisfélögin legðust niður mundi þetta smámsaman gleymast æskulýðnum. Hann mundi heyra, að í öllum öðrum löndum væri freyðandi bjór og blikandi vín, sem menn drykkju og yrðu glaðir við og hreifir; að eins á Íslandi væri slíkt með þvingun fyrirmunað. Þeir mundu því eðlilega venjast við að skoða það sem »forboðna eplið« girnilegt til fróðleiks, og þegar þessir ungu menn kæmu til útlanda og færu að neyta þessa nýnæmis, sem ekki fengist í fósturlandinu, þá væri þeim miklu hættara að falla flatir fyrir ástriðunum en mönnum, sem vanir eru við freistinguna. Þeir mundu vart verða eins sterkir á svellinu, eins og þeir, sem vanir eru við að halda hóf eða bindindi innan um áfengisnautn og þrátt fyrir lagaleyfi.

Eg veit ekki betur en að hér sé verið að brjóta upp á spánnýrri tilraun, sem hvergi hefir verið gerð annarsstaðar í heiminum jafn freklega. Eg veit, að formælendur aðflutningsbannsins hafa ótæpt haldið því að þjóðinni, að aðflutningsbann væri reynt í Bandaríkjunum, og hefði gefist vel. En þetta er ekki rétt. Í nokkrum fylkjum í Bandaríkjunum hefir verið reynt vínsölubann, en aðflutningsbann sem það, er hér ræðir um, hefir aldrei verið framkvæmt þar. Eg held að það sé ekki holt voru fámenna þjóðfélagi að láta hafa sig eins og nokkurskonar tilraunadýr, ef svo mætti að orði kveða. Öllum ætti að liggja heill Íslands svo þungt á hjarta, að þeim ætti að rísa hugur við að tefla hagsmunum þess og framtíð út í aðra eins óvissu, fyrir tómt hugsjónafum, sem ekki er nema bóla, sem blæs upp og hjaðnar. Því það er víst og satt, að eins holl og góð eins og sú hreyfing er, að innræta mönnum siðgæði, hófstilling og sparneytni, eins óholl og óeðlileg er hver ofstækis- og öfgahreyfing. En slíkar hreyfingar koma alt af við og við, og ganga yfir löndin eins og sóttnæmur sjúkdómur; það er eins og þær læsi sig hug úr hug, sýki mann af manni, en svo smáhjaðna þær aftur, og eftir verður að eins endurminning sögunnar um gauraganginn. Sem dæmi vil eg að eins nefna galdrabrennuhreyfinguna. Vér vitum hvernig hún á sínum tíma gagntók hugi manna og hjörtu, svo að engir þorðu í móti að

mæla. Líkt var um ýmsar aðrar ofstækisöldur, sem yfir hafa gengið og aftur horfið, og svo verður og um bindindisofstækið fyr eða síðar. Það er eitt óbrigðult einkenni á öllum ofstækishreyfingum, að þeim fylgir svo mikil hjartveiki og hræðsla, að fjöldi manna, sem í hjarta sínu hefir óbeit á þeim, þorir ekki annað en að fylgjast með og tjá sig samþykka. Einhvers svipaðs kennir í aðflutningsbannshreyfingunni hér, og það mun vera talsverður fjöldi manna, sem fylgja aðflutningsbanni af því þeir þora ekki annað, halda að hitt verði lagt sér til lasts eða komi sér í koll á einhvern hátt eða þá þeir verða svo ofurliða bornir af ákefð og ofstæki hinna trúuðu, að þeir þora ekki að trúa rödd sinnar eigin skynsemi og leiðast blint, þó að þeir skilji ekki. Það hlýtur því eftir hlutarins eðli að vera harla lítið að marka almenna atkvæðagreiðslu um slík faraldsmál, meðan sýkin stendur yfir; það er hætt við að slíkt sanni lítið til eða frá um réttmæti hreyfingarinnar.

Að því er snertir atkvæðagreiðsluna í haust er var um þetta mál, skal eg taka það fram, að þó að talsverður meiri hluti greiddra atkv. yrði með aðflutningsbanni, þá var hann þó alls ekki eins mikill og ráð var fyrir gert, er fyrst var farið að hreyfa því að leita atkvæðis þjóðarinnar um málið. Þá var fyrst gert ráð fyrir $^4/_5$ hlutum, síðar $^2/_3$ atkv. allra kosningabærra manna í landinu. Nú vilja menn láta sér nægja tæpa $^3/_5$ af greiddum atkv., sem hvergi nærri nemur helmingi allra atkvæðisbærra kjósenda landsins.

Ef atkvæðagreiðslan á að sýna, að sýna, að rétt sé, vegna vilja mikils meiri hluta þjóðarinnar, að leggja óeðlileg höft á persónufrelsi minni hlutans, þyrftu miklu fleiri að hafa greitt atkv., en gert hafa og miklu fleiri með banninu, en raun hefir á orðið.

Þrátt fyrir atkvæðagreiðsluna getur meiri hluti þjóðarinnar verið á móti algerðu banni, og í öllu falli er alsendis óvíst, að meiri hluti þjóðarinnar vilji hafa önnur eins lög og þessi. Þvert á móti; margir sem eru með bannlögum telja þessi lög óhafandi. En óvíst er það, að atkv. hefði fallið eins, hefði málið verið upplýst jafnt frá báðum hliðum. En því fór mjög fjarri.

Eg hefi bent á hættu þá, sem stafað geti af lagabanni þessu, að því er snertir markaðinn fyrir íslenzkan fisk á Spáni — hættu, sem fæstir af þeim, sem atkvæði greiddu í haust, munu hafa gert sér ljósa grein fyrir. Eg skal eigi fara fleiri orðum um það að sinni, en það hygg eg eigi of mikið sagt, að hyggilegast væri að láta mál þetta bíða og liggja í þagnargildi að minsta kosti þangað til hinn nýi ráðherra Íslands hefir leitað sér fullnægjandi upplýsinga um það, hvernig Spánverjar mundu taka lögum eins og þessum. Það ætti að vera þeim viðtakandi ráðherra því ljúfara, sem það gæti verið óþægilegt fyrir hann að þurfa að byrja starf sitt á því, að undirskrifa staðfestingarsynjun eða að gefa út bráðabirgðalög um að nema lögin aftur úr gildi, til þess að bjarga landinu frá fjárhagslegu tjóni, sem það má ekki við.

Jón Jónsson (S.-Múl.): Þótt eg sé á móti þessu máli í heild sinni, er það ekki af því, að eg ekki álíti sjálfsagt að sporna á móti áfengisnautninni. Það er afarnauðsynlegt, það skal eg viðurkenna, en þau ráð, sem hér er farið fram á, eru svo frekleg, að eg get ekki varið það fyrir sjálfum mér að gefa þeim atkvæði mitt og það því fremur, sem eg er sannfærður um, að

þessum lögum með öllum sínum harðúðar- og harðneskjuákvæðum mun ekki takast að ná tilgangi sínum.

Það er víst hvorki létt verk né vinsælt, sem eg tekst á hendur, þegar eg nú stend upp til að mótmæla þessu máli, því að undir það eru runnar óvanalega rammar stoðir. Sterkasta félag landsins hefir unnið að því árum saman, fjárveitingarvaldið hefir veitt fé til agítatíónanna, og á marga vegu hefir verið unnið að því að setja það í allra fremstu röð þjóðmála vorra. Þeir sem hafa verið svo djarfir að mæla móti því í blöðum eða á annan hátt opinberlega, hafa þegar verið æptir niður og flestir, sem líka skoðun hafa og eg virðast kjósa að þegja og láta sín sem minst við getið. Það er líkt og með kvenréttindamálið og átrúnaðinn á praktiska og pólitiska þýðing Gamla Sáttmála. Að hafna átrúnaðinum á þetta þrent er hin versta goðgá. Þessi mál má ekki gagnrýna né skýra nema á einn veg.

En eitt getur okkur víst öllum komið saman um, og það er þetta, að hér er um stórmál að ræða, er samkvæmt eðli sínu hlýtur að koma víða við og þarf því að skoðast frá ýmsum hliðum. Það snertir fjárhag vorn, menning og siðferði, og nú vil eg fara nokkrum orðum um hverja þessa hlið, eins og þær koma mér fyrir sjónir við hugleiðing þessa máls.

Það er þá fyrst fjárhagshliðin.

Að undanförnu hefir aðflutningstollur af vínföngum og ölföngum verið ein með drýgri tekju-uppsprettum landssjóðsins. Þessi lind hlýtur auðvitað að þorna, þegar þetta frumvarp verður að lögum og hefir fengið gildi. Ekki má landssjóðurinn við því að missa þetta fé, því að þá yrði óþægileg eyða í hann, og vér verðum að fá það fé á annan hátt, þegar þessi lind er byrgð. Auðvitað er þessu fljótsvarað með því að segja, að ekki verði torveldara að borga sem svarar tollinum í landssjóðinn, heldur en að borga líka verð vínsins fyrir utan tollinn. Teóretiskt er ekki hægt að mótmæla þessu, en í framkvæmd kynni það þó að reynast dálitið óþægilegt, og víst er það, að ráð verður að finna til að auka tekjurnar á annan veg, er tollurinn hverfur. Endurskoðuð skattalöggjöf mun sjá fyrir þessu, munu menn segja, og er vonandi að svo reynist. Og eg skal fúslega játa, að í þessu felst engin veruleg mótbára móti aðflutningsbanninu.

Því er auðvitað haldið fram, að vér mundum spara fé með því að hætta algerlega við að flytja inn vínföng, og hefi eg oft heyrt gert mikið úr þeim sparnaði. En fyrst er þó þess að gæta, að töluvert mun eftir sem áður verða flutt inn með lagabrotum, og í öðru lagi þess, að oft hefir verið gert langtum of mikið úr því, hve miklu fé vér eyðum í að kaupa vínföng frá öðrum löndum. Og hvað er það nú í raun og veru mikið, sem vér borgum árlega út úr landinu fyrir vínföng og ölföng?

Það er auðvitað ekki rétt að taka sem dæmi upp á þetta síðustu árin, árin 1906 og 1907, þegar kaupfýsi Íslendinga hefir staðið sem hæst, því að þá stóð nokkuð sérstaklega á. Þau ár eru því ekki »normal«, ekki meðalár. Eg hefi athugað árin 1904 og 1905 og eftir því sem landshagsskýrslurnar skýra frá, hafa verið keypt vínföng fyrir í alt 1 miljón 82 þúsund krónur. Telji maður nú, að vínsalarnir hafi 40% af sölunni og það er víst ekki of hátt talið og dragi það frá — því að það fer þó ekki út úr landinu, er innlendir veitinga- og vínsölumenn græða — verða 772 þús. eftir. Dragist þar frá

tollur og borgun fyrir vínsöluleyfi, sem vera mun 360—370 þús. verða rúm 400 þús. kr. í tvö ár, það er rúmar 200 þús. kr. á ári.

Nú er eftir alt það vín, sem útlendingar drekka og það eru þær víntegundir, sem kaupmenn hafa einna mestan hagnað af. Ef vér gerum ráð fyrir, að þeir bruki 1/5 af víni því, sem flytst til landsins — eg hefi borið þá tölu undir ýmsa menn, þar á meðal kaupmenn og hafa þeir talið það mjög sennilegt — þá væru það rúmar 100 þús. kr., sem útlendingarnir borguðu, því að auðvitað borga þeir ætíð allra hæsta útsöluverðið, en Íslendingar borga sjálfir í raun og veru ekki nema 100 þús. kr. úr sínum vasa til útlanda fyrir áfengi, ekki nema rúm króna á hvert mannsbarn á landinu og sú þjóð, sem ekki ver meiru til áfengisdrykkju er engin drykkjuþjóð. 100 þús. er auðvitað talsverð upphæð — því skal ekki neita, — en þó ekki svo mikil, að vert sé að rísa á móti henni með slíkum harðúðarákvæðum, Þessar tölur mínar mættu ef til vill verða til að skýra þá fjárhagslegu hlið málsins og sýna fram á, að ummæli aðflutningsbannsmanna og fjálgleikaræður um þann mikla fjáraustur út úr landinu til vínkaupa á ekki við svo mikil rök að styðjast.

Þá skal eg snúa mér að menningarhlið málsins. Það hefir verið barist hér af miklu kappi á móti ofdrykkju og áfengisnautn yfir höfuð. Í þeirri baráttu hefir Good-Templarareglan átt mestan og beztan þátt og fyrir það ber henni miklar þakkir. Hún hefir unnið það þrekvirki að breyta hugsunarhætti almennings til hins betra í þessu máli og gert margan ofdrykkjumanninn að frjálsum og sjálfstæðum manni. Þetta göfuga og þjóðvæga starf reglunnar og annara bindindismanna hefir dregið ákaflega úr vínkaupunum.

Í þessu sambandi er nauðsynlegt að gefa gætur að því, að þennan tíma, sem bindindishreyfingin hefir starfað eða síðan um 1880, hefir verzlun landsins vaxið afarmikið. Kaup á öllum útlendum varningi hafa vaxið feikilega, og þá ekki hvað sízt kaup á munaðarvöru. Kaffikaup hafa t. d. vaxið um þriðjung og sykurkaup hafa þrefaldast. Hefði ekki bindindishreyfingin verið er óhætt að telja líklegt, að vínfanganautn mundi hafa vaxið nokkurnveginn að sama skapi. En hvernig er það í raun og veru? — Brennivínsnautnin hefir á þessum sama tíma minkað um 1/4, og nautn annara vína um 1/5, og sé miðað við það, hve mikið nautn annarar munaðarvöru hefir vaxið á sama tímabili, verður niðurstaðan sú, að hefði bindindishreyfingin ekki unnið á móti vínnautninni að undanförnu, þá hefðum vér nú neytt helmingi meira víns, en vér í raun og veru gerum. Þetta er fagurt — þetta er þrekvirki. Já, G.-T. reglan hefir unnið mikið og gott verk að meining vorri. Hún hefir sýnt það öllum öðrum félagsskap betur, hvað samvinna og samheldni hinna mörgu megnar mikils, þegar allir leggjast á eitt, og má þar meðal margs annars benda á þær tiltölulega mjög vönduðu byggingar, sem félagið hefir reist á ýmsum stöðum.

En stærsta afrek félagsins í menningaráttina, og sem eg kalla kraftaverk, er það, hvað félaginu hefir tekist að gerbreyta hugsunarhætti almennings, að því er snertir dykkjuskap. Nú er svo komið, að varla mun nú sá unglingur vera til, sem ekki veit það og finnur, að hann má ekki drekka sig fullan, að það er bæði skömm og skaði,

og þar með hefir félagið unnið hið göfugasta og þarfasta verk, og nálgast sitt eigið markmið á hinn fegursta hátt og með hröðum skrefum, því að næsta ólíkur þessu var hugsunarháttur manna fyrir 30—40 árum, og veit eg að allir þeir þm., sem teknir eru að eldast, munu sanna þetta með mér. Þá þótti það lítilmenska eða sérvizka ef unglingar, jafnvel milli fermingar og tvítugs gátu ekki »verið með«, og engin eiginleg skömm þótti það, að vera fullur og með hávaða á almannafæri. Þessi breyting er að mestu verk G.-T.-reglunnar. Þessi aðferð, að verka á hugsunarháttinn hefir tekist svona vel.

En nú á að snúa við blaðinu.

Eg skal ekki fara mörgum orðum það, hvað framkoma þessa bannlagafrumv. ber vott um. Næst liggur að ætla, að nú sé þetta félag, sem hingað til hefir barist með svo miklum eldmóði og áhuga og orðið svo vel ágengt, að gefast upp í baráttunni. Félagið flýr nú til löggjafarvaldsins og biður það að taka við starfinu af sér, og ætlast til að þetta fagra starf sé framvegis falið lögreglumönnum og njósnurum, og frumv. með sínum háu sektarákvæðum og uppljóstrunarákvæðum skapar nýjan, næsta fjárvænlegan atvinnuveg fyrir njósnara og uppljóstrarmenn. —

Enn er eitt, sem eg vil telja að snerti menningarhlið þessa máls, og það er í mínum augum jafnvel hið allra versta og hættulegasta við þessa löggjöf,

Setjum svo að frumv. nái fram að ganga og verði að lögum, og setjum ennfremur svo, að tilgangurinn náist og ekkert áfengi komi til Íslands. Útanfarir ungra manna til ýmiskonar náms og frama eru mjög að tíðkast, og að líkindum aukast þær, en minka ekki, enda er þess full þörf. Hæstv. ráðherra benti til þess áðan, hvaða augum þeir mundu, þegar fram líða stundir, líta á þetta einræningslega löggjafarstarf vort, forfeðra þeirra. En eg vil halda þessari hugsun nokkuð lengra áfram. Það mundi fara svo eftir eina eða tvær kynslóðir, að óttinn og hryllingurinn fyrir áfengisbölinu mundi verða horfinn úr þjóðarmeðvitundinni, og hvað er þá líklegra, en að þessir niðjar vorir, sem fengið hefðu sinn menningarþroska erlendis, og þá réðu lögum og lofum á landi hér, mundu telja sér skylt að nema þessi bannlög, þetta skrælingjamerki af þjóðinni? — Og hvernig færi þá? Ætli það gæti ekki orðið líkt því, þegar áfengir drykkir hafa verið fluttir inn til þeirra þjóða, sem áður höfðu ekki til þeirra þekt? — Afleiðing þess hefir, eins og allir vita, orðið sú, að þeir aumingja menn hafa fallið unnvörpum fyrir áfenginu, og heilir þjóðflokkar eyðilagst, og þetta, sem eg nú hefi drepið á, er í mínum augum hið versta og hættulegasta af öllu við þessa löggjöf.

Hvernig sem eg því velti þessu efni fyrir mér, þá get eg ekki komist að annari niðurstöðu en þeirri, að hér sé einmitt að ræða um verulegt spor aftur á bak frá sannri menning. —

Þá er síðferðishliðin.

Á þessu tímabili bindindishreyfingarinnar hefir löggjafarvaldið sett ýms ákvæði, til þess að sporna við frjálsri sölu áfengra drykkja. Sú hefir orðið afleiðing þess, að nú eru að eins fáir staðir á landi voru, þar sem heimilt er að lögum að verzla með áfengi. Þessi hlið blasir við öllum, og munu margir telja hana góða. En þetta hefir og aðra hlið, og hún er ekki jafn fögur. Leyni-innflutning, leynisölu og tollsvik hafa menn lært af þessu.

Fjöldi manna hefir tekið þátt í þessum lögbrotum beinlínis eða óbeinlínis, og allir þeir menn eru verri menn eftir en áður: þeirra siðferði hefir spilst. —

Verði nú þetta frumv. að lögum, mun freistingin til lögbrotanna margfaldast, því að mannlegu eðli er svo varið, að eftir því, sem fastar er reyrt, því ákafar brjótast menn um í böndunum. —

Það er algerlega röng uppeldisaðferð, bæði við unga og gamla, þjóðfélög sem einstaklinga, að taka freisingarnar af vegi þeirra með banni, og mun ávalt veikla siðferðiskraftinn, og það ekki síður, heldur einmitt miklu fremur, þegar hegningarákvæðin eru hörð og grimm, eins og á sér stað í þessn frv., þessum nýja Stóradómi. Allir kannast víst við sögurnar um Stóradóm gamla á 16. öldinni og afleiðingar hans. —

Eg nefndi áðan hina nýju atvinnu, sem verið væri að stofna hér, njósnaraatvinnuna, sem á að verða vel launuð, eins og sést af sektarákvæðum frumv. Þar er unnið að því, að efla það versta og ódrengilegasta í manneðlinu, beinlínis »spekúlerað« í því.

Verði frumv. þetta að lögum, þá bakar það oss allverulega fjárhagslega erfiðleika; það er spor aftur á bak, að því er menning snertir og hefir í sér fólginn reglulegan voða fyrir menning vora í framtíðinni, og það spillir mjög sönnum siðferðisþroska vorum. Fyrir þessu þykist eg hafa fært allgóð rök.

Eg hafði ætlað mér að minnast á enn eitt verulegt atriði þessa máls, nefnilega framkvæmdarhliðina, einkum um horfur málsins með tilliti til Spánarsamningsins. En eg get að mestu sparað mér það, því að hæstv. ráðh. (H. H.) hefir skýrt það svo vel. Þó vil eg benda á eitt. Mundi ekki geta farið svo, að svo yrði litið á hjá stjórninni í Danmörku, einmitt með tilliti til Spánarsamningsins, að hér væri farið út fyrir takmörk sérmálasvæðisins? — Þá mundi konungur synja lögunum staðfestingar, og ráðherra sá, er bæri málið fram, yrði að fara frá völdum. Stjórnarskifti svona hvað ofan í annað mundi enginn telja æskileg, og heldur ekki að gefa Dönum tilefni til að beita valdinu. —

Þingið á að fella þetta mál hiklaust, og reyna til að láta sem minst á því bera, að því hafi dottið í hug að setja svona lög. Sú niðurstaða væri langbezt fyrir alla, og þykist eg nú hafa gert grein og fært rök fyrir þesssari skoðun minni.

Eggert Pálsson: Eg er einn af flutnm. þessa frv., en eg get hæglega kannast við, að á því kunni að vera ýmsir gallar meiri eða minni. En eg hygg þó, að þeir séu flestir þess eðlis, að auðvelt verði að laga þá í nefnd, sem í málið verður að sjálfsögðu sett. En þótt eg sé einn af flutnm. frumv. ætla eg ekki að halda fyrir því langa meðmælaræðu, þess gerist ekki þörf. Það mælir að minni ætlun bezt með sér sjálft. Mál þetta hefir í raun og veru verið á dagskrá þjóðarinnar fullan aldarfjórðung. Og þessi aldarfjórðungs barátta hefir einmitt sýnt fleiri og fleiri mönnum ótvíræðilega, að bann þetta er með öllu nauðsynlegt. Bindindishreyfingin hefir bjargað mörgum manninum frá skipbroti á ólgusjó freistinganna, það er víst og satt. Hún hefir gerbreytt mjög hugsunarhætti þjóðarinnar. Þótt hún ætti hér á landi fyrst í stað allörðugt uppdráttar, þá eru nú flestir orðnir sammála um það, að hún hafi gert ómetanlegt gagn fyrir land og lýð. En þótt hún hafi þannig miklu og góðu til leiðar komið, þá

sýna skýrslurnar það ótvíræðilega, að mikils áfengis er enn þá neytt í landinu og að brýna nauðsyn beri því til að óhikað sé stefnt að aðaltakmarki bindindishreyfingarinnar: útrýmingu áls áfengis úr landinu. Þetta takmark hefir líka mikill meiri hluti þjóðarinnar viðurkent gott og gófugt. Með atkv.gr. 10. sept. hefir þjóðin sýnt, hvað hún vill að gert sé í þessu máli. Það er ekki rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að þá atkv.gr. hefði ekkert verið að marka, af því að menn hefði brostið þrek til að greiða atkv. á móti aðflutningsbanninu. Á slíku þreki þurfti alls ekki að halda. Við þá atkv.gr. gat hver einstakur látið sína eigin skoðun ráða fyrir sig, einmitt af því að atkv.gr. var leynileg. Og einmitt vegna þeirrar atkv.gr., verður að lögleiða aðflutningsbannið, hvort sem hinum einstöku fellur betur eða ver. Annað væri óafmáanleg lítilsvirðing á vilja þjóðarinnar.

Háttv. þm. Barð. (B. J.) tók það fram með réttu, að stór hluti þjóðarinnar, nefnilega kvenfólkið, sem væri eindregið fylgjandi þessu máli, hefði ekki átt atkv. um það, og víst er um það, að hefði kvenþjóðin tekið þátt í atkv.gr. hefði munurinn orðið stórkostlega miklu meiri en hann varð. Og þegar því tekið er tillit til vilja þessa hluta þjóðarinnar, þá á aðflutningsbannið þeim mun meiri rétt á sér. Mjög hefir verið minst á það, hve miklu landssjóður tapi, þar sem vínfangatollurinn er, ef aðflutningsbann yrði lögleitt, en þess eigi nægilega gætt, hversu mikið græðist líka í raun réttri á hina hliðina við bannið. Menn eyða ekki að eins miklu fé heldur og tíma við nautn áfengra drykkja. Og tíminn, sem til þess eyðist, er peningar, sem ekki verða aftur fengnir. Auk þess mætti líka benda á ýmsa hættulega sjúkdóma, er stafa af vinnautninni, sem valda svo miklu tjóni, er eigi verður með tölum talið. Þá hefir því og verið haldið fram sem ástæðu gegn bannlögunum, erviðleikarnir er í því lægju að sjá um að þeim yrði hlýtt. En þeir eru ekki eins miklir og margur heldur. Áfenginu er svo varið, að það kemur upp um sig sjálft, þegar þess er neytt. Auk þess hagar svo til hjá oss, að það er als eigi hægt að fremja slík brot, sem hér er um að ræða, nema með samverknaði annara og það því harla ólíklegt að menn vildu gjarna hætta sér út í slíka samvinnu.

Hæstv. ráðh. benti á til hve mikils tjóns slík lög sem þessi gætu orðið, og nefndi í því sambandi, að þau gætu spilt okkar saltfisksmarkaði á Spáni. Hvort hætta er á því eða ekki skal eg ekkert um segja. En þótt svo yrði, sem eg tel fremur ólíklegt, þá yrði þjóðin að sætta sig við það, úr því að eftir eindregnum vilja hennar er farið í þessu máli.

Enn fremur voru þeir sammála um það, hæstv. ráðh. og háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.), að útlendingar mundu hætta að ferðast hér á landi, eftir að bannlögin gengju í gildi. En eg get ekki með neinu móti talið það sennilegt að svo mundi fara. Eg held þvert á móti, að útlendingar mundu jafnt eftir sem áður ferðast hér, þeir sem oss mega að nokkru gagni verða. Þótt forfallnir drykkjumenn létu bannlögin hindra sig frá að koma eða ferðast hér, getur ekki talist oss til tjóns eða ógagns.

Þá hefir því líka verið haldið fram sem ástæðu gegn bannlögum, að þau mundu hafa siðspillandi áhrif á æskulýðinn, sem er sú mesta fjarstæða, sem hugsað verður, því það er eða á að vera hverjum manni auðsætt, að algert aðflutningsbann áfengra drykkja hlýt-

ur að verða til gagns og sóma fyrir alla, en ekki sízt fyrir hina uppvaxandi kynslóð, er losnar þá við alla þá siðspillingu, sem áfenginu jafnan fylgir meiri eða minni og hlýtur að fylgja.

Ráðherrann (H. H.): Út af ræðu háttv. 1. þm. Rangv. (E. P.) vil eg geta þess, að mín orð hnigu í þá átt, að atkvæðagreiðsluna í haust sé miður að marka vegna þess, að engum fortölum var beitt um málið nema frá annari hlið. Ef kjósendur hefðu gert sér ljóst t. d. það, sem lýtur að verzlunarviðskiftunum við Spán, ímynda eg mér, að tvær grímur hefðu runnið á margan útvegsbóndann, sjómanninn og enda landbændur líka, áður en þeir greiddu atkvæði með ráðstöfun, sem gat haft það í för með sér, að aðalvara landsins, fiskurinn, lækkaði mjög í verði, og fleiri upplýsingar hefðu getað valdið því, að ýmsir hefðu svarað öðru vísi. Það hefir nú um mörg ár verið barist fyrir þessu máli, aðflutningsbanninn, bæði leynt og ljóst. Styrkur hefir verið veittur úr landssjóði til þess að launa menn til þess eins, að telja mönnum trú um nauðsyn þessa máls, en ekkert verið gert frá hinni hliðinni til þess að draga fram hinar aðrar hliðar málsins né hafa auga með fortölunum, sem formælendurnir beittu. Eins og eg drap á fyr í dag er samt atkvæðatalan, sem fram er komin, ekki nægileg, eftir því sem upphaflega var til ætlast, til þess að réttlæta það, að gefa út þvingunarlög. Fyrst var það ekki talið hæfa nema $^4/_5$ allra kjósenda yrðu með, þá $^3/_4$, og loks gerði þingnefndin 1905 ráð fyrir því, að $^2/_3$ allra kjósenda í landinu skyldi nægja. En nú eru ekki einu sinni $^2/_3$ þeirra, er atkvæði hafa greitt, ekki helmingur kjósenda, sem hafa greitt atkvæði með banninu. En hvað sem um það er, þá er það álit mitt, að það sé ekki þess konar atkvæðaleitun, sem þingmenn eiga að byggja sannfæring sína á í máli eins og þessu. Hver einstakur þingmaður verður að byggja á sinni sannfæring og sinni skynsemi, og hafa ekkert annað fyrir augum en það, hvað heillavænlegast sé fyrir landið og viðgang þess.

Jón Ólafsson: Eg hefi frá því fyrsta, er þetta mál kom til tals, verið hlyntur aðflutningsbanni. Eg skal játa, að málið er viðurhlutamikið sem stendur, þó ekki svo, að eg sé í nokkrum vafa um að samþykkja höfuðatriði þess. Eg játa það, þótt eg sé hlyntur málinu, að mörg rök hafa fram komið móti því, sem hafa mikið til síns máls og gera það ísjárvert, einkum þó samningurinn við Spán. Hætt er og við, að aðflutningsbann mundi draga úr aðsókn ferðamanna, svo sem hæstv. ráðherra (H. H.) og 1. þm. S.-Múl. (J. J.) tóku fram. Það hefir enn við góð rök að styðjast, að meira hafi verið gert úr því, hve mikið fari út úr landinu fyrir vínföng, en rétt er.

Þó eru ástæðurnar, sem mæla með því, að málið nái fram að ganga, í mínum augum sterkari og meira verðar en þessar, sem nú voru nefndar, og aðrar þær, sem fram hafa komið. Um samninginn við Spán er það að segja, að óvíst, er, hvort aðflutningsbann áfengis muni hafa þau áhrif, sem hæstv. ráðh. (H. H.) taldi. Það sýnist vel mega reyna það; það er þá ekki annað en að breyta lögunum, ef nauðsyn ber til. Hinu atriðinu, aðsókn ferðamanna, geri eg lítið úr; oss mundi ekki verða tilfinnanlegur hnekkir að því, sem úr henni drægi af þessari orsök.

Rangt er að segja, að vér yrðum taldir Eskimóar, ef vér samþyktum

bannlög; oss yrði þvert á móti virt það til þroska. Sá er munurinn á því, og að banna villiþjóðum áfengisnautn, að þeim banna aðrir, sem verða að hafa vit fyrir skrælingjum, en hér er það þjóðin sjálf, mentuð þjóð, sem bannið leggur á sjálfa sig af fúsum vilja; hún hefir ekki verið sett undir forráð neins annars þjóðflokks, sem vit hafi fyrir henni.

Það er rétt hjá hæstv. ráðh. (H. H.), að tiltölulega fer lítið til útlanda fyrir áfengi. Eg held jafnvel minna en hann gat um. En þó að lítið fari til útlanda fyrir áfengi, fer þó mikið úr landi. Vera má, að þetta þyki mótsögn, en svo er ekki. Úr landi fer, en þó ekki til útlanda, gagnsemd sú, sem spilt er með verktöf og vinnuspilli, sem af vínnautn stafar. Úr landi fer, en þó ekki til útlanda, öll sú velfarnan, sem spilt er með óhagsýni og óreiðu, sem af vínnautn stafar. Á landinu bitnar alt það heilsuleysi, slys og manndauði, sem af áfengi hlýtst. Það er svo margt og mikið gott, sem úr landi fer, þótt ekki fari til útlanda, fyrir áfengisnautnina, að ekki verður metið til reiknings.

Sú mótbára, að erfitt verði að framfylgja lögunum, hefir mikið til síns máls; þó verður hægara að gæta þeirra en laganna frá 1899, því að hver, sem vins hefir neytt, svo að auðsætt sé, verður dreginn fyrir dómara. Þó að reynt verði að fara kringum lögin fyrst, mun það smáhverfa, eftir því sem þjóðin þroskast. Ef lögin reynast svo, að þeim verði ekki beitt í framkvæmd eða að af þeim stafi óhagnaður í verzlun, þá er auðvelt, að nema þau úr gildi eða breyta þeim. Þessi atriði eru svo vaxin, að ekki verður um þau sagt með vissu, fyr en á reynir. En þjóðin hefir látið ótvírætt í ljósi þann vilja sinn, að gera nú tilraunina.

Nú hefi eg rakið þær ástæður, sem til þess liggja, að eg er málinu fylgjandi. Þó er þetta frv. hálf-ótækt alveg óbreytt. Eg þykist vita, að virðul. flutningsmenn frumv. muni ekki hafa samið það, og muni ekki verða andvígir því, að gallarnir séu lagaðir.

Eg hefi nokkuð einkennilega aðstöðu í þessu máli, því að kjósendur mínir ern mótfallnir aðflutningsbanni. En eg hefi jafnfrjálsar hendur alt að einu, því að eg sagði þeim, að eg mundi greiða atkvæði með því, svo að þeir hafa ekki keypt köttinn í sekknum.

Stefán Stefánsson: Það er hvort tveggja, að eg hefi verið hlyntur þessu máli nú um nokkur ár, eða frá því eg fyrst fór verulega um það að hugsa, og enn fremur, að mikill meiri hluti þeirra kjósenda í mínu kjördæmi, er atkvæði greiddu um málið á síðast liðnu hausti, voru bannlögum fylgjandi, svo að mér hefir verið það bæði ljúft og skylt, að gerast einn af flutningsmönnum þessa frumv.

Það er sjálfsagt margt í frumv., sem taka þarf til frekari athugunar, en vér flutningsmenn höfum haft kost á að gera, enda væntum vér þess, að nefnd verði skipuð í því augnamiði, og vil eg í því sambandi geta þess, að allmörg ákvæði í frumv. eru jafnvel enn strangari, en hér mun venja til. — Enn fremur vil eg geta þess, að vafasamt er, hvort tíminn til þess, er lögin öðlast gildi er nógu langur. Mér dettur í hug, hvort eigi muni heppilegra að ákveða, að bannið kæmist ekki á fyr en 1914 eða 1915 í stað 1912, vegna þeirra vínsöluleyfa, sem þegar hafa verið veitt, en sem þá munu all-flest útrunnin.

Hvað undirbúning þessa máls

snertir, þá hefir verið að honum unnið af meira frjálslyndi en jafnvel til nokkurra annara löggjafarmála vorra. Hver kjósandi hefir getað öldungis frjáls og óþvingaður lagt sinn úrskurð á það, og frá þeirri hlið skoðað, þá hefir málið nú sín góðu meðmæli. — En þetta atriði er mjög mikilsvert.

Það hefir verið dregin fram sú ástæða, að lögin yrðu óframkvæmanleg og til þess eins að knýja fram þá eiginleika í mannseðlinu, sem væri óheiðarlegastir. Ef barátta góðtemplara og allra manna, sem þetta mál hafa stutt, hefir að þessu miðað, þá væri illa farið. En eg hygg, að það sé þvert á móti. Barátta þeirra hefir miðað að því, að fyrirbyggja þetta. Ef litið er til þess, hversu leyniknæpur eru sagðar að þrífast nú, þá geta sízt orðið meiri brögð að því en er, því það er enginn efi, að vandaminna er að framfylgja þessum lögum, en þeim lögum, sem nú eru. Vér höfum reynsluna um það, sem hefir verið og er og hún er alt annað en góð, en að vísu enga vissu um framtíðina, en líkurnar virðast mér betri.

Ein ástæða mótmælenda þessa frv. er sú, að unglingar muni síður standast freistingar áfengisins, er þeir koma til útlanda, en fyrir því óttast eg ekki svo mjög; bæði fara ekki svo óþroskaðir unglingar til útlanda, að þeir ekki að öllum jafnaði sjái fótum sínum forráð, og auk þess munu foreldrar innræta börnum sínum, hve skaðleg vínnautnin getur verið, engu síður en nú, enda ekki ósennilegt, að þekking á skaðsemi áfengis verði fremur kend og innrætt unglingunum frá hálfu hins opinbera hér eftir, en hingað til hefir átt sér stað.

Þá hefir verið bent á það, að hlunnindi þau, er vér njótum á Spáni á sölu á íslenzkum fiski mundu ekki halda áfram, kæmist í lög aðflutningsbann á áfengi. Þetta virðist mér fremur ólíklegt, vegna þess, að hingað flytst svo sára lítið af spönskum vínum, svo Spánverjar mundu lítils í missa, þótt bannið kæmist á.

Eg minnist þess enn fremur, að á þingmálafundi, sem haldinn var fyrir fáum dögum hér í Reykjavík var því hreyft, að fiskimarkaður mundi ef til vill vera eins góður í Hollandi, og í það minsta hefði íslenzkur fiskur selst þar fult svo vel á síðastliðnu sumri. Hver veit nema markaður opnist í fleiri löndum fyrir þessa aðal-vöru landsbúa, sé vel eftir honum leitað? — Geti aðflutningsbannið leitt til þess, að betur verði eftir þessu grafist og útvegað, þótt óbeinlínis sé, betri markaði, þá kalla eg ekki illa að verið.

Eg er ekki góðtemplar né í nokkurum þess konar bindandi félagsskap, en eg tel málefnið gott og fylgi því með þeirri fullu sannfæringu, að hér sé að vinna fyrir eitt mjög mikilsvert velferðarmál þjóðfélagsins.

Eg vona að lokum og treysti því, að nefndin, sem kosin verður, stuðli að því, að gera frumv. sem allra bezt úr garði, svo þjóðin geti tekið lögunum, sem kærkomnum gesti.

Sigurður Sigurðsson: Það þýðir lítið að taka hér til máls, því að salurinn er auður, og eg kynni þó betur við, að þeir háttv. þm., sem eg þarf að svara, væru viðstaddir.

Áður en eg svara þeim hæstv. ráðherra og háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) þá vil eg fara nokkrum orðum um það, hvernig á því stendur, að þetta frumv. er lagt fyrir þessa háttv. deild á þessu herrans ári 1909.

Þess er þá fyrst að geta, að í öndverðu var vindrykkja mjög takmörkuð. Vín var dýrt, svo að það gátu ekki aðrir neytt þess, en höfðingjar, kongar

og keisarar og þess konar fólk, en aðrir gátu það ekki. Seinna komust menn upp á það, að gera vín á ódýrara hátt, notuðu til þess kartöflur, korn og fleira. Við þetta jókst framleiðslan að miklum mun. Vinið féll í verði, og almenningur átti nú kost á því, að kaupa það og neyta þess. Þetta hafði þær afleiðingar, að vinnautnin varð almenn og leiddi til ofdrykkju. Þá rísa upp menn, sem sjá, hversu miklu tjóni vínið veldur, og þeir finna upp á því, að mynda bindindisfélög. Eitt slíkra félaga, er Good-Templarreglan. Sú regla náði til Íslands, því að þar voru menn ekki fremur undanþegnir þessu böli en annarsstaðar. Starfsemi þessa félagsskapar hér á landi hefir leitt af sér frumvarp það, sem nú er lagt fyrir þingið.

Áður en eg sný mér að einstökum mótmælum, er komið hafa fram, vil eg minnast á eina hlið málsins. — Það er eftirtektavert, hversu læknar víða um heim og eins hér á meðal vor Íslendinga hafa beitt sér fyrir mál þetta fremstir í flokki. Hvernig stendur á því, að þeir hafa gert það? Því víkur svo við, að verkahringur þeirra segir þeim og kennir þeim fremur öðrum sannindin í þessu efni. Þeir eru manna bærastir til þess, að rannsaka skaðsemi vínd rykkju yfir höfuð. — Það er álit margra merkra vísindamanna, að ofdrykkja leiði til þess, að menn veiklist og úrættist og tapi sínum góðu eiginleikum, og að svo geti farið, að þær þjóðir, sem ofdrykkja tíðkast hjá, verði undir í baráttunni við aðra þjóðflokka.

Eg skal nú ekki fara nánara út í málið frá almennu sjónarmiði, en víkja að ræðum manna hér nú.

Eitt af því, sem sagt hefir verið, er það, að lögin mundu verða brotin. Eg held, að Íslendingar séu ekki ólöghlýðnari en aðrar þjóðir, sízt ef lögin eru þeim hugþekk. Eða eru nokkurar sérstakar líkur til, að þessi lög verði ekki haldin? Ekki get eg séð það, þvert á móti. Meiri hluti þjóðarinnar er með aðflutningsbanni. Atkvæðagreiðslan í haust sýndi það, að það voru rúmir $^3/_5$ hlutar kosningabærra manna með því, að banna algerðan innflutning allra áfengra drykkja. — Hefði kvenþjóðin fengið að greiða atkvæði um málið, þá mundi meiri hluti hennar hafa orðið með málinu.

Það var sagt að aðflutningsbannslögin mundu verða mikið brotin, og bent á það, hvernig núgildandi lög um vínsölu séu haldin. En það er engin heil brú í því að vera að bera saman aðflutningsbannslög og lög þau, er nú gilda um vínsölu. Hér er tvennu ólíku saman að jafna. Það, sem kemur mönnum nú til þess að brjóta vínsölulögin, er ekki freistingin til þess að drekka sig ölvaðan, heldur gróðavonin, en um slíkt getur ekki verið að ræða, þegar búið er að samþ. aðflutningsbann. Að launknæpum muni fjölga, þó að aðflutningsbann verði samþ., nær að mínu áliti ekki nokkurri átt. Hverjir mundu helzt hafa freistingu til að brjóta þessi lög? Ekki mundu sveitamenn gera það. Öll alþýða manna mundi halda lögin. — Hverjir mundu þá verða til þess? Eg vil ekki gera mönnum getsakir í þessu efni, en það lægi næst að álykta, að þeir, sem gera sér mest far um að berjast á móti því að lög þessi nái fram að ganga, mundu verða manna fyrstir til að brjóta þau. En þó svo kynni að koma fyrir, að lögin verði brotin, þá er það í sjálfu sér engin mótbára gegn því að lögin verði sþ.

Þau lög hafa aldrei verið búin til og verða ekki búin til, sem ekki má fara í kring um eða brjóta. Og þessi lög verða heldur ekki undantekning frá því. Hitt er auðsætt, að reynt verði að ganga svo frá lögunum, að erfitt verði að fara í kring um þau.

Þá var það sagt, að ferðamannastraumurinn hingað mundi minka að mun, ef aðflutningsbannslögin næðu fram að ganga. Eg skal játa það, að eg þekki ekki til hlítar, hversu mikið útlendingar hér við land drekka af víni, en því held eg fram, að »túristar« eru yfirleitt »gentlemenn« og drekka litið. Það er því að mínu áliti engin ástæða til að halda í vinið vegna þeirra útlendinga, er hingað koma. Þeir yrðu vafalaust sárfáir, sem hættu við að ferðast hér um vegna aðflutningsbannsins. Annars efast eg stórlega um, að útlendingar hér á landi drekki meira en sem því nemur, er íslenzkir menn drekka á strandferðaskipunum og erlendis t. d. í Danmörku.

Þá gat háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) þess, og lagði mikla áherzlu á það — hversu ill áhrif lög þessi mundu hafa á þá menn, er færu til útlanda eftir að lögin eru í gildi gengin. En eg vil leyfa mér að benda á það, að þetta er hreinasta fjarstæða. Nú gengur sú alda yfir heiminn að útrýma áfengi, og þó að Danir drekki mikið, er þó þar í landi talsverð viðleitni til þess að takmarka áfengisnautnina, og eg efast ekki um, að þeir tímar muni koma, að einnig þar verði reynt að flytja á þingi frumv. til laga um algert aðflutningsbann á áfengum drykkjum.

Háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) virtist vera hræddur um það, að menn mundu gleyma víninu og hætta að þekkja verkanir þess. Hann hélt því enda fram, að vínnautnin væri ágætur reynsluskóli. Það er uppbyggilegur skóli eða hitt þó heldur. Slíkur skóli gerir engan mann að betri manni. Eg geri ráð fyrir, að í öllum skólum landsins muni verða frætt um skaðsemdaráhrif vínsins, og Íslendingar mundu þar af leiðandi með tímanum skoða áfengi sem hvert annað eitur, er skaðlegt væri fyrir líf og heilsu manna.

Þá var það sagt, að lög þessi væru gagnstæð bindindishreyfingunni, — en það er langt frá, að svo sé. Það er þvert á móti aðaltakmark bindindishreyfingarinnar í heiminum að útrýma áfenginu á allan löglegan hátt.

Háttv. 1. þm. S.Múl. (J. J.) hafði orð á því, að lögum þessum mundi verða synjað staðfestingar. Eg get enga ástæðu séð til þess; finst það vera blátt áfram óheiðarleg aðdróttun að hans hátign konunginum að gera ráð fyrir, að hann beiti synjunarvaldi í þessu máli.

Jón Þorkelsson: Þótt háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) tækist ekki nú heldur en endranær að tala fólk inn í salinn, þá tókst honum þó að fipa mig í ýmsu því, sem eg hafði ætlað að segja. Þó skal eg nú lýsa minni skoðun á málinu. Eg virði verk bindindismanna stórmikils og álít það gott og þarft og hreyfing þá holla, er þeir hafa vakið, á meðan hún gengur í þá átt að hafa áhrif á hugsunarhátt manna og sómatilfinning. En þegar hún tekur að seilast lengra, þá er það álitamál, hvernig meta skuli starfsemi þessa, og hvernig því beri að taka. Að bindindishreyfingin hafi haft mikil og góð áhrif í þá átt, sem eg áður benti á, er augljóst. Áður þótti það höfðingsskapur að drekka mikið og helzt að láta illa. Nú þykir mönnum vanvirða að svifta sjálfa sig vitinu með áfengisnautn, svo mikil eru umskiftin orðin. Þetta er verk bindindishreyfingarinnar, og því neita engir, að hér er gott og maun-

úðlegt verk unnið. En nú gefur hér á annað að líta og nú kemur annað til skjalanna, sem er það, að banna allan aðflutning áfengra drykkja til landsins. Þetta er önnur hlið málsins. Og kemur þar þá til álita, hvort það verkið geti talist mannúðarbragð, samboðið siðuðum og sjálfstæðum mönnum. Verði aðflutningsbannið sþ. hlýtur bindindishreyfingin, sem svo miklu góðu hefir komið til leiðar, að sjálfsögðu að leggjast niður; þá getur ekkert verið fyrir hana að starfa annað en að gerast uppljóstrarmenn í þarfir aðflutningsbannsins. Því að með frumv. þessu á að löghelga söguburðarmenn, sem sumpart fara vitanlega með rétt og sumpart með rangt mál. Þessir menn eiga að hafa í laun helming sektarfjárins, þeir eiga að vera embættismenn hins opinbera, opinberir njósnarmenn settir á landssjóðs laun. Varla getur hjá því farið, að slíkt hafi siðspillandi áhrif og minki sómatilfinning manna, og virðist varla geta verið réttarbót í slíkum lagaákvæðum. Það munu og flestir sjá, að þessi stefna fer í alveg gagnstæða átt við bindindisstarfsemina, sem hingað til hefir heill mikil og siðbót af staðið. Í staðinn fyrir mannúðar og kærleiksverk eiga nú af hendi bindindismanna að koma harðræði og ofriki með miskunnarlausum laga-strangleik og óbilgirni, svo sem þetta frumv. sér líkast sýnir og hermir. Hér er því alvara á ferðum og athugunarefni nóg.

Það var tekið út af dagskrá mál hér í dag, vegna þess að það þótti koma of nærri stjórnarskránni. Eg fæ nú ekki betur séð, en að með sama rétti hefði mátt taka þetta mál út af dagskrá. Hér í tveim greinum þessa frv. er eftir mínum skilningi farið fram á algert brot á 50. gr. stjórnarskrárinnar.

Í niðurlagi 4. gr. frumv. segir á þá leið, að víni því, sem óselt er, þegar lögin ganga í gildi, skuli helt niður. Hugsa flutningsmenn sér, að vín það, sem er lögmæt eign þessara manna, áður en lögin ganga í gildi, skuli eyðilagt, án þess að þeir fái nokkurt endurgjald? Eða ætlast þeir til að þessu sé framfylgt samkvæmt stjórnarskránni og að fult verð komi fyrir? Ekki verður þó séð, að það sé hugsunin, og rekur því að því, sem eg taldi fyrr.

Þá er í 9. gr. farið fram á það, að taka verzlunar og vínsöluleyfi af mönnum þeim, er það hafa, þegar lögin ganga í gildi og ekki er tekið fram að þeir skuli fá nokkurt endurgjald í staðinn. Nú stendur svo á, að sumir hafa fengið þessi leyfi fyrir löngu síðan og hafa borgað þau offjár og greitt tekjuskatt af þessari eign sinni, er þeir hafa keypt fyrir sína eigin peninga. Er það nú meiningin, að þessir menn eigi að fá endurgjald af fé landsins, eða er það meiningin, að þessi lög eigi að vera nokkurs konar ránsheimildarskrá, er ræni menn rétti þeim, er þeir nú hafa yfir eign sinni að lögum?

Eg mundi að vísu, samkvæmt atkvæðagreiðslu þeirri, sem framfór síðastliðið haust hér á landi, geta greitt atkvæði með aðflutningsbannslögum, þeim einum þó, sem væru hógvær og skynsamleg. En af þessu frumv., sem hér liggur fyrir nú, stendur mannúðarleysis-gustur, harla ólíkur þeim hugðnæma andvara, sem hingað til hefir staðið af líknar- og mannúðarstarfsemi bindindishreyfingarinnar.

Það eru svo mörg ákvæði um gífurlegustu hegningu og brot í frumv. þessu, að það er útlit fyrir, að landið þyrfti að veita stórfé til þess að byggja viðbætur við tiptunarhúsin í landinu, ef frumv. þetta næði fram að ganga. Það eitt út af fyrir sig gæti orðið útdráttarsamt fyrir landssjóð, þó

að ekki væri hugsað til að bæta mönnum það að neinu, að þeir væri ræntir löglegri eign sinni. En það atriði hlyti þó að verða dómstólamál, og þau mál yrðu mörg eftir þessu frumv. að dæma. Mörg ákvæði frumv. eru þannig vaxin, að eg get ekki með neinu móti samþykt þau óbreytt, svo sem það, að jafnvel flutningatæki skuli gera upptæk. Mér er spurn: Gangi maður með »pytlu« í hendinni, á þá að höggva hendina af eða á að gera manninn sjálfan upptækan og selja hann til ágóða fyrir landssjóð? Eða hafi maður pela í buxnavasanum, á þá að gera buxurnar upptækar? Eftir frumv. má ekki einungis gera manninn sjálfan upptækan, ef hann flytur vín milli bæja, heldur einnig hest og vagn, þótt sá, er vagninn og hestinn ætti, vissi ekki til að maður sá, sem hann léði far í vagninum, hefði neitt áfengi meðferðis. Og svona mætti halda áfram að rekja öfgar frumv. á ótal vegu. Frumv. er eins og það liggur fyrir handarskömm og háðung fyrir þingið, að það er komið fram svona úr garði gert.

Eg skal ekki vera beint mótfallinn aðflutningsbanni, ef fundin verður hógvær aðferð. Lögin verða að vera svo hófleg, að góðum mönnum sé vært á eftir í landinu. Eg er ekki bindindismaður, en eg efast þó um, að sumum Good-Templurum þyki verri ofdrykkja en mér. En eg álít, að með þessu frumv. sé málinu stofnað í þann háska, að torvelt mundi verða að koma því aftur á þann rekspöl, er góðir menn mættu við una, nema nú sé þegar gerð gangskör að því að snúa frumv. þessu til þess skynsemdarhorfs, sem þörf er á.

Fg skal ekki fara út í það, hver áhrif lög þessi mundu hafa á verzlun landsins út á við, því hafa háttv. þm. svarað í þessari deild.

Hinir áköfustu aðflutningsbannsmenn telja þjóðsóma við liggja að koma banninu á, telja veg lands og þjóðar mundu vaxa í augum alls heims með því. Mótstöðumenn bannsins telja aðflutningsbannið þjóðarháðung, er merki landslýð allan undir ósvikult skrælingjamark í augum allra siðaðra manna. Þeir um það.

Frá mínu sjónarmiði sýnist mér ekki rétt að meina landsmönnum að reyna sig á aðflutningsbanni, úr því að meiri hluti kjósenda greiddi atkv. með því við síðustu kosningar. En það skil eg undir í þessu máli mínu, að lög þessi — ef úr frumv. þessu verða lög — séu borin aftur undir þjóðina, því að engin lög lágu fyrir í ákveðnu formi, þegar greidd voru atkvæði um málið síðasta haust, heldur að eins hitt, hvort menn vildu aðflutningsbann eða ekki. Ætla eg, að margir muni ekki hafa gert sér aðra grein fyrir því en þá, hvort þeir vildu heldur ofdrykkju eða bindindi, og var svarið þá sjálfgefið. Samþykki landsmenn á nýja leik aðflutningsbann, eftir að hafa séð lögin, er það að mínu áliti hin öflugasta stoð fyrir bannsmenn og lögin réttmæt, og ómögulegt að segja, að þá hafi verið laumast að þjóðinni með málið. Neiti landsmenn við nýja atkvæðagreiðslu aðflutningsbanni, þá eiga lögin aldrei að koma til framkvæmda.

Flutningsmaður (Björn Jónsson): Eg get ekki annað sagt, en að mér hafi þótt það vænt að heyra röksemdir hæstv. ráðgjafa í þessu máli,—þótt það mjög vænt. Því að hann hygg eg að muni vera hinn langsnjallasti og rökfimasti málsvari Bakkusar á þessu þingi og á þessu landi. Eg hygg að í hans ræðu hafi verið tjaldað því sem til er af vörn í því máli; hann sé sjálfkjörinn fulltrúi þess málstaðar.

Því var það, er mér þótti vænt að heyra röksemdir hans. Mér þótti vænt að sjá, hve margar af þeim grýlum, er upp hafa verið vaktar í móti aðflutningsbanns-hugsjóninni, hve margar af þeim eru steindauðar. Eg geng að því svo sem sjálfsögðu, að þær séu komnar undir græna torfu, úr því að hann hreyfði ekki við þeim.

Eg minnist þess, að um þetta mál hefir ekki verið rætt svo áður hér á þingi, að ekki væri bannlög á vínflutningi talið óbærilegt haft á persónulegu frelsi manna. Þá grýlu mintist ekki hæstv. ráðgjafi á einu orði. Hann veit að sjálfsögðu, að líf í lögbundnu mannfélagi dregur þá mörgu dilka á eftir sér, er grunnhygnir menn, sérgóðir og ófélagslyndir kalla margir höft á frelsi sínu.

Enn meira gladdi það mig, að honum þótti það engin röksemd í málinu, að landssjóður biði tjón af því, ef bannlög kæmust á. Enda ætti hver maður að sjá, að hér er of fjár fleygt í sjóinn. Hvað kemur í þess stað? Ekki neitt? Jú, það er of gálauslega til orða tekið. Vér fáum í stað þess ólyfjan, eitur, siðspilling, heimilisbölvun, þjóðfélagsmein.

Hans aðalröksemd, ráðgjafans, var — Spánarmarkaðurinn!

Eg ætla að svara smá-atriðunum fyrst, og koma síðast að þessari meginstoð hans málstaðar.

Hann kvað svo að orði, að vér færum að gera oss sjálfir að Eskimóum, ef vér færum að votta það fyrir öllum heimi, að hér væri þeir vesalingar, er ekki gætu stjórnað þessari fýsn sinni, áfengis-ilönguninni, nema með svo ströngu banni.

Eg verð að leyfa mér að segja, að eg ætla að þjóð vorri sé ekki sérlega mikil læging gerð, þó að hún komist í þeirra Eskimóa tölu. Eg veit ekki betur, en að allar þjóðir um norðanverða álfuna og víðar þó miklu (í N.-Ameríku t. d.) vildu fegnar gera sig að slíkum Eskimóum, ef þeir sæi nokkur tök á því, sjálfsagt $^{9}/_{10}$ af hverri þjóð. Hverjir eru þeir, sem berjast gegn því? Ekki drykkjumenn. Þeir vildu fegnir losna við það böl mjög margir hverjir, ef þeir gætu; þeir finna þörfina á því manna bezt. Ekki hófsmenn heldur nærri því allir. Að minsta kosti engir hygnir hófsmenn. Þeir hugsa á þá lund, að sá tollur, er þeir eigi litla sök á að sé til, hann komi raunar jafnt niður á saklausa og seka, á alt þjóðfélagið, geri allar álögur á almenningi þyngri en ella, þegar öllu er á botninn hvolft, með því að þyngslin af þeim mönnum, er gera sig ófæra af áfengisnautn, komi ekki hvað síst niður einmitt á þeim, hófsmönnunum, reglumönnunum, og sé meira en tilvinnandi að neita sér um þann lítilvæga munað, til þess að komast undan þeim álögum.

Nei, mótspyrnan er veitt af hendi auðvaldsins, ölgerðarmannanna, eigenda áfengisstofnananna. Þeir eru aðalþröskuldurinn erlendis. Nú er engri slíkri mótspyrnu til að dreifa hér á landi. Slíkir menn eru hér engir til. Atvinna þeirra er landræk gerð hér fyrir löngu (1900).

Það eru þessir menn, sem látnir eru ráða í öðrum löndum. Tökum t. d. England. Þar mun ekki vera ofmælt, að $^{9}/_{10}$ þjóðarinnar vilji afnema áfengisnautn í landinu. En $^{1}/_{10}$ er látinn ráða. Og fyrir hvað er það? Mest fyrir þá sök, að þeir búa undir því böli, að hafa tvískift þing, þessu, er hér var rætt um lítilsháttar á dögunum og eg vona um, að eigi eftir að verða afnumið með oss hið bráðasta.

Fyrir 2—3 mánuðum eða svo var samþ. í neðri málstofunni í parlamentinu mikil takmörkun á veiting og sölu áfengra drykkja, en var felt í efri málstofunni. Því að þar var fyrir óvígur her vellauðugra ölgerðarmanna og hvers konar áfengis, og sægur annara auðkýfinga, sem eiga eða hafa vald á miklum hluta allrar áfengissölu í landinu. Það atferli mæltist svo illa fyrir alstaðar í landinu, að nú er risinn gegn efri málstofunni nýr stormur, sá er óvíst er hvar lægir.

Því er það, að eg fyrirverð mig ekki, né tel þjóð vora þurfa að fyrirverða sig, þótt talin sé með Eskimóum, ef þetta er Eskimóamark.

Eitt er það, er ekki hefir verið vikið að í þessum umræðum: Hvað skyldi landssjóður hafa þurft og þurfa enn að svara út miklu þeim mönnum, er velst hafa úr embætti og á eftirlaun fyrir þá sök, að áfengið hefir gert þá alsendis óverkhæfa?

Þá er ein röksemd ráðgjafa sú, að aðflutningsbann dragi úr ferðamannastraum til landsins.

Þetta er af tómri vanþekkingu talað og misskilningi.

Eg tel engan vafa á, að ferðamannastraumurinn mundi þvert á móti aukast að miklum mun fyrir þá afarmikilsverðu framför, að áfengisneyzlu væri útrýmt úr landinu. Allir, sem málið hafa kynt sér vita, að það er hugarburður einn, að vínið dragi það mikið að sér ferðamenn. Útlendir ferðamenn koma hingað til að lyfta sér upp. Þeir fara til að losna út úr sukki og svalli stórborgalífsins, norður í himintært fjallaloftið.

Eg skal nefna dæmi, er vér höfum fyrir oss, þá er Þingvallaskýlið var reist, Valhöll. Þá gerði sýslunefndin í Árnessýslu það sómastrik, að hún synjaði eigendum skýlisins um, að mega veita þar áfengi. Þá var ekki grýlan sú sein á fætur, að þessi synjun mundi fæla útlenda ferðamenn stórum frá því, að koma á þann forunhelga, fræga stað.

En hver er reynslan?

Eg var þar á ferð skömmu síðar, og og átti tal við útlenda ferðamenn þar. Þeir kváðust vera lifandi fegnir því, að þar væri ekki áfengissala; þeir vissu, hvað það var, að hafa ekki svefnfrið alla nóttina fyrir drykkjuærslum ölvaðra manna. Sama sögðu innlendir ferðamenn.

Sagt var þá um leið, að ekki væri til neins að banna vínsölu þar, því að ferðamenn mundu hafa vín með sér.

Hver er reynslan?

Sú, að slikt ber varla nokkurn tíma við. Þeir vilja ekki hafa það, finst það raska ferðalífs-yndinu. Og þeir skammast sín fyrir að láta sjá sig með pela »upp á vasann«.

Nei, eg held vér þurfum ekki að óttast neina rýrnun á ferðamannastraum hingað til lands, þótt vér gerum áfengi ekki landvært hér með lögum. Þann mann, sem kann ekki að virða lög og rétt þess lands, er hann vitjar — hann biðjum vér heilan aftur hverfa til síns heima.

Vér sækjumst ekki eftir þeim gestum til lands vors, er geta ekki notið þeirrar fegurðar og als yndis, er íslenzk sumarnáttúra á til, öðru vísi en grómteknir af áfengisólyfjan. Enda mundu þeir verða tærri. Hugsið um alla þá menn útlenda, karla og konur, er hingað mundu vilja senda ástvini sína marga fyrir þá eina sök, að hér væri áfengislaust land.

Hér hafa verið haldnar hrókaræður í dag, fluttar af miklum fjálgleik og heilagri vandlæting, — af mönnum,

sem eru þó ekki neitt tiltakanlega kennimannlegir endranær, — hrókaræður um það, hvað það mundi verða til mikillar spillingar sonum þjóðarinnar, æskumönnum hennar, ef vín hætti að flytjast til landsins; þeir mundu sökkva sér niður í áfengisglötunina óðara en til útlanda kæmi — ef þeir þektu hana ekki héðan að heiman! Þar að auki væri landsmenn sviftir ókeypis kenslu í skóla — freistingarinnar!

Hvílíkur hégómi! Hvílíkt öfugstreymi í allri röksemdaleiðslu!

Er ekki málstaðnum orðið fallhætt, þegar hann hangir á ekki styrkari stoð en þetta?

Mundu ekki synir vorir, þeir er fæddir eru upp í því þjóðfélagi, er óspilt væri af áfengi — mundu þeir ekki fyllast andstygð, er þeir sæi spillingu þess fyrir sér annars staðar, og þakka forfeðrum sínum fyrir að hafa forðað sér frá þeirri hörmung?

Þá hefir það verið sagt í dag, og gert mikið úr, að lögin yrði brotin. Já, það er í lögum, að ekki megi stela. Brotið er það, og sakast þó enginn um, að lögin séu til. Enginn kemur upp með það, að nema þjófalögin úr gildi. Haldið þér ekki samt, að meira væri stolið, ef þjófnaður varðaði ekki við lög? Eins er um þetta mál, nema hvað þar eru óvenjulega lítil líkindi til, að framin verði lagabrot. Refsingin við því yrði þung. Og hverjir haldið þið svo, að færi að leggja það í kostnað, að halda uppi vínflutningi hingað, úr því að öll vínföng væri upptæk?

Gefið var það í skyn, að bindindishreyfingin væri ekki annað en ofstækisfull stundarhviða, er hjaðnaði brátt niður aftur, eins og öll bráðræðisofstæki gerði.

En hvað er nú þessi hreyfing búin að standa lengi?

Hátt upp í $^3/_4$ aldar. Og ekkert farin að hjaðna enn þá. Henni er sí og æ að aukast fylgi. Í Bandaríkjunum einum eru 40 miljónir manna, er búa í bannríkjum.

Eitt er það, er borið hefir verið á málstað vorn, að bannlögin í Ameríku hafi verið til bölvunar og ekki annars. Það er ósvinna hrein og bein að láta sér slíkt um munn fara á mannfundum, þegar allir vita, þeir er eitthvað þekkja til og satt vilja segja, að þau hafa gagnbreytt ástandinu þar. Aðrar eins sögur eru ekki annað en 50 ára gamlar múmíur, bábiljur frá þeim tíma, er bindindi fjandsamleg blöð kunnu engan óhróður að flytja nógu gífurlegan um bindindismálið.

Nýjustu og áreiðanlegustu skýrslur um bannlögin í Ameríku votta það, að þeim sé hlýtt engu miður en öðrum lögum.

Það mun mest vera að kenna alvöruleysi löggæzlumanna, ef út af er brugðið, um þau lög, sem mörg önnur. Svo var t. d. í sýslu einni í Norður-Dakota fyrir nokkrum árum, að þar var kvartað sáran um, að lögin væri brotin. En þá verður Íslendingur þar yfirvald, maður, sem nú er nýkominn heim, Skafti Brynjólfsson, og eftir 2—3 mánaða tíma hætti þeim umkvörtunum með öllu. Það var því að þakka, að hann gekk svikalaust eftir því að lögunum væri hlýtt.

Það flaug út um alt, að bannlögum í ríkinu Kansas væri alls ekki hlýtt. Hvergi gengi betur að selja áfengi en þar. Ölgerðarmaður í austurríkjum fréttir það. Hann skrifar kunningja sínum vestur þangað og spyr, hvort ekki mundi ráð að koma og setja þar á stofn ölgerðarhús. Hann fær það

svar aftur: Jú, þú getur reynt, ef þú vilt það kosti þig sama og það kostaði mig. Eg stalst til að selja 26 bjóra. Það kostaði mig 2600 dollara sekt og 8 mánaða fangelsi!

Ein röksemdin gegn aðflutningsbanni er sú hin vesala, að þá hafi Templarafélagið ekkert að gera! Það er af sem áður var í þessum bæ, meðan sá félagsskapur var í æsku, að heldra fólkið kunni ekki að velja honum nógu svæsin óvirðingarorð. En hvað er nú markmið þessa félagsskapar? Að útrýma áfengisbölinu svo freklega sem unt er. Og ekki reyndar því eina böli, heldur sem flestum mannfélagsmeinum. Eigum vér að kosta kapps um að halda sem flestu við, því sem ilt er í heiminum, — til þess að hafa alt af eitthvað til að útrýma!? Nei; enda væri þá nóg eftir, þótt þetta færi. Vér ættum heldur að segja: Góðum guði sé lof, þegar vér þurfum ekki lengur að eyða starfsþreki voru í viðureignina við þennan óvin, þegar vér megum hætta því og snúa oss að öðru.

Fyrstu missirin eftir að aðflutningsbannslögin komast á, verður þess aðalverkefni að gæta þess, að lögunum sé hlýtt. Um þá, sem það ættu að gera, hefir verið talað hér með óvirðing í dag. Það hefir verið litið svo á, sem það sé blettur á manni, ef hann kemur upp lagabroti, — þótt það sé einhver sjálfsagðasta skylda hvers góðs borgara í þjóðfélaginu. Hvað er það meira um þessi lög en önnur?

Allra-síðasta, allra-geigvænlegasta röksemdin á móti aðflutningsbanni — það var Spánarmarkaðurinn. Á hverju er sú röksemd reist? Á himinháum súlum hégóma og vanþekkingar, sem mig langar til að kippa undan henni.

Það var vakið máls á því í Kaupmannahöfn fyrir nokkrum árum af hendi Spánverja, hvort Danir mundu vilja fallast á einhverja tilslökun á tolli af spænskum vínum, ef þeir, Spánverjar hétu Dönum í móti beztu kostum fyrir aðfluttan saltfisk. En ríkisþingið gaf því engan gaum; sagði sem satt var, að það hefði ekkert gagn af neinum vilkjörum fyrir danskan saltfisk, með því að það væri ekki dönsk vara. — Hjáleigan frónska var ekki dönsk þá stundina, ekki óaðskiljanlegur hluti Danaveldis það skiftið!

Þá hugkvæmist Nellemann Íslandsráðgjafa, sem þá var að nafninu, — og var valinkunnur sæmdarmaður, oss góðviljaður eftir sinni skynsemd, — honum hugkvæmdist að bjóða Spánverjum að semja við þá fyrir Íslands hönd, landsins, sem hafði saltfiskinn á boðstólum. En hverju svara Spánverjar þá? Þeir svara því, að það sé ekki hægt, það geti ekki komið til neinna mála, að þeir fari að bjóða Íslandi nein vildarkjör fyrir saltfiskinn þaðan, vegna þess að það geti enga kosti boðið í móti — það geti enga línun veitt í víntolli, með því að þeir viti ekki til að nokkur ein flaska af spænsku víni flytjist til Íslauds. Þar væri fyrir engu að gangast. — Þetta getur vel hafa verið rangt, sprottið af vanþekkingu, og að eitthvað dálítið flytjist hingað af spænskum vínum, þó að mál manna sé, að »spænsk« vín hér í búðum muni vera yfirleitt tilbúin ýmist þar (í búðunum) eða þá í Danmörku eða á Englandi. En nærri má geta, hvað 16—17 miljóna þjóð muni láta sig muna um vínverzlun við 80 þúsundir manna.

Ráðgjafi hélt því fram, að Spánverjar mundu reiðast svo því hafti á samningi bundnu viðskiftafrelsi við oss, sem fælist í þessu aðflutningsbanni, að þeir hefndu sín á oss fyrir það. Og einhver ræðumaður í hans liði (ráðgj.) gerði ráð fyrir í dag, að konungur kynni

að telja sig til neyddan að synja bannlögunum staðfestingar, til þess að vægja til við Spánverja!!

Það er borið í vænginn, að fiskimarkaður á Spáni fari mjög rýrnandi og ekkert megi gera, er spilli fyrir honum. Hvað ber til þeirrar rýrnunar? Það, að Spánverjar eru teknir að veiða sér fisk í soðið, vestan til við Afríku, og er mikill flutningur þaðan til Spánar. Sá afli er alt af að aukast og því meir versnar vitanlega um fiskmarkað annara landa á Spáni. Þetta er ástæðan og ekki annað.

Eg gat ekki að því gert, að mér hálf-blöskraði í dag, þegar eg heyrði ráðgjafann segja, að Spánverjar mundu hætta að eiga nokkur viðskifti við okkur, ef bannlög yrðu samþykt, og gæti svo farið, að vér yrðum að taka slík lög aftur. Er nú ekki nóg, að danska mamma vill skapa og skera um öll vor mál, hafa eftirlit með öllu hér, vill fara það sem fært er í að ráða hér lögum og lofum, — eigum vér nú líka að fara að eignast spanska mömmu, þá er vér þurfum að spyrja að, hvað vér megum gera að lögum í landi voru?

Ráðherrann (H. H.): Það er ekki ástæða fyrir mig til þess að tala mikið meira en eg þegar hefi gert um þetta mál. Eg hefi lýst skoðun minni á því, og hefi litlu við að bæta. Þó verð eg að gera örstutta athugasemd við eitt atriði í því sem háttv. þm. Barð. (B. J.) sagði. Hann lagði áherzlu á það, að tillitið til Spánarsamningsins væri veigamesta mótbáran móti frumv., en reyndi að sýna að hún væri þó einskisvirði. Eg verð að játa, að eg skildi ekki vel þá röksemd hans, að Danir hefðu ekki vilja slaka til á víntollinum hjá sér til þess að útvega okkur Íslendingum betri kjör í saltfisksverzluninni við Spán, og að aðflutningsbannið mundi þess vegna engum erfiðleikum valda í þá átt, að hindra eða skemma saltfisksmarkaðinn fyrir okkur þar. Sannleikurinn er sá, að Danir hétu Spánverjum í 5. gr. verzlunarsamningsins, gegn tilslökun þeirra, beztu kjörum sem nokkur önnur þjóð hefir eða fær, að því er snertir toll á ýmsum spönskum vörum, þar á meðal á öllu spönsku víni í kerum eða flöskum, án tillits til styrkleika, og lengra gátu þeir auðvitað ekki gengið vegna annara verzlunarsamninga. Og þeir hétu frjálsri verzlun. Hitt skildi eg, er háttv. þm. sagði, að innflutningur hingað til lands af spönskum vínum, væri svo nauða lítill, að Spánverjar mundu oss engan gaum gefa. En þar sem hann því til sönnunar sagði að hingað hefði eigi flutst meira af spönsku víni alls en 12 flöskur af »Tinto« (rauðvíni), þá verð eg að álíta, að háttv. þm. hafi ekki sem sannastar sagnir eftir að fara. Eg get fullvissað háttv. þm. um, að jafnvel af »Tinto«, sem er fremur lélegt landvín, hafa flutt hingað meira en 12×12 flöskur, og eg held að eg megi fullyrða, að alla þá tíð sem Krüger lyfsali og síðari lyfsalar hér höfðu vínsölu, hafa þeir fengið alt sitt vín frá Spáni, gegnum Compañía Hollandesa, sem enn mun hafa útsölu hér í bænum, auk þess sem ýmsir privatmenn stöðugt panta vín frá Cadiz frá Holbec & Cia o. fl. Og þó að tiltölulega lítið af þeim spönsku vínum, sem hingað flytjast, sé flutt beina leið, þá skiftir það jafnt máli fyrir framleiðanda, að því er afsetning vörunnar snertir, ef markaðinum er algerlega lokað hér. Það eru öfgar eða misskilningur, að útlend vín, sem vér kaupum frá Danmörku, séu mestmegnis fölsuð og búin til af vínsölunum sjálfum; þótt eitt-

hvað kunni að vera blandað, þá eru vínin mestmegnis frá vínlöndunum, Sherry, Portvin og Madeira mest frá Spáni, auðvitað misjafnt að gæðum. Nýju vínin og hin svo nefndu landvín eru þar svo ódýr, að vínsalar búa eigi sjálfir til öllu ódýrari vökva, er líkist þeim, og hin alræmda vörufölsun vínsölumanna er mest í því fólgin að blanda ódýrum tegundum í dýrar tegundir eða skrökva til aldurs og heimkynnis, en frá vínlöndunum kemur varan. Vínsölubann hlýtur því að snerta verzlunarhagsmuni vínlandanna. hvert sem beint flutningssamband er meir eða minna.

Vitanlega get eg ekki sagt neitt um það með vissu, hvernig Spánverjar mundu snúast við þessu máli, þó að eg hafi ákveðna ástæðu til þess að halda, að þetta mæti mótspyrnu. Og þar sem um mikilsvarðandi hagsmuni er að tefla okkar meginn, virðist mér það sjálfsagt, að nefnd sú, sem væntanlega verður sett í málið, reyni að komast á einhvern hátt í samband við spanska sendiherrann í Kaupmannahöfn og fá hjá honum upplýsingar áður lengra er gengið í málinu. Það væri ekki skemtilegt fyrir þá, sem að þessu frumv. standa, ef þeir væru búnir kyrfilega að samþykkja það sem vilja »meiri hluta þings og þjóðar« og yrði svo að stinga því snögglega í vasann aftur.

Háttv. þm. Barð. (B. J.) talaði fagurlega um það, að nóg væri að eiga »dönsku mömmu« þó ekki væri verið að búa til aðra »spönsku mömmu«. Eg vil fræða háttv. þm. á því, að við erum ekki þeir fyrstu, og verðum ekki þeir síðustu, sem verða að taka tillit til gildandi verzlunarsamninga og til verzlunarsambandsins við aðrar þjóðir, í löggjöfinni. Það er víða pottur brotinn í því tilliti, ekki að eins hjá hinum smáu heldur einnig hjá hinum stærri og auðugri þjóðum, og hefi eg þegar bent á dæmi í þá átt. Eg get ekki kannast við það, sem háttv. þm. sagði, að í Ameríku væri hreint »innflutningsbann«; eg hefi eigi getað fundið að í prohibitions-fylkjunum þar sé annað en sölubann.

Eg verð því að álíta, að þetta sé algerlega ný tilraun, sem hér á að gera. Vínsölubann er vitanlega lögleitt í sumum fylkjum vestan hafs, en það hefir reynst afarerfitt að framfylgja þeim lögum, og að dómi merkra höfunda hafa þau sumstaðar verið til stórhneykslis og aukið ólöghlýðni og siðspilling. Háttv. þm. var að segja okkur sögu til að sanna ágæti þeirra. Eg gæti líka sagt honum sögur um hið mótsetta. Eg veit ekki, hvort eg má minna háttv. þm. á söguna, sem Matth. Jochumsson skáld segir í bókinni um Chikagoförina, er hann fékk í einu bannfylkinu »það sem líkast var öli«, fyrir hjálp reyndari förunauts. Eða man háttv. þm. eftir skýrslu Henriks Cavlings í bók hans um Ameríku, viðvíkjandi reynslu hans í bannfylkjunum. Lögreglustjórinn sjálfur í stórum bæ í bannríki einu bauð honum inn á knæpu áfengisdrykki, og gaf þá ástæðu, þegar Cavling undraðist þetta, að templarar vildu hafa bannlögin, en nontemplarar whiskýið; stjórnin þyrfti atkvæði beggja og þess vegna fengju báðir sitt fram.

Eg get ekki að því gert, að mér býður við að hugsa mér æskulýð landsins sem njósnara og uppljóstursmenn! Það getur verið, að það lánaðist með svona lögum, að leiða einhverja út á þá glæsilegu braut, að leita sér inntekta á þann hátt. En önnur hætta liggur þó nær. Íslendingar eru — sem betur fer — yfirleitt enn þá svo góðir drengir, að þeim er næsta óljúft að

gera sér það að gróðavegi að þefa uppi hrasanir breyzkra bræðra, jafnvel þegar um eiginleg brot er að ræða, hvað þá þegar að eins er að ræða um yfirtroðslur þvingunarlaga, sem réttarmeðvitundin ekki fordæmir sem óheiðarlegar eða glæpsamlegar. Íslendingar eru yfir höfuð ógjarnir á að koma kunningjum sínum »í bölvun«, sem kallað er, ófúsir á að bera fellandi vitnisburði, og er því sérstaklega að mínu áliti hætta á því, að margir mundu af svona ofstækislögum leiðast til rangs vitnisburða, eða jafnvel eiða til þess að bera af mönnum sannar sakir í þessu efni. Þeir sem átt hafa við rannsókn lögreglumála hér á landi, t. d. út af kærum um æðarfugladráp, munu kannast við, að eg tala hér ekki út í bláinn. En rangir vitnisburðir og yfirhilming eru einnig siðspilling, sem landslögin eiga ekki að gefa ótilhlýðilegt tilefni til.

Flutningsmaður (Björn Jónsson): Ef eg að dæmi hæstv. ráðh. (H. H.) ætti að fara að tína til sögur um þetta mál, þá myndi dagurinn lítt endast. Sögur um slíkt eru mesta markleysa, oftast tómur heilaspuni, eða ýktar að miklum mun, sumar kunna að vera sannar að einhverju leyti, og er þá haldið mjög á lofti af mótstöðumönnum aðflutningsbannsins. Þær fáu sönnu sögur eru því mjög gamlar og sanna ekkert um löghlýðnina nú á dögum, því að það er svo með mörg lög, sem — eins og þessi — þykja grípa inn í frelsi eða sjálfræði einstaklinganna, að menn kunna þeim illa í fyrstu, en fara smám saman að fella sig við þau, af því þeir verða að viðurkenna gagnsemi þeirra frá mannfélagslegu sjónarmiði. Annars er ekkert móti því að segja, þótt lög þessi kunni einhverntíma að verða brotin. Hvaða lög eru til, sem eigi má það um segja? Ráðherrann hélt því fram — eða ímyndaði sér að minsta kosti —, að í Bandaríkjunum væri ekki aflutningsbann, heldur að eins vínsölubann, en það er kunnugra en frá þurfi að segja, að þar er aðflutningsbann í fylsta skilningi. Nokkrir Bakkusarvinir, sem eigi vildu hlíta lögunum, sem þeim þótti stríða á móti stjórnarskrá Bandaríkjanna, lögðu málið undir hæstarétt og úrskurðaði hann, að að eins mætti ekki banna að flytja áfengi á járnbrautum gegnum bannríkin, en aðflutningur allur til þeirra (inn í þau til neynzlu þar) er stranglega bannaður. Ráðherra (H. H.) vildi þvínæst ekki snúa aftur með Spánartollinn. Látum vera, að hingað komi einhver ögn af víni frá Spáni. Er það þá nokkur veruleg mótbára gegn þessum lögum? Dettur nokkrum í hug að halda því fram, að það sem vér kaupum af víni frá Spáni, sé svo mikið, að Spánverjar láti sig það nokkru skifta, og allra sízt, að þeir fyrir þá sök myndu hækka toll á íslenzkum saltfiski eða ef til vill banna allan innflutning á honum? Það hygg eg satt að segja nokkuð út í bláinn.

Þá á það að vera ódrengskapur að vilja ljósta upp brotum gegn lögum þessum. En því þá það? Því er þá ekki líka ódrengilegt að koma upp um menn brotum gegn öðrum lögum t. d. um þjófnað og gripdeildir? Þau lög eru orðin svo gömul, að það finst mönnum ekki nú, en hafa ekki öll lög í fyrstunni verið ný?

Ráðherrann (H. H.): Hinn h. þm. Barð. (B. J.) mundi varla tala svona, ef honum væri kunnugt um alla þá erfiðleika á framkvæmd laga, sem almenningsálitið — eins og verða mundi með þessi lög — ekki telur neina óhæfu að brjóta, tökum t. d. nýju lögin um æðarfugladráp. En hvað sem

þessu liður verður ekki á móti mælt, að það er harla óviðfeldið að heita þessum uppljóstrarseggjum stórfé að launum og freista þannig breyzkra manna til að »spekúlera« í falli og áviröing meðbræðra sinna.

Flutningsmaður (Björn Jónsson): Þessi sami sálmur um að lögin yrðu brotin var sunginn á alþingi, þegar toll-lögin voru fyrst á ferð hér, um 1870. Því var spáð þá, að menn myndu brjóta svo lögin og svikja toll, að lögin myndu verða þýðingarlaus.

Nú heyrist það raus ekki lengur, og yfirleitt hefir víst lítið kveðið að tollsvikum alla þá tíð, síðan lögin þau komust á. Það dugar því ekki að halda að oss slíkum vantrúarspádómum. Þeir munu ekki rætast.

ATKV.GR.: Samþ. með öllum atkv. gegn 2 að vísa málinu til nefndar. 7 manna nefnd kosin í málið með öllum þorra atkv.

Kosningu hlutu með hlutfalskosningu:
Björn Jónsson,
Stefán Stefánsson,
Björn Kristjánsson,
Sigurður Gunnarsson,
Jón Jónsson (1. þm. S.-Múl.),
Jón Þorkelsson,
Jón Jónsson (1. þm. N.-Múl.).

1. umr. frestað.

Í nefndinni var Björn Jónsson kosinn formaður en Sigurður Gunnarsson skrifari. Á fundi deildarinnar 20. marz tilkynti forseti (H. Þ.), að í stað formanns nefndarinnar (B. J.), er utan færi á konungsfund hefði meiri hlutinn valið í nefndina Björn Þorláksson og var hann síðan valinn formaður og framsögumaður meiri hl. nefndarinnar.

Framhald 1. umr., 27. marz. (A. 45, n. 304, 305, n. 321, n. 329).

Framsögumaður (Björn Þorláksson): Svo stendur á því, að eg stend hér upp, að eg var tekin í nefndina við burtför framsm., þm. Barð. (B. J.), og falið það starf.

Áður var nefndin klofnuð, og meiri hlutinn sem orðinn var, kaus mig framsm. þessa máls. Eg stend ekki upp til þess að segja neitt um þetta mál, en vil að eins leggja til, að því verði vísað til 2. umr.

Við byrjun 1. umr., 27. febr. var málið rætt ítarlega, og mun tæplega skýrast betur. Eg veit, að engar munu fram koma röksemdir til að sannfæra mig frá andstæðingum bannsins, né heldur býst eg við, að þeir muni láta sannfærast af röksemdum mínum.

Eg legg til að málinu verði vísað til 2. umr.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 16 atkv. gegn 3.

Önnur umræða, 30. og 31. marz. (A. 45, n. 304, 305, n. 321, n. 329).

Framsögumaður meiri hl. (Björn Þorláksson): Við framhald 1. umr. um þetta mál, skýrði eg frá því, að nefndin hefði klofnað í þrjá parta. Skal eg fyrst minnast á frumv. til laga um aðflutningsbann, eins og það fyrst kom fyrir. 4 menn úr nefndinni aðhyltust frumv. með örlitlum breytingum, og skal eg í fám orðum lýsa yfir því, er meiri hl. byggir álit sitt á.

Ástæður okkar bannmanna eru tvær; hin fyrri sú, að við skoðum áfengið sem eitur, eins og t. d. morfín og ópíum, en sú önnur, að við lítum svo á, að hér í þessu máli, sem og öðrum, eigi vilji þjóðarinnar hiklaust að ráða, og nú er augljóst, að þjóðin vill losna við áfengisbölið. —

Það er ekki við, sem höfum fundið

það upp, að áfengi sé eitur; frægir læknar og vísindamenn víðsvegar í heiminum eru á sama máli. Eg skal játa það, að áfengi sé ekki eins sterkt eitur og morfín og ópíum, en það er þó enn verra eitur. Þeir menn, sem á annað borð byrja að neyta áfengis, vilja alt af hafa meira og meira, þar til þeir að lokum komast svo langt, að þeir geta ekki hætt.

Öll áfengisnautn ruglar dómgreindina, sljófgar minnið, deyfir tilfinningu mannanna. Í útlöndum eru til hagfræðisskýrslur, sem sýna glögglega, að alkóhólið gerir miklu meira tjón, en allar eiturtegundir til samans. Það sem þetta frumv. heimtar, er það, að áfengi sé ekki til hér á landi, í neinu drekkandi ástandi, nema í lyfjabúðum.

Þá vil eg snúa mér að hinu, sem er aðal-atriðið í þessu máli. Það er vilji þjóðarinnar, að aðflutningsbann komist hér á. Þjóðin íslenzka vill losna við þetta eitur. Hún hefir smátt og smátt verið að komast til fyllri og ljósari meðvitundar um, hvað áfengi eiginlega væri, og þegar sú rétta skoðun er fengin á því máli og allur þorri viðurkennir og álítur, að alkóhólið sé eitur, sem ekki eigi að vera til í drekkandi ástandi annarsstaðar en í lyfjabúðum, þá er ekki nema sjálfsagt og eðlilegt, að þjóðin vilji vera laus við þetta eitur og fyrirskipa, að það skuli að eins vera í höndum þeirra, er með eitur kunna að fara, lækna og lyfsala, en ekki annara manna. Meiri hluti þjóðarinnar, já mikill meiri hluti hennar, vill losna við áfengisbölið. — Atkvæðagreiðslan í haust 10. sept.br. sýnir það og sannar full ljóslega. — Fullir $^3/_5$ af alþingiskjósendum í landinu lýstu því yfir, að þeir vildu fá aðflutningsbann, vildu losna við áfengiseitrið. Þótt ekki væri tekið tillit til neins annars, en þessa atkvæðafjölda, þá nægir það eitt til að sýna, að frv. þetta hvílir á réttum grundvelli, og að það á að ná samþykki löggjafarvaldsins og verða að lögum, því að meiri hlutinn á að ráða eins í þessu máli sem öðrum. En hér við bætist sá ómótmælanlegur sannleikur, að miklu meir en $^3/_5$ af landsmönnum vilja bannlög. Eg held eg megi fullyrða, að mest allur hluti kvenþjóðarinnar sé máli þessu fylgjandi, um 90 af hverju hundraði að minsta kosti eða $^9/_{10}$ hlutar allrar kvenþjóðarinnar. — Eg skal ekki kasta þessu fram án þess að reyna, að rökstyðja það nokkuð. Eg skal leyfa mér, að minna háttv. deildarmenn á þingið 1895. Þá sendu 7600 konur áskorun til þingsins um, að leiða í lög vínsölubann. Það er það langstærsta undirskriftaskjal, sem til þingsins hefir komið. Undirskriftir þessar höfðu það í för með sér, að málið var tekið til umræðu, þegar á þinginu, en málið sofnaði þar, en við bindindismenn vorum þá ekki komnir svo langt þá, að við þyrðum að fara fram á aðflutningsbann. Bindindismenn hafa fjölgað svo síðan, að segja má, að nú séu þeir hálfu fleiri, og af því mun óhætt vera að draga þá ályktun, að nú væri hægt að fá miklu fleiri kvenmenn til að skrifa undir áskoranir til þingsins; ef þetta mál hefði verið lagt fyrir íslenzku kvenþjóðina, þá mundi víst minst $^9/_{10}$ hafa verið með oss.

Eg skal enn fremur minna á, að af fleiru má marka það, hve mikill meiri hluti þjóðar vorrar er aðflutningsbanni hlyntur. Ungmennafélagið hefir sett það á sína stefnuskrá. Á landinu eru um 20,000 karlmenn yfir 25 ára. Ef eg tel af þeim tiltölulega jafn marga og þá, sem greiddu atkvæði með aðflutningsbanni í haust, nefnil. $^3/_5$, þá

verða það 12,000. Af konum eru yfir 20,000 á landinu á sama aldri, og geri maður ráð fyrir því, að $^9/_{10}$ þeirra sé okkur fylgjandi í þessu máli, þá verða það 18,000 kvenna. Þá veit maður, að 14,000 unglingar eru á aldrinum frá 15 til 25 ára, og þeir mundu flest allir verða máli þessu sinnandi, og eg verð að álíta, að í þessu máli eigi að taka tillit til hvers fermds unglings. Hans atkvæða ætti að leita alveg eins og eldri manna fult eins og t. d. til þeirra alþingismanna, sem fjötraðir eru af gömlum hleypidómum um áfengið og vanans sterku böndum. — Af 15 til 25 ára gömlum mönnum má því gera ráð fyrir, að um 12 þúsundir yrðu þá með aðflutningsbanni. Tölur þessar sýna þá, að af þeim 54,000 landsmanna, sem eru yfir 15 ára mundu 42,000 vera með aðflutningsbanni, með öðrum orðum 80 af hundraði hverju. Það er því full rökstutt, er eg held fram, að $^4/_5$ af öllum landsmönnum yfir 15 ára séu með banninu. Þetta nægir, vona eg, til að rökstyðja það, að það sé þjóðarvilji, að áfenginu verði algerlega útrýmt úr landinu.

Þá skal eg víkja máli mínu að sjálfu frumvarpinu. Það sem það bannar, er innflutningur, sala, veiting og gjafir áfengra drykkja. Eg veit það vel, að sumir, sem þykjast vera bannvinir, hneykslast á því, að ekki megi gefa áfengi, en eg get ekki séð annað, en að það sé réttmætt, að halda því fram, þegar þess er gætt, að áfengið er eitur. Það er heldur ekkert nýmæli, eins og sumir kunna að ætla. Í bannlögum Finna, sem samþykt hafa verið af þingi þeirra, er svo fyrirmælt, að það að gefa áfengi sé sama sem að selja. Það mundi líka verða afar viðsjárvert að leyfa áfengisgjafir. Aðalatriði laganna er, að banna innflutning á áfengi, en ef það hins vegar ætti að vera leyfilegt, að gefa og veita án borgunar, þá yrði það framvegis að eins mögulegt með óleyfilegum innflutningi eða þá með því, að menn mundu byrgja sig uppi með vínföng fyrir alt lífið, og ekki yrði það síður hættulegt; margir mundu, er þeir hefðu svo miklar birgðir — neyta þess í óhófi, en það mundi hafa hinar verstu afleiðingar í för með sér. Slíkt ákvæði um það, að leyfa áfengisgjafir, álít eg því blátt áfram háskalegt. Það mundi hafa það í för með sér, að miklu auðveldara mundi vera, að fara í kring um lögin, og væri þá illa á stað farið, því að það er ókostur hverra laga, að það vald, sem sett hefir lögin, skuli eins og vísa á leiðir til þess, að komast undan og hjá ákvæðum sjálfra laganna. Þetta ákvæði gegn áfengisgjöfunum miðar því beint að því, að gera lögin miklu einfaldari og léttari í framkvæmdinni.

Að því er frv. sjálft snertir þá hefir því talsvert verið breytt frá því sem það var við 1. umr. Þannig hafa sektirnar verið færðar niður um helming og mun nú varla með sanngirni verða sagt, að þær séu svo ýkjaháar. Annars lít eg svo á, að aðalatriðið sé ekki sektahæðin, stærð sektanna, þótt svo lágt megi fara í niðurfærslu sektanna, að lögin yrðu hreinustu káklög — þá væri betra að hafa engin bannlög. Þá hefir 2. gr. verið breytt lítið eitt. Hún hljóðaði um heimild til að flytja til landsins áfengi, sem ætlað væri til iðnaðar og eldsneytis, en mátti misskilja svo, að ákvæði hennar um að gera áfengið óhæft til drykkjar að eins skyldi ná til þess áfengis, sem ætlað væri til iðnaðar. Nú höfum við breytt því ákvæði þannig, að það nær líka til áfengis til eldsneytis. — Það var sjálfsögð breyt-

ing. — Að prestar og prófastar mættu flytja inn messuvín var felt að ráði biskups. 8. gr. höfum við breytt að orðalagi og orðað hana greinilegri. Oss þótti nauðsynlegt að slá því föstu, að engar undantekningar skyldu eiga sér stað. Að því er snertir sölu lyfsala eru ákvæðin sett að ráði landlæknis. Eg vona, að menn hafi ekki á móti, að þeim sé leyft að fara með áfeng lyf og landlæknir sá, sem við höfum nú er svo tryggur bindindisvinur, að hann mun setja nánari ákvarðanir, sem koma í veg fyrir að þetta leyfi verði misbrúkað. Þá höfum við bætt við nýjum lið við 9. gr. Vér vildum sýna sanngirni þeim veitingamönnum, sem veitingaleyfi ekki er útrunnið hjá og að landssjóður borgi tiltölulegan hluta hins upphaflega leyfisgjalds.

Við 19. gr. hafa verið gerðar allmiklar breytingar, að því er snertir uppljósturslaunin. Oss fanst réttara að færa þau niður og hæfilegt að uppljóstrarmaður fengi að eins $^1/_5$. Við skoðuðum það svo, að það mundi ofurlítið hvetja menn til að koma upp brotunum, án þess þó að nokkur mundi ætla sér atvinnu af sliku. Það sem einkennir þessa þjóð er meðal annars einkum það, hve seinir og ófúsir menn eru að koma upp lögbrotum um aðra. Það er eins og menn telji það ljótt að stuðla að því að lögin verði framkvæmd, samkvæmt eðli og anda þeirra, en slikt hlýtur að veikja virðing manna fyrir lögunum og hlýðni við þau og er slíkt næsta óheppilegt. — Eg þykist vita, að sumir muni segja, að þessi uppljósturslaun geri það að verkum, að menn fari að »spekúlera« i breyzkleika náungans, en það nær ekki neinni átt, þar sem sektirnar eru færðar svo mikið niður og uppljósturslaunin að eins $^1/_5$ af þeim niðurfærðu sektum. — Þá vil eg að síðustu minnast á þann tíma, sem lögin eiga að koma til framkvæmda. Það er gert ráð fyrir, að það verði 1. jan. 1912. Það getur vel verið, að frestur sá hefði mátt vera styttri, og það eru víst flestir bindindismenn á þeirri skoðun, því að það er óneitanlega mikill hagur fyrir þjóðina að losna við áfengið sem fyrst, þar sem vér við það sleppum við mikið tjón, en vér höfum unnið það til samkomulags að hafa frestinn svona langan. Fer eg svo ekki fleiri orðum um málið að sinni.

Jón Þorkelsson: Minsti hluti nefndarinnar rær einn á báti. Það er eg.

Ef frv., eins og það nú er, með öllum þess stórgölluðu og stórhneykslanlegu ákvæðum, hefði verið lagt fyrir þjóðina, eða undir úrskurð hennar við kosningarnar í haust, þá hefðu víst runnið á margan tvær grímur, hvort þeir ætti að vera með eða ekki.

Margan mun hafa sett hljóðan, er þetta frumv. kom hér inn í þingsalinn í vetur, og margan mun hafa furðað á biræfninni um það, hvað menn þyrði að bjóða þinginu. Þetta frv. eins og það er úr garði gert, er að mínu áliti alveg óþolandi og ósamboðið mentaðri þjóð. Og þó er meiri hluti nefndarinnar svo langt leiddur í þessu máli, að honum finst tíminn of langur, þangað til lög þessi eiga að ganga í gildi. Svo mál er þeim á að fá þessari háðung og harðindum dembt yfir landið. Auðvitað hlaut nefndin í þessu máli að klofna, og hún klofnaði líka ekki minna en í þrent, og er eg einn út af fyrir mig, og hefi eg reynt að fara nokkurn meðalveg milli þeirra, sem æstastir eru bannmenn, og hinna, er ekki vilja taka aðflutningsbann í mál, og hefi eg leyft mér að gera tilraun til að koma vitinu fyrir menn í

tíma, því það er ofseint að byrgja brunninn, þegar barnið er í hann dottið, og þegar búið væri að lögleiða þessa forsmán. Þá er um seinan, er menn vakna við vondan draum, að sjá yfirsjón sína. Það ætti þegar að vera öllum ljóst, að sú frelsismeiðing, er af þessu hlýtur að leiða, er ósamboðin siðaðri þjóð. Framkvæmdir bindindismanna hafa hingað til verið þolandi hverjum manni, en nú er hin góða og göfuga bindindisstarfsemi að snúast upp í ofurkapp, ofbeldisverk og ofsalega heimtufrekju. Nú er hvorki krafist meira né minna, en að alt vín verði algerlega flæmt úr landi, og að mönnum verði á þann hátt fyrirmunað að gleðja sig í hófi, hversu siðsamlega sem er, og hér við lagðar hinar gífurlegustu hegningar og mannorðsmissir.

Dómar um slíkt atferli hljóta að vera harðir, en þó varla of harðir. Það er eins og þeir, sem fastast fylgja fram þessu máli, þyki, sem þeir finni aldrei nógu hörð hegningarákvæði, jafnvel fyrir hin lítilfjörlegustu afbrot, og svo er að sjá, sem þeim þyki meira ríða á því að rista blóðörn á bak mönnum en að ganga vel frá því, að ekkert áfengi geti flutst til landsins, sem þó hlýtur að vera aðalatriðið í þessu máli. Aðflutningsbannið vil eg gera að álitamáli, og um það skilur mig og meiri hluta nefndarinnar ekki svo mjög sem um fjölmörg einstök atriði málsins.

Við kosningarnar 10. sept. í haust, kom það í ljós, að fleiri atkv. voru með aðflutningsbanni en mót, en atkvæðamismunurinn var þó langt of lítill til þess að byggja á þeirri atkv.gr. til hlítar, þó að eg hins vegar vegna hennar vilji taka þetta efni í mál og til álita. Undir öllum kringumstæðum má ekki láta aðflutningsbannslög koma fram í eins alsendis óhæfu formi, sem þetta frumv. er í. Að því er flest, sem verra er að hafa en án að vera og þar stórum gengið of nærri eignarrétti manna og persónulegu frelsi. Og þá bæta hinir launuðu uppljóstrarmenn frv. ekki úr skák. Bannmenn gera auðsjáanlega ekki mikið úr siðferðisþreki og sómatilfinningu landa sinna, ef þeir álíta, að þeir séu svo ósjálfstæðir og þrællundaðir, að þeir segi ekki til lagabrota, nema þeim sé mútað til þess, eða þeir fái há laun fyrir það.

Það er mikið atriði, hve skertur er eignarréttur manna með aðflutningsbannsfrv. þessu. Þar er ætlast til að eytt sé á skömmum tíma þeim vínbirgðum, sem þá eru til í landinu. Veitingamenn og kaupmenn verða að losa sig við alt vín sitt, þegar lög þessi öðlast gildi, ef þeir eiga einhvern dropa, og eins þó þeir hafi nýlega birgt sig upp. Skal til lyktar flytja það úr landi eða hella því niður og gereyða, án þess séð verði, að þeir eigi að fá nokkurt endurgjald fyrir. Það á að ræna þá réttmætri eign í skjóli þessara laga. Þá má ekki gleymast, að þessum mönnum er ætlað að missa atvinnurétt sinn, og fá engar bætur fyrir. Alt er gert réttlaust: eignir og atvinna. Ef þetta er ekki að ganga í berhögg við stjórnarskrá vora og eldri lög, þá veit eg ekki hvað það er.

Breyt.till. mínar miða meðal annars að því að reyna að kippa þessari óhæfu í lag og að vernda eignarrétt og frelsi manna, Mín skoðun er sú, verði frumvarpsvitleysa þessi að lögum óbreytt, að þá setjum við það ósvikulasta skrælingjamark á okkur, sem unt er að gera. Mér er því ómögulegt að vera með frumv., eins og það er, hvað sem síðar semst, ef mínar br.-till. yrði að mestu samþ. Eg mundi þá geta fylgt meiri hlutanum, ef hann

sér sig um hönd og aðhyllist mína stefnu í málinu, og rétt finst mér að láta málið ganga til 3. umr., ef meiri hlutamenn kynni þá að betra ráð sitt, svo að unt yrði þá að bjarga við sökinni, og mega þeir þá ekki gleyma 13. gr.

Eg veit ekki, hvers vegna rembst er við að hafa hegningarákvæðin sem gífurlegust og hvers vegna gengið er svo nærri mönnum að þefa af þeim og út úr þeim, og þess stranglega krafist að fá að vita, hvar þeir hafi fengið í staupinu undir ekki minna en 100 kr. sekt.

Í 19. gr. kastar fyrst tólfunum, þar koma þessi makalausu og alræmdu ákvæði, að uppljóstrarmaður skuli fá helming allra sekta, en þær geta eftir frumv. numið 5000 kr., að eins fyrir eitt brot. Það er ekki svo slæm atvinna að vera sporhundur, þefari, uppljóstrarmaður, því að á því er hægt að græða 2,500 kr. á einum degi. — Háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) hefir komið með þá uppástungu, að láta uppljóstrarmann hafa $^1/_5$. Er það að vísu nær sanni, en 1000 kr. daglaun gæti þó þefarinn haft upp úr því.

7. gr. tekur út yfir alt. Maður frá Hafnarfirði tekur sér far með mótorbát eða öðru flutningsfæri, sem annar maður á. Það finst hjá honum leki eða lögg af áfengi, og skipstjórinn og bátseigandinn verður að borga þúsund krónur og missa bátinn að auki, þó að hann hafi ekkert um það vitað, að farþeginn, sem sleppur alveg óhegndur, hefði með sér áfengi. Finnar hafa þó þau ákvæði að sá, er braut, á að borga eiganda flutningsfærin, ef annar en hann er eigandi þeirra. Önnur eins frekja og fásinna sem þetta, þarf engrar útskýringar við. Í frumv. Finna eru sektir einnig miklu lægri, aldrei hærri en 800 kr. og alls ekki fangelsisvist við lögð.

Nú hefir atkvæðagreiðslan hér á landi síðasta haust fallið svo, að tæplega $^3/_5$ voru með aðflutningsbanni. — En eg lofaði kjósendum mínum því, að eg mundi geta samþ. það, ef slíkur meiri hluti af alþingiskjósendum óskuðu þess. Eg get nú ekki betur séð, en að eg hafi efnt vel þau heit mín við þá, með því að hafa nú lagt þá rækt við málefnið að fara að reyna að lagfæra þetta endemisfrumv., svo að það mætti þó verða frambærilegt nokkurn veginn. En niðurlagsatriðin að breyt.till. mínum legg eg mikla áherzlu á, af því að eg álít alveg ógerning að gera frumv. þetta að lögum, án þess að bera málið undir þjóðina aftur, eins og málið nú horfir við, og láta hana skera úr því, hvort hún vilji hafa það eða ekki. Mér finst ekki nema alveg sjálfsagt, að ný atkvæðagreiðsla fari fram, því 10. sept. síðast liðinn lá ekkert slíkt frumv. fyrir landsfólkinu og þess vegna hafa án efa margir, er unna bindindi og hata ofdrykkju, greitt atkv. með aðflutningsbanni, án þess að gera sér glögga grein fyrir því. Og víst er það vel skiljanlegt, að sendimönnum Goodtemplarareglunnar tækist að fá svona mörg atkv. með banninu, af því að engin gagnrök komu á móti kenningu þeirra, heldur var þetta mál brýnt fyrir kjósendum að eins frá einni hlið, frá sjónarmiði hinna áköfustu templara. — Templarar hafa óneitanlega með framkomu þessa frumv. sett leiðinlegan blett á það álit, er þeir áttu að verðleikum skilið fyrir hina fyrri starfsemi sína. Á einu orði hafa þeir í aðflutningsbannshríðinni þráfaldlega staglast, og það er orðið »eitur«, þeir hafa hrópað upp og út, að áfengið væri óg-

urlegt rjúkandi eitur, banvænt og bráðdrepandi og bölvað í alla staði. Slík einföld stóryrði eru alþýðu manna auðskilin og auðvelt að koma inn geig hjá henni með þvílíkum gífuryrðum. Annars er torvelt fyrir okkur ólærða liðsmenn í þessum sökum að vita hverju trúa skal, þegar þeim skriftlærðu ber ekki saman. Eg var staddur á fundi í gær og heyrði á tvo lærða lækna, er leiddu hesta sína saman; sagði annar þeirra, að áfengi væri banvænt eitur, en hinn neitaði því og kvað miklu fremur heilsulyf og lækning, og ekki væri það eitraðra en svo, að það dræpi þá eina, sem vildu drepa sig á því, og þyrftu þeir þó að hafa töluvert fyrir því. Þjóðarviljinn á auðvitað aðallega að ráða í þessu efni og skera úr með nýrri atkvæðagreiðslu, hvort landsfólkið vill hafa aðflutningsbann eða eigi. Ef þjóðin reynist því enn samþykk eins og það er, þá er rétt að taka það til greina. En eg verð nú að efast stórlega um það, að þjóðin sé svo heillum horfin, að hún óski eftir að verða reyrð á annan eins ófrelsisklafa, og aðflutningsbannið er, eftir frumv., eins og meiri hluti nefndarinnar hugsar sér það. Eg hefði ekkert haft á móti þeim ákvæðum, er tryggja að áfengi flytjist ekki til landsins, ef þau væru óbrigðul og lagaákvæðin að öðru leyti hófleg. En gegn slíkum harðinda-lagaákvæðum sem þessum mun almenningsálitið rísa upp í öllu sínu almætti. Hörð hegningarákvæði hafa og eðlilega þau áhrif, að hvert brot verði hulið og hylmað. Til þess að þau komist upp, þurfa lögin að vera væg.

Í 16. gr. er það undantekið því, sem upptækt skal, er helzt hefði átt upp að taka, og sízt mátti án vera, en það eru hafskipin, er flytja áfenglð til landsins. Ætti þó hver maður að geta séð, úr því að verið er með þessi gríðarlegu upptekta ákvæði, að það mundi geta verið stórgróði fyrir landssjóð, ef ákvæði væri um það, að mega gera þau upptæk fyrir ekki neitt, og búa síðan til úr þeim innlend botnvörpuskip, og ef til vill herskip til þess að verja strendur landsins!

Út í það skal eg ekki fara hér, hvernig landssjóði eigi að bætast missir áfengistollsins, því að meiri hlutinn hugsar sjálfsagt fyrir því. Mætti og fara að liða að því, að hann tæki að íhuga það alvöruefni, því að nú er málið komið á þann stað, þar sem vitið á að ráða því, en tilfinningin, sem mestu hefir um það ráðið hingað til, að útilokast.

Eg hefi stungið upp á, að lög þessi öðlist ekki gildi fyrr en 1916, og hefir hitst svo á, að það er samhljóða tillögu minni hlutans. En meiri hlutanum þykir þetta of langur dráttur. En eg vil þá ansa þar svo til: Ef lög þessi ættu að komast í gildi, eins og þau eru, er svo langt frá, að þau ættu að komast í gildi fyrri en 1916, að þau ættu aldrei að komast það. Mín afstaða í málinu er sú, að eg mun fylgja hóflegum og skynsamlegum lögum um þetta efni, en býst við, ef engar umbætur koma fram við þetta frumvarp, sérstaklega að því er snertir eignarrétt, persónulegt frelsi manna og uppljóstur að þá geti eg ekki samþykt það.

Framsögumaður minni hlutans (Jón Jónsson S.-Múl.): Eg geri ekki ráð fyrir, að það hlýði að lengja umræður um þetta mál; þess væri það þó vert, vegna þess að það gekk nálega umræðulaust í gegn við framhald 1. umr.

Eg er þakklátur háttv. framsögum. meiri hl. (B. Þ.) fyrir hans hógværu orð; ástæður hans voru einkum tvær, hafa þó bannmenn hingað til talið miklu

fleiri. Önnur ástæðan var sú, að áfengi væri eitur; hin sú, að þjóðarviljinn vildi, að þessi lög væru samin. Hann tók einmitt svo til orða, að þjóðarviljinn væri aðalatriðið og orsök þessa frumv.

Eg ætla mér ekki og er ekki heldur maður til að færa rök á móti þessari eiturkenningu, sem fitjað hefir verið upp á nú á síðari árum og bannmenn leggja aðaláherzlu á. Ætlun mín er þó sú, að þótt því sé með lagaboði slegið föstu, að áfengi skuli eitur heita, þá þurfi það langan tíma til að festa rætur í meðvitund fólksins, og það þótt háttv. meiri hluti segi, að bannið sé þjóðarvilji. Eg skal ekki fara meira út í það; mig vantar til þess þekkingu, þóti eg sé ekki viss um, að háttv. meiri hluti hafi á því meiri þekkingu en eg.

Annars þykir mér hlýða, að fara nokkurum orðum um málið alment. Fyrst þegar málið kom til umræðu á þinginu skýrði eg afstöðu mína og taldi ástæður mínar fyrir því, að eg teldi mér skylt að berjast gegn þessari lagasetning af fullum vilja, en því miður veikum mætti. Við höfum, háttv. 1. þm. N.-Múl. (J. J.) og eg, bent á í áliti okkar, hverjar ástæður liggja til þess, að við ráðum háttv. þd. til þess að fella þetta frumv. Eg skal játa það, að mér þótti það lakara, að háttv. frsm. meiri hlutans (B. Þ.) virti álit okkar ekki svo mikils, að dæma það eða gagnrýna. Eg hefði kosið það, þótt eg ætli mér ekki í neinar kappræður; það hefði orðið til þess að skýra málið.

Áður en eg fer út í málið frá almennu sjónarmiði, skal eg leyfa mér að gera nokkurar athugasemdir við einstök atriði eða setningar háttv. frsm. meira hlutans (B. Þ.) Háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) hefir að vísu tekið af mér ómakið að mestu leyti. Eg skal að eins bæta litlu við. Mér finst eg ekki geta látið vera að vekja athygli á því, að við atkvæðagreiðsluna í haust og allan undirbúning undir hana létu bannmenn aldrei í ljósi, hvernig þeir hugsuðu sér bannið í framkvæmdinni. Það er fyrst þegar þetta frumv. kemur fram, að mönnum verður ljóst, hvað fylgismenn og forvígismenn bannstefnunnar vilja í framkvæmdinni. Eg tek þetta fram einungis sem rika ástæðu til þess að þjóðin fái aftur að greiða atkvæði um málið, ef það verður ofan á í þinginu.

Annað, sem mér kom á óvart í ræðu háttv. framsm. meiri hl. (B. Þ.), var það, að hann kvað aðflutningsbann vera á stefnuskrá ungmennafélaganna, Eg skal játa, að eg er ekki vel kunnugur þeim félagsskap; lög þeirra hefi eg þó séð, og man eg ekki betur, en að í þeim standi, að félagið sé fylgjandi bindindi. Eg minnist þess ekki, að á aðflutningsbann sé minst einu orði, það hefir þá verið tekið upp á stefnuskrána síðan. Ef háttv. framsm. (B. Þ.) kemur ekki með upplýsingar um þetta, sem eg óska fastlega eftir, verður við mína sögu að lenda. En það verð eg að segja, að ef ungmennafélögin, sem hafa menninguna að sínu markmiði, hafa tekið bannið, kúgunarstefnuna upp á stefnuskrá sína, þá geri eg mér ekki miklar vonir um þau.

Þá mintist hinn hv. framsm. meiri hlutans (B. Þ.) á bannlög Finnlendinga. Honum hefir verið bent á það, að á Finnlandi eru engin bannlög og frumv. um þau er ekki samþykt, svo að ekki dugir að vísa til þess. En frumv. það, sem þar hefir komið fram í þessa átt, sannar ekkert annað en það, að nokkurum mönnum þar hefir dottið líkt í hug og nokkurum mönnum hér. Þó hefir þeim ekki komið til hugar, að fara eins langt og hér er

gert; hér eru ákvæðin gerð miklu harðari, ómannúðlegri og meira kúgandi.

Þetta er þá það, sem eg hefi sérstaklega að athuga við ræðu h. háttv. framsögum. meiri hlutans (B. Þ.); eg kann honum þakkir fyrir, hve framsetning hans var hófleg, eins og eg tók fram í upphafi ræðu minnar, og eg vil bæta við: óvanalega hófleg, þegar tekið er tillit til þess, hversu bannmenn hafa flutt þetta mál alla tíð. — Eg er ekki viss um, að eg geti stilt orðum mínum eins í hóf, en reyna mun eg það.

Eg kom á fund í gærkveldi, er haldinn var um þetta mál, og var þar stutta stund. Þá var það tekið fram af aðal-ræðumanni, að nú væru mótstöðumenn bannsins hættir að tala um »princíp« og brot á persónulegu frelsi. Menn þyrðu ekki lengur að koma með þá mótbáru, að hér væri um viðsjárverð löggjafar-princíp að ræða. Þetta er ekki rétt, eins og bent hefir verið á, bæði við 1. umr. þessa máls og í áliti okkar minna hlutans í nefndinni. Eg skal þó ekki vera margorður um þetta nú. Annars hafa á ýmsum tímum komið fram ýmsar setningar frá bannmönnum, sem sýna, að ekki er gott að verja málstað þeirra. Þeir hafa oftlega blandað saman persónulegu frelsi og atvinnufrelsi. Eg er ekki faglærður maður í þessum efnum, en eg skal reyna að skýra sem bezt eg get, hvað eg legg í þessi hugtök. Með persónulegu frelsi, þá á eg við það, að hver einstakur maður er sjálfráður athafna sinna, þeirra er ekki koma í bága við athafnir annara manna. Því er hver maður sjálfráður að eta og drekka það, sem hann lystir, ef hann skerðir ekki rétt annara manna; enginn getur varnað honum þess. Hver maður má t. d. ferðast, tala og segja sínar skoðanir, ef hann skerðir ekki þar með rétt annara manna. Þetta frelsi hafa bannmenn sagt, að væri oft skert með löggjöfinni, t. d. með ýmsum samþyktar-ákvæðum, t. d. ýmsum reglum um fiskveiðar o. fl. En hér er um alveg óskylt mál að ræða. — Slíkar samþyktir eru skerðing á atvinnufrelsi einstakra manna til heilla fyrir heildina. Nú vil eg spyrja hina háttv. fylgismenn þessa máls: Ef það kemst inn í löggjöfina, að banna þeim að neyta áfengis, sem þess æskja, hvar eru þá takmörkin? Er þá ekki ástæða til þess, að verja heilsu landsmanna með því, að banna innflutning á tóbaki? Eitur er í því. Eða mundi ekki ástæða vera þá til þess, að hefta innflutning á kaffi? Þótt kaffi sé að vísu ekki beinlínis eitur, þá eru þó læknar yfirleitt á einu máli um það, að skaðlegt sé, að neyta mikils af því. Eg vildi vita, hvort háttv. fylgismönnum frumv. er ljóst, hvert þeir stefna með þessu frumv. Eg get búist við því, að þeir svari, að hér sé ekki líku saman að jafna, það sé sitt hvað neyzla kaffi og tóbaks og neyzla áfengis. — Eg get búist við þessu svari, því að hér er orðið um eins konar átrúnað að ræða, og það er eðli hvers átrúnaðar, annars væri það ekki átrúnaður, að horfa yfir og fram hjá öllum þeim mótbárum, sem átrúnaðurinn kann að mæta, og að svara þeim með frekyrðum og fullyrðingum. Við fengum að heyra það frá hlið bannmanna um daginn, þegar mál þetta kom fyrst fyrir deildina, hvað ofan í annað orð eins og »mesta fásinna«, »einstakur hégómi«, »stakur þekkingarskortar«, »markleysa«, »fjarstæða« o. s. frv., og í nefndaráliti meiri hlutans gera þeir sér hægt um vik og skifta öllum Íslendingum í 2 flokka, bannmenn og áfengis-átrúnaðarmenn. Þeirra átrúnaður leiðir þá til að ætla, að vér allir

hinir trúum á áfengi! Þetta stendur beint í 1. málsgrein nefndarálitsins, þar segir svo: »Ávöxturinn af starfinu (ɔ: starfi Good-Templarreglunnar) er sá, að stórmikill meiri hluti þjóðarinnar hefir horfið frá áfengis-átrúnaðinum«.

Nei, vér trúum ekki á áfengi, það skal eg segja þeim í fullu bróðerni og trúnaði; meira að segja, vér játum fyllilega, að það er hinn mesti viðsjálsgripur, og að starfsemi G.-T., að opna augu manna fyrir skaðsemi ofnautnar áfengis hefir verið lofsverð og blessunarrík. En vér trúum á annað; vér trúum á framþróun sannarlegs siðgæðis og farsældar í skjóli lögbundins frelsis. — Bannmenn trúa á svipuna og lögmálið.

Það er þarna, einmitt þarna í prinsípinu sjálfu, sem leiðir skilja, og þær leiða í gagnstæðar áttir og geta aldrei mætst, því að þeirra vegur leiðir beint til andlegrar ómegðar, en vor leið stefnir til sjálfsvirðingar og siðferðislegs farsældar-þroska.

Þetta er mín skoðun, og skal eg ekki bera á móti því, að mér er þetta kappsmál, og að eg teldi mig gæfumann, et orð mín gætu orðið til þess, að fleiri litu á málið frá mínu sjónarmiði.

Það hefir verið minst á þjóðarviljann í sambandi við þetta mál, og bæði meira og minsta hluta nefndarinnar ber saman um það, að þjóðin vilji bannið. Við höfum sýnt fram á það í áliti okkar, því sem prentað hefir verið, að það er alls ekki rétt af hinum háttv. meira hluta, að telja það sem höfuðástæðu fyrir fylgi sínu við þetta mál, að þjóðin vilji það, að það sé þjóðarvilji. — Ástæður þær, sem þar eru færðar af okkar hálfu, hafa ekki verið hraktar og verða ekki hraktar. En eg skal reyna nú að færa fram nýjar skýringar um málið, sem ljóslega benda í sömu átt.

Núna síðan þingd. tók þetta mál til meðferðar hafa bannmenn látið semja ritgerðir, er út hafa komið í blöðum og pésum, til þess að sýna og sanna ágæti bannsins. Nú, eins og svo oft áður, hafa þeir lagt afarmikla áherzlu á það, hvað bannlög hafi reynst ágætlega í Ameríku, einkum í ríkinu Maine, þar sem þeir segja, að þau hafi verið í framkvæmd mjög lengi eða síðan um miðja 19. öld. Þeir fara mörgum fögrum orðum um hið blómlega ástand í Maine, og alt á það að vera að þakka banninu. Þar á nefnilega ekkert að vera drukkið og engu eytt fyrir vínföng og ölföng, og því er fólkið orðið svo ríkt og því líður því svo einstaklega vel. Undur er skemtilegt að heyra þetta, og óskapleg fyrirmunun má það vera, að til skuli vera þeir Íslendingar, sem ekki láta sér segjast við þetta.

En það er dálítið að athuga við þetta, og sýnir allgreinilega, hve ráðvandlega hér er fylgt máli. Aðflutningsbanni hefir aldrei verið framfylgt í Maine. Aðflutningsbann hefir ekki verið reynt til þessa dags nokkurstaðar í víðri veröld.

Það, sem mönnm hér á landi hefir að undanförnu verið talið trú um að væri aflutningsbann á ýmsum stöðum í Ameríku og víðar, er ekki annað en sölubann og »local option«, eða nokkurnveginn sama sem á sér stað á voru landi.

Eg get hér borið fyrir mig blaðið »Scotsman« 5. þ. m. Þar segir frá því, að einmitt daginn áður, 4. marz, hafi farið fram atkvæðagreiðsla í St. Johns í Newfoundland um það, hvort þar skyldi komast á »local veto«, það er, hvort það skyldi lagt undir almenning, að veita vínsöluleyfi eða

synja um það. Sú atkv.gr. fór svo, að tillagan um »local veto« var feld með rúmlega 3/5. Í sambandi við þetta getur blaðið þess, að hefði tillagan verið samþ., þá hefði þar með fengist hin fyrsta verulega tilraun með land, þar sem enginn mætti selja vín. Innflutningur og neyzla er þar öllum heimil sem annarsstaðar.

Svona er þetta, en hvað hefir fólkinu verið sagt og hvað hefir verið prédikað? Jú, sölubann hefir lengi verið í Maine, og fyrir löngu tóku ýmis önnur af Bandaríkjunum upp þetta Maine-system. Einu sinni voru þau 15, sem höfðu leitt það í lög. Hve mörg þau eru nú, veit eg ekki; en árið 1900 voru þau ekki orðin nema 5 að Maine meðtöldu, og það er víst öðru nær en systeminu sé beitt stranglega. Í Manchester í New-Hampshire, einu þessara ríkja, sem talið er, að hafi haldið við Mainesystemið, er vínsala leyfð fyrir mjög hátt gjald, og er á þann hátt aflað fjár svo mikils, að nægir til að standa straum af mjög verulegum hluta af hinum opinberu gjöldum, og í hinum 3, Vermont, Kansas og North-Dakota, er lögunum ekki beitt nema í sveitahéruðum. Þetta, sem eg hefi sagt hér, er tekið eftir skýrslu frá 1901, og má vera, að það sé eitthvað öðru vísi nú. En eg skal taka það fram, að sú skýrsla, sem eg hefi nú vitnað til, er gefin af áhugasömum bindindismönnum.

Það er ekki ófróðlegt að heyra það, að árið 1900 var drukkið í Bandaríkjunum öllum öl, sem nema mundi hér um bil 30 pottum á mann til jafnaðar. En í Portland, höfuðborginni í Máine sjálfu bannríkinu, komu það sama ár um 57 pottar af öli á hvert mannsbarn, og þetta eigum vér svo að taka til fyrirmyndar, vér, sem ekki drukkum 1906, síðasta ár, sem eg hefi séð skýrslur um, nema tæpa 5 potta á mann, það er hér um bil 1/12 af því, sem drukkið er í höfuðborginni í mesta bannríkinu í Ameríku, sem mest er vitnað í.

Enn má geta þess til fróðleiks og líklega til eftirbreytni, af því að það er í Maine, að í höfuðborginni Portland voru 1901 250 knæpur, þar sem selt var öl og annað áfengi til drykkjar, hverjum sem hafa vildi.

Í ritum þeirra Péturs Zóphóníassonar, og D. Östlunds, sem verið var að útbýta meðal þingmanna um daginn, er það sagt fortakslaust, að aðflutningsbann hafi lengi verið og sé enn í Maine, og ættu þó þeir leiðtogar lýðsins að vita betur. Svona er ráðvendnin í agitationinni. Engum dettur víst í hug að halda því fram, að fortölurnar sem hafðar hafa verið fyrir fólkinu út um landið, hafi verið yfirleitt vandaðri eða betur rökstuddar, en það sem forhleypismenn bannstefnunnar eru látnir gefa út í prentuðu máli, til þess að hafa áhrif á skoðanir alþingismanna. Miklu fremur verður að telja líklegt, að þinginu sé einmitt boðið það besta, rökstuddasta og mest sannfærandi, sem til er — og það er þá svona, eins og eg hefi sýnt fram á. Og nú vona eg að flestir geti nokkurn veginn myndað sér ákveðna skoðun um það, hvernig atkvæða þjóðarinnar er aflað, um hve sannan og ábyggilegan þjóðvilja hér er að ræða, og hvað góða ástæðu háttv. meiri hl. hefir til þess að segja í nefndarálitinu með mesta hátíðabragði: »Þjóðin vill það«.

Og svo loksins þetta: Séu fylgismenn bannsins hér á þingi fyllilega sannfærðir um sannleiksgildi og réttmæti þess máls, er þeir flytja, og séu þeir

ennfremur sannfærðir um fylgi kjósenda landsins með því, hví þá í ósköpunum vilja þeir ekki fallast á till. minni hlutans, um að leggja mál þetta af nýju undir atkv. almennings?

Framsögumaður meiri hlutans (Björn Þorláksson): Eg hefi ekki margt að segja um ræðu frmsm. minsta hlutans (J. Þ.) Hann taldi frv. þetta ósamboðið siðuðum þjóðum.

Einnig virtist það fá honum undrunar, að eg kallaði frv. Finna lög; en nú get eg frætt þann háttv. þm. á því, að hér hjá oss eru frv. kölluð lög frá alþ., er þau hafa hlotið samþ. beggja deilda.

Eg nefni Finna, til þess að sýna, hve ósæmilegt það er, að segja að annað eins frumv. og þetta sé ekki samboðið siðaðri þjóð. Finnar eru að mörgu leyti fyrirmyndar þjóð, og væri oss engin skömm að líkjast þeim.

Þá talaði háttv. frmsm. minsta hlutans (J. Þ.,) einnig um það að lög þessi gengi of nærri eignarrétti einstakra manna, Það held eg sé fullkominn misskilningur.

Einnig fórust honum orð á þá leið, að hér væri verið að koma upp nýrri, launaðri stétt manna.

Þetta eru öfgar því einmitt meiri hlutinn sjálfur færði ákvæðið um þetta efni niður, svo að hér getur ekki verið um nein veruleg laun að ræða. Þótt honum þætti það skrítið að sumt skyldi ganga til uppljóstursmanna, get eg bent á, að slík lög hafa áður verið samin hér á alþ. Svo var ákveðið í lögunum frá 10. febr. 1888, fyrstu lögum okkar, sem lögðu nokkurt verulegt haft á vínsölu. Hann brúkaði líka eitt af þessum stóru orðum, sem ekki ættu að heyrast hér á þingi nefnilega þau: að við, með lögum þessum, gerðum okkur að skrælingjum eða Eskimóum, þetta átti að vera skammaryrði í munni þm.; þó væri máske engin skömm að líkjast þeim í siðferði, því landi vor Vilhjálmur Stefánsson, mikill fræðimaður, sem nú dvelur meðal Eskimóa, heldur því fram að þeir séu mjög vandaðir og siðferðisgóðir menn. Menn mættu líka gá að, hvað »skrælingi« þýðir, að minni ætlun er það sá sem kallar, æpir hátt, og í því tilliti mætti ef til vill kalla þá skrælingja, er hafa stærst og verst orð og vekja mesta háreysti. Þá skal eg að gefnu tilefni líka benda á það, að það er ekki verkefni bannlaganefndarinnar, að afla fjár fyrir tekjumissinn, er leiddi af aðflutningsbanni, heldur heyrir það undir verksvið skattamálanefndarinnar.

Þá vil eg minnast á breyt.till. minsta hluta nefndarinnar (J. Þ.). Sumar miða þær til bóta, og er ekki óhugsanlegt, að einhverjar þeirra verði teknar til greina við 3. umr. Aftur raska sumar beinlínis grundvelli frumv. Niðurlagsákvæðið um það, að lög þessi skuli bera undir þjóðina og atkv.gr. fara fram á ný, finst mér algerlega óþarft og ekki viðeigandi. Mér fanst háttv. þm. (J. Þ.) eða minsti hlutinn, gera lítið úr atkv.gr. á síðastliðnu hausti; en til þess hefir hann engan rétt, og eg mótmæli því hátíðlega, að sú atkv.gr. hafi ekki lýst sönnum og eindregnum vilja þjóðarinnar.

Nú skal eg þá snúa mér að háttv. framsm. minni hlutans; eg þarf ekki að tala um ræðu hans, því hún var í fullu samræmi við nefndarálitið. Hann segir svo framsm., háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.), að einkennilegt sé, að maður skyldi vera tekinn í nefndina, er ekki hafi verið kosinn af þingdeildinni. Víst þykist eg vita, að ógjarna muni hann hafa viljað að eg ætti þar sæti. En nú er, sem er, og verður ekki við-

gert. En fyrst eg hefi verið svo heppinn að komast hér að, skal eg reyna að nota tækifærið til að reyna að hrinda nokkrum blekkingum hans og villum í þessu máli.

Ekki er það *mín* skuld, þótt háttv. framsm. hafi ekki meiri þekkingu til að bera í þessum efnum, en nú kemur í ljós.

Hann hefir altaf reynt að vera þrándur í götu þessa velferðarmáls, er hér ræðir um, mér liggur við að segja staðið oft í slíkum sporum í tilliti til annara velferðarmála þessarar þjóðar, og nú stendur hann.

Eg get frætt þennan háttv. framsm. (J. J. S.-Múl.) á því, að þessi sannindi, sem vér aðflutningsbannsvinir berjumst fyrir, eru altaf að fá meiri og meiri alþjóða viðurkenningu.

Bannlagaleiðin er stöðugt að verða almennari, en hún hefir verið. Finnland hefir samþ. aðflutningsbannlög, og mörg fylki Bandaríkjanna hafa um lengri tíma búið undir bannlögum. Skal ekki fara út í það, hvort heldur eru bannlög á sölu eða aðflutningi.

Þá stendur í þessu sæla minni hluta áliti, að bannlög eigi ekki að ganga svo langt, að varðveita fullveðja, fullþroskaða og fullvita menn fyrir sjálfum sér. En hvenær eru menn andlega og siðferðislega fullþroskaðir? Og þó menn séu fullvita yfir höfuð, og jafnvel miklir vitmenn í sumu, geta þeir í einstöku greinum verið óvitar, svo að þjóðfélagið verði að taka í taumana við þá. Eg held að sumir okkar góðu gáfumenn hefði sannarlega mátt vera þakklátir fyrir, hefði þjóðfélagið í tíma viljað veita þeim stuðning í þessu efni.

Það er álit minni hlutans, að bannlögin beri vott um þroskaleysi þjóðarinnar. Eg gæti kannast við það, ef þessu máli hefði hvergi í heiminum annars staðar en hér á landi verið hreyft. En þar sem að bannlögum hefir verið unnið, ekki einungis á Finnlandi, eins og eg hefi áður bent á, heldur einnig á Bretlandi og í Bandaríkjunum, og þar sem óhætt er að segja, að ekkert mál standi ofar á dagskrá heimsins en bannlögin, þá finst mér það vera hjákátlegt og óvit mikið, að bregða Íslendingum um þroskaleysi, þótt þeir leyfi sér að halda í sömu stefnu í þessu máli og helztu mentaþjóðir heimsins, og engin skömm væri fyrir Íslendinga, að verða á undan öðrum í þessu efni og gefa umheiminum góða og gagnlega fyrirmynd.

Þá talar minni hlutinn um þá stefnu, sem sé hafin í Noregi gegn bannlögum og fer þar eftir ummælum blaðs, sem kom hér um daginn. En hér er tveimur málum blandað saman, og þess vegna ekki mikið á þeim að byggja. Sannleikurinn er sá, að bruggarar í Noregi hafa nýlega verið sviftir styrk, sem þeir hafa haft úr landssjóði til áfengisframleiðslu. Þess vegna hafa þeir hafið baráttu gegn Good-Templurum. Af þessu eru svo þau ummæli sprottin, að helztu menn þjóðarinnar norsku sé á móti bannlögum og eru tilnefndir í áliti minni hlutans þeir Michelsen, Björnson, prófessor Nansen, prófessor Sars o. s. frv. Eg hefi ekki »autoritets«-trú og byggi ekki mikið á nöfnum, en að einmitt Nansen sé fullljós skaðsemi áfengisins, sýnir það, að hann bannaði að hafa áfengi í heimskautaför sinni og kom þar fram sem bannlagamaður og væri ekki óliklegt, að hann væri með bannlögum yfir höfuð. Úr því að minni hlutinn nefnir nöfn, þá get eg bent á það, að eg var á fundi í gær, þar sem tekið var fram, að helztu menn landsins væru með aðflutningsbanni, svo sem landlæknir, biskup, ráðherraefnið og háyfirdóm-

arinn. Eg vil sérstaklega leggja áherzlu á hinn síðastnefnda, af því að maður honum náskyldur bað um á fundinum í gær að hlífa bróður sínum við þeirri ærumeiðing, að kalla hann aðflutningsbannlagamann, en síðan hefi eg séð skjal, sem háyfirdómarinn hefir skrifað undir og þar sem hann tjáir sig vera fylgjandi sliku banni.

Þá talar minni hlutinn um tekjumissinn og reynir að benda á, að uppbót áfengistollsins, sem nú er, muni eftir að bannlögin koma í gildi, mestmegnis lenda á þeim fátækustu. Þetta er ekki á neinu bygt. Við getum ekki séð enn þá, hvernig þessu verður komið fyrir, en skattanefndin hefir látið það í ljósi, að ekki muni verða miklum vandkvæðum bundið að finna gjaldstofn til að bæta landssjóði tekjumissi af aðflutningsbanni. Þessi ástæða er því fallin. Þá hefir minni hl. lýst yfir, að hann væri því hlyntur, að áfengistollurinn rynni í heilsuhælissjóð. Eg teldi það ósæmilegt að verja áfengistollinum, þessum blóðpeningum, til heilsuhælisins, og held að finna mætti mörg og miklu betri ráð til þess að halda því uppi. Þá benda þeir á, að verja vintollinum til þess að efla sannarlegt sjálfstæði landsins, og skal eg með leyfi háttv. forseta lesa upp örfáar línur, sem hljóða svo:

»Væri t. d. myndaður sérstakur vintollssjóður, til þess að efla sannarlegt sjálfstæði landsins í verzlun og viðskiftum við aðrar þjóðir, til þess að eignast skip til millilandaferða og flutninga, til þess að eignast sjálfir skip til strandvarna o. fl. þá mundi enginn geta neitað því, að hér væru þarfaverk unnin með léttu og ótilfinnanlegu móti«.

Mig furðar á því, að þm., sem setið hefir á þingi nær 2 tugi ára, skuli ekki hafa komið með þessa tillögu fyr. Annars skoða eg þetta svo, að því sé kastað fram til þess að eins að spilla fyrir málinu.

Þá hefir minni hl. hneykslast á því, að meiri hl. nefnir áfengisnautnina þjóðarböl. Sjálfsagt væri hægt að sýna með tölum, að mjög mikið ilt leiðir af áfengisnautninni hér á landi og að hér er um sannarlegt þjóðarböl að ræða, en þó vil eg taka það fram, að hér er ekki einungis að ræða um þjóðarböl, heldur heimsböl, því áfengis er als staðar neytt, og als staðar stafar ilt eitt af því.

Það lítur út fyrir, að minni hl. hafi aldrei litið í neinar skýrslur eða bækur um þetta efni, en eg er svo heppinn að eiga bók með skýrslum frá mörgum löndum einmitt um þetta efni og skal eg lána framsögumanni minni hl. bókina, ef hann vill, til þess að hann geti fengið nýja og betri þekkingu um málið.

Þá vill minni hlutinn segja, að þjóðarviljinn hafi ekki komið fram 10. sept. í haust. Það er staðreynd fyrir því að $^{3}/_{5}$ allra, sem greitt hafa atkv., hafa verið með aðflutningsbanni og atkvæðagreiðslan var leynileg og algerlega frjáls. Auðvitað er það satt, að það, að þjóðin greiðir svona atkv., að vilja hafa aðflutningsbann, er mikið að þakka því fé, sem veitt hefir verið úr landssjóði og sem háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) hefir sjálfur greitt atkv. með, og það fé hefir sannarlega borið góðan ávöxt. Þá er minni hlutinn að tala um ofsa og biðja þingið að varðveita þá menn sem eru á móti banninu fyrir kúgun og eyðileggingu, sem tillögur bannlagavina hafi í för með sér. Eg held að það liggi beinast við að tala um ofsa frá hálfu minni hlutans, því að hann heldur því fram, að minni hlutinn eigi að

ráða lögum og lofum, þvert á móti viðtekinni reglu um allan heim, og sem einnig kom hér fram í stóru máli á þessu þingi; þegar ráðherrann sagði af sér völdum, þá beygði hann sig fyrir meiri hlutanum. Hér kemur nefnilega ofsi og ofstæki fram hjá minni hlutanum og kemur það vel í ljós hjá honum, þar sem hann segir í bráðabirgðarákvæði sínu, að 1/5 alkvæðisbærra manna skuli ráða því, hvort lög um aðflutningsbann skuli verða samþ. Þá er í þessari till. minni hlutans gert ráð fyrir, að lögin komi ekki í gildi fyr en 1916 og það af þeirri ástæðu, að þá sé útrunninn veitingaleyfistími ýmsra þeirra, sem nú verzli með vín. Eg veit ekki betur, en að margir þeirra, sem vín selja eða vínveitingaleyfi hafa, geti endurnýjað það á 5 ára fresti og gætu þeir verið búnir að leysa leyfi aftur fyrir 1916, svo að þýðingarlaust er að binda framkvæmd vínsölubannsákvæðanna við það ár. Hvað því viðkemur að greiða atkv. á ný, þá vil eg segja, að sú atkvæðagreiðsla sé meiningarlaus, þar sem atkvæði hafa farið fram fyrir rúmu missiri. Í Finnlandi fór engin atkv.-greiðsla fram og tóku löggjafar þjóðarinnar sér það vald, að samþykkja aðflutningsbannslög.

Meiningin hjá minni hlutanum er að drepa málið, og hefði því alveg eins getað sagt, að atkvæðagreiðsla skyldi fara fram árlega, eða að lögin mætti ekki ganga í gildi á meðan 3 Jónar væru á móti þeim. Í því hefði verið meining. Hvað snertir tillögur minsta hluta nefndarinnar, þá legg eg til að þær verði feldar við þessa umræðu, þær gætu kannske sumar af þeim komist að við 3. umr. málsins.

Vona, að deildin leyfi málinu að ganga óhindrað til 3. umr.

Pétur Jónsson: Það sem kom mèr til að standa á fætur var það, að mér þótti háttv. framsögum. (B. Þ.) gera það ómaklega að draga fjarverandi menn inn í þessar umræður og heldur ekki skýra rétt frá. Hann fer að skýra frá orðum, sem féllu á prívatfundi og skírskotar til skjala, sem ekki liggja fyrir þinginu. Hann segir, að Steingrímur bróðir minn hefði sagt í gærkveldi á stúkufundi, að háyfirdómarinn væri á móti aðflutningsbanni. Það sem Steingrímur lýsti var það, að háyfirdómarinn væri á móti þessu frumv., sem hér er um að ræða. En annars skal eg ekki blanda mér inn í það.

Þá skal eg fara örfáum orðum um málið sjálft. Háttv. framsm. (B. Þ.) sagði, að það mundi ekki vera meira en 1/10 hluti af fermdum mönnum á móti aðflutningsbanni. *(Björn Þorláksson:* Eg sagði 1/5). Eg ætlaði ekki beinlínis að fara mótmæla þessu. Einungis vildi eg benda á hitt, að mál þetta hefir verið flutt af miklu kappi, og »agiterað« mikið frá hálfu bannmanna, en ekkert verið gert frá hinna hálfu, sem því hafa verið andstæðir. Menn þekkja að eins aðra hlið málsins, áfengisbölið, og það vilja menn fegnir losast við eftir mætti, og því er það létt verk að fá menn til þess að greiða atkvæði til að vinna bug á því böli, ekki sízt þegar gert er jafn mikið úr því böli og gert hefir verið af bannmanna hálfu. En það verður að gæta að því, sem ekki virðist hafa verið gert hingað til, að það eru fleiri leiðir til að vinna á móti áfengisbölinu en bannleiðin, og skal eg þá fyrst nefna frjálsan félagsskap. Má þar til nefna Good-Templarafélagið, það og önnur bindindisfélög hefir komið miklu áleiðis í því að breyta hugsunarhætti manna, svo að nú þykir það ekki sæmandi að vera ölvaður á almannafæri. En nú er sem þeim þyki örðugasti hjallinn

eftir, en það er að losast algerlega við áfengið úr landinu. Annar vegurinn er að hindra vínbölið með löggjöf á einn eða annan hátt, án þess að um aðflutningsbann sé að ræða, t. d. lögskipa hegningu fyrir ósæmilegt athæfi og framferði sökum ölvunar; ennfremur að hindra vínsölu.

Þessi vegur hefir verið notaður hér að nokkru. Það hafa verið lögð mikil höft á vínsölu, svo að á stórum svæðum landsins er engin vínsala. Þetta hefir allmjög dregið úr vínbrúkun. Nú mætti ætla, að áður en þriðja leiðin, bannlagaleiðin, væri reynd, væri komið í lög fyrir nokkru að hegna fyrir velsæmisbrot í stað þess að virða mönnum til vorkunnar, þegar þeir í ölæði gera þetta eða hitt, sem ódrucknum mönnum er naumast þolað og hafa ölæði jafnvel til mildunar lagahegningu. Það hefir verið talað um hve margir séu með bannleiðinni og atkv.gr. höfð til sönnunar. En hve margir eru, sem þekkja þriðju leiðina, algert aðflutningsbann? Hve margir eru þeir, sem vita, hvað bannlög eru? Í stuttu máli: hve margir af þeim sem greiddu atkvæði með aðflutningsbannsleiðinni þektu hana, eða gátu dæmt um hana í sambandi við hinar leiðirnar, sem talsvert eru kunnar.

Það mun óhætt að fullyrða, að ekki $^1/_{10}$ þeirra manna, sem greitt hafa atkvæði um þetta mál, þekkja það og geta um það dæmt. Hvað er þá að byggja á atkvæðagreiðslu, sem byggist sjálf á slíkri vanþekkingu? Fyrst þarf að sanna og gera öllum ljóst, sem greiða eiga atkvæði í málinu, að hverju leyti og hvernig lögin muni grípa inn í athafnir einstaklingsins. Þetta er enn sem komið er engum vel ljóst, jafnvel eigi flytjendum þessa máls. Hve margir hafa jafnvel séð þetta frumv., sem hér liggur fyrir. Eg held það hefði komið hik á margan að játa aðflutningsbanni, ef hann hefði séð þetta frumv., og þó myndi athugavert að hafa það mildara, en það er.

Eg hefi orðið var við nógu mikinn alvöruskort hjá almenningi þessa lands, til þess að eg veit, að þótt hann í orði sé einhverju meðmæltur er hann það ekki alt af í verki. Og ilt er að reka sig á það þá fyrst, er þetta frumv. er orðið að lögum, að þjóðin fylgir því eigi með alvöru til framkvæmda. Þjóðin þarf að sjá þetta frumv., svo hægt sé að byggja á atkvæði hennar, treysta því loforði hennar að hún sé reiðubúin að halda þessi lög og halda þeim í heiðri. Hve margir af þeim, sem játað hafa og játa nú aðflutningsbanni, eru albúnir að standa á verði fyrir hlýðni við bannlög? Eg hefi talað við ýmsa Good-Templara og bindindismenn, sem helzt vildu að aldrei kæmi til þessa lands nokkurt áfengi, en álitu þó algert aðflutningsbann óheppilegt fyrir þjóðina. Þessir menn líta á ábyrgðarhlið þessa máls. Og það er rangt að telja alla bindindismenn vínbannsmenn, og alla sem eru á móti aðflutningsbanni Bakkusarvini, eins og hér hefir klingt í umræðunum.

Dæmið, sem tekið var hér um Friðþjóf Nansen, er hann bannaði alla vínnautn í heimskautaför sinni, er heldur eigi heppilegt. Það er engin þræta um að vínnautn er skaðleg oft og tíðum og í sumum tilfellum alveg hættuleg, eins og t. d. í norðurförum. Þar var því rétt, að banna hana af því líka að vandalaust var að framfylgja því banni, svo það væri haldið. Nansen er því í engri mótsögn við sjálfan sig, þó hann viðhafi vínbann í þessum kringumstæðum, en sé á móti í almennum kringumstæðum.

Eg fyrir mitt leyti vil heldur ekki

hafa áfengi á minu heimili, og hefi heldur ekki haft það. En þeir sem vanir eru að brúka vín og fara með það án skaða fyrir aðra álita það skerðing á frelsi sínu, að þeim sé alveg varnað vinnotkunar, sem er að öllu leyti á þeirra ábyrgð, og í alla staði óskaðleg að þeirra áliti. Meðan það eru margir mentaðir og vel siðaðir menn, sem þannig eru hugsandi, er algert aðflutningsbann nauðung fyrir þeirra réttlætistilfinning, og skerðing á réttmætu einstaklingsfrelsi, og þess vegna er eg á móti því.

Skúli Thoroddsen: Eg verð að geta þessa, að mér er ánægja að því, að þetta mál kom fram á þingi, og óska að það fái góðan byr.

Háttv. þm. S.-Þing. (P. J.), áleit aðflutningsbannið skerðing á eignarrétti; en ekki get eg verið honum samdóma um það, því eg sé ekki, að menn þurfi að bíða eignatjón af því, þótt lög þessi verði nú samþykt, þar sem nær þrjú ár líða, unz þau ganga í gildi, og ætti því öllum að vera hægðarleikur, að haga áfengiskaupum sínum þannig, að þeir hafi eigi miklar birgðir við áramótin 1911 og 1912, og þótt þeir, sem áfengis neyta, gerðu sér þá glaðan dag á gamlárskvöld 1911, hafa víst mótstöðumenn bannsins ekkert á móti því.

Framsögum. minni hlutans (J. J.) taldi þá eiga rétt til skaðabóta, er vínsölu- eða vínveitingarleyfi hafa, er lög þessi öðlast gildi; en menn þessir borga einungis víst árgjald í landssjóð, ef þeir nota leyfið, og virðist því eigi ósanngjarnt, að líta svo á, sem það hafi verið þegjandi áskilið, að leyfið gæti þó því að eins gilt allan timann, að sala áfengis yrði eigi óheimiluð af löggjafarvaldinu. Þingið hefir t. d. með lögum bannað sölu ósútaðra húða, er var talsverður hnekkir fyrir kaupmenn, sérstaklega þar sem erfitt er að fá innlent skóleður, og mintist þar enginn á skaðabætur. — Annars er það dómstólanna, að skera úr þessu atriði, ef til kemur.

Þá áleit háttv. þm. Rvík. (J. Þ.), að lög þessi gengju of nærri persónulegu frelsi manna. Svo má segja um mörg lög, því að oft verður að takmarka hið persónulega frelsi af því, að almenningsheill krefst þess. — Nú vitum vér allir, hvílikt tjón stafar af áfengisnautninni, bæði í efnalegu og siðferðislegu tilliti, og hvaða eymd og hugraunir hún þráfaldlega bakar konum og börnum drykkjumannanna, auk þess skaða, sem áfengisnautnin bakar sveitarfélögum og landinu í heild sinni. Eg veit eigi, hvar ræða er um almenningsheill, ef eigi þegar um útrýmingu áfengisbölsins ræðir.

Algerður misskilningur lýsti sér í ræðu háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) er hann lét í ljósi, að menn ættu með að fara með sjálfa sig, eins og hverjum þeirra þóknaðist. Þetta er algerlega rangt. Vér eigum allir, hver um sig, að vera starfandi meðlimir þjóðfélagsins, og það á því heimtingu á, að menn séu eigi eins og skynlausar skepnur, heldur verkfærir, er sjúkdómar eigi hamla. En hversu marga nýta menn hefir vinið eigi svift starfslöngun og þoli?

Þá taldi sami maður það varhugavert, hve afar-há laun væru ætluð fyrir uppljóstur, er gætu valdið því, að ýmsir færu að gera sér það að féþúfu, að koma upp um náungann, og virtist honum það spilla hugsunarhætti manna, gera menn að verri mönnum, að vera að segja eftir öðrum. — En þessi hugsunarháttur, sem er mjög almennur hér á landi þarf að hverfa, og það er meira að segja bezt fyrir þá, er svívirðileg lögbrot fremja, því vorkunn-

semi við slíka menn er á röngum stað, og vel getur farið svo, að maðurinn sjái að sér og bæti ráð sitt, ef upp um hann kemst, en sökkvi ella enn dýpra.

Mér fellur það illa í áliti minni hlutans, að kalla þá, sem lögin brjóta: »sjálfstæða og góða drengi«, því þetta er ekki, og getur aldrei orðið rétt.

Hinn háttv. minni hluti skírskotar til félagsskapar þess, sem verið er að koma á fót í Noregi, og byggir mikið á því, að við hann eru ýmsir nafnkunnir menn riðnir. — En það, að þessir menn ætla sér, að berjast gegn útrýmingu áfengis í Noregi, sýnir, að þegar um réttan skilning á skaðsemi áfengis ræðir, þá eru þeir sjálfir skamt á leið komnir í þessu efni, hvað sem öðru líður, og eiga því eigi að vera til fyrirmyndar, heldur þvert á móti til viðvörunar.

Sú mótbára, að landssjóður bíði hnekki, vegna þess, að áfengistollurinn fellur úr sögunni, það er rétt. En þar sem þetta er samkv. atkv.gr. sjálfrar þjóðarinnar, verður að líta svo á, sem hún sé fús á, að leggja á sig þær byrðar, sem útrýming áfengisins óumflýjanlega hefir í för með sér. Nú stendur svo vel á, að ný skipun tolla- og skattamála er í undirbúningi, og verður þá að sjálfsögðu ráðin bót á þeim tekjumissi, sem hér um ræðir.

Háttv. 1. þingm. S.-Múl. (J. J.) tók það fram, að þjóðin hefði ekkert sagt um þetta frumv. Það er að vísu satt, þjóðin hefir ekki sagt neitt um það, eins og það er orðað í einstökum greinum, en sú spurning hefir verið lögð fyrir hana, hvort hún vildi útrýma áfenginu úr landinu eða ekki. Hitt varð hún að sjálfsögðu, að ætla þinginu, eða skoða sem hlutverk þess, að taka ályktun um hin einstöku atriði málsins, eða koma því í þann búning, sem bezt þætti fara á. — Hvað hegningar-ákvæðin snertir, skiftir og í rauninni ekki miklu, hvort þau eru hörð eða lin.

Þá lagði hinn háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) mikla áherzlu á það, að þessi lög væru svipa á þjóðina, í stað þess, að framþróun alls siðgæðis ætti að spretta af innri hvöt; en eg vona, að hinn háttv. þingm. og aðrir verði mér samdóma um það, að all-oft sé alls ekki unt, að knýja fram siðgæði með góðum fortölum. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að menn geta varið löngum tíma, til þess að tala um fyrir drykkjumanni, og þó ekki unnið neitt á. Drykkjumaðurinn lætur sér ekki segjast af öðru en þvingun, nema ef vera kynni, að hann einhvern tíma fengi viðbjóð á athæfi sínu, ef hann væri svo djúpt fallinn, að hann væri sí og æ liggjandi í rennusteinunum, og þó eigi nærri einatt, sem það hrífur.

Hinn háttv. þm. S.-Þ. (P. J.) sagði, að umræður um þetta mál hefðu verið mjög einhliða hér á landi, eða að eins snúist um aðra hlið þess. En það er sannarlega ekki sök aðflutningsbannsmanna, þótt svo hafi verið. Það er að eins vottur þess, að hinir hafa ekki treyst sér til, að hrekja mál bindindismanna eða eigi hirt um það, og þess vegna haldið að sér höndum.

Á hinum háttv. þingm. S.-Þ. (P. J.) var svo að skilja, sem hann vildi fara hér milliveg: vildi hegna fyrir, ef menn væri svo ölvaðir, að þeir fremdi brot á velsæmi í almanna augsýn, og láta þar við sitja. — En því verður eigi neitað, að enn betra er, að glæpir séu með öllu hindraðir, verði því komið við; það er t. d. ekki hægt að hindra þjófnað, jafnvel sjaldnast, þótt menn hafi lokaðar hirzlur, en ákjósanlegra mundi það þó þykja, ef tök væru á.

— Og að því er áfengisnautnina snertir, þá eru tök á því.

Eg skal svo ekki tala meira um þetta mál, en vona, að tillaga meiri hlutans verði samþykt; en einstök atriði, sem athugaverð kunna að þykja, mætti laga við 3. umræðu, ef þurfa þykir.

Að því er till. minni hlutans snertir, (J. J. S.-Múl. og J. J. N.-Múl.) miða þær í raun og veru ekki að öðru, en að fella.

Eg skal að lokum geta þess, að það er svo langt frá, að bannið setji skrælingjamót á Íslendinga, að það yrði þeim miklu fremur til sóma, að verða á undan flestum öðrum þjóðum í þessu efni.

Framsögumaður minni hlutans (Jón Jónsson, 1. þm. S.-Múl.): Háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) sagði margt og mikið til að hnekkja skoðun okkar minnihluta manna, er við höfum látið í ljósi bæði í nefndaráliti okkar og hér í deildinni. Eg skal nú ekki fara að rekja lið fyrir lið alt það, er hinn hv. þm. sagði, heldur að eins benda á einstök atriði.

Fyrst vil eg þá benda á það, að hann sagði í upphafi ræðu sinnar, að drykkjuskapur og brot á lögum þessum væri glæpur. Þetta endurtók hann svo síðar í ræðu sinni.

Eg veit það vel, að Good-Templarar vilja kalla þetta glæp, en það er engan veginn viðurkent af réttarmeðvitund íslenzku þjóðarinnar. Og ekki munu þeir menn margir utan Good-templar-reglunnar, er vilji kalla þau brot, sem framin kynnu að verða móti lögunum, óheyrilegan glæp — það er langt frá því! Eg vil því vekja athygli hinna háttv. flutnm. þessa frumv. á því, að það er langt frá réttarmeðvitund þjóðarinnar, að skilja þetta mál á sama veg og þeir, og eg vona fastlega, að þess verði langt að bíða.

Þar sem eg tók það fram, að staðfesting frumv. væri skerðing á persónulegu frelsi manna, þá tók háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) þar dæmi til samanburðar: Það væri ekkert nýmæli í löggjöf þjóðanna, að gerðar væru ráðstafanir til að vernda verkamenn. En fyrir hverju? Líklega fyrir auðvaldinu (*Skúli Thoroddsen:* fyrir þekkingarskorti sjálfra þeirra). En þetta dæmi fór algerlega fram hjá — það snerti engan veginn setningar okkar, heldur ræðir um takmörkun á atvinnufrelsi. Okkar setningar standa óhraktar, og geta ekki orðið hraktar.

Hinum háttv. þm. þótti ekki mikið í það varið, að merkir Norðmenn væru á móti bannlagastefnunni. Hann sagði, að það sannaði ekki annað en það, að þessir menn væru skamt á veg komnir, að því er siðgæði snertir. Tek eg þetta hér upp til þess að það falli ekki niður, þessi dómur er svo einstaklega einkennilegur. Fleiri voru setningar hins háttv. þm. eftirtektaverðar.

Þar sem varatillaga okkar fer fram á, að framkvæmd laganna sé frestað og að málinu sé skotið til þjóðarinnar á ný, þá finst hinum háttv. þm. þetta vera hið sama sem að fella frv. Þetta bið eg menn að athuga vel, því að meiningin getur ekki verið önnur en sú, að bannmenn treysta því ekki, að málið yrði samþ. á ný og vilja því ekki sleppa þessu tækifæri. Og þegar þeir eru búnir að æsa þjóðina til þessarar atkv.gr. með hinni alkunnu »agitation«, þá segja þeir: »Þjóðin vill það«. En þetta sýnir ljóslega, hve lítt þeir treysta þjóðinni, er þeir þora ekki að bera málið undir hana á ný.

Þá sagði hinn sami háttv. þm., að

þjóðin mundi láta sig litlu skifta, hvernig lögin yrðu úr garði gerð. En þetta er að eins spádómur, og eg spái þar alt á annan veg, því að þegar þjóðin sér lögin, þá mun henni áreiðanlega finnast, að hana skifti þetta miklu.

Hitt má að vísu til sanns vegar færa, að lítið hefir verið unnið á móti bannlaga-»agitationinni«, en ekki stafar það af því, að vér höfum ekki treyst oss að andæfa því. Eg get sagt það hreinskilnislega frá minu brjósti, að mér er þetta kappsmál, mér er það kappsmál að enginn klafi sé lagður á þjóðina; hins vegar hefi eg ekki áður barist neitt móti þessari stefnu vegna þess að eg trúði ekki, að nokkur mundi dirfast að bera fram þannig lagað frv. Mér kom það sannarlega á óvart, og öllum Íslendingum má koma það á óvart.

Má í þessu sambandi minnast á ávarp Stórtemplars fyrir hönd Stórstúkunnar fyrir kosningarnar í haust. Þar var það tekið fram, að kjósendur skyldu ekki láta bannmálið hafa nein áhrif á þingkosningar, heldur skyldi þar ráða sambandsmálið eitt.

Þessi ummæli hljóta að hafa vakið þær tilfinningar hjá mönnum, að þessu máli, bannmálinu, yrði ekki haldið fram nú; það gat því ekki hafa vakað fyrir þjóðinni, að nú yrðu úrslit þessa máls.

Í riti einu, er út kom á dögunum, er komist þannig að orði, að »stolist« hafi verið að þjóðinni. Eg vil þó ekki gera þessi orð að minum, en hinu held eg fram, að þjóðin hafi ekki getað búist við því í haust, að málið skyldi nú útkljáð á þinginu.

Skal eg þá ekki fara frekar út í það sem háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) sagði, en vil minnast á ýms atriði úr síðari ræðu háttv. frmsm. (B. Þ.). Það verða að eins sundurlausar athugasemdir. — Hann fór mörgum orðum um það, sem honum þótti óviðurkvæmilegt í nefndarálití okkar minnihluta mannanna, t. d. þar sem þar segir á einum stað, að almenningur mundi oft ekki telja brot á þessum lögum ósæmilega athöfn. — En þessi orð okkar færði hann út úr réttu sambandi. Við höfum þar að eins gert ráð fyrir, að lögin yrðu brotin og að hegning lægi við, er mönnum mundi þykja ósanngjörn — og alls ekki álita athöfnina ósæmilega.

Hann fór einnig mörgum orðum um það — eins og mönnum er tamt í þessu efni — að takmörkun áfengisnautnarinnar væri nú mjög á dagskrá, og skal eg ekki rengja það. En hann fór þar of langt, sagði t. d. að engilsaxneska þjóðin hneigðist algerlega að banni. Eg veit nú ekki betur — þótt eg sé ekki vel fróður í því efni — en að Englendingum sé þetta mjög fjarri skapi, og miklar líkur til, að á Englandi geti aðflutningsbann aldrei orðið lögleitt.

Þá get eg heldur ekki verið hinum háttv. þm. samdóma um það, að ekki ætti við að verja þessum blóðpeningum — áfengistollinum — til styrktar heilsuhælinu. Munu þessi ummæli aðallega stýluð móti frumv. því, er nú er hér á ferð í deildinni um þetta efni. En eg er hér á gagnstæðri skoðun, lít svo á, að hinn háttv. þm. tali hér meira af tilfinningu en »praktiskri pólitik«. Því að mér finst það einmitt hyggilegt, að láta einn óvininn yfirstíga annan, láta Bacchus ráðast á berklana. Þetta virðist mér hyggilegt og heillavænlegt.

Hinn háttv. þm. talaði mikið um það, að við minnihluta menn vildum

beita ofsa og kúgun. Eg fæ ekki skilið, hvernig honum dettur slíkt í hug, því að það, sem hann hefir fyrir sér í þessu efni eru þau ummæli okkar, að við krefðumst verndar þingsins gegn því, að meiri hlutinn kúgaði minni hlutann í þessu máli. En hann komst að þeirri niðurstöðu, að það væri óhæfa, ef minni hlutinn beygði sig ekki hér sem annarstaðar fyrir meiri hlutanum. Þó að það sé oftast talið sanngjarnt, að minni hlutinn ráði ekki, þá hefir hann þó oft veto, þ. e. hann getur neitað framkvæmd þess, er kemur í bága við hagsmuni hans. Þessa eru mörg dæmi, dæði í »privat«félögum og í lífinu.

Eg held því fast fram, að það er sanngjörn krafa, að þingið verndi þessa $^2/_5$ hluta gegn bráðræði hinna $^3/_5$, svo að málið verði þó að minsta kosti íhugað rækilega.

Þá lét hinn sami háttv. þm. undrun sína í ljósi yfir því, hve þroskalaus eg væri eftir þeirri æfingu, sem eg hefði þó fengið á þingi. Skal eg alls ekki neita því að svo sé, eg vildi óska að eg væri þingstörfunum betur vaxinn en eg er, en eg mun nú ekki einn um slíkt þroskaleysi. Hinn háttv. þm. hefir sjálfur sagt, og allir vita það líka, að hann hafi mikið unnið að þessu máli, en þó er hann ekki kominn lengra en það, að hann ruglar hér saman vínsölubanni og aðflutningsbanni. Hann sagði t. d. áðan, að 40 miljónir manna væri undir banni í Bandaríkjunum, en þetta snertir alls ekki það, sem eg sagði, því að þar er sölubann, en ekki aðflutningsbann. Það er sá mikli munur. Og aðflutningsbannið gengur mjög nærri persónulegu frelsi manna, en sölubannið er aðeins skerðing á atvinnufrelsinu.

Eg get naumast skilið, hvernig jafnvitrir menn og margir þeirra eru, er hér eiga hlut að máli, hafa getað komist upp á þetta sker.

Hinn háttv. þm. blandaði enn fremur saman bindindi og aðflutningsbanni. Þetta er nú reyndar ekki nýtt, það það hefir oft verið gert. Í fyrstu ræðu sinni mintist hann á ungmennafélögin í þessu sambandi, og af því að hann hefir ekki svarað spurningu minni viðvíkjandi þeim ummælum, þá verð eg að líta svo á, að hann hafi lagt að jöfnu bindindi og aðflutningsbann.

Munurinn er þó mikill, eins og eg hefi margtekið fram.

Hann gerði heldur ekki greinarmun á aðflutningsbanni og bindindi, þar sem hann mintist á, að Friðþjófur Nansen hefði ekki leyft að hafa áfengi í norðurheimskautstör sinni.

Það var að vísu rétt, að Nansen bauð bindindi á sjálfri förinni, en hann vildi ekki þar með banna heilli þjóð aðflutning eða neyzlu áfengis. Þar var því mikið djúp í milli, og er furða að menn skuli þráfaldlega gera sér lítið fyrir og stökkva yfir það djúp. Eg get nú látið hér staðar numið að sinni, en mun síðar taka til máls, ef þörf gerist.

Í tilliti til þess, hve miklu Íslendingar eyða í áfengiskaup árlega, skal eg geta þess, að fyrir nokkrum árum var í Englandi drukkið á einu ári svo mikið af vínföngum og ölföngum, að það nam yfir 40 kr. á hvern mann, en árið 1906 var á Íslandi drukkið fyrir $1^1/_2$ kr. á mann, ef frá er dreginn kaupmannshagnaður, tollur og það er útlendingar neyta og borga. Það var ekki mikið í samanburði við Englendinga.

Þegar svona stendur nú á, virðist ekki ástæða til að gera viðsjála löggjafartilraun, sem gæti orðið hættuleg þjóðinni. Aðrar þjóðir sitja hjá á meðan vér brjótum ísinn og stara á oss eins og eitthvert heimsins furðuverk.

Jón Jónsson, (N.-Múl.): Eg beið með að tala þangað til eg fengi að heyra álit lögfræðinganna. Eg get ekki neitað því, að mér finst gengið fullnærri stjórnarskránni í 9. gr. frv. Að vísu er þó nokkuð bætt úr með breyt.till. nefndarinnar, þar sem gert er ráð fyrir, að þeir, sem vínveitinga- og vínsöluleyfi hafa, skuli fá tiltölulega uppbót, ef leyfistíminn verður ekki útrunninn, þegar lögin ganga í gildi, en enga uppbót eiga þeir að fá á þeim tolli, sem þeir hafa borgað af vörum þeim, sem þeir eru skyldaðir til að láta flytja af landi burt. Eg sé ekki betur en hér sé gengið nokkuð nálægt þeim rétti, sem menn hafa samkvæmt stjórnarskranni. Í 10. gr. er talað um það, að heimilisrannsókn skuli fram fara hjá hverjum þeim, sem grunaður er með rökum um óleyfilegan aðflutning eða óleyfilega sölu áfengis, og finnist áfengi í vörzlum hans, skal hann skyldur að sýna vottorð um, hvaðan hann hafi fengið það. Við þessa gr. vill meiri hluti nefndarinnar gera breytingu, sem eg verð að segja að er að mínu áliti til þess verra. Í frumv. eru engin ákvæði um sektir, en í breyt.till. nefndarinnar er það talið brot gegn 1. gr. frumv., ef maðurinn getur ekki sýnt sönnunargögn þess, hvaðan honum eru komnar birgðirnar, og varðar því í fyrsta skifti sektum frá 200—2000 kr. Í augum þeirra, sem óttast hörð ákvæði, er þessi breyting til hins verra. Auk þess hefi eg litið svo á, að hér væri gengið nærri stjórnarskránni, sem segir »að heimilið sé friðheilagt«. Auðvitað verð eg að sæta úrskurði lögfræðinga um þetta, en eg vil þó gjarnan heyra álit fleiri áður en eg sannfærist. Við 13. gr. hefir nefndin, meiri hlutinn, komið með þá breyt.till., að hámark sektanna sé hækkað. Í frv. gr. er það ákveðið, að hver sá, sem sést ölvaður, skuli skyldur að skýra frá því, hvar hann hafi fengið áfengið, en sæti ella sektum alt að 100 kr. Í breyt.till. meiri hluta nefndarinnar er ákveðið, að sekta megi frá 50—200 kr. Þessi breyt.till. er í samræmi við br.-till. við 10. gr., hún gerir ákvæðið harðara. Eg sé ekki ástæðu til að fara frekara út í sektarákvæðin; þau eru öll hörð, í samræmi hvert við annað. Heldur ekki felli eg mig við breyt.till. við 2. gr., um skottulæknana. Eg er meiri hlutanum ekkert þakklátur fyrir hugulsemina við þá læknastétt í landinu.

Eins og mönnum er kunnugt, er eg mótfallinn aðflutningsbanni á áfengi, og er eg það af ýmsum ástæðum. Okkur sveitamönnunum þykir alt af ilt, þegar löggjafarvaldið fer að setja lög, sem takmarka persónulegt frelsi manna, skipa mönnum að hlýða boði eða banni, hvort sem það er í fjárhagslegum efnum eða viðkemur athafnarétti manna. Mér getst ekki að þessari stefnu, það er ávalt slæmt, ef lögin ganga nærri persónulegu frelsi manna.

Eins og kunnugt er, eru tvær leiðir til að koma í veg fyrir, að brotið sé á móti slíkum lögum. Önnur leiðin er að auka löggæzluna, en hafa ákvæðin um hegningar fyrir brot væg, en hin leiðin er, að hafa hegningarákvæðin hörð. Meiri hluti nefndarinnar vill fara þessa síðari leið, álítur að það nægi að hafa hegningarákvæðin sem hörðust. Eg er ekki á sömu skoðun um það. Lögin verða brotin þrátt fyrir það þó hegningarákvæðin séu hörð, og afleiðingin getur orðið, að ýmsir menn, sem annars eru nýtir borgarar, verði fyrir þungum refsing-

um fyrir brot á lögunum, og við það aukast óvinsældir laganna.

Því hefir verið slegið fram, að það væru mest drykkjumenn, sem væru móti bannlögunum, eða menn, sem ekki væri ljóst, hvert siðgæðisböl væri falið í áfengisnautninni. En þetta er hreinasta fjarstæða. Hér í Reykjavík er sterk hreyfing móti lögunum meðal mentamanna. Það eru ekki einungis við sveitakarlarnir, sem líkar illa að svipan sé brúkuð á þjóðina, heldur einnig skólagengnu mennirnir.

Nefndarálit okkar minni hlutans er þyrnir í augum meiri hlutans; en í því eru færðar góðar ástæður fyrir okkar máli. Það hefir verið sagt, að það væri engin ástæða, að bannlög hefti persónulegt frelsi manna. En þó hefi eg ekki heyrt það hrakið. Á fundi einum í gær, heyrði eg einn ræðumann segja, að það gæti ekki verið ástæða af því að einn maður sem talað hefði móti bannlögum hefði ekki tekið það fram. Það þótti mér skrítin röksemdaleiðsla.

Tollástæðan finst sumum veigalítil. Þó er það aðgætandi, að hér er um talsverða fjárupphæð að ræða, sem landið misti árlega, ef aðflutningsbann kæmist á. Menn segja, að tollinn megi bæta upp á öðrum sviðum. Það er satt, en þó má líka auka tekjur landsins, eins og nú er á sama ótiltekinn hátt, svo að peningamissir verður það alt af fyrir landssjóð, ef bannið kemst á.

Framsm. meiri hl. (B. Þ.) tekur hart á okkar skoðun í þessu máli, og sparar ekki að taka andstæðinga sína óþyrmilegum tökum. Eg hirði ekki um það, þó hann sé harðtækur, en reyni að spyrna í móti, þó hann sé sterkur.

Einar Jónsson: Þó langar umræður breyti varla skoðunum manna í þessu máli, þá er rétt að ræða málið frá sem flestum hliðum. Eg er nokkurskonar miðlunarmaður í þessu máli. Eg fylgi fram aðflutningsbanni, en eg vil ekki hafa lögin ósanngjarnlega hörð. Menn munu segja, að lögin verði að vera hörð. Það má vera, en af öllu má þó ofgera. Eg álít það væri fremur til ógagns en gagns, að hafa ákvæðin eins hörð og þau voru upprunalega í frumv. En hér þarf ekki að tala um frumv. sjálft, þar sem allmargar breyt.till. eru komnar fram. Af nefndarálitunum felli eg mig sízt við minsta hluta álitið.

Eg er fylgjandi aðflutningsbanni, af því eg skoða skaðsemi vínsins svo mikla, að nauðsynlegt sé að stemma stigu fyrir nautn þess í landinu. Eg þarf ekki að fara nánar inn á það, að hvaða leyti vínið sé skaðlegt; það er öllum kunnugt. En eg vil þó minnast þeirra orða, sem höfð voru yfir hér í deildinni fyrir nokkru eftir hinum stórmerka stjórnvitring, Gladstone: að allar styrjaldir og drepsóttir heimsins til samans hafi ekki gert eins mikinn skaða og áfengisnautnin ein.

Andstæðingar bannsins hafa komið með margar ástæður máli sínu til stuðnings. Eg skal minnast á nokkrar þeirra. Þeir segja, að Good-Templurum sé vel trúandi til að eyða áfengisnautninni í landinu. Þessi ástæða er að mínu áliti einskis virði. Þó ámæli eg als ekki Good-Templurum og neita ekki, að þeir hafi gert gagn. En eg get ekki kannast við, að þeir hafi gert eins mikið og þeir láta sjálfir af. Mér finst þeir vera dálitið of montnir. Í 25 ár hafa þeir lagt kapp á að útrýma áfengisnautninni, en þeim hefir ekki tekist það til neinna muna. Það sem þeim hefir verið mest hrósað fyrir er, að þeir hafi komið því til leiðar, að minna beri á drykkjuskap nú en áður.

Eg játa, að þetta er satt. En það er vafasamt, hvort það er verulega þakklætisvert. Það er drukkið hér um bil jafnmikið og áður hér á landi. Og þá er víst að einhver drekkur, þó farið sé í felur með það, og jafnmikill er skaðinn eða meiri, en ef ekki væri ferið leynt með það. Áður var mönnum sama, þó þeir sæjust fullir, en nú ekki, og það er eini munurinn. Eg hefi í því sambandi hugsað um Spartverja, sem höfðu þá venju og hafa ef til vill enn, að láta þræla sína drekka sig svínfulla og sýna unglingum aðfarir þeirra, þeim til viðvörunar og til að vekja viðbjóð hjá þeim á óhóflegri vínnautn. Eins mundi ungum mönnum hér geta verið það góð viðvörun, ef þeir sem drekka færu ekki í felur með það. Það er því fremur ókostur en hitt, að menn drekki í laumi, því að mér er jafnsárt um drykkjumanninn, konu hans og börn, hvort hann liggur drukkinn við bakdyrnar á húsi sínu eða götudyrnar.

Önnur ástæða andstæðinganna er sú, að slík bannlög hefti persónulegt frelsi manna. Eg get eiginlega slept að svara þessari ástæðu, þar er háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) hefir svarað henni og sagt það, sem eg ætlaði mér að segja. Eg get tekið undir með honum í því, að ófrelsi skapar mörg lög, sem þó eru talin þörf og nauðsynleg. Það er haft á persónulegu frelsi þjófsins, að honum er bannað að stela, en þó eru þjófalög nauðsynleg fyrir þjóðina.

Þriðja ástæða andstæðinga bannsins er, að útrýma megi áfengisnautn með fræðslu um skaðsemi hennar. Sú ástæða er einskisvirði í mínum augum. Við vitum það, að öllum börnum eru kend boðorðin. En hve mörg brjóta þau? Öll, meira eða minna. Og það er enginn vafi á því, að þó einhver unglingur lofaði, að neyta ekki áfengis, þá mundi hann ekki halda það loforð betur en boðorðin sín.

Eg tel sjálfsagt, að samþykkja þessi lög nú. Mikill meiri hluti þjóðarinnar hefir óskað þess. En hins vegar skal eg játa, að þjóðin hefir óskað þess, án þess að vita til fulls, hvað hér er um ræða, og því er eg með því, að leggja lögin fyrir þjóðina aftur og fresta framkvæmd þeirra um nokkur ár. Eg álít hyggilegra að halda sér við 1916, heldur en þau verði ekki samþykt, en kysi helzt að þurfa eigi að bíða lengur en til 1912.

Ómögulega get eg aðhylst tillögu minni hlutans, að 1/5 atkvæða skuli ráða úrslitum laganna. Það nær ekki nokkurri átt, að svo lítill minni hluti taki fram fyrir hendur allra hinna.

Umræður eru orðnar mjög langar. Eg skal því ekki þreyta menn meira, enda býst eg við að eg hafi skýrt skoðun mína svo, að það verði ekki misskilið.

Magnús Blöndahl: Eg hafði ekki ætlað mér að tala, af því eg hefi verið dálítið lasinn og er það enda enn þá, en þó get eg ekki stilt mig um að segja nokkur orð, ef ske kynni að þau mættu verða til að hnekkja stærstu vitleysum þeirra manna, sem berjast móti lögum þessum með hnúum og hnefum. Eg skal geta þess strax, að eg get gengið inn á breyt.till. minsta hl. að nokkru leyti.

Það er broslegt að heyra andmælendur laganna kannast við það í öðru orðinu, að vínið sé eitur en neita því í hinu orðinu. Mér skildist á fyrri ræðu háttv. framsm. minni hl. (J. J.), að hann áliti að vínið væri eitur, en á síðari ræðunni að hann áliti að það væri ekki eitur. Ef við gætum orðið sammála um að vínið sé eitur, þá er mikið fengið. Þá hljótum við líka að vera sammála um það, að nauðsyn-

legt sé að eitthvað verulegt sé gert til að stemma stigu fyrir því, að þetta eitur eitri út frá sér þjóðlifið hér meir en það er búið að gera.

Sami háttv. þingm. virtist, að því er eg skildi ræðu hans, draga það nokkuð í efa að mikið væri byggjandi á atkv.-greiðslunni síðasta haust. Mér skildist, að hann vildi beina því að bindindismönnum, að þeir hefðu beitt ljótri aðferð og máske keypt atkvæði. Slíkar getsakir eru óhæfilegar og það verður að mótmæla þeim. Sumir háttv. þm. tóku það einnig fram, að almenningur hefði ekki vitað, hvað bann væri. Eg álít, að enginn kjósandi sé svo skyni skroppinn, að hann viti ekki hvað hann er að greiða atkvæði um og verð eg því að álíta þetta og annað eins miður góðgjarnlegar getsakir til kjósendanna. Því næst héldu sumir háttv. þm. því fram, að kjósendur hefðu enga hugmynd haft um það, hvernig bannlögum væri háttað yfirleitt og hvernig aðflutningsbannslögin hér á landi mundu verða. Eg vil spyrja þessa háu herra: Hvað kemur það málinu við? Sé þjóðin samdóma um nauðsyn bannlaganna, þá er það nægilegt og það verður auðvitað hlutverk þingsins að ákveða lögin í öðrum efnum.

Eg efast ekki um það, að þótt frv. það, sem nú liggur fyrir þinginu, hefði legið fyrir kjósendum síðasta haust, að atkv. hefðu ekki orðið færri með banninu en þau voru. Það vill líka svo vel til að atkvæðagreiðslan var leynileg, og því engin ástæða til að greiða atkv. öðruvísi en sannfæring hvers eins sagði honum. Þetta vona eg, að allir sjái að er stór kostur við þessa atkvæðagreiðslu og útiloki því allar getgátur um keypt atkvæði og óheiðarlegar hvatir og það er enginn, sem veit hverjir $^{3}/_{5}$ af þjóðinni það eru, sem hafa greitt atkv. með málinu. Það er svo þungt á metunum þetta atriði, að það er enginn, sem þess vegna getur með ástæðum borið brigð á, að atkvæðagreiðslan sé heiðarleg og ábyggileg.

Eg man ekki hvaða háttv. þm. það var, sem sagði að það hefði verið skemtilegra að fara skemra í bráðina og leggja ekki stóra hegningu við því, þótt menn sæjust ölvaðir. Eg get ekki verið þm. samdóma í þessu efni. Eg verð að álíta það blett á hegningarlögum vorum, að skoða það sem málsbót, ef maðurinn, sem fremur glæpaverk, er drukkinn. Eg álít, að svona ákvæði séu fremur til að hvetja menn en letja til glæpa.

Það hefir verið þrásinnis tekið fram í háttv. deild, hvílík ábyrgð það væri, sem þjóðin gengist undir — ef bannlögin kæmust á — að sjá um að þau væru ekki stöðugt brotin. Eg veit þetta vel, en svona er það með öll lög.

Það er dálítið undarlegt og óskiljanlegt að h. minni hluti skuli ekki vilja líta á alt það tjón og böl, sem landið hefir haft af vínsölunni. Eg ímynda mér samt, að ef hann vildi gefa sér næði til að renna augunum aftur í tímann og líta til margra efnilegra manna, sem foreldrarnir litu til með ást og von um að mundu verða stoð og stytta sín og landsins, en sem vínið hefir eyðilagt og oft lagt undir græna torfu löngu fyrir tímann, að þá myndu þeir líta nokkuð öðrum augum á þetta mál. Það verða allir að játa, að mörg mannslíf hafa tapast fyrir áfengisnautnina, og þetta hefir ekki einasta átt sér stað, heldur á það sér stað enn þann dag í dag. Landssjóðurinn hefir einnig fengið að reyna þetta, og hann er enn ekki laus við þau útgjöld, sem af því hafa stafað að starfsmenn hans hafa neytt áfengis um of og síðan hröklast

frá embættum og dembst á eftirlaun. Annars er það ofætlun fyrir þm. eða aðra að sanna það, að þetta eða önnur lönd bíði ekki stórtjón af áfengisnautninni og það er ekki tölum talin öll sú armæða og böl, sem áfengið hefir leitt yfir einstaklingana og þjóðirnar í heild sinni.

Háttv. 1. þm. N.-Múl. (J. J.) var að tala um sterka hreyfingu, sem ætti sér stað gegn aðflutningsbanninu meðal hinna mentuðu manna í Rvík. Eg hefi nú ekki orðið þessa var og hefi þó átt 9 ár hér heima, að það sé alment verið að mótmæla því, en þó nú eitthvað kynni að vera hæft í þessu, sannar það ekki nokkurn skapaðan hlut gegn málinu, miklu fremur það gagnstæða. Eg verð því að álíta, að þessi staðhæfing þm. sé með öllu bygð á sandi.

Þeir háttv. þm., sem barist hafa mót málinu, og þó af veikum mætti, hafa fjargviðrast um, að bindindismönnum hafi aldrei verið andmælt.

Hví hefir þeim ekki verið andmælt af Bakkusarvinum? Á hvað bendir það? Eg hygg, að það bendi á það eitt, að málstaður þeirra sé óverjandi. Eg veit, að sumir andmælendur eru þeir kappsmenn, að þeir myndu ekki hugsa sig tvisvar um að gera það, ef þeir gætu.

Í nefndaráliti minni hlutans er vitnað til Norðmanna og þar sagt að ekki muni hægt að neita því, að það muni vera hinir beztu menn þeirra, sem nú sporna á mót bindindishreyfingu Norðmanna. Eg get frætt þá herra á því, að það má nefna jafngóð nöfn, sem líta öðrum augum á málið t. d. ráðgjafa Abrahamsen, sem er fylginn maður sér og í miklu áliti meðal Norðmanna og annara þjóða og hans nafn vegur jafnmikið og sumra hinna og þá get eg einnig nefnt forsætisráðherrann Gunnar Knudsen; hann þekkja víst allir. Það þýðir ekki að neita því, að þessi nöfn eru jafngóð hinum og svona mætti halda áfram að telja. Eg hefi sjálfur átt tal við Abrahamsen, og veit að hann er eindreginn fylgismaður bindindismálsins.

Eg vil einnig leyfa mér að benda á, að það er annað félag, sem er nýmyndað í Noregi og nær því nær yfir alt landið. Það er lífsábyrgðarfélag og heitir Andvaki. Í stjórn þess er Abrahamsen, er eg nefndi áður og Andersen forstjóri samgöngumála Norðmanna, mjög þektur maður. Félag þetta hefir sett á »program« sitt útrýming áfengis. Menn geta nú, ef til vill, vigtað hvor nöfnin muni vera betri. Eg ímynda mér að þau nöfn séu ekki betri, sem eru í mót bindindismálinu en þau, sem fylgja því.

Það er ekki hægt að neita því, að það rekur sig dálítið á og að það eru nokkur ósannindi í 3. aths. minni hlutans. Þar er það sagt, að hingað til hafi landssjóður haft töluverðar tekjur af aðflutningsgjaldi áfengis og seinna í sömu grein er það sagt, að þennan toll borgi mest efnaðri hluti þjóðarinnar. (*Jón Jónsson,* S.-Múl. Já!) Háttv. þm. segir já, að þetta sé rétt, en hann verður að játa, að hann hefir ekki fært nægar ástæður fyrir þessu, og mundi þær þó ekki hafa verið sparaðar, ef til hefðu verið, þegar hann var að skrifa þetta.

Hann verður að játa það, að það er brennivín, sem mest er drukkið hér á landi, og að það sé drukkið mest af þeim mönnum, sem engir ríkismenn eru. Brennivinsnautnin er mest hjá almenningi og hvílir þyngst á honum; það eru fátæklingarnir, sem neyta þess. Hér hefir minni hlutanum skjátlast all-hraparlega, og svo dregur hann þá ályktun út af þessu, að tollurinn lendi

ekki á fátæklingunum heldur á efnamönnunum. En tollurinn lendir einmitt á þeim, sem drekka brennivínið — fátæklingunum —. Dæmin eru deginum ljósari, því í Reykjavík og alstaðar þar sem brennivíns er neytt, er þess einmitt neytt af fátæklingum og sjómönnum. Þetta er því svo mikil og auðsjáanleg fjarstæða, að eg veit ekki, hvernig jafnskynugir menn, og þeir eru, sem standa undir álitsskjali minni hlutans, hafa getað flaskað á þessu. Þeir hafa víst ekki búist við, að nokkur mundi reka augun í þetta, og að það mundi því vinna sitt verk í því að hindra framgang málsins.

En þeir eru ekki af baki dottnir, þeir segja, minni hlutinn: Hér er stefnt að því að láta þá fátækustu bera hæstu gjöldin, en létt þeim af efnaðri. Þetta er hin mesta fjarstæða, sem ekki má vera ómótmælt.

Þá er þessi makalausa perla, sem minni hlutinn hefir upp eftir öðrum þm. þó, sú, að stofna sérstakan sjóð, og að það ætti svo dæmalaust vel við og væri svo heppilegt að láta Bacchus berjast við berklaveikina. En hinn hv. minni hluti gætir ekki að því, hvort það gætu ekki orðið eins margir, sem Bacchus drepur, gætu ekki orðið eins margir og þeir sem frelsast kynnu á þann hátt við berklaveikina. Háttv. frmsms. minni hlutans (J. J., S.-Múl.) tók það fram, að ofsi Good-Templara hafi verið svo mikill í þessu máli, að andmæli hafi ekki getað fram komið. Eg held að það sé óverðskuldað að öllu leyti að bregða Good-Templurum um ofsa, að minsta kosti gátu þá bannandstæðingar beitt þá hinu sama, en auðvitað hafa þeir ekki lagt út í það, þar sem röksemdir vanta. Þá skal eg víkja lítið að því sem eg sagði í byrjun ræðu minnar, að eg get ekki lagt annan skilning í það sem minni hlutinn segir í áliti sínu, en að atkv. hafi verið keypt af hálfu bindindisvina. — Þeir segja að þetta, að veita fé úr landssjóði, til þess að vinna að því, að fá ákveðinni »stefnu í ákveðnu löggjafarmáli sem mest fylgi, er nýtt með oss, og, að því er okkur sýnist, vel þess vert, að það sé athugað dálítið, því það er víst, að hægt er að hafa áhrif á úrslit mála með fé«. Eg held að hver sem les þetta fái ekki annað út úr því, en það sem eg hefi sagt, og eg verð að mótmæla þessum orðum háttv. minni hluta sem gersamlega ósæmilegum og ástæðulausum í garð bindindismanna. Einnig skal eg leyfa mér að mótmæla því, að margir hafi greitt atkv. nauðugir með bannlögum, því það hefir æfinlega verið hin fasta stefna Good-Templara að fá bannlög og er það enn þá.

Þá kemur háttv. minni hluti fram með það í nefndaráliti sínu, að kjósendur hafi ekki verið spurðir um það, hversu fljótt lögin skyldu komast á. En þá vil eg spyrja? Hvað kemur það þessu máli við? Það hefir minst verið deilt um það, hvort lögin fái gildi árinu fyr eða síðar. Þá segir hinn háttv. minni hluti, að atkvæðagreiðslan í haust sé engin sönnun fyrir vilja þjóðarinnar, því að undirbúningurinn hafi verið svo meingallaður. — Vill hinn háttv. minni hluti ekki benda á þessa meingalla? En að neita því, að við atkvæðagreiðsluna í haust hafi lýst sér vilji mikils meiri hluta kjóseuda, er ekki til neins, því tölurnar tala þar skýrt og greinilega og taka þar af allan efa, svo að ekki er til annars, en að berja höfðinu við steininn, að vera að þrátta um það.

Eg vil ekki láta það ómótmælt, sem háttv. 2. þm. Rangv. (E. J.) sagði, að

drykkjuskapur væri ekki minni nú, en þegar bindindishreyfingin hófst. Það er enginn leyndardómur, að drykkjuskapur hefir nú minkað stórmikið síðan bindindishreyfingin hófst, og fram á þennan dag. Sami þm. sagði, að það væri gott dæmi fyrir hina ungu, að drekka sig svínfulla. Eg fæ ómögulega séð, að slíkt geti haft nein góð áhrif, því mannlegur breyzkleiki er nú einu sinni svo mikill, að mörgum verður tamara að nema það, sem að miður má fara, og held eg þess vegna að það væri hál leið, að draga þá ályktun út af orðum þingm., að það mundi minka drykkjuskap, þótt þeir ungu sæju hina eldri ölvaða, þvert á móti. Annars getur háttv. 2. þingm. Rangv. (E. J.) gert slíka tilraun á sínum eigin börnum, ef hann langar svo mjög til. Nei, eini öruggi vegurinn er þessi: Burt með áfengið úr landinu, og látum það aldrei koma inn fyrir landsteinana, — og í þá átt fer frumvarp það, sem hér liggur fyrir, og sem eg er ekki í minsta efa um, að verði samþykt hér á þinginu. Það hefir verið ýmislegt fundið frumv. þessu til foráttu, og eg segi fyrir mitt leyti, að eg mun geta gengið inn á ýmislegar breytingar.

Skal eg svo ekki fjölyrða meira um þetta mál að sinni, og sest niður í þeirri öruggu von, að máli þessu reiði farsællega af, ekki einungis til 3. umr., heldur einnig út úr þessari deild.

Sigurður Gunnarsson: Háttv. sessunautar mínir og vinir, 1. þm. Rvík. (J. Þ.) og 1. þm. S.-Múl. (J. J.) mynda minsta og minni hluta í þessu stórmáli. Háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) segist vera oss, meiri hlutanum, samdóma í aðalatriðunum, en tillögur hans virðast þó á hinn bóginn benda á það, að það sé ekki nema á yfirborðinu. Háttv. þm. S.-Múl. (J. J.) segist skýlaust vera á móti frv. þessu, sem hér liggur fyrir; hans staða er því hrein í málinu, og tel eg honum það til hróss, út af fyrir sig. Ef nú tillögur háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) næðu fram að ganga, þá fæ eg ekki betur séð, en slíkt yrði miklu fremur málinu til ógagns, en gagns, þar sem hér er um hrein bannlög gegn aðflutningi áfengis að ræða.

Hann sagði, að bannlög mætti hafa á ýmsa vegu. Það má satt vera; en ekki tjáir, að setja ákvæði í þau lög, er gera þau í reyndinni að káki og engu öðru. En út á þetta virðast mér ýmsar breyt.till. hans þó ganga. Í 9. gr. vill hann banna að selja áfengi, en leyfa þó jafnframt að gefa það og veita eða láta af hendi á annan hátt. Ýmsar aðrar breyt.till. hans fara í líka átt, svo sem háttv. framsm. (B. Þ.) hefir bent á.

Þess er og að geta um sektarákvæðin, að þau hefir hann í tillögum sínum fært svo mjög niður, að meiri hlutanum þykir ekki ráðlegt, að svo mikil niðurfærsla verði samþykt, þótt vér hins vegar játum það, að upphæð sektarinnar sé ekki aðal-atriðið. — Yfirleitt vil eg ráða til, að ekki verði fallist á breytingartill. þessa þingmanns, þær er snerta merg málsins. En hinar, sem til bóta kunna að horfa, mun meiri hlutinn taka upp við þriðju umræðu.

Þá skal eg víkja máli mínu, að hv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.), Ef dæma skyldi gæði nefndarálita eftir vöxtum, þá væri nefndarálit hans og þeirra félaga, háttv. 1. þm. N.-Múl. (J. J.) eflaust ágætt, en það er ekki áreiðanlegur mælikvarði, að dæma nefndarálit eða ritverk eftir lengd þess og breidd. (*Jón Jónsson*, 1. þingm. S.-Múl.: Við vorum tveir um það). Mér dylst nú

samt ekki, að háttv. 1. þingm. S.-Múl. (J. J.) á hvern einasta staf í því. Eg þekki stil hans að fornu fari. Í nefndaráliti minni hlutans er fyrst inngangur, og virðist hann eingöngu ritaður til þess, að koma að rangfærslum og svigurmælum um nefndarstarfið eða samvinnuna í nefndinni. Bjóst eg ekki við sliku af vini mínum háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.). Hann ber það þar fram, að minni hlutanum hafi eigi gefist kostur þess, að ræða og íhuga málið í nefndinni með meiri hlutanum. *(Jón Jónsson*, 1. þm. S.-Múl.: Hve nær var aðalefni málsins þar rætt?). Verður ekki háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) að játa, að vér allir nefndarmenn, meiri og minni hluti, gengum gegnum frv. grein fyrir grein. Að vísu taldi háttv. 1. þingm. S.-Múl. (J. J.) sig þá þegar vera á móti málinu, en engu að síður kom hann með bendingar hér og þar, sem vissulega voru málinu til bóta. Þetta má háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) muna. Eg frábið mér því öll svigurmæli um ofríki af hálfu meiri hlutans við nefndarstarfið.

Háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) þykir og einkennilegt og nýstárlegt, að nefndaráliit meiri hlutans skuli vera samið utan nefndar. Það veit hann þó, að ekkert er algengara en það, er nefndir, eða hluti nefnda hafa komið sér saman um aðal-breytingarnar.

Allar kvartanir háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) í þessu efni eru tómir útúrdúrar. Og uppgerð er það og ekkert annað, er hann talar um það, að þeim félögum, andstæðingum málsins, hafi eigi gefist kostur þess að öðlast hjá meiri hlutanum æðri og betri þekking í þessu máli. Eg þekki háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) svo, að eg get fullyrt, að þótt vér, vinir þessa máls, hefðum setið við heila viku, mundum vér eigi hafa þokað honum um eitt fet í þessu máli, enda hefir hann talað svo í þessu máli í dag, að enginn fær annað ályktað, en að það sé föst sannfæring hans, að lög, er hefti innflutning áfengis, séu ill, séu siðspillandi. Svo djúpt tekur hann í árinni.

Þegar inngangínum að minni hluta álitinu sleppir tekur ekki betra við. Þar eru ýmsar mjög rangar og óviðurkvæmilegar staðhæfingar. Á sumar þeirra hefir háttv. framsm. (B. Þ.) þegar minst. Eg skal svo í viðbót minnast á nokkrar.

Fyrsta mótbáran er skerðing á persónulegu frelsi, þessi gamla, útslitna mótbára. Hann segir, að menn eigi að hafa frelsi til als, er ekki komi í bága við hagsmuni annara. Vel mætti í því sambandi minna þingm. á konu og börn drykkjumannsins. Mundi ekki frelsi það, er slíkur maður tekur sér, til þess að gera sig að drykkjuræfli, og gera sig ófæran til þess að annast heimili sitt, konu og börn, koma all-tilfinnanlega í bága við hagsmuni þessa skylduliðs hans?

Yfirleitt eru allar þessar mótbárur, sem bygðar eru á skerðingu persónulegs frelsis, yfirskin eitt. Löggjöf bæði þessa lands og annara verður einatt að hefta að meiru eða minna leyti persónulegt frelsi borgaranna. Og að svo miklu leyti, sem segja má, að skerðing persónulegs frelsis komi hér til greina, er hún einstaklingnum og þjóðfélaginu til góðs.

Háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) heldur því fram í nefndarálitinu, að það sé að mjög litlu leyti fátækari hluti þjóðarinnar, sem víntollinn greiði, heldur hinir efnaðri. Því er nú miður, að þetta er ekki satt. Allir vita að langmest munar um brennivínstollinn. Hverjir kaupa nú mest brennivínið? Öll alþýða manna, einmitt hinir fátækari. Embættismennirnir, þeir sem

peningana hafa sér til sælgætis, kaupa meir dýrari vínin. Það er því næsta eðlilegt, að alþýðan fylgi útrýmingu áfengisins, á hana legst skaðsemin af áfengisnautninni þyngst. Það eru ekki alþýðumennirnir yfirleitt, sem halda hlífiskildi yfir áfengisnautn og böli því, er af henni stafar, heldur heldri mennirnir, ekki sízt hinir hálaunuðu hérna í Reykjavík. Það má lesa þá úr flesta, það eru þeir sem þyngsta bera ábyrgðina á því, ef vínið, með öllum illum afleiðingum þess, verður enn sem fyrri, friðhelgað í landinu.

Minni hlutanum þykir snjallræði að safna áfengistollinum í sjóð og vitnar þar til till.þm. Skagf. (Ó. Br.) — og telur með því þarft verk unnið með léttu móti. Með léttu móti? Spyrji þm. alla þá sem á sama tíma mundu glata fé, heilsu og heimilisfriði af ofnautn áfengis, hvort samsafn blóðpeninganna úr vösum þeirra hefði orðið með léttu móti.

Alt hið langa mál minni hlutans um gallaðan undirbúning þessa máls, nær engri átt. Það er blátt áfram skáldskapur. Alþjóð manna á Íslandi er það vitanlegt, að til einskis máls hefir verið jafnvel vandað sem þessa. Það hefir verið um tugi ára rætt og ritað um það mál í hverri sveit landsins svo að segja. Og ekki þarf þm. að koma á óvart, þótt þetta mál sé nú komið inn á þing í frv. formi; hann veit vel að þetta og ekkert annað hefir frá upphafi verið takmarkið, alger útrýming úr landinu.

Í nefndarálitinu hefir háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) ýms ómakleg orð um það, hversu atkvæði manna með málinu 10. sept. væru undir komin; menn hefðu verið vélaðir, blektir, blindaðir, já, jafnvel mútað fyrir landsfé, og átti hann þar víst við styrk þann, er G.-T.-reglan hefir fengið úr landssjóði. Þessum orðum öllum mótmæli eg harðlega, og veit eg þau eiga sér engan stað, þar sem eg þekki til. Templarar hafa jafnan beitt röksemdum og afli sannfæringarinnar fyrir góðu máli, enda veit þm., að atkv.gr. var leynileg. Svo má og minna á, að athyglin snerist langmest 10. sept. að sambandsmálinu. Þessvegna má álykta, að atkv.gr. um aðflutningsbannið mundi hafa gengið því máli enn meira í vil, ef um það eitt hefði verið að tefla.

Sjálfur hefir 1. þm. S.-Múl. (J. J.) verið með í því að undanförnu á þingi, að veita G.-T.-reglunni fjárstyrk til að útbreiða skoðanir sínar. Kemur það því undarlega við nú, að hann fær það út, að þessum styrk hafi verið varið á siðspillandi hátt. Þetta eru órökstudd orð, sleggjudómur, sem ekki er samboðinn jafn gáfuðum og reyndum þm., sem hann er. Það er hin megna óbeit hans ein á málinu, sem fær gert skiljanleg slík ummæli.

Hann verður þó að játa, að það er með öllu réttmætt, að útbreiða skoðanir sínar, þótt það kosti fé, hvort heldur opinbert, sé það löglega fengið, eða einstakra manna.

Um siðspillandi meðul af hálfu bannvina getur því eigi verið að ræða. Hitt mætti með meiri rétti segja, að vínvinir og bannféndur héldu verndarhendi yfir siðspillingu með andróðri sínum gegn máli þessu.

Þar sem minni hlutinn í nefndaráliti sínu þykist tala í nafni þjóðarinnar, er hann skorar á þingið að drepa þetta frv., þá þykir mér skörin færast allmjög upp í bekkinn. Það erum vér, meiri hluta menn, sem getum einir talað hér í hennar nafni. Það sýnir atkv.gr. um málið 10. sept. Hún stend-

ur stöðug, þótt hv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) þyki hart undir að búa.

Þar sem þingið að undanförnu hefir, eins og eg hefi áður tekið fram, styrkt starf G.-T.-reglunnar, hefir það gert það efalaust af því, að það hefir metið starfið mikils, og vitandi vel, að starfsemin laut öll einmitt að útrýmingu áfengis með öllu. Þingið er því í fullu samræmi við sjálft sig, ef það nú sþ. bannlög.

Varatillaga minni hlutans um að bera málið aftur undir þjóðina og heimta miklu meiri atkvæðamun, en 10. sept. er nærri því skopleg. Mér virðist það vera að gera gys að kjósendunum. Þessi till. hans er síðasta úrræðið, er hann grípur til í því skyni að bana málinu.

Mér þykir vissulega leitt, að þessi þm., er eg hefi þekt lengi og að öllu góðu, skuli berjast gegn svo mikilvægu og heillaríku málefni.

Hvað svo sem háttv. sami þm. kann að segja um afstöðu þessa máls erlendis, þá get eg sagt honum það, að engilsaxneski þjóðflokkurinn í Evrópu og Ameríku stefnir í bannlagaáttina, Englendingar og Ameríkumenn kannast fyllilega við, að áfengisbölið er eitt allra hættulegasta þjóðarmeinið. Það var lagt nýlega frv. fyrir neðri málstofu enska þingsins, er gengur mjög í þá átt að kreppa að vínsölu og vínnautn, og gekk það þar í gegn með miklum atkvæðamun, en þegar til efri málstofunnar kom, leyfðu lávarðarnir frv. ekki einu sinni til 2. umr. Aðalástæðan var sú, að þeir áttu ýmsir hluti í víngerðarhúsum, og bendlaðir vínbruggurum á fleiri vegu. En auðséð er að Englendingar láta hér ekki staðar numið. Allir vita um Finna, er fyrstir hafa samþykt hjá sér bannlög, þótt einvaldsherra Rússa hafi neitað þeim staðfestingar.

Mikinn og merkilegan sóma teldi eg oss það Íslendingum að verða fyrstir til að útrýma vogestinum mikla frá ströndum vorum. Við það mundi og allur þróttur vor vaxa, bæði líkamlega og andlega. Það er vísindalega sannað, að þeir sem ekki neyta víns eru að öðru jöfnu hraustari og heilsubetri og þolnari bæði við líkamlega og andlega áreynslu, en neytendur þess, og standast betur sjúkdóma, þrautir og þjáningar.

Mér kemur í hug viðburður úr veraldarsögunni. Hann er um viðskifti Sýrusar Persakonungs og hirðingjaþjóðar, er hétu Massagetar. Þeir voru hraustir og harðfengir. Sýrusi hafði eigi tekist að vinna bug á þeim, en loks tókst honum að finna ráð, er hjálpaði honum um stundarsakir. — Hann lét sem hann flýði undan þeim hluta Massageta, er þá var næstur, skildi eftir tjöld, farangur, matvæli og einkum nóg af gómsætu víni. Massagetar tóku herbúðirnar, settust að krásunum og víninu, sem þeir þektu eigi áður. En er þeir höfðu drukkið sig drukna sneri Sýrus aftur með lið sitt, og vann sigur á þeim með hægu móti. Tómyris, drotning Massageta, er ekki var viðstödd ósigur liðs sins, safnaði þegar liði af nýju, réðist að Sýrusi, vann sigur og tók Sýrus höndum, lét hálshöggva hann og varpa höfði hans í ker, fullt af víni. Mælti hún þá þessum eftirminnilegu orðum: »Svalaðu þér nú, Sýrus, þú hefir lengi þyrstur verið«.

Eg vildi feginn óska, að Íslendingar rækju sem fyrst vínið af höndum sér. Þegar það er ekki lengur til, þyrstir engan í það, og enginn verður á því gintur, sér og öðrum til óláns og tjóns. Hins vegar mun þjóðin verða hraustari, auðugri og betri.

Að svo mæltu óska eg, að málið verði látið ganga til 3. umr.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Eg verð að lýsa yfir því, að eg er fylgjandi aðflutningsbanninu og ætla að greiða atkv. með málinu. En þó eg geri það, vil eg ekki vera talinn samsekur í öllum þeim ósannindum og vitleysum, sem færðar hafa verið fram hér í salnum til stuðnings málinu. — Eg byggi ekki fylgi mitt á þeim rökum, og tel þau fremur til að spilla en bæta fyrir málinu. Í þessu máli stendur svo einkennilega á fyrir mér, að eg er hér gagnstæður vilja meiri hluta kjósenda minna, sem greiddu atkv. í haust móti aðflutningsbanni. En eg sagði þeim fyrirfram, að eg mundi greiða atkv. með málinu, hvað sem þeir gerðu. Eg sagði um daginn, að eg greiddi atkv. með málinu »með hálfum huga«, og kæmi það til af því, að eg óttaðist að enn væri, ef til vill, of snemt að samþ. þetta mál, og því væri hætt við að það næði, ef til vill, ekki tilgangi sínum.

H. frms. meiri hl. (B.Þ.) sagði, að aðflutnings-bannlög væru komin á í nokkrum ríkjum í Bandaríkjum Norður-Ameríku, en það er ósatt; svo langt hafa Bandaríkjamenn ekki komist og komast líklega aldrei, því að stjórnarskrá Bandaríkjanna er því til fyrirstöðu; en henni er nú orðið talið óvinnandi vegur að breyta. Svo er mál með vexti, að ekkert ríki í Bandaríkjunum hefir heimild til að banna eða leggja nein höft á viðskifti við hin ríkin. Ríkið Kansas er eina ríkið, er samþ. hefir aðflutningsbannlög áfengra drykkja, en hæstiréttur Bandaríkjanna dæmdi lögin ógild sakir bága við stjórnarskrá Bandaríkjanna. Hver maður í Kansas getur keypt sjálfum sér vín frá öðru ríki; en verzlun með það er bönnuð þar, eins og í fleiri ríkjum; en það er alt annað en aðflutningsbann.

Jafnósatt er það, sem annað, að ekki megi flytja áfengi inn í vínsölubannsríkin, heldur að eins gegn um þau. — Það er ekkert ríki til í Bandaríkjunum þar sem ekki sé heimilt að kaupa sér vín til eiginna nota. 15 ríki munu hafa komið á hjá sér vínsölu- og veitingabanni, en 10 hættu við það aftur. Og í öllum vínsölubannsríkjunum er vín selt, meir og minna opinberlega. Er þetta eftirdæmi til að breyta eftir? Vínsölubannslögin hafa aldrei náð tilgangi sínum í Bandaríkjunum, og það hafa þau heldur aldrei gert hér. Vínsölubannslögin hafa hér (og annarstaðar) reynst alveg gagnslaus til að hefta vínnautn. Hér hafa þau að eins leitt til að svifta landssjóð tekjum; en vínnautnin fer heldur vaxandi en þverrandi, þó að nú sé drukkið á annan hátt en áður.

Sakir þess er eina ráðið til að útrýma hér vínnautn algert aðflutningsbann — ef það hefir þá svo næga stoð í réttarmeðvitund þjóðarinnar, að lögin verði ekki dauður bókstafur, eins og vínsölubannslögin.

En er það siðferðislega réttmætt að leggja slík höft á frelsi þeirra manna, er neytt geta víns sér að skaðlausu? Það er vandaspurningin úr að leysa. Eg játa, að þetta er persónulegt ófrelsi, sem eigi er réttmætt að lögleiða, nema brýna alþjóðar-nauðsyn beri til. En það er það sem mér virðist vera hér. Bölið, sem af áfengisnautninni leiðir, er svo mikið — ekki fjármunalega að eins; það met eg minst, heldur — siðferðislega og heilbrigðislega. Ef bölið kæmi að eins fram á þeim, sem neytir áfengis í óhófi, væri ekki réttmætt að lögleiða aðflutningsbann. En bölið bitnar oft hvað mest á öðrum saklausum; það t. d. spillir ekki að eins

heilsu neytandans og styttir líf hans, en það eitrar afkvæmin, úrkynjar kynslóðina.

Þetta, sem eg sé fyrir augum og þekki, er sú ástæða, sem kemur mér til að greiða atkv. með þessum ófrelsislögum, þessu frelsishafti. Mér rennur til rifja bölið, og eg vil vinna til að styðja að frelsishafti, til að geta upprætt það. Sú ein ástæða getur fengið mig til þessa.

Eg sagði, að eg greiddi atkv. með frumv. með hálfum hug. Það kemur af því, eins og sagði, að eg er hálfsmeikur við, að málið sé of snemma á ferðinni. Þjóðin hefði helzt þurft að greiða því miklu eindregnara fylgi, til þess að henni væri fulltreystandi til að þola lögin og framfylgja þeim. En í þeirri von, að þjóðin reynist þessu vaxin, greiði eg málinu atkvæði. Reynist ekki svo, þá er auðvelt að nema þau aftur úr gildi, þó eg vildi óska, að ekki þyrfti að því að reka; því að það mundi seinka því mjög, að takmarkinu verði náð, og hefði þá verið betra, að fara ekki svo brátt á stað.

1. breyt.till. háttv. 1.þm.Rvk. (J. Þ.) get eg ekki aðhylst. Væri slíkt vítalaust, þá væri asninn leiddur inn í herbúðirnar. Þá er 2. breyt.till., er eg get vel aðhylst; hún fer fram á að þjóðin sé látin skera úr þessu aftur. Ef þjóðin er eindregin á þessu máli, þá sýnir hún það með enn meira fylgi, og þá væri eg og fleiri óhræddari við málið. Ótti minn sprettur að eins af því, að eg vil málinu vel — vil að það nýtist til frambúðar.

Ef atkvæðamagnið með bannlögunum eykst talsvert við það sem var nú við kosningarnar, þá sýnir þjóðin betur að hún sé þessu vaxin.

Að leggja þá gjaldabyrði, er af þessu leiðir, á þjóðina alment, er því að eins réttmætt, að bannið sé samkvæmt vilja meiri hluta allrar þjóðarinnar. En í haust var með málinu að eins minni hluti allra kjósenda, þótt $^3/_5$ þeirra, er atkvæði greiddu, fylgdu því. Þeir, sem alls ekki greiddu atkvæði, virðast ekki hafa haft mikinn áhuga á málinu.

Eg fulltreysti því, að fylgjendur bannsins reyndust fleiri í annað sinn. Og ekki óttast eg, að hætt sé við, að rök andmælenda veiki fylgið. En þau mundu væntanlega bæta röksemdir vor bannlagamanna; annars eru rök vor fányt, ef svo fer ekki.

Rökin verða betri, þegar þau eiga að etja við gagnrök annara, og þjóðin stendur á betri grundvelli, ef málið yrði rætt frá tveim hliðum. Til þessa hefir það að eins verið rætt frá annari hlið. Ef vel á að fara, þarf þetta mál að vera stutt með réttum rökum. Eitt meðal annars hefir vakað fyrir frsm. meiri hl. (B. Þ.), sem eg kann miður, það eru dæmi, sem hann hermir frá öðrum þjóðum, en eiga við engin rök að styðjast. Aðflutningsbann er als ekki til hjá neinni annari þjóð. En það væri skrítið, ef ekkert getur heitið réttmætt nema það sem aðrar þjóðir hafa gert á undan. Ef engin þjóð vildi ganga á undan öðrum þjóðum með neitt nýtt, þá yrði aldrei neitt nýmæli lögleitt í heiminum. Ekkert er á móti því, að við göngum á undan með góðu eftirdæmi. Við erum fáir og smáir, lítil þjóð og afskekt, og eigum við því hægri aðstöðu að ýmsu leyti. Við höfum fyrstir allra bannað innflutning ósútaðra húða, til að bjarga nautgripum og hrossum frá miltisbrandi. Er ekki mannlegt líf og velferð meira virði en nokkrir nautgripir? Mig er ekki að hrekja frá því, að greiða atkvæði með þessu þarfamáli; eg hefi áður tekið það fram og endurtek það nú.

En hamingjan forði mér frá rök-

semdaleiðslu sumra þeirra háttv. þm., sem eins og eg fylgja þessu máli.

Þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) lét það mikið klingja hvað eitrað alkóhol væri. Eitur og eitur getur nú verið sitt hvað. Er nokkurt strá á jörðinni án alkóhols? Nei, ekkert einasta, og fáar matartegundir eru algerlega án þess. Það er síður en svo að það þurfi að forðast »eitur« í mat. Mörg ljúffeng og holl fæða inniheldur einatt eitur, stundum eigi all-lítið, og margir nytsamir hluttr eru meira og minna »eitraðir«. Það er alt undir því komið, hvað stór skamtur er tekinn af eitri; margt »eitur« er holt og gott. Í brúðkaupinu í Kana er sagt að vatni hafi verið breytt í vín. 2. þm. Rvk. (M. Bl.) er nú sem stendur sjúkur. Eg veit ekki hvað að honum gengur; hann er hér staddur og getur sagt til; en hafi honum verið ilt í maganum, þá hefði honum ef til vill verið löngu batnað, ef hann hefði fylgt læknisráði postulans Páls, sem hann gaf Tímoteusi, að neyta dálítils víns fyrir magans sakir (1. Tím. 5,23). Hófleg nautn víns getur verið heilsusamsamleg, líkamlega holl, og Salómon segir, að vín, drukkið í hófi, hressi mannsins anda. Mundu nú guðsmennirnir hér í deildinni í fullri alvöru vilja tala um eiturbyrlarann í Kana? Eða vilja þeir bera Páli postula á brýn, að hann hafi verið að gera Tímóteus að hófdrykkjumanni, sem þeir segja sé nú enn skaðlegra en að vera ofdrykkjumaður?

Nei, en því eru þeir þá að kalla vínið, þá saklausu og hollu og góðu guðs gjöf, eitur?

Engra slíkra öfga eða ósanninda þarf með til að réttlæta útrýming áfengisins. Því á að útrýma, — ekki fyrir það, að það sé í sjálfu sér neitt ilt eða skaðvænt, heldur af því að mennirnir reynast enn yfirleitt svo mikil börn, að þeir eru fáir, sem kunna að nota það rétt, en hinir svo margir, sem geta ekki látið vera að nota það rangt, ekki sjálfum sér að eins, heldur kynslóðinni, þjóðinni tit stórtjóns, og af því að engin leið hefir enn reynst trygg til að afstýra vanbrúkuninni.

Fyrir þessa sök greiði eg atkvæði með frumvarpinu, en als ekki af þeim ástæðum, er framsm. (B. Þ.) hefir haldið fram.

Framsögumaður meiri hlutans (Björn Þorláksson): Eg skal leyfa mér að svara 2 eða 3 þingmönnum, er nú hafa talað.

Háttv. 1. þm. N.-Múl. (J. J.) lýsti skoðun sinni á málinu; hann lagði mikla áherzlu á sitt álit og hélt því fram, að slík bannlög kæmu í bága við stjórnarskrána.

En það er nú álit mitt og enda fleiri þingmanna, að háttv. þm. muni hafa orðið fyrir innblæstri frá öðrum þingmönnum, og virðist honum ekki hafa orðið mikið fyrir að skifta um skoðun.

Eg get ímyndað mér, að mönnum þætti ef til vill ekki með öllu ófróðlegt að heyra dálítið um skoðun hans á þessu máli áður.

Vil eg nú með leyfi hæstv. forseta lesa upp skjal það, er Stór-Templar sendi þingmönnum síðastliðið sumar, ásamt svörum háttv. þingm. við þeim spurningum, er þar voru lagðar fyrir hann.

Spurningarnar voru 2 og svaraði h. þm. þeim á þessa leið:

1. Eg er mótfallinn aðflutningsbanni sem stendur, en
2. Ef mikill meiri hluti kjósenda minna er með því, þá finn eg mér skylt að fylgja því fram.

Eg vona nú, að menn sjái, hve hjólliðugnr háttv. þm. hefir verið, hve fljótur hann hefir verið að öðlast betri þekking á málinu — sem hann kallar.

Háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) brá mér um þroskaleysi, að því er snerti skilning minn á orðunum sölubann og aðflutningsbann. Eg get nú látið mér það í léttu rúmi liggja, þótt hann hafi þessa skoðun á mér, enda mun það af misskilningi sprottið hjá háttv. þm., hefir hann hneykslast á því að eg talaði um bannlög, þar sem um sölubann var að ræða. En orðið bannlög getur í rauninni þýtt hvorttveggja: sölubann og aðflutningsbann. Munurinn er hér að eins stigmunur: sölubannið miðar beina leið að aðflutningsbanni.

Og þar sem eg gat um, að áskorun hefði komið frá 8 þúsund konum um vínsölubann, þá var þar ótvírætt aðflutningsbann á bak við.

Háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) get eg svarað á líka leið, því að hann brá mér einnig um hið sama. Hann sagði að eg myndi ekki vita, hvernig bannlög væru í Ameríku. Eg skal nú játa það, að eg muni ekki jafnfróður honum um Ameríku, en eg hefi þó á síðari tímum kynt mér töluvert bannlög annara þjóða. Eg veit vel að aðallega er um sölubann að ræða í Ameríku.

Þar sem sami háttv. þm. gat þess, að hann gæti fallist á að atkvæðagr. færi fram á ný um þetta mál — þá vil eg leyfa mér að mótmæla þeirri aðferð, nema því að eins, að allar konur, 25 ára og eldri, fái þar einnig atkvæðisrétt. Þá væri sanngirni í því, en hins vegar alveg ástæðulaust að láta sömu mennina og enga aðra greiða atkvæði aftur um sama mál.

Háttv. þm. S.-Þ. (P. J.) lagði mikla áherzlu á það, að menn ættu að láta uppfræðsluna nægja í þessu efni. Hér á landi hefir mikið kapp verið lagt á það að fræða menn um skaðsemi vínnautnarinnar og háttv. þm. hældi Good-Templarareglunni fyrir starf sitt í þá átt.

En með því einu komast menn aldrei að takmarkinu, þekkingin ein er ekki næg. Og takmarkið er: útrýming áfengisins.

Eins og kunnugt er, eru Danir með allra mentuðustu þjóðum heimsins, en einmitt hjá þeim er vanbrúkun áfengis mjög mikil. Og það sýnir sig hvarvetna í öðrum löndum, að skólagengnu mennirnir, eða þeir, sem vita að jafnaði meira en hinir, misbrúka áfengið mest. Þekkingin er því ekki næg.

Eina leiðin er sú, að taka frá mönnum freistinguna, banna allan aðflutning áfengis.

Þegar eg mintist á bannlög í dag, þá sást mér yfir eitt atriði, er þar hefði átt að tilfæra.

Það voru lög Múhamedstrúarmanna. Í kóraninum (bibliu þeirra) er það tekið fram, að þeir megi ekki neyta áfengis. Eg ætla, að mönnum muni ljóst, hvernig þetta hefir gefist: Múhamedstrúarmenn eru meiri hófsmenn en hinar kristnu þjóðir. Og það er beinlínis að þakka bannlögum þeirra. Má af þessu meðal annars sannfærast um, að bannlögin séu eina rétta leiðin til að ná takmarkinu: útrýmingu áfengisins.

Skal eg svo ekki tefja umræðurnar frekar.

Framsögumaður minni hlutans (Jón Jónsson, 1. þm. S.-Múl.): Þótt margt hafi nú verið sagt til mín, þá skal eg þó láta mér nægja að gera að eins örstuttar athugasemdir við tvær setningar í ræðu hins h. framsm. meiri hlutans (B. Þ.). Eg vil ekki tefja tímann með því að svara ræðum hins háttv. 2. þm. Rvk. (M. B.) og hins h. þm. Snæf. (S. G.). Þeir sögðu hvorugur neitt það, er ekki hefir verið

sagt áður, enda þótt annar þeirra segði margt betur en áður hefir verið gert. En eg ætla nú samt að ganga fram hjá því. Við erum ekki enn þá búnir að jafna með okkur muninn á sölubanni og aðflutningsbanni, hinn háttv. framsögum. og eg. Hann blandaði þessu tvennu alveg saman í dag, og hann gerir ekki mikinn mun á því enn; hann sagði berum orðum, að það væri að eins stigmunur. En eg get ómögulega fallist á þá skoðun, og það hygg eg rétt mál, er eg segi að þar sé að ræða um verulegan »princip«mun. Eg sagði þetta í dag og eg endurtek það nú, enda hefir það ekki verið hrakið og eg er þess fullviss, að það verður ekki hrakið.

Endatakmarkið, þ. e. aðflutningsbannið, fer of nálægt persónulegu frelsi manna, þar sem það fyrirmunar mönnum að neyta þess, er menn óska að neyta; það fer nær því, segi eg, en ráðlegt er eða holt löggjöfinni. En sölubannið kemur þar ekki ofnærri, það er að eins haft á atvinnurétti manna. Hér er því um gersamlega tvær stefnur að ræða: sölubannið er alt annað en það, sem hér er farið fram á.

Hinn háttv. framsm. (B. Þ.) gat þess, að það væri alveg þýðingarlaust að bera þetta mál undir atkvæði þjóðarinnar á ný, nema því að eins að konur fengju þá líka að greiða atkvæði. Þá mætti það. En hvers vegna? Ætli það sé af nokkru öðru en því, að hann teldi þá sigurinn vísari. *(Björn Þorláksson:* Konur eiga að hafa þar atkvæðisrétt). Þá virðist ástæðan blátt áfram sú, að hann hefir ekki trú á framgangi málsins, *(Björn Þorláksson:* Þetta er ósatt — ófaktist), enda er það ekki undarlegt, því að sú myndi raunin á verða, að það næði þá ekki fram að ganga.

Eg skal ekki fara mikið út í viturleik fyrirskipana Múhameðstrúar. En ekki tel eg hyggilegt að sníða vor lög eftir bannlögum Múhameðstrúarinnar, því að það er kunnugt, að þau eru alment brotin, og ef bannlög vor verða einnig brotin, þá væri takmarkinu ekki náð að heldur.

Hinn háttv. framsm. (B. Þ.) hneykslaðist á því í dag, að við minni hluta mennirnir vildum ekki í áliti okkar kalla vínnautnina þjóðarböl — eins og hún er nú. En þjóðarböl er ekki, finst mér, rétt að kalla annað en það, sem er mjög þungbært og mjög alment. Nú er áfengisnautnin als ekki almenn, langt frá því; þetta vita allir, og sömuleiðis er áfengisnautninni svo háttað, að það eru fremur undantekningar að hún skapi það, sem rétt er að kalla böl. En það er því miður margt annað, sem rétt er að kalla þjóðarböl: óskilvisin, eyðslusemin, fáfræðin — og eg vil bæta við: sá hugsunarháttur, sem getur af sér frumvþað, er hér liggur fyrir, og aflar því fylgis.

Jón Jónsson (N.-Múl.): Eg get verið stuttorður, en þar sem háttv. framsm. gaf í skyn, að eg myndi vera innblásinn af ýmsum mönnum, þá vil eg benda á það, að það hefðieinmitt verið ástæða til, að eg hefði orðið innblásinn af hans hendi, þótt eg hafi samt ekki orðið það. Hann vildi sanna mál sitt með því að lesa upp bréf til stórstúkunnar. Það var nú raunar ekki mikið á því að græða, enda oft búið að minna mig á þetta. Eg svaraði áðurgreindum spurningum á þá leið, að eg væri í rauninni mótfallinn banni, en myndi þó beygja mig fyrir skýlausum meirihluta (3/5) þjóðarinn-

ar. Ef eg hefði nú viljað hengja hatt minn á þessi orð, þá gæti eg afsakað mig með því, að 3/5 hlutar kjósenda hefðu ekki greitt því atkvæði, og því síður öll þjóðin. En nú vil eg eigi fara þessa leið.

Eg get sagt það hreinskilnislega, að eg skrifaði undir skjalið í fljótræði í sumar — á ferðalagi — en hefi síðar sannfærst um, að þetta mál sé ekki tímabært enn þá. Eg var í rauninni móti því, þótt eg skrifaði undir skjalið, að eg mundi beygja mig fyrir vissum meiri hluta.

Þar sem háttv. framsm. (B. Þ.) sagði, að eg hefði skift um skoðun, þá vil eg geta þess, að hann hefir sjálfur gert það hér á þingi — og það af verri hvötum. *(Björn Þorláksson:* Eg skora á hinn háttv. þm. að tilgreina málið). Það er fljótsagt. Það var í Eiðaskólamálinu.

Jón Þorkelsson: Eg get ekki verið hinum háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) samdóma um það, að ekkert hafi verið nýtt í ræðu hins háttv. þm. Snæf. (S. G.), því að það var þó alveg glænýtt, er hann sagði, að tillaga mín væri sprottin af undirhyggju og óheilindum. Eg átti ekki von á þessu frá slíkum manni. En þetta sýnir, að sá »versti« er enn þá ekki iðjulaus, þar sem honum hefir tekist að blinda þannig augu guðs útvalda.

Tillaga mín miðar eingöngu að því að bæta frumv., svo að það geti orðið þjóðinni þolanlegra og, ef verða má, kærara en annars. Það hefir komið fram hér, að þetta mætti gera við 3. umr., en hvers vegna má ekki bæta frumv. nú við 2. umr.?

Það hefir verið sagt hér sitt af hverju um þetta mál, en eg hirði þó ekki að fara frekar út í það. En eg gat ekki orða bundist, þegar eg heyrði hinar þungu skriftir hins virðulega skriftaföður míns og sessunauts, hins háttv. þm. Snæf. (S. G.).

Eg vil leyfa mér að gera sfutta aths., áður en gengið er til atkv. Eg hefi heyrt á sumum meiri-hlutamönnum, að þeim þætti þær breyt.till., sem eg hefi farið fram á, of þungbærar fyrir málið. Eg skal geta þess, að þótt breyt.till mínar nái ekki fram að ganga að þessu sinni, þá hefi eg ekkert á móti því, að við 3. umr. kæmu fram breyt.till. til línkindar, svo hægt væri að miðla málum á þann hátt, að flestir mættu við hlíta, og eg vona að meiri hlutinn orki þar als til, að svo fari, ef hann vill ekki, að hin afarströngu ákvæði frumv. standi málinu fyrir þrifum.

ATKV.GR.:

1. gr.

1. Br.till. (305) við 1. gr. sþ. með 17 shlj. atkv.

1. gr. þannig breytt sþ. með 16 : 4 atkv.

2. gr.

1. Br.till. (305) við 2. gr. sþ. með 15 shlj. atkv.

2. Br.till. (305) við 2. gr. sþ. með 15 shlj. atkv.

2. gr. þannig breytt sþ. með 16 : 1 atkv.

3. gr.

3. gr. sþ. með 16 : 2 atkv.

4. gr.

1. Br.till. (305) við 4. gr. sþ. án atkv.gr.

2. Br.till. (305) við 4. gr. sþ. án atkv.gr.

3. Br.till. (305) við 4. gr. sþ. með 15 shlj. atkv.

4. Br.till. (305) við 4. gr. sþ. með 16 shlj. atkv.

4. gr. þannig breytt sþ. með 15 shlj. atkv.

5. gr.

1. Br.till. (305) sþ. án atkv.gr.
1. —— (321) — — ——
2. Br.till. (321) sþ. með 12 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Björn Kristjánsson,
Jón Ólafsson,	Björn Sigfússon,
Bened. Sveinsson,	Björn Þorláksson,
Eggert Pálsson,	Hálfd. Guðjónsson,
Einar Jónsson,	Jón Magnússon,
Jóh. Jóhannesson,	Pétur Jónsson,
Jón Jónsson N.-M.,	Sigurður Gunnarss.
Jón Jónsson, S.-M.,	Skúli Thoroddsen,
Jón Sigurðsson,	Stefán Stefánsson,
Jón Þorkelsson,	Þorl. Jónsson.
Magn. Blöndahl,	
Sig. Sigurðsson.	

2. Br.till. (305) sþ. án atkv.gr.

5. gr. þannig breytt sþ. með 16 shlj. atkv.

6. gr.

1. Br.till. (305) sþ. með 15 shlj. atkv.
2. Br.till. (305) sþ. án atkvgr.
3. Br.till. (305) sþ. með 15 samhlj. atkv.
4. Br.till. (305) sþ. án atkv.gr.

6. gr. þannig breytt sþ. með 17 shlj. atkv.

7. gr.

1. Br.till. (305) sþ. með 15 : 5 atkv.
2. Br.till. (305) sþ. án atkv.gr.

7. gr. þannig breytt sþ. með 15 : 2 atkv.

8. gr.

1. Br.till. (305) fyrri liður sþ. með 12 : 7 atkv.
1. Br.till. (305) síðari liður sþ. með 14 shlj. atkv.

8. gr. fallin þar með af sjálfu sér.

9. gr.

3. Br.till. (321) feld með 12 : 7 atkv.
4. Br.till. (321) feld með 12 : 11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Björn Kristjánsson,
Jón Ólafsson,	Björn Sigfússon,
Bened. Sveinsson,	Björn Þorláksson,
Einar Jónsson,	Eggert Pálsson,
Hannes Hafstein,	Hálfdan Guðjónss.,
Jóh. Jóhannesson,	Magnús Blöndahl,
Jón Jónsson, N.-M.,	Pétur Jónsson,
Jón Jónsson, S.-M.,	Sig. Gunnarsson,
Jón Magnússon,	Sig. Sigurðsson,
Jón Sigurðsson,	Skúli Thoroddsen,
Jón Þorkelsson.	Stefán Stefánsson,
	Þorl. Jónsson.

1. Br.till. (305) sþ. með 13 shlj. atkv.
5. Br.till. (321) feld með 12 : 5 atkv.
6. Br.till. (321) feld með 13 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Björn Kristjánss.,
Jón Ólafsson,	Björn Sigfússon,
Ben. Sveinsson,	Björn Þorláksson,
Hannes Hafstein,	Eggert Pálsson,
Jóh. Jóhannesson,	Einar Jónsson,
Jón Jónsson N.-M.,	Hálfdan Guðjónss.,
Jón Jónss., S.-M.	Jón Magnússon,
Jón Þorkelsson,	Jón Sigurðsson,
Magnús Blöndahl,	Sig. Gunnarsson,
Pétur Jónsson.	Sig. Sigurðsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Stefán Stefánsson,
	Þorl. Jónsson.

2. Br.till. (305) sþ. með 12. : 4 atkv.

9. gr. þannig breytt sþ. með 12 : 5 atkv.

10. gr.

7. Br.till. (321) feld með 18 : 5 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Jón Ólafsson,
Benedikt Sveinsson,	Björn Kristjánsson,
Jón Jónsson, N.-M.	Björn Sigfússon,
Jón Jónsson S.-M.,	Björn Þorláksson,
Sig. Sigurðsson.	Eggert Pálsson,
	Einar Jónsson,
	Hannes Hafstein,

Já:	*Nei:*
	Hálfdan Guðjónss.,
	Jóh. Jóhannesson,
	Jón Magnússon,
	Jón Sigurðsson,
	Jón Þorkelsson,
	Magnús Blöndahl,
	Pétur Jónsson,
	Sig. Gunnarsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Stefán Stefánsson,
	Þorleifur Jónsson.

8. Br.till. (321) feld með 12 : 6 atkv.

9. Br.till. (321) feld með 14 : 9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Ben. Sveinsson,	Bjarni Jónsson,
Hannes Hafstein,	Jón Ólafsson,
Jóh. Jóhannesson,	Björn Kristjánss.,
Jón Jónsson, N.-M.,	Björn Sigfússon,
Jón Jónsson, S.-M.,	Björn Þorláksson,
Jón Magnússon,	Eggert Pálsson,
Jón Sigurðsson,	Einar Jónsson,
Jón Þorkelsson,	Hálfdan Guðjónss.,
Pétur Jónsson.	Magnús Blöndahl,
	Sig. Gunnarsson,
	Sig. Sigurðsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Stefán Stefánsson.
	Þorleifur Jónsson.

1. Br.till. (305) sþ. með 13 : 1 atkv.

10. gr. sþ. þannig breytt með 14 : 2 atkv.

11. gr.

10. og 11. Br.till. (321) sjálf fallnar.

12. Br.till. (321) feld með 12 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Björn Kristjánss.,
Jón Ólafsson,	Björn Sigfússon,
Bened. Sveinsson,	Björn Þorlákss.,
Einar Jónsson,	Eggert Pálsson,
Hannes Hafstein,	Hálfdan Guðjónss.,
Jóh. Jóhannesson,	Magnús Blöndahl.
Jón Jónsson N.-M.,	Pétur Jónsson,
Jón Jónsson S.-M.,	Sig. Gunnarsson,
Jón Sigurðsson,	Sigurður Sigurðss.,
Jón Þorkelsson.	Skúli Thoroddsen.
	Stefán Stefánsson,
	Þorleifur Jónsson.

1. Br.till. (305) sþ. með 13 samhlj. atkv.

11. gr. þannig breytt sþ. með 12 : 7 atkv.

12. gr.

1. Br.till. (305) sþ. með 13 samhlj. atkv.

12. gr. þannig breytt sþ. með 13 : 3 atkv.

13. gr.

13. Br.till. (321) feld með 14 : 9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Ben. Sveinsson,	Bjarni Jónsson,
Hannes Hafstein,	Jón Ólafsson,
Jóh. Jóhannesson,	Björn Kristjánss.,
Jón Jónsson N.-M.,	Björn Sigfússon,
Jón Jónsson S.-M.,	Björn Þorláksson,
Jón Magnússon,	Eggert Pálsson,
Jón Sigurðsson,	Einar Jónsson,
Jón Þorkelsson,	Hálfdan Guðjónss.,
Magnús Blöndahl.	Pétur Jónsson,
	Sig. Gunnarsson,
	Sig. Sigurðsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Stefán Stefánsson,
	Þorleifur Jónsson.

1. Br.till. (305) sþ. með 14 : 2 atkv.

Frv. gr. sjálffallin.

14. gr.

14. Br.till. (321) feld með 14 : 8 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Björn Kristjánss.,
Jón Ólafsson,	Björn Sigfússon,
Ben. Sveinsson,	Björn Þorláksson,
Einar Jónsson,	Eggert Pálsson,
Jóh. Jóhannesson,	Hálfd. Guðjónsson,
Jón Jónsson, N.-M.,	Jón Jónsson S.-M.,
Jón Sigurðsson,	Jón Magnússon,
Magnús Blöndahl.	Jón Þorkelsson,

Já:	*Nei:*
	Pétur Jónsson,
	Sig. Gunnarsson,
	Sig. Sigurðsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Stefán Stefánsson,
	Þorleifur Jónsson.

1. Br.till. (305) sþ. með 12 : 1 atkv.

15. Br.till. (321) feld með 13 : 8 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Björn Kristjánss.,
Jón Ólafsson,	Björn Sigfússon,
Bened. Sveinsson,	Björn Þorláksson,
Einar Jónsson,	Eggert Pálsson,
Jóh. Jóhannesson,	Hálfdan Guðjónss.,
Jón Jónsson N.-M.,	Jón Jónsson S.-M.,
Jón Sigurðsson.	Jón Magnússon,
Magnús Blöndahl.	Pétur Jónsson,
	Sigurður Gunnarss.,
	Sigurður Sigurðss.
	Skúli Thoroddsen,
	Stefán Stefánsson,
	Þorleifur Jónsson.

2. Br.till. (305) sþ. með 13 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Jón Ólafsson,
Björn Kristjánss.,	Ben. Sveinsson,
Björn Sigfússon,	Einar Jónsson,
Björn Þorláksson,	Hannes Hafstein,
Eggert Pálsson,	Jón Jónsson N.-M.
Hálfdan Guðjónss.,	Jón Jónsson S.-M.,
Jóh. Jóhanness.,	Jón Magnússon,
Magnús Blöndahl.	Jón Sigurðsson,
Sig. Gunnarsson,	Jón Þorkelsson,
Sig. Sigurðsson,	Pétur Jónsson.
Skúli Thoroddsen,	
Stefán Stefánsson,	
Þorl. Jónsson.	

16. Br.till. (321) sþ. með 11 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Björn Kristjánsson,
Jón Ólafsson,	Björn Sigfússon,
Ben. Sveinsson,	Björn Þorláksson,
Einar Jónsson,	Eggert Pálsson,
Hálfdan Guðjónss.,	Jón Magnússon.
Jóh. Jóhannesson,	Pétur Jónsson,
Jón Jónsson N.-M.,	Sig. Gunnarsson,
Jón Sigurðsson,	Sig. Sigurðsson,
Jón Þorkelsson,	Skúli Thoroddsen.
Magnús Blöndahl,	Stefán Stefánsson.
Þorleifur Jónsson.	

Tveir þm. greiddu ekki atkv.

3. Br.till. (305) sjálffallin.

17. Br.till. (321) sþ. með 15 : 5 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Björn Sigfússon,
Jón Ólafsson,	Björn Þorláksson,
Ben. Sveinsson,	Sig. Gunnarsson.
Björn Kristjánss.,	Skúli Thoroddsen,
Eggert Pálsson,	Stefán Stefánsson.
Einar Jónsson,	
Hannes Hafstein,	
Hálfdan Guðjónss.,	
Jóh. Jóhannesson,	
Jón Jónsson N.-M.,	
Jón Magnússon,	
Jón Sigurðsson,	
Jón Þorkelsson,	
Magnús Blöndahl,	
Pétur Jónsson,	

3 þm. greiddu ekki atkv.

14. gr. þannig breytt sþ. með 14 : 3 atkv.

15. gr.

1. Breyt.till. (305) samþykt með 12 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Björn Kristjánsson,	Bjarni Jónsson,
Björn Sigfússon,	Jón Ólafsson,
Björn Þorláksson,	Benedikt Sveinss.,
Eggert Pálsson,	Hannes Hafstein,
Einar Jónsson,	Jóh. Jóhannesson,

Já:	*Nei:*
Hálfdan Guðjónss.,	Jón Jónsson N.-M.,
Magnús Blöndahl,	Jón Jónsson S.-M.,
Sigurður Gunnarss.,	Jón Magnússon,
Sig. Sigurðsson,	Jón Sigurðsson,
Skúli Thoroddsen,	Jón Þorkelsson,
Stefán Stefánsson,	Pétur Jónsson.
Þorleifur Jónsson.	

18. Breyt.till. (321) feld með 12 : 6 atkv.

2. Breyt.till. (305) samþ. með 13 samhlj. atkv.

19. Breyt.till. (321) feld með 12 : 5 atkv.

20. Breyt.till. (321) feld með 13 : 2 atkv.

3. Breyt.till. (305) samþ. með 12 samhlj. atkv.

4. Breyt.till. (305) samþ. með 13 : 2 atkv.

15. grein þannig breytt samþ. með 13 : 4 atkv.

16. gr.

21. Breyt.till. (321) feld með 12 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Björn Kristjánss.,
Jón Ólafsson,	Björn Sigfússon,
Bened. Sveinsson,	Björn Þorláksson,
Einar Jónsson,	Eggert Pálsson,
Hannes Hafstein,	Hálfdan Guðjónss.,
Jóh. Jóhannesson,	Jón Jónsson, S.-M.,
Jón Jónss., N.-M.,	Pétur Jónsson,
Jón Magnússon,	Sig. Gunnarsson,
Jón Sigurðsson,	Sigurður Sigurðss.,
Jón Þorkelsson,	Skúli Thoroddsen,
Magnús Blöndahl.	Stefán Stefánsson,
	Þorleifur Jónsson.

22. Breyt.till. (321) samþ. með 15 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Jón Ólafsson,	Bjarni Jónsson,
Ben. Sveinsson,	Björn Sigfússon,
Björn Kristjánss.,	Björn Þorláksson,
Eggert Pálsson,	Hálfdan Guðjónss.,
Einar Jónsson,	Pétur Jónsson,
Hannes Hafstein,	Sig. Gunnarsson,
Jóh. Jóhannesson,	Skúli Thóroddsen,
Jón Jónsson N.-M.,	Stefán Stefánsson.
Jón Jónsson S.-M.,	
Jón Magnússon,	
Jón Sigurðsson,	
Jón Þorkelsson,	
Magnús Blöndahl,	
Sig. Sigurðsson,	
Þorleifur Jónsson.	

1. Breyt.till. (305) (sjálf)fallin án atkvæðagreiðslu.

16. gr. þannig breytt samþykt með 15 samhlj. atkv.

17. gr.

23. Breyt.till. (321) feld með 15 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Björn Kristjánsson,
Jón Ólafsson,	Björn Sigfússon,
Benedikt Sveinss.,	Björn Þorláksson,
Einar Jónsson,	Eggert Pálsson,
Jóh. Jóhannesson,	Hálfdan Guðjónss.,
Jón Jónsson N.-M.,	Jón Jónsson S.-M.,
Jón Sigurðsson,	Magnús Blöndahl,
Jón Þorkelsson.	Pétur Jónsson,
	Sigurður Gunnarss.,
	Sigurður Sigurðss.,
	Skúli Thoroddsen,
	Stefán Stefánsson,
	Þorleifur Jónsson.

24. Breyt.till. (321) feld með 13 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Björn Kristjánsson,
Jón Ólafsson,	Björn Sigfússon,
Bened. Sveinsson,	Björn Þorláksson,
Einar Jónsson,	Eggert Pálsson,
Jóh. Jóhannesson,	Hálfdan Guðjónss.,
Jón Jónsson, N.-M.,	Pétur Jónsson,
Jón Jónss., S.-M.,	Sig. Gunnarsson,
Jón Sigurðsson,	Sig. Sigurðsson,
Jón Þorkelsson,	Skúli Thoroddsen,

Já:	*Nei:*
Magnús Blöndahl.	Stefán Stefánsson,
	Þorleifur Jónsson.

Hannes Hafstein og Jón Magnússon greiddu ekki atkvæði um 23. og 24. breyt.till., og töldust því með meiri hlutanum.

17. gr. þannig breytt samþykt með 13 : 2 atkv.

18. gr.

1. Breyt.till. (305) samþykt með 13 samhlj. atkvæðum, og 18. gr. þar með fallin.

19. gr.

25. Breyt.till. (321) samþ. með 14 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Björn Kristjánsson,
Jón Ólafsson,	Björn Sigfússon,
Ben. Sveinsson,	Björn Þorláksson,
Einar Jónsson,	Eggert Pálsson,
Hannes Hafstein,	Pétur Jónsson,
Hálfdan Guðjónss.,	Sig. Gunnarsson,
Jóh. Jóhannesson,	Sig. Sigurðsson,
Jón Jónss. N.-M.,	Skúli Thoroddsen,
Jón Jónsson S.-M.,	Stefán Stefánsson.
Jón Magnússon,	
Jón Sigurðsson,	
Jón Þorkelsson,	
Magnús Blöndahl,	
Þorleifur Jónsson.	

1. Breyt.till. (305) fallin þar með án atkvæðagreiðslu.

2. Breyt.till. (305) feld með 11 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Björn Kristjánsson,	Bjarni Jónsson,
Björn Sigfússon,	Jón Ólafsson,
Björn Þorláksson,	Ben. Sveinsson,
Hálfdan Guðjónss.,	Eggert Pálsson,
Magnús Blöndahl,	Hannes Hafstein,
Sig. Gunnarsson,	Jóh. Jóhannesson,
Sig. Sigurðsson,	Jón Jónss., N.-M.,
Skúli Thoroddsen,	Jón Jónss. S.-M.,
Stefán Stefánsson,	Jón Magnússon,
Þorleifur Jónsson.	Jón Sigurðsson,
	Pétur Jónsson.

20. gr.

1. Breyt.till. (305) samþykt með 14 samhlj. atkv.

20. gr. þannig breytt samþykt með 12 samhlj. atkv.

21. gr.

1. Breyt.till. (305) samþykt með 13 samhlj. atkv.

21. gr. (gamla) samþ. með 13 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bened. Sveinsson,	Bjarni Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Jón Ólafsson,
Björn Sigfússon,	Hannes Hafstein,
Björn Þorláksson,	Jóh. Jóhannesson,
Eggert Pálsson,	Jón Jónss. N.-M.,
Einar Jónsson,	Jón Jónsson S.-M.
Sig. Gunnarsson,	Jón Sigurðsson,
Skúli Thoroddsen,	Jón Þorkelsson,
Sigurður Sigurðss.,	Pétur Jónsson.
Stefán Stefánsson,	
Þorleifur Jónsson.	

2 þingm. (Háltdan Guðjónsson og Jón Magnússon) greiddu ekki atkv., og töldust til meiri hlutans.

22. gr.

1. og 2. Breyt.till. (305) samþ. með 13 samhlj. atkv.

26. Breyt.till. (321) feld með 13 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Jón Ólafsson,	Bjarni Jónsson,
Ben. Sveinsson,	Björn Kristjánss.,
Einar Jónsson,	Björn Sigfússon,
Hannes Hafstein,	Björn Þorláksson,
Jóh. Jóhanness.,	Eggert Pálsson,
Jón Jónsson N.-M.,	Hálfdan Guðjónss.,
Jón Jónsson S.-M.,	Jón Magnússon,
Jón Sigurðsson,	Magnús Blöndahl,
Jón Þorkelsson,	Sig. Gunnarsson,
Pétur Jónsson.	Sig. Sigurðsson,
	Skúli Thoroddsen,

Já:	*Nei:*
	Stefán Stefánsson,
	Þorleifur Jónsson.

22. gr. þannig breytt samþykt með 12 : 5 atkv.

Viðaukatillaga (329), (bráðabirgðaákvæði) feld með 15 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Jón Ólafsson,	Bjarni Jónsson,
Bened. Sveinsson,	Björn Kristjánss.,
Hannes Hafstein,	Björn Sigfússon,
Jóh. Jóhannesson,	Björn Þorláksson,
Jón Jónsson N.-M.,	Eggert Pálsson,
Jón Jónsson S.-M.	Einar Jónsson,
Jón Þorkelsson,	Hálfdan Guðjónss.,
Pétur Jónsson.	Jón Magnússon,
	Jón Sigurðsson,
	Magnús Blöndahl,
	Sig. Gunnarsson,
	Sig. Sigurðsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Stefán Stefánsson,
	Þorleifur Jónsson.

27. Breyt.till. (321) (niðurlagsákvæði) feld með 11 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Jón Ólafsson,	Bjarni Jónsson,
Bened. Sveinsson,	Björn Kristjánsson,
Einar Jónsson,	Björn Sigfússon,
Hannes Hafstein,	Björn Þorláksson,
Jóh. Jóhannesson,	Hálfdan Guðjónss.,
Jón Jónss., N.-M.	Jón Magnússon,
Jón Jónss., S.-M.,	Magnús Blöndahl,
Jón Sigurðsson,	Sigurður Gunnarss.,
Jón Þorkelsson,	Skúli Thoroddsen,
Pétur Jónsson,	Stefán Stefánsson,
Sig. Sigurðsson.	Þorleifur Jónsson.

Fyrirsögn frumv. samþykt án atkvæðagreiðslu.

Frumvarpið í heild sinni samþykt með 16 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Hannes Hafstein,
Jón Ólafsson,	Jóh. Jóhannesson,
Bened. Sveinsson,	Jón Jónsson, N.-M.,
Björn Kristjánsson,	Jón Jónsson S.-M.,
Björn Sigfússon,	Jón Þorkelsson,
Björn Þorláksson,	Pétur Jónsson.
Eggert Pálsson,	
Hálfdán Guðjónss.,	
Jón Magnússon,	
Jón Sigurðsson,	
Magnús Blöndahl,	
Sig. Gunnarsson,	
Sig. Sigurðsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Stefán Stefánsson,	
Þorl. Jónsson.	

Frumvarpinu vísað til 3. umræðu með 16 : 4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Hannes Hafstein,
Jón Ólafsson,	Jóh. Jóhannesson,
Ben. Sveinsson,	Jón Jónsson N.-M.,
Björn Kristjánsson,	Jón Jónsson S.-M.
Björn Sigfússon,	
Eggert Pálsson,	
Hálfdan Guðjónss.,	
Jón Magnússon,	
Jón Sigurðsson,	
Jón Þorkelsson,	
Magnús Blöndahl,	
Sig. Gunnarsson,	
Sig. Sigurðsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Stefán Stefánsson,	
Þorleifur Jónsson.	

Þriðja umr., 15. apríl; (A. 417, 439, 455, 458, 477).

Framsögumaður meiri hlutans (Björn Þorláksson): Eg stend upp til þess að tala í þessu máli fyrir hönd meira hluta nefndarinnar, og vil gera grein fyrir allmörgum breyt.till., sem gerðar

hafa verið við þetta frumv. eftir 2. umr. þess hér í deildinni.

Eg tek það fram, að meiri hluti nefndarinnar hefir starfað með öllu út af fyrir sig; nefndin klofnaði sem kunnugt er, og hafa hinir hlutar hennar farið alt aðra leið, svo að samvinna gat ekki átt sér stað, enda var það eðlilegt, þar sem meiri hlutinn vildi hafa málið fram, en hinir hlutarnir vitanlega vildu tortíma því.

Þá vil eg minna á það, að í breyttill. þeirri, er síðast hefir komið fram á þskj. 477 er dálítil ósamkvæmni. Þar stendur »við bannlög«, en á að vera »aðflutningsbannlög«. Vona eg að háttv. þm. taki ekki hart á því. Háttv. þm. hafa nú öll skjöl til að átta sig á þessu máli, þar sem eru breyt.till. frá meiri hluta nefndarinnar á þskj. 439, 458 og 477. Þetta alt þarf að bera saman.

Áður en eg tala frekar, vil eg fyrir hönd meiri hluta nefndarinnar skýra frá því, að nefndin tekur aftur breyt.till. aftan við 7. gr. á þskj. 439. Þá er og tekin aftur 9. gr., er svo hljóðar í sama þingskjali: »Veitingamenn og vínsölumenn — — hér á landi«.

Enn eru teknar aftur breyt.till. við 9. gr. á þskj. 458.

Þá sný eg mér að breyt.till. Aðalbreyt.till. við 2. gr. fer fram á, að fella burtu ákvæðið um að heimildin sé bundin vissum skilyrðum. Ákvæðið um þetta er svo sett í 4. gr. Þar er og tekið fram, að áfengið sé gert óhæft til drykkjar, þegar það kemur hingað, með aðstoð efnafræðings landsins.

Þá er ætlast til, að auk lyfsala, er hafi heimild til að fá áfengi, sé bætt við læknum út um landið, svo og kaþólskum prestum, Þessu ákvæði var við bætt á síðustu stundu, og var það fyrir tilmæli kaþólsku prestanna, því að þeir héldu því fram, að ef þeim væri synjað um þessa heimild, þá væri það sama sem að gera þá landræka héðan. Nefndin leit svo á, að réttast væri að verða við þessum tilmælum þeirra, enda væri það með öllu hættulaust, þar sem þeir fengju vínið vitanlega gegnum umsjónarmanninn.

Mönnum virðist þetta nú ef til vill vera óréttmætt og ósanngjarnt, að heimila ekki einnig íslenzkum prestum þetta. En biskupinn hefir nýlega lýst yfir því, meðal annars í »Nýju Kirkjublaði«, að hann væri því hlyntur, að prestunum væri ekki veitt þessi heimild. Hann bjóst við, að lögin myndu verða brotin, og þá ef til vill vekja tortrygni og grun gegn prestum landsins.

Við 3. gr. er það að segja, að síðasti liður hennar verður við breyt.till. skýrara orðaður og fyllri; og þykir tilhlýðilegt, að umsjónarmaður fái þóknun fyrir að gera áfengið ófært til drykkjar.

Við 4. gr. eru, auk þess er áður er tekið fram, að eins gerðar smábreytingar. Þar sem sá er pantar áfengið verður að láta borgunina fylgja pöntuninni, þá verður hann nú einnig að láta borgun fylgja fyrir það, að áfengið er gert ófært til drykkjar.

Í enda fyrra liðs 4. gr. er því bætt við, að pantandi áfengis skuli einnig borga kostnað við blöndunina. Síðari liður sömu greinar er orðaður af nýju og verður fyllri og gleggri.

Þá er fresturinn, er pantandi hefir til að ná til sín áfengi frá umsjónarmanni, lengdur úr 6 mánuðum upp í 12.

Í frumv. var það samþ. við 2. umr. að áfenginu skyldi helt niður, en þessu hefir nú verið breytt þannig, að í stað

þess verði það gert upptækt, og er þá ætlast til þess, að það verði gert ófært til drykkjar og að því búnu selt til ágóða fyrir landssjóð. Í sambandi við þetta má geta þess, að óumflýjanlegt virðist vera, að landsstjórnin gefi út reglugerð um þetta ákvæði frumv. og fleiri. Þessu er þannig breytt alstaðar í frumv. Landssjóður getur því gert sér verð úr hinu upptekna áfengi, án þess að af því leiði drykkjuskapur.

Við 5. gr. hefir slæðst inn meiningarvilla, af athugaleysi við síðustu atkv.gr. og er hún nú löguð.

6. gr. er hér orðuð upp af nýju. — Aðalbreytingin er sú, að í 1. lið er talað um áfengi til umsjónarmanns eða frá honum. Í 2. lið er talað um áfengi, er haft er til skipsforða og sömu ákvæði látin gilda, hvort eigandi er innanlands eða erlendis.

Eg vona að breytingarnar við 8. gr. frumv. falli þeim vel í geð, er þykir sopinn góður og vilja gjarna hafa á pytlunni.

Þá er bætt við 9. gr. alveg nýjum lið um það, að ekki megi veita ný leyfi til vínsölu eða vínveitinga eða endurnýja eldri leyfi. Reyndar þarf ekki að búast við, að mörgum mundi til hugar koma, að sækja um slíkt leyfi, en hugsanlegt er og mögulegt, að einhver yrði til þess, eins og sjá má af dæmi því, er eg vil nefna.

Í kjördæminu, sem eg hefi þann heiður að vera þingmaður fyrir, var ekki fyrir löngu eða snemma á þessu ári gerð tilraun til að setja á stofn vínsölubúð, en eins og kunnugt er, var engin slík búð þar áður. Átti mönnum þó að vera kunnugt þar, að aðflutningsbannlagamálið yrði tekið fyrir á þessu þingi og ef til vill afgreitt.

Þá er bætt við nýrri grein um meðferð á áfengisbirgðum einstakra manna og vona eg, að menn skoði þær breytingar til bóta og kannist við að nefndin eða meiri hluti hennar hafi með þessum ákvæðum reynt til að taka svo mikið tillit til vilja og frelsis og réttar einstaklinganna, sem kostur var að gera, ef lögin áttu ekki að verða hið mesta kák og ómynd.

15. gr. er stórbreytt. Breytt hegningarákvæðum, teknar upp sektir í staðinn fyrir fangavist. Jafnframt er þar og á öðrum stað bætt við þeim nauðsynlegu ákvæðum, að fjárnám megi gera fyrir sektum á hendur skipstjóra í skipi hans.

Í 16. gr. eru sektir nokkuð lækkaðar.

Þá segir nú í 20. gr. að með brot á þessum lögum skuli að öðru leyti fara sem almenn lögreglumál, sakir þess, að í lögum þessum munu vera óvanaleg ákvæði um réttarfarsreglur, t. d. í 12., 13. og 14. gr.

17. gr. um lækna er orðuð að nýju, og er hún hér skýrari og gleggri, og enn fremur dregið úr hegningarákvæðum.

Í síðustu grein er felt úr ákvæðið, að lög nr. 26, frá $^{11}_{11}$ — 1899 um sölu og veitingar áfengra drykkja sé úr gildi numin. Orsökin til þessa er sú, að í þessum lögum eru ýms ákvæði, sem verða að standa, þó aðflutningsbannlagafrumvarpið í þessari mynd verði að lögum.

Eg þykist þá hafa gert stuttlega grein fyrir helztu breyt.till. nefndarinnar og vona, að háttv. deild sjái, að þær miða allar til bóta. — Sektarákvæðin eru víða lækkuð og hegningar mildaðar að miklum mun.

Af þeim breyt.till., er standa á þgskj. 455 geta menn séð, að minni og minsti hlutinn hafa nú slegið sér saman og gengið í fóstbræðralag.

Aðalmergurinn í síðari breyt.tillögu

þeirra er sá, að láta nýja atkvæðagr. fara fram um málið eða um frumv., eins og það yrði hér frá þinginu.

Eg verð algerlega að mótmæla því, að nú verði farið af nýju að greiða atkvæði um þetta mál, það væri að narra eða gabba alþingiskjósendur, ef upp á því væri tekið. Atkvæðagreiðslan í haust var sannarlega fullskýr.

Nei, meining þessara háttv. herra með tillögunni um nýja atkvæðagreiðslu er vitanlega engin önnur en sú, að reyna að tefja fyrir framgangi málsins, eða jafnvel að drepa það.

Framsögumaður minni hlutans (Jón Jónsson S.-Múl.): Háttv. framsm. (B. Þ.) sagði, að tillaga okkar um nýja atkvæðagreiðslu í málinu væri einungis til að gabba þjóðina. Eg mótmæli slíkum ummælum, sem ekki hafa við minstu rök að styðjast. Við förum að eins fram á, að þjóðinni sé leyft að greiða atkvæði á ný um þetta mál, því að hún hefir ekki enn fyllilega áttað sig á því. Það eru margir, sem enn þá hafa ekki tekið »parti« í þessu máli, ekki enn látið það koma til afskifta sinna. Þessir menn eiga sanngjarna kröfu til að fá að leggja sitt atkvæði á metaskálarnar. Annars hefir framsm. verið svo óheppinn að gera sig sekan í ýmsum hugsunarvillum og mótsögnum í þessu máli. Hann sagði, að þeir, bannmennirnir, hefðu þjóðarviljann að baki sér í þessu máli, mikill meiri hluti þjóðarinnar vilji hafa aðflutningsbann, en þó sagði hann í öðru orðinu, að tillaga vor um að leita atkvæða þjóðarinnar á ný um þetta mál, væri banatillaga við bannlögin. Sjálfir forgöngumenn þessa máls eru þá orðnir hræddir um, að sigurinn myndi ganga þeim úr greipum, því að ekki er hægt að skilja þessi orð framsm. á annan veg, en að hann treysti ekki að meiri hluti þjóðarinnar fáist til að fylgja þeim á ný í þessu máli. Nú hafa þeir æst þjóðina upp með ósönnum »agitationum« og uppdiktuðum fregnum um bannlög í öðrum löndum og nú ætla þeir að taka hana á orðinu og láta hana nauðuga viljuga við svo búið sitja. Drengileg aðferð!

Annað er líka einkennilegt við framkomu flutningsmanna, það eru þessar mörgu breytingartill. Það er svo með sumar þeirra, að síðari villurnar verða argari þeim fyrri. Þær hafa sumar farið í öfuga átt við það sem átt hefði að vera. Þegar flutnm. eru búnir að semja breyt.till. sínar, þá koma þeir með margar nýjar breyt.till. við þær breyt.till. og það með sumar þeirra jafnvel ekki fyr en núna á fundinum. Þessar breyt.till. þeirra eru ekki að eins miklar að tölu, heldur líka að efni til. Ef eg skil rétt, þá var það um stund meining meiri hluta nefndarinnar að heimila veitingamönnum og vínsölumönnum að selja áfengi í 3 ár eftir að aðflutningur væri bannaður, að aðflutningur víns skyldi bannaður 1912, en birgðir mætti selja í 3 ár til (til 1915). Þetta var allskynsamleg tillaga, en líklega þess vegna hafa þeir tekið hana aftur. Svona er hringlandinn.

Eg skal enn reyna að skýra málið. Það hefir ef til vill ekki mikið að þýða, en eg geri það þá mest vegna minnar eigin samvizku, því að eg vil ekki af vita að hafa vanrækt nokkuð, sem í minu valdi stendur til að koma í veg fyrir að lagaákvæði þessi verði samþykt. Eg skal þá fyrst minnast á »agitationina« í þessu máli, bæði meðal þingmanna og þjóðarinnar utan þings. Alt af hefir það verið viðkvæðið, að svona bannlög hefði fleiri þjóðir og

bent á Ameríku. Eg benti þegar við 2. umr. á, að þetta mundi ekki vera rétt, en með því að eg þá ekki hafði órækk skilríki með höndum, fór eg ekki hekar út í það mál þá. Síðan hafa bannmenn alt af verið að ympra á þessu sama og veifað Ameríku hátt sem bannlandi og jafnvel »Templar« og sjálft ráðherrablaðið (Ísafold) hafa fullyrt, að svo væri. Slíkar sannanir, sem þeir hafa þótst hafa frá Ameríku, hafa verið notaðar mikið í »agitation-inni« og ellaust ráðið mikla um úrslitin við atkvæðagreiðsluna í haust 10. sept. Annaðhvort vita þessir menn ekki, hvað þeir eru að segja eða þeir þá fara visvitandi með ósatt mál og er hvorugt ætlandi þeim mönnum, sem þykjast hafa gott mál að flytja, og sýnir það ofurkapp, sem enginn góður drengur má láta sér verða að brúka.

Eg hefi nú sett mig dálítið inn í þetta mál, og skal eg með órækum sönnunum sýna fram á, að aðflutningsbann hefir aldrei verið reynt í Ameríku enn þann dag í dag, og aldrei hefir þar komið á dagskrá að lögbanna að neyta víns eða veita áfengi. Eg skal strax geta þess, að upplýsingar þær, sem eg hefi um þetta efni eru frá árinu 1906, úr skýrslum, sem lagðar voru fyrir brezka þingið 1907, eftir ransóknum sem enska stjórnin hafði gera látið um reynslu, sem menn hefðu fengið í Ameríku um þetta efni. Skjal þetta er því »autoritativt« og að minsta kosti fult eins mikið á því að byggja og skilríkjum þeim, sem Templar, aðalmálgagn bannmanna, hefir til heimilda.

Að því er snertir reynslu einstakra ríkja skal eg hér nefna fáein, en fyrirkomulagið er svo mismunandi í ýmsum ríkjum og í sama ríkinu hefir þeim verið svo margbreytt, að fádæmum sætir. Í ríkinu Suður-Caroline (South-Caroline) voru einna ströngust lög um tíma. Þau óheimiluðu öllum öðrum en stjórninni eða tilkvöddum mönnum að flytja inn vín. Það var sjálft ríkið, sem hafði »monopol« á sölunni. En þessi aðferð reyndist svo óvinsæl, að lögin voru margbrotin og loks leiddi þetta til upphlaupa og manndrápa, svo þeir sáu þann kost vænstan að leyfa aftur með lögum innflutning víns til eigin neyzlu. Eitt sem var eftirtektarvert í lögum þessum var, að heitið var háum uppljósturslaunum fyrir að koma upp brotum; annað þótti ekki tækt, og það reyndist svo, að einmitt það ákvæði var áhrifamest allra, til þess að ná í lögbrotamennina. Nú eru uppljósturslaun alveg numin úr þessu lagafrumv. okkar, og segi eg sannarlega ekki, að eg sjái eftir því ákvæði, en hins ber að gæta, að við það verða lögin vafalaust miklu fjær því að ná tilgangi sínum, þeim, að sporna við aðflutningi og nautn áfengis. Það sem menn hér hafa kallað aðflutningsbannslög í Ameríku er ekkert annað en vínsölubann, »prohibition«.

Í Jowa-ríki voru bannlög sett um 1882, en eftir 10 ár reyndust þau svo illa, að þau þóttu óhafandi. Þar voru þá hinar hagfeldustu og beztu kringumstæður fyrir bann. Íbúarnir lifa mest á landbúnaði og lítið gefnir fyrir áfengi, en samt voru brotin svo afskapleg, að lög þessi varð að nema úr gildi, og ný lög, og miklu mildari komu í staðinn. Þau létu sér nægja að lögleiða að eins »local option« í ríkinu og bætnaði ástandið þá mikið.

Í ríkinu Kansas hefir »prohibition« verið að lögum um c. 30 ár, en þó hafa lögin aldrei verið framkvæmd í stærstu bæjunum, og 1907 var tala þeirra bæja orðin um 25; í sumum

þessum stærri bæjum var vínið selt ólöglega, og menn svo teknir einu sinni í mánuði og sektaðir um 50—100 dollara. Banninu var með öðrum orðum snúið upp í mánaðarlegt gjald fyrir vínsölu. —

Í ríkinu Maine voru líka til vínsölubannslög, en lögunum var ekki hlýtt. 1901 var skipuð sérstök nefnd til að sjá betur um framkvæmd laganna. Var þá veitingastöðum í höfuðbænum Portland lokað, og yfirleitt lögð meiri áherzla á, að lögunum yrði beitt, en þó hélst leynileg vínsala áfram einkum með verri og ódýrari víntegundir, og eftir að nefndin hafði starfað að eins eitt ár, hafði hún kostað 4000 doll., en sektafé hafði að eins fengist inn um 600 doll.

Í ríkinu New-Hampshire hefir um tíma verið vínsölubann, til 1903. Þá lögleiddi fylkið »local option« og voru há gjöld sett fyrir söluleyfi. Niðurstaðan hefir orðið sú, að í bæjunum hefir atkvæðagreiðslan leyft vínsölu, en í meiri hluta sveitahéraðanna er vínsala bönnuð; af 240 sveitahéruðum var synjað um leyfið í 150. Héruðin eru mörg fámenn og fundir oft illa sóttir. Á einum atkvæðafundi í smábænum Waterville, sem »Frækorn« nefndi um daginn, mætti að eins einn atkvæðisbær maður, og þar var vínsölubann samþykt í einu(!) hljóði. Tekjur þær, sem ríki þetta hefir haft af vínsöluleyfinu, námu um 1906 c. 318 þús. doll. að frádregnum kostnaði. Í skýrslum þeim, sem eg hefi úr[illegible] þetta yfirlit yfir almenna reynslu í Bandaríkjunum, segir, að löggjafarvald hinna ýmsu ríkja hafi einatt verið að reyna nýjar og nýjar leiðir, sífeldar breytingar og tilraunir hafi verið gerðar, og það svo mjög, að á árunum 1904—96 hafi verið gefið út hvorki meira né minna en — segi og skrifa — 164 sérstök lög, sem snerta vínsölu.

Í Bandaríkjunum hafa það að eins verið 17 ríki als, sem reynt hafa »prohibition« (vínsölubann), en 1907 eru eftir að eins 3 ríki og er ekki hægt að segja að bannlögin hafi reynst þar vel enn þá, því að í þessum ríkjum er vín selt leynilega, og það í allstórum stíl; í þessum þrem ríkjum hefir vínsalan jafnan verið arðsöm, og ávalt hægt að fá nóg vín til að drekka, en sjaldan hafa lögbrot þótt þar svívirðileg (disreputabel) að almenningsdómi, og þó hafa lögin staðið í langan tíma. Sú reynsla kemur og heldur ekki vel heim við fullyrðingar h. framsm. (B. P.), að ekki mundi þurfa langan tíma til að venja menn á að skoða brot á þessum lögum, sem hvern annan glæp. En slíkt er heldur ekki að furða. Menn hafa þæft mál þetta áfram án sérlegrar þekkingar, og meira að segja ekki kynt sér þá reynslu, sem aðrar þjóðir höfðu í þessu efni, og sem þeir sjálfir í fásinnu voru að vitna til.

Í þeim þrem ríkjum, sem vínsölubann (aðflutningsbann hefir aldrei komist á eða verið reynt að koma á, ekki einu sinni á pappírnum), er enn í lögum, Kansas, North Dak. og Maine hafa lögbrotin verið mikil — eins og áður er sagt — og það ekki sízt upp á síðkastið. Menn brjóta þau líka svo djarflega, svo opinskátt, að auðsætt er, að þann siðferðislega grundvöll laganna, almenningsálitið vantar algerlega. Sem dæmi þess skal getið, að árið 1906 voru í ríkinu Kansas 4019 menn, í North Dak. 1582 og í Maine 594 menn, sem borguðu skatt til alríkisins fyrir smásöluverzlun með vínföng, og þetta voru sjálf bannríkin, bið eg menn að taka eftir.

Það virðist því hafa reynst með öllu ómögulegt að finna siðferðisgrundvöll til laganna eða að fá almenningsálitið til að skoða lögbrotin sem ljót og ósiðleg. En án stuðnings almenningsálitsins hafa bannlög ekki getað orðið framkvæmd, nema þá með því að vekja mjög alvarlegar deilur og óeirðir. Kviðdómendur hafa orðið eiðrofar, dómarar ekki dirfst að beita hegningarákvæðum laganna, fé hefir verið hrætt út úr mönnum, mútum beitt og annað ilt athæfi framið. Lögin hafa því komist í fyrirlitning, en af því hefir aftur leitt, að vaninn að óvirða bannlögin hefir vanið menn á ólöghlýðni í öðru. Öll þessi bannlög hafa verið afaróvinsæl og fljótt dottið úr sögunni. Að eins »local option« hefir orðið æ algengari, og reynist yfirleitt fremur vel. Það er ekki ófróðlegt að taka eftir því, að árið 1896 námu gjöld fyrir vínsöluleyfi í Bandaríkjunum 49 milj. dollara eða hér um bil 3 kr. á hvert nef. 1907 er það talið að vera miklu meira. Borgunin er alt að 4000 doll. á ári fyrir leyfið, víðast þó miklu lægri.

Upplýsingar þessar um Bandaríkin hefi eg úr merku riti, sem fullvel má treysta. Það er skýrsla, sem enska stjórnin lagði 1907 fyrir parlamentið, þegar byrjað var á því á Englandi að reyna að setja harðari lög en þar hafa verið áður, um veitingar og sölu áfengra drykkja. Stjórnin hafði útvegað þessar skýrslur og ransóknir gegnum sendiherra Breta í Washington. Það er annars dálítið gaman að bera saman undirbúning þessa máls hér og í Englandi. Hér hefir fólkið í skjótri svipan verið upp-agiterað, æst með mjög ofsafenginni smalamensku og einhliða frásögnum, þar sem mjög oft hefir verið hallað réttu máli og enda óspart notuð bein ósannindi. »Þjóðviljinn«, þannig fenginn, er síðan notaður sem ástæða til að knýja lögin áfram og smeygja klafanum umsvifalaust á þjóðina. En á Englandi aftur á móti byrja menn með að safna sönnum og áreiðanlegum skýrslum og öðrum upplýsingum, sem unt er að fá þar að lútandi. Hér varðar okkur ekki um slíkt!

Eins og sýnt hefir verið fram á er í flestum ríkjum Bandaríkjanna lögleitt að selja vín, með þröngum takmörkunum þó; vínsölubann (prohibition) var 1906 að eins í þrem ríkjum. Þegar vel er að gáð, þá vonast eg til að menn sjái og viðurkenni með mér, að við hér á Íslandi höfum alt það sama sem Bandaríkin, sem bannvinir hafa bent á sem fyrirmynd. Vér höfum alt þetta þrent, sem Bandamenn: prohibition, local option og license.

Við höfum:

1. Bann um tilbúning áfengra drykkja,
2. Ákvæði um að sveita- eða bæjarfélög með atkvæðagreiðslu geti veitt eða synjað um vínsöluleyfi og
3. License, þar sem leyfð er vínsala gegn sölugjaldi. Þetta verður alt skýrara eftir 1915.

Eftir því sem mér skilst er þá, þótt lög þessi nái ekki fram að ganga, eftir 1915 komið svo langt í takmörkun áfengis með lögum, sem þar er bezt er annarsstaðar.

Með þessum skýringum um áfengislöggjöf í Bandaríkjunum hefi eg viljað sanna og vonast til að hafa tekist það.

1. Að aldrei hafi verið bannaður innflutningur víns í nokkurt ríki og því síður lögbannað að neyta víns eða veita það.
2. Að »agitationin«, sem hér hefir verið drifin að undanförnu og sem að sjálfsögðu hefir ráðið úrslitum atkvæðagreiðslunnar í haust, hefir að allmiklu leyti verið bygð á rang-

hermum og enda beinum ósannindum,

3. Að þar af leiðandi er það með öllu óforsvaranlegt og rangt að halda því fram, að þjóðarviljinn standi á bak við þessi bannlög, þar sem og enn er þess að gæta, eins og við áður höfum haldið fram, að almenningur hefir aldrei, fyr en nú, fengið neitt að vita um það, hvernig þessi löggjöf ætti að verða — og raunar veit enginn það enn, þegar litið er á hringlanda flutningsmanna með þessar mörgu breyt.till. hverja ofan í aðra.

Eg á raunar töluvert eftir af því, sem eg ætlaði að segja, en læt þó hér staðar numið.

Framsögumaður meiri hlutans (Björn Þorláksson): Eg stend ekki upp til þess að segja mörg orð við þetta tækifæri og eftir þessa fróðlegu ræðu háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.), því eg er mjög illa fyrirkallaður, eins og menn heyra. Eg skil að ræðan átti að vera rothögg á þetta mál. Eitt af aðalstaðhæfingum hans var það, að nú væri bannlög ekki nema í þremur ríkjum Bandafylkjanna þar væri bannlagamönnum óðum að fækka. Þetta er algerlega rangt. Eg veit eigi betur, en að tímaritið Review of Reviews sé í alla staði mjög áreiðanlegt og er þar talið, að af 85 miljónum manna lifi 40 miljónir undir bannlögum í Bandafylkjunum við árslok 1907 og ef litið er á alt landið, sé 70% undir bannlögum.

Og annarsstaðar frá veit eg áreiðanlega, að á sama tíma höfðu að minsta kosti 11 ríki ríkisbannlög eða bannlög, er næðu yfir alt ríkið.

Þá vil eg snúa mér að því, sem h. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) sagði, að hvergi í heiminum hefði verið aðflutningsbann til þessa tíma. Þó svo hefði verið, sannaði það ekkert í móti þessu máli, því á aðflutningsbanni og sölubanni er að eins stigmunur. Hér er að ræða um tvo áfangastaði á bannlagaleiðinni, á leið að sama takmarki, tveir áfangastaðir með löngu millibili. En þó skal eg eitt dæmi nefna þess, að aðflutningsbann hefir verið til. Júlíus Cæsar tekur það fram í upphafi 4. bókar sinnar um Gallastríðið, að ein þjóð á Þýzkalandi, að nafni Svefar, þoli ekki að vín sé flutt inn til þeirra. Þetta nægir eitt til að sýna að staðhæfing þingmannsins er röng.

Þar sem þm. bregður mér um hringlandaskap í þessu máli, þá ætla eg eigi að taka mér það nærri, en við það get eg kannast, að eg hefi orðið að slá talsvert af mínum kröfum, til að fá aðra til samvinnu, enda skal eg ekki dyljast þess, að mér hefir verið talsvert áhugamál að koma þessu frumv. fram. Annars ættu þeir sízt að tala um hringlandaskap, sem ekki eru fyrirmynd annara að staðfestu.

Háttv. þm. var að bera í bætifláka fyrir mönnum á Seyðisfirði, sem eigi hefðu vitað, að mál þetta yrði tekið fyrir á þessu þingi. En um það fullvissaði eg þá og tók það enda skýrt fram seinna í blaðagrein í Austra, svo hér er að ræða um tilgátur einar hjá þingmanninum.

Því einu vil eg viðbæta, að hina löngu skýrslu, er hann kom með um bannlagaástandið í Bandafylkjunum, álít eg vera ósannindi í aðalatriðunum. Ætla eg svo eigi að svara fleiru í ræðu háttv. þm.

Ráðherrann (B. J.): Það er að eins ein breyt.till., sem eg ætla að minnast á og mér stendur stuggur af. Það er tillagan um nýja atkvæðagreiðslu af þjóðarinnar hálfu í þessu máli. Það sjá allir, að þetta er undarlegur tvíverknaður, sama og að láta kveða upp tvisvar dóm í sama máli, og er naum-

ast annað en að gera gabb að kjósendum. Þetta er vafalaust tilraun til að ráða málinu bana eða yrði að minsta kosti notað til þess. Þjóðin hefir greitt glögt og ákveðið atkvæði í þessu máli; hún hefir skorað á löggjafarvald landsins, að taka alveg fyrir allan aðflutning áfengis til þessa lands. Það var um þetta, atriði sem atkvæða þjóðarinnar bar að leita, en eigi um hvernig orða skuli þau lög grein fyrir grein og orð fyrir orð. Með því bragði er lögð gildra fyrir kjósendur, þessa freistað til að láta alt frumvarpið frá þinginu gjalda þess, ef ekki líkar einhver setning í því eða orð, og hafna þá lögunum alveg.

Það er því óþarft og rangt að vera að spyrja tvisvar að hinu sama hvað ofan í annað, og þar að auki talsverður kostnaður. Landssjóður er illa staddur, og eigi enn að fara að eyða nokkrum þúsundum króna til þess að koma máli þessu áleiðis, er slíkt alveg óviðeigandi. Það hefir þegar verið varið talsverðu fé til bindindisútbreiðslu hér á landi og er engin hæfa að vera að gera leik til þess að bæta við það. Og þegar komið er málinu svo langt áleiðis sem hér er, að eigi vantar nema herzlumuninn til að ráða því til fullra lykta, væri slíkt alveg óverjandi. Er það ódrengilegt af mótstöðumönnum þessa máls að reyna að bregða fæti fyrir það á þennan hátt. Væri og fátt, sem þingið gæti unnið landi og lýð meira til gagns, en að gera þennan vilja þjóðarinnar löghelgan, fátt er mundi afla þjóð vorri meiri sæmdar en að sþ. nú frv. þetta til fullnaðar.

Jón Ólafsson: Eg hefði eigi staðið upp, ef eg hefði eigi viljað kvitta fyrir ummæli vinar míns og samdeildarmanns 1. þm. S.-Múl. (J. J.). Eg lýsi enn yfir því, að eg ætla að greiða atkv. með þessu frv. og eg er ekki svo vantrúaður á kosti þess, að eg áliti það geti orðið mér að fótakefli.

ATKV.GR.:

Br.till. (439) við 2. gr. sþ. með 14 shlj atkv.

Br.till. (458) við 2. gr. sþ. með 13 shlj. atkv.

Br.till. (439) við 3. gr. sþ. með 13 shlj. atkv.

Br.till. (439) við 4. gr. sþ. með 13 shlj. atkv.

Br.till. (439) við 4. gr. sþ. með 14 shlj. atkv.

Br.till. (439) við 4. gr. sþ. með 13 shlj. atkv.

Br.till. (439) við 4. gr. sþ. með 13 shlj. atkv.

Br.till. (439) við 5. gr. sþ. með 13 shlj. atkv.

Br.till. (439) við 6. gr. sþ. með 13 shlj. atkv.

Br.till. (439) við 7. gr. sþ. með 13 shlj. atkv.

Br.till. (458) við 2. tl. á br.till. 439 við 7. gr. sþ. án atkv.gr.

Br.till. (439) við 7. gr. sþ. með 13 atkv.

Br.till. (439) ný 8. gr. tekin aftur.

Br.til. (439) við 8. gr. (frv.) sþ. með 14 atkv.

Br.till. (477) við 9. gr. sþ. með 14 atkv.

Br.till. (458) við 9. gr. 1.—3. liður tekin aftur.

Br.till. (439) við 9. gr. tekin aftur.

Br.till. (439) við 10. gr. sþ. með 14 atkv.

Br.till. (458) við 11. gr. sþ. með 13 atkv.

Br.till. (439) við 11. gr. þar með feld.

Br.till. (439) við 11. gr. (frv.) sþ. með 13 atkv.

Br.till. (439) við 13. gr. sþ. með 13 atkv.

Br.till. (439) við 14. gr. sþ. með 13 atkv.

Br.till. (439) við 15. gr. sþ. með 13

: 11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Jón Ólafsson,
Björn Jónsson,	Benedikt Sveinsson,
Björn Kristjánsson,	Einar Jónsson,
Björn Sigfússon,	Hannes Hafstein,
Björn Þorláksson,	Jóh. Jóhannesson,
Hálfdan Guðjónss.,	Jón Jónsson N.-M.,
Magnús Blöndahl,	Jón Jónsson S.-M.,
Sig. Gunnarsson,	Jón Magnússon,
Sig. Sigurðsson,	Jón Sigurðsson,
Skúli Thoroddsen,	Ólafur Briem,
Stefán Stefánsson,	Pétur Jónsson.
Þorleifur Jónsson.	

Einn þm. greiddi ekki atkv., telst til meiri hlutans.

Br.till. (439) 2. við 15. gr. sþ. með 13 atkv.

Br.till. (439) 3. við 15. gr. sþ. með 14 atkv.

Br.till. (439) við 16. gr. sþ. með 13 atkv.

Br.till. (439) við 17. gr. sþ. með 14 : 11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Jónsson,	Bjarni Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Jón Ólafsson,
Björn Sigfússon,	Benedikt Sveinss.,
Björn Þorláksson,	Einar Jónsson,
Hálfdan Guðjónss.,	Hannes Hafstein,
Jón Magnússon,	Jóh. Jóhannesson,
Jón Sigurðsson,	Jón Jónsson N.-M.,
Magnús Blöndahl,	Jón Jónsson S.-M.,
Sig. Gunnarsson,	Ólafur Briem,
Sig. Sigurðsson,	Pétur Jónsson,
Stefán Stefánsson,	Skúli Thoroddsen.
Þorleifur Jónsson.	

2 þm. greiddu ekki atkv., teljast til meiri hlutans.

Br.till. (439) við 19. gr. sþ. með 14 atkv.

Br.till. (458) við br.till. 439 við 21. gr. sþ. með 14 atkv.

Br.till. (439) við 21. gr. frv. sþ. með 13 atkv.

Br.till. (455) við 22. gr. feld með 14 : 11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Björn Jónsson,
Jón Ólafsson,	Björn Kristjánsson,
Ben. Sveinsson,	Björn Sigfússon,
Einar Jónsson,	Björn Þorláksson,
Hannes Hafstein,	Hálfdán Guðjónss.,
Jóh. Jóhannesson,	Jón Magnússon,
Jón Jónsson, N.-M.,	Magnús Blöndahl,
Jón Jónsson, S.-M.,	Ólafur Briem,
Jón Sigurðsson,	Sig. Gunnarsson,
Jón Þorkelsson,	Sig. Sigurðsson,
Pétur Jónsson.	Skúli Thoroddsen,
	Stefán Stefánsson,
	Þorleifur Jónsson.

1 þm. greiddi ekki atkv., telst til meiri hlutans.

Br.till. (455) ný 23. gr. feld með 14 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Jón Ólafsson,	Bjarni Jónsson,
Ben. Sveinsson,	Björn Jónsson,
Einar Jónsson,	Björn Kristjánsson,
Hannes Hafstein,	Björn Sigfússon,
Jóh. Jóhannesson,	Björn Þorláksson,
Jón Jónsson, N.-M.,	Hálfdan Guðjónss.,
Jón Jónsson, S.-M.,	Jón Magnússon,
Jón Sigurðsson,	Magnús Blöndahl,
Jón Þorkelsson,	Ólafur Briem,
Pétur Jónsson.	Sig. Gunnarsson,
	Sig. Sigurðsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Stefán Stefánsson,
	Þorleifur Jónsson.

Frv. svo breytt sþ. með 15 : 7 atkv. og afgreitt til Ed.

Ein umr., 1. maí (A. 678, n. 690).

Framsögumaður meiri hlutans (Björn Þorláksson): Aðflutningsbannslaga-

frumvarpið er þá komið hingað aftur frá Ed. með allmörgum breytingum. Í framhalds-nefndaráliti meiri hlutans er stuttlega tekið fram, að mest sé það orðabreytingar, er miði til bóta, en efnisbreytingar yfirhöfuð ekki margar, og ræður nefndin deildinni til að sþ. frumvarpið með breytingum.

Eg skal nú stuttlega skýra frá helztu breytingunum.

Í 2. gr. eru 2 efnisbreytingar. Önnur er sú, að heimild smáskamtalækna til að flytja frá útlöndum vinanda er feld burtu. Er það illa farið, því eins og kunnugt er, fá smáskamtalæknar meðul sín annaðhvort í dufti eða í mjög lágri þynningu. Við þetta hvorttveggja þurfa þeir vínanda til að blanda og þynna meðulin. Það mun nú vera víst, að ýmsir smáskamtalæknar hafi hjálpað mörgum manni og víða bætt úr læknafæðinni og læknaþörfinni. Hér eftir verður slíkt, ef ekki ómögulegt, þá að minsta kosti miklum erfiðleikum bundið. Hér er því um skemd á frumv. að ræða.

Hin breytingin er sú, að prófastar eru settir inn með heimild til að flytja inn messuvín, eins og stóð í hinu upphaflega frumv. og þarf enga athugasemd að gera við það.

Í 1. lið 4. gr. er bætt inn nokkrum orðum um það, að umsjónarmaður skuli endursenda áfengi, ef meira er eða annað en um var beðið, enda skipstjóra skylt að taka við því. Þetta er til bóta.

Í 2. lið sömu gr. og alstaðar annars staðar í frumv. þar sem við á, er orðatiltækinu »skal gert upptækt« breytt í »er eign landssjóðs«.

Aftan við 5. gr. er bætt því ákvæði, að lögreglustjóri skuli ganga úr skugga um, áður en skip lætur úr síðustu höfn, að innsigli, nfl. á áfengisílátum, séu heil og að ekki hafi verið tekið úr þeim. Þetta mun og vera til bóta.

Aftan við 7. gr. er bætt orðunum: »nema læknislyf sé úr lyfjabúð eða frá lækni«, og er það nauðsynleg viðbót.

Breytingarinnar á 9. gr. get eg ekki fyr en seinna, með því að það er aðalbreytingin við frumvarpið.

10. gr. er alveg ný grein, nauðsynleg afleiðing af breytingu 9. greinar. Hún er um það, hvernig fara skuli með áfengisbirgðir lyfsala og vínveitingamanna frá $^1/_1$ 1912 til $^1/_1$ 1915. — Greinin er gamall kunningi héðan, orðin til með samvinnu meiri hluta nefndarinnar og 3 þm. úr Ed., og felast í henni alveg nauðsynleg fyrirmæli, úr því vínsölubanni á að fresta 3 árum lengur en aðflutningsbann kemur til framkvæmdar.

11. gr., sem hljóðar um meðferð á áfengisbirgðum einstakra manna, er talsvert breytt, og yfirhöfuð að eg hygg als ekki til bóta, heldur fremur til hins gagnstæða, auk þess sem eftirlit með slíkum áfengisbirgðum af hálfu hins opinbera byrjar nú fyrst 1. jan. 1915, en eftir frumv. er héðan fór, átti það að byrja 1. jan. 1912; þetta mun vera afleiðing af aðalbreytingunni við 10. gr.

Þá eru 2 gr. alveg feldar úr, og mun því hafa ráðið mest tillögur lögfræðinga efri deildar, sem fullyrða að fyrirmæli greinanna finnist í almennum reglum um réttarfar. Sama er að segja um úrfellingu síðari hluta 13. greinar.

Smábreytingar eru við 12. gr. og munu vera fremur til bóta.

Síðasta grein frumv. er héðan fór, er klofin í tvent og myndar 2 greinar. Frumv. er því nú í jafnmörgum gr. og áður.

Þetta eru þá í stuttu máli breytingarnar á frumv., að undantekinni 11. gr., sem er aðal-breytingin á frumv.,

og hljóðar um veitinga- og vínsölumenn. Hún fór héðan svo, að frá þeim degi, er lögin gengu í gildi 1912 mætti ekki selja hér á landi neina áfenga drykki, en háttv. Ed. hefir breytt ártalinu í 1915. Þetta er stór-mikil breyting, að leyfa að veita vín um 3 ára skeið, eftir að aðflutningsbann er komið í gildi. Eg get skýrt frá því, að meðan málið var hjá nefndinni hér í deildinni, þá var þetta atriði einmitt rætt mikið af meiri hluta nefndarinnar ásamt 3 mönnum úr Ed., og var greinin þá alveg hin sama og nú, en niðurstaðan varð sú, að ófært þótti, að leyfa vínsölu- og vínveitingar til 1915. Nú hefir þó háttv. Ed. sett inn aftur þessa stórkostlegu breytingu og má bezt sjá, hve skaðlega bannvinir álíta hana, á því, að vegna hennar hef eg heyrt ýmsa þeirra lýsa yfir, að þeir vildu heldur láta frumv. falla, en að taka lögunum með þessari breytingu. Þessi vínsölubannsfrestun er komin inn af hræðslu við skaðabótakröfur af hendi þeirra manna, sem vínveitingaleyfi hafa æfilangt eða skemur, og álíta margir, að eigi sé hægt, að svifta þá þessum rétti, nema með því móti, að bæta þeim upp hinn áætlaða skaða. En eg hygg, að miklu heppilegra hefði verið, að kaupa þá alla út strax, því eigi er unt, að reikna í krónum og aurum það tjón, sem þessir menn munu gera landinu og þjóðinni á þessum 3 árum. Eg vil geta þess, að þessir menn eru nú 27 á öllu landinu og skiftast þeir þannig niður á landið, að 9 eru hér í Reykjavík, 2 í Snæfellsnessýslu, 6 í Ísafjarðarsýslu og kaupstað, 1 í Strandasýslu, 1 í Húnaþingi, 2 í Skagafirði, 5 á Akureyri og 1 í Vík í Mýrdal.

Árið 1899 var ákveðið með lögum, að hlutafélög, sem vínsöluleyfi hafa skyldu tapa því eftir 15 ár, og hygg eg, að þingið 1899 hafi eigi haft meiri rétt til þess, að kveða svo á um þetta, en vér til þess, að afnema vínsölu með öllu 1912. Þessi hlutafélög mun álitið vera, að tapi vínsöluréttinum 1. jan. 1912. Enn eru nokkrir menn, sem hafa tímabundið leyfi og detta þeir því bráðlega úr sögunni, og engir nýir koma því í staðinn, samkvæmt ákvæði í 10. gr. Svo bætist það við, að dauðinn mun og fækka þessum mönnum, og má gera ráð fyrir því, að 1915 muni þeir vera orðnir helmingi færri. Vofan, skaðabótakrafan, stendur að vísu enn, en eigi eins ógurleg og áður.

Eg hygg beinlínis rangt, að málinu skuli vera komið í þetta horf. Eg hygg, að menn hafi ekki gert sér svo ljóst, hvaða skaða vínsalan muni gera á þessum 3 árum. Því miður höfum vér engar vissar upplýsingar að byggja á til þess, að geta sagt nokkuð með fullri vissu um þetta. Allar skýrslur vanta um þetta efni. — Eg er orðinn nokkuð roskinn maður og hefi eg veitt því talsverða eftirtekt umhverfis mig, hve margir menn muni árlega bíða bana af vinnautn eða fyrir vínsölu. Hefi eg komist að þeirri niðurstöðu, að í mínum sóknum, þar sem eru um 1000 manns, þá muni það hafa verið 1 maður á ári hverju, eða þá um 80 manns árlega á öllu landinu. En þótt vér nú helminguðum þessa tölu og segðum, að það væri ekki nema 40 á ári, eða 120 á þessum 3 árum, þá er það þó sorglega há tala. Mannslífið verður ekki metið til peninga né heldur öll sú bölvun og óhamingja önnur, er af vinnautn og vínsölu stafar. Þetta verður ekki saman reiknað né með tölum talið. Eitt er víst og það er það, að árlega mundi

þetta hjá okkar fámennu og fátæku þjóð mynda feikna upphæð, ef alt ætti að meta til fjár. Það hefði margborgað sig, að borga þegar 1912 vínsölu- og vínveitingamönnum skaðabætur fyrir atvinnumissi, og vera svo lausir við alla þá bölvun vínsölunnar, og það hefði þinginu orðið ólíkt meiri sæmdarauki, en að skilja við málið eins og vér nú neyðumst til að skilja við það.

Af þessu sést, að eg og eg þori að fullyrða það líka, að samnefndarmenn mínir með mér, séu á þeirri skoðun, að frumv. þetta komi stórskemt frá Ed., þótt vér nú verðum að taka það, eins og það kemur fyrir, því miðað við ástandið, sem er, er það þó óneitanlega mjög mikill gróði, þótt það sé miklu ófullkomnara, en vér hefðum kosið.

Eg vil því óska þess, að hin háttv. deild samþykki frumv., eins og það er.

Eg skal geta þess, að eg hef lagt fram ósk um nafnakall við væntanlega atkvæðagreiðslu.

Framsögumaður minni hlutans (Jón Jónsson, 1. þm. S.-Múl.): Eg get eigi annað en farið enn þá nokkrum orðum um þetta mál, sem meiri hlutinn leggur til, að gert verði að lögum í dag.

Meiri hlutinn hefir eigi látið svo lítið að lofa okkur að koma á sinn fund um þetta mál, en vera má, að eigi hefði það spilt fyrir málinu í heild sinni. Þetta mál, sem nú er komið frá Ed. er eins og nokkurs konar fermingarbarn, sem nú kemur uppskafið frá klæðskera og hárskera, kembt og þvegið í nýju fötunum. Um undirbúning þess til fermingarinnar, að því er innra ástand snertir, skal eg ekki tala nú, heldur um hið ytra, og er þar skemst af að segja, að búningurinn fer ekki vel enn, þrátt fyrir listahendur þeirra í efri deildinni, og að engu mun það vera fermingarbært.

Eg vil leyfa mér að benda á ýms ákvæði, sem eg ekki skil, og sem mér virðast rekast á. Þannig er í 5. gr. ákvæðið um, að lögreglustjóri á síðustu höfn skuli ganga úr skugga um, að innsigli séu heil og ekki tekið á ílátunum. Eg sé hvergi nein fyrirmæli um það, hvernig lögreglustjóri á að vita, að innsiglað áfengi sé í skipinu, en um það eru engin ákvæði. Eg geri eigi ráð fyrir, að ætlast sé til, að hann hafi svo mikið fyrir, að þurfa að fara um borð í hvert skifti til þess að vita, hvort skipstjóri hafi slíka vöru meðferðis. Hvernig á enn fremur að sjá, hvort tekið hefir verið á ílátunum. Að minsta kosti voru brennivínstunnurnar tæmdar með fjöðurstaf án þess á bæri á hinum góðu, gömlu dögum, og mun verða torvelt að sjá missmíði á, ef svo er að farið. —

Þá er þess getið í 6. gr., hvernig með skuli farið, ef skip strandar, sem hefir áfengi innanborðs, annaðhvort sem skipsforða eða vinsending frá eða til umsjónarmanns, svo og um, ef enginn áfengiseigandi finst innan hins lögskipaða auglýsingafrests. En komið gætu fyrir fleiri tilfelli en þetta. Það gæti rekið upp skip, sem mestmegnis væri hlaðið áfengi, og sem als eigi hefði átt hingað til lands að fara, og væri þó enginn vafi um eiganda. Hvað á að gera við það áfengi? Eg sé ekkert ákvæði um það.

Þá virðast mér lög þessi koma mjög misjafnlega niður á sjálfum landsmönnum og beinlínis gert ráð fyrir talsverðu misrétti. Mér skilst, að nú sé svo komið, að þeir einstakir menn, sem vín eiga, er bannið kemst á, hafi rétt til bæði að neyta þess og gefa, svo lengi, sem þeir eiga nokkurn dropa. En allir eigendur vins hafa

eigi þennan rétt, því frá þeim degi lög þessi öðlast gildi, er próföstum, lyfsölum, héraðslæknum, smáskamtalæknum og forstöðumönnum hinna ýmsu kirkjudeilda og sömuleiðis forstöðumönnum iðnaðarfyrirtækja, og sem þá hafa heimild til að flytja inn vín, bannað að veita það, en ekki að neyta. Falla þeir undir það ákvæði laganna, sem hljóðar um ólöglegar vínveitingar. Sama er að segja um þá menn, er vínsölu hafa haft á hendi. Eftir 1. jan. 1915 mega þeir engan dropa gefa öðrum. Sjálfir mega þeir líklega drekka. Þó er undanþágа á þessu lagaákvæði. Vín mega þessir menn veita hollvinum sínum, ef það er áður gert óhæft til drykkjar, en þá gerist nú hætt við »göróttur drykkurinn« svo sem í gamla daga. Vér hinir megum ekki einungis neyta heldur líka veita vín svo lengi sem það endist. Finst mér ástæðulaust að gera svona upp á milli manna, og skilst mér eigi, hvernig á þessu ákvæði stendur, nema gleymst hafi að breyta einni greininni, er annari var breytt, og tel eg það sennilegast.

Þá verð eg að benda á, að mér finst dálitið undarlegt, að gert er ráð fyrir því, að landssjóður verði eigandi að talsverðu af áfengi, en hvergi, hvað við það eigi að gera. Það gæti þó farið svo, að landssjóður kæmist yfir allmikið af þessari vöru með tímanum. Bannvinir munu þó tæpast ætlast til, að hann láti selja það, hvorki í stór- né smáskömtum. En mér er alveg óskiljanlegt, hvað þeir ætlast til að gert verði við það. Ímynda mér þó tæplega, að þeir ætlist til, að bygðir séu vínkjallarar og það geymt þangað til bannið verður afnumið, og aftur má fara að selja, þótt það væri eigi það vitlausasta, sem hægt væri að gera við það.

Þá vil eg minnast á verulegt gat, sem er á frumv. þessu, og sýnist mér það eitt nægja til þess að gera frumv. þetta með öllu óhæft til samþyktar. Vínsölu- og veitingamenn mega selja vín um 3 ára skeið, eftir að lög þessi koma í gildi, eða frá 1912—15, og vér hinir megum kaupa vínið. En hvað á að gera við það vín? Ef mér skilst rétt er bannað í þessum lögum að flytja vín um landið, ekki má drekka það inni í búðinni. Það er bannað með öðrum lögum, og hvað á þá að gera við brennivinsflöskuna. Enginn getur með sanni neitað því, að hér sé um svo stóran galla að tala, að hann einn ætti að nægja til þess að frumv. þetta eigi gæti orðið að lögum, nema þetta sé þó lagfært. Geri eg ráð fyrir, að þetta hafi orðið af einhverri vangá. Er það líkast því, er risarnir tóku stúlkurnar í fyrri daga og bundu þær niður á stól og settu fyrir þær krásardisk, rétt við nefið á þeim, en þó svo fjarri, að ekki gátu þær náð í matinn til að seðja hungur sitt, skyldi svelta þær til að sýna risanum blíðu sína. En eg vil ekki ætla alþingi, að það leiki slíkan leik. Efri deild hefir ekki komið lagi á þetta fremur en sumt annað, og er það af því, að málið er frá upphafi að efni og formi einskonar óskapnaður. Það er alkunnugt, að þegar vansmíði verða á einhverjum grip í upphafi, þá eru varla svo hagar hendur til, að þær geti lagað það til fulls, og efri deild hefir ekki getað lagað þetta frumv. til hlítar; er oss þó öllum kunnugt, að vel kann hún að halda á hnífnum.

Þegar mál þetta fyrst kom í þingið, er mér óhætt að fullyrða, að frumv. vakti jafnvel óvild bannvina, eins og það var þá úr garði gert. Þá voru uppljóstursmönnum ætluð há laun og mjög þung hegning lögð við broti

gegn lögunum. Eg leyfði mér hér á dögunum að geta þess, að það mundi mikið miða til þess, að lögin næði tilgangi sínum, ef uppljósturslaunin væri há, og það að þau voru feld niður — þótt eg sannarlega sæi ekki eftir þeim — gerir það enn þá óliklegra en ella mundi, að lögin geti náð tilgangi sínum. Svo hefir reynst í Ameríku og skýrði eg frá því á dögunum.

Skal eg nú ekki mikið lengur tefja fyrir, en eg legg áherzlu á, að frumv. er nú töluvert fjær því en í upphafi, að geta náð tilgangi sínum og svo stórgallað að formi og frágangi, að eigi eru tiltök, að það megi verða að lögum, eins og það er. Vil eg ráða bannvinum til, ef þeir ekki vilja svæfa málið með rökstuddri dagskrá eða á annan hátt, sem auðvitað væri hið eina rétta, að fá málið nú tekið út af dagskrá, og reyna að bæta það svo sem unt er, því nægur tími er samt til að fá það afgreitt af þessu þingi. Eins og það er er eigi vansæmdarlaust fyrir þingið að gera það að lögum. Bið eg þá að taka þessi orð mín til greina sem fult alvörumál og töluð eins og þau eru, án nokkurs tillits til, hvort eg sé með eða móti máli þessu. Eg ráðlegg þetta að eins í því skyni, að þingið gæti sæmdar sinnar.

Sigurður Sigurðsson: Eg vildi segja nokkur orð, áður en til atkv. kemur.

Frumv. hefir óneitanlega tekið nokkurum breytingum til batnaðar í háttv. Ed. En hins vegar hafa komist þar inn ákvæði, sem stórspilla því, að því er mér virðist. Eg ætla mér ekki að fara að rekja breytingarnar grein fyrir grein, en læt mér nægja að benda á eitt eða tvö atriði.

Stærsti gallinn er í mínum augum ákvæði 9. gr., þar sem gert er ráð fyrir, að sölubann algert komist ekki á fyrr en 1915, en að öðru leyti komist aðflutningsbann á 1912. Eg held nú, ef vel er athugað, að þessi tvískifting hljóti að valda miður góðum afleiðingum, þegar á alt er litið. Meðal annars er seljendum með þessu gefið undir fótinn með að fara í kringum lögin. Eg er hræddur um, að þetta ákvæði freisti margra. Auk þess er þessi tímaskifting á aðflutningsbanni og sölubanni ruglingsleg og hætt við, að það valdi óánægju út á við. Mér hefði þótt betra og meiri samkvæmni í því, að fresta aðflutningsbanninu til 1915, svo hvorutveggja, bæði sölubann og aðflutningsbann hefði orðið samferða og komið í framkvæmd á sama tíma. Annars hefði mátt fara miðlunarveg og láta hvorttveggja bannið koma í framkvæmd 1913.

Í sambandi við þetta vil eg minnast á ákvæði 9. gr., þar sem gert er ráð fyrir, að þegar sölubannið er komið til framkvæmda, þá hafi vínsalar leyfi til að halda áfram að eiga vínföng og geyma þau hjá sér næstu 12 mánuðina. Með þessu er vínsöluleyfið óbeinlínis lengt um 12 mánuði eða 1 ár. Eg hygg að þessi undanþága reynist miður holl og verði til þess að viðhalda launverzlun með áfenga drykki, og er þá ver farið en heima setið.

H. háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) gerði fyrirspurn um það, hvort meiningin væri, að áfengið, sem eftir er í landinu að liðnum þessum 12 mán., samkvæmt 9. gr., yrði þá eign landssjóðs. Mér þykir þetta undarlegt ákvæði eins og honum. Það hefði verið hreinast og affarasælast, að bæði sölubannið og aðflutningsbannið hefði fylgst að og áfengi hefði verið gert upptækt alstaðar í landinu frá þeim degi eða þá innan einhvers ákveðins tíma frá því lögin kæmu í gildi, t. d. eftir 6 mánuði. Eftir þann tíma ætti og mætti enginn veita, gefa, né selja áfengi.

En þótt þessir gallar séu á frumv. þykir mér þó rétt að samþykkja það, eins og það liggur fyrir og mun eg því greiða atkv. með málinu.

En annars hefði eg fyrir mitt leyti talið það æskilegt, að málið hefði verið borið undir þjóðina á ný og á þann hátt, að allir, sem komnir eru til vits og ára, jafnt karlar og konur, hefðu fengið að greiða atkvæði um það. Það hefði verið trygging fyrir því, að lögin hefðu orðið vinsæl og betur haldin en ef til vill má búast við að verði nú. En þótt eg hefði kosið þetta helzt, þá er það ekki af því, að eg vilji málinu illa, enda er eg sannfærður um, að þessi aðferð hefði þvert á móti aukið því fylgi. Eg tek þetta að eins fram til þess að sýna afstöðu mína til málsins. En í rauninni kemur málið fyrir þjóðina á ný. Væntanlega munu menn á næstu þingmálafundum láta í ljósi skoðun sína á því, eins og skilið verður við það nú, og þá mun það koma fram, hvort menn vilja, að lögin haldi áfram, svo séð verði, hvernig þau reynast, eða þá að menn óska eftir að þeim verði breytt. Ákjósanlegast hefði auðvitað verið, að lögin hefðu verið svo úr garði gerð, að allur almenningur hefði getað sætt sig við þau.

Með þessu þykist eg þá hafa lýst afstöðu minni til málsins, og mun eg greiða atkvæði með frumv., þótt mér líki það ekki alskostar vel.

Áður en eg sest niður get eg ekki látið vera að minnast á félagsskap þann, er embættismenn hér í bæ og stúdentar, væntanlegir leiðtogar þjóðarinnar — hafa gert með sér og miðar að því að koma af stað hreyfingu í þá átt, að slá varnarhring um Bacchus gamla, til þess að geta notið hans sem lengst. Þetta þykir mér sorglegt tákn tímanna og bendir ekki á, að lærdómurinn geri menn bindindissama eða betri. Eg get ekki látið vera að minnast á þetta og finst það blátt áfram vera aðvörun til alþýðu manna um að vera á verði og gjalda varhuga við kenningum þessara manna, bæði í þessu efni og öðru.

Framsögumaður meiri hlutans (Björn Þorláksson): Háttv. 1. þm. S.-Múl.(J. J.) byrjaði ræðu sína með því að kvarta yfir því, að minni hlutinn hefði ekki fengið að vinna með meiri hlutanum, svo sem hann hefir áður kvartað um. Eg svara honum hinu sama, sem eg hefi áður gert, að ekki getur verið um nokkura samvinnu að ræða milli þeirra, sem vilja málinu vel, og hinna, sem hafa allan hug á að koma því fyrir kattarnef; það sjá allir. Ef háttv. þm. hefði verið alvara með að gefa bendingar í málinu, þá er eg viss um, að nefndin hefði tekið þeim með þökkum, ef þær hefðu verið góðar. Þar fyrir utan hefði þm. sjálfur getað komið með breyt.till. um að lagfæra ýmsa af þessum stóru göllum, sem hann segir að geri það að verkum, að frumv. sé handaskömm og að ósamboðið sé sóma þingsins að samþykkja það, eins og háttv. þm. komst að orði.

Háttv. þm. sagði, að frágangur frv. væri frábærlega illur, eða það lá í orðum hans. Eg man ekki betur en kvartað hafi verið yfir frágangi laga hér. Seinast í fyrra dag var sagt hér, að ein lagasmíðin væri þinginu til háðungar að því er til orðfæris kæmi og samt lét þingið sér sæma að samþykkja þau lög.

Eg nenni ekki að fara út í allar aðfinslur hins hv. þm. Eg hefi svarað þeim öllum áður, enda get eg sagt það hreinskilnislega, að þær miða allar að því að spilla fyrir málinu og gera það tortryggilegt, því að það er, eins og allir vita, tilgangur hins háttv. þm. að reyna að tortíma því. Þess

má þó geta, að þessi »vondi frágangur« stafar að miklu leyti af meðferð Ed. á málinu. En að þeim breytingum hefir vitanlega unnið mest 5. kgk. þm., forstöðumaður lagaskólans, sá maður sem um eitt skeið var kallaður þingsins herra, maður sem tjáist vera málinu mjög hlyntur. Hinn háttv. þm. er því hér að varpa auri mann úr sínum þingflokki eða minni hlutanum. En það er honum til afsökunar, að þetta mun vera óviljaverk eða gert af því að hann vissi ekki, hver var valdur að mestu breytingunum.

Þá skal eg víkja að einstökum atriðum. Hinn háttv. þm. hneykslaðist á síðasta lið 5. gr. og fann þessu ákvæði það til foráttu, að ómögulegt væri að fara eftir því. Þetta getur verið, en það er þá á ábyrgð Ed. Hann sagði, að ákvæðin um sölubann og aðflutningsbann kæmu í bága hvort við annað. Það má hann líka skrifa á reikning Ed.

Enn hneykslaðist hann á því ákvæði sem Ed., eða forstöðumaður lagaskólans setti inn í frumv., að hið upptæka áfengi sé eign landssjóðs. Vitanlega er meiningin að selja það fyrir hönd landssjóðs. Eg geng að því vísu, að stjórnin gefi út reglugerð um það, hvernig fara eigi með þetta áfengi. Eg efast ekki um, að núverandi stjórn muni gera um þetta hagfeld ákvæði; láti gera áfengið, áður en það er selt, óhæft til drykkjar. Alt öðru máli er að gegna um stjórn, sem vildi ekki hafa þessi lög.

Þá kvartaði hinn háttv. þm. yfir því, að felt hefði verið burtu úr 15. gr. orðið »vísvitandi«. Eg held, að það hafi verið gert þegar við 2. umr. málsins hér. Þetta kemur því eftir dúk og disk. En bæta má við, að lágmark sektanna var lækkað að mun með tilliti til þessarar úrfellingar.

Enn vil eg svara umkvörtun háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) um misrétti í lögunum og út af því dæmi, er hann nefndi, að eg hygg, að þótt þeim mönnum, sem heimild hafa til að flytja inn áfengi, sé bannað að gefa eða veita áfengi, þá muni þeim þó vera leyfilegt að gefa eða veita af sínum privatbirgðum eins og hverjum öðrum. Annars verður það verkefni lögfræðinganna á sínum tíma að dæma um þetta, en hvorki mitt né hins háttv. þm., sem báðir munum rista fremur grunt í lögfræðislegri þekkingu.

Eg get ekki skilist svo við þetta mál, að eg ekki lýsi undrun minni yfir framkomu háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) út af þeim stöðuga og hóflausa andróðri, sem hann hefir beitt gegn því. En ef maður athugar þetta betur, verður undrunin minni, því einatt, þegar svipuð mál hafa verið á dagskrá hér á þinginu allan þann tíma, er hann hefir dvalið hér, er vænleg hafa verið til stuðnings bindindisreglusemi og góðu siðferði, þá hefir hann risið öndverður gegn þeim, beitt sínum alkunnu miklu þingmanns-hæfileikum gegn þeim, og alveg eins hefir honum nú farið. Hann hefir æfinlega komið þar fram sem Þrándur í Götu, sítogandi aftur á bak, þar sem aðrir vildu sækja áfram. Fyrir skömmu bar hann mér og meiri hluta nefndarinnar í þessu máli á brýn hringlandaskap. — Ójá, það er nú svo. Við getum ekki sakað hann um það sama. Nei, hversu óstöðugur sem hann kann að hafa verið í rásinni, hversu laus sem sannfæring hans kann stundum að hafa verið og hversu mikið sem hann kann að hafa verið sakaður fyrir að bera kápuna á báðum öxlum, hér hefir

hann verið hringlandalaus, fastur í rásinni, einlægur við kolann.

Háttv. sami þm. er svo einfaldur, að þykjast ætla að gefa deildinni það heillaráð, til þess að lagfæra frumv., að fá það tekið út af dagskrá.

Þetta er bersýnilega ekkert annað en hreint Lokaráð, gert og gefið til þess að reyna að eyða málinu, sem hann þrátt fyrir alt og alt hefir verið svo drenglyndur og hreinskilinn að segja að hann vildi illa.

Eg vona að háttv. þingdm. láti því ekki blekkjast af fortölum háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) og felli óhikað þá rökstuddu dagskrá, er hér má ætla að sé á ferðinni, en greiði frumv. fyrirstöðulaust atkvæði.

Jón Magnússon: Eg get ekki látið þetta mál fara svo frá þinginu, að eg ekki geri grein fyrir atkv. mínu á því, þótt þess ætti reyndar varla að þurfa.

Eg greiði atkv. með frv. þessu, með aðflutningsbanni á áfengi, af því að mjög mikill hluti kjósenda minna vill það, þjóðin vill það, og eg álít að sá dagur verði heilladagur fyrir landið, þegar girt er fyrir það, að áfengi geti framar flutst til landsins.

Það hefir í umræðunum hér í dag verið talað um eða bent til þess, að frumv. hafi tekið breytingum í háttv. Ed., sem séu til skemda. Þykir mér rétt, að það komi fram, að þetta sé ekki skoðun allra hér í háttv. deild.

Það verður að viðurkenna það, að þegar frv. fór héðan úr deildinni, þá var frágangurinn mjög langt frá því að vera góður, en breytingar þær, er Ed. hefir gert á frumv. hafa gert það að verkum, að það er vel frambærilegt og er eg breytingum Ed. flestum samþ. fyrir mitt leyti.

Ekki er eg hræddur um, að það stafi nokkur hætta af því, þótt ákvæði 7. gr. frumv. og 9. gr. í fljótu bragði sýnist ekki koma vel heim. Eg hygg að það geti ekki verið um það að villast, að hugsunin sé sú, að 7. gr. komi ekki fyllilega til framkvæmda fyr en 1. jan. 1915.

Háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) talaði um að hætta gæti stafað af því, að frumv. leyfir að selja áfengi á 3 ára tímabilinu 1912—1914, sú að menn komist upp á að flytja inn áfengi á laun. Eg er eg ekki svo hræddur við þetta, mín skoðun er sú að ekki sé sérleg hætta á, eftir því sem hér hagar til, að áfengi verði flutt hingað til landsins að mun, eftir að aðflutningsbannið er komið á.

Það er sannfæring mín, að hin hv. deild geri réttast í því, að samþ. frv., eins og það nú liggur fyrir.

Framsögumaður minni hlutans (Jón Jónsson, S.-Múl.): Mér fanst málið ekki græða mikið á ummælum háttv. framsm. (B. Þ.). Mest öll ræða hans gekk út á að tala um mig, og allmikið af því tók eg sem lof, þar sem hann var hámæltastur um stefnufestu mína; eg tók það sem lof, þótt annað hefði máske verið hægt að ráða af svip hins hv. framsm. (B. Þ.) Því sem hann annars sagði um mig svara eg engu. Þess konar svara eg aldrei, það er föst regla mín, og tel mig mann að betri fyrir. Þetta hefir framsm. víst ekki vitað, því að annars hefði hann líklega ekki orðið eins margorður og eytt tíma þingsins til að tala um það, sem ekki kemur meira málinu við en það, hvernig maður eg sé.

Lögskýringar þm. Vestm. (J. M.) er eg ekki maður til að dæma um. En undarlegt þykir mér það að sjálfsagt skuli vera, eins og mér skildist hann halda fram, að 11. gr. upphefji ákvæði 7. gr., þar sem þær greinar rekast á. Því getur ekki eins vel 7. gr. upphafið

þau ákvæði 11. gr., sem hún kemur í beinan bága við.

Háttv. framsm. (B. Þ.) var að vara menn við þessari rökstuddu dagskrá, sem eg ætlaði að koma fram með. Hann þurfti ekkert að óttast í þeirri grein, Svo barnalegur er eg ekki. En eg benti honum og öðrum bannmönnum á þá aðferð, sem hina sæmilegustu og beztu til að enda þetta mál með.

Eg benti sömuleiðis fylgismönnum málsins á það, að hægt væri enn að laga málið, með því að taka það út af dagskrá. Það gerði eg til þess að benda þeim á ráð til að bjarga málinu, án þess að með því yrði misboðið sæmd þingsins. Framsm. (B. Þ.) sagði áðan, að eg hefði kallað frumv. handaskömm. Það gerði eg ekki þá. En nú get eg gert það fyrir hann að nefna það réttu nafni handaskömm!

Sigurður Gunnarsson: Eg heyrði háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.), bera það á þingdeildarm., að þeir hefðu aldrei getað í þessu máli tekið einföldustu rökum.

Þetta þótti mér helzt til hörð orð og óviðeigandi af jafn skýrum manni. Það er vitanlegt, að hann hefir sjálfur stöðugt borið á móti þeim sannindum að vínið væri eitur, og að það væri þjóðartjón. Hann taldi enn ýmsa galla vera á frumv., er gerði það illa fallið til staðfestingar. En eg segi honum það hreinskilnislega, að eg ber fult svo mikið traust til lögfræðisþekkingar h. þm. Vestm. (J. M.), er telur enga þá galla á því, er setja þurfi sérstaklega fyrir sig. Aðfinslur 1. þm. S.-Múl. (J. J.) eru sprottnar af hinni rótgrónu óbeit hans á málinu í heild sinni. Hvert sem við lítum erlendis, meðal mentaþjóðanna, sjáum vér, að alt af er verið að gera meira og meira til þess að losa þjóðirnar við áfengisbölið. Alt af er verið að stagast á því, að aðflutningsbann gangi of nærri persónufrelsi einstaklinganna. En hvað mundu þá þeir sömu menn segja um socialista-stefnuna, sem ávalt er að vinna meira og meira fylgi í mentalöndum heimsins? Skyldi þá ekki líka mega segja um þá stefnu, að hún gangi of nærri persónulegu frelsi einstaklingannna?

Að öðru leyti tel eg þýðingarlaust að lengja umr. frekar, en lýsi að lokum gleði minni yfir því, að alþingi Íslendinga gefst nú kostur á, að leiða þetta velferðarmál lykta.

ATKV.GR.:

Frumv. samþ. með 18 atkv. gegn 6, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Hannes Hafstein,
Jón Ólafsson,	Jóh. Jóhanneson,
Björn Jónsson,	Jón Jónss., N.-M.,
Björn Kristjánsson,	Jón Jónss., S.-M.,
Björn Sigfússon,	Ólafur Briem,
Björn Þorláksson,	Pétur Jónsson.
Eggert Pálsson,	
Einar Jónsson,	
Hálfdán Guðjónss.	
Jón Magnússon.	
Jón Sigurðsson,	
Jón Þorkelsson,	
Magnús Blöndahl,	
Sig. Gunnarsson,	
Sig. Sigurðsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Stefán Stefánsson,	
Þorleifur Jónsson.	

Þm. N.-Þing. (Ben. Sveinsson) var fjarverandi.

Málið afgreitt sem *lög frá alþingi.*

Lífsábyrgð sjómanna.

FRUMVARP til laga um lífsábyrgð fyrir sjómenn á íslenzkum þilskipum, 1. umr., 27. febr. (A. 49).

Flutningsmaður (Jón Þorkelsson): Eg hefi ekki mikið um frumv. þetta að segja. En það fer fram á augljósa breytingu til stórra bóta. Aðalefnið er, að eftir þessu frumv. eiga allir íslenzkir sjómenn að vera vátrygðir, án tillits til þess, hvað þeir stunda, eða hvert þeir fara, og skuldheimtumenn eiga engan aðgang að lífsábyrgðarfé þeirra. Eg vil geta þess, að í frv. þessu eru lítilsháttar prentvillur, en þær munu verða lagaðar, svo að þær komi ekki til meins. Að öðru leyti skal eg ekki fjölyrða um frumv. þetta. En eg sting upp á 5 manna nefnd, til að athuga málið.

ATKV.GR.: Sþ. að skipa 5 manna nefnd, og kosnir með hlutfallskosningu:

Jón Þorkelsson,
Pétur Jónsson,
Magnús Blöndahl,
Bjarni Jónsson,
Stefán Stefánsson.

1. umr. frestað.

Í nefndinni var kosinn formaður Jón Þorkelsson, en skrifari og framsögumaður Magnús Blöndahl.

Framhald 1. umr., 17. marz, (A. 49, n. 216).

Framsögumaður (Magnús Blöndahl): Eins og háttv. deild er kunnugt, voru á alþingi 1903 samin lög um lífsábyrgð fyrir sjómenn, er stunda fiskiveiðar á þilskipum hér við land. Lög þessi voru þörf og góð, og hafa náð hylli sjómanna, að því leyti sem þau ná til, en samt sem áður hefir mönnum orðið það ljóst, að brýna nauðsyn beri til þess að líftryggja fleiri sjómenn en þá, er að eins stunda fiskiveiðar á þilskipum.

Á þessu er nú reynt að ráða bót með frumv. þessu, er hér liggur fyrir, þar sem líftryggingin á nú einnig að ná til allra sjómanna, er lögskráðir eru á íslenzk skip, hvort sem þau stunda fiskiveiðar, eru í förum meðfram ströndum landsins eða eru í förum landa milli.

Nokkur fleiri nýmæli eru í frumv., svo sem, að í stað vetrarvertíðar og vor- og sumarvertíðar í hinum eldri lögum, er tímatakmarkinu í þessu frv. skift í tvent, þ. e. frá 1. oktbr. til 30. apríl og 1. maí til 30. sept. Þá er einnig þýðingarmikið nýmæli í 6. gr. frumv., er kemur í veg fyrir það, að skuldheimtumenn hafi leyfi til að skerða styrk þann, er um ræðir í frumvarpinu.

Nefnd sú, er háttv. deild kaus til þess, að athuga frumv. þetta, hefir nú komið fram með álit sitt á þingskjali 216, og eins og nefndarálitið ber með sér, eru breyt.till. nefndarinnar aðallega orðabreytingar, er nefndin væntir, að fái góðan byr í delldinni.

Eg finn mér skylt að geta þess, að nokkru eftir að nefndarálit vort var prentað, bárust nefndinni nokkrar br.-till. við frumv. frá yfirmanninum á »Islands Falk«, og fara þessar breyt.-till. fram á það:

1. Að líftryggingin nái til allra sjómanna, er sjó stunda, hvort heldur er á þilskipum, opnum bátum eða mótorbátum.
2. Að gjaldið (premían) sé 15 aurar um vikuna fyrir allan tíman.
3. Að útgerðarmaður greiði að eins $^1/_3$ af gjaldinu á móts við sjómenn.
4. Að útborgun á styrknum sé 200

krónur 1. árið en 100 krónur 2. og 3. árið.

5. Að þar sem talað er um skráningarstjóra, komi: sýslumaður eða hreppstjóri.

Nefndin hefir nú ekki haft tækifæri til þess að taka þessar breyt.till. til nákvæmrar yfirvegunar, en mun að sjálfsögðu gera það, og þá koma fram með framhaldsnefndarálit við 2. eða 3. umr. málsins.

Eg skal svo ekki á þessu stigi málsins fara fleiri orðum um frumv. Vona háttv. deild taki því vel, og vísi því til 2. umræðu.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 21 samhlj. atkv.

Önnur umr., 26. marz (A. 49, n. 216).

Jón Þorkelsson: Framsm. þessa máls (M. Bl.) er lasinn í dag, og verða menn því að gera sér að góðu, þó að eg mæli fyrir málinu í þetta skifti. Breytingin sú, er nú er farið fram á, er í því fólgin, að þessi lög gera ráð fyrir, að taka alla sjómenn í líftryggingu, hvort sem þeir eru í förum landa á millum eða í kringum strendur landsins eða stunda fiskiveiðar, þar sem hin eldri lögin taka einungis þá menn undir vátrygginguna, er fiskiveiðar stunda.

Þá er lítils háttar breyting önnur, að í staðinn fyrir 30. apríl til 1. október komi vetrarvertíð og sumarvertíð.

Í 5. grein var það svo, að líftrygging átti að greiða á þessu tímabili, ef þeir, sem vátrygðir voru, dæju, án þess, að tillit væri tekið til þess, á hvern veg þeir gengju af veröldinni. — Þetta þótti nefndinni viðsjárvert, og þótti, sem það gæti orðið sjóðnum þungbært um of, ef þessi ákvæði næðu einnig til sjómanna, er létust á landi, og vill hún því láta orða það svo, að vátryggingin gangi ekki lengra en svo, að henni nái, ef maðurinn druknaði af skipi eða veiktist um borð á skipi.

Þá er í 7. grein sú breyting, að tillag landssjóðs megi eigi minna vera en 12000 kr., í stað þess, sem áður voru lögmælt 15000 kr.

Eftir að nefndin hafði lokið við nefndarálitið, barst henni fillaga um það, hvort þeir, sem stunda fiskiveiðar á opnum bátum og mótorbátum gætu ekki komist undir þessi lög.

Nefndin mun taka það til íhugunar og við 3. umræðu koma fram með væntanlega tillögu þar um.

ATKV.GR.:

1. gr. sþ. með 19 shlj. atkv.
2. — — — 18 — —
3. — —
4. — — } — 19 — —

1. Breyt.till. við 5. gr. samþ. með 17 atkv.

2. Breyt.till. við sömu gr. samþ. án atkvæðagreiðslu.

5. gr. sþ. með 20 shlj. atkv.

6. — — — 20 — —

Breyt.till. við 7. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

7. gr. þannig breytt samþ. með 14 samhlj. atkv.

Breyt.till. við 8. gr. samþ. með 20 samhlj. atkv.

8. gr. frumv. þar með fallin.

9. gr. sþ. með 20 shlj. atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Frumv. vísað til 3. umræðu í einu hljóði.

Þriðja umr., 16. apríl. (A. 339, n. 438).

Framsögumaður (Magnús Blöndahl): Herra forseti! Eins og eg tók fram við framhald 1. umr. þessa máls, þá höfðu komið fram breyt.till. í málinu,

sem nefndin þá ekki hafði fengið athugað — ekki haft tíma til þess né tækifæri — en nú hefir nefndin athugað breyt.till., og fallist á sumar þeirra. Það er þá fyrst að geta breytingatill. eða öllu réttara viðaukatill. aftan við 1. gr. um það, að skylt sé að vátryggja líf hérlendra sjómanna, er reka fiskiveiðar á vélabátum eða opnum bátum, er stunda fiskiveiðar minst eina vertíð á ári. Nefndinni hefir þótt rétt, að sjómönnum á mótorbátum og opnum bátum veittist kostur á því, að tryggja líf sitt alveg eins og sjómönnum á þilskipum, því eins og allir vita, þá hætta þeir lífi sínu eins og sjómenn á þilskipum og meira að segja öllu meir. Þetta er því í alla staði réttmæt breyting.

Breytingar- eða viðaukatillagan við 2. gr. er sjálfsögð afleiðing af viðaukatillögunni við 1. gr.

Þá eru breytingarnar við 3. grein. Þá fyrstu um það, að orðin »frá 1. okt. — — — 30. sept.« falli burt, hefir nefndin komið fram með af þeirri ástæðu, að henni fanst ekki ástæða til þess, að vera skifta þessu gjaldi, heldur hafa það eins yfir allan tímann. Gjaldið er líka svo lágt, að engum sjómanni mun það í augum vaxa, þótt það hækki upp í 18 aura um vikuna, í stað 15 aura. Slíkt smáræði getur engri óánægju valdið meðal vátryggjenda, en vátryggingarsjóðinn getur þó hins vegar munað um það, og stuðlar þannig að því, að tryggja það, að sem minst eða sjaldnast þurfi að grípa til landssjóðs samkvæmt 7. gr.

Nefndin hefir og lagt það til, að í staðinn fyrir »helming« í 3. gr. komi »þriðjung«. Eins og sést af 3. gr., átti útgerðarmaður að greiða vátryggingargjald í landssjóð helming á móts við gjald allra skipverja. Þetta er nokkuð hart fyrir útgerðarmann, sérstaklega, þegar litið er á þá miklu fjárhagslegu áhættu, sem hann hefir á allri útgerðinni, og sem er enn meiri en sjálfra skipverjanna.

Þessi breyting stafar frá bendingu, sem yfirmaður á »Islands-Falk« gaf nefndinni, og henni virtist full ástæða til að taka til greina.

Breyt.till. við 5. gr. fann nefndin ástæðu til að koma fram með eftir að hafa talað við menn, sem gott skyn báru á málið. Því miður hafði nefndin enga nákvæma skýrslu, sem séð yrði af, hvernig sjóðurinn mundi hafast við í framtíðinni. Undanfarandi reynslutími hefir verið svo stuttur, að ekki er enn unt að segja um, hvort hækka þurfi iðgjöldin til sjóðsins, en eftir þeim upplýsingum, sem vér fengum, stendur hann svo enn, að engin líkindi eru til, að hann þurfi að leita til landssjóðs að sinni. Vér nefndarmenn settum upp dæmi til þess að sjá, hvernig viðgangur sjóðsins mundi líta út, en eftir þeim upplýsingum, sem vér síðar góðfúslega fengum í stjórnarráðinu, munum vér hafa sett tölurnar nokkuð háar, miðað við undanfarandi ár, því þegar skipin, er út voru gerð voru flest, árið 1906, voru þau 203 og um 13 manns að meðaltali á hverju. Vér gerðum ráð fyrir um 200 skipum og nokkru fleiri mönnum. En það hefir ekki mikið að segja, hvort þau eru nokkru fleiri eða færri, því það raskar ekki útkomu dæmisins. Okkur vantaði þar að auki skýrslu um, hve margir mótorbátar hefðu gengið, en láta mun nærri, að þeir hafi verið um 400. Gerðum vér ráð fyrir að alls mundi ganga um 500 mótorbátar og opnir fiskibátar, og mun það eigi skakka miklu. Eftir því sem dæmt varð af þeim litlu gögnum, sem vér höfðum, álítum vér sjóðinn því nægilega trygðan með gjöldum þeim, sem

til hans er ætlað að greiða, og engin líkindi til að þurfi að grípa til hjálpar landssjóðs. Nú hafa líka á þessum síðustu árum komið fyrir miklir og óvanalegir skipskaðar og er ólíklegt að annað eins komi fyrir oftar en einu sinni eða tvisvar á öld hverri. Þannig er meðaltalið af druknuðum vátrygðum sjómönnum á árunum 1904—08, 32 menn árl., eða tæpl. $1^1/_2\%$. Eftir því sem séð verður af þeim upplýsingum, sem nefndin góðfúslega fékk hjá stjórnarráðinu og alþingism. Eiríki Briem er því alt útlit fyrir að landssjóði eigi þurfi að verða neinn byrðarauki að þessu frumv., þótt það verði að lögum, né sjóðurinn komist í fjárþröng. Það sem frelsað hefir sjóðinn á þessum áður um töluðu mannskaðaárum eru ákvæði þau, sem leyfa honum að borga út vátryggingarupphæðina á 4 árum, og gátum vér því eigi fallist á þá till. yfirmannsins á »Islands Falk«, sem fór fram á, að helmingur upphæðarinnar kæmi til útborgunar strax á fyrsta ári, því í því væri einmitt talsverð hætta fólgin.

Að svo mæltu vænti eg þess, að hv. deild sýni máli þessu sama velvilja og áður og greiði því gang gegn um deildina.

ATKV.GR.:

1. Breyt.till. sþ. með 17 atkv.
2. —— — — 17 —
1. —— við 3. gr. sþ. með 18 atkv.
2. —— — 3. —— — 15 —
3. —— — 3. —— — 18 —
4. —— — 3. —— — 14 —

Breyt.till. við 5. gr. sþ. með 16 atkv.

Frumv. í heild sinni sþ. með 17 samhlj. atkv. og afgreitt til Ed.

Ein umr., 1. maí (A. 677, 697).

Framsögumaður (Magnús Blöndahl): Frumv. þetta, sem hefir verið sent frá háttv. Ed., hefir enn á ný verið athugað á tveim fundum í lífsábyrgðarnefndinni. Eins og frumv. ber með sér, hefir því verið breytt allmikið í Ed. og eru nokkrar af breyt. þeim, er gerðar hafa verið fremur til bóta. — Aftur á móti getum vér nefndarmenn ekki séð, að sumar breytingarnar séu til neinna bóta, þótt vér ekki leggjum til að þær séu gerðar að neinu kappsmáli. Nefndin hefir samt leyft sér að koma fram með tvær breyt.till. á þskj. 697, en eg skal þegar geta þess, að seinni breyt.till. er tekin aftur. Breyt.till. sú, sem hér kemur þá til athugunar er við 1. gr. frumv. og fer fram á það að í staðinn fyrir »sexrónum« komi: fjórrónum; — það sýnist vera lítil meining í því, að fyrirmuna þeim sjómönnum, er stunda fiskiveiðar á fjórrónum bátum að geta trygt líf sitt. Eg vil því mæla hið bezta fram með þessari breytingartillögu og það því fremur, sem eg hefi ástæðu til að ætla, að hún nái samþ. háttv. Ed.

Vér ráðum því háttv. deild til að samþ. frumv. með þessari breytingu.

ATKV.GR.:

Breyt.till. hin fyrri á þskj. 697 samþ. með 16 atkv.

Frumv. þannig breytt samþ. með 17 atkv. og endursent Ed.

Barnafræðsla.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum um fræðslu barna frá 22. nóv. 1907 (A. 59), 1. umr., 3. marz.

Flutningsmaður (Jón Þorkelsson): Það sem farið er fram á í frv. þessu er það, að skólum einstakra manna sé gert jafn hátt undir höfði og öðrum skólum. Hefi sérstaklega haft fyrir augum barnaskóla hér í Reykjavík, sem viðurkendur er sem góður skóli, en sem nemendurnir eða að-

standendur þeirra hafa orðið að sækja um leyfi til skólanefndar, til þess að mega sækja þann skóla. Frumv. fer fram á, að þessa leyfis þurfi ekki með. Að öðru leyti er ætlast til þess, að skólar þessir standi undir umsjón fræðslumálanefndar og stjórnarráðsins. Þarf eg ekki að orðlengja frekar um þetta, en geri það að tillögu minni að frumv. þessu sé vísað til nefndar þeirrar, sem skipuð er hér í deildinni til þess að athuga kenslumál.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til kenslumálanefndar með 17 samhlj. atkv. og 1. umr. þess frestað.

Framhald 1. umr., 27. marz (A. 59, n. 239).

Framsögumaður (Hálfdan Guðjónsson): Eg vona, að frumv. þetta þurfi ekki að kosta miklar umræður. Eg finn ekki ástæðu til, að taka fram neitt annað sérstakt en það, sem stendur í áliti nefndarinnar. — Breyting sú, sem frv. fer fram á, er að eins dálitil rýmkun á fræðslulögunum frá seinasta alþingi, og eg get ekki séð, að það sé varhugavert að samþykkja hana. Nefndin hefir að eins gert litilfjörlegar orðabreytingar við frumv.

Eg vil leyfa mér að leggja til, að málinu sé vísað til 2. umr.

Ráðherrann (H. H.): Eg vil leyfa mér að spyrja hinn háttv. framsm. (H. G.) um það, hvort ekki munu nú vera komin 2 frumv. með breytingar á lögum þessum. Ef svo er, þá finst mér það óviðkunnanlegt og óþarft að búa til tvo nýja lagabálka á sama þinginu til þess að breyta einu og sama lagaboðinu, og vildi eg því leyfa mér að stinga upp á því, að frumv. þessum væri steypt saman, og að eins eitt frv. samþykt af þinginu um þetta mál.

Framsögumaður (Hálfdan Guðjónsson): Eg vil geta þess, að það er alveg rétt sem hinn hæstv. ráðherra (H. H.) tók fram, að það liggja nú fyrir þinginu 2 frumv., sem eiga við breytingu á sömu lögum. Nefndin fékk ekki nógu snemma vitneskju um þetta og gat því ekki lagað það við þessa umr., en eg álít, að mér sé heimilt að lýsa því yfir fyrir hönd nefndarinnar, að hún taki bendingu hæstv. ráðherra (H. H.) til greina.

Jón Magnússon: Mér sýnist engin nauðsyn til þess, að steypa frumv. þessum saman. Annað frumv. breytir innihaldi laganna, en frumv. fræðslumálanefndarinnar er engin efnisbreyting, svo innihald laganna verður óbreytt, þótt það sé samþykt.

Ráðherrann (H. H.): Eg verð að halda því fast fram, að betur fari að steypa frumv. saman og að viðkunnanlegra sé að hafa það að eins eitt.

Þótt breytingin, sem annað frumv. fer fram á sé að eins breyting á einu ártali, þá verður það að álítast efnisbreyting. Það er hægurinn hjá að koma samsteypunni á, er ekki þarf annað en bæta við þetta frumvarp, sem nú liggur fyrir, einni ártalsbreyting, og taka hitt aftur.

ATKV.GR.:

Frumv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

Önnur umr., 31. marz (A. 59, n. 239, 378).

Framsögumaður (Hálfdan Guðjónsson): Þetta frumv. er ekki fyrirferðarmikið. Vil eg geta þess, að það sem upphaflega birtist sem tvö frumv., hefir verið breytt í eitt með því móti, að að bæta öðru þeirra sem viðauka við hitt. Sé eg eigi til neins að fjölyrða um þetta að sinni.

Jón Þorkelsson: Eg, sem flutningsmaður þessa frumv., hlýt að votta nefndinni þakkir fyrir breytingar hennar við frumv., sem eg fyrir mitt leyti felst á.

Jón Magnússon: Það hefir komið fram breyt.till. við þetta frumv. frá meiri hluta fræðslumálanefndarinnar. Finst mér full ástæða til að taka þennan fyrirvara og lengja frestinn um 2 ár, þótt alt af geti verið álitamál, hve langur hann á að vera. En fræðslumálastjórinn álítur þetta geri hvorki til né frá. Ætla eg ekki að orðlengja um þetta.

ATKV.GR.:

Breyt.till. (239) við 1. gr. sþ. með 14 shlj. atkv.

1. gr. sþ. með 15 shlj. atkv.

Breyt.till. (239) við 2. gr. sþ. án atkv.

2. gr. sþ. með 15 shlj. atkv.

3. gr. — — 15 — —

Viðaukatill. (378) sþ. með 13 : 2. atkv.

Fyrirsögnin sþ. án atkv.

Frumv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Frumvarp til laga um breyting á 15. gr. laga um fræðslu barna, frá 22. nóv. 1907, á þgskj. 320 (sbr. nefndarálit A. 319), er kenslumálanefndin bar fram, var tekið aftur af nefndinni við 1. umr. í Nd. 31. marz.

Þriðja umr., 13. apríl (A. 403).

Jón Magnússon: Eg tók það fram við 2. umr. þessa máls, að hvorki eg né minni hluti nefndarinnar í heild sinni væri mótfallinn niðurstöðu nefndarinnar, sem sé þeirri, að fresturinn til að koma á fræðslusamþyktum sé lengdur um 2 ára tíma.

En það er nefndarálitið sjálft, ástæður meiri hlutans, sem minni hluti nefndarinnar gat ekki fallist á. Sérstaklega er það eitt í ástæðunum, sem mér virðist ómaklega og illa mælt; það er þar sem sagt er að meiri hluti inn á þingi 1907 hafi í þessu máli virt að vettugi vilja landsmanna. Þessi ummæli eru svo klunnaleg eða jafnvel ruddaleg, að þau hefðu ekki átt að koma fram í umræðum hér, því síður í ástæðum í nefndaráliti, enda alsendis óþörf til að byggja á framlenging frestsins á fræðslusamþyktum.

Auk þess er þetta ekki satt. Þingið 1907 tók það einmitt til greina, sem fram hafði komið við atkvæðagreiðslu landsmanna í þessu máli á milli þinga (1905—1907).

Frumv. neðri deildar 1905 var breytt allmikið af þinginu 1907 og var við þær breytingar einmitt tekið tillit til samþykta þingmálafunda og héraðsfunda og sýslunefndarfunda, eftir því sem auðið var, — þær voru nfl. margar mjög óljósar. Það er svo langt frá því, að lögð sé skólaskylda á utan kaupstaða, að sveitirnar eru ekki einu sinni skyldaðar til að hafa skóla, heldur geta fræðsluhéruðin komist af með að halda einn kennara til eftirlits með heimafræðslu, en ef sá kostur er tekinn, þá legst á aðstandendur barnanna engin ný byrði sérstaklega, ekkert annað en fræðsluskyldan, og hún hvílir á þeim áður. Það er því dálítið undarlegt að vera að tala um kúgunarlög þar er fræðslulögin eru, eða að þau leggi fræðsluhéruðunum og foreldrum barna slíkar byrðar á herðar, að ekki verði undir risið. Hagi svo til í einhverju fræðsluhéraði, að ekki þyki fært að hafa aðra kenslu en eftirlit með heimilisfræðslu, þá er þetta eftirlit eitt, sem sveitarfélagið eða íbúar fræðslhéraðsins þurfa að borga.

Hvað mundi nú þetta eftirlit með heimafræðslu kosta?

Einar 156 kr. á ári! Meira þarf ekki í meðal fræðsluhéraði — því gelt eða

það ekki eftir heimilunum að gefa eftirlitsmanninum að borða um eftirlitstímann. Og mikið af þessum kostnaði fengist borgað annarsstaðar að, úr landssjóði. Það yrði því ekki meira en 50—100 kr. á ári sem útgjöld við fræðslulögin myndu nema í meðalhreppi, er léti sér nægja eftirlit með heimafræðslu. Nú segja sumir, að gagnið af eftirlitinu sé ekki svo mikið, að til þess sé kostandi neinu verulegu. Þetta er als eigi rétt. Góður kennari, sem ferðast milli heimilanna, kennir þar og leiðbeinir heimilunum með uppfræðslu barna, getur gert mjög mikið gagn, þótt hann dvelji stutta stund í hverjum stað. Auðvitað gerir þessi eftirlitsfræðsla eigi jafnmikið gagn sem reglulegur skóli, eins og hver getur sagt sjálfum sér. En hvað sem öðru líður, þá er það óþarft að vera að brigsla meiri hluta á þingi 1907 um að hann hafi beitt kúgun í þessu máli og virt að vettugi almenningsálitið, enda sönnu fjarri.

Þá er verið að tala um almenna óánægju út af fræðslulögunum. Þetta hygg eg að sé, svo að eg ekki taki dýpra í árinni, mjög svo orðum aukið. Það er auðvitað, að þegar um skipun slíks máls sem þessa er að ræða og þar sem þarf mikils framlags af almannafé, þá fer jafnan svo, að ekki verða allir sammála um, hvernig þessu skuli háttað, né hve mikils virði það sé yfirleitt. Og langt yrði að bíða þess, að allir verði á eitt sáttir í þessu efni. Nú er rétt að reyna fræðslulögin (1907). Þau fengu mjög góðan undirbúning; eru bygð á rannsókn og tillögum þess manns, Guðmundar Finnbogasonar, er þingið fékk til þess að athuga þetta mál bæði hér og annarsstaðar; þau eru þá einnig bygð á reynslu nágrannaþjóða vorra í þeim efnum, sérstaklega Norðmanna, þar er líkast hagar til og hér, og þeirra fræðslulög höfð að fyrirmynd að nokkru leyti. Síðan eru lög þessi athuguð á tveim þingum og hafa þess í milli sætt mikilli athygli hjá þjóðinni. Má því með sanni segja, að til fárra laga hefir verið vandað betur en til hinna nýju fræðslulaga.

Skal eg svo ekki orðlengja frekar um þetta að sinni, en að eins geta þess, að þótt eg ekki greiði atkvæði með tillögu meiri hlutans um frestun, þá er engin ástæða fyrir mig að mæla á móti henni; það getur alt af verið álitamál, hvort frestur sá, er settur er fræðslunefndum til að koma sér niður á og fá samþyktar fræðslusamþyktir, eigi að vera heldur 4 ár en 2 ár. Hitt hefði verið skaðlegt og með öllu óforsvaranlegt, ef lögunum annars hefði verið frestað, eða kröfur þeirra á nokkurn hátt linaðar, því að að fara nú að hopa á hæli í þessu mesta velferðarmáli þjóðarinnar, það hlyti að verða til óbætanlegs tjóns.

Um leið og eg hefi leyft mér að finna að orðalagi meiri hlutans í nefndarálitinu, finn eg ástæðu til þess að þakka honum fyrir þá hófsemi, sem hann hefir sýnt í framkvæmdinni, að því er sjálfa tillöguna snertir og finn eg mér skylt að láta þess getið, að eftirlitsmaður fræðslumálanna er als ekki óánægður með það, að fresturinn sé lengdur um tvö ár, eins og meiri hluti nefndarinnar leggur til. Þeir hreppar, sem hvorki þurfa eða vilja nota frestinn allan, heldur geta fyr komið á fræðslusamþyktum — og þeir eru margir — geta haldið því áfram eins fyrir því, því að lögin eru í fullu gildi að öllu öðru leyti, bæði að því er fræðslukröfurnar snertir o. s. frv.; tillagan nær að eins til að veita þeim

héruðum lengri frest til að koma á fræðslusamþyktum, er eigi hafa þegar gert það.

Framsögumaður (Hálfdan Guðjónsson): Það má ekki minna vera en að hinum háttv. þm. Vestm. (J. M.) sé þökkuð hin snjalla ræða, er hann nú hélt til þess að svala sér á nefndarálitinu. Hann komst svo prúðmannlega að orði, að ástæður meiri hluta nefndarinnar væru klúrar, klunnalegar, ósannar o. s. frv.

Eg vona nú, að hinn háttv. þm. fái ekki tilefni til að tala frekar um þetta. En ummælum hans leyfi eg mér að mótmæla — eg vísa þeim heim aftur og heimfæri þau upp á tölu hins hv. ræðumanns sjálfs.

Eg skal ekki leyna því, að eg hefi samið nefndarálitið og mun háttv. þm. því mest hafa sveigt að mér með orðum sínum.

En því verð eg að halda fram, að það er á rökum bygt, að þingið 1907 hafi ekki, eins og æskilegt hefði verið, tekið þjóðarviljann til greina. Það er lýðum ljóst, hvernig þingsaga þessara fræðslulaga er. Afdrif þeirra urðu ólík frá báðum deildunum; þegar þau komu frá Ed. voru þau í alt annari mynd; þá var ætlast til að þeim yrði skotið til álits þjóðarinnar. Og öllum munu nú kunnar undirtektir héraðsfunda, sýslufunda og þingmálafunda í þessu máli. Alstaðar var það rætt, og nálega alstaðar kvað við hið sama: að menn aðhyltust frv., eins og það kom frá Ed., en ekki Nd.

En hvernig fór svo? Jú, vilji þjóðarinnar var þar virtur að vettugi. Það var ekki látið sitja við það lagaform, sem kom frá Ed. og þjóðin hafði hallast að.

Þess vegna veit eg ekki, þegar farið er fram á að gefinn sé frestur til þess að mönnum veitist tími til að búa sig undir framkvæmd laganna í stað þess að sætta sig við valdboð, sem mótmælt hafði verið fyrir fram, hvar það getur ekki átt heima, að í nefndarálitinu sé komist klunnalega að orði, eða jafnvel ruddalega. Eg fæ ekki séð það, og háttv. ræðumaður hefir ekki og getur ekki tilfært eitt orð úr nefndarálitinu þeim sleggjudómi sínum til stuðnings.

Þótt hinn háttv. þm. Vestm. (J. M.) hafi reiðst þessu fast, þá hefir samt umsjónarmaður fræðslumálanna verið ánægður með það, sem nefndin hefir gert í þessu máli — og legg eg meira upp úr því en dómi hins háttv. þm.

Vænti eg þess fastlega, að deildin skili málinu af höndum sér með sömu atkv.tölu og það var samþ. með við 2. umr.

Jón Magnússon: Það var öldungis óþarft fyrir háttv. 1. þm. Húnv. (H. G.) að koma með þessar upplýsingar, er hann gat um í lok ræðu sinnar.

Eg sagði það við 2. umr. og eg sagði það áðan, að eg er í rauninni ekkert óánægður með frv. meiri hluta nefndarinnar. Eg hefi þvert á móti tekið það fram, að það gæti vel verið álitamál, hvort ekki væri rétt að lengja frest þann, er hér ræðir um.

Þessar aths. hins háttv. þm. voru því alveg ástæðulausar. Eg var að eins óánægður með ástæður meiri hluta nefndarinnar, þar kom fram alveg óþörf árás á meiri hluta þingsins 1907.

Eg verð enn að átelja það, að háttv. meiri hluti þessa þings lætur sér sæma að álasa meiri hluta síðasta þings fyrir gerðir sínar. Þetta þing er á engan hátt sett yfir hin fyrri þing, hefir engan rétt til að knesetja þau. Það fer betur á, að hvert þing fyrir sig sýni í orði kveðnu að minsta kosti öðru þingi tilhlýðilega kurteisi, enda þótt meiri hluta annars þingsins þyki ekki alt heppilegt, sem hitt hefir gert.

ATKV.GR.:

Frv. sþ. með 20 shlj. atkv. og afgreitt til Ed.

Ein umræða, 27. apríl (A. 603).

ATKV.GR.:

Frv. sþ. umræðulaust með 16 shlj. atkv. og afgreitt sem *lög frá alþingi.*

Vara-biskup.

FRUMVARP til laga um skipun vara-biskups. (Stjórnarfrv. A. bls. 124); 1. umr., 18. febr.

Ráðherrann (H. H.): Tilgangurinn með frumv. þessu er að tryggja það, að biskupsvígsla geti ávalt framvegis farið fram hér á landi. Eins og kunnugt er, þá leyfði konungsbréf 14. ág. 1789, að biskuparnir á Íslandi gætu vígt hvor annan. En rétt á eftir var annað biskupsembættið lagt niður, og síðan hafa allir biskupar vorir verið vígðir í Danmörku nema hinn núverandi biskup, sem vígður var af fyrirrennara sínum í embættinu, eins og kunnugt er. En það stóð mjög tæpt, að það gæti lánast, og sé engin ráðstöfun gerð, þá má búast við því, að aftur reki að því, að leita verði út úr landinu um biskupsvígslu.

Í frumv. er séð fyrir því, að alt af sé til maður á Íslandi, sem geti vígt hinn nýja biskup, og gert ráð fyrir því, að þessi maður, — vara biskup gæti hann kallast — verði einhver af hinum helztu kennimönnum landsins, sem eru í embætti eða hafa verið í embætti í kirkjunnar þjónustu. Því er ekki farið fram á hærri laun en 500 kr. þóknun á ári, og er það að vísu rífleg borgun fyrir ekki meira starf, en vara-biskupi er ætlað, en gæti hins vegar orðið makleg launaviðbót fyrir einhvern merkan kennimann kirkjunnar.

Skúli Thoroddsen: Frumv. þetta er gott, að því leyti, að tilgangurinn er sá, að tryggja það, að biskupsvígsla geti einatt farið fram hér á landi; en á hinn bóginn verður því ekki neitað, að verði frumvarp þetta að lögum, þá verður biskupsvígslan landinu all-kostnaðarsöm, þar sem vara-biskupi eru ætlaðar 500 kr. á ári, þótt biskupsvígsla komi mjög sjaldan fyrir, ef til vill að eins 3—4 sinnum á öld, eða ekki það. — Mundi ekki mega koma þessu svo fyrir, að láta dómkirkjuprestinn í Reykjavík eða prófastinn í Kjalarnesþingi vígja hinn nýja biskup landssjóði að kostnaðarlausu?

Eg hefi getið þessa til athugunar væntanlegri nefnd, og leyfi mér að leggja það til, að þriggja manna nefnd verði skipuð.

Ráðherrann (H. H.): Það er almenn kenning kirkjunnar, að biskup eigi að vígjast af biskupi, og að fella niður þann sið sakir lítilfjörlegs kostnaðar finst mér ekki rétt á meðan landið heldur uppi þjóðkirkju. Kostnaðurinn, sem hér er um að ræða, er ekki meiri en svo, að hann er að eins sem svarar lítilfjörlegri launaviðbót, sem æskilegt væri og viðeigandi, að geta sæmt einhvern heiðursmann kirkjunnar ásamt þessu heiðursstarfi. Eg kann als eigi við það, að vara-biskups starfið yrði föst aukageta, sem fylgdi með dómkirkjuembættinu eða prófastsstöðunni í Kjalarnesþingi, því þá kysi einn einstakur söfnuður vara-biskup fyrir alt landið. Það á að vera sérstök virðingastaða, bundin við sérstaka verðleika.

Jón Þorkelsson: Þó að frumvarp þetta sé stutt, er þó mál þetta merkilegt. Það er ómissandi þáttur í sjálf-

stæði voru, að kristni landsins og kirkja sé óháð erlendu valdi, og að því miðar frumvarpið.

Eg er alveg á gagnstæðri skoðun við háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.). Það væri mjög óviðeigandi, að demba þessari virðingarstöðu á einhvern vissan prest eða prófast. En nafnið »vara-biskup« er óvinsælt, leiðinlegt og óþjóðlegt, og er eyrnamark á ýmsu hér síðan einvaldinu var dembt yfir landið. Þórður meistari Þorlaksson varð fyrstur »vara-biskup« hér á landi, og var það að Brynjólfi biskupi enn lifanda; fékk hann vonarbréf að honum fornspurðum fyrir Skálholtsstól. En þó stóð Þórði meistara sá geigur af þessu atferli og tiltæki, að ekki þorði hann sjálfur að skýra biskupi frá því, heldur ritaði vinum hans og bað þá að sefa skap hans. Að vísu mun það ekki hafa verið »vara-biskupsnafnið«, sem hann setti fyrir sig, heldur verkið. En upp frá þessu varð það all-títt, að menn tóku að fá vonarbréf fyrir biskupsembættum og öðrum embættum.

Það hlýtur að vera ein af sjálfstæðiskröfum vorum, að fá biskup vorn vígðan hér á landi og prestastéttin er ekki svo vel launuð, að horfa ætti í þessa lítilfjörlegu þóknun, sem frumv. ákveður, handa einhverjum af vorum fremstu kennimönnum, sem sá starfi væri falinn. En nafnið geðjast mér ekki. Skár kynni eg við þjóðprófast, officialis eða eitthvað því um líkt.

Ráðherrann (H. H.): Eg fæ eigi séð, hvers vegna svo mikið er haft á móti orðinu »vara-biskup«, og skil eg ekki að nein ófrelsishætta geti staðið af því fyrir landið eða kirkjuna, en annars þakka eg háttv. 1. þm. Rvík. (J. Þ.) fyrir undirtektir hans í málinu.

Jón Ólafsson: Það sem gert hefir nafnið vara-biskup svo óvinsælt áður var vonarbréfið. Nú er alt öðru máli að gegna, en aftur á móti virðist það vera nokkuð óheppilegt, að binda þetta heiðursstarf við einn sérstakan prest í vissu prestakalli, því að þá getur oft svo farið, að sá prestur eigi þann heiður alls eigi skilið. Líklegra væri þó, að fela það prófastinum í Kjalarnesþingi *(Sigurður Sigurðsson*: Eða í Árnesþingi), því að í prófastsstöðuna munu að eins þeir vera kallaðir, sem hafa áunnið sér almennt traust í kennimannsstöðu sinni, en prestar vita allir að eru kosnir einatt af alt öðrum ástæðum en verðleikum þeirra; annars liggur það auka-atriði mér í léttu rúmi.

Sigurður Sigurðsson: Eg vil skjóta því til væntanlegrar nefndar, að spara þessar 500 kr. Af frumv. sést eigi, að vara-biskupi sé ætlað annað að gera en vígja hinn nýja biskup, og et til vill presta í hans forföllum. Annars álít eg það eigi ekki við, að setja laun þessa vara-biskups í samband við launakjör presta alment, og eigi heldur í samband við neinn sérstakan mann. Vil eg því sem sagt skjóta því til nefndar þeirrar, sem sett verður í málið, að hún finni heppilegan veg til þess, að komast hjá auknum kostnaði, án þess þó að fella málið.

ATKV.GR.:

Samþykt 3 manna nefnd með 17 samhlj. atkv., og kosnir í hana með hlutfallskosningu:

Jón Þorkelsson
Eggert Pálsson
Sigurður Gunnarsson.

Fyrstu umræðu frestað.

Í nefndinni var Sigurður Gunnarsson kosinn formaður, Jón Þorkelsson skrifari og Eggert Pálsson framsögumaður.

Framhald 1. umr., 8. marz. (A. bls. 124, n. 113).

Framsögumaður (Eggert Pálsson): Mál þetta er að minni ætlun nægilega skýrt og útlistað í nefndarálitinu, og get eg því verið stuttorður um það nú. Nefnd sú, sem kosin var í málið hefir eiginlega klofnað í þrent, var að eins 3 manna nefnd, og gat því ekki meira klofnað. En þótt nefndin hafi klofnað svo mjög, er það þó að eins aukaatriði, sem nefndarmennina hefir greint á um. Um aðalatriðið, að fá tryggingu fyrir því að biskupsvígsla ávalt skuli fara fram hér á landi, var nefndin öll sammála, og nefndin tjáir stjórninni og biskupi þakkir fyrir, að stórt spor í þá átt var stigið við síðustu biskupsvígslu, og þá eigi sízt ráðherra fyrir það, að koma með frumv., sem ef það verður að lögum, gefur trygging fyrir, að biskuspvígslan skuli hér eftir alt af fara fram í landinu sjálfu. Mál þetta er þannig einn partur af sjálfstæðismálinu, og ætti því að verða vel tekið af öllum þeim, sem af heilum hug unna sjálfstæði lands og þjóðar. En til þess að þessu verði komið á, þurfa biskuparnir að vera tveir, biskup og varabiskup. Það er sem sé almenn regla kirkjunnar, að biskup skuli vígjast af biskupi, svo að ef vér ekki hefðum neinn biskup hér til að vígja þann reglulega biskup yrði samkvæmt þeirri reglu, að sækja vígsluna til Danmerkur. Um þennan góða tilgang frumv. er þannig nefndin alveg sammála, en ágreiningurinn nær að eins til aukaatriðanna. Frumv. stjórnarinnar gerði ráð fyrir, að varabiskup fengi 500 kr. í laun á ári, og get eg ekki séð að það sé ofmikið, þar sem um jafnveglega stöðu er að ræða. Þetta hafa h. meðnefndarmenn mínir ekki viljað fallast á, og hefir þó annar þeirra í rauninni farið miklu lengra, þar sem hann vill stofna tvö regluleg biskupsdæmi hér á landi. Hvað mig snertir þá get eg játað, að mér er það ekkert kappsmál, hvort varabiskup er launaður eða ekki, en mér finst það þó æskilegt, að kirkjan gæti veitt þessi lítilfjörlegu laun, sem farið er fram á í frumv., eins og í viðurkenningarskyni einhverjum sinna mætustu og ágætustu kennimanna, því úr flokki þeirra yrði varabiskup að sjálfsögðu tekinn. En eftir þeim sparnaðartón, sem heyrist af mörgum munni hér í deildinni, mun víst ofmikið þykja, að verja því fé kirkjunni til eflingar og vegsemdarauka.

Stjórnarfrumv. vill láta biskup þann sem vígir hinn reglulega biskup heita varabiskup, og í því liggur, að starf hans geti orðið meira en það eitt, að vígja biskup. Hann á þannig eftir nafninu að dæma ekki að eins að vígja presta í forföllum aðalbiskupsins, heldur líka gegna embætti hans að öðru leyti, þegar þess þyrfti með. En til þess yrði hann þá að vera búsettur nálægt biskupssetrinu, eða í námunda við Reykjavík. En þar sem tilgangurinn er sá, að aðalstarf þessa manns verður það, að vígja biskup, þegar þess þarf með, þá virðist svo sem betur mega fara að hann heiti »vígslubiskup« en ekki »varabiskup«,

Að því er snertir það ákvæði, að konungur veiti varabiskups- eða vígslubiskups embættið, þá liggur það í augum uppi, að orðið »embætti« á hér ekki við, ef tillaga þm. Snæf. (S. G.) verður samþykt, að varabiskup fái engin laun. Og fari svo, sem eg fyrir mitt leyti óska ekki eftir, þá verður við 2. umr. að breyta orðalagi greinarinnar í samhljóðun við það. Annars finn eg ekki ástæðu til á þessu stigi málsins, að fara fleirum orðum um þetta mál. Hvernig sem deildin

kann að ráða fram úr ágreiningsatriðum vor nefndarmanna, vona eg að frumv. þetta verði svo búið frá þessu þingi, að vér hér eftir ekki þurfum að sækja biskupsvígluna út yfir pollinn, ef fráfarandi biskup yrði ekki fær um að vígja eftirmann sinn.

Sigurður Gunnarsson: Eins og h. framsm. nefndarinnar 1. þm. Rangv. (E. P.) tók fram, erum við samdóma í aðalstefnunni. Okkur tvo greinir einungis á um það, að hann vill halda (varabiskups-)launum, en eg tel það óþarfa. Eg hygg það sé hégómi að vera að launa það starf, sem ekki verður ástæða til að inna af hendi, nema örsjaldan, og ekki sé eg að það sé neinn sæmdarauki í því fyrir vígslubiskup að hirða þessi laun. Árni Helgason stiftprófastur — í daglegu tali oftast nefndur Árni biskup —, hafði engin laun og hélt þó fullri sæmd sinni. Eg fæ heldur ekki séð neina brýna þörf þess, að vígslubiskup búi nálægt Reykjavík. Í þá stöðu ætti að tilnefna einhvern ágætasta og virðulegasta kennimann kirkjunnar, án tillits til þess, hvar á landinu hann væri, en auðvitað þarf vígslubiskup að fá sér endurgoldinn ferðakostnað og annan kostnað, er hann vígir nýjan biskup. Það er svo sjálfsagt, að eg álít öldungis óþarft að taka það fram í frumv.

Hins vegar felst eg á þá breytingu á stjórnarfrumv., að konungur skipi vígslubiskup eftir tillögum prestastéttarinnar í landinu. En ráðherra þarf ekki hér til að nefna, því það er sjálfgefið, að skipun vígslubiskups gengur gegnum hans hendur, svo sem er um öll mál, er fyrir konung eru borin.

Að öðru leyti vona eg að háttv. deild taki þessu litla frumv. vel.

Með frumv. á að eins að tryggja það, að biskupsvígsla geti jafnan fram farið í landinu sjálfu.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. í einu hlj.

Önnur umræða, 10. marz. (A. bls. 124, n. 113, 145).

Framsögumaður (Eggert Pálsson): Eg verð að líta svo á, að þetta mál, sem hér liggur fyrir, sé komið í hálfgerða óreiðu vegna atkvæðagreiðslunnar í málinu næst á undan.

Eg held ekki að þm. fari að greiða atkv. ofan í sjálfa sig, en það mundu þeir gera, ef þeir færu nú eftir undangengna atkv.greiðslu einnig að samþykkja frumv. þetta. Eg hefi ekkert umboð frá nefndinni til að taka málið aftur, en verð þó að álíta að heppilegasta leiðin væri, að taka málið út af dagskrá, og bræða það og það sem eftir er af frumv. næst á undan upp aftur í nefndinni. En auðvitað hefi eg ekki umboð til þess frá nefndinni, og get því ekki að svo stöddu fyrir hennar hönd gert það að till. minni.

Sigurður Gunnarsson: Eg sé ekki betur, en að sá ruglingur, sem hér er orðinn á, sé því að kenna, að málunum hefir ekki verið skipað sem reglulegast á dagskrá. Það var mikið eðlilegra, að eldra frumv. stæði á undan, en nú var það sett á eftir. — En hvað sem þessu líður, þá vil eg lýsa því yfir, að eg held fast við þá skoðun, sem eg lét í ljósi sem nefndarmaður. En úr því sem komið er, verður að hlíta úrskurði forseta.

Pétur Jónsson: Úr því að komið er í óefni með þessi mál, þá vil eg leyfa mér að stinga upp á því, að frv. sem nú liggur fyrir ásamt ræflinum af því næsta á undan, sé vísað til nefndarinnar á ný.

Jón Þorkelsson: Eg sé ekki betur,

en að frumv. frá stjórninni sé fallið, bæði frumv. fjalla um sama efni, en mitt segir að 2 offisialar séu betri, og það hefir þingd. samþykt að vísa til 3. umr.; eðlilega hlýtur þá stjórnarfrumv., sem að eins fer fram á einn offisíal, að vera fallið af sjálfu sér.

Ráðherrann (H. H.): Mér líst vel á þá till., að senda málin aftur til nefndar. Vilji háttv. þm. ekki sinna því, finst mér sjálfsagt að taka málið út af dagskrá.

Forseti (H. Þ.): Eg get ekki verið samdóma hinum háttv. þm. Snæf. (S. G.) um það, að ruglingur sá, sem orðin er á þessum frumv., sé því að kenna, hvernig málunum hafi verið skipað á dagskrána. Eg álít að það sé á ábyrgð þm. sjálfra, að gæta þess, hvaða mál standa á dagskránni, og hvernig þeir greiða atkv. um þau. Eins og nú er komið málinu, þá get eg ekki betur séð, en að frumv. þetta sé sjálf-fallið, geti ekki komið til atkv., en frá formlegu sjónarmiði sé eg ekkert á móti því, að nefndin taki frumv. aptur og geti þá í málaskránni talist meðal óútræddra frumv.

Jón Magnússon: Frumv. það, sem nú var samþ. að vísa til 3. umr., virðist mér mega skoða sem nokkurs konar breyt.till. við stjórnarfrumv. — Ef það væri svo, þá hefði deildin í rauninni að eins sagt að hún vildi þannig lagaákvæði heldur en stjórnarfrumv. óbreytt, en hún hefir ekkert sagt um það, hvort hún mundi ekki aðhyllast stjórnarfrumv. með þessari breytingu. Eg álít því réttast að taka málið út af dagskrá.

Björn Sigfússon: Eg verð að álíta að frumv. um tvo vígslubiskupa, sem nú hefir verið vísað til 3. umr., sé algerlega sjálfstætt frumv. Það er als ekki breyt.till. við stjórnarfrumv. Einn þm. tók það þá fram, að hann greiddi atkv. með fyrirvara, og slíkt hið sama hefir verið í hug fleiri þm.; við 3. umr. getur því hæglega farið svo, að menn sjái sér ekki fært að samþ. það. Þótt frumv. sé vísað til 3. umr. er það engin sönnun fyrir því, að það verði sþ. Sé því stjórnarfrumv. tekið aftur nú, eða skoðað sem fallið, er ekki kostur að greiða atkv. um annað en þetta frumv., sem engin vissa er fyrir að meiri hlutinn aðhyllist.

Jón Þorkelsson: Eg vil leyfa mér að gera það að till. minni í þessu máli, að forseti beri það undir úrskurð deildarinnar, hvort hún álítur málið fallið eða ekki.

Forseti (H. Þ.): Þar sem komið hefir fram allmikill skoðanamunur um það, hvort álíta beri frumv. þetta fallið eða ekki, þá finst mér réttast að bera málið undir atkv. háttv. deildar, þótt eg fyrir mitt leyti sé í engum efa um, að stjórnarfrumv. sé gersamlega fallið, samkvæmt atkv.gr. um hitt málið. Þegar tveir vígslubiskupar eru sþ. liggur í hlutarins eðli, að frumv. um einn vígslubiskup er úr sögunni. En fyrir kurteisis sakir skýt eg þessu undir álit deildarinnar.

ATKV.GR.:

Samþ. að ekki beri að álíta málið fallið með 13 atkv. gegn 7.

Málið síðan tekið út af dagskrá, um leið og forseti lýsti yfir, að hann tæki það ekki aftur á dagskrá, með því að úrskurður deildarinnar væri ekki réttur og frumv. sjálffallið með samþ. hins frumv. (þ. e. frv. 1. þm. Rvk J. Þ.) um tvo vígslubiskupa.

Vígslubiskupar.

FRUMVARP til laga um endurreisn Hólabiskupsdæmis hins forna og um tvo vígslubiskupa á Íslandi (A. 92); 1. umr.; 8. marz.

Flutningsmaður (Jón Þorkelsson): Nú held eg að einhverjir menn, sem orð mín heyra í dag kunni að súpa hveljur eða taka andköf, þegar svo djúpt er tekið ár í sjó, að þeim gefur að heyra talað um það að stofna eigi nýtt biskupsdæmi, er kosta eigi á ári landið 4000 kr., þó að ekki sé ætlast til, að til þessa sé tekið fyrri en næst verða biskupaskifti hér á landi, og það enda þótt verja eigi þessu fé til eflingar sjálfstæðis, sóma og dýrðar guðs kirkju hér á landi voru. Það situr nú að vísu ekki á mér að ganga hér fram fyrir skjöldu og berjast einn fyrir sæmdarauka kristninnar á landi hér, úr því þeir háviröulegu prelátar, sem með mér voru í nefndinni um varabiskupinn treystu sér ekki til að fylgja mér né höfðu djörfung til að hefja nú með mér merki hins forna Hólastóls. En eg fæ þó eigi að mér gert, úr því að eg varð við mál þetta riðinn, fæ ekki fullnægt sjálfum mér, nema með því einu móti að reka þetta mál svo langt sem eg álít að það eigi að komast, þegar fram líða stundir, þó að byrlítið kunni að vera nú í fyrsta róðri. Eg skal ekki fara mörgum orðum um það, hvaða þýðingu það hefir fyrir Norðurland og þjóðina í heild sinni að endurreisa hið forna Hólabiskupsdæmi og með því vekja hjá þjóðinni endurminningu fornrar frægðar og þjóðmenningar. En geta vil eg þess strax, að svo hefir fásinnan og skammsýnin verið mikil meðal sumra á þingi hér eigi alls fyrir löngu í sumum málum kirkjunnar, að fram hafa komið tillögur um það fyrir nokkrum árum, að biskupsdæmi landsins yrði lagt niður, og það hefir jafnvel verið borið fram af þeim, sem þótst hafa viljað sjálfstæði landsins. Að mínu áliti hefir ekki verið framin öllu verri pólitísk glópska á alþingi Íslendinga á hinum síðari árum. Ef Ísland hefði verið svift biskupi sínum og það hætt að vera sérstakt biskupsríki, þá hefði það í kirkjumálum án efa orðið líkt statt og Færeyjar, orðið vesalt prófastsdæmi og aum undirtylla undir Sjálandsbiskupi Dana. Biskupsembætti vort er hið elzta og sæmilegasta embætti hér á landi og undir það eru runnar rammar og fornar stoðir frá elztu og beztu tímum þjóðveldisins.

Biskupsstól fengum vér fyrstan í Skálholti 1056, og varð Ísleifur son Gizurar hvíta fyrstur biskup hér á landi. En sem stundir liðu fram, tóku Norðlendingar að una því lítt að hafa ekki biskup fyrir sig; fóru þeir því þess á leit við Gizur biskup Ísleifsson, að hann léti af höndum þann fjórðung landsins, sem mestur var þá og mannflestur í biskupsdæmi hans, en það var Norðlendingafjórðungur, og væri þar nýtt biskupsdæmi; lét hann tilleiðast að verða við beiðni þeirra. En þá virtist svo um stund sem þetta ráð ætla að stranda á því, að enginn höfðingja norðanlands vildi upp standa og leggja bújörð sína eða höfuðból til biskupsseturs. Sjálfgefið var að biskupssetrið mundi verða í Eyjafirði eða Skagafirði. En loks varð Illhugi prestur Bjarnason til þess að gefa höfuðból sitt og föðurleifð Hóla í Hjaltadal til biskupsaðseturs 1107, og varð þá biskup þar Jón hinn helgi Ögmundarson. Síðan voru Hólar biskupsstóll Norðurlands nær 700 ár.

Íslenzku biskuparnir, Skálholts og

Hólabiskup, stóðu fram á miðja 12. öld undir erkibiskupnum, fyrst í Hamborg, síðan Brimum og þar næst í Lundi. Alla þá tíð stóð biskupsdómurinn á Íslandi með miklum blóma. En 1154 var erkibiskupsstóll settur í Niðarósi og undir hann voru þá íslenzku biskupstólarnir lagðir. Kom þá brátt annað hljóð í bjölluna, því að Þrándheimsbiskupar tóku brátt að verða mjög afskiftasamir um skipun biskupanna og hlutsamir um íslenzk kirkjumál á ýmsan hátt, og leyfðu sér jafnvel, þegar fram í sótti, þá dirfsku, að fara að stefna utan íslenzkum veraldarhöfðingjum, og loks kom svo, að norrænir biskupar urðu skipaðir að tilhlutan hins norska kirkjuvalds og Noregskonungs bæði að Hólum og Skálholti. Hafði það hinar háskalegustu afleiðingar, því að það er yfirleitt tvísýnt, hvort landið hefði nokkurntíma komist undir erlend yfirráð, ef útlent kirkju- og konungsvald hefði eigi náð undir sig yfirráðum íslenzku kirkjunnar. Útlendu biskuparnir gengu alveg í þjónustu konungsvaldsins og gerðu alt, sem í þeirra valdi stóð, til að fá yfirráð konungs hér á landi aukin sem mest í öllum greinum og sjálfstæði og frelsi landsmanna skert að sama skapi. Má þetta út af fyrir sig vera mönnum góður lærdómur um það, hve mikilvægt það er, að íslenzka kirkjan sé óháð erlendu valdi, og nái sínu forna frelsi aftur.

Enda þótt eg viti, að mál þetta nái ekki fram að ganga fullum fetum að sinni, þá hefi eg þó viljað hreyfa því til þess, að menn fari að íhuga þetta efni og gefa því gaum. Mönnum verður og að skiljast, hve mikilvægt það er þjóðlífi voru, að vekja upp aftur fagrar endurminningar fornra og góðra daga. Endurminningarnar frá Hólum og Hólamönnum eru líka svo fagrar og oss svo kærar, að nauðsynjalaust er, að þær skuli liggja í gleymsku. Hólar hafa átt svo marga nýta menn, bæði biskupa og aðra, sem varpað hafa frægðarljóma á ættland sitt og þjóð. Eg nefni svo sem að fornu þá biskupana Jón Ögmundsson, Brandana báða, Jörund og Laurentius, sem allir voru mætir menn og miklir fyrir sér, að eg nú ekki tali um aðra eins ágætismenn sem Jón Arason og Guðbrand Þorlaksson; þeirra hróður fer með himins röndum, og þeir eru ógleymanlegir alla daga, meðan nokkur man eitthvað til sögu þessa lands og bókmenta.

Skálholt var eiginlega lagt niður sem biskupssetur 1786. Þá var skólinn fluttur þaðan og hingað suður, en stólsjarðirnar seldar, og rann andvirði þeirra alt í ríkissjóð Dana. Hinn síðasti Skálholtsbiskup, Hannes Finnsson, fékk að vísu leyfi til að sitja í Skálholti til dauðadags (1796) og þá jörð hafði hann keypt. En ætluð hafði honum verið jörð hér fyrir neðan Heiði, og var þar til nefnt eitt af tvennu: Elliðavatn eða Skildinganes.

Á Hólum sátu biskuparnir lengur, fram undir 1800.

Þó var áður farið að brydda á því, að ýmsum mönnum var mjög hugleikið að fá öllu komið hingað suður, að »centralisera« hér syðra öll yfirráðin, andleg og veraldleg.

Þetta, sem menn aðhöfðust um 1800, var eitt hið hvimleiðasta verk og eitthvert hið ósvikulasta einveldis brennimark, sem hægt var að setja hér á land og þjóð.

Hið forna þing vort — frá 10. öld — var lagt niður; sambandinu og samhangandi framhaldi milli gamla þingsins og þess núverandi var slitið. Það

var gerð 45 ára eyða í sögu þessa elzta löggjafarþings í veröldinni, sem enn stendur.

Þeir miklu menn, sem að þessu verki unnu, hafa sett þann blett á minningu sína, að hann verður aldrei af þveginn um aldurdaga. Verk þeirra hér um voru bæði ógóð og óþjóðleg.

Aðalstyrinn sýnist ekki hafa staðið um sjálfan biskupsstólinn, heldur um prentsmiðjuna; með henni vildi Magnús Stephensen leggja undir sig og Landsuppfræðingarfélagið allar bókmentir landsins.

Beztu menn norðanlands, eins og Stefán amtmaður Þórarinsson á Möðruvöllum, settu sig af öllu afli á móti því, að Hólastóll og skóli væri lagt niður og prentsmiðjan suður flutt. En nefnd sú, er skipuð hafði verið til þess að ræða um afdrif Hólastóls, komst loks að þeirri niðurstöðu, að stóllinn skyldi lagður niður og fluttur suður með þeim plöggum, sem honum heyrðu til.

Það þarf ekki mikið að rýna í bækur og skjöl frá árunum eftir 1800 til þess að sjá það, hvílíkur harmur var þá í Norðurlandi, sem og var að vonum, er Norðlendingar höfðu nú í einu mist biskupsstólinn, skólann og prentsmiðjuna. Og það er átakanlegt að heyra orð margra gamalla Skagfirðinga þá, þeir geta varla ógrátandi minst á þessar aðfarir. Manni verður nær á að klökna við orð þeirra.

Það væri ekki meira en skylt, að að minnast hér ýmsra ágætra Hólamanna frá þessum hermdardögum. Má þar fyrsta nefna þá Hjálmarssonu, Pál og Halldór, er báðir voru hinir merkustu menn. Páll varð síðar prestur á Stað á Reykjanesi, en Halldór andaðist skömmu eftir fyrri aldamót (1805) í Hofstaðaseli í Skagafirði.

Enginn af hinum síðustu Hólamönnum hefir verið þvílíkur ræktarmaður sem Halldór, Áður en skjalasafn Hólastóls er sent suður, skrifar hann það upp, blað fyrir blað, eins og hann orðar það sjálfur, til þess að fróðleikur þessi allur fari þó ekki úr Norðurlandi. Þá er Halldór kominn í elli, og varla er annað hægt að sjá, en að hann hafi blátt áfram skrifað sér dauða af rækt við stólinn og menjar hans.

Þeir bræður Páll og Halldór voru helztir til fyrirsvars af hinum síðustu Hólamönnum, því að officialinn, sira Þorkell Ólafsson, var þá gamall, enda friðsamur maður og lét því ekki mjög til sín taka.

Eg er ekki Norðlendingur og mætti því ætla, að ekki sæti á mér, að halda þessu efni svo mjög fram; eg er heldur ekki kennimaður, og mundi öðrum því standa þetta nær.

En eg get blátt áfram ekki orða bundist, úr því að svo nærri þessum málum er nú stefnt, og eg lít svo á, að sóma kirkju og kristni hér á landi verði ekki með öðrum hætti fullborgið, eigi ríki og kirkja framvegis að verða í sameiningu hvort við annað, en með því að endurreisa Hólastól hinn forna fyrr eða síðar.

Þótt eg að vísu geri mér ekki neinar gyllingar um það að þessu máli verði nú ráðið til þeirra lykta, sem æskilegastar eru, þá finst mér það þó skylda mín að gerast talsmaður þess, ef ríki og kirkja annars eiga að verða í sambandi framvegis, sem litlar líkur eru til að nokkur breyting verði á fyrst um sinn.

Og enn sýnist ekki vera dautt í öllum kolum í Norðurlandi um það, að fá Hólastól endurreistan. Eða hvað merkja prestafundirnir þeir annað, er þar hafa nú verið haldnir um allmörg undanfarin ár, og hefir ekki hið mikla skáld Norðurlands nýlega sungið hin-

um forna Hólastól og minningunni um hann lof og dýrð einmitt við þau tækifæri? Er þetta ekki að virða sem eins konar viðleitni til þess að kveða upp — hafði eg nærri sagt — biskupsdæmið norðlenzka?

Það sem eg vil fá og vona að geta fengið framgengt að sinni, og er að minsta kosti í áttina í þessu efni, er það, að skipaðir verði 2 offiiciales (vígslubiskupar), annar fyrir norðan land, en hinn fyrir sunnar; hefir mér og öðrum meðnefndarmanni mínum (S. G.) komið saman um það að laun hafi þeir engin, en þó vil eg að þeir fái »gratiale« (500 kr.) þegar þeir vígjast, og svo borgun eftir reikningi fyrir starfa sinn.

Þetta er svo sanngjörn krafa, að eg vænti þess fastlega, að þingið fallist á hana.

Væri eg klerkur og í sporum hinna virðulega presta og preláta, er í nefndinni hafa setið með mér, þá myndi eg fyrirverða mig fyrir að hafa ekki viljað eða þorað að fylgja fram jafnsjálfsagðri kröfu og þeirri að sýna hinu forna Hólabiskupsdæmi hæfilegan sóma.

En nú mun eg ekki fara frekar út í þessa sálma að sinni, og að eins mælast til þess að málinu verði vísað til 2. umr. Trúi eg því ekki fyrri en eg tek á því, að ekki rísi allir þeir þm., sem nú eru hér í sætunum norðan yfir fjöll, eins og einn maður með aðalefni þessa máls.

Sigurður Gunnarsson: Út af hinum síðustu orðum hins háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) og meðnefndarmanns míns, skal eg taka það fram, að eg kannast fyllilega við að hafa svo harða húð, að fyrirverða mig engan veginn fyrir framkomu mína í þessu máli.

Hins vegar er mér ljúft að geta þess, fyrir mína hönd og hins meðnefndarmanns míns (E. P.), að við höfum notið mikils fróðleiks hjá hinum hv. meðnefndarmanni okkar (J. Þ.), og erum við honum mjög þakklátir fyrir.

Við höfum fylstu ástæðu til að tjá honum alúðarþakkir fyrir hið þjóðræknislega hugarfar hans, er svo ljóslega kemur fram í þessu frumv.

En það liggja önnur drög til þess, að við höfum ekki séð okkur fært að eiga samleið með honum alla leiðina, og mun eg síðar skýra það nánar. Vil ekki spilla því að frv. hans fái að koma til 2. umr., og mun því geyma aths. mínar þangað til. Það er að eins vottur þess, hve mikla virðing eg ber fyrir hinu þjóðræknislega hugarfari hans, þótt öðruvísi líti eg á þetta mál, og vel hefði þorað að fylgja honum, ef mér hefði virst leiðin hin rétta.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. með 11 : 5 atkv.

Önnur umr., 10. marz (A. 92).

Flutningsmaður (Jón Þorkelsson): Eg hefi við 1. umr. þessa máls tekið flest það fram, er þurfa þykir frá almennu sjónarmiði.

Vil eg nú fara nokkrum orðum um einstök atriði þessa máls.

Í 1. gr. þessa frumv. er farið fram á, að endurreist verði Hólabiskupsdæmi hið forna, þegar biskupaskifti verða næst. Er ætlast til að skiftingin verði hin sama og áður var, svo að Skálholtsstifti nái frá Lönguhlíðarkambi á Langanesi til Hrútafjarðarár.

Eg skal að öðru leyti ekki gera 2 fyrstu greinar frumv. að kappsmáli, með því að það mun vera í fyrsta skifti, er þessu máli er hreyft hér á þingi og menn munu ekki hafa gert sér enn ljósa grein fyrir því, hve nauð-

synlegt þetta er fyrir sjálfstæði þjóðarinnar og kirkjunnar.

Hins vegar legg eg meiri áherzlu á 3. greinina. Þar segir svo:

»Þangað til fyrirkomulag það kemst á, sem getur um í 1. og 2. gr., skulu auk biskups landsins, vera tveir officiales, er nefnast vígslubiskupar, annar í Skálholtsbiskupsdæmi, en hinn í Hólabiskupsdæmi«.

Skulu þessir vígslubiskupar engin laun hafa, en endurgoldinn fá þeir kostnað þann, er flýtur af verkum þeirra í þarfir kirkjunnar, og þeim er ætlað að vinna í forföllum biskups landsins.

Meðnefndarmenn mínir hafa ekki getað orðið mér sammála um þetta frumv., en um það kom okkur þó öllum ásamt, að nafnið varabiskup væri óheppilegt.

Eg gat þess við 1. umr. þessa frv., að þetta nafn væri eitthvert fyrsta einveldisbrennimarkið á landinu.

Þórður, er síðar gerðist biskup í Skálholti, var hinn fyrsti varabiskup. Næstur honum var Jón Vigfússon, er biskup varð á Hólum.

Ljós vottur þess, hve illa var þegið varabiskupsheitið og aðferð sú, sem höfð var til þess að ná slíkum heitum með embættisvon síðar, er meðal annars það, að þegar Brynjólfur biskup, sem var alvörumaður og hugarþungur, skyldi vígja Jón Vigfússon (1674), þá valdi hann alleinkennilegan vígslutexta.

Biskupar voru áður kosnir — sem kunnugt er, og var Brynjólfur hinn síðasti þeirra.

Vígslutextinn, sem hér ræðir um, er að lesa trúi eg hjá Jóhannesi og hljóðar hann þannig:

»Ef hirðirinn kemur ekki inn um dyr fjárhússins, þá er hann þjófur og morðingi«.

Svo mörg eru þessi heilögu orð, og segir ekki af útleggingu biskups á þeim, en um textann er ekki að villast, hann er ekki óviljandi valinn.

Útnefning varabiskups var yfir höfuð að tala mjög óvinsæl, enda öndverð lögum og landsvenju.

Hinn síðasti varabiskup mun verið hafa Björn Þorleifsson, síðar biskup á Hólum.

Var hér fyrrum hinn mesti sægur af alskonar varaembættismönnum, einkum lögmönnum og öðrum varaskeifum.

Í sambandi við tillögur háttv. meðnefndarmanna minna, skal eg taka það fram, að það yrði einmitt ódýrara að hafa 2 vígslubiskupa.

Stjórnarfrumv. leggur til, að varabiskup sé einn og hafi 500 kr. árlega þóknun.

Annar meðnefndarmanna minna (E. P.) félst á það, en hinn (S. G.) vildi ekki láta hann hafa nein laun.

Eg hefi aftur á móti stungið upp á 2 vígslubiskupum, ólaunuðum að öðru en því, að starfa sinn fá þeir endurgoldinn eftir reikningi.

Og eg er sannfærður um, að sú tilhögun yrði einmitt til sparnaðar.

Annar vígslubiskupanna situr í Norðurlandi og annast vígslustörf þar, ef á þarf að halda, en hinn er í Suðurlandi og gegnir sínum störfum þar. Þá yrði komist hjá að sækja vígslubiskup norðan að hingað o. s. frv., er kostað gæti mörg hundruð króna, þar sem að eins getur verið um lítilræði að tala, ef þeir eru 2 og ekki þarf að sækja þá langar leiðir.

Eg hefi átt tal við núverandi biskup landsins um þetta efni; hann er þjóðrækinn í lund sem kunnugt er, og fellur honum einmitt vel, að tveir séu vígslubiskupar.

Þykir fara vel á því að officialis Norðurlands verði vígður í Hóladóm-

kirkju á sumri komandi, kringum 30. júlí, því að þann dag kvað hafa verið vígður hinn síðasti Hólabiskup árið 1798. Það var Geir Vídalín, er síðar varð biskup landsins.

Eg skal svo ekki fjölyrða öllu frekar um þetta mál, enda situr það ekki á mér framar klerkalýð þessa lands að kosta svo mjög kapps um þetta.

Málið er nú á valdi hinnar háttv. þingdeildar, og mætti við 3. umr. breyta því sem þurfa þykir.

Eg vil þó geta þess, að bent hefir verið á það, að ekki væri nógu ljóslega tekið fram í frumv., hvernig kosning vígslubiskups fari fram af hálfu klerkalýðsins.

Þetta má satt vera, en auðvitað vakti fyrir mér, að hér yrði farið eins að og þá er prófastur er kjörinn. Þá er það venja, að hver prestur í prófastsdæminu sendir biskupi sitt »votum« eða atkv. í lokuðu bréfi.

Þann, sem flest hefir atkv. (meðmælin) fengið, skipar svo biskup, eða veitir honum skipunarbréfið. Eg er því enganveginn mótfallinn, að sett verði inn í frumv. ákvæði um þetta atriði, ef mönnum virðist þá betur.

ATKV.GR.:

1. gr. feld með 19 gegn 1 atkv.

2. — — — 16 — 1 —

Breyt.till. (varatill.) við 3. gr. samþ. með 15 atkv. gegn 8 að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Björn Jónsson,
Jón Ólafsson,	Einar Jónsson,
Bened. Sveinsson,	Jón Jónsson, N.-M.
Björn Kristjánss.,	Jón Sigurðsson,
Björn Sigfússon,	Pétur Jónsson,
Eggert Pálsson,	Sig. Gunnarsson,
Hannes Hafstein,	Skúli Thoroddsen,
Hálfdan Guðjónss.,	Þorleifur Jónsson.
Jón Jónsson, S.-M.,	
Jón Magnússon,	
Jón Þorkelsson,	
Magnús Blöndahl,	
Ólafur Briem,	
Sig. Sigurðsson,	
Stefán Stefánsson.	

3. gr. með áorðinni breyt. samþ. með 14 atkv. gegn 10 að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Björn Jónsson,
Jón Ólafsson,	Björn Kristjánsson,
Bened. Sveinsson,	Eggert Pálsson,
Björn Sigfússon,	Einar Jónsson,
Hannes Hafstein,	Jón Jónsson, N.-M.,
Hálfdan Guðjónss.,	Jón Sigurðsson,
Jóh. Jóhannesson,	Pétur Jónsson,
Jón Jónsson, S.-M.	Sig. Gunnarsson,
Jón Magnússon,	Skúli Thoroddsen,
Jón Þorkelsson,	Þorleifur Jónsson.
Magnús Blöndahl,	
Ólafur Briem,	
Sig. Sigurðsson,	
Stefán Stefánsson.	

Málinu vísað til 3. umr. með 14 atkv. gegn 10 að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Björn Jónsson,
Jón Ólafsson,	Björn Kristjánsson,
Bened. Sveinsson,	Eggert Pálsson,
Björn Sigfússon,	Einar Jónsson,
Hannes Hafstein,	Jón Jónsson, S.-M.,
Hálfdan Guðjónss.,	Jón Sigurðsson,
Jóh. Jóhannesson,	Pétur Jónsson,
Jón Jónsson, S.-M.	Sig Gunnarsson,
Jón Magnússon,	Skúli Thoroddsen,
Jón Þorkelsson,	Þorleifur Jónsson.
Magnús Blöndahl,	
Ólafur Briem,	
Sig. Sigurðsson,	
Stefán Stefánsson.	

Þriðja umr., 12. marz (A. 163, 169, 170, 179).

Framsögumaður (Eggert Pálsson): Frumv. þetta er nú orðið allkunnugt hér í deildinni, og við atkv.gr. síðast, kom það í ljós, að háttv. þingdeildarmenn hölluðust fremur að þeirri stefnunni, að skipaðir yrðu 2 vígslubiskupar í stað eins.

Meiri hluti nefndarinnar hefir því fyrir sitt leyti gefið eftir, að vígslubiskupar verði 2, með því að auðsætt er, að aðaltilgangi frumv., að biskupsvígsla geti alt af farið fram hér á landi, er ekki síður fyllilega náð með þeirri tilhögun.

En af þessu hefir svo leitt, að einn hluti nefndarinnar hefir, úr því að ætlast er til að vígslubiskupar séu 2, fallið frá launaákvæðinu, með því að óþarflega mikið mundi þykja, að þeir fengju sínar 500 kr. hvor árlega, þar sem hitt þótti ekki takandi í mál, að borga einum manni 500 kr. laun.

En til þess að laga frumv. samkvæmt þessu, þá hefir nefndin komið fram með breyt.till. (170), sem telja má líklegt, að deildin hafi ekkert á móti. — Aðrar breyt.till. hafa að vísu komið fram, en þær innibinda að mestu leyti hið sama og till. nefndarinnar, svo að eg lít svo á, að þær breyt.till. séu óþarfar, ef hin (170) verður samþykt. Annars mun flutnm. þeirra breyt.till. gera grein fyrir því, hvort þeir óska að halda þeim fram, eða taka þær aftur.

Að svo mæltu óska eg þess fyrir hönd nefndarinnar, að frumv. verði samþ. með breyt. þeim, er nefndin hefir stungið upp á, með því að þar með er markinu náð, og það varðar mestu í þessu efni.

Sigurður Gunnarsson: Eg skal leyfa mér að gera stutta athugasemd við það, sem háttv. framsm. (E. P.) sagði áðan.

Það hefir verið bent á það, að slæðst hafi galli inn í ályktunina á þgskj. 170, 2. lið »skulu kosnir«, í staðinn fyrir »konungur skipar« o. s. frv.

Þetta rekur sig á, en er að eins gáleysi hjá nefndarmönnunum. Og úr því verður ekki bætt héðan af, en vonandi, að efri deild bæti úr skák, ef málinu verður vel tekið þar.

Jón Sigurðsson: Það er nú að vísu búið að breyta þessu frumv. þannig, að verstu agnúarnir eru af, en þó virðist það hafa gengið gegnum deildina, án þess, að til þess hafi í raun inni verið ætlast.

Og við atkvæðagreiðsluna var það ljóst, að menn vildu halda hinu fyrra frumv. Þá var það sýnt, að menn hölluðust fremur að því, að einn væri vígslubiskup hér á landi, enda þungamiðja þessa máls, að biskupar þurfi ekki að fara utan til þess að taka vígslu, heldur eigi þeir jafnan kost á, að vígjast hér á landi, og er það bæði þjóðlegra og auk þess réttmætt.

Það virðist því nóg, að vígslubiskupinn sé að eins einn, og það því fremur, sem litlar líkur eru til þess, að sú drepsótt eða bráðafár geysi svo mjög, að báðir biskupar (aðal-biskup og vígslu-biskup) látist í senn.

Að öðru leyti er ekki þörf að gera athugasemd við þetta frumv., nema ef vera skyldi, að þessi tilhögun gæti orðið vísir til nýrra launaðra embætta. Gæti þá svo farið, að á næstu þingum kæmi sægur af launa-bitlingum, bæði launahækkun og ný laun.

Ef 2 yrðu vígslu-biskupar, þá yrði annar þeirra auðvitað í Norðurlandi; en þá mundi hann all-oftast verða látinn vígja presta norðanlands og fengi sín ómakslaun. Þetta gæti orðið

mjög kostnaðarsamt, í stað þess, að aðal-biskupinn framkvæmdi vígsluna, að öllum jafnaði, ef ekki væri nema einn vígslu-biskup; því að þá yrði þessi eini vígslu-biskup að eins látinn vígja í beinum forföllum aðal-biskups. — Hins vegar er ekki ástæða til þess að færa vígslu-athöfnina úr höfuðstað landsins; það virðist eiga bezt við, að hún fari fram í Reykjavíkur dómkirkju eins og verið hefir hingað til.

Eg lít svo á, að réttast væri, að fella þetta frumv., en samþykkja stjórnarfrumv. með hæfilegum breytingum, og halda sér við 1 vígslu-biskup, með því, að aðal-markinu er þá náð, að draga vígslu-valdið inn í landið. Það skiftir mestu.

Jón Ólafsson: Eg greiddi atkvæði með frv. þessu við 2. umr., og mun eins greiða atkvæði með því enn. — Betur finst mér þó fara á því, að prestar kjósi sér sjálfir vígslu-biskup. — Frumv. ákveður, að þegar vígslu-biskup vígist, skuli hann fá 500 kr. þóknun í eitt skifti fyrir öll.

Mér sýnast breyt.till. á þgskj. 170, og 179 vera nokkuð smá-smuglegar, þar sem farið er fram á, að þeim sé greidd borgun fyrir verk sín eftir reikningi. Breyt.till. á þingskj. 170 er þó öllu mildari, því að þar á vígslu-biskup að fá hempuna borgaða eftir skraddara-reikningi.

Viðvíkjandi því, er háttv. þm. Mýr. (J. S.) sagði, er mér engan veginn ljóst, hvar sú ræða hans á heima. Það liggur alls ekki fyrir að samþykkja frumv. með neinum nýjum breytingum, því að þetta er 3. umr., sem nú er verið að ljúka.

Yfir höfuð að tala virðist það augljóst, að betra er að hafa vígslu-biskupana tvo. Biskupar geta orðið veikir, alveg eins og aðrir menn, og eins er hægra fyrir menn, að sækja til þess biskups, er nær er, og líka leiðinlegt fyrir prestaefni, að þurfa að bíða lengi eftir vígslu. Ef vígslu-biskup Skálholtsumdæmis situr t. d. austur á Skeggjastöðum á Ströndum, sem fyrir gæti komið, þá getur verið miklu nær, að ná til vígslu-biskups Hólaumdæmis. Norðurlands-presta mætti og einatt, ef hentara væri, vígja í Hóla-dómkirkju.

Sigurður Sigurðsson: Eftir að hafa borið saman brt. 170 og þá á þgskj. 179 virðist mér liggja í augum uppi að till. okkar 1. þm. Skgf. (Ó. Br.) er miklu betri og ákveðnari. Með henni er því slegið föstu, að vígslubiskup fái enga borgun fyrir vígsluferðirnar og engin föst laun.

Að því er vígslukostnaðinn snertir, þá er óþarft að hann verði tilfinnanlegur. Það mætti setja vígslu í samband við »synodus« eða þá að biskup gæti á yfirreið sinni vígt þann vígslubiskupinn, sem ætlast er til að sitji á Norðurlandi, og ætti því bezt við, að að það væri gert í Hólakirkju. Verður þá eigi um neinn verulegan kostnað að ræða fyrir vígslu biskups, að undanteknu því, sem hann þarf að borga skraddaranum fyrir tilbúning biskupshempunnar, og þann kostnað fengi hann máske endurgreiddan.

Sigurður Gunnarsson: Eg skal taka það fram gagnvart því, sem háttv. þm. Mýr. (J. S.) sagði, að eg fyrir mitt leyti vildi upphaflega fylgja stjórnarfrv., og hafa að eins einn varabiskup.

En maður gerir oft ýmislegt til samkomulags, enda sé eg við nánari íhugun, að það gat verið viðfeldið fyrir Norðurland, að annar varabiskupinn væri í þeim fjórðungi lands, og kostnaðarminna fyrir prestsefni að vígjast þar, en það mun einmitt vera tilætlun núverandi biskups, að vígslubiskup Norðlinga framkvæmi prestsvígslu í

þeim hluta landsins, að minsta kosti að jafnaði.

Eg er samdóma hv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) um það, að hér geti ekki undir neinum kringumstæðum verið um launað embætti að ræða.

Framsögumaður (Eggert Pálsson): Það er með öllu óþarft að fara hér um mörgum orðum.

Háttv. þm. Snæf. (S. G.) hefir eiginlega svarað því að fullu, sem svara þarf. Við vorum báðir upphaflega á sömu skoðun um að nægja myndi 1 vígslubiskup, en vildum aftur á hina hliðina ekki gera það að neinu kappsmáli, er gæti máske komið því til leiðar, að frv. næði ekki framgangi. Og þegar svo var komið og það orðið að samningsmáli að hafa 2 vígslubiskupa, sinn fyrir hvort hinna fornu biskupsdæma, þá sá eg heldur ekki fyrir mitt leyti ástæðu til að halda því til streitu, að þeir skyldu vera launaðir, með því útgjöldin hefðu þá verið tvöföld í þessu skyni, og gekk því inn á till. meðnefndarmanna minna að láta þá hvorn um sig fá 500 kr. í eitt skifti fyrir öll til vígslukostnaðar, sem eru útgjöld, er ekki nema svo miklu fé, að um dragi. Hvað það áhrærir, að það sé ekki skýrt fram tekið í frv. hvernig, kosningu þessara manna skuli hátta, þá finst mér það liggja í hlutarins eðli, að klerkastéttin í hvoru biskupsdæmi um sig hafi einungis rétt til að tilnefna biskup, er þeir lúta undir, rétt eins og prestar í því og því prófastsdæmi hafa rétt til að tilnefna þann prófast, er þeir eiga að lúta undir, en kemur ekki á neinn hátt þeim prestum við, er fyrir utan það prófastsdæmi eru. Annars man eg ekki eftir neinum stórvægilegum atriðum, er um þurfi að ræða, og vona að frv. komist með heilu út úr deildinni, þar telja má það til stórra bóta.

Jón Sigurðsson: Viðvíkjandi því, er háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) sagði, að eg hefði verið að fika fram brt., þá var það ekki rétt skilið hjá honum. Eg sagði, að hér hefði legið fyrir deildinni annað frv. um vígslubiskup, þar sem farið er fram á að hann sé einn fyrir land alt, og eg benti á, að atkvgr. hér í deildinni við 2. umr. þessa máls hefði sýnt, að í raun og veru mundi meiri hluti deildarinnar telja nóg að hafa að eins einn vígslubiskup auk hins reglulega biskups og frá minu sjónarmiði er það líka alveg rétt og samkvæmast stefnu þessa tíma að vera ekki að leika sér að því að setja á fót stofnanir, sem hafa í sér fólginn vísi til nýrra embætta.

Ráðherrann (H. H.): Það er að eins lítil aths. Háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) lét í ljósi þá skoðun, að ekki mundi verða fyrirstaða á því, að vígslubiskuparnir fengi borgaðan skraddarareikninginn. En hér á landi tíðkast ekki, að landssjóður borgi einkennisbúninga embættismanna, og eigi þessir vígslubiskupar að fá hempuna borgaða, þá verður að ákveða það sérstaklega í lögunum.

ATKV.GR.:

1. og 2. liður br.till. á þgskj. 169 sþ. með 19 shlj. atkv.

1. liður br.till. á þgskj. 170 sþ. með 20 : 1 atkv.

2. liður br.till. á þgskj. 170 sþ. með 18 : 7 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Björn Jónsson,
Jón Ólafsson,	Einar Jónsson,
Bened. Sveinsson,	Jóh. Jóhannesson,
Björn Kristjánsson,	Jón Jónsson N.-M.,
Björn Sigfússon,	Jón Sigurðsson,
Björn Þorláksson,	Sig. Sigurðsson,
Eggert Pálsson,	Skúli Thoroddsen.
Hannes Hafstein,	

Já:
Hálfd. Guðjónsson,
Jón Jónsson, S.-M.,
Jón Magnússon,
Jón Þorkelsson,
Magnús Blöndahl,
Ólafur Briem,
Pétur Jónsson,
Sigurður Gunnarss.
Stefán Stefánsson,
Þorleifur Jónsson.

3. Liður br.till. á þgskj. 170 feldur með 13 : 12 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Jón Ólafsson,
Ben. Sveinsson,	Björn Kristjánss.,
Björn Jónsson,	Björn Sigfússon,
Björn Þorláksson,	Einar Jónsson,
Eggert Pálsson,	Hannes Hafstein,
Jón Þorkelsson,	Hálfdan Guðjónss.,
Magnús Blöndahl,	Jóh. Jóhannesson,
Ólafur Briem,	Jón Jónsson N.-M.,
Sig. Gunnarsson,	Jón Jónss., S.-M.
Sig. Sigurðsson,	Jón Magnússon,
Stefán Stefánsson,	Jón Sigurðsson,
Þorleifur Jónsson.	Pétur Jónsson.
	Skúli Thoroddsen.

Br.till. á þgskj. 179 kom fyrst fram á fundi. Var leyfð með 18 atkv. en síðan feld með 13 : 9 atkv.

Fyrirsögn frv. sþ. með 15 atkv.

Frv. með áorðnum breytingum sþ. með 15 : 3 atkv. og afgreitt til Ed.

Ein umr., 13. apríl. (A. 370, n. 419).

Sigurður Gunnarsson: Þar, sem h. framsm. þessa máls, 1. þm. Rangv. (E. P.) er ekki viðstaddur, þá vil eg leyfa mér fyrir hönd nefndarinnar, sem skipuð var í deildinni í þessu máli í vetur, að lýsa því yfir, að þótt háttv. Ed. hafi breytt frumv. allmikið, þá eru það form- en ekki efnisbreytingar. Vér nefndarmenn getum því fallist á frumv., eins og það liggur nú fyrir, og vil eg því ráða háttv. þingd. til að samþ. það án breytinga, og koma þannig í veg fyrir, að það mæti meiri hrakning, en þegar er orðið.

Jón Jónsson (N.-Múl.): Eg hefi leyft mér að koma fram með br.-till. við frumv. þetta, en hún er ekki komin fram enn, og veit eg ekki, hvernig á því stendur. Hið sama er að segja um aðra breyt.till., sem eg vissi til að átti að koma fram með við málið. Eg vildi því leyfa mér að óska þess, að háttv. forseti taki málið út af dagskrá í bráðina, svo að breyt.till. mín geti komist að og ef fleiri væru.

Forseti (H. Þ.): Eg sé ekki nægа ástæðu til þess, að taka mál þetta út af dagskrá vegna þeirra ástæðna, sem háttv. 1. þm. N.-Múl. (J. J.) kom fram með. — Háttv. þm. hafa haft nægan tíma til að koma fram með breyt.till. við það, því að það er svo langt síðan, að mál þetta var endursent deildinni. En annars er gott að heyra álit fleiri h. þingdm. um það, hvort þeir óski, að málið sé tekið út af dagskrá og umræðunni frestað.

Hálfdan Guðjónsson: Eg vil leyfa mér að taka undir með háttv. 1. þm. N.-Múl. (J. J.) í því efni, að taka málið út af dagskrá að sinni. Eg bjóst við því, að hér mundu liggja fyrir breyt.till. við frumv., en það er ekki. Eg spurði skifarana á skrifstofunni um það, og kváðu þeir svo vera. Eg vil því leyfa mér að fara fram á, að hæstv. forseti taki málið út af dagskrá, eða að minsta kosti beri það undir atkv. deildarinnar.

Breyt.till., sem eg gat um áðan er frá mér, og þess efnis að nema í burt sérstaka vígslu á vígslubiskupunum. Eg vil geta þess, að það vakti ekki svo

mjög fyrir mér að bjarga við frumv., en það var heilög vígsla, sem eg vildi bjarga við, að hún væri ekki vanbrúkuð; en mér finst það liggja nærri að svo sé, ef farið er að vígja reglulegri biskupsvígslu þá menn, sem ekkert annað eiga að starfa, en að vígja biskup í viðlögum. Eg lít svo á, að vígslan sé svo háleit athöfn, að ekki sé rétt að nota hana til þess að vígja menn, sem lítið eða ekkert hafa að gera. Annað atriði, sem eg álít að vinnist við breyt.till. mína er það, að spara má þessar 500 kr., sem áætlaðar eru til vígslunnar. Vígslan er að öllu leyti ónauðsynleg, því skipa má menn til þessa starfs, án þess þeir séu vígðir til þess sérstaklega.

Eg verð því að taka undir með h. þm. N.-Múl. (J. J.), að ekki sé rétt að hamra málið í gegn, en leyfi mér að óska eftir, að hæstv. forseti taki það út af dagskrá, eða að minsta kosti, beri það undir álit þm., hvort þeir álíti ekki rétt að taka málið út af dagskrá.

Jón Sigurðsson: Það er nú orðið ljóst, að tveir þm. hafa ætlað að koma fram með breyt.till. við frumv. þetta, og að þær eru að eins ókomnar úr prentsmiðjunni.

Eg er ekki ánægður með, að málið sé afgreitt frá háttv. deild, eins og það liggur nú fyrir, og vil því leyfa mér að styðja þá till., að háttv. forseti taki málið út af dagskrá, eða, að minsta kosti beri það undir álit deildarmanna, hvort svo skuli vera.

Forseti (H. Þ.): Eg skal gjarnan taka þá ósk til greina að bera það undir deildina, hvort fresta skuli málinu að þessu sinni, úr því að nokkrum þingd.mönnum virðist vera það svo mikið áhugamál.

ATKV.GR.:

Samþykt að taka málið út af dagskrá með 15 atkv. gegn 9, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bened. Sveinsson,	Bjarni Jónsson,
Björn Jónsson,	Jón Ólafsson,
Björn Kristjánss.,	Einar Jónsson,
Björn Sigfússon,	Hannes Hafstein,
Björn Þorláksson,	Jón Jónsson, S.-M.,
Hálfdan Guðjónss.,	Jón Magnússon,
Jóh. Jóhannesson,	Jón Þorkelsson,
Jón Jónss., N.-M.,	Magnús Blöndahl.
Jón Sigurðsson,	Sig. Gunnarsson.
Ólafur Briem.	
Pétur Jónsson,	
Sigurður Sigurðss.,	
Skúli Thoroddsen,	
Stefán Stefánsson,	
Þorleifur Jónsson.	

Ein umr. (framhald) 15. apríl (A. 370, n. 319, 440, 441).

Jón Jónsson (N.-Múl.): Þetta biskupamál er nú orðið nokkuð sögulegt hér á þinginu. Fyrst lagði stjórnin fyrir þingið frumv. um einn varabiskup. Var svo skipuð þriggja manna nefnd til að athuga það. Hún klofnaði. Meiri hlutinn lagði til að samþykkja stjórnarfrumv. með breytingum í praktiska átt. En minni hlutinn (J. Þ.) var á öðru máli. Hann gerði sér lítið fyrir og samdi nýtt frumv. um endurreisn Hólabiskupsdæmis. Skyldi drottins þjónn þess umdæmis hafa 4000 kr. að árslaunum. Enn fremur skyldu vera tveir vígslubiskupar sinn í hvoru biskupsdæmi. Háttv. þm. (J. Þ.) stóð nú víst einn uppi með aðalbiskupinn. En hann var nú ekki af af baki dottinn fyrir því og fékk hana upp til atkvæða greinina um vígslubiskupana tvo og var hún samþykt. Bæði frumv. stjórnarinnar og þessa h. þm., voru á dagskrá sama daginn og var frumv. um 3 biskupana fyr á dagskránni. Gramdist minni hlutanum

og fleirum að svona fór og töldu stj.-frumv. ekki fallið, þótt svona færi, og tjáði deildin sig því samþykka með atkvæðagreiðslu. Og mér er grunur á, að sumir háttv. þm. hafi upphaflega greitt atkv. með því að hafa tvo vígslubiskupa af gletni til þess að hafa skemtan af að heyra orð og ástæður háttv. 1. þm. Rvk (J. Þ.) fyrir máli sínu. En nú tókst honum með kænsku sinni að fá meiri hlutann á sitt mál til að tryggja því fylgi þingsins.

En eg veit að ýmsir þingmenn eru á móti því að hafa tvo vígslubiskupa. Þess vegna hefi eg leyft mér að koma fram með þessar breytingartill. Eg fæ ekki séð að nein minsta þörf sé á að hafa tvo vígslubiskupa. Tilgangur stjórnarfrumv. var sá, að biskup landsins þyrfti ekki að sækja vígslu til útlanda. Það er þjóðleg ástæða. En aðaltilgangur háttv. 1. þm. Rvk (J. Þ.) er sá, að endurreisa hin fornu biskupsdæmi. En það er að mínu áliti misskilin þjóðrækni, tildur sem einkisvert er.

Engar raddir hafa komið frá þjóðinni um fjölgun biskupa, enda er biskupsembættið ekki svo erfitt, að létta þurfi störfum af biskupi landsins og það því síður, sem hann er fær í allan sjó. Þessi nýju vígslubiskupsembætti geta orðið vísir til launaðra embætta, auk þess sem vígslubiskuparnir mundu að ýmsu leyti verða til að létta störfum af biskupi landsins gegn reikningi, er þeir fengju borgaðan úr landssjóði og gæti það orðið laglegur skildingur. Hinir nýju vígslubiskupar yrðu líka að sjálfsögðu einhverjir aldraðir merkisprestar. Og falls er von af fornu tré. Þeim eru ætlaðar í frumv. 500 kr. í vígslukostnað og eg hefi ekki séð mér fært að breyta því. Ef tíð biskupaskifti yrðu, gæti þetta eitt dregið sig saman. Þetta er sama sem að kasta peningum í sjóinn. Eg vona því, að hin háttv. deild samþ. breyt.till. minar, er gera ráð fyrir einum vígslubiskupi, því að ekki geri eg mér von um að frumv. verði felt.

Framsögumaður (Eggert Pálsson): Eins og frumv. það, sem hér liggur fyrir, ber ljóslega með sér, hefir háttv. Ed. breytt því að eins að forminu til, en efnið hefir ekkert raskast. Nefndin lítur líka svo á, að þessi formbreyting hafi verið til batnaðar. Því eins og frumv. er nú framsett í 3 gr. er það einmitt lögulegra en það áður var, þegar það var innibundið í einni gr. Það sem frumv. áður hafði var vitanlega óviðkunnanlegt, eins og líka eðlilegt var, þar sem það var að eins ein grein slitin út með atkvæðagreiðslu úr sambandi annara greina úr öðru sérstöku frumv.

Viðvíkjandi því atriði, hvort hafa skuli tvo vígslubiskupa, eins og frumv. ætlast til, eða einn eins og breyt.till. 1. þm. N.-Múl. (J. J.) fer fram á, þá er þegar áður hér í háttv. deild, að mínu áliti búið að ræða og gera út um það, svo það sýnist óþarfi að endurtaka þær umræður.

Það er ekki unt að komast að annari niðurstöðu, en hin háttv. deild hafi viljað hafa biskupana tvo, og samþ. það fyrirkomulag. En að halda því fram, að það hafi orðið svo fyrir gaman eða glens úr háttv. þm., sem hér eiga sæti, eins og háttv. þm. N.-Múl. (J. J.) gaf í skyn, virðist mér með öllu óviðeigandi og blátt áfram ósæmilegt. Að bera þingmönnum deildarinnar það á brýn, að þeir séu með glettur eða grín við atkvæðagr. í löggjafarmálum þjóðarinnar er hin mesta fjarstæða að mínu áliti, sem hugsuð verður, og mér er það ekki vel skiljanlegt,

að nokkur háttv. þingm. geti tekið á móti slíkri aðdróttun sem góðri og gildri vöru; eg verð því að vera þeirrar skoðunar, að háttv. deild hafi með fyrri atkv.gr. ótvírætt látið það í ljósi, að hún aðhyltist fremur þá stefnuna, að hafa tvo vígslubiskupa en 1 og að hún muni enn hafa sömu skoðun á málinu og þess vegna hafna breyt.till. 1. þm. N.-Múl. (J. J.).

En að því er snertir breyt.till. frá h. 1. þm. Húnv. (H. G.) þá víkur henni talsvert öðruvísi við. Hann telur biskupana eiga og mega vera 2, en vill ekki hafa þá vígða biskupa. Þessi brt. hans stafar því án efa af þeirri skoðun, að vígslan sé með öllu ónauðsynleg og henni megi því sleppa. En þar erum við — eg og hann, þótt við séum stéttarbræður — algerlega á gagnstæðri skoðun. Eg lít svo á, að það þurfi að sjálfsögðu að hafa vígslubiskupana vígða, ef þeir eru annars hafðir til þess, að þeir geti framkvæmt það hlutverk, sem þeim er ætlað. Biskupsvígsla framkvæmd af þeim er að minni ætlun ekki fullkomlega gild, að kirkjunnar áliti, nema þeir sjálfir hafi hlotið biskupsvígslu. Eg hefi svo ekki meira um þetta að segja og læt því hér staðar numið að sinni.

Hálfdan Guðjónsson: Eg ætla ekki að vera margorður, því það er óþarfi að vera að endurtaka það sama um afstöðu mína gagnvart þessu frumv. sem eg sagði, er það var síðast til umr. hér í deildinni og annað með tímann að gera. Þó get eg ekki látið hjá líða að geta þess, að vígslubiskupar þessir þurfa ekki að hafa sérstaka biskupsvígslu til þess að geta staðið í stöðu sinni á þann hátt, sem til er ætlast. Mér finst þeir eins geta framkvæmt vígslu fyrir það, en á þennan hátt sparast tvennar 500 kr. Þess vegna get eg ekki annað en haldið fast við þessa breyt.till. mína. Með henni er því tvennu rýmt úr frumv., sem er sérstaklega þyrnir í augum ýmsra manna, þ. e. hinni sérstöku biskupsvígslu og kostnaðinum, sem af henni leiðir. En frumv. sjálft heldur sér í aðaldráttunum fyrir því. Vænti eg því þess, að á þennan hátt sé flestum gert til hæfis og frumv. þannig bezt borgið Og það ætti þeim að vera kært, sem er það mest áhugamál, að frumv. þetta nái fram að ganga. En í þeirra tölu er eg ekki. Tel það þó meinlaust og gagnslítið, ef breyt.till. mín verður sþ.

Framsögumaður (Eggert Pálsson): Eftir því sem mér skilst, þá er háttv. 1. þm. Húnv. (H. G.) á alt annari skoðun, eða lítur alt öðru vísi á þetta mál, en bæði eg og aðrir. Orð hans féllu svo sem hann teldi frumv. þetta í sjálfu sér óþarft eða hálfgert hégómamál, sem hér væri um að ræða. En eg þykist þess fullviss, að fáir muni líta svo á það með honum. Hér er einmitt um atriði að ræða, sem snertir sjálfstæði vort. Frumv. miðar í þá átt, að koma í veg fyrir að fara þurfi út yfir pollinn til þess að vígja biskup landsins. Sú athöfn kemur eða getur komið eigi allsjaldan fyrir, og er því nauðsynlegt, að biskupsefnið þurfi ekki að sigla til þess að taka vígslu, en að hún geti farið fram hér.

En þar sem háttv. þm. heldur því fram, að vígslubiskuparnir eigi og megi vera óvígðir sem biskupar og geti framkvæmt biskupsvígslu jafnt fyrir því, þá er mér ómögulegt að ganga inn á þá skoðun. Enda hefir sú skoðun aldrei verið viðurkend í kirkjunni. Og biskupar landsins hafa því hver eftir annan orðið að sækja vígsluna út sér til skaða og landinu til vansa. Að gera lítið úr vígslu biskupanna og telja hana ónauðsynlega, það er sama sem að draga úr gildi vígslunnar yfir

höfuð, eða gera tilraun til að eyðileggja þýðing hennar alveg. Því sé það þýðingarlaust, að vígslubiskuparnir sé biskupsvígðir menn, þá er líka þýðingarlaust að vígja aðalbiskupinn. Og sama má þá segja um prestsvígslur. Nei, sannleikurinn er sá, að það er ekki hægt að álíta fyllilega sæmilegt, að biskupar landsins vígist af einhverjum undirmanna sinna, fremur en prestar af leikmönnum, heldur af einhverjum þeim, er tekið hafa sömu vígslu. Sé það meining háttv. þm., að setja sig á móti frumv. þessu, þá ætti hann að gera það með berum orðum, en vera ekki að koma með breyt.till., er gerir ekki annað en spilla því og gera það með öllu óaðgengilegt, ef breyt. hans næði fram að ganga.

Jón Þorkelsson: Vegna þess að hv. 1. þm. N.-Múl. (J. J.) ávarpaði mig sérstaklega í ræðu sinni, þá neyðist eg til að standa upp og svara honum nokkrum orðum.

Breyt.till. þm. eru að mínu áliti óheppilegar og til skemda á frumv., ef þær næðu fram að ganga, sem eg vona að verði ekki.

Eg legg áherzlu á það, að vígslubiskuparnir séu tveir, á því fer bezt og með því er sjálfstæði kirkjunnar betur borgið heldur en ef vígslubiskinn er ekki nema einn. Hitt er mér ekkert kappsmál og vil lofa kennidóminum að kljást um það, hvort þeir eigi að vera biskupsvígðir eða ekki. — Eg legg hins vegar áherzlu á það, að Hólabiskupsdæmi og kristnin norðanlands fái aftur nokkurn veginn sóma eftir því, sem nú verður við komist, og það getur að eins orðið með því móti, að vígslubiskuparnir séu tveir.

Ekki veit eg, hvers vegna háttv. 1. þm. Húnv. (H. G.) er að skifta sér af þessu máli á þá leið, sem hann gerir, því mér finst varla líklegt, að öðrum eins kennimanni geti þótt það mjög áríðandi að fá tekin út úr frumv. ákvæðin um vígslu biskupanna. Frv. alt í heild sinni miðar að því að auka virðingu kirkjunnar, og eg skil ekki annað en að vígslan hljóti fremur að vera henni sæmdarbót. Annars læt eg það efni mig litlu skipta. Eg má til að mótmæla þeim ummælum háttv. 1. þm. N.-Múl. (J. J.) að nokkurri undirhyggju hafi verið beitt til þess að koma þessu máli fram hér í deildinni í þessu formi. Allir vita eða gætu vitað, að hér hefir verið farið að undirhyggjulaust. Hér var gengið hreinmannlega til verka. Upphaflega var farið fram á að endurreisa Hólabiskupsstól, sem allir vissu að var vonlaust verk að sinni. Og þegar því náði ekki, þá var sá tekinn upp að fara fram á, að tveir yrðu vígslubiskuparnir, sinn í hvoru hinna fornu biskupsdæma, og að því ráði hurfu deildarmenn með mér.

Breyt.till. háttv. 1. þm. N.-Múl. (J. J.) á að fella allar, eins og þær eru, og skrítið er það, að hann skuli hafa komið með þessar till., þar sem hann hefir nýlega verið að berjast fyrir aðskilnaði ríkis og kirkju, eins og menn muna. Breyt.till. háttv. 1. þm. Húnv. (H. G.) er að vísu bezt að fella líka, þó að mér þyki það á minna standa.

Jón Jónsson (N.-Múl.): Háttv. 1 þm. Rvík. (J. Þ.) hélt enn, sem vænta mátti, fast fram biskupamáli sínu. En þó að eg hafi flutt tillögu um aðskilnað ríkis og kirkju, sé eg ekki, að tillögur mínar í þessu máli komi neitt í bága við það. Þær stefna að því, að fækka einum embættismanni í þjónustu ríkiskirkjunnar frá því sem er í frumvarpinu, svo þetta er fremur spor áfram en aftur á bak, að því er skilnaðinn snertir. Annars þarf háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) ekki

að hugsa, að mér sé ant um það, að stofna, þó ekki sé nema eitt vígslubiskupsembætti.

Það var ekki ætlun mín, að drótta að háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.), að hann hefði beitt undirferli í þessu máli, heldur hefði hann lagt kapp á, að fá sitt mál fram, og lagt sig í framkróka með það, að ná samkomulagi við meðnefndarmenn sína.

Þá var frmsm. málsins, háttv. 1. þm. Rangv. (E. P.), að tala um, að það ætti ekki við, að ætla neinum þingmanni, að hann greiddi atkvæði að gamni sínu í neinu máli hér á þingi. En hér stóð nú svo sérstaklega á með þetta mál, enda ekki um úrslit þess að ræða, svo þetta hefði verið alveg saklaust. Ekki verður þetta heldur talið stór-nauðsynjamál, heldur hreint og beint hlægilegt hégómamál. Og þar sem háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) er, eins og öllum er kunnugt, fyndinn í orði og skemtilegur, var vorkunn, þó að þingmenn vildu gefa honum tækifæri til að skemta þingdeildinni við 3. umræðu þessa máls, þó að úr gamninu yrði alvara, eins og kunnugt er.

Skúli Thoroddsen: Þegar þetta frv. var lagt fyrir þingið, þá áleit hin háttv. stjórn, að það nægði, að hafa einn varabiskup, enda getur ekki hjá því farið, að tilgangi frumvarpsins yrði fyllilega náð á þann hátt, að fela prófastinum í Kjalarnesþingi, að annast biskupsvígslu, ef þörf er á, en nú er frumv. komið í það horf, að tveir skulu vera vígslubiskupar, og er þeim jafnframt ætlað, að vígja presta í forföllum biskups.

Að gera ráð fyrir prestsvígslum í Norðurlandi finst mér vera hreinn og beinn óþarfi, því að þeir guðfræðiskandídatar, sem vígslu eiga að taka, munu tíðast vera búsettir í Reykjavík, eða þá eigi telja á sig, að skreppa þangað. — Frá prestastéttinni yfirleitt hafa heldur engar óskir komið þess efnis, né um vígslubiskupa yfirleitt.

Þar sem háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) styður frumv. þetta með þjóðræknislegum ástæðum, þá er þar um misskilda eða öfgakenda þjóðrækni að ræða, sem réttast er að brosa að, og get eg ekki séð, að frumv. miði til annars, en að afla tveim mönnum nafnbóta, og útvega þeim biskupsskrúða, sem og baka landssjóði óþarfa kostnað. — En frumv. mun verða til þess, að kveikja nýja tegund hégómadýrðar hér á landi, því að ýmsum mun þykja vegsauki að nafnbótinni, og því sækjast eftir henni.

Eg álít því, að bezt sé, að fella frv., og mun eg því styðja hverja þá breyt.-till., sem miðar í þá átt að hefta framgang þess.

Ef biskup landsins, mót von minni, lifir ekki til næsta þings, þá getur stjórnin löggilt dómkirkjuprestinn, eða prófastinn í Kjalarnesþingi, til að sjá um biskupsvígslu, og vil eg því, sem fyr sagt, ráða deildinni til þess, að hafna þessu frumv.

Jón Sigurðsson: Það er gamall og góður siður að fylgja gestum til dyra. Og af því að þessir vígslubiskupar eru nú á förum úr deildinni, þá vil eg einnig fylgja þeim til dyra með nokkrum orðum.

Þetta mál er í rauninni hégómi. Eins og háttv. þingdeildarmenn muna, þá kom frumv. þetta upphaflega frá stjórninni -- og átti að tryggja það, að biskupsvígsla gæti jafnan farið fram hér á landi.

En eg fæ ekki séð, að nein vandkvæði þyrftu að vera á því, að verk þetta gæti orðið framkvæmt, án þess að sérstakur maður sé til þess ætlaður. — Forstöðumaður prestaskólans gæti

gert það, eða þá einhver velæruverður prófastur. En ef einhver fastur maður með sérstakri vígslu er til þessa ætlaður, þá er alveg nóg, að hann sé einn.

Þetta frumv. er nú í því horfi, sem það er, af því, að háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) af þjóðræknishvötum bar fram frumv. um endurreisn Hóla-biskupsdæmis hins forna; það frumv. fékk ekki byr hér í deildinni, sem kunnugt er, en af því fæddist svo þessi óskapnaður, sem nú liggur fyrir í frumvarpsformi, þ. e. frv. um 2 vígslu-biskupa. En þetta er, eins og eg hefi áður tekið fram, mesti hégómi, og eg vænti þess, að háttv. þingdeild geri sig ekki að athlægi með þjóðinni með því að senda slikt frumv. frá sér.

Það stendur einhversstaðar í fornum skrifum, er eg geri ráð fyrir, að háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) beri kensl á, eg meina Krukkspá, að tveir muni verða poka-biskupar á Íslandi að síðustu. Skyldi nú Krukk gamla ætla að fara að ratast satt á munn? Það er ekki gott að segja!

Eg fæ ekki séð, að 2 vígslubiskupar gætu á nokkurn hátt verið til gagns eða eflingar guðs kristni hér á landi — eins og háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) kemst að orði. Það væri auðvelt, að framkvæma vígsluna hér á landi án þeirra.

Eg ætla nú til vara, að styðja þá breyt.till., sem líklegust er til þess, að fá þessu breytt, en tel réttast, að fella frumv., eins og það nú liggur fyrir.

Háttv. 1. þingm. Rangv. (E. P.) gat þess, að frv. mundi óhætt, það hefði fengið góðan byr áður. En eg verð þó að benda á það, að atkv.greiðslan var í meira lagi tviræð, sem sjá má af því, að menn töldu hitt frv. ekki fallið; mönnum var þetta nokkuð óljóst.

Eg vil ráða háttv. deild til þess, að fella þetta frumv.; eg sé ekki, að það sé svo mikil ástæða til þess fyrir þingið, að fara að stuðla að því, að Krukkspá rætist í þessu atriði; þetta er eins og eg áður hef tekið fram hégómamál og tildur; að fara að afgreiða það, sem lög, það er þinginu til háðungar.

Framsögumaður (Eggert Pálsson): Eg skal ekki vera langorður. Það er búið að segja svo margt um það, sem fram hefir komið í þessu máli. En eg vil þó ekki láta ómótmælt hin síðustu orð í ræðu hins háttv. þm. Mýr. (J. S.) Hann sagði, að það væri háðung að samþykkja þetta frumv.

En eg vil þá leyfa mér að segja, að það væri miklu meiri háðung að fella það nú, sem samþykt hefir verið áður í báðum þingdeildum.

Um skoðanir hins háttv. þm. Mýr. (J. S.) og háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) skal eg ekki þrátta. Þeim er auðvitað heimilt að hafa sína skoðun á gildi vígslunnar, hvort heldur það er biskupsvígsla eða prestvígsla.

En hitt ætti hinum háttv. þm. þá einnig að vera ljóst, að ef það þætti ekki nauðsynlegt, að vígslubiskupinn hefði sérstaka vígslu, þá yrði beina afleiðingin af þessu sú, að það væri heldur ekki nauðsynlegt, að prestar væru vígðir af prestum eða biskupi, þeir gætu haft kennimannlegt embætti á hendi jafnt fyrir því í kirkjunni, eða þá að einn eða annar leikmaður gæti framkvæmt slika vígslu. Með öðrum orðum: vígslan er að þeirra áliti þýðingarlaus hégómi, hvort heldur biskupsvígsla eða prestsvígsla, sem eigi að hverfa.

Eins og eg sagði áðan, hafa þessir háttv. þm. heimild til að líta svo á þetta mál; það getur enginn meinað þeim. En þeir verða þá einnig að viðurkenna, að vér hinir höfum líka

heimild til að halda því fram, að vígslan sé kirkjunni til vegs og virðingar. Hún er til þess innleidd, að auka gildi og virðingu klerkdómsins.

Og á meðan þessi skoðun ríkir innan kristilegrar kirkju alment, þá virðist ekki ástæða til að löggjafarvaldið leggi þann dóm á, að vígslunni skuli hafna.

Eg skal svo ekki þrátta um þetta atriði lengur. En af því að háttv. deild hefir áður fallist á frumv. þetta og háttv. Ed. hefir ekki fundið ástæðu til að breyta því að efni til, þá tel eg að það væri engan veginn vansalaust að fella það nú.

ATKV.GR.:

Breyt.till. (440) við 1. gr. feld með 14:5 atkv. og hinar breyt.till. á sama þgskj. þar með fallnar.

Breyt.till. (441) við 2. gr. feld með 14:6 atkv.

Frumv. samþ. óbreytt með 15:5 atkv. og afgreitt sem *lög frá alþingi.*

Fiskiveiðar á opnum skipum.

FRUMVARP til laga um viðauka við lög 14. des. 1877 nr. 28 um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum og lög 10. nóv. 1905 nr. 53 um viðauka við nefnd lög; 1. umr. 9. marz (A. 93).

Flutningsmaður (Jón Magnússon): Það stendur eins á með þetta mál og málið á undan (um fuglaveiðasamþykt). Frv. er fram borið eftir beiðni sýslunefndar Vestmanneyja. Lögin, sem hér ræðir um að breyta, heimila að gera samþyktir og að ákveða þar meðal annars, að opnir bátar borgi lendingargjald. Nú eru þessi lög þýðingarlaus að þessu leyti fyrir Vestmanneyjar, eða því nær þýðingarlaus, því þar ganga nú því nær eingöngu þiljaðir mótorbátar til fiskjar, og ekki er hægt að lögum að leggja gjaldið á þá, því að þeir geta ekki kallast opnir bátar. En augljóst hlýtur að vera, að hið sama ætti að gilda um þá og önnur skip.

Má vera, að svo hagi til víðar um þetta atriði, sem í Vestmanneyjum og vil eg skjóta því til hinnar háttv. fiskiveiðanefndar, hvort henni kynni að þykja rétt að hafa frumv. þetta almennara, eða láta það ná víðar en til Vestmanneyja.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. í einu hlj.

Önnur umr., 11. marz (A. 93).

Flutningsmaður (Jón Magnússon): Um þetta frumv. hefi eg það sama að segja og við 1. umr.

Vona að því verði vísað til 3. umr.

ATKV.GR.:

Frumvarpsgreinin (þskj. 93) sþ. með 22 shlj. atkv.

Fyrirsögnin sþ. með 20 shlj. atkv.

Vísað til 3. umr. með 20. shlj. atkv.

Þriðja umr., 13. marz (A. 186).

ATKV.GR.:

Frumv. sþ. með 18 shlj. atkv. og afgreitt til Ed.

Fuglaveiðasamþykt.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum 13. apríl 1894 um fuglaveiðasamþykt í Vestmannaeyjum; 1. umr., 9. marz (A. 94).

Flutningsmaður (Jón Magnússon): Það er eftir tilmælum sýslunefndarinnar í Vestmannaeyjum, að eg flyt þetta frumv. um breyting á lögum 13.

apríl 1894, sem veita Vestmanneyingum heimild til að búa til fuglaveiðasamþykt. Það hefir af ógáti verið sett í lög þessi, að atkv. um málið hefðu bændur og alþingiskjósendur, en, þegar þau lög voru samin, þá var þetta tvent hið sama, eða því sem nær, en nú eru jarðabændur, o: þeir er rétt þann hafa, er samþykt á um að fjalla, — að eins lítill hluti (um 1/5) af öllum alþingiskjósendum á eyjunum.

Hér er því nauðsynlegt og sjálfsagt að breyta, og eg efast ekki um, að hin háttv. deild leyfi þessu máli greiðlega að ganga fram.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr.

Önnur umræða, 11. marz, (A. 94).

Flutningsmaður (Jón Magnússon): Málinu var tekið svo vel hér við 1. umr., að eg álít óþarft að fara frekar út í það nú.

Vona eg, að háttv. deild sýni því sömu velvild og áður.

ATKV.GR.:

Frumvarpsgreinin (þgskj. 94) samþ. í e. hlj.

Fyrirsögn frumv. samþ. í e. hlj.

Málinu vísað til 3. umr. með 22 samhlj. atkv.

Þriðja umr., 13. marz, (A. 187).

ATKV.GR.:

Frumv. samþ. með 16 samhlj. atkv. og afgreitt til Ed.

Kornforðabúr.

FRUMVARP til laga um samþyktir um kornforðabúr til skepnufóðurs, (A. 98), 1. umr., 9. marz.

Flutningsmaður (Sigurður Sigurðsson): Eg get verið stuttorður um þetta mál. Stjórn búnaðarfélagsins fór þess á leit við stjórnarráðið, að það ætlaði fé til lána þeim sveitum, er þess vildu óska í því augnamiði, að koma á fót kornforðabúrum. Landsstjórnin hefir orðið við þessum tilmælum, og hefi eg því í samráði við formann búnaðarfélagsins flutt frumv. þetta inn á þingið.

Eg skal ekki fara út í það, hve nauðsynlegar slíkar stofnanir eru hér á landi, einkum þar sem svo er ástatt, að ís getur lokað höfnum um langan tíma, og það þegar verst gegnir. Þetta skilja allir, og þá eigi síður hitt, hve illar afleiðingar þetta getur haft í harðindum og heyleysi. Allvíða virðist vera áhugi manna á þessu máli, og enda sumstaðar þegar komin upp vísir til forðabúra.

Eg álít því fulla nauðsyn þess, að heimildarlög um þetta efni séu hér til.

Jón Jónsson, (1. þm. S.Múl.): Sting upp á að vísa málinu til landbúnaðarnefndarinnar.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til landbúnaðarnefndarinnar með 13 atkv. gegn 2, og 1. umr. frestað.

Framhald 1. umr., 27. marz, (A. 98, n. 247).

Framsögumaður (Hálfdan Guðjónsson): Þar sem þetta er framhald 1. umr., er ekki ástæða til að minnast á breytingar á sérstökum ákvæðum laganna. Eg vil því mæla með, að deildin lofi máli þessu að ganga til 2. umr.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umræðu með 21 atkv. samhlj.

Önnur umræða, 29. marz, (A. 98, n. 247).

Framsögumaður (Hálfdan Guðjónsson): Það liggja ekki fyrir aðrar breyt.till., en þær sem nefndin hefir gert, og fram koma í nefndarálitinu. Nefndarálitið gerir annars grein fyrir tilgangi frv., og rekur einnig að nokkru sögu þeirra hlunninda, er í frumv. felast. Skal eg því ekki fjölyrða um það nú. Þó vil eg minnast á lánsheimildina, sem getið er um í síðustu málsgrein 21. gr. frumv. Þar segir svo, að alt að 10 þús. kr. lán megi veita úr viðlagasjóði til forðabúranna.

Eg þykist nú vita, að fleiri en eg muni viðkvæmir fyrir fjárframlögum, en það munar miklu, hvort farið er fram á lánsheimild, eða beint fjárframlag. Hér er að eins talað um lán — með vöxtum — til góðs og þarflegs fyrirtækis. Nefndin er því hlynt þessu. Sumir hafa þó verið þessu mótfallnir fyrir þá sök, að lögin muni grípa of mjög inn í framkvæmdir einstaklingsins, og sé þetta ófrjálslegt (að tryggja það með lögum). En eg tek það fram, að þessu er ekki þannig varið, hér er að eins að ræða um heimild í aðaldráttum, umgerð, sem samþyktirnar eiga að fylla út í. Hlutaðeigendur eru því alveg sjálfráðir, hvort þeir vilja koma þessu í framkvæmd eða ekki.

Lögin eru engan veginn tæmandi og er samþyktunum ætlað að gera nánari ákvæði.

Engin af breyt.till. nefndarinnar er veruleg efnisbreyting, flestar að eins orðabreytingar. Það er helzt 2., 3. og 6. br.till., er ástæða væri að tala um.

Í 2. breyt.till. er vikið að því, að betur þyki fara, að sýslunefndir skuli ekki einráðar um það, hvenær stofna skuli forðabúrið, heldur eigi hlutaðeigandi héruð þar frumkvæðið að, og feli svo sýslunefndinni málið til meðferðar.

Um 3. breyt.till. er lítið að segja, en greinilegra þótti að hafa fundarmanna í staðinn fyrir fundarins.

Í 6. breyt.till. er ráðið til að bætt sé inn í lögin nýrri grein um það, að í þeim sé trygging fyrir því, að samþyktirnar annist árlegt reikningshald forðabúrsins. Undir því er starfsemi og velferð forðabúranna komin, að góð skil séu gerð af framkvæmdum þeirra.

Ef ofmikið yrði til slakað, myndi alt verða í ólagi. Vér höfum því ekki þorað annað, en að hafa þetta ákvæði í lögunum.

Eg gleymdi að geta þess, er eg mintist á 3. gr., að nefndin hefir, auk þeirra breytinga, er eg gat um, lagt til, að í stað: »að ári liðnu«, komi: »á næsta aðalfundi sýslunefndar«. Aðalfundir sýslunefnda eru ekki ætíð á árs fresti; þar getur munað nokkuru, eftir því sem á stendur.

Eg þarf ekki að tala frekara um þetta; vona eg að háttv. þingd. fallist á breyt.till. nefndarinnar og frv. í heild sinni.

ATKV.GR.:

Br.till. á þgskj. 247 við 1. gr. sþ. með 14 shlj. atkv.

1. gr. frv. þannig breytt sþ. með 15 shlj. atkv.

Br.till. á þgskj. 247 við 2. gr. sþ. með 15 shlj. atkv.

2. gr. frv. þannig breytt sþ. með 13 shlj. atkv.

1.—3. br.till. á þgskj. 247 við 3. gr. taldar sþ. án atkv.gr.

4. br.till. á þgskj. 247 við 3. gr. sþ. með 15 shlj. atkv.

3. gr. frv. þannig breytt sþ. með 15 shlj. atkv.

1.—3. br.till. á þgskj. 247 við 4. gr. taldar sþ. án atkv.gr.

4. gr. frv. þannig breytt sþ. með 16 shlj. atkv.

1.—2. br.till. á þskj. 427 við 5. gr. taldar sþ. án atkv. gr.

5. gr. frv. þannig breytt sþ. með 15 shlj. atkv.

Br.till. á þskj. 247 um að ný gr. bætist við, er verður 6. gr. sþ. með 15 shlj. atkv.

6. gr. frv., er verður 7. gr. sþ. með 14 shlj. atkv.

7.—8. gr. frv., er verða 8.—9. gr. sþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. talin sþ. án atkv.gr.

Frv. í heild sinni þannig breytt sþ. með 16 shlj. atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Þriðja umræða, 13. apríl (A. 380).

ATKV.GR.:

Frv. sþ. með 20 shlj. atkv. og afgreitt til Ed.

Ein umræða, 29. apríl (A, 604, n. 629).

Framsögumaður (Hálfdan Guðjónsson): Þetta frv. kemur með svo örlitlum breytingum frá Ed., að nefndin ræður hinni hv. deild til þess að sþ. það eins og það nú er.

ATKV.GR.:

Frv. sþ. með 17 shlj. atkv. og afgreitt sem *lög frá alþingi.*

Skipun læknishéraða.

I.

Nauteyrarhérað.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum um skipun læknishéraða o. fl. (A. 106, 126); 1. umr., 10. marz.

Flutningsmaður (Skúli Thoroddsen): Mál þetta er góðkunnugt ýmsum háttv. þingdeildarmönnum síðan á síðasta þingi; þá var það allmikið rætt, og nú er það borið fram eftir áskorun frá sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu, og óskum íbúanna í því héraði, sem til er ætlast, að gert verði að sérstöku læknishéraði.

Frv. fer fram á, að Ísafjarðarlæknishéraði sé skift í tvö læknishéruð, Ísafjarðarhérað og Nauteyrarhérað, enda voru það tvö læknishéruð, unz síðasta alþingi ákvað, að Nauteyrarhérað skyldi lagt niður, og þó voru og eru þar um 1200 íbúar. Nú verða þeir að vitja læknis til Ísafjarðar, og geta þeir, sem kunnugir eru, bezt dæmt um, hve afarörðugt það oft og einatt muni vera. Það mun láta nærri, að vegalengdin til læknis sé, að því er þá snertir, sem næst eru, 3 mílur, en fyrir þá sem fjær búa rúmar 7 mílur á sjó; og á vetrum má heita, að ferðir þessar séu tíðum ófærar með öllu, og má í því skyni geta þess t. d., að póstur inn, sem fer milli Hjarðarholts og Ísafjarðar hefir vetrardaginn þráfaldlega ekki getað farið frá Arngerðareyri til Ísafjarðar á áætlunardegi, og það þótt góðan og stóran »mótorbát« hafi haft til ferðanna og er þessa að eins getið, til að sýna hina miklu erfiðleika, sem héraðsbúar eiga við að búa.

Á síðasta þingi var því haldið fram, að síminn mundi bæta úr þessum örðugleikum; en héraðsmönnum hefir önnur raun á orðið, og nærri má kalla, að þeir séu alveg læknislausir, enda má það heita nær ókleifur kostnaður, að verða að vitja læknis til Ísafjarðar, þar sem vélabátur frá Ísafirði kostar minst 25—30 kr. eða báðar leiðir 50—60 kr. eða jafnvel 70—75; og sé borgun til læknis með talin, kostar lækn-

isvitjanin auðvitað mun meira. Það er því auðséð, að það verða að eins þeir, sem efnaðri eru, sem geta kostað svo miklu til, en öll alþýða manna hlýtur að fara á mis við alla læknishjálp.

Auk þess er þegar er getið, má bæta því við, að læknar á Ísafirði — þótt þeirra sé vitjað, og miklu til þess kostað — þykjast oft ekki eiga heimangengt, og vilja því helzt að sjúklingarnir séu fluttir á sjúkrahúsið á Ísafirði; en við það eykst kostnaðurinn hálfu meir, eins og öllum er auðskilið.

Í bænarskrá héraðsbúa til alþ. er það og tekið fram, að engin bólusetning hafi farið fram í Nauteyrarhéraði síðan 1906, er læknir fór þaðan og hljóta allir að sjá, hversu afar óheppilegt slíkt ástand er. Eg vona því, að hin háttv. deild sjái, að hér er um mesta nauðsynjamál að ræða, og lofi málinu hindrunarlaust fram að ganga.

Eg vil að endingu leyfa mér að leggja það til, að 3 manna nefnd verði kosin í málið.

Eggert Pálsson: Eg hefi ásamt hv. 2. þm. Rangv. (E. J.) leyft mér að koma fram með viðaukatill. við frv. þetta, viðaukatill. sem fer í þá átt, að stofnað verði sérstakt læknisumdæmi úr 4 austustu og neðstu hreppum Rangárvallasýslu. Og vona eg, að hin háttv. deild verði mér og samþingismanni mínum samdóma um að mál þetta er mesta nauðsynjamál fyrir héraðsbúa. Allir, sem kunnugir eru vita, hve vatnsföllin austur hjá okkur leggja sig mjög í millum og hefta allar samgöngur, oft og einatt um lengri tíma.

Þeir menn, sem búa í þessum hreppum, er nú voru nefndir, eru þannig alloftast útilokaðir frá læknishjálp vegna vatna, sem liggja á báðar hendur: Jökulsá að austan og Þverá að vestan, einhverjar hinar mestu torfærur hér á landi, er spyrja ekki að því, hvort mönnum sé það nauðsynjamál eða ekki að komast leiðar sinnar.

Í þessum héruðum eru búsettir hér umbil 1800—1900 menn, sem hafa þannig mjög mikla erfiðleika á að fá notið læknishjálpar, að minsta kosti oft og tíðum. Og þessir erfiðleikar að afla sér nauðsynlegrar læknishjálpar hafa farið vaxandi en ekki minkandi við breytingu þá, er síðast var gerð á skipun læknishéraðanna, þar sem Vestur-Eyjafjallahreppur var slitinn frá Rangárhéraði og lagður við Mýrdalshérað, um leið og héraðslækninum í Rangárhéraði var gefið eftir að sitja vestur á Rangárvöllum, í stað þess að áður bjó hann á Stórólfshvoli. Vegalengdin til læknis fyrir þá sem í austursýslunni búa, hefir því vaxið og meiri tálmanir nú fyrir þá á leiðinni, þar sem er Eystri-Rangá, er oft getur verið ill yfirferðar.

Áður höfðu Rangæingar ágætan lækni búsettan í miðri sýslu ötulan og hjálpfúsan, er ekki lét sér torfærurnar fyrir brjósti brenna, heldur fór oft ótilkvaddur að vitja sjúklinga sinna, ef hann hugði þess vera þörf. Og meðan svo var ástatt fundu héraðsbúar ekki eins sárt til erfiðleikanna, sem því eru samfara að geta notið nauðsynlegrar læknishjálpar á þessum slóðum.

Því hefir stundum verið haldið fram, að ekki þýddi að brytja þannig niður læknishéruðin og gera þau mjög smá, því að þá myndu engir fást til að sækja um þau.

En að því er þetta hérað snertir, er hefir 1800—1900 íbúa, þá verður ekki annað sagt en að það hlyti að vera mjög aðgengilegt, auk þess sem það liggur í einhverjum bezta hluta landsins, hinum veðursælasta og gróðursælasta.

Hitt héraðið, Rangárhéraðið, yrði jafn fýsilegt eftir sem áður, þótt hreppar nir fyrir austan Þverá væru teknir frá því, af því að læknir hefir svo að segja engar tekjur, engin not af þeim hreppum; er naumast teljandi þótt hans kunni að vera vitjað þangað tvisvar, þrisvar eða fjórum sinnum á ári. Honum mundi vera meiri hagur að því að losna við erfiðleikana, sem því eru samfara.

Þó að Austur- og Vestur-Landeyjahreppar væru teknir frá, þá yrði Rangárlæknishérað ekki óaðgengilegra fyrir það, heldur einmitt aðgengilegra, þar eð ekki væri þá yfir Þverá að fara.

Skal eg svo ekki fara um þetta fleiri orðum, en þar eð eg geri ráð fyrir að nefnd verði kosin til þess að athuga þetta læknaskipunarmál, þá vænti eg að hún liti á hinar sanngjörnu kröfur, er hér eru frambornar.

Jón Jónsson (N.-M.): Mér virðist að sama megi segja um þetta mál og skipun prestakalla, að úr því geti orðið alveg ótækt hreppaþras, því að hjá því verður ekki komist að altaf verði hér álitamál í þessu efni. Það er röng aðferð að taka þannig eitt og eitt hérað; ætti heldur að athuga allsherjar héraðaskipun í landinu — og þá velja úr þau héruð, þar sem þörfin er brýnust, svo að skipunin gæti orðið sem hentust.

Hins vegar eru líka dæmi þess, að sum héruð eru læknislaus, og væri þá nær að skipa fyrst lækna í þau, áður en farið er út í frekari skipun eða skifting héraðanna.

Jón Jónsson (S.-M.): Eg vil leyfa mér að gera þá br.till., að kosin verði 5 manna nefnd, af því að líkindi eru til að fram komi fleiri sams konar till. um fjölgun læknishéraða.

Óska eg að 5 manna nefnd sé borin upp.

ATKV.GR.:

Till. um 5 manna nefnd sþ. með 16 atkv. gegn 7 að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Jón Ólafsson,	Bjarni Jónsson,
Benedikt Sveinss.,	Björn Jónsson,
Björn Sigfússon,	Björn Kristjánsson,
Einar Jónsson,	Jón Jónsson N.-M.,
Hannes Hafstein,	Jón Sigurðsson,
Hálfdan Guðjónss.,	Jón Þorkelsson,
Jóh. Jóhannesson,	Sigurður Gunnarss.
Jón Jónsson S.-M.,	
Jón Magnússon,	
Magnús Blöndahl,	
Ólafur Briem,	
Pétur Jónsson,	
Sigurður Sigurðss.,	
Skúli Thoroddsen,	
Stefán Stefánsson,	
Þorleifur Jónsson.	

Kosnir voru með hlutfallskosningu:
Skúli Thoroddsen,
Jón Magnússon,
Þorleifur Jónsson,
Jón Sigurðsson,
Pétur Jónsson.

Í nefndinni var Skúli Thoroddsen valinn form. og framsm., en Jón Sigurðsson skrifari.

Framhald 1. umr., 16. apríl, (A. 106, 126, 174, n. 443).

Framsögumaður (Skúli Thoroddsen): Þegar við 1. umr. þessa máls gerði eg ítarlega grein fyrir nauðsyninni á, að stofna nýtt læknishérað í Norður-Ísafjarðarsýslu, Nauteyrarhérað, að þar er engu við að bæta. Meiri hluti nefndarinnar komst að þeirri niðurstöðu, að ekki ætti við að fresta því, að verða við þeirri ósk, sem þinginu hefir borist úr héruðunum við innanvert Ísafjarðardjúp.

Í hinum ýmsu héruðum landsins eru menn enn óánægðir með læknaskip-

unina, og viða talsverð þörf á breytingum á henni, eins og sést meðal annars af því, að fyrir þinginu liggja nú einnig óskir um tví-skiftingu Sauðárkrókshéraðs, og stofnun tveggja nýrra héraða annara, Norðfjarðar- og Eyjafjallahéraða; en þótt þingið geti ekki orðið við allra óskum í senn, ætti það að gera sér að reglu, að fjölga læknishéruðunum smámsaman, og sér meiri hluti nefndarinnar sér eigi fært að ráða þinginu til að samþ. þrjú síðast nefnd frumv. að þessu sinni.

Jón Magnússon: Eg vil fyrst leyfa mér að spyrja, hvort rétt sé eftir þingsköpunum að ræða í einu þessi þrjú mál. Ef háttv. forseti ályktar að slíkt megi, má halda umr. áfram. Vil eg áður en eg segi álit mitt á málum þessum heyra úrskurð hins háttv. forseta.

Forseti (H. Þ.): Eg álít réttast að vísa þessu máli til 2. umr., eins og það liggur fyrir í heild sinni með viðaukatill. á þskj. 126 og 174, sem ekki eru í sérstöku frumvarpsformi, eins og frumv. um Norðfjarðarhérað (á þskj. 157). Hér verður því rætt um það, sem stendur í sambandi við frumv. á þskj. 106, og það, sem nefndin, er skipuð var upphaflega í það mál, hefir tekið til meðferðar.

Jón Magnússon: Eg var með öðrum manni í minni hluta nefndarinnar og gátum við eigi orðið meiri hlutanum samferða. Skal eg geta þess, að okkur virtist ekki ástæða til að fjölga læknishéruðum, meðan ekki væri til læknar í þau, sem þegar eru stofnuð. Hins vegar viðurkenni eg, að þörf sé á lækni t. d. í Nauteyrarhéraði, en svo er viðar en þar, vil eg tilnefna í Borgarfirði austur. Einhver takmörk verða þó að vera fyrir því, hvaða byrðar má leggja á landssjóðinn, og fjölgun héraðanna hefir líka óumflýjanlega í för með sér rýrnun á »praxis« hinna einstöku lækna.

Eg sé, að háttv. Ed. ætlast til að stofnað verði nýtt hérað í Strandasýslu. Veit eg eigi, hvar á að taka læknana, því að erfitt mun að fá lækni í Nauteyrarhérað. Þar sem sett er í ákvæði þessa frumv., að lögin eigi komi í framkvæmd fyr en læknir er skipaður í þetta hérað, þá getur það verið gott og blessað, en það er hætt við að fleiri rísi upp og þyki sér þörf á lækni, gangi á sama lagið og svo þarf landssjóður að bera byrðina.

Eg er eigi að mótmæla því, að þörfin sé eins mikil í Nauteyrarhéraði, eins og háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) segir, en vér verðum að fara eftir getum okkar hér á þessu fámenna og fátæka landi. Talað hefir verið um að forðast að stofna ný embætti, og á það sömuleiðis við hér. Erlendis er eigi kostað svo afarmiklu til læknahalds af opinberu fé, enda er svo um búið, að þeir fá góð laun af þeim, sem nota þá, og svo er líka hérlendis.

Réttast virðist mér að leitað sé til stjórnarinnar um skifting læknishéraða. Heyrir slíkt tæpast undir starfsvið alþingis.

Pétur Jónsson: Eg vil að eins bæta örfáum orðum við það, sem háttv. þm. Vestm. (J. M.) sagði. Eg er sammála honum í öllu um þetta mál og þarf eigi að taka upp röksemdir hans.

Nefndin hefir ekki velt þessu máli fyrir sér á marga vegu, það hafa ekki verið haldnir margir fundir út af því, og ekki verið rætt um neina aðra útvegi til þess að bæta úr þörf hinna einstöku héraða, en að fjölga læknahéruðum með lögum. En úr þessari þörf verður ekki bætt með því að skapa ný læknishéruð, sem enginn læknir fæst í. Í Norður-Þingeyjarsýslu eru 2 læknishéruð, og hefir lækn-

ir af og til fengist í annað þeirra, en aldrei fengist læknir í bæði í senn.

Mér hefir nú dottið í hug, að skjóta því til háttv. þingdeildarmanna, að athugað verði, hvort ekki mundi tiltækilegt að bæta úr þessum skorti á annan hátt, t. d. með því að yfirsetukonur fengju fyllri mentun en þær nú fá, og væru svo settar í slík héruð. Brýnasta og bráðasta þörfin er að hjálpa konum í barnsnauð.

Það er ekki nema eðlilegt, að mönnum í Nauteyrarhéraði þyki langt að vitja læknis til Ísafjarðar, og það er jafn-eðlilegt, að Ísfirðingum falli illa að missa lækninn frá sér svo langt í burtu.

Sumstaðar er þó enn erfiðara í þessu efni en í Nauteyrarhéraði, þar sem 2 læknar eru á Ísafirði; það er t. d. miklu verra í Grímsey og í Öræfunum, svo og í N.-Þingeyjarsýslu, einfremur í Flatey og á Flateyjardal í Fjörðum í Þingeyjarsýslu. Þar er yfir sjó að fara og oft mikil áhætta við það ferðalag. Enda fer það þar saman, að læknirinn má illa missa sig svo langt í burtu, og hins vegar hlýtur hann að jafnaði að koma of seint til hjálpar.

Þetta virðist mér íhugunarvert, og ekki hægt að koma upp svo mörgum læknishéruðum, að úr því verði bætt að fullu. Þau myndu verða svo rýr, að ekki er við því að búast, að menn, sem hafa varið 12 árum eða meira af bezta hluta æfi sinnar til þess að búa sig undir þennan starfa, vilji sæta slíkum héruðum; þeir hafa lagt svo mikið í kostnað við námið, að til þessa er ekki að ætlast. En úr þessu mætti bæta með miklu ódýrara móti: að skipa hæfar yfirsetukonur í hin afskektu héruð. Þær hefðu leyst af hendi próf, sem sýndi að þær gætu farið með fæðingartengur, enda bundið um beinbrot og sár. — Það mætti líka kenna greindum mönnum að binda um beinbrot og kippa í lið. Lífshættutilfelli önnur en barnsnauð eru fátíð sem betur fer.

Eg vil því ekki fjölga læknishéruðum að svo söddu.

Framsögumaður (Skúli Thoroddsen): Aðalmótbára minni hluta nefndarinnar virðist vera læknafæðin og spádómur um það, að ekki muni fást læknar í hin afskektu héruð.

Ef litið er á kjör lækna hér á landi. og þau borin saman við kjör presta alment, þá vitum vér, að seinni hluta síðastliðinnar aldar fengust all-oftast prestar til allra útkjálka-prestakalla landsins, enda þótt prestaköllin væru miklu verri eða ólífvænlegri, en læknahéruðin eru, og hygg eg, að eigi sé fremur ástæða til að óttast, að læknar fáist eigi í útkjálkahéruðin, er frá liður. Ef læknishéruðunum verður fjölgað, þá munu fleiri leggja stund á læknisfræði, en til þessa hefur verið.

Háttv. þm. Vestm. (J. M.) gat þess, að læknaskipunin væri nýlega komin í það horf, að ógerlegt væri og landssjóði um megn, að fjölga læknahéruðum frekar, en gert hefði verið á síðasta alþingi. En til þessa er því að svara, að landssjóður verður að hafa einhver ráð þegar líf manna liggur við; það verður að ganga fyrir öllu öðru.

Það hefir verið hreyft þeirri mótbáru gegn málinu, að á Ísafirði séu 2 læknar. En það bætir lítið úr, að því er til Nauteyrarhéraðs kemur, þótt á Ísafirði sé aðstoðarlæknir, þar sem þar er sjúkrahús, sem sinna verður daglega, og bæjarbúar hátt á 2. þúsund að tölu; auk þess er þeim skylt að gegna læknisstörfum í Bolungarvíkurverzlunarstað, þar sem íbúatalan er yfir 1000 manns, sem og í Súðavíkur-

og Eyrarhreppum. — Og víst er um það, að ekki þykir Bolvíkingum sér betur borgið, en svo, þótt tveir læknar séu á Ísafirði, að þegar eg var staddur fyrir vestan í febr. þ. á., báðu þeir mig að leitast fyrir hér syðra, og reyna að útvega þeim lækni, og buðust þeir til, að borga honum 800—1000 kr. á ári úr sínum vasa. Eg hefi nú leitað fyrir mér hér, en ekki getað fengið neinn að svo komnu.

Eg hefi getið þessa, til þess að sýna fram á, að læknarnir á Ísafirði hafa nóg að gera, þótt sérstakur læknir yrði skipaður í Nauteyrarhéraði.

Skal eg svo ekki fjölyrða um þetta, en vona að háttv. deild telji sér þeim mun skyldara, að samþykkja þetta frumv., sem það er kunnugt, að þessi héruð urðu mjög hart úti á síðasta þingi, er þau voru eigi að eins svift lækni, heldur og presti. —

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. með 12 : 4 atkv.

Önnur umr., 19. apríl. (A. 106, 126, 174, n. 443).

Framsögumaður (Skúli Thoroddsen): Eg hefi engu við það að bæta, sem eg tók fram við 1. umr. þessa máls, en vil að eins leyfa mér að mæla sem bezt með því, að frumv. þetta verði samþykt. Að því er snertir viðauka- og breyt.till., sem komið hafa fram við frumv., þá sér nefndin sér ekki fært, að veita henni meðmæli sín, þar sem hún hefir aðhylst þá stefnu, að bæta að eins að nokkru úr læknaþörfinni á hverju þingi, og byrja þar sem þörfin er brýnust; en að því er skiftingu Rangárvallasýslu í tvö læknahéruð snertir, þá er þar ekki um jafn óhjákvæmilega þörf að ræða, sem í héruðunum við innanvert Ísafjarðardjúp, hægra yfirferðar, en þar sem sjósókn verður að sæta. —

Eggert Pálsson: Eg býst ekki við, að það hafi mikið að þýða, að fara mörgum orðum um þá till. mína, sem fer fram á að stofna læknishérað á milli Þverár og Jökulsár á Sólheimasandi. Eg veit að þessi till. er þegar fyrirfram dauðadæmd, enda hefir nefndin lagt það til að hún verði felld, enda þótt hún telji óskina réttmæta og á rökum bygða, sem liggur til grundvallar fyrir tillögunni. Hún gefur í áliti sínu von um, að þessari mjög svo sanngjörnu málaleitun verði síðar fullnægt, og þótt mikið sé máske ekki á því að byggja, þá getur þó verið að það sé betra en ekki neitt.

Flestir, sem til þekkja á þessu svæði játa, að það sé engin vanþörf á að fá lækni í þessi héruð. Bæði þessi vötn, Jökulsá og Þverá, eru vond yfirferðar, og geta oft og tíðum verið ófær með öllu þegar sækja þarf lækni, svo að mönnum á þessu svæði eru í þessum efnum allar bjargir bannaðar.

Hvað það atriði snertir, að enga þýðingu hafi að stofna þetta hérað að svo stöddu, með því að enginn læknir fáist í það, þá hygg eg að það sé ekki mikil ástæða. Héraðið yrði jafn mannmargt og mörg önnur læknishéruð — íbúatalan 18—19 hundruð manns — og auk þess um fagrar og frjósamar sveitir að ræða. Og þetta hvorutveggja mundi hvetja lækna til þess að sækja um það. Annars býst eg ekki við því að það þýði að tala um þetta frekar, því háttv. þingd. mun þegar hafa ákveðið forlög till.

En eg vil leyfa mér að nota tækifærið til að taka það fram, að eg hygg, að bæta mætti dálítið úr vandkvæðunum í bráðina, ef breytt væri takmörkum læknishéraðanna í sama horf

og áður var, og læknunum í Rangárhéraði gert að beinni skyldu, að sitja einhverstaðar í Hvolhreppi eða utast í Fljótshlíð. Áður fylgdi sem sé að eins Austur-Eyjafjallahreppur Mýrdalslæknishéraði en Vestur-Eyjafjallahreppur Rangárhéraði.

En þegar læknaskipuninni var breytt á seinasta þingi, þá var Vestur-Eyjafjallahreppur einnig látinn fylgja Mýrdalshéraði, og læknunum í Rangárhéraði þá sennilega jafnframt leyft að sitja úti á Rangárvöllum. En þessi breyting hefir gert mönnum í Vestur-Eyjafjalla og Landeyja hreppum enn þá erfiðara fyrir en áður var. Þótt vötnin séu nokkurn veginn jafnvond á báða bóga, Jökulsá og Þverá, þá er íbúum Vestur-Eyjafjallahrepps gert enn þá óþægilegra fyrir, að skylda þá til að leita læknis austur í Mýrdal yfir Jökulsá, ef þarf á honum að halda, heldur en yfir Þverá, í Hvolhrepp. Og aukning óþægindanna fyrir íbúa Landeyjahreppanna við þessa breytingu er öllum auðsæ, þar sem þeir nú verða að leita læknisins út á Rangárvelli, í stað þess áður að eins upp í Hvolhreppinn. Vegalengdin hefir þannig ekki að eins lengst fyrir þá, þegar læknis þarf að vitja, heldur líka bætist við þá ein á til yfirferðar, nefnilega Eystri-Rangá, sem að vísu er ekki ægilegt eða mikið vatnsfall, en getur þó einatt orðið mikil og illfær í vatnavöxtum. Að gera þessa breytingu á takmörkun læknishéraðanna og aðsetursstað læknisins í Rangárhéraði, sem hér hefir verið bent á, verð eg að álíta að bráðnauðsynlegt sé — og það sem allra fyrst — og það sé hið minsta, sem hægt sé að gera fyrir íbúa nefnds hrepps, þangað til réttmætri ósk þeirra um sérstakan lækni verður fullnægt.

Jón Ólafsson: Það er eitt, sem mér þykir merkilegt við frumv. þetta, að eftir því sem sakir standa með lækna hér á landi, þá eru engar líkur til, að sótt verði um Nauteyrarhérað, og þó hefir verið lagt allmikið kapp á það af flutningsm. þess máls, að koma því gegnum þingið. Það eina, sem leitt getur af frumv. þessu er það, að læknirinn á Ísafirði getur fengið möguleika til þess að fá launin, eða með öðrum orðum tvöföld laun. Það stendur ekkert annað en þetta í frumv., ef breyt.till. við það verður ekki samþ. og þá væri það auðvitað engin frágangssök fyrir hann að fá aðstoðarlækni sinn til þess að sækja um héraðið um stundarsakir.

Framsögumaður (Skúli Thoroddsen): Eg skal að eins benda á, að breyt.till. sú, sem nefndin leggur til, að samþykt verði, girðir fyrir, að lögin baki landssjóði nokkur útgjöld, fyr en sérstakur læknir er skipaður í héraðið. En að ætla sér, að einhver læknir muni sækja um Nauteyrarhérað að eins að gamni sínu, eða til þess að nágrannalæknir geti síðar náð í tekjurnar, svo sem mér skildist á ræðu háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.), virðist lítt hugsanlegt, og eigi sem góðgjarnlegust tilgáta.

Hvað aðstoðarlækninn á Ísafirði snertir, þá hefir Nauteyrarhérað ekkert gott af honum, því að eins og eg áður hefi nægilega sýnt fram á, þá eru það örðugleikarnir, sem mestu valda, og þeir minka ekki, þótt tveir læknar séu á Ísafirði. — Og þó að ráðist sé í það, þrátt fyrir gífurlegan kostnað, að vitja læknis til Ísafjarðar, þá er mjög hæpið, að hann eigi heimangengt, þótt tveir læknar séu á Ísafirði, því að þeir hafa alloftast ærinn starfa í Ísafjarðarkaupstað og sveitunum, sem næstar eru, enda eykur sjúkrahúsið á Ísafirði þann starfa að mun. Má í þessu sambandi geta þess, að í

Bolungarvíkur-verzlunarstað eru menn ekki ánægðari en svo að þurfa að vitja læknis til Ísafjarðar, að þeir vilja jafnvel leggja fram úr eigin vösum 800—1000 kr. árlega, til að fá lækni þar. En þar sem læknar á Ísafirði eru svo önnum kafnir, að þeir geta ekki fullnægt þörfum manna í Bolungarvík, hlýtur þá eigi öllum að vera ljóst, hve miklum mun ver muni ástatt í Nauteyrarhéraði, sem er í miklu meiri fjarska?

ATKV.GR.:

Viðaukatill. (þskj. 126) feld með 13 : 3 atkv.

Viðaukatill. á þskj. 174 tekin aftur.

Viðaukatill. (þskj. 443) sþ. með 20 atkv.

Frv. þannig br. sþ. með 13 : 8 atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. með 15 : 5 atkv.

Þriðja umr., 21. apríl (A. 528).

ATKV.GR.:

Frumv. samþ. með 16 : 5 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Jón Ólafsson,
Björn Jónsson,	Einar Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Jón Jónss., S.-M.,
Björn Sigfússon,	Pétur Jónsson,
Björn Þorláksson,	Stefán Stefánsson,
Eggert Pálsson,	
Hálfdan Guðjónss.,	
Jón Jónsson, N.-M.,	
Jón Sigurðsson,	
Jón Þorkelsson,	
Magnús Blöndahl,	
Ólafur Briem,	
Sig. Gunnarsson,	
Sig. Sigurðsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Þorleifur Jónsson.	

Frumv. afgreitt til Ed.

II.

Flateyrarhérað.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv.br. 1907 um skipun læknishéraða o. fl. (A. 537); 1. umr., 24. apríl.

Jón Jónsson (1. þm. S.-Múl.): Eg vil leyfa mér að koma fram með þá till., að þessu máli sé vísað til nefndarinnar í læknamálinu.

Skúli Thoroddsen: Eg get ekki séð, að þörf sé á því, að vísa þessu máli til nefndarinnar. Það hagar svo til í Vestur-Ísafjarðarsýslu, að læknirinn er búsettur á Þingeyri, og þess vegna mjög erfitt fyrir ýmsa, einkum menn úr Súgandafirði að vitja hans þangað, þar sem þeir þurfa þá að sækja yfir 2 heiðar, og yfir 2 firði, nefnil. Klofningsheiði, sem er há, og mjög ill yfirferðar, fara síðan yfir Önundarfjörð, þaðan yfir Gemlufellsheiði, og síðan yfir Dýrafjörð. — Að vetrinum geta komið fyrir ísalög á Dýrafirði, sem banna alla yfirferð, og þá er ekki annars kostur, en að kræka inn fyrir fjörðinn, sem er mjög langur og erfiður vegur.

Það hefir lengi verið ósk manna í Vestur-Ísafjarðarsýslu, að læknir sæti og á Flateyri. Læknishérað þetta mundi einnig verða all-fýsilegt fyrir lækna, og stæði fráleitt lengi óveitt, þar sem það yrði hægt hérað, en þó all-fjölment; til Flateyrar er og mikil sigling af útlendum skipum, sem oft þurfa læknis við.

Eg vona því, að háttv. deild taki frumv. vel, þar sem mjög mikil sanngirni mælir með því, og samþykki ekki, að vísa málinu til nefndarinnar, sem er með öllu óþarft, og að eins til tímatafar.

Jón Jónsson (1. þm. S.-Múl.): Eg verð að halda fast við uppástungu

mína. Það er engu minni ástæða til þess, að vísa þessu máli til nefndar og athuga það þar, en öðrum samskonar málum, sem deildin hefir fjallað um.

ATKV.GR.:

Samþykt að vísa málinu til 2. umr. með 14 atkv.

Till. um, að vísa málinu til læknanefndarinnar feld með 12 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson,	Bjarni Jónsson,
Einar Jónsson,	Jón Ólafsson,
Hannes Hafstein,	Ben. Sveinsson,
Hálfdan Guðjónss.,	Björn Jónsson,
Jóh. Jóhannesson,	Björn Kristjánsson,
Jón Jónsson S.-M.,	Björn Sigfússon,
Jón Jónsson N.-M.,	Björn Þorláksson,
Jón Magnússon,	Magnús Blöndahl,
Jón Sigurðsson,	Sig. Gunnarsson,
Ólafur Briem,	Sig. Sigurðsson,
Pétur Jónsson,	Skúli Thoroddsen,
Stefán Stefánsson.	Þorleifur Jónsson.

Önnur umr., 26. apríl (A. 537).

ATKV.GR.:

Frumvarpsgreinin samþ. með 13 : 6 atkv.

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkv.-greiðslu.

Frumv. vísað til 3. umr. með 13 : 5 atkv.

Þriðja umr., 30. apríl. (A. 537).

ATKV.GR.:

Frumv. samþ. með 14 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Jón Ólafsson,
Bened. Sveinsson,	Eggert Pálsson,
Björn Jónsson,	Einar Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Hannes Hafstein,
Björn Þorláksson,	Jóh. Jóhannesson,
Hálfdan Guðjónss.,	Jón Jónsson S.-M.,
Jón Jónsson, N.-M.,	Stefán Stefánsson.
Jón Sigurðsson,	
Magnús Blöndahl,	
Ólafur Briem,	
Sig. Gunnarsson,	
Sig. Sigurðsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Þorl. Jónsson.	

Frumvarpið afgreitt sem *lög frá alþingi.*

III.
Reykjarfjarðarhérað.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907 um skipun læknishéraða o. fl. (A 541); 1. umr. 24. apríl.

Jón Jónsson (S.-Múl.): Leyfi mér að stinga upp á að málinu sé vísað til læknanefndar.

Skúli Thoroddsen: Það er mesti óþarfi, að vísa máli, sem er jafneinfalt og óbrotið til nefndar, og vil eg því fastlega mæla á móti því.

Jón Jónsson (S.-Múl.): Þetta mál er ekki óbrotnara eða einfaldara en samskyns mál, sem legið hafa hér fyrir og verið sett í nefnd.

ATKV.GR.:

Samþ. að vísa málinu til 2. umr. með 14 atkv.

Felt að vísa málinu til læknanefndar með 12 : 12 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Jón Ólafsson,	Bjarni Jónsson,
Eggert Pálsson,	Bened. Sveinsson,
Einar Jónsson,	Björn Kristjánsson,
Hannes Hafstein,	Björn Jónsson,
Jóh. Jóhannesson,	Björn Sigfússon,
Jón Jónsson, N.-M.,	Björn Þorláksson,
Jón Jónsson, S.-M.,	Hálfdan Guðjónss.,

Já:	*Nei:*
Jón Magnússon,	Magnús Blöndahl,
Jón Sigurðsson,	Sig. Gunnarsson,
Ólafur Briem,	Sig. Sigurðsson,
Pétur Jónsson,	Skúli Thoroddsen,
Stefán Stefánsson,	Þorleifur Jónsson.

Önnur umr., 26. apríl (A. 541).

Jón Magnússon: Eg hafði ekki búist við því, að þetta frumv. myndi komast svo langt hér í deildinni. Það er að minni hyggju svo fráleitt. Eg skil ekki heldur, að það sé mikill ávinningur fyrir héraðsbúa, því að nyrðra læknishéraðið yrði að minsta kosti að jafnaði læknislaust. Nú eru í Strandahéraði um 1400 manns og því á nú að skifta í tvent, í öðru héraðinu verða þá um 500 manna, en í hinu 900.

Annar læknirinn býst eg við, að mundi sitja í Reykjarfirði eða við Gjögur, en hinn á að sitja á Hólmavík. Eg skal nú ekki fara að fást um það, þótt takmörkin milli héraðanna séu óheppileg, úr því læknarnir eigi að búa þannig, en hitt er mjög alvarlegt íhugunarefni, að háttv. meiri hluti ætlar nú að bæta við þremur nýjum læknishéruðum á vesturtanga landsins, svo að á tanga þessum, er afmarkast af línu dreginni úr Gilsfjarðarbotni í Bitrufjarðarbotn, verða 12 launaðir embættislæknar. Og með því að ekki verður séð, að nein ástæða eða sanngirni sé til að hafa fleiri héraðslækna að tiltölu þar en annarsstaðar á landinu, — ferðalög eru þar ekkert örðugri en til að mynda á Austurlandi, — þá hlýtur það að fara svo, að héraðslæknum verði fjölgað annarsstaðar, svo að talan komist á næstu árum upp í 90 að minsta kosti eða launuðum embættislæknum fjölgi um þriðjung í minsta lagi.

Þá ber þess og að gæta, að þótt í svona löguð héruð kynni að takast að fá lækni sem snöggvast eru litlar eða engar líkur til að svo yrði framvegis, svo að afleiðingin af slíkri fjölgun læknahéraða verður að eins aukin útgjöld fyrir landssjóð, án nokkurrar bótar fyrir héraðsbúa.

Það hefir vitanlega enga þýðingu, að vera að tala um þetta. Háttv. meiri hluti hefir ákveðið, að þetta skuli fram ganga og eru þessi mál ófyrirsynju gerð að flokksmáli, og verður ranglætið því meira, sem felt var hér í deildinni nýlega frumv. um að stofna sérstakt læknishérað í Norðfirði, þar sem þó engum getur dulist, að miklu meiri ástæða var til að stofna læknishérað eða láta lækni sitja.

En að fara að búa til læknishérað í nyrðra hluta Strandasýslu fyrir 500 manns eða líklega að eins 400 manns nær engri átt.

Þá væri nær að senda lækni út í Grímsey.

Einar Jónsson: Frá því þetta frv. kom hér í deildina hefi eg verið á móti því og yfir höfuð flestum frumv. af líku tagi. Hyggilegasta reglan, sem hægt væri að taka upp, hygg eg væri sú, að fara eins með erfiðustu héruðin og t. d. Öræfinga, veita þeim einhvern styrk, til þess að standast kostnað af læknishjálp.

Þessi leið finst mér ólíkt sanngjarnari og heppilegri en sú, að stofna ný embætti hvert á fætur öðru.

Ef fram kæmi till. í þessa átt, þá mundí eg greiða henni atkvæði. En þessum nýju embætta-stofnunum er eg gersamlega mótfallinn; tel þá stefnu bæði óheppilega og jafnframt skaðlega fyrir þjóð og þing í heild sinni.

Skúli Thoroddsen: Mér skildist það á ræðu háttv. þm. Vestm. (J. M.), að honum þætti fara að verða fullskipað á vesturkjálka landsins, að því er til læknahéraða kemur.

Eg skal játa það, að ef þetta frumv. nær fram að ganga, sem eg vona að verði, þá bætist vel úr þeirri miklu nauðsyn, sem á því er, að læknahéruðum sé þar fjölgað.

Eg er að vísu ekki vel kunnugur í Múlasýslum, en það þori eg að fullyrða, að ekki muni örðugleikar þar jafnast til hálfs á við það, sem er í norðurhluta Strandasýslu.

Strandamenn hafa áður óskað, að fá þessa tvískiftingu á læknishéraðinu, og þó að þessi lög kæmu að sjálfsögðu ekki til framkvæmdar fyr en sérstakur læknir fæst, er það þó héraðsmönnum hugarléttir, að vita, að mál þetta er útkljáð af þingsins hálfu, svo að þeir þurfa eigi að knýja á þær dyr lengur.

Meiri hlutinn á þingi ætlar sér nú, að verða við óskum Strandamanna, og þykist eg vita, að minni hlutinn muni kalla þetta yfirgang, þegar litið er á afskifti meiri hlutans af tveim samkynja málum nú á þinginu; en honum ætti ekki að bregða mjög, því að hann þarf ekki annað, en íhuga sína fyrri breytni, gagnvart kjördæmum sínum og flokksbræðrum. — Oss er öllum svo farið, að vér sjáum glöggt það, sem miður fer hjá öðrum; en þegar minni hlutinn sér, að breytni meiri hlutans í þessu efni er ráðríkiskend, þá sér hann og sína fyrri breytni sem í spegli.

Það er ekki rétt hjá hinum háttv. þm. Vestm. (J. M.), að eg sé framsögumaður þessa máls, því málið er komið frá Ed. — Þá mintist háttv. þm. Vestm. (J. M.) þess, að flokkur sá, er hann telst til, hefði alveg hreinar hendur, hefði aldrei litið á hag sinna kjördæma eða flokksbræðra, öðrum kjördæmum fremur. — Mér og fleirum er þó enn minnisstætt, er þeir stofnuðu nýtt kjördæmi í Vestur-Ísafjarðarsýslu, til þess að koma einum flokksbræðra sinna á þing, og skal eg eigi nefna fleiri dæmi að sinni, þótt margt mætti til tína, svo sem þjóðkunnugt er.

Þegar verið er að tala um læknafjölgun, þá má því ekki gleyma, að þar er um mál að ræða, sem landssjóður verður að hafa tök á að sinna, því það er þó fyrsta og réttmætasta krafan, að konum í barnsnauð og dauðvona mönnum sé sýnd einhver líkn.

ATKV.GR.:

Frumvarpsgreinin samþykt með 14 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Ben. Sveinsson,
Jón Ólafsson,	Björn Jónsson,
Eggert Pálsson,	Björn Kristjánsson,
Einar Jónsson,	Björn Sigfússon,
Hannes Hafstein,	Björn Þorláksson,
Jóh. Jóhannesson,	Hálfdan Guðjónss.,
Jón Jónsson S.-M.,	Jón Jónss. N.-M.,
Jón Magnússon,	Sig. Gunnarsson,
Jón Sigurðsson,	Sig. Sigurðsson.
Magnús Blöndahl,	
Ólafur Briem,	
Skúli Thoroddsen,	
Stefán Stefánsson,	
Þorleifur Jónsson.	

2 þm. greiddu ekki atkv., og töldust til meiri hlutans.

Fyrirsögn frumv. samþykt án atkv.-greiðslu.

Málinu vísað til 3. umr. með 13 : 8 atkv.

Þriðja umr., 30. apríl. (A. 541).

Jón Jónsson (S.-Múl.): Áður en frv. þetta fer frá þinginu sem lög, þá verð eg að fara um það nokkrum orðum, til þess að það sjáist í þingtíðindunum, hvað háttv. meiri hluti er að gera, og hvernig hann fer með valdi sínu. Eg

vil taka fram nokkur atriði, sem eg vil undirstrika.

Meiri hlutinn sýnir það áþreifanlega, með þessum læknaskipunarlögum og hinum öðrum samskonar lögum, sem þegar er búið að samþykkja, að hann vílar ekki fyrir sér, að láta kjördæmi sinna manna sitja fyrir. Þetta hefir háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) oftar en einu sinni játað, og er hann maður að betri fyrir hreinskilnina.

Eins og allir vita, þá voru samin ný læknaskipunarlög á síðasta þingi fyrir land alt, og verður því víst ekki með rökum neitað, að þau lög taka svo jafnt tillit, sem yfir höfuð er mögulegt, til alls landsins, allra landshluta. Nú raskar meiri hlutinn þessari reglu algerlega, þar sem hann stofnar 3 ný læknahéruð á einu svolitlu horni af landinu, Vestfjörðum, þar sem læknarnir voru hvað þéttast settir áður, en neitar um fjölgun lækna, þar sem ástæður ern miklu meiri, eins og eg hefi sýnt fram á hér í deildinni fyr, þegar ræða var um stofnun læknishéraðs í minu kjördæmi. Hér kemur því fram bersýnilegt og beint misrétti, og það er hinn ráðandi meiri hluti nú, sem því beitir, vísvitandi og með opnum augum.

Með stofnun þessara nýju læknahéraða eru landssjóði gerð allþung útgjöld. Að vísu er svo fyrir mælt, að ekki skuli setja lækna í þessi héruð, og þarf því landssjóður ekki að borga launin, fyr en héruðin verða veitt. En þótt þau séu sannarlega ekki girnileg fyrir góða lækna, þessi nýstofnuðu héruð, þá er óhætt að gera ráð fyrir, að einhverjir, sem skortir atvinnu í bráð, verði til að sækja um stöðuna, auðvitað í því skyni, að ná í annað betra, þegar kostur er á. Mundi þá svo fara, að eftir litinn tíma, eitt eða máske fáein ár, yrði héraðið aftur læknislaust, og yrðu þá nágrannalæknar auðvitað settir til að þjóna þar, og launin yrði landssjóður að greiða, en íbúar læknishéraðsins yrðu jafnfjarri læknishjálp og þeir eru nú. Afleiðingin engin önnur en sú, að landssjóður yrði að greiða svo þúsundum skifti árlega síðan. Og það eru mennirnir sem hæst og mest hafa talað um sparnaðinn á þessu þingi — eg sé þá hér á báðum bekkjum, sparnaðarmennina — það eru þeir, sem setja og samþ. þessi lög.

Eg læt mína sögu þar við lenda, að eg lýsi yfir því, að löggjafarvaldið misbýður réttlætistilfinning góðra og réttsýnna manna með þessari lagasetning.

Skúli Thoroddsen: Í tilefni af ræðu háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) er hann gat þess, að yrði frumv. þetta samþ., væri raskað skipun þeirri, er gerð hefði verið á læknahéruðum landsins, þá er því að svara, að eigi verður neinstaðar bætt úr læknafæð án slíkrar röskunar; en það verður þó einhverntíma að gerast, þar sem umkvartanir út af læknafæðinni berast úr eigi all-fáum héruðum, og full þörf á, að úr henni sé bætt, ekki sízt á útkjálkunum. Á þeim stað, er frumv. ræðir um, er þörfin mjög mikil, og engin hætta á því, að læknir fáist ekki, til að setjast þar að, og því rétt að fresta því eigi, að verða við óskum hlutaðeigandi héraðsbúa. — En að gera ráð fyrir því, að einhver sæki um embættið rétt í svip, í því skyni einu, að nágrannalæknir geti síðan hirt hálf launin fyrir það, að gegna því, ásamt eigin embætti sínu, svo sem mér skildist hinn háttv. þm. gera ráð fyrir, virðist mér fjarstæða.

En fyrir meiri hluta þingsins vakir að bæta úr læknaþörfinni smátt og smátt, þannig að fyrst sé bætt þar úr þörfinni, er skórinn þrengir mest að,

því að hitt teljum vér landssjóði um megn, að auka við 10—12 læknahéruðum í einu, og fæ eg eigi séð, að í þessu þurfi að felast misrétti, sem neinu verulegu skiftir.

Háttv. sami þm. sagði, að meiri hluti þingsins vildi láta sín kjördæmi sitja fyrir, og er það hverju orði sannara, að hann hagar svo til að þessu sinni, og sér háttv. minni hluti sig þá sem í spegli, því að eigi er honum ókunnugt um, hversu hann hagaði sér, meðan hann hafði völdin. En því er svo farið, að menn sjá oft bezt sína eigin breytni, er þeir sjá samskonar illa breytni annara, því að það sem miður fer í fari náungans hafa allir mjög glögt auga fyrir, þótt illa gangi, að sjá, hvað að er hjá sjálfum sér, Þyki hv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) þessi aðferð meiri hlutans á þingi ekki falleg, en bera vott um yfirgang, þá er honum og ljóst orðið, hversu gerðum hans eigin flokks var varið, er hann lét matar-pólitikina setjast í hásætið og ráða sínum aðgerðum. En eiga þeir, sem beita illum vopnum að gera þá kröfu til annara, að þeir láti þeim haldast alt uppi, og kynoki sér við að taka þá sömu tökum, sem þeir beita aðra, svo að þeir fái einir öllu ráðið? Núverandi minni hluta var þráfaldlega bent á, hve óheppileg aðferð hans væri, er hann gerði »matar-pólitikina« að stefnu sinni; en slíkar fortölur þýddu alls ekkert. — Nú sér hann betur, hvað hann aðhafðist, þegar hann finnur sig beittan vera sínum eigin vopnum, sem er fyllilega heimilt, fyrst hann fór svo á undan, sem hann gerði.

Jón Jónsson (S.-M.): Á síðasta þingi, þegar læknaskipunarmálið var leitt til lykta, var það gert með samkomulagi flestallra þingmanna, og var als ekki flokksmál. Ummæli háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) um hlutdrægni fyrv. stjórnar og meiri hluta í þessu máli, eru því algerlega ástæðulaus og röng.

Háttv. þm. segir fyrir hönd síns flokks að það sé tilætlun þeirra, að fjölga læknahéruðum smátt og smátt, líklega þangað til allir eru orðnir ánægðir. Þetta er nú gott að heyra og vonandi komast þá aðrir að en Vestfirðingar, því að varla mun þurfa að lappa upp á læknaskipunina þar fyrst um sinn, þar sem nú eiga að vera 12 — tólf — embættislæknar á því horni landsins, sem ekki er stærra en sumar einstakar sýslur. Hann kannast við það, eins og hans var von og vísa, að meiri hl. láti það ráða úrslitum hér, að það eru hans fylgismenn, sem búa á þessum svæðum, þar sem nú á að setja nýju læknana. — Eg sé nú, mér til sorgar, að eg hefi brugðist mönnum í minu kjördæmi óvitandi. Í Norðfirði og Mjóafirði, þar sem óskað var eftir að fá lækni, búa yfirleitt fylgismenn núverandi meiri hluta og háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.).

Hefði eg gætt þess í tíma að láta h. þm. vita þetta, þá hefði Norðfjarðarhérað víst ekki verið felt um daginn, heldur sjálfsagt samþ. með fögnuði, þar sem allir vissu og enginn þorði eiginlega að neita, að þar var ástæðan langmest til að stofna nýtt læknishérað.

Háttv. þm. sagði, að við, sem að undanförnu höfum haft meiri hluta á þingi, hefðum gott af að sjá okkur í spegli og að við hefðum brúkað þessa sömu aðferð, sem nú er verið að beita. Hann kallar það »matarpólitik«. Eg mótmæli þessum áburði og skora á þingmanninn að koma með dæmi. Geti hann það ekki og það er víst, að hann getur það ekki, þá hefir hann farið hér með dylgjur og ósannindi.

Það tók einhver þm. fram í áðan og vefengdi, að það væri rétt, að 12

yrðu nú embætttslæknar á horninu því, er Gilsfjörður og Bitrufjörður takmarka. En þetta er rétt og skal eg leyfa mér að telja héruðin upp til sönnunar minu máli. Þau eru þessi:

1. Reykhóla.
2. Flateyjar.
3. Patreksfjarðar.
4. Bildudals.
5. Þingeyrar.
6. Flateyrar, nýstofnað.
7. Ísafjarðar.
8. Nauteyrar, nýstofnað.
9. Hesteyrar.
10. Reykjarfjarðar, nýstofnað.
11. Stranda.

Þannig verða læknahéruðin 11. En þar sem 2 læknar eru í einu þeirra, Ísafjarðarhéraði, þá eru læknarnir 12, eins og eg hefi sagt. Og nú bið eg þm. og aðra að líta á uppdrátt Íslands og taka eftir því, hve stór hluti alls landsins það er sem á að hafa þessa 12 lækna, og skera svo úr, hvort eg hafi flutt rétt mál eða rangt, þegar eg talaði um að misboðið væri réttlætistilfinningu sanngjarnra manna.

Bjarni Jónsson: Mér væri forvitni á að vita, hversu lengi formaður minni hlutans ætlar að níðast á þolinmæði manna hér í deildinni og bera brigsl á oss meiri hlutamenn og undirstrika palladóma um oss og »slá þeim föstum«, Er það ærinn óþarfi að hefja nú þegar kosningaræður hér í þingsalnum. Vil eg ekki þola að mér sé um það brugðið að eg greiði atkv. gegn sannfæringu minni af fylgi við einstaka menn og hygg eg að aðrir flokksbræður minir muni vilja hafa sömu orð hér um, því að slik brigsl eru óþolandi *(Jón Ólafsson* og *Hannes Hafstein:* En þau eru sönn, og háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) hefir lýst því yfir). Það er ónýtisverk að reyna að telja mönnum trú um slíkt, og þótt þeir klifi á því eins og fuglar í bjargi, þá trúir þeim enginn, því að þeir fara með ósatt mál. Lýsi eg yfir því, að eg vil ekki þola mönnum slíkar getsakir.

Hannes Hafstein: Eg mótmæli því, að hinum háttv. meiri hluta hafi verið borið neitt það á brýn í þessu máli, er þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) hefir ekki játað sjálfur; hann hefir sagt, að þau »kjördæmi« yrðu að sitja í fyrirrúmi í læknaskipuninni, sem að dómi meiri hlutans hefðu gert sig þess verð með framkomu sinni að vera styrkt.

Ásökunum þeim, er komið hafa fram gegn fráfarandi stjórn og núverandi minni hluta um sams konar pólitík áður, hefir verið mótmælt af háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) og skírskota eg til þess, sem hann hefir sagt. Lýsi eg ummæli þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) um þessi atriði ósönn, og skora á hann að nefna dæmi máli sínu til sönnunar, ef hann vill ekki bera það ámæli, að fara vísvitandi með ósannar sakargiftir.

Af öllum þeim framfarafyrirtækjum, er ráðist hefir verið í undir fráfarandi stjórn, veit eg ekki eitt einasta, sem um verði sagt með réttu, að meiri hlutinn hafi þar dregið taum þeirra kjördæma, er hann hafði stuðning af. Eða kom slikt fram við ritsímalagninguna t. a. m.? Nei, þar var vissulega eins farið með þau kjördæmi, sem mest og harðvítugast börðust á móti ritsímanum, eins og þau sem voru honum mest fylgjandi. Þar var sannarlega látið »rigna jafnt yfir rangláta og réttláta«.

Það væri óskandi, að h. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) hætti einhverntíma þessari leiðinlegu iðju, að vera að bregða mótstöðumönnum sínum um hans eigin háttalag, sem hann nú hefir játað hér

í deildinni; það er ekki ný bóla hjá honum. Það hefir til langframa verið leikið í blaði hans og fleiri blöðum sama flokks; það hefir blátt áfram verið hernaðaraðferð þeirra, að úthúða mótflokknum fyrir hitt og þetta, sem þau og þeirra menn einmitt sjálfir hafa verið sekir í, en mótflokkurinn ekki, og er víst eldgamalt bragð að kenna öðrum sína eigin klæki. En það er ljótt að heyra þetta hér í þingsalnum, og mun sú afsökunin fyrir flokkshlutdrægni eftirleiðis reynast afslepp og skammæ.

Framsögumaður (Skúli Thoroddsen): Mér kom það ekki óvart, því að við því má altaf búast, ef sannleikurinn er sagður, sem er biturt vopn, að ýmsum gremjist svo, að þeir leyfa sér ekki að eins að koma fram með fyrirþráttanir heldur og ýmsar getsakir í garð andstæðinga sinna, og kom þetta mjög glögt í ljós í ræðum háttv. þm. Eyf. og S.-Múl. *(Hannes Hafstein:* Eg skora á þm. að nefna dæmi) Fyrir mér stendur það t. d. ljóst, að á síðasta þingi hefði Nauteyrarhérað orðalaust verið samþ., ef flokkurinn, sem þá réð hefði talið Norður-Ísafjarðarsýslu meðal sinna kjördæma. Sama er og að segja um prestakallaskipunina í Norður-Ísafjarðarsýslu, hún hefði orðið öðruvísi, ef eg hefði ekki átt þar í hlut.

Hinn fyrri háttv. meiri hluti gerði það og, til þess að bæta einum þm. við flokk sinn, að skera $^1/_3$ hluta úr einu kjördæminu, Ísafjarðarsýslu, og stofna þar nýtt kjördæmi.

Þetta eru nú aðeins fá dæmi, en þau eru mýmörg til, ef út í það væri farið; enda ætla eg ekki að fara að halda hér »eldhúsdag«; það hefir þegar verið gert, svo að óliklegt er, að fyrverandi stjórn óski nú að fá frekari skil, eða að farið væri nú enn einu sinni að rifja upp þá hlutdrægni, er komið hefir fram af hennar hálfu í veitingum sýslana og embætta, síðan hún tók við völdum.

Skal eg svo ekki fara um þetta fleiri orðum, en háttv. þm. ættu ekki að taka upp á því að þrátta og þræta fyrir, þótt einhver finni sig knúðan til að segja sannleikann — hann getur þá orðið enn bitrari.

Ef litið er á málefnið, er hér liggur nú fyrir, þá er ekki ástæða til að áfellast meiri hlutann, þótt hann að þessu sinni hafi látið ýms kjördæmi, sem honum eru náin, sitja fyrir, enda þótt einnig hefði verið þörf annarstaðar; en þörfin getur og verið misjafnlega brýn. Háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) gat þess, að óskir þeirrar sýslu myndu hafa verið uppfyltar, ef hún hefði talist til meiri hlutans, eða þm. hennar. Eg skal nú að vísu játa, að þörf geti verið á þessum breytingum í Suður-Múlasýslu, en það hefir víðar komið fram lík krafa, t. d. úr Skagafirði. Og það sjá allir, að ekki er hægt að gera öllum úrlausn í einu. Hins vegar skal eg geta þess, að ef eg lifi það að eiga hér sæti á næsta þingi, þá mun eg verða þessari breytingu í Suður-Múlasýslu hlyntur. (*Jón Jónsson* S.M. og *Jón Ólafsson:* Því ekki nú?) Það má í rauninni virðast nóg, að nú eru stofnuð 3 ný læknishéruð, það er ekki hægt að vænta meira í bráðina.

Skal eg svo ekki fara frekar út í þetta, en þar sem háttv. 1. þm. S.-M. (J. J.) hefir verið að slá þessu og þessu föstu hér í deildinni í dag, þá leyfi eg mér einnig að slá því föstu, að það er hans ummælum að kenna, að fráfarandi stjórn hefir nú verið sagt dálítið til syndanna.

Hannes Hafstein: Mér kemur það ekki á óvart, þótt hinn háttv. þm. játi

ekki, að hann hafi farið með ósannindi, en það eitt ætti þó að vera næg sönnun fyrir því að svo hafi verið, að hann gat ekki komið með eitt einasta dæmi, er þess var krafist. (*Skúli Thoroddsen:* Þm. á ekki að skrökva).

Þar sem hinn háttv. þm. (Sk. Th.) kom fram með það sem sönnun fyrir ummælum sínum um, að vér, meiri hlutinn sem áður var, hefðum ausið peningum í þau kjördæmi, er vér hefðum getað vænst stuðnings af, að Ísafjarðarsýslu hefði verið skift í 2 kjördæmi árið 1902, þá sýnir einmitt þetta dæmi af hans hálfu, hve gersneyddur hann er öllum sönnunargögnum, því þetta atriði getur ekki á neinn hátt komið þessu máli við.

Eða hvernig getur hann talið það með hlutdrægnislegum peningaaustri, að meiri hlutinn verður við samhuga, endurteknum óskum sýslunefndar og fjölmennra þingmálafunda um það, að gera kjósendum í Vestur-Ísafjarðarsýslu hægra fyrir að neyta kosningarréttar síns, með því að skipta hinu forna Ísafjarðarkjördæmi í tvent, svo að þeir þyrftu ekki að sækja kjörfund yfir fjöll og firnindi, því eins og kunnugt er, var þá ekki komin á hreppakosning, enda einnig áhugamál fyrir Vestur-Ísfirðinga að fá sinn eiginn þingmann. Eg sé ekki, að þetta geti átt neitt skylt við það, sem um er að ræða, það er alveg sitthvað, hér var ekki um framlög af landssjóði að ræða.

Mér fellur illa að heyra háttv. þm. (Sk. Th.) stöðugt vera að blanda þessum flokkakrit og flokkagetsökum inn í mál, sem alveg ættu að vera laus við alla flokkspólitik. Það er furða að maður, sem hefir eins góða greind og eins margt til síns ágætis eins og háttv. þm., skuli ekki sjá, hvað þetta er smekklaust, að vera alstaðar og í hvívetna að skirskota að eins til flokkshagsmunanna, eins og það væri sjálfsögð sök, að allir hagsmunir lands og lýðs ættu að vera undir því komnir, hvað þessi og þessi þingklika álítur sér sjálfri haganlegast og vænlegast til fylgis. Sér hann ekki, að ef hann hefir slíkar skoðanir, þá ætti hann fyrir velsæmis sakir helzt að þegja yfir því.

Annars þarf hann ekki að blygðast sín fyrir, að hafa veitt þessum kjördæmum fylgi sitt í þessu máli, það er ekki nema eðlilegt, því það er margt sem mælir með því, að bæði Flateyrarhérað og Nauteyrarhérað verði stofnað nú þegar; eg hefði fyrir mitt leyti einnig getað stutt það mál, ef eg hefði ekki litið svo á, að það væri ótímabært nú, að fara að grauta í gerðum síðasta þings í læknaskipunarmálinu, og ójöfnuður, að taka einstök héruð, nema öllum væri gert jafnhátt undir höfði, þar sem þörfin er mest.

Einar Jónsson: Það er ekki af því, að eg sé stofnun nýrra læknishéraða mótfallinn í sjálfu sér, að eg get ekki fallist á þessa héraðaskipun, heldur af hinu, að eg sé fram á, að hér er um misrétti að ræða.

Það hafa komið fram fleiri óskir í líka átt, engu síður réttmætar en þessi, en þeim hefir þó verið neitað. Og eg er þess fullviss, þrátt fyrir fagurmæli hins háttv. meiri hluta um, að hér hafi engin hlutdrægni átt sér stað, að þetta hefir þó orðið að flokksmáli — sem margt annað. Vil eg þar til nefna beiðnir Strandasýslu og Rangárvallasýslu. Önnur fær það, sem hinni er neitað um, þótt um sama sé að ræða.

Eg lít nú svo á, að mest þörf sé á nýjum læknishéruðum í Nauteyrar- og Norðfjarðar-héraði. Það hefði því verið sanngjarnt, ef 2 slík héruð væri stofnuð á annað borð, að einmitt þessi sæti fyrir, enda þótt annað þeirra teljist til minni hlutans. Þeir sem greiddu öðru

þessu máli atkv. sitt, hefðu einnig átt að greiða hinu.

En oft á þessu þingi hefir það komið í ljós, að hallast hefir verið á minni hlutann, enda þótt áhugamál hans hafi verið jafnréttmæt og hinna.

Það er í rauninni ekki nema rétt, að meiri hlutinn fái sínum áhugamálum framgengt, ef þau eru þarfari en hin, er minni hlutinn ber fram. En þegar hinum háttv. meiri hluta farast þannig orð, þykist ekki vilja heyra getsakir og því um líkt, þar sem hann veit þó að mönnum er vel kunnugt um, að hann hefir ósleitilega dregið taum síns flokks, — þegar svona er talað, segi eg, þá er ekki að undra, þótt mönnum þyki nóg um.

Þarf ekki annað en minna hér á Vestmanneyjasímann og Siglufjarðarsímann; það er víst ekki með sanngirni hægt að neita því, að Vestmanneyjasíminn sé eins þarflegur og hinn.

Líkur yrði samanburðurinn á Rangárbrúnni og brúnni á Norðurá í Borgarfirði. Eg þekki auðvitað vel, hvernig tilhagar, að því er til Rangárbrúarinnar kemur og hefi áður talað um það mál, en þeir sem kunnugir eru Norðurárbrúarmálinu hafa fullyrt, margir hverjir, að miklu minni þörf væri á henni. (*Forseti* (H. Þ.): Rangárbrúin liggur ekki fyrir hér). Eg hefi jafnan rétt og aðrir til að tala um það, sem menn hafa nú verið að tala um. (*Forseti* (H. Þ.): Þm. hafa ekki leyfi til að karpa við forseta, þeir verða að hlíta úrskurði hans, ella mega þeir búast við, að tekið verði af þeim orðið). Ef háttv. forseti (H. Þ.) vill ekki leyfa mér að tala lengur, þá skal eg hlíta þeim úrskurði. Hitt leyfi eg mér að sggja, að háttv. forseti áminnir hér of seint, því tveir vinir hans voru á þessum sama fundi að tala einmitt um þetta sama og eg var hér kominn út í.

Um læknahéruðin hefi eg ekki fleira að segja — býst við að fá tækifæri síðar að taka til máls, ef eg finn ástæðu til, og verð þá væntanlega ekki búinn að gleyma háttv. meiri hl. þingsins.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Eg ætla mér ekki að lengja þessar umræður, sem nú eru orðnar. Eg vil að eins leyfa mér að þakka hinum háttv. formanni meiri hl. (Sk. Th.) fyrir það heitorð, er hann hefir nú gefið, að styðja að stofnun Norðfjarðarlæknishéraðs á næsta þingi.

Eg vil undirstrika þessi orð hins háttv. þm. og bið aðra háttv. þingmenn að minnast þeirra.

ATKV.GR.:

Frv. (541) samþ. með 13:8 atkv. og afgreitt sem *lög frá alþingi*.

IV.
Norðfjarðarhérað.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum um skipun læknishéraða o. fl., (A. 157), 1. umr., 15. marz.

Flutningsmaður (Jón Jónsson, 1. þm. S.-Múl.). Þetta frumv. er fram komið fyrir ítrekaðar óskir þeirra manna, sem hlut eiga að máli. — Árið 1907 kom til þingsins ósk um sama efni, og fylgdu henni ýms skjöl og skýringar, sem eg hefi ekki við hendina nú. Að eins skal eg benda á það, að ef þingið felst á að fjölga læknaembættum, þá verð eg að álíta, og eg vona að fleiri háttv. þm. sanni það með mér, að það sé hvergi meiri þörf á að bæta lækni við, en á þessum stöðum, sem frumv. fer fram á. —

Læknishérað það, sem hér er farið

fram á að stofna er ekki sérlega stórt, tekur að eins yfir 2 hreppa, Norðfjarðarhrepp og Mjóafjarðarhrepp, sem tilheyra tveim læknishéruðum. Norðfjörður tilheyrir Eskifjarðarhéraði, en Mjóifjörður Seyðisfjarðarhéraði. Óskirnar um sérstakan lækni hafa einkum komið frá Norðfirðingum; en þar sem svo er ástatt, að læknirinn að sjálfsögðu setst að á Norðfirði, þá er það og til mikils hagræðis fyrir Mjófirðinga, því að miklu hægra er fyrir þá að sækja lækni til Norðfjarðar heldur en til Seyðisfjarðar. Býst eg við, að ýmsir háttv. þm. þekki svo vel til staðhátta þar um slóðir, að þeir kannist við, að þetta er rétt álitið.

Á almennum sveitafundi í Norðfirði var kosin 3 manna framkvæmdarnefnd til þess að hrinda þessu máli áfram. Þeir menn, er í nefndina voru kosnir, hafa sent til þingsins álitsskjal og jafnframt óskað þess, að málið yrði borið upp á þinginu, og vil eg því með leyfi forseta skýra stuttlega frá því, er álitsskjal nefndarinnar skýrir frá í þessu efni. —

Fyrst geta þeir þess, að í Norðfirði séu nú orðnir 752 manna heimilisfastir, og fari árlega vaxandi. Auk hinna búsettu manna eru þar á hverju ári um sumartímann og stundum langt fram á haust, 3—400 kaupafólks, menn og konur. Auk þessa eru ennfremur 3 hvalveiðastöðvar á þessu svæði, og á þeim öllum til samans vinna, að minsta kosti að sumrinu til, 5—600 manns, en í Mjóafirði er nú um 500 manns. Eg fæ nú ekki betur séð, en að full ástæða sé til, að synja ekki um sérstakan lækni á þessu svæði, einkum þegar tekið er tillit til þess, að mest af þessu fólki er saman komið á litlu svæði. Aðalorsökin til þess, að þeir biðja um lækni hjá sér, er þó sú, hversu erfitt er að ná í lækni eins og nú er. Til Eskifjarðar er um langan og mjög torsóttan fjallveg að fara. Nefndin skýrir frá því, að aldrei sé lagt upp að sækja lækni með minna en 2 menn, og að ferðin taki ávalt 2 daga, þótt góðviðri sé. En hitt kemur þráfaldlega fyrir, að veður og færð hamla ferðum, og stundum alófært að komast á milli fjarðanna. Ætti að eiga undir sjó, þá er það fyrst og fremst mjög löng leið, og sá annmarki á, að fara verður út á haf, út fyrir Gerpir, og verður því mikið af leiðinni út á opnu hafi. Þetta er aðalástæðan, og vona eg að þm. játi það með mér, að það er ekki að ástæðulausu, að menn þessir fara fram á það, að fá sérstakan lækni. Hið sama mætti segja um Mjóafjörð; því þótt ekki sé eins erfitt að ná í lækni þaðan til Seyðisfjarðar, þá er það þó miklu hægra til Norðfjarðar. — Því þótt ekki sé hægt að segja, að sjóleiðin frá Mjóafirði til Norðfjarðar sé innfjarðar, þá er hún þó innan flóa, og bæði styttri og hættuminni leið heldur en til Seyðisfjarðar. —

Í bréfi frá prestinum í Mjóafirði séra Þorsteini Halldórssyni, skrifuðu í nafni hreppsbúa, er skýrt frá því, að það sé ósk og vilji hreppsbúa að fá máli þessu framgengt. Til þingsins 1907 sendu þessar sveitir álit lækna þeirra, sem hlut eiga að máli, og lýstu þeir yfir því, að nauðsyn væri á þessu læknishéraði. Eg hefi ekki þau álitsskjöl við hendina, en sjálfsagt er hægt fyrir þá, sem kynnu að vilja kynna sér þau, að fá þau hjá landlækni. —

Eg vil biðja hina háttv. þm. að athuga það vel, hvort ekki sé öllu meiri ástæða til þess, að fjölga læknum hér eins og nokkurstaðar annarstaðar, og leyfi mér eindregið að leggja til, að nefnd verði skipuð í málið, eða því verði vísað til nefndar þeirrar, sem

skipuð hefir verið til þess að athuga önnur mál um skipun læknahéraða.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. og því næst til nefndar um skipun læknahéraða með öllum þorra atkv.

Önnur umr., 19. apríl (A. 157, n. 443).

Flutningsmaður (Jón Jónsson, S.-Múl.): Eg sé það af nefndarálitinu, að meiri hluti nefndarinnar hefir lagt til að fella frumv. það, er við þingm. S.-Múl. höfum komið fram með. Hitt er ekki gott að sjá, hver afstaða þeirra tveggja nefndarmanna er, sem skrifað hafa undir nefndarálitið með fyrirvara, hvort þeir séu meiri hluta nefndarinnar ósammála um þetta atriði eða önnur. Það væri nógu fróðlegt að heyra það.

Eg þóttist hafa skýrt það í deildinni fyrir skömmu, að þegar ræða væri um fjölgun læknishéraða, að þá væri það engum vafa bundið, að hvergi mundi þörfin meiri en einmitt á þessum stað (Austfjörðum).

Annars verður ekki séð af nefndarálitinu, hvernig nefndin lítur á þetta, hún hefir gert sér hægt um hönd og mælt með einu frumv., en lagt það til að hin öll yrðu feld, án þess að færa nokkrar ástæður.

Ástæðurnar til þessa hljóta að vera þær, að hinum háttv. meiri hluta nefndarinnar mun vera með öllu ókunnugt um, hvernig til hagar á Austfjörðum; eg get ekki ímyndað mér, að nefndin hefði annars komist að þessari niðurstöðu.

Hitt hefði eg getað skilið, ef nefndin hefði lagt það til, að fella öll frumv.

Nefndin játar í nefndarálitinu að kröfurnar um aukin læknisheruð séu í alla staði hinar réttmætustu, og undir þau orð vil eg einnig skrifa, en hitt er mér ekki ljóst, hvernig krafan um nýtt læknishérað í Nauteyrarhéraði geti verið réttmætari en slíkar kröfur annarsstaðar.

Það geta allir sagt sér sjálfir, sem til þekkja, að ekki er erfiðara að vitja læknis úr Nauteyrarhéraði til Ísafjarðar, en úr Norðfirði og Mjóafirði til Seyðisfjarðar eða Eskifjarðar.

Það er kunnugt, að á Austfjörðum eru torfærir fjallgarðar, er jafnvel geta verið ófærir vikunum saman, og þá er sá kosturinn einn fyrir hendi, að fara á bátum út fyrir nesin; er það löng leið á opnu hafi og þori eg að fullyrða, að ekki getur verið erfiðara að sækja lækni inst úr Ísafjarðardjúpi.

Þess má einnig geta, að þegar Nauteyrarlæknishérað var lagt niður, þá var skipaður aðstoðarlæknir á Ísafirði, til þess að greiðara væri að ná í lækni.

Á Austfjörðum horfir alt öðru vísi við, þar er að eins einn læknir á hverjum stað — á Seyðisfirði, Eskifirði o. s. frv. Auk þess hefir héraðslæknirinn á Seyðisfirði stórt hérað umhverfis bæinn, þar sem hann verður að gegna læknisstörfum.

Eg vona, að háttv. þingdeildarmenn líti — að minsta kosti margir þeirra, líkt á þetta mál og eg hefi gert, að ef nýtt læknishérað verður stofnað á annað borð, þá sé hrein og bein ósanngirni að láta Norðfjörð og Mjóafjörð verða útundan.

Eg skyldi verða fús á að koma fram með breyt.till. við síðari meðferð þessa máls, er miðaði að því, að líku máli yrði að gegna t. d. um Norðfjarðarhérað og Nauteyrarhérað, þannig að ekki yrði þar stofnað sérstakt launað embætti fyr en sérstakur læknir væri fenginn þangað.

Að vísu gerist þessa engin þörf, með því að eflaust munu fleiri læknar verða til að sækja um Norðfjarðarhérað en Nauteyrar; í Norðfirði gæti læknirinn

með litlum ferðalögum komið mörgum að liði, en gæti hins vegar naumast verið svo settur neinsstaðar í Nauteyrarhéraði, að menn hefðu hans alment not.

Framsögumaður (Skúli Thoroddsen): Eg get ekki kannast við, að það sé rétt hjá háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.), að nefndin hafi ekki fært ástæður fyrir áliti sínu. Hún rökstyður till. sínar, meðal annars á þann hátt, að henni virðist rétt, að bæta úr læknaþörfinni smátt og smátt, en sér ekki að það sé fært að bæta alstaðar úr henni í einu, bæði vegna læknafæðarinnar, sem og vegna þess, að fjárhagurinn leyfir það ekki.

Þm. talaði aðallega að eins um Nauteyrarlæknishérað, og ræða hans snerist meira um það, að mæla á móti því, en að mæla með og sýna fram á, að þörf væri á að stofna Norðfjarðarlæknishérað. Það leit út fyrir, að h. þm. væri mjög ant um, að fá Nauteyrarlæknishérað felt; en eg get ekki séð, að Norðfirðingar geti betur verið læknislausir, þótt Nauteyrarhérað væri felt; en þetta lýsir þeim hugsunarhætti hjá þm., sem ekki ætti að koma fram í háttv. deild.

Hvað örðugleikana snertir, þá talaði háttv. þm. um, hvað þeir væru miklir og hve mikil þörf læknis í hans kjördæmi. Persónulegan kunnugleika hefi eg eigi, að því er til hins fyrirhugaða Norðfjarðarhéraðs kemur, en maður, sem eg átti tal við um þetta fyrir skömmu, gerði ekki mjög mikið úr erfiðleikunum, og því hygg eg óhætt að fullyrða það, að læknisþörfin í Norðfjarðarhéraði þoli ekki neinn samanburð við læknisþörfina í Nauteyrarhéraði; en þrátt fyrir það, þá er mér það ekkert kappsmál að spilla fyrir Norðfjarðarhéraði; en hitt er mér kappsmál, að ekki sé beitst fyrir að mæla á móti Nauteyrarlæknishéraði, til þess að Norðfjarðarhérað verði sþ., þar sem þörfin þó er mun minni.

Flutningsmaður (Jón Jónsson: S.-Múl.). Það er að eins stutt athugasemd, sem eg vildi leyfa mér að gera við ræðu h. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.). Hann sagði, að nefndin hefði viljað gera það að sinni reglu, að fjölga læknishéruðunum smátt og smátt. Sú regla getur verið góð og eg er ekki að mæla á móti henni. En háttv. frmsm. hefir ekki skilið rétt það sem eg sagði. Eg var ekki að mæla sérstaklega á móti Nauteyrarhéraði, eg var að eins að bera það saman við Norðfjarðarhérað, og þrátt fyrir yfirlýsingu hans um samanburðinn, þá verð eg að halda mig við mína skoðun í því efni, og eg held að eg hafi nokkru meiri ástæðu til þess að álíta, að hún sé rétt en háttv. frmsm. hefir hvað hans skoðun snertir. Hann er vitanlega alveg ókunnugur á Austfjörðum, en eg þekki allvel til bæði þar og við Ísafjarðardjúp.

Ef á að fjölga um eitt læknishérað, þá verður að gá að því, hvar þörfin er mest og hvar læknirinn getur komið að mestu gagni. Það sem mér og háttv. frmsm. ber á milli, er einmitt um það atriði, hvar þörfin sé mest, og eg verð að halda því fram, og eg hefi fulla ástæðu til þess, að þörfin sé mest í Norðfirði. Frmsm. sagði að eg hefði ekki viljað gera mikið úr örðugleikunum í Nauteyrarhéraði, en þetta er ekki rétt, eg var að sýna fram á að örðugleikarnir væru fult eins miklir í Norðfirði og að læknir þar yrði að meiri notumen í Nauteyrarhéraði og eg er sannfærður um það, að ef nefndin hefði verið kunnug staðháttum og kunnugleiki ráðið, þá hefðu tillögur hennar ekki orðið eins og þær eru nú. Það vill nú svo óheppilega til, að fáir þm. eru kunnugir báðum stöðunum, en ef svo

væri, hygg eg að þeir mundu bera mér vitni.

Eg býst við að gagnslaust sé að tala um þetta sem fleira, það þýðir ekki að eyða orðum um það, því að það er víst alt fyrirfram ákveðið á æðri stöðum. En eg veit, að eg er kunnugri en frmsm., hvað þetta mál snertir, og fullyrði að tillögur nefndarinnar eru rangar og ósanngjarnar.

Jón Magnússon: Eg fyrir mitt leyti get lýst því yfir, að eg verð að vera á móti þessu frumv. af sömu ástæðum og eg var á móti að setja Nauteyrarlæknishérað á stofn. Eg legg bæði þessi héruð að jöfnu, hvað þörfina snertir.

Eg er kunnugur í Norðfirði, uppalinn þar; eg veit vel að þar er mjög erfitt að ná til læknis, og eg hygg mér sé óhætt að fullyrða, að í syðri hluta Norðfjarðarhrepps hafi ekki komið læknir í mörg herrans ár, hafi annars nokkurn tíma komið þangað læknir.

Það er og mjög erfitt að sækja lækni frá Mjóafirði til Seyðisfjarðar hvort sem er sjóveg út fyrir Dalatanga, eða þá landveg yfir fjallið — á vetrum má einatt heita bráðófært yfir fjöllin þar.

En aftur á móti er greiður og góður sjóvegur á milli Norðfjarðar og Mjóafjarðar. Svo er hitt, að Nes í Norðfirði er orðið allstórt þorp, en það er vitanlegt, að læknar vilja helzt vera í þeim héruðum, þar er þeir geta setst að í mannmörgum kauptúnum. Eg hygg því að þangað mundi fást læknir mikið fyr en í Nauteyrarhérað.

Það er annars leiðinlegt að sjá 5 frumv. liggja fyrir þessu þingi, sem öll ganga í þá átt að breyta læknalögum síðasta þings. Þetta er hreinasta ómynd. Frumv. þarf ekki að vera og ætti ekki að vera nema eitt og þá væri hægt að fá betra yfirlit og bera saman ástandið og sjá, hvar þörfin væri mest, auk þess sem þessi frumv.fjöldi um sama efni eyðir mjög mikið tíma þingsins.

Með þessu fyrirkomulagi verður aldrei hægt að gera sanngjarnlega upp á milli héraðanna. Ef Strandasýslu verður t. d. skift í 3 læknishéruð á þessu þingi, en Norðfjarðarhérað felt, þá er það mjög óréttlátt — eg hygg, mér sé óhætt að segja, himinhrópandi ranglæti.

Eg verð eins og eg tók fram í upphafi samt sem áður að greiða atkvæði á móti þessu frumv.

Nú sem stendur greiðir landssjóður um 70 þús. krónur á ári til embættislækna, og er það meiri upphæð á mann, en nokkur þjóð önnur í heiminum greiðir í þessu skyni. Eg álít, að vér höfum ekki ráð til þess að greiða meira, meðan efnahagurinn stendur ekki betur en nú. Því verð eg að vera á móti því að fjölga læknishéruðum. Hitt er auðvitað, að vel getur verið, að skifta megi einhvern veginn sumum héruðunum öðru vísi, þannig, að tekið verði tillit til réttmætra kvartana um læknisleysi.

Pétur Jónsson: Eg vil stuttlega leyfa mér, að lýsa afstöðu minni í þessu máli, af því eg átti sæti í nefndinni. — Mér þótti það leitt, að þetta frumv., sem nú er verið að ræða, stóð á undan frumv., sem kemur næst á eftir á dagskránni; það frumv. er viðtækara, þegar breyt.till. við það eru teknar með. — Ef þetta frumv. og eitthvað af breyt.till. verður samþykt, þá iðrast eg máske eftir að hafa greitt atkvæði gegn þessu frumv., en það geri eg af því eg er eins og háttv. þm. Vestm. (J. M.) á móti allri læknafjölgun, að svo stöddu.

Eg álít varhugavert, að samþykkja breytingar á núverandi læknaskipun, nema að það mál gangi fyrst í gegn

um stjórnarráðið og viðkomandi stjórnarvöld. Þingmenn eru yfirleitt ekki svo kunnugir um alt landið, að hver einstakur þeirra geti dæmt um það, hvað er rétt eða hvað verður í heppilegu samræmi, þegar ræða er um slíkar breytingar, nema stjórnin undirbúi málið á undan þingi.

ATKV.GR.:

Frumvarpsgreinin á þingskjali 157 feld með 13 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Jón Ólafsson,	Bjarni Jónsson,
Björn Þorláksson,	Benedikt Sveinsson,
Eggert Pálsson,	Björn Jónsson,
Hannes Hafstein,	Björn Kristjánsson,
Jóh. Jóhannesson,	Einar Jónsson,
Jón Jónsson, N.-M.	Hálfdan Guðjónss.,
Jón Jónsson S.-M.,	Jón Magnússon,
Sig. Gunnarsson,	Jón Sigurðsson,
Stefán Stefánsson,	Magnús Blöndahl,
Þorleifur Jónsson.	Ólafur Briem,
	Pétur Jónsson,
	Sig. Sigurðsson,
	Skúli Thoroddsen.

Kosningarréttur og kjörgengi.

FRUMVARP til laga um kosningarrétt og kjörgengi í málefnum kaupstaða og hreppsfélaga. (A. 107); 1. umr., 9. marz.

Flutningsmaður (Skúli Thoroddsen): Eg get verið stuttorður um þetta frv. Síðasta alþingi veitti konum í Reykjavík og Hafnarfirði kosningarrétt og kjörgengi í bæjarmálum, og því virðist það ekki hvað sízt óeðlilegt, að konur annarsstaðar á landinu njóti ekki sama réttar. — En auk þessa fer frv. þetta fram á, að vinnuhjúum, jafnt til sveita sem kaupstaða, sé veittur sami réttur, og fer því að þessu leyti lengra, en ofan um getin lög, enda alveg ástæðulaust, að gera þeim lægra undir höfði en öðrum.

Að vísu má kanske segja, að þar sem kosningarréttur og kjörgengi í sveita- og bæjamálum sé bundinn við gjald til sveitar, þá komi þessi réttindi þeim eigi að notum, þar sem þau gjaldi óvíða til sveitar. — En til þessa er því að svara, að heimilt er að lögum, að leggja útsvar á vinnuhjú, og sú mun tízkan í stöku sveitum, að einhverju leyti, enda tel eg víst, að mörg vinnuhjú vilji vinna það til, að gjalda eitthvað til sveitar, t. d. 50 aur. til 1 krónu eða ögn meira gegn því, að fá þessi sjálfsögðu réttindi.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umræðu með 21 samhlj. atkv.

Önnur umr., 11. marz. (A. 107).

Flutningsmaður (Skúli Thoroddsen): Þessu máli var tekið ágætlega við 1. umr., og er því óþarft, að segja öllu meira um það nú, en að eins að óska þess, að því verði vísað til 3. umr.

Ráðherrann (H. H.): Mér finst, að orðalagið á einum stað í þessu frumv. hljóti að vera rangt. Eg á við orðið »sbr.« í 5. gr.; það á víst að vera og (í staðinn fyrir samanber), því hér er að ræða um skírskotun til tveggja lagaboða, en ekki skýring á einu lagaboði. (*Skúli Thoroddsen:* Þessi athugasemd mun vera réttmæt).

ATKV.GR.:

1. gr. sþ. með 22 shlj. atkv.
2. — — — 21 — —

Fyrirsögn frumv. samþykt með 22 shlj. atkv.

Málinu vísað til 3. umræðu með 22 shlj. atkv.

Þriðja umr., 13. marz. (A. 188, 180).

ATKV.GR.:

Breyt.till. við 1. gr. (180) samþykt með 20 shlj. atkv.

Frumv. með áorðnum breytingum samþ. með 20 atkv. samhlj., og afgreitt til Ed.

Ein umr., 13. apríl. (A. 423).

ATKV.GR.:

Frumv. samþ. með 16 samhlj. atkv., og afgreit m *lög frá alþingi.*

Kennaraskóli.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum nr. 63 frá 22. nóv. 1907 3. gr., um kennaraskóla í Reykjavík, (A. 125), 1. umr., 11. marz.

Flutningsmaður (Sigurður Sigurðsson): Eg vil leyfa mér að geta þess strax, að frumv. þetta er flutt og komið fram eftir ósk skólastjórans við kennaraskólann. Ástæðan fyrir breytingu þeirri, sem frumv. fer fram á er sú, að á almennum nemendafundi, sem haldinn var í skólanum, var sú ósk borin fram, að skólatíminn yrði færður. Samkvæmt núgildandi lögum byrjar skólinn 1. okt. og endar 31. marz. — Ósk nemendanna fer í þá átt, að skólinn byrji 1. vetrardag og endi seinasta vetrardag. Þetta fyrirkomulag telja nemendur betra vegna atvinnu að haustinu, og er það vafalaust rétt, að því er sveitapilta snertir, því það er hægra fyrir þá að fá eitthvað að gera, og atvinnu sína borgaða yfir haustið en seinni part vetrar. Þegar námstíminn er bundinn við 1. október og 31. marz, eins og nú er ákveðið, verður þeim fremur lítið úr tímanum frá því skólinn endar og þar til vorvinna hefst. Hugsanlegt er þó, að ástæða gæti komið fram gegn því, að flytja tímann eins og hér er farið fram á. Í Flensborg endaði skólinn áður fyr með vertíðarkomu, og fóru piltar þá oft að námstímanum loknum í útver til róðra. En nú er þetta breytt, því þegar kennaraskólinn endar 31. marz er komið fram á vertíð, hvort heldur er að ræða um þilskip eða opna báta hér syðra, og allir hafa þá fullráðið. Eg lít því svo á, að eins og nú hagar til með þetta, þá verði nemendum kennaraskólans lítið úr þeim tíma af vetrinum, sem þá er eftir, en gætu betur notað haustið og fengið þá ýmislegt að starfa. Ennfremur er þetta þægilegra fyrir kennara, því þá er að eins hæfilega stuttur hvíldartími fyrir þá, þangað til framhaldsnámsskeið kennara byrjar um miðjan maí. Þessi breyting, sem hér er farið fram á í frumv., er því bæði til bóta fyrir kennara og nemendur, og vona eg því, af þessum ástæðum, sem eg hefi nefnt, að frumv. verði tekið vel, að það fái að ganga til 2. umræðu.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. með 18 samhljóða atkv.

Önnur umr., 13. marz. (A. 125).

Jón Ólafsson: Eg stend ekki upp til þess að halda ræðu, heldur að eins til þess að spyrja hinn háttv. flutningsm. (S. S.) hvaða ástæða er til þess að stytta námstímann við þennan skóla frekar en aðra. —

Flutningsmaður (Sigurður Sigurðsson): Kenslutíminn styttist ekki, þó frumv. verði samþykt. Eins og nú er byrjar skólinn 1. oktbr. og er sagt upp 31. marz; — en eftir frumv. á hann að byrja 1. vetrardag og enda síðasta vetrardag. — Að öðru leyti gerði eg

grein fyrir frumv. við 1. umr. og sé þess vegna ekki ástæðu til þess að taka það upp aftur. — Mál þetta er svo lítið — og eg skal taka það upp aftur, að það er eftir ósk nemenda og kennara og kenslumálastjórnin mælir með því. Vona eg því, að frv. þetta gangi hindrunarlaust í gegnum deildina. —

ATKV.GR.:

Frumvarpsgreinin samþ. með 18 atkv. samhlj.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. með 13 atkv. samhlj.

Þriðja umr., 16. marz (A. 125).

ATKV.GR.:

Frumv. samþ. með 14 samhlj. atkvæðum og afgreitt til Ed.

Innflutningsbann kvikfjár.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum nr. 56, 10. nóv. 1905 um bann gegn innflutningi á útlendu kvikfé, 1. umr., 17. marz (A. 192).

Framsögumaður (Sigurður Sigurðsson): Eg get verið stuttorðnr um þetta litla frumv. Landbúnaðarnefndin hefir tekið málið að sér eftir bendingu og tillögum dýralæknisins, og því er það hér borið fram. Dýralæknirinn og aðrir læknar líta svo á, að ef banni þessu eigi sé komið á, geti af því leitt, að hundapest og aðrar drepandi pestir geti borist til landsins með hundum, er hingað kunna að flytjast með ferðamönnum eða af öðrum ástæðum. Vona eg, að háttv. deild taki þessu máli vel.

Jón Ólafsson: Eg vil leyfa mér að beina einni fyrirspurn til háttv. flutnm. (S. S.). Nú koma ferðamenn til landsns og hafa hunda meðferðis. Er meiningin að frv. nái til slíkra hunda? Á að skjóta þá, eða hvað?

Framsögumaður (Sigurður Sigurðsson): Fyrirspurn þessari vil eg svara þannig, að frumv. nær að sjálfsögðu til slíkra hunda. Það er heldur ekki nema sjálfsagt, að útlendir ferðamenn verði að hlíta þeim lögum, sem gilda í landinu um þetta sem annað. Það nær ekki neinni átt að veita þeim undantekningu í þessu efni.

Jón Ólafsson: Af því ákvæði þetta getur orðið til töluverðra óþæginda fyrir útlenda ferðamenn, vildi eg leyfa mér að skjóta því til háttv. flutnm. (S. S.), hvort ekki væri gerlegt, að hugsað væri um hæli handa slíkum hundum, þar sem þeir gætu verið í sóttkvíun,meðan ferðamennirnir dveldu hér, eða að minsta kosti komist undir rannsókn um, hvort nokkuð væri við þá að athuga. *(Sigurður Sigurðsson:* Skal verða íhugað seinna).

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. með 12 atkv. gegn 1.

Önnur umr., 26. marz, (A. 192):

Jón Ólafsson: Herra forseti! Af því tíðkast hefir í dag að ráðgera breyt.-till. til 3. umr., hefi eg viljað stinga upp á, að landbúnaðarnefndin komi með breyt.till. við þetta frumv., er svo hljóði: »Innflutningur fugla, fiska, orma og skorkvikinda og annara þeirra dýra er lifa í vatni og á landi, er bannaður«. Þetta mun ekki að ófyrirsynju, er sjúkdómshættan að ætlun dýralæknis er afarmikil. Jafnvel fiskarnir í sjónum og fuglarnir í loftinu geta flutt hana með sér. Er svo þessi lög öðlast gildi, verður að gera farfuglunum að skyldu að fljúga fyrst inn til dýralæknis, áður þeir mega dreifa sér um landið. Og alt þetta, svo að ekki flytjist til landsins næmir dýra-

sjúkdómar, sem fari með landbúnaðinn í hundana. En mér fróðari menn í þessu efni hafa reyndar sagt mér, að þeir viti eigi til, að hundapest hafi nokkru sinni flutt til landsins með útlendum hundum.

Framsögumaður (Sigurður Sigurðsson): Eg verð að lýsa því yfir til mikillar sorgar fyrir 2. þm. S.-M. (J. Ó.), að nefndin getur ekki tekið till. hans til greina. Benti hann á ýmislegt mjög svo nýstárlegt, en svo vitlaust, að það getur ekki heitið ráðlegging. Eg verð að fræða hann á því, að maður, sem miklu betur veit en hinn háttv. þm. S.-Múl. (J. Ó.), nefnilega dýralæknir, segir, að það hafi alloft átt sér stað, að útlendir hundar flyttu með sér hundapest. Eg vona, að háttv. deild telji ekki eftir sér að standa upp við 3. umr., og þótt hinn háttv. þm. sitji, verða nógu margir til þess að samþ. þetta atriði.

ATKV.GR.:

Frumvarpsgreinin samþ. með 12 atkv. gegn 2.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 12 atkv. gegn 1.

Þriðja umr., 29. marz. (A. 192).

ATKV.GR.:

Frumv. samþ. með 12 atkv. gegn 3 og afgreitt til Ed.

Námsskeið verzlunarmanna.

FRUMVARP til laga um námsskeið verzlunarmanna; 1. umr., 17. marz (A. 208).

Framsögumaður (Magnús Blöndahl): Eg get verið stuttorður um þetta frv. og það því fremur, sem það er náskylt lögunum frá 1893. Frv. þetta er borið hér fram samkvæmt óskum kaupmannaráðsins hér í Reykjavík og kaupmanna yfirleitt og þeim er þetta áhugamál mikið, því að þeim finst — og það með réttu — að atvinnuvegir kaupmanna og iðnaðarmanna séu svo ólíkir í fleiri atriðum, að örðugt sé að beita lögunum frá 1893, þegar um námssamning verzlunarmanna er að ræða.

Eg vil taka það fram að við samning eða prentun frv. hefir fallið burt ein setning úr 13. gr., um skipun gerðardómsins utan kaupstaða og svo síðasta gr. frumv., sem verður 14. gr. og mun þetta hvorttveggja verða lagfært til 2. umr.

Eg leyfi mér að vænta þess, að h. deild taki frumv. þessu vel og vísi því til 2. umr.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Önnur umræða, 26. marz (A. 208, 330).

Sigurður Sigurðsson: Mér hefir því miður ekki tekist vegna annríkis að koma fram með breyt.till. í þessu máli.

Eg vil meðal annars vekja athygli á 2. gr. frv., þar sem sagt er að kaupmenn megi taka unglinga 12 ára í þjónustu sína. Þetta tel eg miður heppilegt og enda skaðlegt. Álít að þessir unglingar megi ekki vera yngri en 14 ára eða um fermingaraldur, þegar þeir ráðast sem lærlingar. Þá stendur í 7. gr., að vinnutími þessara unglinga skuli jafnan vera 12 stundir á dag, og jafnvel að vinnutíminn megi vera enn lengri.

Þetta held eg sé alt of langur vinnutími fyrir unglinga á þessu reki. Mönnum hlýtur að skiljast, að það eru engin sældarkjör, að standa í búð all-

an liðlangan daginn. Almennur vinnutími við alla opinbera vinnu, vegagerð o. fl., eru 10 stundir á dag, og til sveita er almennur vinnudagur 12 stundir. Það má því ekki minna vera heldur en að þessum verzlunarnemum sé ekki gefður lengri vinnutími en verkafólki alment.

Það mundi ekki ósanngjarnt, að þetta fólk, sem hér er um að ræða byrjaði vinnu kl. 7—8 að morgni og hætti samtímis að kvöldi, en hefði innan þessa tímatakmarks 2 stundir til matar og hvíldar.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Það vill svo illa til að frams.m. þessa frv. (M. Bl.) er sjúkur í dag, og getur ekki borið hönd fyrir höfuð sér.

Þess vegna finn eg mig knúðan til að svara þessum hraparlega misskilningi, sem fram kom hjá háttv. 2. þm. Árn. (S. S.)

Það er tekið fram í frv. að tíminn, að meðtöldum matmálstíma, megi ekki fara fram úr 12 stundum á dag. Matmálstíminn er ákveðinn 2 stundir; þá ætti ekki að þurfa neinn sérstakan reikningsmann, til þess að sjá, að sjálfur vinnutíminn er þá aldrei meira en 10 stundir.

Það er ennfremur skýrt tekið fram, að ekki megi nota unglinga þessa til neinnar vinnu, eftir að sá lögskipaði vinnutími er á enda.

Þó geta auðvitað komið þau tilfelli, sem varla er hægt að komast hjá að nota unglingana. Þetta þekkjum við betur, þegar póstskipin eru að koma í verzlunarstöðum hér og hvar.

Það getur að vísu verið álitamál, hvort ekki ætti að breyta aldurstakmarkinu; en eg fyrir mitt leyti álít þess enga þörf. Eg hefi sjálfur átt son, er 12 ára gamall vann 10 stundir á dag, og hlaut engar skemdir af.

Sigurður Sigurðsson: Mér virðist frv. þetta vera svo úr garði gert, að það gefi kaupmönnum og verzlunarstjórum undir fótinn með, ef það yrði að lögum, að láta verzlunarnemana vinna lengri tíma, en til er ætlast af þeim, er flytja málið og mæla fram með því. Ef ákvæði laganna eru ekki skýr og ljós í þessu efni, er jafnan hætt við, að farið verði í kring um þau. — Þeir vita það, sem kunnugir eru hér, að iðnnemar eru oft hafðir í snúningum og sendiferðum, eftir að hinum ákveðna vinnutíma er lokið; verða nemendurnir þannig lakar úti og vinna lengur heldur en þeir, sem vinna fyrir fullu kaupi.

Í frumvarpinu er svo ákveðið, að verzlunarstjóri eða kaupmaður megi ekki láta nemandann að jafnaði vinna frá kl. 6 til kl. 9. Þetta er svo teygjanlegt og óljóst til orða tekið, að þörf væri á að ákveða það nánara. Eg vildi helzt að sett væri í frumv., að alls ekki mætti láta þessa verzlunarnema vinna lengur en 10 stundir, nema þá að sérstakar ástæður eða brýn nauðsyn væri fyrir hendi. Eg viðurkenni, að frumv. er að sumu leyti gott og þarflegt, en er hins vegar sannfærður um, að það þarf að breyta því í ýmsum atriðum, til þess að það geti náð tilgangi sínum.

Jón Ólafsson: Þetta er næstum fáránlegur misskilningur hjá háttv. 2. þm. Árn. (S.S.) Þar sem gert er ráð fyrir í 7. gr. að nemandi í sérstökum tilfellum þurfi að vinna á tímanum milli kl. 9 á kvöldin og 6 á morgnana, þá er það ekki viðbót við þann ákveðna vinnutíma. Þvert á móti dregst það frá. Í lögunum er svo fyrir mælt, að vinnutíminn megi aldrei fara fram úr 12 stundum á dag að meðtöldum námstíma og 2 klukkustundum til hvíldar. Þetta er undantekningarlaus regla, undir öllum kringumstæðum. Til grund-

vallar þessu ákvæði um að leyfilegt væri að færa til tímann þannig, lá sú skoðun hjá nefndinni, að vert væri að taka sérstakt tillit til kaapmanna og verzlunarstjóra út um land, þar sem t. d. oft ber svo við að póstskip koma um kvöld með vörur og fara eftir fáeinar klukkustundir. Jafnvel hér í Reykjavík geta borið til knýjandi ástæður til að vinna einstöku sinnum eitthvað á þessum tíma. En þá fær nemandinn jafnlangan tíma dreginn frá hinum vinnutímanum — jafnlangt frí. Hér er að eins að tala um flutning tíma, en ekki lenging. Það er svo langt frá að verið sé að gefa kaupmönnum undir fótinn að lengja með þessu vinnutímann, að lögin þvert á móti vernda unglingana og takmarka vinnutímann, sem hingað til er ekkert takmark sett í lögum.

Sigurður Gunnarsson: Mér dettur ekki í hug að mæla á móti frumv. þessu í heild sinni. Eg hygg það vel ráðið að setja ýms ákvæði, er tryggi rétt verzlunarnemenda og réttarstöðu þeirra gagnvart vinnuveitendum, en er hins vegar á sama máli og hinn h. 2. þm. Árn. (S. S.) um það, að ástæða sé til að athuga málið betur til 3.umr. Sum ákvæði í frumv. eru á reiki og mjög svo óljós, t. d. orðin: »að jafnaði« í 7. gr. Í staðinn fyrir það væri heppilegra að setja t. d. »ef mikið liggur við« eða eitthvað þess háttar. Það er líka nokkuð umsvifamikið að verða að fara til stjórnarráðsins, ef gera þarf undanþágu. Í 8. gr. er ákvæði um það, að verzlunarnemendur skuli undanþegnir starfi »um jólaleytið«. Það er mjög óákveðið og vil eg að um það séu sett nokkru skýrari ákvæði.

Jón Ólafsson: Eg held að athugasemdir hins háttv. þm. Snæf. (S. G.) sé helzt til mikill misskilningur eins og hjá háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) Það er óþarfi að taka fram það sem stendur í almennum landslögum. Ef þyngri hegning liggur við, þá verður hlutaðeigandi að dæmast eftir þeim almennu hegningarlögum. Það liggur svo í augum uppi og það er ekkert fögur lagasmíð að vera að taka upp jafn sjálfsögð atriði. Við ótilhlýðilega hegðun í 10. gr. er auðvitað átt nemandans. Það sést svo ljóslega á sambandinu, að mig furðar stórlega á að jafnglöggur maður og hinn h. þm. Snæf. (S. G.) hefir misskilið það.

Í 13. gr. er gert ráð fyrir gerðardómi, sem geri út um ágreining milli nemanda og verzlunarstjórnanda út af námssamningi. Gerðardómurinn skipa í kaupstöðum 2 kaupmenn eða verzlunarstjórar, sem verzlunarstjórnandi útnefnir og 2 verzlunarmenn, sem nemandi útnefnir. Bæjarfógeti eða sýslumaður er sjálfkjörinn oddamaður. Aftur á móti í útkaupstöðum er ekki unt að fá svo marga verzlunarfróða menn útnefnda á einum stað og útnefnir sýslumaður þá mennina. Úrskurður gerðardómstólsins er bindandi fyrir báða málsaðila. Annars skal eg eigi fara fleiri orðum um frumv. þetta, því að það er ekki mitt verk, en eg hefi mælt fyrir því af því, að frams.m. (M. Bl.) er lasinn og ekki við. Við 3. umr. mun hann vonandi hafa tækifæri til að mæla með því röggsamlegar.

Pétur Jónsson: Þó skömm sé frá að segja, het eg litinn gaum gefið frv. þessu fyr en nú. En þegar eg fór að athuga það, þá finst mér ástæða til að gera aths. við 3. grein. Þar er nýmæli, sem nemandalögin frá 1893 gera ekki ráð fyrir, það er að námstíminn skuli vera minst 4 ár. — Fyrir nemandann ímynda eg mér, að þetta lágmark námstímans sé ekki nauðsynlegt. Eg álít að hér sé ekki um skyldunám að ræða, þar sem tím-

inn þurfi endilega að vera svo og svo langur. Svo er annað, að gert er ráð fyrir í 11. gr. að nemandi geti slitið námssamningi, og þá getur hann auðvitað gengið inn á námssamning við einhvern annan, en þá er ekki tiltekið, hvort sá tími, sem hann var búinn að vera, skuli reiknaður með námstímanum hjá þeim sem hann hefir ráðið sig á ný. Enn er það nýmæli, að reynslutíminn skuli að eins vera einn mánuður í stað 3 mánaða í lögunum frá 1893. Mér virðist það athugavert.

Jón Ólafsson: Eg skal geta þess viðvíkjandi athugasemdum háttv. þm. S.-Þing. (P. J.), að nefndin getur fallist á athugasemdir hans við 3. gr. og sömuleiðis að orða skýrar ákvæðin í 11. gr., þó það sé auðvitað, að þegar námssamningi er löglega slitið, þá á nemandinn heimtingu á því, að honum sé reiknaður sá tími, ef hann ræður sig hjá öðrum. Hins vegar vildi eg benda á það alment, að það væri æskilegt að þm. reyndu að átta sig á frumvörpunum, áður en 2. umr. er lokið, til þess að ekki þurfi að koma með breyt.till. við 3. umr., því að samkvæmt þingsköpunum eiga breyt.-till. helzt að koma við 2. umr.

ATKV.GR.:

1. gr. frv. sþ. með 12 atkv. samhlj.
2. — — — — 13 — —
3. — — — — 12 — —
4. — — — — 12 — —
5. — — — — 15 — —

6.—12. gr. frv. sþ. með 13 atkv. samhlj.

Breyt.till. (330) við 13 gr. 1. og 2. liður sþ. með 13 samhlj. atkv.

13. gr. þannig breytt sþ. með 13 samhlj. atkv.

Viðaukatill. (330) ný 14. gr. sþ. með 13 samhlj. atkv.

Fyrirsögnin sþ. með 13 atkv.

Vísað til 3. umr. með 13 samhlj. atkv.

Þriðja umr.; 29. marz (A. 336, 342).

Jón Ólafsson: Herra forseti! — Eg er sömu forlögum háður nú og við 2. umr. þessa máls, að eg mæli fyrir hönd ritara og framsögumanns þessa frumv. (M. Bl.), sem er veikur.

Nefndin þóttist komast að raun um, að ritara hefði eitthvað yfirsést, því í frumv. var ýmislegt, er nefndin hafði talið betur fara á annan hátt, svo vér höfum leyft oss að koma með breytingartill. við þessa staði, en það eru einungis orðabreytingar, að heita má. Breytingar þessar eru við 1., 3., 8., 13. og 14. gr. en allar smávægilegar. Þannig í 8. gr. í stað orðanna: »liggur við . . . vörukönnun« komi: »liggur við . . . eða þegar birgðakönnun«.

Ætla eg ekki að fara frekari orðum um frumv. þetta, sem eg álít mjög til bóta.

Sigurður Sigurðsson: Þótt breyt.till. nefndarinnar séu margar, eru þær eigi svo viðtækar, sem eg hefði á kosið. Hefi eg borið þetta frumv. saman við lög frá 16. sept. 1893, og sé eg eigi, að þetta sé neitt til bóta frá ákvæðum gildandi laga. Eg held meira að segja, að þau séu í sumum tilfellum óaðgengilegri en ákvæði gömlu laganna. Álít eg, að hin háttv. deild gerði réttast í að fella þetta frumv., því fátt nýtt er í því, sem tekur nokkuð fram, er þýðingu hafi. Í 13. gr. eru ákvæði, sem ekki eru í gömlu lögunum, um ágreining milli nemanda og vinnuveitanda og skulu hvorir tilnefna tvo menn, en bæjarfógeti velur oddamann. Tek eg þetta fram af því, að eg álít með þessu tylt undir þann sterkara, því í slíkum gerðardómum mun meira tillit tekið til vinnuveitanda en nemanda.

Það væri ókurteist af mér að kvitta

ekki fyrir lofið, en eg ætla að gera það að hætti 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.), sem altaf hnýtir í menn. Það er svo langt frá, að eg ætli að fara að lasta hann, þvert á móti; því ef hann hefði fjallað meira um mál þetta frá byrjun, myndi það miklu betur úr garði gert, En nú eru það kaupmenn, sem samið hafa þetta umrædda frumv., og er ekki líklegt, að þeir halli á sjálfa sig. Í frv. er talað um, að nemendur skuli hafa vikufrí á sumrum, en hingað til hefir verið sagt, að þeir ættu að hafa 10 daga frí. Er slíkt ekki til bóta. Sama má og segja um hinar verklegu æfingar við skrifstofustörf, að hægt mundi vera að telja til þeirra að færa »kladda«.

Annars hefir viðkomandi háttv. þm. játað, að honum sé þetta ekki kappsmál og tel eg hann að mann meiri.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Er nefndin samdi þetta frv. var það auðvitað von hennar, að þetta gæti orðið til bóta og hún myndi gera til hæfis öllum, sem vit hafa á máli þessu. En að því er háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) snertir, var slíkt ómögulegt, því hann hefir ekkert vit á þessu. Í nefndinni sátu 4 verzlunarfróðir menn, sem vita ættu betur en hann, hvað bezt hentar í þessu máli. Er mjög einkennilegt að bera fram annað eins og að ekkert nýtt eða til bóta sé í frumv. þessu, og kveðst hann hafa borið þetta saman við lög frá 16. sept. 1893. Nú vill svo óheppilega til fyrir háttv. þm., að breytingarnar eru allar til hagsmuna og tryggingar fyrir nemendur, t. d. takmörkun vinnutímans. Vinnuveitanda er og gert að skyldu að veita nemanda fræðslu; sé verzlunarskóli á staðnum skal nemendum veittur nægilegur tími til náms og séð fyrir ókeypis kenslu. Enn fremur virðist gerðardómurinn muni styrkja afstöðu nemenda, þar eð í honum sitja jafnmargir af hvorum flokki, kaupmanna og verzlunarmanna, með bæjarfógeta sem stak, og ætti það ekki að veikja veikara partinn. Held eg að blindur dæmi um lit, er háttv. þm. segir slíkt; sýni hann fram á með rökum, að hann fari með rétt mál, en láti sér að öðrum kosti sem minst um munn fara af slíkri heimsku. Sé eg ekki ástæðu til að fara fleirum orðum um þetta, fyr en eg hefi heyrt röksemdir 2. þm. Árn. (S.S.).

ATKV.GR.:

Brt. við 1. gr. sþ. án atkv.gr.
— — 3. — — með 15 shlj. atkv.
— — 8. — — — 15 — —
1. brt. við 13. gr. sþ. án atkv.gr.
2. — — — — — — —
3. — — — — — — —
Brt. við 14. gr. sþ. án atkv.gr.

Frv. í heild sinni þannig breytt sþ. með 18 atkv. gegn 3 að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Einar Jónsson,
Jón Ólafsson,	Sig. Sigurðsson,
Ben. Sveinsson,	Þorleifur Jónsson.
Björn Kristjánsson,	
Björn Þorláksson,	
Eggert Pálsson,	
Hannes Hafstein,	
Hálfdan Guðjónss.,	
Jóh. Jóhannesson,	
Jón Jónsson, N.-M.,	
Jón Jónsson, S.-M.,	
Jón Magnússon,	
Jón Sigurðsson,	
Jón Þorkelsson,	
Pétur Jónsson.	
Sig. Gunnarsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Stefán Stefánsson,	

Frv. afgreitt til Ed.

Ein umr., 22. apríl (A. 509, 557).

Framsögumaður (Magnús Blöndahl): Verzlunarmálanefndin hefir á ný haft

frumv. þetta til meðferðar eftir að h. Ed. hefir gert nokkrar breytingar á því. Nefndin hefir komist að þeirri niðurstöðu, að réttast væri að leggja það til við háttv. deild, að hún samþ. frumv. með þeim breytingum, sem getið er um að standa á þgskj. 557, frá verzlunarmálanefndinni.

1. breyt.till. á þessu þgskj. er við 5. gr. frumv. og er þar ætlast til að í stað orðanna: »Fyrstu 3 mánuðina« komi: Fyrstu 2 mánuðina.

Neðri deild hafði áður sem kunnugt er, litið svo á, að nægilegt mundi að setja 1 mánuð, sem reynslutíma, en háttv. efri deild hafði svo fært þennan tíma upp í 3 mánuði. En þessi tími þótti okkur nefndarmönnunum of langur af þeirri ástæðu, að það gæti svo farið, að hægt væri að misbrúka hann. Þótti því nauðsynlegt að koma í veg fyrir það.

2. breyt.till. á sama þingskj. er við 11. gr. Hún miðar að því, að fyrsti töluliður 11. gr.: »Þá er verzlunarstjórnandi deyr«, falli burt. Ástæðan til þessa er sú, að ónauðsynlegt þótti og jafnvel með öllu órétt, að námssamningurinn yrði ógildur fyrir þá sök, að verzlunarstjórnandinn félli frá, því að venjulega mun þá vera einhver annar, er verzluninni veitir forstöðu, enda gæti þá samningurinn staðið áfram.

Einnig er farið fram á þá breytingu á 11. gr., að 2. töluliður er þá verður 1. töluliður orðist þannig:

»Þá er verzlun hættir eða eigandi hennar verður gjaldþrota«.

Það þótti ekki rétt, að hér stæði: ef verzlunarstjórnandi o. s. frv., með því að þau umskifti gætu orðið all-oft. — Hitt þótti heppilegra, eins og nú er látið vera.

3. liður verður þá einnig 2. liður.

3. liður orðist þannig: »Þá er verzlunarstjóri deyr, ef nemandi óskar þess, að samningi sé slitið« (með samþykki fjárráðamanns, ef svo á stendur).

Eg skal leyfa mér, að geta þess, að eg hefi átt tal við einn háttv. þingm. úr efri deild, er situr í nefnd þeirri, er þar var skipuð í þetta mál — og eftir samtali við hann, þá hefi eg ástæðu til að ætla, að háttv. efri deild muni ekki amast við þessum breyt.-till., þegar þangað kemur.

Aunars er ekki þörf á því, að farið sé öllu frekara út í þetta mál, þar sem það er áður margrætt hér í deildinni, enda ekki ástæða til þess að gera frekari breytingar á frumv., en eg nú hefi nefnt.

Nefndin ræður því háttv. deild til þess að samþykkja frv. með þessum breytingum, er um getur á þskj. 557.

ATKV.GR.:

1. breyt.till. (557) við 5. gr. samþ. með 20 atkv.

2. breyt.till. við 11. gr. samþ. með 15 atkv.

3. breyt.till. við 11. gr. samþ. með 16 atkv.

4. breyt.till. samþ. án atkv.gr.

5. breyt.till. við 11. gr. samþ. með 17 atkv.

Frumv. með þessum breytingum samþ. með 17 samhlj. atkv. og endursent Ed.

Verzlunarbækur.

FRUMVARP til laga um verzlunarbækur. (A. 87); 1. umr., 5. marz.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): Frv. þetta höfðum við flutningsmenn þess samið löngu áður en þing kom saman, og tilgangur þess er, að fylla upp í eyðu, sem er í verzlunarlöggjöf

landsins. Eg álít, að ef frumv. þetta yrði að lögum, að þá mundi það meðal annars styðja að því, að auka gjaldtraust verzlunarstéttarinnar hér á landi, því með frv. er henni gert að skyldu, að hafa reglulegt bókhald, auk þess sem ekki er auðið að setja ýmisleg lög og ákvæði, er miða til þess, að tryggja verzlunarrekstur, nema þessi lög séu gengin á undan. Eg vil að eins nefna lög um nauðungar-samninga um skuldgreiðslu (Tvangs-akkord), o. ýmisl. fleira.

Eg vil ekki fjölyrða meira um frv. við þessa umr., en legg það til, að því sé vísað til verzlunarmálanefndarinnar.

Magnús Blöndahl: Það gleður mig að sjá þetta frv. koma inn á þingið. Um daginn, þegar skipuð var nefnd til þess, að athuga verzlunarlöggjöf landsins, þá var þetta einmitt eitt af þeim atriðum, sem eg áleit nauðsynlegt að taka til athugunar.

Eg er einnig samdóma háttv. flutningsmanni (J. Ó.), að rétt sé, að vísa málinu til verzlunarnefndarinnar til þess, að það verði athugað, með fram vegna orðalags á stöku stað og ákvæða, sem nú eru í frumv. — Eg get ekki betur séð, en að sum ákvæði þess mundu verða lítt framkvæmanleg.

Skal eg svo ekki á þessu stigi málsins fjölyrða meira um frumv.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): H. 2. þm. Rvk. (M. Bl.) talaði um »stórlýti á málfærinu« á þessu frumv. og »hneykslanleg ákvæði« í efni þess. — Það er nú sætt sameiginlegt skipbrot með »hneykslanlegu ákvæðin«, því að þau munu standa í lögum allra verzlunarþjóða. En mig gleður, að frumv. verði vísað til verzlunarlaganefndarinnar, sem við erum báðir í háttv. 2. þm. Rvk. (M. Bl.) og eg, því að alt af er eg fús að læra, og eg mun því taka með þökkum allri þeirri fræðslu í móðurmálinu, sem háttv. 2. þm. Rvík. (M. Bl.) er fær um, að veita mér.

ATKV.GR.:

Tillagan um að vísa málinu til verzlunar- og atvinnumálanefndarinnar samþykt í einu hljóði, og 1. umræðu frestað.

Framhald 1. umr., 15. marz. (A. 87, n. 167).

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Frv. þetta er hér um bil alveg eins og það kom fram hér á dögunum. Það eru engar efnisbreytingar, og að eins örfáar orðabreytingar, sem nefndin hefir komið með og fyrir þeim flestum er grein gerð í nefndarálitinu. Eg skal að eins geta þess, að í upphafi hafði gleymst að setja inn í 2. gr. á eftir »verzlunarviðskifti« orðin: »önnur en þau, er hönd selur hendi«. Hefir því nefndin lagt til, að þessu verði bætt inn í. Ástæðan fyrir því ákvæði er sú, að það er ekki tilgangurinn, að skylda menn til þess, að færa inn í frumbók þau viðskifti, er gerast gegn borgun út í hönd.

Þessi breyting er svo sjálfsögð, að eigi er þörf að fara fleiri orðum um, og svo er og um þær litlu breytingar aðrar, sem gerðar hafa verið á orðalaginu.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umræðu með 21 shlj. atkv.

Önnur umr., 17. marz (A. 87, n. 167).

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Það er ekki mikið að segja um þetta mál, því að í nefndarálitinu er gerð grein fyrir breytingartillögum, sem komið

hafa frá nefndinni, og þær eru bæði fáar og smáar; og frá öðrum en nefndinni hafa engar breyt.till. komið. Sumum hefir þótt það athugavert við frv., að frumbók skuli vera löggilt, því að nú sé tekinn upp sá siður, að nota litlar bækur fyrir frumbók, sem svo eru rifin upp úr blöðin og fær kaupandi annað en seljandi heldur hinu. Í öllum löndum, þar sem bækur eru löggiltar, er einmitt frumbókin löggilt, enda ríður mest á, að hún sé áreiðanleg. Nefndin vissi um þessar litlu bækur, en fanst að það væri ósköp hægt fyrir þá, sem þær hafa, ef þeim þykir of dýrt að löggilda svo margar smábækur, þá að láta gera bækurnar stærri, t. d. með 1000 duplicat-blöðum. Tiltök gætu og verið, að breyta lögunum um gjald fyrir löggilding verzlunarbóka þannig, að gjaldið fyrir löggilding frumbóka væri lækkað frá því sem nú er.

ATKV.GR.:

1. gr. sþ. með 19 atkv.

1. breyt.till. við 2. gr. sþ. með 17 atkv.

2. breyt.till. við 2. gr. sþ. með 18 atkv.

2. gr. þannig breytt sþ. með 16 atkv.

3. breyt.till. við 3. gr. sþ. með 15 atkv.

4. breyt.till. við 3. gr. sþ. án atkv.

5. breyt.till. við 3. gr. sþ. með 16 atkv.

3. gr. þannig breytt sþ. með 17 atkv.

4. gr. sþ. með 17 atkv.

6. breyt.till. við 5. gr. sþ. með 17 atkv.

5. gr. þannig breytt sþ. með 17 atkv.

6. gr. sþ. með 17. atkv.

7. — — — 17. —

7. breyt.till. við 8. gr. sþ. með 18 atkv.

8. gr. þannig breytt sþ. með 17 atkv.

9. gr. sþ. með 17 atkv.

Fyrirsögnin sþ. án atkv.

Vísað til 3. umr. með 20 atkv.

Þriðja umr., 26. marz (A. 250).

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Herra forseti! Með því að engin brt.till. hefir komið fram við frumv. þetta, hvorki við 1., 2. né 3. umræðu þess, þykir mér ekki ástæða til að tala frekara fyrir því.

ATKV.GR.:

Frv. sþ. með 15 atkv. shlj. og afgreitt til Ed.

Ein umr., 22. apríl (A. 510, 566, 573).

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Herra forseti! Frumv. þetta kom frá Ed. með ekki miklum breytingum, en þó efnisbreytingum. Samnefndarmenn mínir hafa komið með breyt.till. við 2. gr., að síðari hlutinn, frá »samrit« til enda falli burtu, en í staðinn komi breyt.till. 566: »Frumbók skal vera gegnum dregin og innsigluð af notarius publicus«. Eg var þá eigi á nefndarfundi, en er sama hvort verður ofan á. Virðist mér margt mæla með hvorutveggju, eg legg ekki mikið upp úr þessu. Að því er viðaukann snertir, virðist mér hann nauðsynlegur. Eg álít enga þörf að fjölyrða um þetta mál.

Björn Kristjánsson: Eg ætla að minnast á 2. gr. viðvíkjandi ákvæðinu um afritið af því, sem fært er í frumbókina. Þetta mundi alveg ómögulegt, ef ös væri og mikið að gera í búðinni. Að vísu mætti nota kalkepappír, en þá þarf að skrifa í bókina með blýant, og virðist mér það mjög óheppilegt að færa bækur með blýant, sem sönnunargildi eiga að hafa. Blýantsskriftin getur líka máðst.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Eins og eg gat um áðan, hafa báðar brt.till.

talsvert til síns máls. Það hefir að líkindum vakað fyrir Ed. að tiðkast hefir hér á Suðurlandi, og jafnvel víðar, að rita í bækur, sem afrit af skriftinni kemur út af á öðru blaði. Það er eigi rétt hjá háttv. 1. þm. G.-K., (B. Kr.) að endilega þurfi að skrifa með blýant í þessar bækur. Það má alveg eins nota blek og penna og er það mjög hagkvæmt, að sögn þeirra kaupmanna, sem notað hafa, og aldrei komið neinar umkvartanir viðvíkjandi reikningum, síðan þeir byrjuðu á þessu.

Svo er og á það að líta, að þeir menn sem hafa bókarreikning, eiga heimtingu á að fá afrit af honum, og er eg í því algerlega samþykkur háttv. Ed.

ATKV.GR.:

Breyt.till. á þgskj. 566 samþ. með 14 atkv.

Viðaukatill. (573) sþ. með 18 atkv.

Frumv. þannig breytt samþ. með 18 shlj. atkv. og endursent Ed.

Girðingar.

FRUMVARP til laga um girðingar. 1. umr., 17. marz (A. 191).

Framsögumaður (Sigurður Sigurðsson): Eg þarf ekki að fara mörgum orðum um þetta frumv., en mér þykir þó eiga við að gera grein fyrir því, hvernig það er til orðið og tilgangi þess. Eins og hinni hv. deild er kunnugt voru samþ. lög um girðingar á alþ. 1903, hin svo nefndu gaddavírsgirðingalög. Lög þessi heimila að veita bændum lán til að kaupa fyrir girðingarefni frá útlöndum. En lögin falla úr gildi við næstu áramót og með þeim fellur einnig þessi lánsheimild burt. Hins vegar hafa komið fram ýmsar raddir frá bændum um að þeir framvegis gætu átt kost á svipuðu láni til þess að geta útvegað sér girðingarefni frá útlöndum. Það er því eftir óskum margra merkra bænda, að landbúnaðarnefndin hefir tekið málið til íhugunar og komið fram með þetta frumv. Frumv. byggist á því að landssjóður eða réttara sagt alþ. heimili stjórninni að verja til lána handa bændum og samgirðingafélögum alt að 20000 kr. á ári til að kaupa girðingarefni frá útlöndum. Að fjárlaganefndin ekki hefir tekið þessa lánsheimild enn upp í fjárlagafrv. stafar af því, að hún hafði ekki séð eða kynt sér þetta frv. En eg vona að hún taki málinu vel. Frumv. þetta er að ýmsu leyti frábrugðið núgildandi túngirðingalögum; mörgum ákvæðum þeirra laga slept og öðrum nýjum bætt við. Þannig inniheldur frv. almenn ákvæði um fyrirkomulag girðinga, er miða að því, að tryggja það, að þær verði betur gerðar en verið hefir að undanförnu. Einnig inniheldur frv. það nýmæli, að sýslunefndir og hreppsnefndir geti gert bindandi samþyktir um girðingar og miðast það einkum við samgirðingar, sem nú eru óðum að ryðja sér til rúms. Eg treysti nú því, að allir sjái, hve þýðingarmikið mál þetta er. Girðingar eru eitt af aðalskilyrðunum fyrir aukinni jarðrækt og þá um leið fyrir framförum landbúnaðarins. Það fyrsta sem bóndinn þarf og verður að gera við jörðina sína er að girða hana og friða; annars er öll jarðyrkja í hættu. Á seinni tímum hefir áhuginn á girðingum farið mjög vaxandi og margir hafa klofið til þess þrítugan hamarinn að fá tún sín girt. Sem sönnun þess, hvað girðingar hafa aukist síðustu árin, má geta þess, að árið 1906 voru gerðar girðingar, sem nemur 17 mílum og 1907 námu þær 33 mílum. En þótt

þetta, sem hér var nefnt beri vott um mikinn framgang vantar þó mikið á, að máli þessu sé komið í æskilegt horf. Eg skal líka benda á annað í þessu máli. Þó að girðingar víða hafi farið í vöxt, hefir þó oft verið sá agnúi á, að þær hafa ekki verið nógu traustar og vel úr garði gerðar, og því ekki komið að verulegum notum. Úr þessu er reynt að bæta með frumv. Í því eru ákvæði um það, hvernig girðingar skuli gerðar, hvað háar þær eigi að vera, o. s. frv. Þetta er mjög nauðsynlegt og vona eg, að það mæti ekki mótspyrnu.

Áður hefi eg minst á nýmælið um samþyktarvald sýslunefnda og hreppsnefnda og skal eg eigi fjölyrða frekar um það. Að öðru leyti skal eg ekki fara fleirum orðum um málið að svo stöddu, nema einhverjir vilji í móti mæla. Vona að hin háttv. deild taki því vel, því að það er áhugamál allra, sem landbúnað stunda og okkur í landbúnaðarnefndinni sannarlegt hjartans mál.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. með 18 atkv.

Önnur umræða, 27. marz (A. 191).

Framsögumaður (Sigurður Sigurðsson): Eins og eg tók fram við 1. umr. er frv. þetta að nokkru leyti bygt á því, að fjárveitingarvaldið heimili lán úr landssjóði til girðingaefniskaupa. Málið er komið vel á veg og hefi eg góða von um, að samþykt verði í deildinni að gefa stjórninni heimild til að veita slík lán.

Í öðru lagi inniheldur frumv. ákvæði um, hvernig girðingar eigi að vera. Þær girðingar teljast ekki fullgildar eftir því, sem ekki geta fullnægt skilyrðum laganna í því efni. Frumv. tryggir því það, að girðingar verði betri og vandaðri en verið hefir, og styður það að góðri ending þeirra. Í þriðja lagi eru í lögunum ákvæði um, að sýslu- og hreppsnefndir geti gert samþyktir með tilliti til samgirðinga og fleira, er þar að lýtur. Þetta eru þeir þrír meginþættir eða höfuðatriði frv. Þar sem engin andmæli eða breyt.till. hafa komið fram, sé eg ekki ástæðu til að fara út í einstakar greinar eða einstök atriði. Eg býst við, að háttv. deildarmenn muni samþ. frumv., að minsta kosti í öllum aðalatriðum. Eg óska því, að málinu verði vísað til 3. umr.

ATKV.GR.:

1. gr. frumv. samþ. með 16 samhlj. atkv.

2.—8. gr. frumv. samþ. með 16 shlj. atkv. hver.

9.—15. gr. frumv. samþ. með 20 shlj. atkv. hver.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Frv. vísað til 3. umr. með 21 atkv.

Þriðja umr., 29. marz. (A. 191, 361).

Björn Þorláksson: Eg ætla að minnast lítillega á 7. gr. síðari hluta hennar, um traðir. Þykist eg skilja, hvers vegna þetta ákvæði er sett inn, nefnilega til þess að eigi verði tjón af girðingunum á þeim stöðum, þar sem mikil umferð er, en þetta er óþörf hræðsla. Eg veit þess sjálfur dæmi, að mjóar traðir eru virgirtar til þess að varna hestum og kúm að fara í túnin, og að aldrei hefir komið að sök. Ef nú væri bannað að hafa slíkar girðingar, myndu túnin standa girðingarlaus, eða ef garð ætti að hlaða undir vírinn, eins og lögin ætlast til, þyrfti að flytja efni að oft langar leiðir og er slíkt mikill kostnaðarauki. Óska eg helzt, að feldur væri partur aftan af greininni, eins og breyt.till. mín fer fram á. Veit eg um svona girðingar,

er staðið hafa í 10 ár, að aldrei hafa þær orðið að tjóni, og er því meiningarlaust að amast við þeim. Annars finst mér þetta atriði svo lítilfjörlegt, að óþarfi sé að eyða mörgum orðum um þetta, og segi því eigi meira.

Pétur Jónsson: Þetta ákvæði um traðir er ekkert nýmæli, það hefir staðið í mörg ár, samkvæmt 16. gr. núgildandi girðingalaga. Nefndinni þótti rétt að halda þessu ákvæði, þótt að vísu megi skoða það sem einkamál og hver ráði að mestu sjálfur, hvernig slíkum girðingum skuli hagað, ef enginn alfaravegur er um túnið sjálft, en það er girt að utan.

Þegar girðingalögin voru samþ. um árið munu menn hafa óttast, að traðagirðingar gætu valdið skaða á skepnum, og var þá þetta ákvæði sett inn í lögin til tryggingar því, að svo yrði ekki. Þó hinn mikli ótti við gaddavírinn, sem þá gaus upp, væri öfgablandinn mjög, mun þetta ekki hafa verið ástæðulaust. Eg get því ekki verið með br.till. þeirri, sem komin er um að fella þetta ákvæði úr frv. og býst við að nefndin fallist heldur ekki á hana.

ATKV.GR.:

Br.till. (361) feld með 15 : 6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Kristjánss.,	Bjarni Jónsson,
Björn Þorláksson,	Jón Ólafsson,
Eggert Pálsson,	Ben. Sveinsson,
Jón Sigurðsson,	Einar Jónsson,
Jón Þorkelsson,	Hannes Hafstein,
Sig. Gunnarsson,	Hálfdan Guðjónss.,
	Jóh. Jóhanness.,
	Jón Jónsson N.-M.,
	Jón Jónsson S.-M.,
	Jón Magnússon,
	Pétur Jónsson,
	Sig. Sigurðsson,
	Skúli Thoroddsen.

Nei:
Stefán Stefánsson,
Þorleifur Jónsson.

Frv. óbreytt sþ. með 19 shlj. atkv. og afgreitt til Ed.

Ein umræða, 27. apríl, (A. 602, n. 614).

Framsögumaður (Sigurður Sigurðsson): Við frv. þetta hefir háttv. Ed. aðeins gert nokkrar orðabreytingar, sem landbúnaðarnefndin telur flestar eða allar til bóta.

Eg þarf því ekki að orðlengja um málið, og vænti þess, að það verði samþ. og afgreitt frá háttv. deild sem lög.

ATKV.GR.:

Frv. sþ. með 17 shlj. atkv. og afgreitt sem *lög frá alþingi.*

Hagfræðisskýrslur.

FRUMVARP til laga um breyting og viðauka við lög um hagfræðisskýrslur nr. 29, 8. nóv. 1895, og lög nr. 20, 30. okt. 1903, (A. 189, sbr. 233, 240), 1. umr., 16. marz.

Framsögumaður (Björn Kristjánsson): Nefnd sú, sem kosin var til að íhuga verzlunarmálefni, hefir leyt sér, að koma með frumv. þetta. Það hefði átt að vera komið löngu fyr inn á þing frumv. um þetta efni, og nefndinni þótti það vera búið að dragast nógu lengi. Menn hafa oft furðað sig á því, að vörur þær, er til landsins flytjast, eru stórum meira virði að krónutali en þær er útflytjast úr landinu. Þetta kemur af því, að í aðflutningsskýrslunum eru vörurnar reiknaðar með smásöluverði, að viðbættum tolli. En þetta er hin mesta fjarstæða, og hefir líklega komist inn í lögin af því, að menn hafa ekki gert sér ljóst, að

hér stendur öðruvísi á en víðast annarstaðar í heiminum, að hér er að eins eitt útsöluverð til, þar sem útsöluverðin eru tvö annarsstaðar, stórkaupa- og smákaupa verð. Á Íslandi er engin »Börs«, og ekkert stórkaupaverð, og þarafleiðandi ekki annað verð en smásöluverð. Með öðrum orðum: Skýrslurnar hér sýna smásöluverðið að viðbættum tolli, en útlendu skýrslurnar munu sýna verð stórsalanna, þeirra, sem aðallega flytja vörurnar inn í löndin, enda er það ekki venja þar að heimta útsöluverðskrá af smásölum. En samkvæmt því er rétt, að vér byggjum skýrslur vorar á útsöluverði stórkaupmanna til vor, að viðbættum flutningskostnaði, svo fremi, sem vér ekki viljum gera oss far um, að spilla lánstrausti voru í útlöndum. Nefndin hefir því stungið upp á, að í stað skýrslnanna um smásöluútsöluverð ásamt tolli komi skrá yfir innkaupsverðið að viðbættum flutningskostnaði. Hinu þótti ekki ástæða að breyta, þ. e. skýrslum um útfluttar vörur, því að þær eru taldar eftir innkaupsverði — og er það rétt.

Útlendingarnir, sem gagn eiga að hafa af skýrslunum skilja að eins tölurnar, sem þeir sjá, og getur það mjög spilt lánstrausti voru.

Árið 1902 voru fluttar vörur til landsins fyrir	kr.	10,737,480
en útfluttar fyrir	—	9,199,499
1903: innfluttar vörur...	—	11,938,294
útfluttar vörur ...	—	8,985,507
1904: innfluttar vörur...	—	11,778,555
útfluttar vörur ...	—	8,742,190
1905: innfluttar vörur...	—	14,466,931
en útfl. vörur	—	12,103,866
1906: innfluttar vörur...	—	16,667,177
útfluttar vörur ...	—	12,226,767

Á 5 árum 1902—1906 var þannig virði aðfluttrar vöru 14,326,708 kr. hærra en útfluttra.

Þetta gæti verið mikill lánstraustsspillir, því að ef þannig héldi áfram í 20 ár, þá myndi öll þjóðareignin ekki gera betur en hrökkva fyrir fjárhagshallanum, er hlyti þá að vera orðinn með þessu áframhaldi. Vona eg því að þingið athugi þetta, og að háttv. deild fallist á frumv.

Þá leggur nefndin til, að kaupmenn skýri frá, frá hvað landi þeir kaupi vörurnar, svo hægt sé að sjá í hvaða átt viðskiftin beinast. Eftir núgildandi lögum sést að eins hvar varan kemur á skipsfjöl, sem enga þýðingu hefir að vita um.

Í sambandi við þetta hefir nefndin lagt það til, að aukið sé við skýrslum um það, hvaða vörumagn flytst að hverri höfn á landinu, miðað við stykkjatölu, tegund, vigt eða teningsmál; getur verið nauðsynlegt að hafa skýrslur um þetta, þegar um það er að ræða að ákveða samgöngur til hinna ýmsu hafna. Eins gæti það orðið til leiðbeiningar, ef menn hugsuðu sér að leggja skatt á hleðsluskirteini (conossement) eftir stykkjatölu eða vigt. Og í því skyni, að geta fengið áreiðanlegar skýrslur um þetta, er afgreiðslumönnum skipa uppálagt, að afhenda lögreglustjóra staðfestan útdrátt úr hleðsluskrám (manifest) eða hleðsluskirteinum, sem koma í þeirra stað.

Nú sem stendur vitum vér ekki, hve mörg tonn eru flutt af vörum til landsins, vér vitum að eins um það, hve mörg tonn skipin bera og rúma, sem til landsins koma.

Eg skal benda á, að 2 orð hafa misprentast, en það verður vonandi leiðrétt.

Hér er það nýmælið ekki hvað minst, að kaupmönnum öllum og öðrum, er reka skuldaverzlun er gert að skyldu, að láta stjórnarráðinu í té

skrá yfir skuldir og innieignir sínar, þ. e. samanlagða upphæð skulda og innieigna, eins og þær eru 31. desember ár hvert.

Það kynni nú sumum að virðast, að þetta gangi of nærri einstökum mönnum, en nú vill svo til, að tveir þeirra manna, er í þessari nefnd voru, eru verzlunarmenn, sem reka skuldaverzlun, og þeim þótti ekki neitt athugavert við þetta ákvæði. Það mun því vera alveg hættulaust að samþ. þetta ákvæði.

Það er mikilsvert að vita um skuldir manna og inneignir í lok hvers árs. Ef menn vita um, hvað þjóðin skuldar kaupmönnum, 31. des. ár hvert, þá geta menn séð, hvað hún skuldar bönkunum, þar sem reikningar þeirra eru uppgerðir þann dag. Og hvað ætti að vera nauðsyn, ef ekki það, að geta fengið áreiðanlega vitneskju um, hvort skuldir eru að vaxa eða minka í landinu. Vona eg því, að h. deild samþykki þessi nýmæli, er í frumv. þessu felast.

Eg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta að sinni, en mun gera frekari grein fyrir því, ef einhver andmæli kynnu að koma fram.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. með 24 samhlj. atkv.

Önnur umr., 26. marz, (A. 189, 233, 240).

Framsögumaður (Björn Kristjánsson): Eg benti á breytingar þær, er gerðir hafa verið, þegar við 1. umr. Það var breyting sú á 5. gr. í 1. málsgr., þar sem kaupmönnum er gert að skyldu, að láta hlutaðeigandi stjórnarvöldum í té sem nákvæmastar skýrslur um það, hverjar vörutegundir, og hve mikið af hverri þeir hafi flutt til landsins og frá því, svo og innkaupsverð vörunnar og flutningskostnað til landsins, og tilgreina, hvar vörurnar eru keyptar. Benti eg á, að hinn rétti mælikvarði, sem fylgja bæri í þessu, væri innkaupsverð stórkaupmanna ytra, að viðbættum áföllnum kostnaði. Aðalbreytingin í þessari grein er sú, að mönnum er uppálagt að skýra frá, frá hvaða landi vörurnar koma, og eiga að gefa það upp, hvar sem þeir kaupa þær. Með þessu fæst betra yfirlit yfir hvert einstakt land.

Þá kemur 2. gr., sem er um skyldu skipa-afgreiðslumanna, kaupmanna, pöntunarfélaga og annara, er taka á móti farmskrám, frá ársbyrjun 1909, að láta hlutaðeigandi lögreglustjóra í té lista yfir aðfluttar vörur, svo og með hvaða skipi þær hafa komið, nafn viðtakanda, stykkjatal, tegund, vigt eða teningsmál varanna á farmskránni. Þetta er nauðsynlegt, þegar ákveða á, hve mikið pláss vörurnar taka. Þess vegna verður lögreglustjóri að krefjast þess af afgreiðslumanni, að hann gefi þetta upp. Þetta er svo áríðandi, að sektir eru viðlagðar, ef út af er brugðið.

Í 3. grein er talað um, ef einungis ein farmskrá fylgir skipi, sem flytur vörur til fleiri en einnar hafnar, hvernig með skuli farið.

Í 4. gr., er kaupmönnum, forstöðumönnum verzlana, kaupfélaga og iðnaðarfyrirtækja lagt á herðar, að gefa stjórnarráðinu áreiðanlega skyrslu um skuldir og inneignir hérlendra viðskiftamanna sinna, að undanteknum bönkum, eins og þær eru 31. des. ár hvert. Þessar skýrslur skal stjórnarráðið birta þannig, að einungis sjáist samanlagðar skuldir og inneignir hvers kauptúns fyrir sig, án þess að nefna nöfn verzlana. Þetta virðist mörgum kanske nærgöngult, en við álítum það nú ekki, einkum þar eð það ekki fer

annara á milli en hlutaðeigandi verzlana og stjórnarráðsins. Það er afarnauðsynlegt til þess að vita um efnahag manna í landinu. Eins og nú er, geta menn ekki séð, hvort efnahagur batnar eða ekki innanlands.

Eg hefi ekki meira að segja um þetta, en vona, að þetta verði mikil bót frá því er áður var.

ATKV.GR.:

1. gr. samþ. með 17 samhlj. atkv.

Breyt.till. (240) við 2. gr. samþ. án atkv.gr.

2. gr. samþ. með 12 samhlj. atkv.

3.—6. gr. sþ. með 17 samhlj. etkv.

Breyt.till. (240) við 7. gr. samþ. án atkv.gr.

7. gr. samþ. með 18 atkv.

Breyt.till. við fyrirsögn frumv. (233) samþ. með 18 atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 20 samhlj. atkv.

Þriðja umr., 27. marz, (A. 338).

ATKV.GR.:

Frumv. samþ. með 17 : 1 atkv., og afgreitt til Ed.

Silungafriðun.

FRUMVARP til laga um friðun silungs í vötnum, (A. 246); 1. umr. 27. marz.

Framsögumaður (Pétur Jónsson): Frumv. þetta er — eins og sést — frá landbúnaðarnefndinni, sem hefir komið fram með það eftir tilmælum úr einni sveit, þar sem silungsveiði er mikið stunduð, Mývatnssveit. Menn þar hafa fundið mjög til þess, að ákvæði þurfi að setja, sem tryggi það, að silungurinn gangi eigi alveg til þurðar. Bæði er það, að smásilungur er veiddur mjög þegar hann næst, en einkum er það þó riða-silungurinn, sem einlægt er veiddur um riðatímann og á sjálfum riðastöðvunum. Þetta hvorttveggja veldur því, að viðkoman nægir eigi til að halda við silungsmergðinni, heldur gengur silungurinn þvert á móti til þurðar. Hér þarf því löggjöfin að hlaupa undir baggann. Í frumv. þessu er að eins farið fram á, að einstakar sveitir eða bygðir eða sýslufélög geti gert bindandi samþyktir fyrir héraðsbúa með samþykki frá $^3/_5$ þeirra manna, sem veiðirétt hafa á þeim svæðum, er samþyktin á að ná yfir. Þetta eru því ekki almenn lög, heldur heimild til samþykta líkt og fiskiveiðasamþykta. Eg óska að málið nái fram að ganga sem fljótast og liðlegast hér í deildinni. Það er mikil nauðsyn á frumv., en hins vegar ekkert athugavert, þótt það verði að lögum.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. með 21 samhlj. atkv.

Önnur umr., 29. marz (A. 246).

Framsögumaður (Pétur Jónsson): Eg vona, að eg þurfi ekki lengi að skýra þetta frumv. fyrir háttv. þingdeild. Frumv, er mjög líkt að formi frumv. því, sem nýlega var samþ. hér (frumv. um kornforðabúr). Hið sérstaka við þetta frumv. er það, að ef 3 menn eða fleiri eiga veiði saman í vatni, getur meiri hluti þeirra krafist, að sýslunefndin gangist fyrir samþykt um veiðina. Hér er þannig breytt frá því sem er í öðrum samþyktarlögum; í slíkum lögum er frumkvæðisvaldið optast hjá sýslunefndum, en í þessu frv. hafa þeir frumkvæðið, sem veiðina eiga. Í öðru lagi er víðast heimtað í slíkum samþyktarlögum $^2/_5$ atkvæða til þess að samþyktin komist á; hér

er það $^3/_5$ atkvæða. Það getur oft staðið svo á, að hart sé að $^1/_3$ ráði því að samþykt kemst eigi á; svo lítill hluti getur setið yfir hlut allra hinna. Eg þorði þó ekki að leggja til, að einfaldur meiri hluti skyldi ráða, heldur fór bil beggja, $^3/_5$. Í þriðja lagi er þá hið sérstaka efni samþykta þeirra, er frumv. ráðgerir og heimilar; í 7. gr. er sem sé heimilað að gera samþyktir um friðun á riðasilungi og riðastöðvum um ákveðinn tíma árs eftir staðháttum og um friðun ófullþroska silungs, enn fremur um tilhögun netja og annara veiðivéla, t. d. möskvastærð.

Þetta er þá það, sem þetta frumv. hefir sérstakt móts við önnur sams konar lög. Eg vona, að menn sjái, að hér er engin hætta á ferðum um það, að einstakir menn nái valdi yfir veiðiskapnum, þar sem heimtað er að minst $^3/_5$ þeirra, sem í hlut eiga, séu samþyktinni fylgjandi. Því vona eg, að frumv. fái greiðan gang bæði við þessa umr. og út úr deildinni.

Skúli Thoroddsen: Eg vildi að eins beina þeirri fyrirspurn til h. framsm. (P. J.) þessa frumv., hvort hann hafi bygt þau ákvæði frumv. að heimta að eins $^3/_5$ atkv. en ekki $^2/_3$, eins og algengt er í samþyktarlögum, á nokkrum sérstökum ástæðum, t. d. á því, hvernig til hagar í Mývatnssveit?

Framsögumaður (Pétur Jónsson): Þegar í upphafi benti eg á ástæðuna. Eg hygg það muni vera svo í öllum vötnum, að riðastöðvarnar séu á litlu svæði; sá staður finst mér ætti að vera friðhelgur.

Einstakir menn hafa auðvitað hag af að veiða þar, en meiri hlutinn stórtjón. Þetta frumv. fer fram á, að fyrirbyggja það, að mjög fáir eða einstakl-ingurinn geti rýrt hag fjöldans. Í fornöld var sagt, að laxinn ætti að ganga friðhelgur frá fjöru til fjalls. Þá var slegið fastri þeirri grundvallarreglu. En engin samskonar ákvæði hafa verið til friðhelgunar framtímgun silungsins. Þetta frumv. er spor í áttina, sem ekki má hefta.

Skúli Thoroddsen: Eg skal játa, að mig brestur mjög þekkingu í þessu máli; eg hefi aldrei verið þar, sem um verulega silungsveiði hefir verið að ræða. En eg tel bæði réttara og sérstaklega meiri tryggingu fyrir því, að rétti engra sé misboðið, ef áskilið er að á samþyktarfundum greiði $^2/_3$ veiðieigenda frumv. sýslunefndarinnar atkv., en ekki að eins $^3/_5$, eins og tíðkast í öðrum samskonar lögum. Þess vegna beindi eg fyrirspurninni til h. frmsm., hvort það væri af nokkrum sérstökum ástæðum, að breytt væri frá því, sem vanalegt hefir verið, og varð eg eigi fróðari af svari hans, gat eigi fundið, að eg fengi þar fullnægjandi skýringu á því, að nauðsyn væri að breyta til. En ef til vill íhugar þm. S.-Þing. (P. J.) þessa bendingu mína betur, áður en næsta umr. um málið fer fram.

Framsögumaður (Pétur Jónsson); Mér finst $^3/_5$ ekki svo lítill meiri hluti í sjálfu sér. Hafi háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.), ekki skilist það, sem eg sagði, er eg fús að skýra það betur. Mér er kunnugt um, að í vötnum eru riðastöðvar oftlega á litlu svæði. Svæði þessu ræður máske einn maður eða fáir menn, og geta þeir setið yfir hlut allra annara, með því að koma í veg fyrir réttmæta friðun á riðsilungnum, sem að réttu lagi er eign allra veiðieigenda vatnsins. Eg skal geta þess og, að þessi ákvæði eru ekki hættuleg fyrir mína sveit.

Annars er hér ekki um neitt stór-

atriði að ræða, hvort heimta skuli $^{3}/_{5}$ eða $^{2}/_{3}$ atkvæða.

ATKV.GR.:

1. gr. sþ. með 16 samhlj. atkv.

2.—3. gr. sþ. með 17 samhlj. atkv.

4. gr. sþ. með 16 samhlj. atkv.

5.—8. gr. sþ. með 20 samhlj. atkv.

Fyrirsögn frv. sþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. með 20 samhlj. atkv.

Þriðja umr., 13. apríl (A. 246).

ATKV.GR.:

Frumv. sþ. með 18 samhlj. atkv. og afgreitt til Ed.

Ein umr., 23. apríl (A. 538, með breyttri fyrirsögn: Frumvarp til laga um samþyktir um friðun silungs og veiðiaðferð í vötnum).

ATKV.GR.:

Frumv. sþ. með 15 samhlj. atkv. og afgreitt sem *lög frá alþingi.*

Botnvörpuveiðar.

FRUMVARP til laga um undanþágu frá lögum nr. 18, 8. júlí 1902 um breyting á lögum 6. apríl 1898 um bann gegn botnvörpuveiðum; 1. umr., 19. apríl. (A. 462).

Framsögumaður (Jón Þorkelsson): Eg þarf varla að fara að hafa langt skraf um þetta mál. Ástæður eru lagðar hér fram frá báðum hliðum.

Frumv. þetta er fram komið að ósk hérlendra botnvörpuskipstjóra. Þeir hafa beðið um undanþágu í þá átt, sem frumv. fer, frá gildandi lögum, og bera fyrir sig verkatöf. Auk þess segja þeir, að framkvæmd ákvæða laganna hafi hættu í för með sér og að þar af hljótist oft slys, þegar ilt er í sjó. Það er og enn borið fram, að slík ákvæði sem þau, sem hér er farið fram á að veita undanþágu frá, séu ekki í norskum lögum sams konar, sömuleiðis ekki í þýzkum lögum og jafnvel ekki víðar. Mál þetta bar á góma við yfirmann varðskipsins hér; taldi hann að vísu nokkur tormerki á undanþágunni gæzlunnar vegna. Þó skildist mér hann ekki telja hana ókleyfa. — Og með því, að aðilum var þetta svo mikið kappsmál, þá hefir nefndin álitið rétt, að koma fram með frumv. þetta. En jafnframt hefir þó nefndin tekið upp ákvæði um það, að skipin, sem undanþáguna fá, hefðu sérstakt merki, til auðkennis frá öðrum skipum, er sigla með sama flaggi.

Mér finst rétt, að frumv. sé samþykt til reynslu; ef undanþágan reynist óhentug, þá má nema þessi lög úr gildi þegar á næsta þingi.

Hannes Hafstein: Eg vil vekja athygli háttv. þingd. á því, að varhugavert getur verið, að veita slíkar undanþágur. Þær hljóta að gera eftirlitið miklu örðugra, því að því miður eru íslenzkir botnvörpungar ekki alveg lausir við þá freistingu að veiða í landhelgi. Í fyrra kom beiðni um þetta til mín frá íslenzkum botnvörpuskipstjórum. Eg bar það undir yfirmanninn á »Islands Falk«, sem þá var, kaptein Jöhncke, og hann taldi mikil vandkvæði á því. Það er satt, að svipuð ákvæði gilda í Noregi, en þau lög eru svo ný, að engin reynsla er fengin fyrir þeim. Þess er og að gæta, að hér er strandlengjan svo stór, en varðskipið að eins eitt. Það er einmitt þetta ákvæði, að botnvörpungar séu skyldir til að hafa veiðarfæri sín í búlka, er þeir eru í landhelgi, sem gerir mögulegt, að hafa hendur í hári lögbrjótanna í mörgum tilfellum. Það er tíðast, að botnvörpungar dragi inn vörpur sínar í snatri, er þeir sjá til eftirlitsskipsins, hraða sér burt og

þykjast alls enga ólöglega veiði hafa haft í frammi. Þá er það oft eina sönnunargagnið gegn þeim, að veiðarfærin eru í ólagi, vot, og kanske fiskur í þeim; má þá í öllu falli sekta þau fyrir þetta, eftir því ákvæði laganna, sem hér er um að ræða.

Eg hefi leitað upplýsinga um, hversu mikla fyrirhöfn skipin hefðu fyrir því að fullnægja þessum fyrirmælum, og sagði bæði kaptein Jöhncke og fleiri, er eg spurði um þetta, að ekki færu meira, en svo sem 10 mínútur í hvert skifti í það að draga inn veiðarfærin og koma þeim fyrir, svo lögmætt væri. En fyrir utan það, að eftirlitið verður örðugra, ef undantekning er gerð fyrir íslenzk skip, getur það komið af stað öfund og mótþróa hjá útlendum skipum, er þykjast misrétti beitt. Og svo er nú það atriðið, sem ekki þýðir að leyna, að í skrásetningu skipa er oft farið í kringum lögin, og hræddur er eg um það, að þetta mundi ekki draga úr leppmenskunni hér við land. Eg álít því, að þingdeildin geti að skaðlausu felt frumv. Í öllu falli virðist ógerningur að samþykkja það óbreytt. — Vilji þingið taka frumv. að einhverju leyti til greina, þá virðist mér í öllu falli nauðsynlegt, að takmarka það svo, að landsstjórninni væri að eins gefin heimild til að veita undanþágu einu og einu hérlendu skipi fyrir eitt ár í senn, ef útgerðarmenn óska þess, og sérstakar ástæður eru fyrir hendi, svo sem ef skipin eru látin koma mjög oft inn, daglega eða oft í viku, til þess að skila afla. Þó væri rétt að ákveða, að rétturinn mistist, ef skipin brúkuðu hann ólöglega, þ. e. yrðu uppvís að landhelgisveiðum.

Eg vil því ekki greiða atkvæði móti því, að frumv. gangi til annarar umræðu, ef háttv. nefnd vill taka þetta til nánari athugunar, og skýt eg því til nefndarinnar, hvort henni finnist ekki ástæða til þess, að breyta frumv. á þennan hátt.

Jón Sigurðsson: Það er nú svo ástatt, að fiskiveiðanefndin, er haft hefir þetta mál til meðferðar, hefir hugsað talsvert um það, og virtust henni í fyrstu ýms vandkvæði á því að gera þessa undanþágu, en við nánari yfirvegun þótti henni þó rétt, að koma fram með frumv. þetta, svo að þingið gæti látið vilja sinn í ljósi í þessu efni.

Háttv. frmsm. (J. Þ.) tók það fram, að frumv. væri fram komið eftir ósk útgerðarmanna og skipstjóra botnvörpuskipa.

Þegar hin umrædda botnvörpungalöggjöf var samin, þá var ekki neitt íslenzkt botnvörpuskip til, og mun naumast neinum hafa dottið í hug þá, að nú mundi sá útvegur vera að komast á laggirnar hér.

Þá var loftslagið þannig, að botnvörpungar voru álitnir vargar í véum, er bæri að uppræta á alla lund. — Þess vegna voru ákvæðin hörð og þótti hlýða að sekta þá, ef hlerar sáust utanborðs o. s. frv. Það hefir verið skýrt hér af skynbærum mönnum, að skipum væri þetta ákvæði til mikils baga, þegar þau þyrftu oft að leita hafnar, það væri mjög stautsamt að þurfa að lása úr og taka inn vörpuna, þótt skipin skryppu snöggvast inn á höfn.

Háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) gat þess, að með þessu móti yrði eftirlitið mun erfiðara en áður. En nú er til þess ætlast, að viðkomandi skip hafi sérstakt merki til sýnis, svo að ef varðskipið kemur svo nærri þeim, sem þarf til þess að greina nafn og númer

skipsins, þá gæti varðskipið einnig séð þetta merki og þá er nóg.

Sami háttv. þm. (H. H.) gat þess einnig, að oft gæti það verið eina sönnunargagnið fyrir sekt skipanna, ef hlerar og vörpur sæjust útbyrðis. En öll útlend skip brjóta einmitt lögin, ef hlerarnir sjást útbyrðis. *(Hannes Hafstein:* Innlend skip geta einnig brotið á sama hátt). Já, vitanlega geta þau það, en það er þó ekki rétt að bægja skipum vorum, sem þurfa að athafna sig.

Botnvörpuútgerðin er nú einhver álitlegasti atvinnuvegur vor, og væri því illa farið, ef þessum atvinnuvegi yrði gert erfiðara fyrir en nauðsyn er á.

Þá gat háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) þess, að það væri sama sem engin fyrirhöfn að ganga frá veiðarfærunum og hlerunum, en fiskimenn segja nú hið gagnstæða; þeim þykir það mjög seinlegt; þeir segja að keðjurnar séu oft fastar í lásunum og þeir bogni af straumi og stormi, svo að strengirnir verði fastir fyrir og stundum verði jafnvel að höggva á þá. Þetta hlýtur að valda mikilli töf.

Þar næst tók háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) það fram, að frumv. væri um of harðlega orðað; getur það að vísu satt verið, en úr því má auðveldlega bæta. Og þar sem hér er um stóran atvinnurekstur að ræða, þá er als ekki ósanngjarnt, að hér sé veitt nokkur undanþága, og það því fremur sem Englendingar, er þessa atvinnu stunda manna mest, hafa engin ákvæði um þetta; þar mega botnvörpuskipin hafa hlera og öll veiðarfæri útbyrðis eftir vild. Og eg fæ ekki séð, að oss sé nein minkun í þeirri fyrirmynd. *(Hannes Hafstein:* Englendingar hafa mörg eftirlitsskip). Já, þeir hafa líka stóran skipaflota en vér að eins örfá. Það er því þeim mun minni ástæða til að amast við þessum litla vísi til þessa atvinnureksturs hér.

Eg vil því leyfa mér að mælast til, að háttv. deild felli þetta frumvarp ekki nú, því að eins og háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) tók fram, þá stendur það til bóta og er þess vert, að menn athugi það vandlega.

Vona eg, að hin háttv. deild sýni frumv. þá velvild að leyfa því að ganga til 2. umr.

Framsögumaður (Jón Þorkelsson): Eg skal að eins geta þess, að eg felst að mestu á það, sem háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) sagði. Það fer fult svo vel á því, að breyta frumv. í þá átt, að einmitt stjórninni veitist heimild til að veita þessa undanþágu þeim íslenzkum skipum, sem skrásett eru hér sem íslenzk eign og sérstaklega þurfa þessa. Einkanlega eru það skip, sem ganga hér frá Faxaflóa.

Það stendur að vísu ekki heima, sem foringi varðskipsins sagði háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) um tímatöfina, við það sem fiskimenn hafa látið í ljósi; þeir hafa talið það ½ tíma verk eða meira að ganga frá veiðarfærunum.

Eg álít, að eitthvað eigi að gera til að liðka fyrir mönnum, sem telja sér stóran baga af þessu ákvæði (frá 8. júlí 1902). Og eg vona að þetta frumv. fái að ganga slysalaust til 2. umr.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Önnur umr., 21. apríl (A 462, 525).

Framsögumaður (Jón Þorkelsson): Eg hefi í þetta sinn ekki annars að geta en að við höfum komið fram með breyt.till. í þá átt, sem við gerðum ráð fyrir við 1. umr., í þá átt að stjórninni væri heimilt að gera undanþágu þá, sem hér ræðir um, en ekki

að henni væri gert það að skyldu. Undanþágan gildir að eins um eitt ár í senn.

Vegna þess að málið var svo vel rætt við 1. umr., skal eg ekki fara frekari orðum um það nú.

ATKV.GR.:

Breyt.till. á þgskj. 525 samþykt með 16 atkv.

Fyrirsögnin samþykt án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. með 14 atkv.

Þriðja umr., 23. apríl (A. 558).

ATKV.GR.:

Frumv. sþ. með 13 atkv. shlj. og afgreitt til Ed.

Stækkun verzlunarlóðar.

FRUMVARP til laga um stækkun verzlunarlóðarinnar í Ísafjarðarkaupstað; 1. umr., 3. marz (A. 57).

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Önnur umr., 5. marz (A. 57).

ATKV.GR.:

Frv. sþ. með 20 shlj. atkv.

Fyrirsögnin sþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. með 17 atkv. samhlj.

Þriðja umr., 8. marz (A. 123).

ATKV.GR.:

Frumv. sþ. með 16 shlj. atkv. og afgreitt sem *lög frá alþingi.*

Eignarnámsheimild.

FRUMVARP til laga um eignarnámsheimild fyrir bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar á lóð undir skólahússbygging (A. 540); 1. umr., 23. apríl.

ATKV.GR.:

Frumv. vísað til 2. umr. með 14 samhlj. atkv.

Önnur umr., 26. apríl (A. 540).

ATKV.GR.:

1. gr. frv. sþ. með 13 shlj. atkv.

2. — — — — 12 — —

Fyrirsögn frumv. sþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. með 13 atkv.

Þriðja umr., 28. apríl (A. 540).

ATKV.GR.:

Frumv. samþ. með 15 samhlj. atkv. og afgreitt sem *lög frá alþingi.*

Dómþinghá í Keflavík.

FRUMVARP til laga um sérstaka dómþinghá í Keflavíkurhreppi; 1. umr. marz (A. 58).

Björn Kristjánsson: Það mun ekki þurfa langt að mæla fyrir þessu frv. Það var samþ. í Ed. næstum umræðulaust.

Með breyting á 4. gr. sveitarstjórnarl. 1905 fekk Keflavík tækifæri til að verða sérstakur hreppur. En þing verða Keflvíkingar nú að sækja út í Garð, 2—3 klukkustunda leið, þótt leið sýslumanns liggi um hjá þeim. Þar sem nú frumv. sparar þeim ferðalög og engum getur orðið það til meins, geri eg ekki ráð fyrir því, að nokkur hreyfi mótmælum gegn því, að frumv. verði að lögum. Eg vona því að það verði samþ. hér í deildinni.

ATKV.GR.:

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Önnur umr., 5. marz (A. 58).

ATKV.GR.:

Frv. sþ. með 20 shlj. atkv.

Fyrirsögnin sþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Þriðja umr., 8. marz (A. 122).

ATKV.GR.:

Frv. sþ. með öllum þorra atkv. og afgreitt sem *lög frá alþingi.*

Sala á Kjarna.

FRUMVARP til laga um sölu á þjóðjörðinni Kjarna í Hrafnagilshreppi í Eyjafjarðarsýslu; 1. umr. 14. apríl (A. 424).

Stefán Stefánsson: Mig furðar satt að segja stórlega á því, að þetta frv. skuli hafa sloppið gegnum efri deild. Það sem fyrst verður að athuga við þetta mál, er það, hvort Akureyri hafi knýjandi ástæðu til að kaupa jörðina. Það er aðgætandi, að kaupstaðurinn hefir keypt aðra stóra jörð fyrir nokkrum árum, sem hefir mikið land, stórt tún og miklar engjar; og það er alveg víst, að kaupstaðurinn getur ekki notað það land að fullu, heldur hefir selt það á leigu. Auk þess er þar móland svo mikið, að vafasamt er, hvort lengur endist mótakið eða Akureyri. Auk þessarar jarðar, Eyrarlands, sem lögð var undir Akureyri fyrir nokkrum árum, hefir þingið nú samþykt að leggja jörðina Naust undir kaupstaðinn. Það er því síður ástæða til að auka enn við bæjarlandið. Eg ímynda mér, þótt ekki sé eg vel kunnugur því, hve mikið land Reykjavík á, þá sé það þó örlítið í samanburði við Akureyrarland og er það torskilið, hvers vegna það er nauðsynlegt fyrir Akureyrarkaupstað að eiga meira land en Rvík.

Af þessum ástæðum sé eg ekki, að brýn nauðsyn sé, að samþykkja þetta frumv., heldur þvert á móti. Akureyri hefir notað hagbeit í Kjarnalandi, og þar sem það hefir að eins verið nokkur hluti bæjarins, þá þykir mér sennilegt, að bærinn geti fengið þar leigða hagabeit framvegis, svo að engin þörf sé á, að kaup fari fram á jörðinni. Það er heldur ekki nauðsynlegt fyrir bæinn að fá jörðina, til þess að byggja þar grasbýli, því að Akureyri á mikið land ónotað nær sér, sem liggur vel við til ræktunar. Auk þess er jörðin Hamrar á milli Kjarna og Akureyrar og væri þá eðlilegra að bæjarfélagið keypti hana fyrst. Með öðrum orðum eg sé enga brýna ástæðu til þess að svo komnu að ásælast jörðina.

Á hina hliðina er og vert að athuga, hvað á undan er gengið í þessu máli. Árið 1905 bað ábúandinn um kaup á jörðunni, en sýslunefndin synjaði um það af þeirri ástæðu, að talað var um að hið opinbera mundi að líkindum nota jörðina sem skólasetur. Það er ekki víst að svo verði, en eg verð að telja það mjög óheppilegt að taka fram fyrir hendur sýslunefndarinnar og brjóta þannig þjóðjarðasölulögin, veita það á öðru þinginu, sem það svo sviftir á hinu. Með þessu er ekki eingöngu sveitarfélaginu, sem hefir forkaupsrétt næst eftir ábúanda, misboðið, heldur og sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu, sem lagt hefir áherzlu á, að jörðin verði ekki seld að svo stöddu.

Af þessum ástæðum vona eg, að h. þd. hugsi sig vel um, áður en hún sþ. þetta frumv.

Björn Kristjánsson: Mér þykir full ástæða til þess að leita upplýsinga um kaupþörf á þessari jörð. Háttv. 2. þm. Eyf. (St. St.) telur söluna með öllu nauðsynjalausa, en í nefndarál. á þskj. 311, einhverju hinu ítarlegasta áliti, sem fram hefur komið á þessu þingi, stendur, að bærinn hafi keypt forkaupsréttinn af ábúandanum fyrir 200 kr. á ári æfilangt. Hér hlýtur að vera

að ræða um þörf fyrir bæinn, þar sem hann vill svo mikið til vinna. Eins telur háttv. þm.„ að brotinn sé réttur sveitarfélagsins, en í nefndarálitinu er sýnt, að enginn réttur hefir verið brotinn. Það getur vel verið, að sýslun. hafi lagt áherzlu á, að jörðin væri ekki seld, en hún hefir ekkert yfir því að segja. Eg vona, að háttv. þm. kynni sér nefndarálitið vel, áður en til atkv. kemur.

Jón Jónsson (1. þm. N.-Múl.): Mér þykir sem til álita geti komið, hvort verð jarðarinnar er ekki sett of lágt, vegna þess að jörðin er góð og vel í sveit sett nálægt kaupstað.

Eg skal líka geta þess, að eftir því sem jarðir ganga kaupum og sölum í minu bygðarlagi, verður hundraðið þar talsvert dýrara en á þessari jörð, sem mun vera kostajörð, þar sem bent var á hana fyrir skólasetur.

Stefán Stefánsson: Háttv. 1. þm. G. & K. (B. K.) kvað það sýna, að bænum væri þetta áhugamál, að hann hefði keypt forkaupsréttinn af ábúandanum fyrir 200 kr. árlega. Við þetta er það að athuga, að ábúandinn hefir ekki rétt til að selja forkaupsrétt sinn. Eg verð að skilja svo lögin um forkaupsrétt leiguliða, að noti ábúandi ekki forkaupsréttinn á hlutaðeigandi sveitarfélag hann. Í annan stað er þetta ekki svo ýkja mikið í sölurnar lagt, því að ábúandinn er gömul kona, komin á grafarbakkann, svo að ólíklegt er, að bærinn þurfi að greiða þetta 200 kr. árgjald um langa tíð.

Það er annars leitt, hvað háttv, þd.-menn eru ókunnir staðháttum og hvernig landi hagar í grend við Akureyri. Væru þeir þessu nokkuð kunnugir mundu þeir fallast á það með mér, að ekki bæri svo brýna nauðsyn til þessarar sölu, að þinginu sé skylt að brjóta bág við gildandi lög. Eg vona, að ekki þurfi til þess að taka að hækka verð jarðarinnar, jafnvel þótt mér þyki sennilegt, yrði Hrafnagilshreppi unt þess að nota sinn forkaupsrétt, að þá mundi hann ekki sleppa þeim rétti, þótt verðið væri sett til muna hærra. En sem sagt, vona eg, að það komi ekki til, heldur sýni háttv. þingd. þá einurð, hvað sem líður »agitationum« einstakra manna, að hún felli frumv.

Magnús Blöndahl: Frv. það, sem hér liggur fyrir, fer fram á það, að veita landsstjórninni heimild til að selja Akureyrarbæ jörðina Kjarna. Mál þetta finst mér svo réttmætt í alla staði, að eg vænti þess, að hin háttv. deild taki því vel, þrátt fyrir andmæli háttv. 2. þm. Eyf. (St. St.) sem eg ekki veit, hvort getur skoðast sem algerlega óhlutdrægur í þessu máli. Hv. sami þm. talaði mikið um það í ræðu sinni, að Akureyrarbær hefði ekkert með þetta land að gera. En þótt því væri nú í augnablikinu þannig varið, er þar með engan veginn sagt, að hann ekki kunni að þurfa þess með síðar meir. Það er ómögulegt að bera saman landareign Reykjavíkur við þetta land, sem hér um ræðir. Reykjavíkurbær á svo lítið land, að til stökustu vandræða horfir; hann hefði því fyrir löngu átt að kaupa miklu fleiri nærliggjandi jarðir, en hann hefir gert.

Þá hefir því verið slegið fram, að ekki bæri að selja jörðina, vegna þess að hún yrði kannske einhverntíma notuð fyrir skóla.

Ekki veit eg til að í ráði sé að stofna þar neinn skóla, en þó svo færi að einhverjum nýjum skóla yrði komið upp norðanlands hygg eg ekki að mundi standa á því, að staður fengist undir hann.

Þá þótti hv. 1. þm. N.-Múl. (J. J.) ósamkvæmni í því, að þeir, sem vildu styðja landbúnaðinn, skyldu vilja selja

jarðir og leggja þær undir kaupstaðina.

En veit hinn h. þm. ekki það, að einmitt skilyrðið fyrir þroska og framtíð bæjanna er það, að þeir hafi nægilegt landrými til eignar og umráða, og þess utan mun land það, sem bæirnir eiga í kringum sig, verða miklu fyr ræktað upp með því móti og mætti í því efni benda á holtin og mýrarnar hér við höfuðstaðinn.

Eg er töluvert kunnugur á Akureyri, þó langt sé að vísu síðan eg hefi verið þar, og mér er það fullljóst, að eðlilegt er, þótt bærinn vilji tryggja sér nægt land í framtíðinni.

Eg vænti fastlega, að háttv. 2. þm. Eyf. (St. St.) sjái, að hér er ekki um neina ósanngirni að ræða, ef hann hefir kynt sér nefndarálitið.

Eg vil því leyfa mér að mæla hið bezta fram með þessu frumv. og vona það komist klaklaust gegn um hina h. deild.

Hannes Hafstein: Eg stend upp að eins til þess að segja örfá orð fyrir hönd háttv. samþm. míns (St. St.), af því hann er »dauður« og forseti vill ekki leyfa honum að tala oftar.

Ef svo er, sem hv. 2. þm. Rvk (M. Bl.) sagði, að það mundi geta rekið að því einhverntíma í framtíðinni, að bærinn hefði gott af því að tryggja sér meira land, en hann hefir nú, en þar í liggur, að þörfin sé ekki enn orðin brýn, ekki nútíðarþörf, sem úr þurfi að bæta. En hversvegna getur Akureyri þá ekki beðið með þessa málaleitun, þangað til þörfin er komin? Sé engin hætta á því að taka þurfi jörðina til almenningsnota fyrir sýslufélagið eða hreppinn, þá gengur hún ekki bænum úr greipum, því sýslunefnd er á móti því, að hún verði seld ábúanda.

Ástæðan fyrir því að eg hefi verið á móti þessu frv. er ekki sú, að eg vilji ekki unna Akureyri als góðs, heldur erum við þm. Eyf. móti frv., af því það er sannfæring okkar, að ekki sé rétt að fara hér að nauðsynjalausu þvert á móti vilja sýslunefndar og sveitarfélags og allra hreppsbúa. Við sjáum ekki nauðsynina á slíkri ráðstöfun. Þó að kaupstaðurinn gæti grætt á kaupunum með því að selja jörðina aftur eða að stykkja hana út, þá væri það að vísu gott fyrir gjaldendur þar, en ekki er þó hægt að segja, að almenningsheill heimti, að landið leggi Kjarna fram í því skyni.

Okkur þm. Eyf. barst ítarlegt bréf, þar sem allar ástæður eru raktar röksamlega fyrir því, að sveitin teldi sér óhagkvæmt og hættulegt, að Akureyri fengi Kjarnaland til umráða í hreppnum; þetta bréf var lagt hér fram á lestrarsalnum ásamt öðrum skjölum tilheyrandi málinu, en mér til mikillar undrunar sé eg, að það er horfið; þar var að ending sú ósk upp borin, að vilji þingið gera jörðina fala, þá láti það hreppinn njóta forkaupsréttar að henni í samræmi við forkaupsrétt leiguliða o. fl.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. með 15 : 4 atkv.

Önnur umræða, 16. apríl, (A. 424).

Stefán Stefánsson: Við 1. umræðu þessa máls komu fram hér í deildinni nokkur orð, sem eg vil leyfa mér að mótmæla. Sérstaklega voru það orð hins háttv. 2. þm. Rvk. (M. Bl.), þar sem hann reyndi að hafa á móti ástæðum mínum fyrir því, að þjóðjörðin Kjarni yrði ekki seld. En mótbárur hins háttv. þm. virðast í rauninni einskis verðar, enda komu

þær ekki fram, fyr en eg var »dauður«, og gat ekki svarað honum.

Aðalástæða mín gegn sölunni var sú, að Akureyrarbæ bæri engin nauðsyn til að fá jörðina keypta — og þessa ástæðu viðurkennir jafnvel hinn háttv. 2. þm. Rvk. (M. Bl.), En þó áleit hann, — og færði sem eina aðalástæðu, — að jafnskylt væri að selja jörðina nú eins og síðar, þegar kaupstaðurinn, máske að liðnum tugum ára þyrfti jarðarinnar við. Eins og allir sjá er þetta hin mesta fjarstæða. Eg tek það enn fram, að Akureyrarbæ er engin brýn þörf á þessari jörð; bærinn á mikið af óræktuðu landi miklu nær sér, en þessi jörð er.

Aðalástæðan fyrir Akureyri getur því ekki verið sú, að bærinn ætli sér að rækta þetta land (Kjarna), heldur er það túnið og hin stóru engjaflæmi, er bænum er hugleikið að ná í til afnota, en alls ekki til þess að rækta það, sem óræktað er af landinu.

Það land, sem komið gæti til mála að yrkja af Kjarnalandi, eru móar. sem eins og eg hefi skýrt frá, eru örskamt frá Akureyri. En á harðlendinu, sem liggur fyrir neðan svo kallaðar Kjarnabrekkur, og er slétt, og liggur vel til ræktunar, eru þegar komin upp grasbýli, og verður það land ræktað af þeim, sem þar hafa bygt.

Til samanburðar við Akureyri í þessu efni, tók eg Reykjavík til dæmis. Það myndi verða mikið land, sem Reykjavíkurbær þyrfti að leggja undir sig, ætti það að vera hlutfallslega við Akureyri. Hinsvegar hefir Reykjavík aukist mjög á síðari árum, þótt ekki hafi hún haft til líka annað eins landflæmi til umráða og eignar sem Akureyri. Og hve mikið land þyrfti t. d. Kaupmannahöfn til jafns við Akureyri hlutfallslega? Það yrði líklega ekki öllu minna en Sjáland alt!

Eg býst nú við, að ekki sé til mikils að fara um þetta öllu fleiri orðum, enda hefir einn háttv. þm. úr flokki meiri hlutans tjáð mér, að það væri orðið flokksmál, svo hann gæti ekki greitt atkvæði á móti sölunni, þó hann hefði feginn viljað.

En eg vona, að þetta hafi verið misgáningur eðu misskilningur hjá háttv. þm., og vænti þess fastlega, að háttv· þingdeild hugsi sig vel um, áður en hún greiðir atkvæði með sölunni.

Björn Sigfússon: Mér finst ástæða að geta þess, að eg hefi reynt að kynna mér þetta mál allítarlega, síðan það var hér síðast til umræðu. Eg hefi meðal annars átt tal við kunnugan mann úr Eyjafirði, og hefi leitað álits hans og annara um þetta mál. Hans skoðun var lík minni í þessu efni; hann bjóst við því, að sala jarðarinnar myndi leiða til þess, að landið yrði fyr og betur ræktað en ella. Og eg hefi alt af litið svo á, að við þjóðjarðasölu væri það aðalatriðið, að jarðirnar yrðu sem bezt ræktaðar. Þess vegna hallast eg að því, að Akureyri fái þessa jörð keypta, því að þá mun bærinn — sem er mjög áhugasamur í þeim efnum — verja miklu fé til þess að rækta jörðina. Þar í liggur aðalgróðinn við söluna.

Ennfremur fékk eg að vita, að því færi fjarri að þetta gæti talist til skaða Hrafnagilshreppi; það mundi öllu heldur verða hreppnum til hagnaðar, það hlyti að auka tekjur hans, þar sem notendur jarðarinnar að sjálfsögðu bæru útgjöld (útsvar) í Hrafnagilshreppi.

Mér fanst ástæða til að skýra frá þessu hér, af því eg treysti því, að mér sé rétt skýrt frá málavöxtum, og mað-

ur þessi hefði fremur haft ástæðu til að draga taum Hrafnagilshrepps. Eg hefi því styrkst í þeirri skoðun, að rétt sé að selja jörðina.

Stefán Stefánsson: Það er alt af hálf gremjulegt, þegar menn gefa sig í að ræða það mál, sem þeir þekkja lítið inn í, en þó er það máske afsakanlegt á meðan þeir ekki rengja það, sem þeim kunnugri menn hafa sagt um málið. Þetta á sér að nokkru leyti stað hvað snertir ræðu hins h. 2. þm. Húnv. (B. S.), þegar hann segir, að þessi sala væri líklegur vegur til þess að jörðin yrði betur ræktuð en annars væri hugsanlegt; þessi ummæli sýna, að hann er als ekki nægilega kunnugur staðháttum. Eg er þess fullviss, að ef Akureyrarbær ætlaði að fá sér land beinlínis til ræktunar, þá myndi hann taka til þess eitthvað af sínum móum, sem liggja miklu nær, t. d. í Nausta- og Eyrarlandslandi, áður en farið væri að seilast eftir samskonar landi inn á Kjarna í þessu skyni. En það er víst, að Akureyrarbær sér sér stóran hag í að ná í þessa jörð vegna engjanna og túnsins, því auðvitað verður mestallur afrakstur jarðarinnar fluttur burt af jörðinni til Akureyrar, og kemur þar af leiðandi sveitarfélaginu í Hrafnagilshreppi, sem beinar tekjur, að mjög litlu liði, — enda væri að öðrum kosti lítt skiljanlegt, að allur þorri hreppsbúa skuli fara fram á, að verði jörðin seld — sem verði þó að teljast mjög ósennilegt, þar sem það sé þvert ofan í ákvæði sýslunefndarinnar áður — þá fái hreppurinn að sitja fyrir kaupunum. Þessi ávinningur Hrafnagilshrepps af sölunni til kaupstaðarins, sem háttv. þm. var að tala um, er því svo barnaleg ástæða, að henni þarf ekki að svara með öðru en benda á beiðni sveitarfélagsins. Og þótt maður sá, sem háttv. 2. þm. Húnv. (B. S.) hafði fyrir sér í þessu efni, sé máske kunnugur í Eyjafirði, þá gæti eg þó engu síður trúað, að áliti þess góða manns hafi fremur ráðið vilji bæjarfélagsins og hagur þess, en óskir Hrafnagilshreppsbúa. Honum gæti máske verið það áhugamál, að uppgripaheyskapur fengist fyrir einstaka kaupstaðarbúa, enda þótt það væri á kostnað Hrafnagilshrepps.

Eg vona fastlega, að þetta frumv. verði felt hér í deildinni, því eg get ekki ætlað, að hin háttv. þingdeild leyfi sér að ganga í berhögg við gildandi lög, þegar ekki liggja til þess neinar knýjandi ástæður. Auk þess er verðið, sem stungið er upp á í frv. of lágt að mínu áliti, og þyrfti það þá að athugast betur til 3. umr., sé þess enginn kostur að fresta sölunni.

Pétur Jónsson: Mér finst menn ekki hafa nægilega athugað það, að ekki virðist nein brýn nauðsyn á að hraða sér með sölu á þessari jörð. Menn hafa verið tvíbentir í því, hvort selja ætti jörðina eða ekki. Hvað liggur þá á? Allir hljóta að sjá það, að það eina, sem skaðað gæti Akureyrarbúa, ef málið biði, er verðhækkun jarðarinnar, sem þá líka aftur á móti yrði gróði fyrir landssjóðinn.

Þá virðist það og liggja í augum uppi, að ef landssjóður selur jarðir sínar, og selur þær öðrum en ábúendum, eigi þær að lenda í eign þess hreppsfélags, er þær liggja í. En eg er mótfallinn því, að landssjóður selji þessa jörð, hver sem í hlut á, vegna þess, að eg býst við, að svo gæti farið, að hann þyrfti að nota hana sjálfur fyr en síðar.

Sé nú jörð þessi á annað borð seld, verður það ekki aftur tekið. En á meðan hún er óseld, er alt af möguleiki til að Akureyrarbær geti eignast

hana, og það er skaði fyrir landssjóðinn að missa umráð sín yfir þessari jörð.

Jón Magnússon: Eg hefi heyrt sagt, að búið væri að gera þetta að flokksmáli; en það get eg sagt að hafi h. meiri hluti gert þetta að flokksmáli, þá er ástæða til þess að minni hlutinn geri það að flokksmáli, því þess ber vel að gæta, að meiri hlutinn ber ábyrgðina á því sem samþ. er, en minni hlutinn ekki og þess vegna verður meiri hlutinn að fara varlegar í það að gera mál að flokksmálum, heldur en minni hlutinn, en minni hlutinn þarf aftur á móti als ekki að fara varlega í því efni. Það er þessi mikli munur, að minni hlutinn er ábyrgðarlaus, en meiri hlutinn hefir ábyrgðina á því sem samþ. er hér á þinginu. Í annan stað er það mjög óheppilegt að gera það að flokksmálum, sem alls ekki má flokksmál vera.

Magnús Blöndahl: Það sem kom mér til að standa upp voru síðustu ummæli hv. þm. S.-Þing. (P. J.) er hann tók það fram, að bæirnir ættu »einungis að eiga þá lóð, sem notuð væri til bygginga, og ekkert meira«. Þetta sýnir að hann þekkir ekki til í kaupstöðunum eða hverjar eru brýnar þarfir þeirra, sem kannske ekki er von, þar sem hann er bóndi í sveit.

Eg veit ekki, hvort hann hér með meinar það, að enginn kaupstaðarbúi megi hafa nokkra skepnu, og engan kálgarð eða annað autt svæði umhverfis hús sitt annað en götuna, en að minsta kosti virðast ummæli hans benda í þá átt. Þessi hugsunarháttur bendir aftur á það, hversu mönnum, sem búa í sveit er gjarnt á að skoða kaupstaðina í nokkurs konar spéspegli er gefi þeim svo ástæðu til að sparka til kaupstaðarbúanna. Í öðrum löndum er þessu þannig farið, að menn telja sér skylt að hlynna að bæjunum, að eg ekki tali um höfuðborgina, er flest lönd telja sér skylt að styðja og efla á allan heiðarlegan hátt.

Það hljóta allir að kannast við, að landbúnaðurinn hefir mikið gagn af kaupstöðunum, og ef kaupstöðunum gengur vel, þá er fullkomin ástæða til að halda, að landbændum vegni eftir því. Það nær þess vegna ekki nokkurri átt, að bæir eigi ekki að eiga aðra lóð en þá sem er nauðsynleg til bygginga. Eins og eg tók fram áður mættu þeir þá ekki hafa kálgarðsholu, hvað þá heldur kýr og hesta; og sjá allir hvílík fjarstæða það er. Vona að þm. hafi sagt þessi orð í fljótfærni og óhugsað, en ekki meint neitt verra með þeim.

Pétur Jónsson: Eg held eg megi fullyrða, að eg hafi hugsað eins mikið um ræktun landsins eins og h. 2. þm. Rvk (M. Bl.) Það er eins og hann haldi að aðrir geti ekki rent grun í hvað kaupstöðunum sé fyrir bestu, en þeir sem búa í kaupstöðunum. En eg get fullvissað hann um, að eg hefi einmitt hugsað mjög mikið um þarfir kaupstaða og annara þorpa að því er til nauðsynlegs lands kemur.

Í þessu máli veltur á því, hvort landssjóður vill selja jörðina, eða hvort nokkur veruleg þörf er á því fyrir Akureyrarbæ að fá þessa jörð. Eg get í þessu sambandi gefið upplýsingar um það að Akureyri á yfirdrifið land til ræktunar; þetta virtist h. 2. þm. Rvk (M. Bl.) ekki vita. Mér dettur ekki í hug að hafa á móti því að menn í kaupstöðum hafi kálgarða, en að taka stór engjaflæmi og leggja þau undir bæ, sem áður hefir mikið land, sýnist mér mildast talað vera þarfleysa. En líklega á að friða samvizku einhvers

með þessum lögum, en hvort sem ofan á verður með þetta mál, sem virðist nú vera orðið flokksmál, þá er mín samvizka jafn róleg. Eg er á móti þjóðjarðasölu yfirleitt, og eg álít það sérstakan skaða fyrir landssjóð að þessi jörð sé seld, hver sem hana kaupir.

Skúli Thoroddsen: Háttv. þm. Vestm. (J. M.) sagði það gersamlega ósatt, að þetta væri flokksmál hjá okkur meiri hl. mönnum. Gæti hann að sér að höggva ekki of nærri sér og sínum flokksbræðrum í þessu efni. Eg veit ekki betur en háttv. minni hl. hafi gert þetta að flokksmáli í Ed., og fullkomið útlit fyrir, að svo ætli einnig að fara hér.

Háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) sagði, að jörð ein lægi á milli Nausta og Kjarna. Þetta hefir hann hlotið að segja af vanþekkingu, þótt ótrúlegt megi virðast. Það er alkunna, að þjóðjörðin Kjarni liggur að Eyjafjarðarbrautinni, og á því Akureyrarbær sérlega hægt með að nota hana, enda er þeim mikið áhugamál að fá hana keypta nú þegar.

Á afarfjölmennum þingmálafundi í Akureyrarkaupstað var það samþykt með öllum atkvæðum gegn 4, að freista þess að fá jörðina keypta. Að vísu var einn af þessum fjórum, er greiddi atkv. á móti, eitt af landsins elztu etazráðum. Get þess að eins til skýringar.

Eg sé ekki ástæðu til að taka til greina ósk háttv. þm. Suður-Þingeyinga (P. J.) um frestun málsins.

Þyki mönnum jörðin of lágt metin, er hægt að gera breyt.till. um það við 3. umr.

Hannes Hafstein: Eg hefi ekki mörgu við það að bæta, er háttv. samþingismaður minn (St. St.) hefir sagt um þetta mál. En eg vil að eins benda á það, að litlar líkur eru til þess, að rætast muni ræktunarvonirnar í bráð, þó að Akureyrarbær eignist Kjarna, enda mun engan veginn sá vera tilgangurinn, því að bærinn hefir nægilegt land til ræktunar miklu nær sér; tilgangurinn með kaupin mun öllu fremur vera að hafa land jarðarinnar til beitar og slægna, án sérstakrar ræktunar.

Reykjavík hefir keypt Klepp og Laugarnes, en hve mikið hefir verið ræktað síðan af öllu því landflæmi, sem jarðir þessar ná yfir? Hafa þau jarðakaup verið jarðræktarinnar vegna eða orðið jarðræktinni til eflingar? Eg hygg að óhætt sé að fullyrða hið gagnstæða. Miklu fremur hafa þessar jarðir eyðilagst sem ræktaðar jarðir, bærinn hefir neyðst til að nota þær mestmegnis til hagbeitar fyrir alt of marga hesta og eru þær eðlilega uppurðar af því. Akureyri mundi fara betur með Kjarna, því hún hefir svo mikið land annað til beitar og afnota; en ekki er nauðsynin að brýnni fyrir það.

Háttv. 2. þm. Húnv. (B. S.) gat þess, að hann hefði átt tal við kunnugan mann þar úr sveitinni um þetta mál, og hann hefði sagt, að hreppnum væri enginn skaði í því að jörðin sé seld til kaupstaðarins. Það hlýtur að vera einkennilega vitur maður, ef hann veit þar betur en allir aðrir hreppsbúar með hreppsnefndina í broddi fylkingar. En ekki hefir hann verið kjósandi í hreppnum, því að nú liggur hér frammi á lestrarsal alþingis áskorun frá öllum kjósendum í Hrafnagilshreppi, þar sem salan er talin skaðleg hreppnum og því skorað á þingið að heimila hana ekki.

Því fer mjög fjarri, að eg eða aðrir, sem þessari sölu erum mótfallnir, viljum að neinu leyti koma í bága við hag kaupstaðanna, en vér sjáum hins vegar enga nauðsyn á því, að ójöfnuði sé beitt við fátækt hreppsfélag. —

Og það vona eg að menn sjái, að hreppnum gæti stafað hætta af því, ef Akureyrarbær sendi fátæklinga sína til nokkurskonar þurrabúðarvistar á Kjarna, sem hreppsnefndin ekki getur amast við eftir hinum nýju ákvæðum um húsmenn og þurrabúðarmenn í 10. gr. laga 22. nóv. 1907 og gætu þessir menn orðið sveitlægir í hreppnum.

Ef það því sannaðist, að Akureyri þyrfti á þessari jörð að halda og álitið yrði rétt að selja bænum hana, þá væri þó að minsta kosti nauðsynlegt að ákveða jafnframt, að jörðin skuli lögð undir sveitarfélag bæjarins. Án þessa væri óréttlátt að selja bænum jörðina, þvert ofan í skýlaus mótmæli og kröfu hreppsnefndar og hreppsbúa.

Til þess að gera þá breyting að leggja jörðina undir sveitarfélag Akureyrar, þarf auðvitað undirbúning, sem ekki er fyrir hendi. En það getur að minsta kosti ekki bráðlegið svo á þessari sölu nú, að þeir sem annars vilja hlynna að henni geti ekki beðið næsta þings, því að þá mætti vera búið að koma því svo fyrir, að sveitarfélaga-breytingin gæti fram farið um leið. Fyr er engin þörf né sanngirni að hraða þessu.

Þótt hinn háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) gæfi í skyn, að þetta væri orðið flokksmál, þá á eg bágt með að trúa því að svo stöddu. Og það nær ekki nokkurri átt að minni hlutinn hafi gert það að flokksmáli. Það hefir ekki komið til orða, hvað þá heldur meira, enda væri það skrítin ráðstöfun af minni hluta, að fara að fyrra bragði að setja mál á odd á þann hátt. Það er meiri hlutinn, sem hlýtur að ráða úrslitum, þar sem um flokksmál er að ræða. — En þetta litla mál skortir öll skilyrði til þess að geta verið flokksmál; hér getur ekki verið um neinar sérstakar stjórnmálastefnur eða skoðanir að ræða, heldur að eins um sanngirni, sem bæði meiri hluta og minni hluta ætti að vera jafnant um að sýna. Hér er að ræða um rétt og hag lítils sveitarfélags, sem flýr á náðir alþingis með beiðni um, að ekki sé undið að ráðstöfun, sem það telur sér til tjóns og öðrum ónauðsynlega.

Eg vona því að háttv. þingdeild vindi ekki bráðan bug að því, að samþykkja þetta frumv., að minsta kosti ekki á þessu þingi. Réttast væri að fella það nú þegar.

Magnús Blöndahl: Eg stend aðallega upp til þess, að mótmæla samanburði háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) um Laugarnes og Klepp. Okkur, sem hér þekkjum til, er það ljóst, að í Laugarnesi er ekki svo lítið landflæmi afgirt og ræktað.

Því kynlegri virðist mér samanburður háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) um málið, en afsakanlegur kann hann að vera, þar sem þessi háttv. þm. mun hafa hugsað um annað meira en ræktun Reykjavíkurlands.

Ef nú til þess kæmi, að Kjarni yrði seldur, teldi eg sjálfsagt að hann yrði sem allra fyrst lagður undir lögsagnarumdæmi Akureyrarkaupstaðar.

Eg vil benda hinum háttv. þm. á það, að með því að hlynna að kaupstöðunum, hlynnum vér jafnframt að landbúnaðinum og landsmönnum í heild sinni. Þegar því svona löguð mál liggja fyrir, á ekki að vera um neinn matning eða hreppapólitik að ræða.

Eg skal hér ekki dæma svo mikið um það, hvort bænum liggur á jörðinni nú þegar eða ekki. En ef það skyldi nú verða ofan á, að annaðhvort sýslan eða hreppurinn keypti hana fyrst, gæti hæglega svo farið, að bænum yrði síðar meir, bæði vegna verð-

lags eða annara ástæða, gert þar með ómögulegt eða litt kleyft að komast yfir jörðina.

Það hlýtur hverjum heilvita manni að skiljast, að ræktun landsins gengur fljótar fyrir sig, ef margar hendur vinna að henni, og þess vegna finst mér ekki rétt að gera þeim mönnum, er við slík störf vilja fást og hafa áhuga á þeim, örðugra fyrir en þörf er á.

Eg hefi viljað líta sanngjörnum augum á mál þetta og mun gefa því atkvæði mitt hér í deildinni.

ATKV.GR.:

Frumv.gr. samþ. með 13 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Jón Ólafsson,
Björn Jónsson,	Eggert Pálsson,
Björn Kristjánsson,	Einar Jónsson,
Björn Sigfússon,	Hannes Hafstein,
Hálfdan Guðjónss.	Jón Jónss., N.-M.,
Jóh. Jóhanneson,	Jón Jónss., S.-M.,
Jón Sigurðsson,	Jón Magnússon.
Magnús Blöndahl,	Pétur Jónsson.
Ólafur Briem,	Sig. Sigurðsson,
Sig. Gunnarsson,	Stefán Stefánsson,
Skúli Thoroddsen,	
Þorleifur Jónsson.	

1 þm. greiddi ekki atkv. og telst til meiri hluta.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.

Frumv. vísað til 3. umr. með 13 : 10 að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Jón Ólafsson,
Björn Jónsson,	Eggert Pálsson,
Björn Kristjánsson,	Einar Jónsson,
Björn Sigfússon,	Hannes Hafstein,
Hálfdan Guðjónss.,	Jón Jónsson S.-M.
Jóh. Jóhannesson,	Jón Magnússon,
Jón Jónss., N.-M.,	Jón Þorkelsson,
Jón Sigurðsson,	Pétur Jónsson.
Magnús Blöndahl,	Sig. Sigurðsson,
Ólafur Briem,	Stefán Stefánsson.
Já:	
Sig. Gunnarsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Þorleifur Jónsson.	

Þriðja umr., 19. apríl (A. 424, 506).

Stefán Stefánsson: Eg skal strax taka það fram, að jafnvel þótt við höfum komið fram með þessa breyt.till. (á þgskj. 506) höfum við ekki fallið frá þeirri aðalkröfu vorri, að jörðin verði ekki seld. Með því að selja jörðina nú er spilað úr eign landssjóðs miklu fé í framtíðinni, og hreppsfélaginu, sem jörðin liggur í, sýnt bersýnilegt misrétti, fái það ekki að sitja fyrir kaupunum, sem samkvæmt lögum 20. okt. 1905 nr. 30, 4. gr., á forkaupsrétt að jörðinni. En svo vil eg taka það fram, að sýslunefndin hefir eindregið lagt á móti því, að jörðin yrði seld, þetta geta háttv. þingdeildarmenn séð af sýslunefndargerð Eyfirðinga 1905, sem eg hefi hér fyrir framan mig. Þá bað ábúandinn um að fá jörðina keypta, svo það var óliku meiri ástæða en nú, að láta það þó eftir, að landssjóður seldi þessa góðu og fallegu eign sína.

Þessi réttur sýslunefndarinnar til þess, að neita um sölu á jörðinni er svo skýrt tekinn fram í lögunum »um sölu þjóðjarða«, að eg hygg, að hver einasti þingmaður verði að játa, að svo framarlega, sem þetta frumv. verði samþykt, þá brjóti þingið algerlega það princip, sem ákveðið er í nefndum lögum. En þótt meiri hlutinn á þessu þingi leyfi sér að lítilsvirða gildandi lög og heimili sölu á jörðunni til Akureyrarbæjar, þá er þó það verð, sem efri deild hefir látið sér nægja á henni of lágt, sérstaklega þegar tekið er tillit til þess, hvar jörðin liggur. — Lægi jörðin mjög langt upp til sveita,

þá væri öðru máli að gegna, en þar sem jörðin liggur jafn skamt frá öðrum stærsta kaupstað landsins, þá getur engum, sem til þekkir, blandast hugur um það, að verð jarðarinnar í hendur bæjarfélagsins er of lágt metið, því þess ber vel að gæta, að hér er ekki að ræða um þá venjulegu sjálfsábúð, þar sem þess er að vænta, að jörðin verði prýdd að húsum og allri góðri umhirðu, heldur verður hún að miklu leyti, sem nokkurs konar fótaskinn kaupstaðarins, og af henni flutt fyrir það mesta, sem hún getur af mörkum látið. Þetta hygg eg, að matsmennirnir hafi ekki sérstaklega tekið til greina. Til þess að sýna það enn betur, hve mikið áhugamál það er Hrafnagilshreppsmönnum, að jörðin verði ekki seld Akureyrarbæ, þá skal eg leyfa mér, með leyfi hins hæstv. forseta, að lesa upp bréf, sem borist hefir okknr þingmönnum Eyfirðinga frá hreppsnefndinni og sýslunefndarmanninum í Hrafnagilshreppi, er hljóðar svo:

»Eins og sjá má af þingmálafundargerð Akureyringa, þá hafa þeir falið þingmanni sínum, að fá þingið til að semja sérstök lög um það, að Akureyrarbær geti fengið keypta þjóðjörðina Kjarna í Hrafnagilshreppi. Abúandinn á Kjarna hefir gefið eftir eða réttara sagt, eftir kunnugra sögn, selt bænum kaupréttinn fyrir 200 króna árlegt lífstíðargjald.

Mál þetta er þannig vaxið, að bændur í Hrafnagilshreppi geta ekki setið lengur þegjandi yfir því, að bæði privat-manna jarðir hver eftir aðra og nú síðast landssjóðsjörðin Kjarni verði tekin til eignar og umráða fyrir Akureyrarbæ, en svift frá Hrafnagilshreppi.

Hreppurinn hefir sýnt sig mjög liðlegan og sanngjarnan gagnvart kaupstaðnum, þar sem hann hefir gefið eftir, að milli 80 og 90 hundruð, eftir nýju mati, sem tilheyrðu hreppnum, væru lögð undir lögsagnarumdæmi Akureyrarkaupstaðar.

Í þetta sinn sýnist aðferð sú, sem bærinn ætlar að brúka, vera nokkuð viðsjárverð. Árið 1905 neitaði sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu ábúandanum á Kjarna um kaup á jörðinni, og eru í sýslufundargerð frá því ári færðar ástæður fyrir þeirri synjun, og sú ástæða stendur enn hjá mörgum sýslubúum, sérstaklega hvað kvenna- eða húsmæðraskóla snertir. En nú sýnist svo, sem það eigi að ganga fram hjá sýslunefnd, að segja álit sitt um málið, og Hrafnagilshreppur er ekki nefndur á nafn, að hann hafi nokkurn forkaupsrétt að jörðinni. Eftir útliti er ætlast til þess, að gengið sé fram hjá tveimur málspörtum, sýslunefnd og Hrafnagilshreppi með þessa sölu. — Eftir okkar áliti getur sala á jörðinni til Akureyrarbæjar verið mjög athugaverð fyrir Hrafnagilshrepp.

Samkvæmt breytingu þeirri frá síðasta þingi á lögunum um húsmenn og þurrabúðarmenn, þá getur Akureyrarbær látið byggja grasbýli á ýmsum stöðum í Kjarnalandi og leyft fólki þar bólfestu, sem getur á sínum tíma orðið hreppnum til mikilla þyngsla án þess, að sveitarstjórn hafi þar nokkuð til varnar, því tilgangur bæjarins mun vera sá, að leggja ekki Kjarna, ef hann fæst, undir lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, því það mun bæjarstjórnin sjá, að verður of mikill byrðarauki fyrir bæinn, enda ekki samrýmanlegt, nema að bærinn keypti líka þjóðjörðina Hamra, sem liggur á milli Nausta og Kjarna.

Það er eigi svo að skilja, að Hrafnagilshreppur sjái ofsjónum yfir uppgangi Akureyrarbæjar eða framtakssemi bæjarbúa, enda hafa þeir sýnt

það með því, að gefa eftir hverja jörðina eftir aðra til Akureyrar, en öllu má ofbjóða, og þar sem auðsætt er, að Akureyrarbær er búinn að fá svo mikið land til umráða af Hrafnagilshreppi, að hann hefir nóg land til ræktunar um mörg ár, og jafnframt þá mikla og góða gripahaga, þá vilja hreppsbúar undantekningarlaust ekki láta skerða hreppinn meira eða veita honum ágang, heldur setja takmörkin þar sem þau eru komin.

Álit okkar er því, að Akureyrarbær eigi ekki að ná kaupum á Kjarna, og felum við hinum háttvirtu þingmönnum Eyfirðinga, að stuðla að því eftir megni, að mál þetta fái ekki framgang á þinginu í þeirri mynd; en færi svo, að þingið væri ekki því mótfallið, að selja jörðina, þá mælumst við til þess, að Hrafnagilshreppur fái að sitja fyrir kaupunum, því það er eindreginn vilji hreppsbúa yfirleitt, og er von á áskorun frá almennum hreppsfundi í þá átt, og verður sú áskorun þá send með næsta pósti til þingsins eða þingmanna Eyfirðinga.

Hranastöðum og Stokkahlöðum
4. febr. 1909.

Pétur Ólafsson hreppsnefndaroddviti. Einar Sigfússon sýslunefndarmaður«.

Eg verð nú að líta svo á og vænti þess fastlega, að þingið hljóti að taka þessa ósk til greina, og svo framarlega, sem það vill gefa kost á því, að jörðin sé seld, að Hrafnagilshreppur sitji þá fyrir kaupunum, því að neita því sveitarfélaginu, er jörðin liggur í, um kaupin og selja hana öðru sveitarfélagi, er bæði bersýnileg ósanngirni, og brot á eðlilegum og lagalegum rétti sveitarfélagsins.

Það er annars illa farið, hve þm. eru yfirleitt máli þessu ókunnugir, sérstaklega hvað snertir núverandi landeign kaupstaðarins; væru þeir því vel kunnugir þá mundu þeir enn betur geta sannfærst um, að hér er ekki um neina nauðsyn að ræða fyrir kaupstaðinn, og því fullkomlega réttmæt krafa Hrafnagilshrepps, en þá eigi síður um það, hvað kaupverð jarðarinnar snertir, sem Ed. hefir fallist á, 8200 kr., er ótilhlýðilega lágt. Ef háttv. þingdm. hefðu litið yfir þær miklu og góðu engjar, sem jörðunni fylgja, bæði hólma í Eyjafjarðará og viðáttumikil flæðiengi vestan árinnar, þá mundi þeim sannarlega ekki þykja 12,000 kr. ofhátt verð.

Eg fjölyrði þá ekki frekar um þetta mál, en vona, að sú aðalkrafa okkar, að jörðin verði ekki seld, nái fram að ganga.

Björn Kristjánsson: Mál þetta virðist vera talsvert deilumál. Hér er um tvö sveitafélög að ræða, er bæði hafa jafnan rétt að fala kaup á jörðinni, en hvorugt neinn kröfurétt. Þegar þannig er ástatt, verður að minu áliti að líta á það, hvoru sveitarfélaginu sé meiri þörf á að eignast jörðina. Hrafnagilshreppur hefir nóg graslendi, og sýnist því ekki þurfa við sig að bæta, en Akureyrarkaupstaður aftur á móti hefir það af mjög skornum skamti, svo að bærinn hlýtur að líða við það. Reykjavík t. d. hefir svo lítið graslendi, að við verðum að kaupa mjólkina fyrir 20 aura pottinn. Það getur nú verið, að mjólkurverðið sé ekki enn þá orðið eins gífurlegt á Akureyri, en vafalaust verður þess ekki langt að bíða, ef bænum ekki eykst landrými, og fæ eg ekki betur séð, en að það sómi sér vel fyrir þing og stjórn, að stuðla að því, að fátækir borgarar bæjanna fái ódýra mjólk og nægilega. — Mér mundi finnast óviðkunnanlegt, ef t. d. Mosfellssveit færi að amast við

þótt Reykjavíkurbær keypti t. d. Digranes. En einmitt svona stendur á hér. Hrafnagilshreppur vill amast við að Akureyrarbær fái jörðina til þess að bæjarbúar fái ódýrari mjólk. — Þegar nú svona stendur á, að bærinn þarf að fá slægju til þess að geta haft nægilega og ódýra mjólk, þá blandast mér ekki hugur um, að full sanngirni mæli með því, að Akureyri fái jörðina keypta. Hitt finst mér sjálfsagt, að jörðin verði lögð undir Akureyri, þó það sökum timaskorts ekki verði hægt að þessu sinni. Mér finst því rétt að selja Akureyri jörðina. Hér liggur fyrir breyt.till. um að hækka söluverðið upp í 12,000 kr., og grunar mig, að hún sé sprottin af því, að gera eigi bænum erfiðara fyrir að ná í jörðina. Eg hefi haldið því fram, að annaðhvort skyldi selja þjóðjarðir eftir mati óvilhallra, dómkvaddra manna, eða þá als ekki selja þær. Að kaupa eða selja eftir slumpverði og ágizkunum er í alla staði óviðeigandi. — En bezt gæti eg trúað, að br.till. þessi væri tilraun til að drepa málið.

Stefán Stefánsson: Háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) tók það fram, að hann áliti rétt, að Akureyrarbær fengi keypta jörðina Kjarna, en eins og eg áður tók fram, álít eg söluna mjög viðsjárverða, bæði hvað verðið snertir, sem hún á að seljast fyrir, og á hina hliðina væri sjáanlega misboðið, bæði sýslunefnd Eyfirðinga og sveitarfélagi Hrafnagilshrepps.

Háttv. þm. G.-K. (B. Kr.), var að tala um, að Akureyrarbúar hefðu ónóga mjólk — og að hún væri nú þegar dýr — en mundi þó verða dýrari; en ef þeir fengju þessa jörð þá mundi það verða til þess, að hinir fátækari borgarar Akureyrar, mundu fá bæði meiri og ódýrari mjólk.

Eg er nú hræddur um, að svo gæti farið, þótt Akureyri fengi jörðina, að bæjarbúar mundu als ekki fá neitt ódýrari mjólk en áður, gæti jafnvel komið fyrir, að mjólkin yrði dýrari en nú. Nú er mjólkin seld þar á 10—12 aura potturinn, og ætli að einstakir menn mundu selja mjólkina ódýrri, heldur en bændur; það þykir mér ótrúlegt, og frá því sjónarmiði er als ekki ráðlegt að selja Akureyri jörðina. Þá þótti hinum háttv. þm. það einkennilegt, að Hrafnagilshreppur skyldi vera að sporna á móti því, að Akureyri gæti fengið jörð, þar sem hreppurinn hafi nóg land, og muni þetta gert til að drepa málið. Eg skal fræða hinn háttv. þm. á því, að Akureyrarbær hefir ótakmarkað land til ræktunar, svo að þótt Kjarni bættist við mundi hann ekki vera betur settur í því tilliti, því jörðin liggur langt frá kaupstaðnum; en áliti þm., að með því að bjóða 12,000 kr. fyrir jörðina eigi að drepa málið, þá er það sama sem hann vilji hafa af landssjóði 3800 kr., og það væri vel að verið, að skaða hann um þessa upphæð. Þá sagði háttv. sami þm. að verðið, þessi 12000, væri slumpreikningur, en 8200 kr. væri sú virðing, sem fara ætti eftir. En hefir hinn háttv. þm. nokkuð athugað þessar tölur, eða borið þær saman við það, sem jörðin gefur af sér. Eg skal mjög stuttlega leitast við að sýna, að 12,000 kr. er ekki of hátt verð á jörðinni. — Í matsgerðinni er gert, að jörðin gefi árlega af sér 120 hesta af töðu. Ef hver hestur er reiknaður á 4 kr., sem er þó mikils til of lágt, því þar um slóðir er töðuhesturinn varla seldur minna en 6 kr. og jafnvel upp í 8 kr., en eg segi nú 4 kr., þá er taðan 480 kr. virði. Þá er úthey áætlað 600 hestar, og sé hver hestur

metinn á 3 kr., sem sömuleiðis er of lágt, þá verða það 1800 kr. Þetta verður samtals 2280 kr. Athugi maður nú vinnukraftinn sem þurft hefir —, þá reikna eg 3 karlmenn og 4 kvenmenn í 10 vikur. Reikna eg karlmann 3,50 kr. á dag — og kvenmann 2,00. — Verða þá vinnulaun til samans 1110 kr. — Með þessum reikningi, sem þó er alt of lágur, verða eftir í hreinan ágóða 1170 kr. en það er sama sem 6% af 19,500 kr., eða c. 4 % af 29,200 kr. Undir öllum kringumstæðum ætti því jörðin ekki að vera ofseld á 12,000. Í samanburði við þetta skal þess getið, að maður, sem er mjög kunnugur jörðinni, og hefir vel vit á svoleiðis hlutum, sagði mér, að hann gæti ekki hugsað sér lægra verð fyrir jörðina en 15000 kr. Hér er því farið fram á mjög lágt verð, þótt hún sé seld á 12,000 kr., svo lágt, að það er skaði fyrir landið að selja hana, auk þess sem sennilegt er, að jörðin stígi mjög í verði, er fram líða stundir. —

Komi þangað duglegir bændur, þá er þar ótakmarkað landrými. Akureyri þarf eigi og á ekki að eiga það, því kaupstaðurinn á afarmikið landflæmi, sem hægt er að slétta og rækta. Auk þessarar ákveðnu upphæðar, sem er 19,500 kr., er ótalin hagaganga fyrir þá gripi, sem Akureyri mundi hafa þar, og sem er minst 200 kr. virði árlega. Eg ætla ekki að reikna það hærra en þetta. Af þessu ætti öllum að vera ljóst, að 12000 kr. er það lægsta verð, sem um getur verið að ræða. Eg hefi því leyft mér að koma með þessa upphæð í þeirri von, að háttv. Ed. kynni að vilja fallast á hana. Eg þykist vita, að eigi sé til neins að koma með tillögu um hærra verð. Af því margir af háttv. þm. þekkja lítt til jarðar þessarar, hefi eg reynt að skýra það fyrir þeim alveg hlutdrægnislaust, og reynt að sýna þeim ljóslega fram á, að hér sé farið fram á óhæfu, og komið fram með kröfu, er ómótmælanlega miðar í þá átt að vinna landssjóði tjón. Eg ætla svo ekki að fjölyrða um þetta, en taka að eins fram. að það er von min og trú, að háttv. þingm. sjái sig um hönd og skaði ekki vísvitandi landssjóð, með samþ. þessa frumv., heldur annaðhvort fresti málinu til seinni þinga, eða felli það alveg.

Pétur Jónsson: Eg álít þetta frumv. til stórskaða fyrir landssjóð, af því hann má alls ekki farga þessari jörð. Eg er eindregið á móti sölu hennar, hvort sem verðið er 8000, 12000 eða 15000 krónur. Eg vil heldur ekki selja Hrafnagilshreppi jörðina. En ef hún er seld vil eg láta hann sitja fyrir henni. Það var ætlun landbúnaðarnefndarinnar að sveitarfélögin hefði kauparétt að jörðum landssjóðs innansveitar að leiguliðum eða ábúendum frágengnum. Þessi ákvæði voru tekin burt úr frv. nefndarinnar af stjórninni. Þessa breyting er eigi svo að skilja, að taka ætti þann forkaupsrétt, sem nefndin hugsaði sveitarfélögunum, frá þeim, heldur einungis að þau yrðu að sækja hann til þingsins í hvert skifti, er þau vilja kaupa landssjóðsjörð; að minsta kosti var svo að heyra í umræðum málsins á þinginu. Það væri því í meira samræmi við þingið 1905, að láta sveitafélög ávalt sitja fyrir slíkum jarðakaupum innsveitis að leiguliða frágengnum. Eg vil því styðja að því, að Hrafnagilshreppur fái heldur jörðina, ef hann vill, og þess vegna verð eg að greiða atkv. með breyt.till. við frumv. frá þm. Eyf. En ef sú till. fellur er eg efins í að greiða atkv. með hækkun á verði jarðarinnar upp í 12000 kr. Mér sýnist ef þingið vill endilega farga þessari jörð til Akureyrarkaupstaðar,

þá sé bezt að lofa »skandalanum« að verða fullkomnum.

Björn Kristjánsson: Það sem kom mér til að standa upp er tillaga, er eg hefi ekki áður séð. Hún er þess efnis að selja þjóðjörðina Kjarna í Hrafnagilshreppi fyrir 12000 kr. Það stendur eitthvað óljóst hér á bak við, er eg skil ekki. Það stendur að heimilt sé að selja Akureyrarbæ jörðina, ef Hrafnagilshreppur vill ekki nota forkaupsrétt, sem hann vitanlega ekki hefir. Viðvíkjandi því sem hv. ræðumaður sagði, að lagamenn álitu að áminstur hreppur hefði forkaupsrétt, þá er þar til að svara, að skoðanir lögfræðinga eru eins margar um það og þeir sjálfir eru. Háttv. þingm. varð tíðrætt um, að Akureyrarbær hefði gnægð lands til ræktunar. Sama er að segja um Reykjavík, hún hefir nægt land til ræktunar en beitilandið vantar, og er sá bithagaskortur mjög tilfinnanlegur, með því hér í bænum er hátt á annað hundrað kýr, sem ekki gera hálft gagn vegna skorts á góðri beit. Það sem eg legg áherzlu á, eru slægjur og beitilönd. Hann talaði um of lága virðingu. Það er sama sem að segja, að matsmennirnir hafi ekki gert skyldu sína, en svikist um og virt jörðina of lágt, að eins Akureyrarbæ í hag. Slíkt er hin mesta fjarstæða, því matsmenn eru eiðsvarnir menn, er geta naumast verið hlutdrægir. Orð hans eiga því als ekki við, er hann sagði, að 3800 kr. hefðu verið hafðar af landssjóði. Slík ummæli eru algerlega röng og mjög óheppileg. Eg get ekki komist að annari niðurstöðu, en að þeir hafi virt hana fullhátt, enda er það sennilegast. Og hér er líka hægt að styðjast við virðingu sýslunefndarinnar sjálfrar, sem samkvæmt prentuðum skýrslum, sem hér liggja fyrir, hefir matið jörðina á 7500 kr. Í sambandi við þetta vil eg benda á, að höfuðbólið Bjarnarhöfn, sem er helmingi hærri að hundraðatali eða meira, var nýlega selt fyrir 9000 kr. Sú jörð er ekki langt frá kauptúni, og þar eru ágætir landskostir, slægjur afarmiklar, tún, sem gefur af sér 300 hesta, ágæt beitilönd, dúntekja, selveiði, kofnaveiði og eyja-slægjur. Jörðin er nálægt 90—100 hndr. að nýju mati, og hefir því jarðarhundraðið verið um 100 kr,, en hér eru 200 kr. boðnar fyrir hvert hndr. Auk þess er við sölu þessarar jarðar tekið fult tillit til hvers virði jörðin er nú í hæsta lagi. Þinginu er enginn greiði gerður með því að skýra því frá málinu öðru vísi en það liggur fyrir, eins og andmælendur frumv. þessa virðast hafa gert.

Hannes Hafstein: Það er als ekki meining mín, að löggjafarvaldið sé bundið við ákvæði laganna um forkaupsrétt leiguliða, viðvíkjandi forgöngurétti hreppsfélaganna til þess að kaupa jarðirnar að leiguliða frágengnum. Það liggur öllum í augum uppi, að með sérstökum lögum er hægt að breyta út af þessari almennu reglu. En það virðist eðlilegast, að þingið sem fasteignasali fylgi sem mest sömu reglum í því efni, eins og það heimtar af öðrum að þeir fylgi, þegar fasteignir eru seldar. Sé það réttmæt, holl skoðun, sem liggur til grundvallar fyrir því boði löggjafarvaldsins, að hver einasti jarðeigandi skuli skyldur til þess að bjóða jörð sína, ef hann vill gera hana fala, fyrst ábúanda, og vilji hann eigi kaupa, þá hreppsfélagi því, sem jörðin er í, þá er ekki vel sjáanlegt, hverssvegna þingið sjálft, sem sett hefir þessi lög, ætti við fyrsta gefið tækifæri að ástæðulausu að ganga þvert ofan í sínar eigin setningar, og neita hreppn-

um um kauprétt, að leiguliðanum frágengnum. Þess vegna óskum við tillögumennirnir, að Akureyri því að eins fái kauprétt á jörðinni, að Hrafnagilshreppur ekki vilji neyta forkaupsréttar fyrir það verð, sem sett verður á jörðina hér á þinginu. Hvort hreppurinn muni neyta þess réttar, veit eg ekki. Eg veit að eins að ósk um það, að hreppnum sé sýnt þetta réttlæti liggur fyrir þinginu.

Háttv. þm. G.-K.(B. K.) áleit, að jörðin væri of dýr á 12000 kr. Háttv. samþingismaður minn hefir sýnt fram á með rökum, að svo er ekki, enda er auðvelt að sýna það, að Akureyri mundi skjótt hafa talsvert meira upp úr henni, en þessari upphæð nemur.

Það er ekkert að byggja á hinu gamla sýslunefndarmati á jörðinni, sem er miðað við það, er jörðin gefur af sér, sem bóndabýli; en hér er um það að ræða, að selja jörðina til þess, að hún leggist niður, sem bóndabýli, taka hana frá landbúnaðar-atvinnunni, og gera hana að bithaga og slægjulandi fyrir kaupstaðarbúa; þegar jörðin er þannig seld til afnáms fyrir sveitarbúskap landsins, til þess að leggjast til kaupstaðar-afnota, þá er rétt, að hafa annan mælikvarða við matið. — Þá er hinn eini rétti mælikvarði, að meta hvað afurðirnar kosta í kaupstaðnum, að kostnaði frádregnum eða hve mikla borgun bæjarsjóðurinn mundi fá fyrir afnot þau, er hann gæti leyft af jörðinni, og miða söluverðið við það. Samanburðurinn við söluna á Bjarnarhöfn virðist og vera alveg úti á þekju. Í fyrsta lagi er þar um sölu privat-eignar að ræða, og fer verðið í slíkum tilfellum auðvitað eftir kauplyst og sölu-þörf. Í öðru lagi er kauptúnið, sem næst er þessari jörð, Stykkishólmur, að eins »hjáleiga hjá herragarði« í samanburði við Akureyri, að því er fólksfjölda og landvöru-markað snertir, og loks er munur á vegalengdinni milli Bjarnarhafnar og Stykkishólms, hvað hann er talsvert meiri, en milli Akureyrar og Kjarna. Svo ber og þess að gæta, að Bjarnarhöfn var als ekki seld kauptúninu Stykkishólmi til þess, að leggjast niður, sem jörð, heldur var hún seld sem bóndabýli, og varð verðið því að miðast við það, sem búskapurinn gefur af sér.

Háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) sagði, að það væri meiningin, að Kjarni ætti að sameinast sveitarfélagi Akureyrar á næsta þingi. En það er sá hængur á, að milli Akureyrarlands og Kjarna er önnur jörð, jörðin Hamrar, sem bærinn ekki á, og áður en um það getur orðið að ræða, að leggja Kjarna undir sveitarfélag Akureyrar, þá verður bærinn að eignast Hamra og draga land þeirrar jarðar einnig undir sitt umdæmi, því ekki mun þó þingið vilja hafa bæjarfélag Akureyrar slitið sundur í tvo parta með spildu af Hrafnagilshreppi á milli partanna. En að selja Akureyri Kjarna án þess, að hann gangi inn í sveitarfélag bæjarins, það kemur öllum saman um, að sé óheppileg ráðstöfun. Af þessum ástæðum, hygg eg, að fresta verði því fyrst um sinn, að taka ákvörðun um sölu á jörð þessari. Akureyri líður enga nauð fyrir það, þó þessu máli sé frestað.

Þeir háttv. þingmenn, sem fylgt hafa háttv. þingmanni Akureyrar svo trúlega, að þessu stórmáli (!), og látið sér svo umhugað um það, að honum lánist að koma því fram, geta, að því er velferð bæjarins snertir, með góðri samvizku látið hér staðar numið, og frestað frekari framkvæmdum í þessu máli, þangað til það er betur undirbúið, að einu og öðru leyti.

ATKV.GR.:

Breyt.till. á þingskj. 506 fyrri liður feldur með 16 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Jón Ólafsson,	Bjarni Jónsson,
Eggert Pálsson,	Ben. Sveinsson,
Einar Jónsson,	Björn Jónsson,
Hannes Hafstein,	Björn Kristjánss.,
Jón Jónss., S.-M.	Björn Sigfússon,
Jón Magnússon,	Björn Þorláksson,
Jón Sigurðsson,	Jóh. Jóhannesson,
Pétur Jónsson,	Jón Jónsson N.-M.,
Stefán Stefánsson.	Magnús Blöndahl,
	Ólafur Briem,
	Sig. Gunnarsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Þorleifur Jónsson.

3 þm. greiddu ekki atkv. og töldust til meiri hlutans.

Breyt.till. á þingskj. 506 síðari liður samþ. með 20 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Björn Jónsson,
Jón Ólafsson,	Björn Kristjánss.,
Bened. Sveinsson,	Björn Sigfússon,
Eggert Pálsson,	Björn Þorláksson,
Einar Jónsson,	Sig. Gunnarsson.
Hannes Hafstein,	
Jóh. Jóhannesson,	
Jón Jónsson, N.-M.,	
Jón Jónss., S.-M.,	
Jón Magnússon,	
Jón Sigurðsson,	
Magnús Blöndahl,	
Ólafur Briem,	
Sig. Sigurðsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Stefán Stefánsson.	

4 þm. greiddu ekki atkv., og töldust til meiri hlutans.

Frumv. samþykt með 13 : 7 atkv., og endursent Ed.

Ein umræða, 1. mai, (A. 606, 691).

Stefán Stefánsson: Eins og háttv. þingdm. er kunnugt, var verðið á þjóðjörðinni Kjarna eftir frv., er það kom frá Ed. að eins 8200 kr., en var þá hér í deildinni fært upp í 12000 kr. samkvæmt breyt.till., er fyrir lá, og eg þóttist gera fulla grein fyrir, að væri það lægsta verð, er tiltækilegt væri að selja bæjarfélaginu jörðina fyrir, og væri enda stórt happakaup að fá hana fyrir það verð.

Nú hefir h. Ed. orðið að kannast við, að 8200 kr., sem hún áður samþ. sem söluverð jarðarinnar, væri óhæfilega lágt, og setur því verðið upp í 10,000 kr. Á hverju hún byggir þetta söluverð, er mér ekki ljóst, en samkvæmt því sem eg hefi áður leitt rök að, þykist eg mega fullyrða, að hér sé verðið sett af meira »handahófi«, en það verð sem þessi h. deild (Nd). hafði ákveðið.

Við þm. Eyf. höfum því enn leyft okkur að koma með tillögu um að jarðarverðinu verði breytt í 12,000 kr., en auðvitað höldum við fast fram þeirri aðalkröfu, að jörðin verði ekki seld, af því — sem eg áður hefi tekið fram — að sýslunefnd Eyfirðinga synjaði ábúandanum um kaup á henni árið 1905. En okkur hefir virst árangurslaust að koma með þá breyt.till., sem áður féll hér með miklum atkv.mun, að hreppurinn hefði forkaupsrétt til jarðarinnar, sem er þó í fylsta máta bæði sanngjörn og réttmæt. Sú till. mundi enn hafa verið feld með hinum sömu atkv. og áður. En eg vona, og ber það traust til þeirra hv. þingdm, er greiddu atkv. með því hér áður, að jarðarverðið væri sett 12,000 kr., að þeir hafi ekki breytt svo skoðun sinni, að þeir nú felli þessa tillögu, þar sem als eng-

in andmæli hafa komið fram. Eg hygg að eg hafi ekki ástæðu til að ræða frekar þetta mál en vænti þess, að hin háttv. deild samþ. till.

ATKV.GR.:

Br.till. (691) feld með 14 : 7 atkv.

Frv. sþ. með 14 : 7 atkv. og afgreitt sem *lög frá alþingi.*

Jörðin Naust.

FRUMVARP til laga um að leggja jörðina Naust í Hrafnagilshreppi í Eyjafjarðarsýslu undir lögsagnarumdæmi og bæjarfélag Akureyrarkaupstaðar (A. 327); 1. umr., 5. apríl.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv.

Önnur umr., 14. apríl, (A. 327).

ATKV.GR.:

1. gr. frv. sþ. með 14 atkv. samhlj.

2.–3. gr. frv. sþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögnin talin sþ. án atkv.gr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Þriðja umr., 16. apríl (A. 327).

ATKV.GR.:

Frumv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgreitt sem *lög frá alþingi.*

Slökkvilið í Hafnarfirði.

FRUMVARP til laga um að stofna slökkvilið í Hafnarfirði. (A. 149); 1. umr., 13. marz.

Björn Kristjánsson: Þetta frv. hefði átt að liggja fyrir síðasta þingi, og vera samferða lögunum um bæjarstjórn í Hafnarfirði, en var of seint undirbúið. Þar sem það er eðlileg afleiðing þess, að Hafnarfjörður er nú orðinn kaupstaður, vænti eg þess, að frumv. mæti ekki neinum andmælum hv. deildar, og óska að það fái að ganga til annarar umr.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Önnur umr., 16. marz (A. 149).

ATKV.GR.:

1. gr. sþ. með 14 shlj. atkv.

2. — — — 13 — —

3. — — — 13 — —

Fyrirsögnin sþ. án atkv.gr.

Vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Þriðja umr., 19. marz (A. 149).

ATKV.GR.:

Frv. sþ. með 12 shlj. atkv. og afgreitt sem *lög frá alþingi.*

Bæjarstjórn í Hafnarfirði.

FRUMVARP til laga um viðauka við lög 22. nóv. 1907 um bæjarstjórn í Hafnarfirði. (A. 213); 1. umr., 31. marz.

Björn Kristjánsson: Frv. þetta er í líkingu við lög annara kaupstaða og ímynda eg mér, að ekkert sé við það að athuga, þar sem það líka hefir gengið í gegnum hv. Ed. athugasemdalaust.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2 umr. í e. hlj.

Önnur umr., 13. apríl (A. 213).

ATKV.GR.:

1. gr. sþ. með 16 shlj. atkv.

2., 3., 4., 5., 6., 7., 8. og 9. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögnin sþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Þriðja umr., 15. apríl (A. 213).
ATKV.GR.:
Frv. sþ. með 17 shlj. atkv. og afgreitt sem *lög frá alþingi.*

Útgáfa bankavaxtabréfa.

FRUMVARP til laga um heimild fyrir veðdeild Landsbankans til að gefa út þriðja flokk (seríu) bankavaxtabréfa (A. 315); 1. umr., 31. marz.
ATKV.GR.:
Málinu vísað til 2. umr. í einu hlj.

Önnur umr., 13. apríl (A. 315).
ATKV.GR.:
1. gr. sþ. með 19 shlj. atkv.
2. — — — 20 — —
3. — — — 19 — —
4., 5., 6., 7., 8., 9. gr. sþ. með 18 shlj. atkv.
10., 11., 12. gr. sþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn frumv. sþ. án atkv.gr.
Vísað til 3. umr. með 19 shlj atkv.

Þriðja umr., 15. apríl (A. 315).
ATKV.GR.:
Frumv. sþ. með 16 shlj. atkv. og afgreitt sem *lög frá alþingi.*

Kaup á bankavaxtabréfum.

FRUMVARP til laga um heimild fyrir landsstjórnina til að kaupa bankavaxtabréf Landsbankans; 1. umr., 24. apríl (A. 567).

Framsögumaður (Bjarni Jónsson): Þetta frumv. er frá peningamálanefndinni og er fram komið í því skyni, að rétta hag bankans, með því að heimila landsstjórninni að kaupa skuldabréf hans. Svo sem kunnugt er, er Schou bankastjóri nú erlendis og var honum falið að reyna að selja skuldabréf bankans. Þangað til í gær lutu allar fréttir að því, að hann hefði ekki getað selt bréfin. En þá fréttist, að hann hefði komið þeim út fyrir 97½. Ef sú frétt er rétt, er engin þörf á því að þetta frv. nái fram að ganga. En með því að eg hefi ekki haft tal af samnefndarmönnum mínum, vil eg beina þeirri ósk til forseta, að frumv. verði tekið út af dagskrá.

Forseti (H. Þ.): Með því að eg sé ekkert á móti því, að verða við bón framsm. (B. J.) lýsi eg yfir því, að eg tek málið út af dagskrá.

Fyrsta umr. (frh.), 30. apríl (A. 567).

Framsögumaður (Bjarni Jónsson): Menn muna að síðast þegar mál þetta var á ferðinni hér í deildinni, bað eg um að það væri tekið út af dagskrá, vegna þess að frétst hafði, að bréf þau, er átt var við, væru seld, því ekki var hægt annað að ráða af hraðskeyti því, sem sent var hingað, en að svo væri, enda þótt fullkomin vissa sé ekki fyrir hendi enn þá. Þess vegna hefir meiri hluti nefndarinnar komið með frumv. aftur, þó með þeirri breytingu, að heimild sé að kaupa önnur bréf, ef þessi, sem fyrst var átt við, eru seld. Það getur vel verið, að sumir segi, að óþarfi sé að veita landssjóði heimild til þess, því að landssjóður beri ábyrgð á bankanum og því geti bankinn eins fengið lán með sömu tryggingu. En nú stendur svo á, að stjórnin á einmitt víst lán, en það á mér vitanlega bankinn ekki, ef hann þarf á að halda, og þess vegna viljum við að stjórninni veitist heimild til að styrkja bankann á þennan hátt — ef þörf krefur. Lánið er til 30 ára, en bréfin verða innleyst á skemmri tíma, svo hér er ekkert að óttast.

Þetta væri þó ekki svo afarnauðsyn-

legt, ef bankinn sjálfur gæti fengið lán upp á sömu kjör og stjórnin. En þar erum við svo óheppnir, að bankar okkar hafa ekki nægilegt lánstraust — og þótt slíkt sé að ástæðulausu, þá kemur það út á eitt í afleiðingunum.

Jón Magnússon: Það er fyllilega rétt, að nefndin öll varð sammála um að leggja það til, að tekið væri lán til að kaupa bankaskuldabréf þau, sem landsbankanum var heimilað með lögum 22. nóv. f. á. að gefa út, af því að það þótti óvíst, að þessi verðbréf mundu seljast í útlöndum fyrir sæmilegt verð. Nú eru þessi verðbréf, sem nema 2 miljónum kr., seld fyrir viðunanlegt verð, og af því að landssjóður stendur í ábyrgð fyrir þessum bréfum, þá nemur ábyrgð sú, er landssjóður hefir tekið á sig fyrir bankann 3 miljónum eða meira, að meðtaldri þeirri ábyrgð, er landssjóður hafði áður tekið á sig fyrir bankann.

Minni hl. í nefndinni telur ekki rétt að láta landssjóð að svo stöddu taka á sig meiri ábyrgð fyrir bankann; að vísu á landssjóður að fá fyrir lánsféð verðbréf hjá bankanum, en sú trygging, sem í því er fólgin, er ekki nema að nokkuru leyti veruleg trygging, því að bankinn er landssjóðs eign, og maður getur ekki í venjulegum skilningi sett sjálfum sér trygging. Ef landssjóður þyrfti sjálfur á peningum að halda, þá er enginn efi á því, að þetta lán, sem hér er um að ræða, spillir fyrir því, því að það veikir efalaust lánstraust landssjóðs.

Með þessu móti gerist landssjóður nokkurs konar aukabanki eða varabanki, og það verð eg að telja alveg óforsvaranlega fjármálapólitik.

Svo er á það að líta, að við söluna á verðbréfunum fær landsbankinn nú um 2 miljóna viðbót við starfsfé sitt, og veit eg ekki nema það ætti að nægja í bráð; tímarnir, sem yfir standa, eru töluvert viðsjárverðir, og það er viðsjárvert að vera alt af að sökkva landinu dýpra og dýpra í skuldir við útlönd.

Alt öðru máli hefði verið að gegna, ef um það væri að ræða að kaupa hluti í Íslands banka. Við það eignaðist landssjóður nýja eign. Eg skal samt ekki fara frekara út í samanburð um þetta, né heldur deila frekar um þetta mál.

Að eins vil eg enda mál mitt með því að biðja háttv. deild að íhuga nákvæmlega hvert stefnir, ef slík lög sem þessi eru samþ., og farið er að gera landssjóðinn að banka. Fyrir mínum augum er það svo, að verði þetta frv. samþ., þá erum vér komnir inn á mjög hættulega braut.

Framsögumaður (Bjarni Jónsson): Það eru afarmiklar líkur til að verðbréf þessi séu seld. Eitthvað hefir þó getað komið í veginn, þó ekkert skeyti hafi komið.

Ef það reynist rétt, að alt sé í góðu lagi, eins og ætla má að sé, þá er gott að stjórnin hafi heimild til að kaupa þriðja flokks bankavaxtabréf, enda er það uppástunga okkar. Eg vil minna á, að það getur komið sér vel að stjórnin hafi þessa heimild, ef bankinn ætlar að flana út í einhverja vitleysu og mun hún þá neyta þess réttar, ef þörf gerist.

Jón Magnússon: Ef að eins er um það að ræða að kanpa bankaskuldabréf, þá er frumv. alveg gagnslaust. Eg mæli því á móti þessari breyt.till. Eg álít beinlínis skaðlegt að fara lengra út í þær sakir, og búa til svo að segja óeðlilegan »kúrs«, enda er það í eðli sínu alveg rangt. Það getur naumast borið sig að ábyrgð sé lögð á slík bréf og eg hygg, að vel

bankafróðum mönnum ...undi sýnast það óráð.

Háttv. meiri hluti mun ekki hafa skilið mismuninn á þessu tvennu, bankaskuldabréfum og bankavaxtabréfum. Ef landssjóður hefði fé aflögu, væri þetta tiltækilegt, en nú er því svo varið, að hann skortir peninga og það mjög tilfinnanlega.

Eg get ekki skilið, að á nokkurn hátt sé hægt að verja slíka pólitik.

Framsögumaður (Bjarni Jónsson): Eg hygg, að það sé ofurhægt, ef bankinn þarf að senda þau á markaðinn, svo þau falli í verði, en það gerir hann auðvitað út úr peningavandræðum, að bjarga bréfunum, ef landssjóður eða stjórnin hefir heimild til þess og eg get ekki betur séð, en það sé gott og gagnlegt, að landið hlaupi undir bagga, þegar svo á stendur, þó slíkt sé reyndar ekki altítt í öðrum löndum. Eg er sannfærður um, að bráðnauðsynlegt er að sjá um, að verðbréfin séu ekki seld í stórfúlgum út úr bláberum vandræðum, bankanum og landinu í skaða og til þess notar stjórnin lánstraust landssjóðs, ef hún fær heimildina.

Því er nú einu sinni svo varið, að landssjóði verður betur til, en bönkunum. Þessi vegur er til þess að ná takmarki sínu og það mun verða landinu til heilla.

ATKV.GR..

Frv. visað til 2. umr. með 14 : 3 atkv.

Önnur umr., 1. maí, (A. 567, 686).

Framsögumaður (Bjarni Jónsson): Eg gerði grein fyrir því við 1. umr. þessa máls, hvers vegna meiri hluti nefndarinnar vildi halda þessu frumvarpi áfram. Þá voru líkur til, að bréf bankans myndu seljast, en engin vissa fyrir því; auk þess er svo langur tími milli þinga, að full ástæða er til að landstjórninni sé gefin heimild til að kaupa bankaskuldabréf eða bankavaxtabréf landsbankans, ef á þyrfti að halda, enda þótt áðurnefnd bréf væru nú þegar seld; gæti líka svo farið, að hinu frumv. hlektist á í Ed., og þá er þeim mun meiri ástæða til þessarar heimildar. Eg gat þess einnig við 1. umr., að þetta væri landstjórninni með öllu áhættulaust, og þau orð vil eg einnig endurtaka nú.

Því hefir verið hvíslað í eyra mér einmitt í þessum svifum, að komin sé hingað auglýsing um, að bréfin séu seld, en þess skal eg geta, að br.till. nefndarinnar breytast ekki við það.

Eins og eg gat um áðan, þá er sá tími milli þinga, að bankinn gæti komist í fjárþröng, áður en þing kemur saman næst; en þá þarf hann samkvæmt þessari heimild ekki annað en snúa sér til landstjórnarinnar, er annast lán bankanum til handa með ekki hærri vöxtum en 4½%. Það liggur í augum uppi, að þetta hentaði bankanum betur, en ef hann neyddist til að selja bréf sín fyrir 97, eða 96 eða jafnvel 95. Við heimild þessa er svo tryggilega um búið, að ekki þarf að óttast illa meðferð á fénu.

Vænti eg þess fastlega, að háttv. deild sé þessari heimild hlynt, því að það gæti komið sér mjög illa, ef ekki væri nú girt fyrir þá peningaþurð, sem kynni að verða í bankanum til næsta þings. Og það sjá allir, að færi miður, ef farið yrði að kalla saman nýtt þing til að veita jafn meinlausa heimild. Það er engin hætta á því, að landstjórnin með þessu bakaði sér nýja ábyrgð, þar sem lánin eru trygð með fasteignum.

Eg þykist nú vita, að öllum, sem bera velferð landsbankans fyrir brjóstinu -- og það gerum við víst allir — muni ljúft að veita þessa heimild. Og ekki getur það verið annað en gott, að hafa hana að bakhjarli, enda þótt svo reyndist, að hennar þyrfti ekki með, því að auðvitað verður ekki til hennar tekið nema því að eins að brýna þörf beri til þess.

Jón Magnússon: Eg tók það fram við síðustu umr. þessa máls, að minni hluti nefndarinnar hefði ekki getað orðið háttv. meiri hluta samferða í því, að leggja það til, að landssjóður tæki upp á sig frekari ábyrgð fyrir landsbankann, en nú hefir verið gert.

Eg vil ekki vera að endurtaka það, sem eg sagði þá; vænti líka, að mönnum sé það ljóst, hve athugavert er að vera hvað eftir annað að binda landssjóði slíkar byrðar með nýjar og nýjar ábyrgðir.

Ráðherrann (B J.): Eg vil að eins taka það fram, að ef þetta frumv., er nú liggur fyrir hér í deildinni, verður felt, og ef ekki lánast heldur að koma fram Íslandsbankafrumv. í Ed., þá er landið mjög illa statt. Mér virðist því — eins og á stendur — að það sé ábyrgðarhluti, jafnvel þótt menn séu þessu frumv. mótfallnir, að lofa því ekki að lifa, þangað til útséð er um, hvernig hinu reiðir af; þá er nógur tíminn að fella þetta frumv., ef hitt fer vel.

Eg þykist ekki þurfa að skýra það frekar, að það væri háski, ef bæði þessi frumv. féllu nú í valinn, enda nógur tíminn að koma þessu frumv. fyrir kattarnef, ef hinu verður borgið.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Eg er hæstv. ráðherra fyllilega samdóma í því, að ekki eigi að fella þetta frv. Eg hefi heldur ekki heyrt annað, en að sjálfu frumv. hafi verið vel tekið. Alt öðru máli er að gegna um breyt.-till.; þær koma fram með alveg nýjan hlut. Auk þess sem bankinn getur selt skuldabréf sín, er ætlast til, að landssjóður útvegi 2 milj. kr. til þess að kaupa bankavaxtabréf eða bankaskuldabréf.

Eg veit nú ekki vel, hvernig hin h. nefnd (meiri hlutinn) hefir hugsað sér þetta, því að engin ákvæði eru um það, hvort bréfin eigi að kaupa af landsbankanum eða ekki. Stjórnin gæti notað þessar 2 milj. kr. til þess að kaupa skuldabréf þau, er Íslandsbanki lægi inni með.

Eg skal nú ekki um það segja, hvort tilgangurinn er að efla Íslandsbanka, en jafnvel þótt bréfin væru keypt af landsbankanum, þá gæti þetta verið mjög viðsjárvert: landssjóður myndi gerast nokkurskonar banki og taka lán, er landsbankinn svo »spekúleraði« með.

Eg mun því greiða atkv. með frv. sjálfu, en ekki með þeim breytingum, er br.till. vilja gera á því.

Magnús Blöndahl: Eg hafði ekki ætlað mér að tala í þessu máli, en þegar eg heyrði orð hins háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) um það, að hann myndi greiða atkvæði með frv. sjálfu en ekki breyt.till., þá fanst mér ástæða til að standa upp.

Það lítur nú ef til vill vel út að segjast muni verða með frumv. — þegar vitneskja er fengin um það, að bréfin, sem um ræðir séu seld; en eg get þó varla skilið, að hinn háttv. þm. hafi hugsað vel þetta mál, því að það væri réttnefndur »leikaraskapur« að fara nú að samþykkja frumv., sem eftir eðli sínu kæmi að engum notum án breyt.till.

Eg þykist þess fullviss, að hinn h. þm. hafi ekki athugað þetta, að hann hafi í rauninni meint betur, en orð

hans lágu til. Hinn háttv. þm. (J. Ó.) fann ástæðu til að taka það fram, að með breyt.till. væri ætlast til, að taka til láns aðrar 2 milj. kr. Hvaða aðrar 2 miljónir? Eg vonast nú til, að hinn háttv. þm. geti verið mér sammála um það, að það muni ekki greiða svo ýkja mikið úr hinni brýnu þörf að hjálpa bankanum, þótt bankaskuldabréfin séu seld. Það væri mjög einkennilegt, ef hin háttv. deild feldi frv. þetta, því þá mætti með réttu segja um hana, að hún vildi eingöngu hlynna að öðrum bankanum, og þá máske þeim er síður væri skylt að hlynna að, en gerði hins vegar ekkert fyrir hinn bankann, — landsins eigin banka.

Hinn háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) spurði, hvaða bréf það væru, sem um væri talað, og af hverjum ætti að kaupa þau. Ef hinn h. þm. vill hafa fyrir að bera saman sjálft frv. og br.-till., þá hlýtur hann að ganga úr skugga um þetta atriði; það stendur greinilega í 1. gr. frumv. (með br.till.), af hverjum skuli kaupa bréfin, nefnilega af landsbankanum. Annað mál er það, ef hinn h. þm. hefði fundið eitthvað að orðalaginu; það hefði vel mátt betur fara, en við síðustu umr. þessa máls var engin vissa fyrir því að bréfin myndu seljast.

Eg vona nú, að háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) geti orðið okkur samdóma, ekki einungis að því er snertir frumv. sjálft, heldur og breyt.till. Og eg vil ekki trúa því fyr en eg verð að taka á því, að háttv. deild, er tók svo vel frumv. um hinn bankann, snúist í móti landsins eigin stofnun.

Eg skal svo ekki fara um þetta fleiri orðum, en eg álít þetta mál svo ljóst, einfalt og — gott, að háttv. deild geti ekki kinnroðalaust annað en tekið því vel.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Eg verð að halda hinu sama fram og áður; eg hefi ekki getað sannfærst af orðum hins háttv. 2. þm. Rvk. (M. B.). Það kom fram af hálfu »vandræðanefndarinnar«, síðast, er þetta mál lá hér fyrir, að frétst hefði um tilboð, sem komið væri um það, að kaupa bankaskuldabréfin fyrir ákveðið verð, — og að stjórn landsbankans hefði fallist á það. Hinn háttv. framsm. meiri hlutans beiddist þess þá fyrir nefndarinnar hönd, að málið yrði tekið út af dagskrá, þar sem frumv. eftir þessari frétt væri óþarft. Eg get verið frv. sjálfu meðmæltur — það fer ekki í gegnum þingið, nema þess þurfi. Hitt er skiljanlegt, að ráðlegra hafi þótt að hafa eitthvað til vara, því að vitanlega gæti svo farið, að sá verði gjaldþrota, sem bréfin kaupir, áður en bankinn fær peningana. En þar sem breyt.till. fer fram á 2 milj. í viðbót við hinar 2 miljónirnar, er ætlast er til að fáist — þá er alveg nýtt upp á teningnum. Og 2 milj. kr. viðauki er svo álitleg upphæð, að það ætti að nægja til næsta þings; það er líka vonandi að á því tímabili linni þeirri peningaeklu, er nú hefir staðið yfir á 2. ár, að svo miklum mun, að þá verði bankinn búinn að fá inn talsvert af því fé, er hann hefir neyðst til að umlíða.

Eg verð því að halda því fast fram, að þessi veðrabrigði »vandræðanefndarinnar« séu mjög viðsjárverð, og vænti þess að háttv. deild samþykki ekki breyt.till.

Framsögumaður (Bjarni Jónsson): Eg skal ekki tefja tímann á því, að endurtaka það sem eg gat um áður, að verðlagi bréfanna yrði haldið hærra.

En eg vil leyfa mér að spyrja þá h. þm., sem ekki ríða grundvallarreglum alt of mikið, hvort ekki sé þarft að girða fyrir það, að bankinn neyðist til að selja bréf sín við óhæfilega lágu verði; hvort það væri ekki þarft verk, ef landssjóður bjargaði 40,000 kr. af fé bankans?

Háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) sagði, að ekki væri þörf á meir en 2 miljóna aukningu á bankafénu, en »vandræðanefndin« svokallaða áleit, að ekki mundi veita af 4 miljónum als handa báðum bönkunum. Hitt er rétt hjá þm. S.-Múl. (J. Ól.) að ekki sé veitt nema heimild, ekki taki til nema þurfi. Hann má vita það, að landsbankinn skuldar á 2. miljón erlendis, en hinn yfir 2 miljónir. Hættan er í sjálfu sér engin. Bankinn notar vitanlega ekki þessa heimild nema til þurfi að taka. Það sem því hér er verið að gera er ekkert annað en það, að landsstjórnin beitist fyrir því að efla og útvega landsbankanum lánstraust erlendis. Það sjá allir, að slíkt getur orðið til mikillar nytsemdar, en aldrei til skaða.

Sigurður Sigurðsson: Eg get gjarnan greitt frumv. þessu atkvæði til 3. umræðu, enda þótt eg í rauninni sé á móti því. Mér virtist í fyrstu, að frv. gæti verið gott og horfa til bóta, meðan engin von var um, að auðið mundi, að selja bankaskuldabréfin, sem landsbankanum var heimilað með lögum frá þinginu 1907 að gefa út. En nú er komin frétt um það — og mér er sagt, að hún sé áreiðanleg, — að búið sé að selja þessi bréf í útlandinu. Fær þá bankinn nálægt 2 miljónir króna til umráða og útlána, og ætti það að hjálpa mikið um næstu 2 ár. Auk þess má gera ráð fyrir, að eitthvað seljist næstu árin af bankavaxtabréfum þeim (3. flokks), sem veðdeild landsbankans er heimilað að gefa út með lögum, sem þegar eru samþykt af þinginu.

Annars álít eg, með allri virðingu fyrir hvaða stjórn, sem vera skal, mjög svo varhugavert, að heimila ráðherranum stórar lántökur, sérstaklega handa bönkum eða lánsstofnunum, þar sem gera má ráð fyrir, að meginhluti þess fjár verði eyðslu-eyrir. — Afleiðing af því, að heimila stjórninni að taka lán, verður vitanlega sú, að lánið verður tekið. Og hver verður svo afleiðingin af því? — Lánið verður notað til þess, annað hvort að greiða með því eldri skuld, sem bankinn er kominn í við útlandið, eða þá, að fé verður brúkað til þess að lána það út hér á landi. En af því leiðir vitanlega það, að skuld bankans eða landsins við útlandið eykst, og skuldir landsmanna við bankann aukast að sama skapi. Með öðrum orðum, þá er með þessu verið að sökkva landinu í skuldir, bæði út á við og inn á við.

Eg álít því mjög varhugavert, að samþykkja þessa lánsheimild, og að það eigi yfir höfuð að fara mjög varlega í að taka erlend lán handa bönkunum.

Eg skal um leið nota tækifærið til þess, að lýsa því yfir, að eg var einnig á móti frumv. um heimild fyrir landssjóð að kaupa hlutabréf í Íslandsbanka, og gefa út landssjóðsskuldabréf, sem afgreitt var héðan frá deildinni nýlega. — Það frumv. miðaði að vísu að því að hjálpa landinu til að ná yfirráðum yfir þeim banka, en mjög er vafasamt, að sá tilgangur náist, þó það frumv. verði að lögum.

Eg vil sérstaklega taka það fram, að þetta mál ætti als ekki að verða afgreitt héðan frá deildinni fyr en útséð er um það, hvernig frumv. um

að kaupa hlutabréf í Íslandsbanka reiðir af í háttv. efri deild. Það nær ekki neinni átt að afgreiða þessi frv. bæði frá þinginu sem lög. Nóg ef annað þeirra nær fram að ganga, en helzt ætti að fella þau bæði úr því sem komið er. En eins og eg tók fram áðan, þá get eg ekki greitt málinu atkvæði til 3. umr.

Magnús Blöndahl: Eg get verið stuttorður, því háttv. framsm. (B. J.) hefir takið flest fram af því, sem eg vildi segja. Það lítur næstum út fyrir, að þeir menn, sem frekast andmæla þessu frumv., geri sér ekki glöggva grein fyrir því, að bankinn skuldar stórfé, bæði hér og erlendis. Ef þessi bréf nú verða seld, gera þau ekki mikið meira en losa bankann við skuldir þær, er hann skuldar í útlöndum.

Síðasti ræðumaður sagðist vera á móti frumv., af því verið væri með því að sökkva landinu í skuldir út á við, og landsmönnum sjálfum inn á við, enda vildi hann ekki stuðla að lántöku erlendis. Eg vildi mega spyrja háttv. 2. þm. Árn. (S. S.): Eru þá engin peningavandræði í landinu? Eða hvar á að fá fé, ef ekki má leita til útlanda? Getur hann vísað á nokkra þá peningalind í landinu sjálfu til að hjálpa fram úr þeim vandræðum? Eg hygg, að sú lind muni ekki vera til. H. þm. (S. S.) er víst fullkunnugt um raddir þær frá þjóðinni, er hvað eftir annað hafa skorað á þingið að ráða fram úr peningavandræðunum. Ekki finst mér heldur gott að samrýma það hjá háttv. þm. (S. S.), að hann vill bíða þangað til hann sér, hvernig fer í Ed. um hitt frumv. Er það af því, að hann vilji sparka í landsins eigin banka, ef þetta frumv. um kaup á hlutabréfum í Íslandsbanka nær fram að ganga? Eg lít svo á þetta mál, að aldrei hafi verið jafn knýjandi ástæður fyrir hendi til þess, að þingið geri alt, er það getur til þess að greiða sem bezt úr hinum fjárhagslegu vandræðum landsmanna og peningastofnananna í landinu. Það er gott að vera tortrygginn og varasamur gagnvart landsstjórn og öðrum, er um fjármál er að ræða, en að ganga jafn langt í því efni og háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) held eg fáir verði til að mæla með, — enda gat háttv. þm. ekki fært minstu ástæðu fyrir þeirri tortryggni sinni.

Ráðherrann (B. J.): Það er auðsætt, að þingið má ekki skilja svo, að það hafi ekki gert nokkurn veginn öruggar ráðstafanir til þess, að bæta úr peningavandræðunum í landinu. — Verði þetta frumv. ekki samþykt, er landið statt í sömu neyð og áður. Þegar nú svo stendur á, að bankarnir skulda erlendis að samanlögðu 3—4 miljónir kr., þá er það öllum ljóst, að þörfin er mikil. Eg get ekki séð annað, en það væri hið mesta glapræði, að láta frumv. þetta falla.

Sigurður Sigurðsson: Eg hef ekki miklu að svara háttv. 2. þm. Rvík. (M. Bl.). Hann sagði, að eg vildi ekki styðja landsins eigin banka, svo að hann gæti þroskast og blómgast, eins og hann komst að orði. En heldur þingmaðurinn þá, að það miði í raun og veru að því, að þroska og auka bankann, að honum sé sökt í botnlausar skuldir við útlönd?

Eg sagði áðan og tek það fram enn, að svo framarlega, sem tekist hefir að selja bankaskuldabréfin, þá er gersamlega horfin ástæðan til þess að samþykkja þessa lánsheimild, er felst í frumv. — Frumvarpið, eins og það er orðað, er þá orðið meiningarlaust og óþarft. Það er að vísu satt, að stór mikill hluti af fé bankans er fastur

í ýmsum miður þörfum fyrirtækjum og hússkrokkum hér í Reykjavík, sem lítil eða engin eign er í. En úr því verður ekki bætt með þessu frumv. Annars skil eg ofur vel, að háttv. 2. þm. Rvík. (M. Bl.) komi það betur, að bankarnir hafi fé til umráða, svo að hann geti haldið áfram viðarverzluninni, haldið áfram að smíða hús og selja þaa aftur. (*Magnús Blöndahl:* Þingmaðurinn vill dæma aðra eftir sjálfum sér).

Framsögumaður (Bjarni Jónsson): Rétt undir fundinn núna talaði eg við gæzlustjóra Kristján Jónsson um þetta mál og sagði hann, að sér litist vel á þetta, og að hann áliti gott og hagkvæmt fyrir bankann, að slík heimildarlög yrðu gefin út. Eg get þessa að eins í því skyni, að menn geti fengið tryggari stað, en mig í þessu efni, þeir sem eitthvað þurfa að hallast upp við.

ATKV.GR.:

1. breyt.till. (þskj. 686) við 1. gr. sþ. með 13 atkv.

2. breyt.till. við 1. gr. (þskj. 686) sþ. með 14 atkv.

1. gr. þannig breytt samþykt með 14 atkv.

2. gr. (breyt.till. á þskj. 686) samþ. með 14 atkv.

2. gr. frumv. þar með fallin.

3. gr. sþ. með 14 atkv.

Breyt.till. (686) við fyrirsögnina sþ. án atkv.gr.

Fyrirsögn frumv. þannig breytt sþ. með 14 atkv.

Málinu vísað til 3. umræðu með 16 atkv.

Þriðja umr., 3. maí (A. 702).

Hannes Hafstein: Hæstv. ráðherra gat þess nýlega, að vafasamt væri, hvort frumv. um að kaupa hlutabréf í Íslandsbanka næði fram að ganga í Ed., og taldi það hið mesta glapræði, ef bæði frumv. yrði feld. Eg sé ekki betur, en að samþykt þessa frv. opni þó Ed. leið til þess að fella hitt frv., og ættu þá þeir menn, sem er umhugað um hlutabréfafrv. ekki að samþykkja þetta. Það er áhugamál margra, að Ísland fái umráð yfir Íslandsbanka og að hann verði innlend eign, sem hann hefði átt að vera frá upphafi. Það er og vafalaust, að sú ráðstöfun, sem þar er um að ræða, veitir meiri peningum inn í landið, heldur en heimild þessi til að kaupa bankavaxtabréf, sem ekki verða útgefin fyr en jafnóðum og hin nýja þriðja flokks seria selst, þ. e. lán er veitt gegn fasteignum.

Þeim, sem þykir þetta máli skifta, má skiljast það, að ef málinu er hætta búin nú í Ed., þá muni því vera enn hættara, ef þetta frumv. verður samþ. hér.

Framsögumaður (Bjarni Jónsson): Þessu víkur öðru vísi við, en h. 1. þm. Eyf. (H. H.) hyggur. Það er beðið eftir úrslitum þess hér og mun Ed. ekki ráða hinu frumv. til lykta, fyr en þetta hér er útkljáð. Annars hefi eg ekki meira að segja um málið; það er fullrætt.

Hannes Hafstein: Eg get ekki skilið, hvernig þetta frumv. ætti að bæta fyrir hinu, þótt eg þekki ekki, hvað gerist bak við tjöldin. Og ef beðið er úrslita þessa frumv. í Ed., þá get eg ímyndað mér, að það sé einmitt vegna þess, að deildin ætli sér að fella hitt frumv., ef þetta nær fram að ganga, annars ekki.

Framsögumaður (Bjarni Jónsson): Háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) gæti getið sér til, að ekki mundi loku skotið fyrir, að sumum þætti dreginn taumur annars bankans, ef að eins annað frv. væri samþ. Til þess að girða fyrir alla grunsemd, er betra að friða menn

með báðum frumv. Annars gæti eg trúað því, að 1. þm. Eyf. (H. H.) þætti ekki ástæðulaust eftirleiðis að eyða slíkum grun.

ATKV.GR.:

Frumv. samþ. með 14:1 atkv. og afgreitt til Ed.

Ein umr., 8. maí (A. 763).

Framsögumaður (Bjarni Jónsson): Mönnum er það í minni, að á öndverðu þingi var hér skipuð nefnd til þess að ráða fram úr peningavandræðunum hér á landi. Hefir sú nefnd ýmist verið kölluð peninganefnd eða vandræðanefnd. En þau tel eg vandræðin mest, að fátt hefir fram gengið af góðum tillögum hennar, því að kunnugt er það nú orðið, að Ed. feldi í gær frumv. um kaup á hlutabréfum Íslandsbanka, þá tillöguna, sem gróðavænlegust var, og landinu hagkvæmust af tillögum nefndarinnar. Hefi eg frétt að ein lifandi »verðlagsskrá« yfir gáfur og kunnáttu manna hafi hrakyrt nefndina fyrir starf hennar. En það var honum óþarft og ofraun, því að nefndin hefir starfað vel og samvizkusamlega að sínu verki.

En um þetta mál legg eg það til, að það verði samþykt óbreytt, svo að eitthvað bjargist af starfi nefndarinnar.

ATKV.GR.:

Frumv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgreitt sem *lög frá alþingi*.

Breyting á Landsbankalögum.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum um stofnun landsbanka, 18. sept. 1885 m. m. (A. 517); 1. umr., 22. apríl.

Framsögumaður (Magnús Blöndahl): Eins og háttv. deild er kunnugt, var landsbankinn stofnaður með lögum nr. 14, 18. sept. 1885 og hefir því starfað nær fjórðung aldar.

Stjórn þessa banka var þá þannig fyrir komið, að við bankann skyldi vera 1 bankastjóri, og 2 gæzlustjórar, kosnir sinn af hvorri þingdeild. Þá þótti þetta nægilegt til þess að gæta hagsmuna landssjóðs. Má og kannske með sanni segja, að þá hafi þetta verið nóg, þar sem störf bankans voru lítil og veltufé ekki meira en $^1/_2$ milj. króna. Nú er þessu alt annan veg varið; starfsfé bankans hefir aukist stórkostlega, nemur nú frá 9—10 miljónum, og því miklu meiri þörf á fulltryggjandi fyrirkomulagi í þessa átt, þar sem störfin hafa farið sívaxandi og eru nú margfalt margbrotnari en áður. Eg hygg því, að vel mætti segja, að stjórn þessa banka sé orðin nokkuð úrelt og gamaldags, og þyrfti því endurbótar við, enda tæpast að hún geti fullnægt kröfum nútímans í þeim efnum. Af þessum ástæðum virðist oss — meiri hl. í peningamálanefndinni — að sjálfsagt væri, að tryggja eftirlitið sem allra bezt framvegis, og einmitt þess vegna er þetta frumv. komið fram. Eg þykist mega fullyrða, að þótt öll nefndin hafi ekki skrifað undir þetta frumv., þá sé hún þó sammála í öllum aðalatriðum.

Vér höfum reynt að sníða frumv. þetta eftir kröfum nútíðarinnar, og má í því efni benda á fyrirkomulag slíkra banka annarsstaðar í Skandinavíu og víðar. Í Danmörku t. d. er varla svo smár banki til, að ekki hafi hann að minsta kosti tvo bankastjóra og einn lögfræðilegan ráðunaut. Þar að auki hafa flestir þeirra fjölment bankaráð. Við þjóðbankann danska eru t. d. 5 bankastjórar, við Privatbankann 4, við Landmandsbankann 4 og 3 bankastjórar við Handelsbankann, o. s. frv. Menn kynnu nú

reyndar að segja, að ekki væri rétt að vitna til stórbankanna í þessu efni, en þá vil eg benda á það, að bankar erlendis, sem hafa miklu minna veltufé en þessi okkar banki, hafa þó alt af fleiri en einn bankastjóra, og er það talið afar nauðsynlegt. Eg gæti í því efni bent á Sydsjællands Sparebank, sem hefir 3 bankastjóra, Fyns Diskontobank, Skive Bank o. fl., sem allir hafa að minsta kosti 2 bankastjóra, auk ráðunauta og fjölmenns bankaráðs. Frv. þetta er — hvað fyrirkomulag snertir — sniðið eftir þeim útlendum bönkum, er bezt þykja trygðir. Eg skal taka það fram, að vel getur verið, að frv. þetta þyrfti breytinga í ýmsum atriðum, og mundi nefndin fúslega taka bendingum í þá átt við 2. umr. málsins.

Eg ber það traust til háttv. deildar, að hún lofi frv. þessu að ganga óhindrað til 2. umr. og skal eg svo ekki fjölyrða meira um málið að sinni.

Jón Magnússon: Eins og háttv. framsm. tók fram var ekki deilt svo mjög um það í nefndinni hvort ástæða væri til að breyta skipulagi bankastjórnarinnar. Það má vel vera, að till. meiri hlutans megi til sanns vegar færa. En það sem oss bar á milli sérstaklega, var það, að okkur minni hluta mönnum þótti ekki liggja svo mjög á þessu máli, að það mætti ekki bíða til 1911, sérstaklega þar sem lagt er til, að skipuð verði milliþinganefnd til þess að athuga peningamál landsins. Þá var minst á það í nefndinni, að sum ákvæði frv. væri ekki sem bezt orðuð, en því má vitaskuld breyta. En sem sagt, það sem fyrir minni hlutanum vakti var það, að ekki væri nein veruleg ástæða til að gera breyting nú.

Framsögumaður (Magnús Blöndahl): Eg þarf nú reyndar ekki miklu að svara því, er háttv. þm. Vestmanneyinga (J. M.) sagði. Eg tók það fram áðan, að ekki væri rétt að fara inn á einstök atriði málsins við þessa umr., mintist einnig á það, að frv. þyrfti í einstökum atriðum smábreytinga við. Þetta finst mér í sjálfu sér ekki svo ýkja merkilegt, því eftir minni hyggju eru víst fá frv. hér í þinginu þannig úr garði gerð frá fyrstu hendi, að ekki þurfi að bæta þau og breyta í ýmsu. En því verð eg að lýsa yfir, að eg tel ástæðu minni hlutans um að fresta málinu ekki á neinum verulegum rökum bygða.

Eg hygg væntanlega milliþinganefnd eiga nóg verkefni fyrir höndum, þótt frv. þetta gangi fram á þessu þingi.

Pétur Jónsson: Eg hefi ekki mikið út á efni þessa frv. að setja. Eg tek einungis undir með háttv. þm. Vestm. (J. M.) um það, að breyting á stjórn landsbankans ætti ekki að vera gerð á þessu þingi, get ekki séð að neina nauðsyn reki til þess.

Það er ekki svo að skilja, að það geti eigi verið all heppilegt fyrirkomulag á stjórn landsbankans, sem frumv. gerir ráð fyrir. En það er hitt: Nefndin ráðgerir þingsál. um milliþinganefnd, sem athugi bankamál landsins í heild. Enn fremur er frv. á ferðinni um að landssjóður kaupi hluti í Íslandsbanka, og tilgangur með því, að landssjóður nái áður langt líður yfirhönd á þeim banka líka. Svo gæti því farið, að það þætti rétt og tiltækilegt, að gera samlög einhverskonar með báðum bönkunum. Eg vil því, að breyting á stjórnarfyrirkomulagi bankans bíði þangað til fyrirhuguð milliþinganefnd hefir lokið starfi.

Eftir lögum Íslands banka eru bankastjórar þar eiginlega 3, og verði þeir nú 2 við landsbankann, þá hefir landið fengið 5 bankastjóra.

Verði nú fyrirkomulagi bankanna breytt getur svo farið, að þessi bankastjórafjöldi reynist óþarfur og þá er ver farið en heima setið. Stjórn landsbankans hefir hepnast svo vel hingað til, að enga brýna nauðsyn ber til þess að breyta henni nú, þegar bankinn að öðru leyti er nær óbreyttur.

Eg hefi ekki getað séð, að frumv. þetta flytji nokkur ný ráð til að bæta úr peningavandræðum landsmanna, sem þó átti að vera aðalatriðið og þá held eg það þyki út um land ekki heppilegt, ef það verða einu aðgerðir þingsins við bankann að bæta við einu hálaunuðu embætti.

Hannes Hafstein: Eg sé ekki betur en að staða þessa svonefnda »ráðunauts«, verði nokkuð einkennileg. Hann á ekki að vera bankamaður, heldur lögfræðingur, og hafa miklu lægri laun, en bankastjórarnir tveir. Þó hefir hann svo mikið vald, samkvæmt 4. gr. að ekki er hægt að skuldbinda bankann, gefa út né framselja víxil, önnur verðbréf eða aðrar skriflegar skuldbindingar, nema þessi ráðunautur samþykki. Það dugar ekki, þó að báðir bankastjórarnir séu á eitt sáttir, ráðunautur þessi hefir eftir þessu fullkomið »veto« gagnvart þeim, og hins vegar getur hann gert hvaða ráðstafanir sem hann vill, ef hann fær annanhvorn bankastjórann með sér. Það er að vísu ekkert á móti því, að einn af bankastjórunum sé yfirbankastjóri (chef) hafi »veto« gagnvart hinum, en að leggja slíkt vald í hendur lögfræðislegs ráðunauts bankastjórnar virðist ekki ná neinni átt.

Eftir því sem mér hefir verið frá skýrt tíðkast það fyrirkomulag við stærstu banka og peningastofnanir á Frakklandi og Englandi og víðar að einn er aðalmaður eða »chef« í bankastjórninni, en hinir bankastjórarnir ráðunautar hans og meðstjórnendur. Sé það því meining frumv. að skifta stjórnarstarfinu jafnt milli tveggja bankastjóra, er hvorugur hafi afgerandi orð, er það að minni hyggju afturför frá því sem nú er. Eg legg því til, að frv. þetta sé að minsta kosti fyrst um sinn lagt á hylluna.

Framsögumaður (Magnús Blöndahl): Það gladdi mig að heyra að háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) játar að frumv. þetta, eins og það liggur hér fyrir, gangi í rétta átt, þótt hann að öðru leyti geti ekki gefið því atkv. sitt. H. þm. gat þess, að ef keyptar yrðu 2 milj. af Íslands banka, þá mætti skoða það þannig, að báðir bankarnir væru orðnir landsins eign. Hann gat þess einnig til, að hin fyrirhugaða nefnd mundi leggja til að steypa bönkunum saman í eitt, þar sem óþarft virtist að landið ætti 2 banka með 5 bankastjórum.

Hvað fyrri aths. hans viðvíkur þá er hún alveg rétt, að svo mundi það verða í framkvæmdinni í raun og veru. En hvort hin væntanlega nefnd mundi komast að þeirri niðurstöðu að steypa bönkunum saman í einn, skal eg ekki um dæma, en ekki teldi eg það að öllu heppilegt, hvorki fyrir stofnanirnar sjálfar né landsmenn. — Annars skal eg ekki fara út í það að þessu sinni. Þm. gat enn fremur um það, að það liti allkynlega út að fjölga embættum við bankana, ef ekki bættist neitt við veltufé hans; þetta var alveg óþörf athugasemd hjá hinum hv. þm. því við framsögu málsins tók eg það fram, að frumv. væri á ferðinni þess efnis, að heimila stjórninni að taka 2 miljóna kr. lán til að hjálpa bankanum. Háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) fann ástæðu til þess að hafa móti þessu frumv. og bygði ástæður sínar

með fram á því, að ekki væri ástæða til að taka það vald af þinginu, sem það nú hefði yfir bankanum. Mér finst það ekki vera mikið vald, sem þingið missir, þegar það á eftir sem áður að kjósa eftirlitsmann eða ráðunaut til 4 ára í senn, en nú kýs það 2 gæzlustjóra, sem þó raunar hafa mjög lítið vald. Viðvíkjandi því að þingið skuli velja bankastjóra má segja margt með og móti, en hætt er við að það vald gæti orðið mislitt, eftir því sem þingið væri skipað í það og það skifti, því þó þingið hafi verið nokkurn veginn einlitt hingað til — þá er hætt við — eftir því sem flokkaskifting nú er komið, að hinar pólitisku öldur gætu ástundum risið allhátt og þannig haft miður heppileg afskifti eða áhrif á þessar aðal-peningastofnanir landsins. Enda hygg eg að engum sönnum fjármálafræðing — sem ann ættlandi sínu — blandist hugur um það, að bankarnir ættu algerlega að vera lausir við allar pólitiskar æsingar. Ætti nú þingið að ráða nokkru um stjórn bankanna í hvert sinn, er hætt við að erfitt yrði að sneiða hjá þessum pólitísku æsingum. Sami hv. þm. talaði langt mál um það, að ráðunautur bankans ætti eftir frumv. að hafa meira vald en báðir bankastjórarnir til samans. Mér þykir leiðinlegt að þurfa að fara að andmæla þessu, þar sem eg var nýbúinn að taka það fram við framsögu málsins, að ætlast væri til, að þessu verði breytt við aðra umr. Getur verið að háttv. þm. hafi verið í svo þungum hugleiðingum, að hann hafi ekki getað fylgst með í máli þessu hér í deildinni. En ekki á eg sök á því. Það sem sami þm. sagði um fyrirkomulag slíkra banka erlendis t. d. í Noregi og Englandi, að þar væri einn bankachef, þá get eg vel trúað því, að formaður Central-bankans norska hafi sagt honum það, því það kemur svo aðdáanlega vel heim við ráðríkishugsjón þess manns. Annars benti eg á fyrirkomulag danskra banka og vænti eg að hv. þm. taki mér það ekki illa upp.

Eg hefi þá ekki fleira um þetta mál að segja að sinni, hefi svarað þeim mótmælum, sem fram hafa komið, og vona að deildin taki þessu máli vel.

Hannes Hafstein: Eg heyrði að framsm. (M. Bl.) gat um einhverjar fyrirhugaðar breytingar á 4. gr., en ekki í hverju þær ættu að vera fólgnar, og hlaut eg að álíta, að nefndin meinti eitthvað með því sem í frumv. stendur. En það gleður mig, að nefndin ætlar að falla frá þessu. Framsm. vildi gera lítið úr því, að þingið misti vald yfir bankanum. Nú kýs þingið 2 gæzlustjóra, en eftir frumv. að eins einn ráðunaut. Raunar skal eg játa það, að það er ekki rýrnun á valdi þingsins, ef þessi þingkosni maður á að hafa »veto« móti báðum bankastjórunum í hverju einasta atriði daglegra starfa, en ef þessu merkilega ákvæði verður nú kipt í lag, og ráðunauturinn á að eins að hafa tillögurétt, þá er ekki mikið eftir af því valdi, er þingið lætur nú gæzlustjórana fara með. Og færi svo, að milliþinganefnd yrði skipuð til að íhuga bankamál landsins, eins og fleygt hefir verið að til standi, þá er vel hugsanlegt, að hún yrði ásátt um nýtt fyrirkomulag, sem ekki útheimti breytingu á stjórn landsbankans, frá því sem nú er. — Gæti þessi óþarfabreyting því — ef til vill — orðið til ils síðar.

Úr því eg stóð upp, þá vil eg leyfa mér að taka það fram, að ekki væri vanþörf á að athuga, hvernig þau launakjör eru í raun og veru, sem farið er fram á að veita þessum fyrirhuguðu nýju bankastjórum meiri hlutans. —

Föst laun eiga eftir 5. gr. að vera 4000 kr., en auk þess eiga þeir að fá — ásamt ráðunaut — 10% í svo nefndri »gróða-hlutdeild« af því sem afgangs verður að greiddum 1% af seðlaskuld bankans í landssjóð, 1% í húsnæðissjóð, og 2% í varasjóð. Þetta er nú að vísu herfilega orðað, en eg geng út frá því, að hér sé átt við »tantieme« af arði en ekki »prósentur« af veltufé né varasjóði, og að átt sé við byggingarsjóðinn þar sem nefndur er húsnæðissjóður, og meiningin er þá að þeir fái 10% af öllum arði, þegar frá er búið að draga 4% af 750 þúsund krónum frá arðinum. Til samanburðar skal eg geta þess, að eftir reglugerð Íslands banka fær bankastjórnin í »tantieme« 5% af arði, eftir að búið er fyrst að draga frá honum 4% af hlutafénu, sem nú er 3 miljónir, og síðar 20% af arðinum til landssjóðs og varasjóðs. Þrátt fyrir þennan frádrátt allan, verður þar all-álitleg gróða-hlutdeild, og aukist nú starfsfé landsbankans um 2 miljónir, eins og við er búið, gæti 10% af arðinum að frádregnum einum 4% af seðlafúlgunni orðið allálitleg upphæð. Verði málið ekki felt strax, held eg að ekki væri vanþörf á, að athuga þetta atriði nánar til 2. umr.

Framsögumaður (Magnús Blöndahl): Háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) sagðist ekki hafa heyrt, hverjar breyt. eg hefði viljað gera við 4. gr. Það er satt, eg tók það ekki fram, en það kom af því, að eg áleit, að eg samkvæmt þingsköpunum ekki hefði heimild til þess en ekki af því, að mér væri ekki ljóst hverjar breyt.till. eg ætlaði mér að koma með.

Viðvíkjandi því, sem hv. 1. þm. Eyf. (H. H.) sagði um gróðahlutdeild bankastjóranna, að hún mundi geta farið fram úr hófi, þá vil eg taka það fram, að miði maður við síðasta reikning bankans, mundi gróðahlutdeildin ekki hlaupa hátt. Annars átti eg sízt von á slíkri athugasemd frá þessum háttv. þm., sem sjálfur hefir setið í hæstlaunaða embætti þessa lands. Eg ímynda mér því, að honum mundi ekki þykja það of hátt, ef hann ætti hlut að máli og eg vona að hann kannist við það, að óhyggilegt sé, að launa ekki sæmilega menn í jafn ábyrgðarmikilli stöðu, þó ekki væri af öðrum ástæðum en þeim, að ekki mundi verða hægt að halda nokkrum manni, sem verulegt gagn væri að, því aðrar stofnanir mundu róa að því öllum árum, að fá hann í sína þjónustu. Verð að halda því fast fram, að það sé ekki heppilegt fyrir landið.

Jón Magnússon: Eg hafði hugsað mér að koma ekki inn á aðalefni málsins. En það var eitt atriði hjá hinum háttv. framsm. (M. Bl.), sem kom mér til að segja fáein orð. Hinn háttv. framsögumaður áleit að það væri óheppilegt, að þingið veldi bankastjórana. Eftir þeirri reynslu, sem hingað til hefir fengist, er ekki hægt annað að segja, en það hafi hepnast mjög vel, og ekki hægt annað að segja, en að þingið hafi farið mjög viturlega með vald sitt. Þar sem háttv. framsm. talaði um, að ekki mætti koma inn á einstök atriði við 1. umr., þá er það af því, að hann er ekki vanur þingsetu. Það liggur í augum uppi, að mörg mál eru svoleiðis vaxin, að ekki er hægt um þau að tala, nema að koma inn á einstök atriði, enda hefir slíkt alt af verið látið óátalið, að minsta kosti öll þau ár, sem eg hefi setið á þingi.

Framsögumaður (Magnús Blöndahl): Eg hefi aldrei annað sagt, en að þing-

inu hafi tekist vel með valið á gæzlustjórunum, ekki sagt eitt einasta orð í þá átt að lasta þá. Með frumv. þessu höfum vér meiri hlutinn viljað fyrirbyggja það, að bankastjórarnir og bankinn sjálfur gæti orðið nokkurs konar leikknöttur milli flokkanna á þingi í hvert sinn, og vænti eg, að jafn skýr og glöggur maður sem hv. þm. Vestm. (J. M.) er, verði mér samdóma í því efni.

Eg skal ekki fara að deila um þingsköpin við háttv. þm., né hæla mér fyrir að eg sé »þingvanur«, eins og hann sagði, en hitt er mér þó ljóst, að þingsköpin hafi verið til þess sett, að farið yrði eftir þeim, en ekki til þess, að vera sem dauður bókstafur, er þm. ekki þyrftu að breyta eftir.

Jón Ólafsson: Herra forseti. — Þá er byrja skal nýtt fyrirtæki, er sjálfsagt að hugleiða, hvert fyrirkomulag muni vera allra bezt. En er um gamlar stofnanir er að ræða, sem vel hafa reynst og blómgast, þá er jafnsjálfsagt að gera ekki að raunarlausu breytingar frá því sem er, ekki fyrri en reynslan sýnir, að eitthvað sé að, svo að breytinga sé þörf.

Þessa gullnu reglu játa allir hyggnir menn.

En heimfærum hana nú upp á mál það, sem hér liggur fyrir. Landsbankinn hefir nú staðið fjórðung aldar. Hann hefir blómgast vel, grætt fé, gagnað landsmönnum og aldrei beðið nokkurt tjón, sem teljandi sé.

Fyrirkomulag hans hefir reynst vel. Reynsla liðins tíma gefur enga minstu átyllu til þeirra breytinga, sem hér er fram á farið um stjórn bankans.

Bankastjórnin hefir ekki kvartað um, að hún kæmist ekki yfir störfin, og eg vil fullyrða það, að þótt fjármagn bankans yxi að stórum mun, þá aukast ekki störf bankastjórnarinnar að sama skapi.

Eg á eftir enn að heyra nokkrar gildar ástæður fyrir því, að gera stjórn bankans miklu kostnaðarsamari en áður, og bíð eg átekta að fá að heyra þau rök framflutt hér í salnum, því að einhver gild ástæða, sem frá má skýra, hlýtur að hafa komið þessu á stað.

Skúli Thoroddsen: Eg stend að eins upp til þess að segja fáin orð um málið, sem eg mun styðja með atkvæði mínu, þar sem eg álít það heppilegt. Gæzlustjórar bankans eru, eins og kunnugt er, að eins til viðtals í bankanum eina klukkustund á dag, og er það of stuttur viðtalstími, þar sem afar mörgu er að sinna. Hinn tímann, sem útlán eru veitt, er bankastjórinn einn viðstaddur, og er það alt of lítil trygging fyrir landið, að einn maður sinni jafnvandasömu starfi, sem störf bankastjórnarinnar eru. Laun gæzlustjóranna eru of lág til þess að til meiri starfa sé af þeim að vænta, en nú inna þeir af hendi. Borgun sú, er þeir fá fyrir starfa sinn, er og að eins 750 kr. Ekki er heldur hægt að búast við, að fyrir svo lágt kaup sé jafnan völ manna, sem hafa bankafróðleik, eða eru sérfróðir, að því er til bankastarfa kemur, og því má vænta þess, að meira fjör og líf færist í bankann, ef frumv. verður samþ.. með því fyrirkomulagi, sem þar er gert ráð fyrir, eða að bankinn verði ekki eins staður, eins og verið hefir.

Núverandi bankastjóri er og orðinn háaldraður maður, kominn á áttræðisaldur og er því eðlilegast að breyting þessi komist á sem fyrst, en sé als ekki frestað til næsta þings.

Að lokum vil eg benda á það, að eftirlaunaákvæði frumv. virðast eigi geta náð til núverandi bankastjóra, og þyrfti því að gera breyt.till. við frumv. í þá átt, að honum yrði einungis veitt

sæmileg eftirlaun fái hann lausn frá starfi sínu.

ATKV.GR.:

Frv. visað til 2. umr. með 13 atkv. gegn 5.

Önnur umr., 24. apríl (A. 517, 579, 584, 609).

Framsögumaður (Magnús Blöndahl): Herra forseti! Eg gat þess við 1. umr. þessa máls með hve miklu vinnufé banki þessi hefði verið stofnaður. Landssjóður lánaði honum 1/2 miljón króna. Eg mintist einnig á það, að svo hefði verið litið á, að stjórnarfyrirkomulag bankans hefði þá einnig þótt nægilega trygt frá hálfu löggjafarvalds og stjórnar. Eg gat um þetta þá, að svona hefði verið, en eins og allir vita, hefir bankinn tekið stórkostlegum breytingum og framförum í seinni tíð, svo þetta horfir alt öðruvísi við nú, þegar starfsfé er orðið nærfelt 9 milj. kr. og störf bankans hafa aukist og margfaldast að sama skapi. Það sem því fyrir 24 árum gat verið í alla staði fullnægjandi er nú orðið úrelt og því sjálfsagt að breyta. Stjórn þessa banka þarf að koma þannig fyrir nú þegar, að engin ástæða sé fyrir neinn að láta þau ummæli heyrast eptir sér, að þessi stofnun, sem er eign landsins og landsstjórnin ber ábyrgð á, sé ekki fulltryggilega fyrir komið. Þetta frumv., sem hér liggur fyrir, fer í þá átt; raunar var því fundið ýmislegt til foráttu um daginn, einkum í einstökum atriðum þess; þess vegna hefir nefndin leyft sér að koma með ýmsar breyt.till. til bóta við frumv. Þannig leggjum vér til, að 4. gr. orðist öðruvísi og sömuleiðis kveðum vér nánar á um afstöðu ráðunautsins gagnvart bankastjórunum og væntum það geti ekki valdið neinum misskilningi, eins og það nú er orðað.

Þá kemur breyt.till. við 5. gr., að í staðinn fyrir 2/5 komi 1/5. Höfum vér breytt þessu sérstaklega vegna þess, að féhirðir gat ella verið kominn upp í hámark launanna á miðju ári, en hann getur kallast burt eins og hver annar, og þá er ekkert upp á að hlaupa fyrir eftirmann hans. Þá koma hinar aðrar breytingar við 5. gr. Vona eg, að þeir sem áður hafa látið ónægju sína í ljósi verði nú ánægðir með þessar breytingar. Það kom ljóst fram um daginn, að með þeim ákvæðum, sem notuð voru um laun bankastjórans gætu þau farið upp úr öllu hófi, en með þessu ákvæði, sem hér er sett inn í 5. gr. er því slegið föstu, að þau eigi geti farið fram úr 6500 kr. Þá kemur viðaukatill. um að bæta aftan við 5. gr. ákvæði um eftirlaun hins núverandi bankastjóra, að þau skuli vera 3000 kr. Maður þessi, sem hér er um að ræða, er víst af flestum talinn þess verður, að honum sé sómi sýndur, ef hann lætur af störfum í landsins þarfir. — Hann hefir, sem kunnugt er, mikið af æfi sinni slitið sér út í þjónustu landsins, og vænti eg því að engin landsmanna telji eftir honum eftirlaun þau, er honum kynnu að verða ætluð.

Sökum þess, hve orðið er áliðið, vil eg eigi fjölyrða meira um þetta að sinni, en vona, að háttv. þm. leyfi frumv. þessu að ganga gegnum deildina og samþykki það. Eg verð þó áður en eg lýk máli mínu, að geta þess, sem mér láðist, viðvíkjandi br.-till. um að fella burtu síðustu málsgr. 5. gr., (á þingskj. 584), að eg þykist vel skilja, hvers vegna þessi br.till. er fram komin. Mun höfundur hennar bera hana fram til þess að koma í veg fyrir að bankastjórinn fengi nokkur eftirlaun. Vil eg eigi fara frekar út í þetta að sinni, en vona að háttv.

deild felli þessa br.till. og lofi máli þessu að ganga til 3. umr.

Jón Magnússon: Eg hefi raunar ekki frekara að segja, en eg sagði við 1. umr. þessa máls. Minni hluti nefndarinnar álítur enn, að ekkert liggi á að gera breytingu á stjórn bankans á þessu þingi, minni hlutinn ber fult traust til hinnar núverandi bankastjórnar. Í henni sitja þeir menn, að örðugt verður að fá hæfari, og þeir hafa stjórnað bankanum yfirleitt þannig, að ekki er ástæða að að finna; verkin sýna merkin, því að það er ómögulegt að segja annað en að bankinn hafi blómgast undir stjórn þessara manna. Annars ætla eg eigi að fara lengra út í þetta mál, en skal geta þess viðvíkjandi breyt.till., að eg álít þær flestar til bóta. Að því leyti er snertir það atriði, að eitt ákvæði í lagafrumv. er prentað með breyttu letri, þá vil eg benda á það að slikt er óvenjulegt, og að mér virðist, eins og hér á stendur, óþarft.

Viðvíkjandi stjórn bankans skal eg geta þess, að mér þykir hinum lögfræðislega ráðunaut ætluð of há laun, og efast eigi um að fá má fullhæfan mann, þótt launin væru ákveðin lægri, og jafnvel spursmál, hvort nauðsynlegt sé að hafa nema tvo bankastjóra. Þá er í breyt.till. við 5. gr. talað um, að eigi megi aukalaun bankastjóra og ráðunauts fara upp úr 2500 kr. Virðist mér efamál, hvort þetta sé alveg rétt að setja hámarkið svona lágt; eftir því gæti laun bankastjóra varla farið upp úr 5000 kr. Hygg eg þó, að bankastjóra sé ekkert oflaunað með kr. 6000. Enn er eitt, sem kannske getur verið athugavert við þetta ákvæði, að ekkert er sagt um, hvernig skipta eigi þessum 2500 kr. milli bankastjóranna og ráðunauts, en það liggur í augum uppi, að ráðunautur getur eigi fengið jafnt á við bankastjórana af aukalaunaupphæðinni. Að minsta kosti er slikt óréttlátt.

Sigurður Sigurðsson: Eg vil leyfa mér að gera örstutta grein fyrir breyt.-till. á þingskj. 579.

Þegar 5. gr. frumv. er athuguð sést, að bankastjórunum eru ætluð 4000 kr. laun, og auk þess 10% af gróðahlutdeild bankans, er frá hafa verið dregin 2% í varasjóð, 1% í húsnæðissjóð og 1% til borgunar í seðlaskuld bankans í landssjóð, en þó svo að upphæð þessi eigi megi fara fram úr 2500 kr. til hvers af þessum mönnum, eftir því sem eg skil ákvæðið í 5. gr. Verður þá hámark launanna 6500 kr. Þetta mætti annars þykja sæmileg laun og óþarfi við að bæta. En svo eiga þeir og að fá eftirlaun, alt að helmingi hinna föstu launa. Sökum þess, hve vel launað þetta starf er, virðist mér tæpast ástæða til að ætla þessum mönnum eftirlaun. Og dálitið varhugavert virðist mér slíkt, er alstaðar láta til sín heyrast raddir um afnám eftirlauna í landinu. Í þingbyrjun kom og fram tillaga um afnám allra eftirlauna hér, en þeirri tillögu var vísað til sambandslaganefndarinnar. Tillagan þótti eigi frambærileg, eins og hún kom fram fyrst. — En þetta sýnir samt vilja bæði þings og þjóðar í þessu máli. Þegar gerð verður breyting á stjórnarskránni, sem vonandi eigi verður langt að bíða, mun þá tekið upp ákvæði, er fari í þá átt, að öll eftirlaun megi afnema með einföldum lögum. Virðist þá meiningarlítið að koma með tillögu um að veita hálaunuðum mönnum eftirlaun, eins og farið er fram á í frv. Það er að minsta kosti ekki í samræmi við framkominn vilja þjóðarinnar í þessu máli á undanförinni tíð. Að endingu vil eg geta þess, að eg er algerlega sammála háttv. þm. Vestm.

(J. M.) um, að laun hins lögfræðislega ráðunauts séu sett of há, einkum ef það er meiningin að hann fái jafnan hluta af gróða bankans og bankastjórarnir.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Það var eiginlega ræða 2. þm. Árn. (S. S.), sem kom mér til að standa upp, eða það í henni, þar sem hann talaði um eftirlaunin. Eg sannfærðist af þeim ummælum um það, að hinn háttv. þm. er ekki innvígður í »insta hringnum« í sínum flokki, svo að honum er ókunnugt um það, sem fram fer þar bak við tjöldin. Annars hefði hann sjálfsagt eigi haldið þessa ræðu, því að þetta frumv. er eingöngu búið til vegna eftirlaunanna. Eg veit að háttv. meiri hluti viðurkennir ekki síður en vér hinir og allir skynbærir menn, að þegar um gamla rótgróna stofnun er að ræða, þá er vel hefir blómgast, þá er það gullin regla, að hagga ekki fyrirkomulagi hennar eða breyta, nema að svo miklu leyti og þá fyrst, er reynslan hefir sýnt, að fyrirkomulaginu sé í einhverju áfátt. Landsbankinn hefir staðið síðan 1885. Hann hefir blómgast ágætlega, grætt stórfé á hverju ári, safnað álitlegum viðlagasjóði og aldrei beðið neitt tjón sem teljandi sé, eða vert er að nefna. Ástæðan til þeirra breytinga, sem nú er farið fram á, liggur því als ekki í ásigkomulagi stofnunarinnar sjálfrar; reynslan hefir ekkert tilefni til þeirra gefið. Ástæðan liggur alt annarstaðar, og eg sé ekki að eg rjúfi neitt leyndarmál með því að nefna hana, því að allir hér inni vita, hver hún er. Ástæðan er sú ein, að það verður að búa til hálaunað starf til að verðlauna verðleika eins mikilmennis þessa lands. Maðurinn er háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.), sem á að verða bankastjóri. (*Magnús Blöndahl:* Hvernig veit þm. það?) Eitt af flokksblöðum meiri hlutans varð svo opinskátt í vetur að gloppa þessu út úr sér. (*Magnús Blöndahl*: Eg man eigi til að eg hafi lesið það í blöðum nema ef vera skyldi í »Reykjavíkinni«). Ónei! það getur vel verið; það stóð nefnilega bara í »Fjallkonunni«, sem fáir lesa. En eitt ráð vildi eg gefa vorri nýju stjórn, og það er, að áður en hún útnefnir mann þennan til bankastjóra, þá sendi hún hann í nokkra tíma til mín (eg skal ekkert fyrir það taka) svo að hann geti lært hjá mér, hvað forgangshlutabréf og önnur fleiri algeng viðskiftaorð þýða, sem miklu viðkunnanlegra er að bankastjóri skilji. Það er óviðkunnanlegt, að hann þurfi oft að verða sér til minkunar fyrir vanþekkingu á slíku, eins og hann hefir orðið hér í deildinni í dag og í fyrradag. Eg veit, að hinn háttv. þm. muni taka þessari fræðslu af minni hendi feginsamlega, því þó að hann legði ekki mikið upp úr orðum mínum í dag hér í deildinni, þá hefir hann þó áður verið þakklátur lærisveinn minn, því að það fyrsta sem hann gerði, þegar Gullbringumenn og Kjósaringar höfðu rifið hann upp úr svelli og sent á þing, var að leita til mín, og fá hjá mér kenslustundir eina og tvær á dag í heilan vetur til að reyna að læra að verða þingmaður. Og þó að eg hvorki hafi haft ánægju eða sóma af lærisveini mínum, verð eg þó að játa, að hann sýndi alla viðleitni til að læra; en eg verð að ætla, að það hafi ekki verið kenslunni, heldur gáfnafari þm. að kenna, hve lítinn ávöxt hún bar. En þá er nú á að líta, hverjir eru þeir verðleikar þessa þm., sem á að verðlauna með frv. þessu? Eru það þingmannsafrek hans? Ekki getur það verið, því að allir vita, að aldrei hefir orð af viti komið úr þeim belg, nema þá að því hafi áður verið í hann spýtt,

af honum skynugri mönnum. Ef litið er yfir þingferil hans, þá liggur ekkert nýtilegt starf eftir hann hér á þingi; ekkert framfaramál, sem nokkru máli skiftir, er kent við hans nafn — utan eitt. Það er eitt mál, sem hann bar hér fram á þingi og framfaramál má heita, og gekk það síðar fram á þingi og varð að lögum, og á því máli hefir hann lifað síðan sem þingmaður. Þetta mál er frumv. um heimuglegar kosningar til alþingis, og hefir hann talið það sitt verk. En hvert orð, hverja setning, hverja hugsun í því frumvarpi samdi eg fyrir hann, og ekki að eins samdi, heldur og skrifaði, svo að þm. hafði ei annað fyrir því, en að kaupa mann út í bæ til að afskrifa það, svo að hönd mín skyldi eigi þekkjast í prentsmiðjunni. Þetta er alt sannanlegt og vottanlegt.

Svo vildi þm. prenta þetta frumv. í Tímariti Bókmentafélagsins og láta því fylgja ritgerð til að rökstyðja það. Þá ritgerð samdi eg fyrir hann, og hafði hann ekki einu sinni fyrir því að láta afskrifa hana, en bað mig að eins að setja undir hana »Alþingismaður«, því að það var hann þá, en eg ekki. Eg veit ekki einu sinni, hvort hann hefir lesið hana fyr en hann sá hana á prenti. Með þessum lánsfjöðrum flaug hann í þessu máli. Þegar eg nú hefi skýrt frá þessu, vona eg að þingdeildin sjái, að það eru ekki þingmenskuhæfileikar hans, sem ástæða er til að verðlauna, því að annað gagnsamlegt en þetta liggur ekki eftir manninn. Hann er jafn tánýtur þm. og hann er óhæfilegur til bankastjóra, því að til þeirra starfa skortir hann hvern einasta hæfileika; en fyrir hvað á þá að verðlauna þessu afarmenni?

Sannmælis vil eg unna honum, og verð að játa að í einu hefir hann verið nýtur maður: Hann hefir verið nýtur flokksmaður. Ekki í þeim skilningi þó, að hann hafi nokkurn tíma lagt nokkurn andlegan skerf til þarfa flokks síns, en hann á stóra peningabuddu, og hefir opnað hana örlátlega til flokksþarfa. Þetta er það, sem hér á að fara að verðlauna. Eg legg áherzlu á það, að með þessu frumv. er farið að innleiða nýja frumreglu í löggjöf landsins, þá frumreglu, að hver sá flokkur, sem ofan á verður við kosningar til alþingis, skuli nota atkvæðamagn sitt á þingi til þess að láta landssjóð endurgjalda sér kostnaðinn, sem hann hefir haft við kosningarnar. En eins og eg hefi áður ávikið, og eins og allir vita, sem manninn þekkja, þá er hann gersamlega óhæfilegur til að vinna nokkuð starf í bankans þarfir, ekki einu sinni að skrifa einfalt sendibréf. Hann verður þar til einskis nýtilegs notaður nema til að hirða bankastjóralaunin, og hve nær sem sú stjórn kemur aftur að völdum, sem lítur á hag bankans og þarfir hans, en ekki á launaþörf þessa manns, þá getur hún ekkert annað við hann gert, en að víkja honum þegar í stað frá störfunum. Og vonandi verður þess tíma ekki alt of langt að bíða. En þá koma sér vel eftirlaunin, og nú vona eg, að háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) og öllum öðrum sé það ljóst, að þetta frv. er einkum og aðallega orðið til vegna eftirlaunanna.

Framsögumaður (Magnús Blöndahl): Eg get ekki látið þau ummæli háttv. þm. Vestm. (J. M.) mótmælalaus, að ekki liggi á að koma á þessum breytingum. Hann benti á, að þetta væri hlutverk milliþinganefndar, en hinn háttv. þm. verður nú að fyrirgefa, þótt ekki séu allir þar sömu skoðunar og hann; enda veit eg að

hann gerir það, hann er svo sanngjarn maður.

Eg þóttist rökstyðja með skýrum orðum í fyrri ræðum minum um þetta mál, að ekki væri rétt að fresta breytingu þeirri á stjórn bankans, eins og hér er til ætlast, og mintist þá einnig á væntanlegt hlutverk milliþinganefndarinnar, og læt mér því nægja að vísa til þess.

Sami h. þm. (J. M.) tók það einnig fram, að bankinn hefði blómgast á þessu tímabili og hefði gert eins mikið gagn og heimtað yrði. Mér dettur ekki í hug að mótmæla þessu, það er langt í frá; enda hefir ekkert mér vitanlega gefið tilefni til þessara ummæla hins háttv. þm. Eg veit ekki til þess, að nokkur hafi borið brigður á þetta.

Það gladdi mig sannarlega, er hinn háttv. þm. Vestm. (J. M.) játaði, að töluverð bót væri að breyt.till. Þó skildi hann ekki, hvers vegna ein lína í 4. gr. var með breyttu letri. Eg skal geta þess, að þetta stafar að eins af athugaleysi í prentsmiðjunni, er mætti laga við 3. umr.

Þá virtist hinn háttv. þm. ekki skilja launaupphæð bankastjórans, hvernig henni væri háttað. Þessu þarf eg að vísu ekki að svara; eg gat þess við 1. umr. þessa máls, að það væri girt fyrir, að launin yrðu hærri en þetta.

Reyndar skal eg játa, að þetta ákvæði mætti orða enn þá skýrara, og eg efast ekki um, að háttv. þm. Vestm. (J. M.) ljái þar til lið sitt og hjálpi til að gera ákvæðið svo úr garði, að það geti engum misskilningi valdið. Eg treysti honum vel til að semja slíka breyt.till., jafnvel þótt hann vilji ekki bera hana fram.

Háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) gat þess, að þessi starfi væri svo vel launaður, að óþarft væri að ætlast til eftirlauna.

Þetta er þó ekki als kostar rétt, því að þeir sem til þekkja játa, að þótt farið sé fram á alt að 6500 kr., þá er það ekki gífurleg upphæð fyrir slíkan starfa.

Menn hljóta líka að sjá það, að það væri mjög skaðlegt, að nema þessi laun svo mjög við nögl sér, ef góður maður væri í boði; það mundi verða til þess, að ekki fengist hæfur maður í þessa stöðu stundinni lengur. En staðan er ábyrgðarmikil, eins og öllum mun ljóst, og sízt mundi það mega teljast með sparnaði að setja launin svo lág, að vel hæfir menn vildu ekki keppa um hana.

Það stendur heldur ekki að veita skuli þessi umtöluðu eftirlaun, heldur er að eins heimild gefin til þess, ef bankastjórnin ræður til þess.

Háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) fann ástæðu til að standa upp áðan, en eg gat nú ekki tekið sumt af orðum hans öðruvísi en þau væru í spaugi töluð, fremur en í alvöru; reyndar mætti segja, að slíkt spaug væri helzt til óþinglegt, og sómdi sér ekki á alþingi Íslendinga. Eg skal þó ekki blanda mér inn í harðyrði þau, er þingm. lét falla í garð 1. þm. G.-K. (B. K.). Eg veit hann muni svara fyrir sig ef hann álítur þess þörf.

Sama háttv. þm. (J. Ó.) fórust orð á þá leið, hvort 2. þm. Árn. (S. S.) vissi ekki, að frumv. væri tilorðið eingöngu vegna eftirlaunanna. Hefir hinn háttv. þm. nokkra ástæðu til að kasta slíku fram? Nei, þetta eru alveg óforsvaranleg orð. Og hverju mundi hinn háttv. þm. svara, ef því væri dróttað að honum, að það væri af eigingjörnum hvötum og ekki öðru, ef hann gengist fyrir einhverju því fyrirtæki, er fjárframlag þyrfti til? Eða hann fengi bitling eða launaða stöðu. Þessi um-

mæli hins háttv. þm. stafa ef til vill af því, að honum hefir einmitt verið svo oft borið slíkt á brýn sjálfum, hvort sem það hefir nú verið að verðleikum eða ekki — það skal eg láta ósagt. (*Jón Ólafsson:* Það hefi eg aldrei heyrt). Ef hinn háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) hefir ekki heyrt það, þá hafa þó margir aðrir heyrt það. Það fer því ekki vel á því, að hann geri mönnum slíkar getsakir; það hefði farið betur á því, að þær hefðu komið úr annari átt.

Þá sagði þessi margnefndi háttv. þm. (J. Ó.), að það væri als ekki sannað, að ekki væri þörf á breytingum (á lögum bankans). En í sömu andránni segir hann: »Það er engin þörf á breytingum á meðan alt gengur vel«. Hann hafði tekið upp það, sem háttv. þm. Vestm. (J. M.) sagði, að bankinn hefði blómgast vel undir núverandi stjórn.

Eg skal nú leyfa mér að endurtaka það, sem eg svaraði áðan orðum hins háttv. þm. Vestm. (J. M.):

Eg veit ekki til, að nokkur maður hafi minst á þetta atriði, það hefir víst enginn efast um, að alt hafi gengið vel.

En er það þá meining hins háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) að tryggja þá fyrst stjórn þessarar stofnunar, þegar í óefni er komið?

Það líkist ekki þeim fjármálagarpi, er hinn háttv. þm. eflaust þykist vera, að vilja ekki ráða bót á hlutunum, fyr en í óefni er komið (*Jón Ólafsson:* Það má nú fyr gera það, en í óefni er komið), eða byrgja ekki brunninn, fyr en barnið er dottið ofan í hann.

Það eru óviðurkvæmileg orð hjá h. háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.), sem hann talaði í garð eins þingdm., sem fjarstaddur var. Hann hefði að minsta kosti getað óskað þess, að hann kæmi inn. Hann kvaðst hafa séð í blaði að sá háttv. þm. ætti að verða bankastjóri. Eg heyri það nú í fyrsta sinn. (*Jón Ólafsson:* Það er í »Fjallkonunni«). Eg minnist ekki að hafa lesið það í »Fjallkonunni«. En þegar eg gæti betur að, held eg að eitthvað hafi verið sagt í þessa átt í einu alþektu sorpblaði hér í Reykjavík, en það blað lesa víst fáir eða taka trúanlegt sem í því stendur. Og eg vil minna jafnfróðan mann um blaðaútgáfu, sem háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) er, á það, að hann má bezt vita sjálfur, að ekki er alt sannleikur, sem í blöðunum stendur. Eg skal ekki fara lengra út í það, en er þess þó albúinn, ef þm. óskar. Eg skal þó geta þess, að í »Lögréttu«, sem eg annars les þó ekki, en sá hér í þingsalnum, stendur það, að háttv. þm. Dal. (B. J.) eigi að verða verzlunarráðunautur í útlöndum. Eg hafði nú búist við, að ritstjórn þess blaðs væri vandari að virðingu sinni en svo, að hún léti blaðið hlaupa með jafnstaðlaust fleipur; get því hugsað mér að þetta — eins og svo margt fleira — hafi komist í blaðið án vitundar og vilja ritnefndarinnar, því ef svo væri ekki, mætti hún bera kinnroða fyrir.

Eg endurtek það af nýju, að jafn ástæðulaus ummæli, sem háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) viðhafði í garð fjarverandi þingdm.. eru vægast töluð óforsvaranleg. Ef hann vill koma frumv. á kné, þá vinnur hann ekki á með slíku. Til þess þarf hann að færa veigameiri ástæður.

Eg skal ekki orðlengja frekar um þetta að svo stöddu, en ef háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) stendur upp aftur, er eg albúinn að herða betur að náragjörðinni.

ATKV.GR.:

1. gr. frumv. sþ með 14:4 atkv.
2. — — — — 14 shlj. atkv.
3. — — — — 14 — —

1. brt. n. á þskj. 609 við 4. gr. sþ. með 15 shlj. atkv., 4. gr. þar með fallin.

2. brt. n. á þskj. 609 við 5. gr. sþ. með 14 shlj. atkv.

3. brt. n. á þskj. 609 við 5. gr. sþ. með 14 shlj. atkv.

4. brt. n. á þskj. 609 við 5. gr. sþ. með 14 shlj. atkv.

Brt. á þskj. 579 við 5. gr. sþ. með 12 : 8 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Ben. Sveinsson,	Bjarni Jónsson,
Björn Sigfússon,	Björn Jónsson,
Björn Þorláksson,	Björn Kristjánsson,
Eggert Pálsson,	Hannes Hafstein,
Hálfdan Guðjónss.,	Jón Magnússon,
Jón Sigurðsson,	Jón Þorkelsson,
Ólafur Briem,	Magnús Blöndahl,
Sig. Gunnarsson,	Skúli Thoroddsen,
Sig. Sigurðsson,	
Stefán Stefánsson,	
Þorleifur Jónsson.	

Jón Ólafsson greiddi ekki atkv. og telst með meiri hlutanum.

5 þm. voru fjarverandi.

Brt. á þgskj. 584 tekin aftur.

5. brt. á þskj. 609 tekin aftur.

5. gr. þannig breytt sþ. með 14 shlj. atkv.

6.—8. gr. frv. óbreyttar sþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögnin talin sþ. án atkv.gr.

Frumv. vísað til 3. umr. með 15:5 atkv.

Þriðja umr., 26. apríl. (A. 623, 631, 634).

Framsögumaður (Magnús Blöndahl): Eg skal ekki fara mörgum orðum um þetta frumv. Háttv. deild hefir tekið því vel. Skal að eins leyfa mér, að benda á breyt.till. á þingskj. 631 — sem eg vona, að sé til bóta frá því, sem áður var. Með þessu held eg að sé komið í veg fyrir, að hægt sé, að misskilja það á nokkurn hátt. Þá er viðaukatill. á þingskj. 634, og mælir hún með sér sjálf. Vona, að deildin taki frumv. vel, og samþykki bæði breyt.till. og viðaukatill. — og að síðustu frumv. í heild sinni.

Sigurður Sigurðsson: Eg vil að eins stuttlega gera grein fyrir atkvæði mínu viðvíkjandi viðaukatill. á þskj. 634. Eg verð að lýsa yfir því, að eg get ekki greitt atkvæði með henni. — Ekki svo að skilja, að núverandi bankastjóri eigi ekki eftirlaun skilið, heldur af því, að mér finst það ekki eiga við, að hnýta eftirlauna-ákvæðum viðvíkjandi honum inn í þetta frumv. Mér getur ekki dulist, að svo muni litið á, að í því felist, — segi alls ekki, að það sé svo, — bending fyrir manninn að segja af sér starfinu, en það verð eg að álíta, að sé í alla staði óviðeigandi. Eg álít, að nægur tími sé til að ákveða eftirlaun fyrir þennan mann, þegar hann segir þessum starfa lausum, og mun eg því sem sagt greiða atkvæði á móti þessari breyt.-till., sem ræðir um eftirlaun handa núverandi bankastjóra.

Framsögumaður (Magnús Blöndahl): Eg skal játa það, að eg bjóst við, að hvellur gæti orðið út af þessari tillögu á þingskj. 634, enda lítur út fyrir, að svo ætli að verða. Mér þykir leitt, hvernig háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) er haldinn. Það er eins og hann megi ekki sjá, að mikið og gott starf sé metið að verðleikum. Vitanlega skal eg viðurkenna, að deila má um það, hvort þetta ákvæði eigi að standa í þessum lögum, en að það sé hin minsta bending fyrir núverandi bankastjóra til að segja af sér, því mótmæli eg fyrir mína og nefndarinnar hönd, sem algerlega sagt út í bláinn. —

Annars litur út fyrir, að háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) hafi lesið frv. þetta eins og sagt er, að ein viss »persóna« lesi biblíuna, því ef hann les frumv. rækilega, þá trúi eg ekki öðru, en að hann átti sig betur á málinu.

Pétur Jónsson: Eg vildi að eins vekja athygli á því, að það má sannarlega kallast merkisdagur í dag. — Eins og kunnugt er þá byrjaði þingið með þeim hug, að fara spart með fé landsins. Þess vegna tel eg þennan dag merkilegan, þar sem samþykt hafa verið á þessu þingi háskólalögin, sem þó hafa í för með sér mjög mikil útgjöld fyrir landið og læknafjölgun og nú síðast tvö eftirlauna-embætti. Eg held við það, sem eg benti á um daginn, að mér finst engin nauðsyn reka til þess að breyta um fyrirkomulag bankans á meðan starfsfé hans ekki er meira en nú er. Þetta fyrirkomulag, sem nú er hefir gefist vel, og það mun ekki standa bankanum fyrir þrifum, að hann fái ekki næga hæfa menn í sína þjónustu með þessu fyrirkomulagi, sem nú er.

Einar Jónsson: Jafnframt og eg leitast við, að hafa sem mest gagn af öllu því, sem fram fer í þinginu og kynna mér það, sem fyrirliggur eftir föngum, þá er eg einnig svoleiðis gerður, að eg hef gaman af ýmsum setningum, sem falla hér í deildinni, ýmist vegna þess, að þær eru smellnar, ýmist vegna þess, að þær eru klaufalegar. Það, sem hér hefir komið fram hjá háttv. 2. þm. Rvk. (M. Bl.) skoða eg ekki smellið, heldur mjög klaufalegt. Hann er mjög valdalegur að ráðleggja þingmönnum og sagði, að þeir ættu, að kynna sér frv., áður en þeir ræddu um þau. Þetta er nú að vísu satt, en það er kemur til þessa frumv., þá þarf þess ekki með, að kynna sér alt frumv., því eg segi fyrir mitt leyti, að mér er alveg nóg, að lesa 1. gr. til þess að vera ákveðinn í því, að greiða atkvæði á móti frumv. Þar er farið fram á að stofna nýtt, og að mínu áliti óþarft embætti. Með öðrum orðum, að nú skuli vera 2 bankastjórar og hvers vegna? Það er nú gátan. Ekki getur það verið af því, að bankinn hafi svo mikið að gera. Það er vitanlegt, að bankinn á mest alt sitt fé útistandandi, og þá verð eg að segja það, að það mundi líta all-einkennilega út fyrir almenningi, að þingið væri að stofna nýtt bankastjóra-embætti til þess, að horfa ofan í tóma peningaskúffuna við hlið hins bankastjórans og innkalla skuldir bankans.

Framsögumaður (Magnús Blöndahl): Eg þarf ekki miklu að svara háttv. þm. S.-Þ. (P. J.), því eg hefi áður í ræðum mínum marghrakið mótbárur þær, er hann kom með og læt mér því nægja, að vísa til fyrri ræðu minnar um það efni. Hvað sparnaðinn snertir, er hann og fleiri þingmenn hafa talað um, þá játa eg fúslega, að hann er góður og sjálfsagður, ef hann fer í rétta átt. En of mikið má af öllu gera og of mikill sparnaður getur oft og tíðum orðið hinn versti ósparnaður. Þetta vona eg, að bæði háttv. þingm. S.-Þ. (P. J.) og háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) viðurkenni fúslega, og greinir okkur þá ekki á í því efni.

Háttv. 2. þm. Rangv. (E. J.) verður að virða mér til vorkunar, þótt eg ekki svari öllum hans hugsanagraut. Honum varð einnig tíðrætt um það, að spara þyrfti á alla lund, og engin þörf væri á breyting á stjórn bankans. Eg hefði nú kunnað betur við það, að þessi háttv. 2. þm. Rangv. (E. J.) hefði sýnt það í tillögum sínum og framkomu á þinginu, að hann vildi spara; en það hefir hann ekki gert, heldur þvert á móti viljað ausa út fé

í bitlinga til einstakra manna, og svo einurðargóður hefir sami háttv. þm. verið í þeim efnum, að flestum gætnum mönnum mun þykja nóg um, og get eg nefnt fleiri dæmi, ef þingm. langar mikið til. — Annars hélt eg, að háttv. 2. þm. Rangv. (E. J.) væri annað betur gefið, en að dæma mikið um fyrirkomulag banka, — með allri virðingu fyrir hans fjármála-þekkingu. (*Einar Jónsson:* Eg hef fullkomlega vit á því). Eg skal ekki efast um, að svo sé, fyrst háttv. 2. þm. Rangv. (E. J.) gefur sjálfum sér þann vitnisburð. — Þá talaði háttv. sami þingm. um það, að hanu þyrfti ekki að lesa nema 1. gr. í frv. til þess, að þekkja það alt, og verð eg að telja það alveg óvenjulega skarpskygni, og mikil gleði hlýtur það að vera þingi og þjóð — og þá einkum kjósendum háttv. 2. þm. Rangv. (E. J.), að eiga öðrum eins snilling á að skipa við löggjafarstarf þingsins. — Þessi sami virðulegi þingsnillingur talaði þessu næst mest um tómar peningaskúffur í bankanum og gömul skjöl; en hvað hann hefir meint með allri þeirri mærð og útúrdúrum hafa víst fáir skilið; eg vona því, að háttv. 2. þm. Rangv. (E. J.) fyrirgefi, þótt eg leiði hjá mér, að svara slíkum markleysuþvættingi.

Eg ber það traust til háttv. deildar, að hún lofi frumv. fram að ganga.

Einar Jónsson: Háttv. 2. þm. Rvk. (M. Bl.) er reyndur að ósanngirni og ósvífni í svörum sínum og framkomu. Hann er vanur að standa upp og þvaðra og tyggja upp það sem er áður búið að marghrekja og sundurtæta og því furðaði mig ekki á þeim ruddalegu ummælum, er hann viðhafði um mig í síðustu ræðu sinni. Slíkt lýsti greinilega hans alkunna sjálfsáliti, sem honum er svo einkar ljúft að útdeila meðal manna. Annars er mér ánægja að heyra það sem háttv. þm. hefir sagt, en ekkert er nýtilegt í því eða svaravert í raun og veru. Hann hafði engar röksemdir við að styðjast og lýsti því yfir, meðal annars, að ekki væri hægt að hrekja neitt af því, er eg hefði sagt. Meginregla hans er einkis virði. Hann barmaði sér yfir því að þingið ætti eigi marga slíka snillinga eins og mig, og lét í ljósi þá innilegu ósk sína, að úr þeirri vöntun bættist. Auðvitað átti þetta að heita háð. En eg get þá svarað honum því, að hvað sem þessum fleipursummælum hans líður, þá er eg þó allajafna eins mikill snillingur og hann og þó miklu framar. Hana fjargviðraðist yfir því, hvað eg slægi um mig, en þó slæ eg ekki höndunum út í loftið, eins og hann, og hristist ekki eða titra frá hvirfli og alt til ilja eins og hann og ekki legg eg heldur áherzluhnykk á rammöfugar samstöfur, eins og hans vani er að gera. Hann sagði, að eg vildi segja sem allra mest, en segði þegar til kæmi tóma vitleysu. Hér hjó spekingurinn of nærri sjálfum sér, og vil eg bera undir dómgreinda menn deildarinnar, hvort þeir kannast ekki við slíkt í ræðum háttv. þm. Eg slæ ekki í kringum mig með eintómum hroka og sjálfsáliti. En eg get ekki annað en tekið það fram, að meiri hlutinn breytir illa og heimskulega í þessu máli. Eg fer svo af þessu þingi, að eg get ekki annað sagt en að háttv. meiri hluti sé mjög óframsýnn og óhagsýnn í fjármálum, að hann skorti bæði þekkingu og vit í þeim efnum, til þess að vera leiðandi flokkur þjóðarinnar. Eg hygg nú helzt að framkvæmdarstjóri trésmíðaverksmiðjunnar Völundur geti ekki verið neinn sérlegur fjármálamaður, eftir því að dæma hvernig þeirri stofnun vegnar. En allir vita, að Völundur er á hausnum. Það

er blygðunarleysi að vera að stofna nýtt embætti í þessu skyni. Bankinn er uppausinn og peningalega á hausnum og því sízt þörf á nýjum, dýrum starfsmönnum. Peningar bankans eru í hrúgum í húsum hér í Reykjavík og glingri í búðargluggum, er ekkert gefa af sér, nema augnagaman um stundarsakir. Þess vegna ætti öllum að vera ljóst, að sízt af öllu má auka kostnaðinn við þessa stofnun með óþarfa embættum. Ef nýi bankastjórinn kæmi með peninga, sem dálitlu næmi til að auka »drift« bankans, mundi eg þá fyrir mitt leyti verða hæst ánægður með hann. En því mun ekki vera þannig varið; nýi bankastjórinn kemur sjálfsagt þangað tómhentur, en mun svo loðna þar um lófana á hinum afargóðu launum. Þessi embættisstofnun auglýsir það, að fjármálaþekkingu vantar hjá meiri hluta hins núverandi alþingis. En það er von mín og ósk, að hann fái ekki að rusla í fjárkistu landsins til eilífðar.

Framsögumaður (Magnús Blöndahl): Eg finn mér skylt að afsaka við háttv. deild, að eg svaraði nokkru fyrri ræðustúf háttv. 2. þm. Rangv. (E. J.), eg hafði þá ekki tekið eftir því — sem mér nú var bent á — að maður sá er þannig á sig kominn nú — sem oftar — að ekki er takandi mark á orðum hans.

Eg vildi því — hans sjálfs vegna — mega ráða honum til að fara af fundi og reyna að sofa góðan tíma, ef ske mætti, að hann losnaði við það ástand, er hann nú virðist þjást svo af. Aðra ráðleggingu vildi eg mega gefa þessum sama manni og hún er sú, að hann gæti sín betur framvegis og láti ekki sessunaut hans til vinstri handar hleypa honum svo upp, að hann verði sér til minkunar oftar en orðið er hér í þingsalnum.

Einar Jónsson: Eg þykist hafa hér fullkomið leyfi til að gera hér örstutta athugasemd, því eg ætla að nota hana til þess að bera hönd fyrir höfuð mér. Eg vil sem sé ekki skerða einkaleyfi eða einkarétt háttv. 2. þm. Rvk (M. Bl.) til þess að tala tóma vitleysu.

Forseti (H. Þ.): Þingm. hefir vanbrúkað leyfi það, sem eg gaf honum samkvæmt þingsköpunum til að taka oftar en tvisvar til máls, til að bera af sér sakir, því að orð hans snerust ekki að því.

ATKV.GR.:

Breyt.till. 1. (631) við 5. gr. samþ. með 13 samhlj. atkv.

Breyt.till. 2. (631) við sömu gr. samþ. með 14 atkv.

Breyt.till. 3. (631) við sömu gr. sþ. með 16 atkv.

Viðaukatill. (634) við sömu gr. samþ. með 16 atkv. gegn 9 að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Benedikt Sveinsson,
Jón Ólafsson,	Björn Jónsson,
Eggert Pálsson,	Björn Kristjánsson,
Einar Jónsson,	Björn Sigfússon,
Hannes Hafstein,	Björn Þorláksson,
Jóh. Jóhannesson,	Hálfdan Guðjónss.,
Jón Jónsson S.-M.,	Jón Jónsson, N.-M.
Jón Magnússon,	Sig. Gunnarsson,
Jón Sigurðsson,	Sig. Sigurðsson,
Magnús Blöndahl,	
Ólafur Briem,	
Skúli Thoroddsen.	
Stefán Stefánsson,	
Þorleifur Jónsson.	

Jón Þorkelsson og Pétur Jónsson greiddu ekki atkv. og töldust því með meiri hlutanum.

5. gr. svo breytt samþ. með 14 atkv.

Frumv. í heild sinni samþ. með 13 gegn 8 atkv. og afgreitt til Ed.

Ein umr., 8. maí (A. 754, 762).

ATKV.GR.:

Breyt.till. (á þskj. 762) tekin aftur.

Frumv. óbreytt (á þskj. 754) samþ. með 17 atkv. og afgreitt sem *lög frá alþingi.*

Aðgreining holdsveikra.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum nr. 3, 4. febr. 1898 um aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum og flutning þeirra á opinberan spítala; 1. umr., 5. apríl, (A. 356).

Pétur Jónsson: Þetta frumv. var borið fram í Ed. og samþ. þar. Það er fram komið af því að nauðsynlegt þótti að skerpa hin gildandi lög, til þess að spítalinn yrði betur notaður en er. Hann hefir að undanförnu oftast verið notaður svo sem rúm hefir leyft, en nú eru þar svo fáir sjúklingar, að stofnunin hefir ekki nóg að gera, og sjuklingar þó til fullmargir. Það er vandamál að greiða úr þessu, en nauðsynlegt til þess að vinna fullkominn sigur á þessari hræðilegu sýki og hafa fult gagn af spítalanum. Stofnunin verður jafndýr að heita má, hvort sem fáir sjúklingar eru eða margir. — Þetta hefir komið til íhugunar í fjárlaganefnd og hefir verið borið fram í samráði við hana. Ef til vill væri þó ástæða til að athuga frumv. nánara, og skal eg því leyfa mér að stinga upp á 3 manna nefnd í málið að lokinni þessari umr.

ATKV.GR.:

Frumv. vísað til 2. umr. með 17 samhlj. atkv.

Till. um 3 manna nefnd í frumv. felld með 11 : 8 atkv.

Önnur umr., 14. apríl, (A. 356),

ATKV.GR.:

1. gr. frv. samþ. með 15 atkv. shlj.

2.—3. gr. frv. samþ. með 16 atkv. shlj.

Fyrirsögnin talin samþ. án atkv.gr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Þriðja umr., 16. apríl (A. 356).

ATKV.GR.:

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgreitt sem *lög frá alþingi.*

Gagnfræðaskóli á Akureyri.

FRUMVARP til laga um gagnfræðaskóla á Akureyri (A. 334); 1. umr., 5. apríl.

Bjarni Jónsson: Eg vil leyfa mér að stinga upp á, að þessu máli verði vísað til mentamálanefndarinnar, að umr. lokinni.

ATKV.GR.:

Vísað til 2. umr. með 17 samhlj. atkv.

Málinu vísað til mentamálanefndarinnar með 17 samhlj. atkv.

Önnur umr., 21. apríl (A. 334, n. 520).

Framsögumaður (Jón Magnússon): Eg hefi ekkert um frumv. þetta að segja, nema það, sem er háttv. þingdeildarmönnum kunnugt og hin hv. deild veit, að þörf er á að bæta einum kennara við gagnfræðaskólann á Akureyri. Það er svo ofureinfalt, að það ætti ekki að tefja tímann og lengja umræðurnar.

Eg vil því að eins leyfa mér að leggja það til fyrir nefndarinnar hönd, að frumv. verði samþ. óbreytt.

ATKV.GR.:
1. gr. samþ. með 19 atkv.
2. og 3. gr. samþ. með 20 atkv.
4. og 5. gr. samþ. með 19 atkv.
Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.
Málinu vísað til 3. umr. með 20 samhlj. atkv.

Þriðja umr., 23. apríl (A. 334).

ATKV.GR.:
Frumv. samþ. með 14 atkv. samhlj. og afgreitt sem *lög frá alþingi.*

Hlunnindi bókasafna.

FRUMVARP til laga um viðauka við lög nr. 80, 22. nóvember 1907, (A. 453); 1. umr. 17. apríl.

ATKV.GR.:
Frv. vísað til 2. umr. með 13 atkv.

Önnur umr., 20. apríl (A. 453).

Frv.gr. á þskj. 453 samþ. með 14 atkv. samhlj.
Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.
Málinu vísað til 3. umr. með 13 atkv. samhlj.

Þriðja umr., 22. apríl (A. 453).

Skúli Thoroddsen: Frumv. þetta fer fram á, að bókasafn Ísafjarðar njóti sama réttar, eins og amtsbókasöfn landsins, en hann er í því fólginn, að þessi söfn fá eitt eintak af því, sem gefið er út á prent hér á landi.

Mönnum er það ef til vill kunnugt, að það hefir vakið óánægju á Ísafirði sem og í Norður-Ísafjarðarsýslu, að amtsbókasafn Vesturamtsins lenti í Stykkishólmi, er amtsráðin lögðust niður, í stað þess að það hefði átt að lenda á Ísafirði, sem er höfuðstaður Vesturlands. En á seinni árum hafa Ísfirðingar efnt til bókasafns á Ísafirði og látið sér mjög ant um það.

Bókasafninu væri mikill styrkur að því, að njóta þessa réttar, sem frumv. fer fram á, og eg er viss um, að enginn bókaútgefandi myndi telja eftir sér að ívilna safninu á þann hátt, sem frumv. gerir ráð fyrir.

Jón Magnússon: Eg vil leyfa mér að benda háttv. þingdeild á það, að þetta frumv. er ekki rétt orðað.

Eftir orðunum virðist það vera ákveðið, að bókasafn Ísafjarðar skuli teljast eitt af bókasöfnum landsins, en ekki er fremur ástæða til þess að þetta bókasafn nefnist því nafni fremur en t. d. sýslubókasöfn. Og það er þó víst ekki tilætlun þingsins að gera sýslubókasöfn, eða jafnvel þau bókasöfn, er áður voru fyrir heil ömt, öll að landsbókasöfnum.

Það má nú að vísu segja, að ekki sé það teljandi eftir prentsmiðjunum eða bóka-útgefendum að láta nú 10. eintakið af hendi í viðbót við þau 9, sem nú er skylt að láta bókasöfnum í té ókeypis, en þetta gæti þó orðið býsna þungur skattur á prentsmiðjum, ef fleiri líkar kröfur bættust við. Þessi sérstaki skattur, sem lagður er á þessa einu atvinnugrein, prentiðnina, er þegar orðinn allþungbær og vil eg því leyfa mér, að skjóta því til hv. þingdeildar, að varlega sé farandi í að bæta nú við, eða þyngja þennan skatt, sem í rauninni er als ekki sanngjarn eða réttlátur. Hvers vegna er slíkur skattur einmitt lagður á þessa einu atvinnugrein? Það stafar eflaust af því, að prentleyfið þótti fyr meir svo mikil einkaréttindi, að ástæða þótti til að leggja sérstaklega skatt á þá atvinnu.

Eg hefi talið rétt, að benda á þetta, til þess að vekja athygli á því, að hér er farið fram á allviðsjála braut. Ef t. d. Eyrbekkingar færu þess á leit, að bókasafni þeirra yrði sýnd þessi sama ívilnun, þá væri eiginlega ómögu-

legt að neita þeim fremur um það. Sama mætti segja um Hafnfirðinga o. s. frv.

Skal eg svo ekki að öðru leyti fjölyrða um þetta mál, en vil að eins enn láta þess getið, að ástæða virðist til, er bókasöfnin ern orðin svo mörg, að takmarka nokkuð þá skyldu, er prentsmiðjurnar hafa nú til að láta af hendi alt sem prentað er, hverju nafni sem nefnist, hverja auglýsingu, hvert reikningsform o, s. frv. Fyrir bókasöfnin út um landið er ekkert gagn að því að fá annað en rit, og ætti því að mega takmarka þennan rétt gagnvart öllum öðrum bókasöfnum í landinu en landsbókasafninu — og ef til vill konunglega bókasafninu í Kaupmannahöfn.

Ráðherrann (B. J.): Sem atvinnurekandi um langa hríð í þessari grein gæti eg gefið upplýsingar um það, hvað rétt er og rangt um þennan skatt. Markmikið var í upphafi með þessum skatti, að varðveita bækur frá glötun. Fyrst var 2 söfnum eða 3 þó veittur þessi réttur. Síðar hafa kvíarnar verið færðar út, og farið hefir verið út fyrir takmörk þessarar reglu. Nú er skatturinn lagður á til þess að gera landsmönnum hægara fyrir með að ná í bækur til lestrar. Þessi skattur er nú orðinn alltilfinnanlegur, því að útgefendur missa nú svo marga kaupendur, þeirra, sem svo eru nálægt söfnunum, að þeir geti notað þau, sem nemur tölu lesenda. Þetta er ósanngjarnt. En þó býst eg ekki við, að hlýða þætti nú að nema þessi fyrirmæli úr lögum. En annað mætti gera. Það mætti lina svo á fyrirmælunum, að útgefendur þyrftu ekki að láta söfnunum bækurnar í té, fyr en tveim árum eftir útgáfu þeirra. Þá væri varðveizlutilganginum náð, án þess þó, að traðkað væri rétti útgefanda. Enn er það og með öllu óþarft, svo sem virðulegur þm. Vestm. (J. M.) tók fram, að senda hvern prentaðan snepil til allra safna landsins. Það virðist nægja að senda landsbókasafninu einu alt, sem prentað er, til varðveizlu.

Eg ímynda mér, að þm. telji mig ekki segja þetta í eiginna hagsmuna skyni, því að eg er ekki lengur útgefandi.

Skúli Thoroddsen: Mér finst ekki rétt, að setja bókasafnið á Ísafirði á bekk með sýslubókasöfnum, svo sem háttv. þm. Vestm. (J. M.) gerði. Hér er um að ræða fjölmennan bæ, með hátt á annað þúsund íbúa, og þótt safninu verði veitt þessi hlunnindi, þarf það því ekki að draga neinn dilk á eftir sér. Eg sé og ekki annað, en að orðalagið sé fullkomlega skilmerkilegt. Með orðunum »önnur bókasöfn landsins« er átt við þau söfn, sem hafa að lögum rétt til eins eintaks af öllu, sem prentað er.

Eg er samþykkur hæstv. ráðherra (B. J.) um það, að lögin um eintök til bókasafna eru ekki heppileg frá sjónarmiði bóksala. En því verður ekki hægt að breyta í þessu frumv. Þetta er seinasta umr. og vona eg, að háttv. þingd. samþykki frv. óbreytt.

Jón Ólafsson: Mér virðast orð h. ráðherra (B. J.) um óréttlæti það, er bóksalar verða fyrir, á svo góðum rökum bygðar, að eg óska, ef formælandi frumv. hefir ekkert á móti því, að málið verði tekið út af dagskrá til morguns, til þess að breyt.till. verði komið að í þessa átt, sem hæstv. ráðherra tók fram. Það þarf ekki að verða málinu til hindrunar.

Forseti (H. Þ.): Út af ósk háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.), lýsi eg því yfir,

að frumv. tek eg út af dagskrá til morguns.

Framhald 3. umr., 23. apríl (A. 453, 580).

Jón Ólafsson: Herra forseti! Höfundar þessarar breyt.till. (á þgskj. 580) koma með hana að nokkru leyti vegna upplýsinga, sem hæstv. ráðherra (B. J.) gaf, og eins og áður hefir verið tekið fram missir Ísafjarðarkaupstaður einkis í við þetta. Er því óþarft að ræða mál þetta frekar, einkum er góð rök hafa færð verið í málinu, sér í lagi af hæstv. ráðherra (B. J.).

ATKV.GR.:

Breyt.till. (580) samþ. með 15 samhlj. atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr., og málið endursent Ed.

Innheimta kirknafjár.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum um innheimtu og meðferð á kirknafé 22. maí 1890; (A. 260), 1. umr., 5. apríl.

Flutningsmaður (Stefán Stefánsson): Þetta frumv. miðar að því, að verða við eðlilegum og sanngjörnum kröfum safnaðanna, þeim sem sé, að fé kirkna megi ávaxtast í sjóðum, sem hærri vöxtu gefa en hinn almenni kirkjusjóður. Nú er ekki heimilt að ávaxta fé kirkna annarstaðar en í hinum almenna kirkjusjóði, og virðist það mjög svo ófrjálslegt að neyða söfnuðina til þess að nota þann sjóð, þótt völ sé á jafntryggum sjóðum, sem gefa þó töluvert hærri vöxtu. Það var nokkuru öðru máli að gegna, þegar þau lög urðu til, um hinn almenna kirkjusjóð. Þá voru óvíða sparisjóðir í sveitum, en nú síðustu ár hefir talsvert mikið verið gert að því að koma þeim á stofn, og er þá óneitanlega hart og óeðlilegt, að söfnuðirnir megi ekki láta fé kirkna sinna í sína eigin sjóði, þar sem þeir þó eru til hagsmuna sveitamönnum. Auk þess skal eg benda á það, að í frumv. er tekið fram, að eftirlitið sé hjá viðkomandi prófasti og héraðsfundi, sem eg verð að álíta, að gefi næga trygging fyrir því, að fé kirkna sé lánað út með allri gætni.

Eg ímynda mér, að háttv. þingdm. sjái, að þetta er eðlileg og sanngjörn krafa frá hendi safnaðanna, og mundi því þessi breyting stuðla að góðri samvinnu milli safnaðanna og kirkjustjórnarinnar. Aftur á móti hygg eg, að það mundi fremur veikja samvinnuna, ef frumv. næði ekki fram að ganga, og kirknafjárins krafist til þess að leggjast inn í hinn almenna kirknasjóð, hversu mikið tap sem það getur orðið fyrir fjárhag hinna einstöku kirkna og jafnvel tilfinnanlegt óhagræði fyrir söfnuðina, sem þó verða að sjá um kirkjuna að öllu leyti. Eg geri ekki ráð fyrir því, að kirknafé væri lagt á sparisjóði annarstaðar en innan sveitarfélaganna sjálfra; þar sem enginn sparisjóður er, mundi það verða lagt í hinn almenna kirknasjóð. Í minu kjördæmi stendur nokkuð sérstaklega á í þessu efni. Þar hafa þrír söfnuðir tekið að sér umsjón og fjárhald sinna kirkna og álagsfúlga verið greidd til tveggja safnaðanna — einn ekki fengið fé, þótt hann hafi hvað eftir annan óskað að ávaxta það í sparisjóði sveitarinnar — en nú er gengið eftir fénu, til þess að leggja það inn í »hinn almenna kirkjusjóð«. Eg þykist ekki þurfa að skýra háttv. þingdm. frá, hvernig söfnuðirnir una þessu boði kirkjustjórnarinnar, þar sem fé er nú í tryggum útlánum, og engu er hægt um að þoka með peningagreiðslur.

Enn er þess að gæta, að annar söfnuðurinn tók við kirkjunni að eins með því skilyrði, að álagsupphæðin 4000 kr. yrði lögð í sparisjóð sveitarinnar.

Eg þykist því ekki þurfa að tala frekara um málið að þessu sinni, en óska, að 3 manna nefnd verði skipuð til að athuga það nánara að lokinni þessari umr., og því vísað til 2. umr.

Umboðsmaður ráðherrans (Klemens Jónsson): Af því að eg þekki dálítið til þessa máls, vil eg leyfa mér að gera stutta athugasemd.

Landsstjórn og alþing lagði fyrir nokkrum árum mikið kapp á það að koma landssjóðskirkjum af sér og í hendur safnaðanna. En það gekk eigi greitt, því tvívegis að minsta kosti hafnaði Möðruvallaklausturssöfnuður að taka að sér kirkjuna, er þó fór svo að lyktum, að það var samþ. á lögmætum fundi, en með því skilyrði, að fúlga kirkjunnar yrði lögð í sparisjóð Arnarneshrepps og ávöxtuð þar, en landsstjórnin fékk aldrei neitt að vita um þetta skilyrði. Hefði hún fengið vitneskju um það, þá hefði hún orðið að neita því, þar sem hún hafði enga heimild til að gera neina undanþágu frá þeirri lagaskyldu, að ávaxta fé kirkna í hinum almenna kirkjusjóði. En eins víst og þetta er, eins víst er það, að söfnuðurinn hefði aldrei tekið kirkjuna að sér, nema með þessu skilyrði. Af atvikum, sem eg vil eigi fara nánar út í hér var þó féð lagt inn í sparisjóð Arnarneshrepps, en eigi í hinn almenna kirkjusjóð og í sparisjóðnum er þetta fé enn í dag, en nú vill biskup fá það og einnig fé Munkaþverárkirkju, sem mun standa í kaupfélagssjóði í Eyjafirði, inn í kirkjusjóðinn og byggur hann þá, að ef þetta fé þessara tveggja kirkna næst inn í sjóðinn, þá muni hann vera fær um að lána fé, sem þarf til þess að byggja upp þær kirkjur, er fuku í vetur.

Þessar upplýsingar hefi eg álitið mér skylt að gefa og vil jafnframt taka það fram, að hinn nýi biskup er þessu frumv. mótfallinn.

Jón Magnússon: Hæstv. umboðsmaður ráðherrans hefir skýrt frá hvernig í frumv. þessu liggi. Og það er augljóst að ef það yrði að lögum, mundi það algerlega tvístra og eyðileggja hinn almenna kirkjusjóð. Mér finst ekki geta komið til mála að setja nefnd í málið, heldur ætti að fella það þegar í stað. Fer líka ekki að verða svo mikið eftir af tíma þingsins, að vert sé að eyða honum að óþörfu.

Hálfdan Guðjónsson: Eg hefði reyndar getað sparað mér að tala í þessu máli. Öllum er kunnugt, að lög kirkjusjóðsins miða að tveim takmörkum. Í fyrsta lagi að tryggja sem bezt fé kirkna, og í öðru lagi að reyna að hafa sem öflugustan alsherjarsjóð, er styrkja skuli kirkjur þær, er fátækar eru og ekki geta endurbygt sig sjálfar af eigin rammleik.

Eg get ekki annað en bent á í þessu sambandi, að nú er farið fram á að landssjóður hlaupi undir bagga með hinum almenna kirkjusjóði og láni fé til þeirra kirkna, er urðu fyrir fokslysunum miklu nú í vetur.

Eg tek hiklaust í sama streng og þeir er vilja að frumv. þetta falli strax.

Jón Jónsson (S.-Múl.): Mér fanst háttv. umboðsmaður ráðherrans hálfvegis gefa í skyn að sá sparisjóður, er sjóður Munkaþverárkirkju er ávaxtaður í, mundi ekki vera nægilega tryggur, svo að féð gæti verið í hættu. En eg get gefið þá upplýsing, að þessi sparisjóður, sem Kaupfélag Eyfirðinga hefir stofnað hefir allar venjulegar sparisjóðstryggingar í bezta lagi, og að sjóði kirkjunnar er víst engin hætta búin þar.

Og eg skal bæta því við, að það er nokkuð hart fyrir söfnuði, sem tekið hafa að sér kirkjur, að mega ekki ávaxta sjóð kirkjunnar á þeim stað, þar sem hann gefur beztan ávöxt og vex skjótast, ef sá staður er fulltryggur. Ekki munu kirkjurnar verða ofveglegar fyrst um sinn, þótt fé þeirra sé haldið sem bezt til haga.

Flutningsmaður (Stefán Stefánsson): Háttv. 3 þm. hafa lagt allmikið kapp á, að fella frv. þetta, og segja það ekki þess vert að vera athugað í nefnd. Svona mikið tillit vilja þeir taka til þeirra óska, er bændur bera fram á þingmálafundum, og fela fulltrúum sínum að flytja á löggjafarþingi þjóðarinnar.

Það er þó þessum háttv. þm. vitanlegt, að sá sparisjóður er háttv. umboðsmaður ráðh. minntist á er einn með tryggustu sparisjóðum í sveitum, svo að hér er ekki um neina fjárhagslega áhættu að ræða, heldur að eins eðlilega ósk viðkomandi safnaðar, eða geta menn ekki fundið, hvað þetta er sanngjörn krafa, þegar söfnuðirnir hafa tekið við umsjón og fjárhaldi kirknanna, tekið þær til eignar og umráða, að þeir þá verði ófúsir á, að senda sjóði þeirra og árlegar tekjur í hinn almenna kirkjusjóð, sem bæði gefur lægri vexti en þeirra eigin sparisjóðir, og sem þeir hafa engin not af að öðru leyti.

Menn telja hinum almenna kirkjusjóði það til gildis, að hann veiti lán öllum kirkjum landsins, er þess þurfa

En eg get ekki séð, þótt sú breyting yrði gerð, sem frumv. fer fram á, að sá almenni kirkjusjóður yrði fyrir svo mjög tilfinnanlegum fémissi, að hann ekki gæti samt sem áður lánað fátækum kirkjum til að byggjast upp, og eg get ætlað, að þeir söfnuðir, sem tækju við sjóði sinnar kirkju reyndu að sjá svo um, að þeir ekki þyrftu að leita til hins almenna kirkjusjóðs, þótt aðgerð eða bygging þyrfti að fara fram á kirkju þeirra.

Og eg vil ennfremur biðja menn að athuga, hvort svona löguð — mér liggur við að segja — meinbægni, að neita söfnuðum um fult og óskert fjárhald kirkju sinnar, því hún er sannarlega þeirra eign, muni vera í góðu samræmi við venjulegar frelsiskröfur nútímans.

Annars er mér óskiljanlegt, hvernig á því hefir staðið að fé þessara kirkna —Möðruvallaklausturs og Munkaþverár — sem hér er aðallega um að ræða, skyldi vera sent héðan úr Reykjavík og norður í land til safnaðanna hafi svo verið til ætlast, að það skyldi sent aftur hér til Reykjavíkur í hinn almenna kirkjusjóð; slíkur riddaragangur er hreint og beint hlægilegur.

Jón Ólafsson: Það ætti nú máske ýmsum öðrum að vera annara um þetta en mér. En úr því að þingið fjallar um þetta, vildi eg að eins segja fáein orð.

Mér hefir skilist það tilgangur hins almenna kirkjusjóðs, að bæta kirkjur þær, er hrörlegastar væri og lána fé til að byggja nýjar.

Eg vil nefnd í málið, af því að mér finst frv. styðja hag þeirra kirkna, er söfnuðurnir sjálfir annast.

Umboðsmaður ráðherrans (Klemens Jónsson): Það er ekki rétt, að eg hafi mælt á móti nefnd í málið. Eg skýrði einungis málið, og sagði frá áliti biskups um það. Háttv. flutnm. tók það fram, að sér þætti undarlegt, að landstjórnin skyldi afhenda fé, þar sem svona á stæði, án þess að hafa tryggingu fyrir því, að það rynni í hinn almenna kirkjusjóð.

Þetta er rétt. Eg er sjálfur hissa á, að stjórnin skyldi gera þetta.

Viðvíkjandi fé Munkaþverárkirkju,

þá hefi eg ekki sagt, að það væri í ótryggum sjóði, þar sem það væri í kaupfélagssjóði, eg ímynda mér þvert á móti, að það sé í tryggum sjóði, en eg sagði, að það væri ekki í réttum sjóði, hinum almenna kirkjusjóði, og því verður eigi hnekt.

Háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) fanst tilgangi kirkjusjóðsins misboðið, ef menn mættu ekki vaxta fé sitt hvar sem væri. Það finst mér ekki; úr því til er almennur kirkjusjóður, sem er skyldur að lána fé út til að bæta og byggja upp kirkjur, þá er það líka eðlilegt, að fé kirkna renni í þennan sjóð með þessum tilgangi. Auk þess eru þetta bein lög, svo allar ræður um þetta eru í rauninni óþarfar.

Flutningsmaður (Stefán Stefánsson): Háttv. umboðsmaður ráðh. (Kl. J.) vill ekki að málið komist fram á þessu þingi og lýsti yfir því, að ekki væri meiningin, að fé þetta hefði átt að leggjast í annan sjóð, en hinn almenna kirkjusjóð, en eins og eg hefi áður tekið fram er þetta mjög undarleg og óviðfeldin aðferð, ekki sízt þegar þess er gætt, að engin bending kom þá jafnframt í þá átt frá kirkjustjórninni, og féð verið átölulaust í sparisjóðnum nú um mörg undanfarin ár.

Jón Magnússon: Eg vil að eins taka það fram, að þótt hv. deild vildi eyða tíma til þess að skipa nefnd í þetta mál og ræða það, þá þykir mér ólíklegt, að gagn verði að því. Eg get varla trúað því, að hv. Ed. samþ. slíkt frv. sem þetta. Ef það yrði að lögum, hlyti það að þýða afnám hins almenna kirkjusjóðs. Það má ekki einblína á það, þótt einhverjir sjóðir kunni að gefa hærri vexti en kirkjusjóður gefur, því að þá eru það ekki eins tryggir sjóðir. Enn fremur gerir frv. ekki ráð fyrir neinu verulegu eftirliti með fénu, en það yrði þó að vera, og yrði þá dýrt að setja upp eftirlit um alt land. Að mínu áliti á þetta mál að falla við þessa umr., því að samþ. lög fyrir einstök tilfelli, er ekki ráðlegt, nema brýna nauðsyn beri til.

Jón Ólafsson: Það er ekki rétt hjá háttv. þm. Vestm. (J. M.) að frv. geri ekki ráð fyrir eftirliti.

Eg ætla þó ekki að tala um það, en víkja orðum mínum að umboðsmanni ráðh. (Kl. J.), er hann sagði, að það væri ósanngjarnt að taka fé þessara kirkna og setja það í kirkjusjóð, og heldur ekki ráðlegt að breyta lögunum. Af þessum ástæðum álít eg að þörf sé að setja nefnd í málið, til þess að athuga, hvort ekki mætti ráða fram úr því á heppilegan hátt. Eg mæli því með, að nefnd verði sett í málið.

Hálfdan Guðjónsson: Það er misskilningur hjá hinum háttv. flutnm. (St. St.) að fé úr kirkjusjóði sé lánað gegn svo litilli tryggingu, að það tapist stundum hjá kirkjunum.

Eg hygg að mér sé óhætt að fullyrða, að aldrei sé lánað úr þeim sjóði nema gegn fullri tryggingu í eignum kirknanna, og þegar prestar hafa tekið lán til að byggja kirkjur, þá hefir það oft verið, að tekjur kirkjunnar hafa ekki þótt nægilegt veð fyrir láninu. Hafa þeir þá að auki orðið að setja veð í tekjum prestakallanna og þannig rýrt tekjur sínar að mun. Hv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) sagði að ekki mundi vera erfitt að hafa eftirlit, því menn mundu vera varfærnir; eg er þó viss um það, að slíkt eftirlit sem með þyrfti gæti vakið talsverða óánægju, og verði frv. samþykt, þá dregur það þann dilk á eftir sér, að endalaust hringl kemst á kirkjufé — menn hendast með það úr einum sjóðnum í annan, eftir því hvar vextir eru hæstir í það og það sinn. Um kirkjusjóðinn getur ekki verið að tala lengur.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. með 11 : 6 atkv.

Till. um að kjósa sérstaka nefnd í málið feld með 10 : 8 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Björn Kristjánss.,
Jón Ólafsson,	Björn Þorláksson,
Ben. Sveinsson,	Hálfdan Guðjónss.,
Björn Sigfússon,	Jón Jónsson N.-M.,
Jón Jónsson S.-M.,	Jón Magnússon,
Jón Sigurðsson,	Jón Þorkelsson,
Pétur Jónsson,	Magnús Blöndahl,
Stefán Stefánsson.	Sig. Gunnarsson,
	Skúli Thoroddsen
	Þorleifur Jónsson.

Málinu vísað til prestakallanefndarinnar með 10 atkv. gegn 8.

Önnur umr., 26. apríl, (A. 260, 575, n. 585).

Flutningsmaður (Stefán Stefánsson): Eg sé það á nefndarálitinu, að frumv. hefir ekki fundið náð fyrir augum hv. nefndar, væntanlega af því, að henni hefir þótt stefna þess að einhverju leyti varhugaverð, þótt bæði mér sem flutnm. og ýmsum fleiri háttv. þingm. sýnist stefna þess mjög sanngjörn og eðlileg.

En af því að eg fékk veður af því, að frumv. mundi mæta þessum byr hjá nefndinni, áður en álit hennar kom fram, þá hefi eg komið fram með breyt.till. við frumv. á þskj. 575, sem fer fram á það, að Möðruvallaklausturssöfnuður fái yfirráð kirkjusjóðs síns. Þessi breyt.till. er fram komin af sérstökum ástæðum. Svo stendur á, eins og eg raunar tók fram við 1. umr., að Möðruvallaklausturssöfnuður hefir verið krafinn um þennan kirkjusjóð, er honum var afhentur fyrir nokkurum árum, samtímis því er hann tók við kirkjunni af hendi landssjóðs. Ár eftir ár var það borið upp á safnaðarfundum og þess óskað af hálfu hins opinbera, að söfnuðurinn tæki að sér kirkjuna og fjárhald hennar, en hann neitaði hvað eftir annað, þangað til hann loks gerði það, með því ákveðna skilyrði, er jafnframt var tekið fram í fundargerðinni, að henni fylgdi 4000 kr. álag, sem yrði svo ávaxtað ásamt árstekjum hennar í sparisjóði Arnarneshrepps.

Þessi upphæð var þá lögð í sparisjóð hreppsins, og er nú orðin með árstekjum og vöxtum allmikið á 6. þús. kr. Til sönnunar því, að fé kirkjunnar sé óhult í sparisjóðnum, skal eg geta þess, að árleg umsetning hans er 24—25 þús. kr. og á varasjóð, að því er mig minnir 1200 kr., en ábyrgðarmenn sjóðsins eru efnamestu bændur sveitarinnar, 12 að tölu. Þegar því þessi krafa, að sjóðurinn yrði afhentur í hinn almenna kirknasjóð, kom frá biskupi, þá litu ýmsir svo á, sem hér væri verið að svíkjast að söfnuðinum, þar sem fyrst er gengið að skilyrðinu umyrðalaust, en svo þegar kirkjan er komin í ábyrgð og umsjá safnaðarins, þá að taka aftur af honum sjóðinn.

Eg vona því, að þótt hin hv. nefnd geti ekki aðhylst frumv., muni hún sýna svo mikla sanngirni að sinna br.-till., enda virðist mér hún hallast að þeirri breytingu í nefndaráliti sínu. — Eg skal svo ekki orðlengja frekara um þetta mál að sinni, en vona, að hin háttv. þingd. skilji, hversu sanngjarnt þetta er, hvernig sem á það er litið og samþ till.

Framsögumaður (Björn Sigfússon): Þótt nefndarálitið sé ekki langt, þá eru þar þó færðar glöggar ástæður fyrir því, hvers vegna nefndin getur ekki ráðið deildinni til að samþ. frumv. Eg þarf ekki að taka þær upp, en skal

þó geta þeirra í stuttu máli. Nefndin álítur það rétta og heppilega meginreglu í lögunum frá 22. maí 1890, að allt kirknafé skuli renna í hinn almenna kirknasjóð. Telur hún fé þar bezt trygt og fyrirkomulagið henta vel, að fé sé í einu lagi og sé notað til til útlána handa kirkjum, til bygginga eða annara þarfa þeirra. Þessa grundvallarreglu telur nefndin rétta og að henni eigi ekki að raska.

En hins vegar að því er kemur til br.t. hv. 2. þm. Eyf., (St. St.) um undanþágu frá lögunum, þá er meiri hluti nefndarinnar henni hlyntur, vegna þess að hér stendur alveg sérstaklega á. Af því að söfnuðurinn í Möðruvallaklausturssókn hafði gert það að beinu skilyrði að fá sjóðinn og ávaxta hann í sparisjóði Arnarnesshrepps, er söfnuðurinn tók við kirkjunni, var honum afhentur sjóðurinn. Og það er víst, að ella hefði söfnuðurinn ekki tekið við kirkjunni. Þegar því í alvöru er gerð gangskör að því að krefja söfnuðinn um sjóðinn, neitar söfnuðurinn að afhenda hann. Það, sem beinast liggur við út af þessu, er málssókn, en hún mundi að minni ætlun verða mjög svo tvísýn, vegna þess að söfnuðurinn hafði sett þetta skilyrði, svo sem getið hefir verið um.

Af þessum sérstöku ástæðum þykir meiri hluta nefndarinnar rétt að aðhyllast breyt.till. hv. 2. þm. Eyf. (St. St.)

Jón Magnússon: Það er út af ummælum háttv. 2. þm. Eyf. (St. St.) að eg stend upp. Hann sagði, að það væri verið að svíkjast að söfnuðinum. Þetta á líklega að skilja sérstaklega sem ásökun á núverandi biskup landsins, og mótmæli eg henni sem gersamlega ástæðulausri. Háttv. 2. þm. Eyf. veit vel, að hvorki stjórninni né núverandi biskupi var kunnugt um þetta skilyrði, sem nú er komið upp úr kafinu. Eg veit ekki til þess, að nokkurn tíma kæmi til þáverandi stjórnar vitneskja um þetta skilyrði, og því síður gat núverandi biskup um það vitað. Þess vegna er það gersamlega ástæðulaust að koma með þessar ásakanir til stjórnarinnar og biskups landsins.

En þó að nú skilyrði þetta hafi verið sett af söfnuðinum, sem eg efa ekki að sé rétt hermt, þá er ekki afleiðingin sú, að breyta skuli lögunum um hinn almenna kirknasjóð né brjóta þau. Söfnuðurinn getur nú sagt: Eg tók að mér kirkjuna með því skilyrði að fá sjóðinn. Ef sjóðurinn er tekinn af mér, er eg laus við kirkjuna. Gerið þið svo vel! En eg er sannfærður um, að söfnuðurinn gerir það aldrei.

Flutningsmaður (Stefán Stefánsson): Það er ekki nema eðlilegt, að háttv. þm. Vestm. (J. M.) taki svarí stjórnarinnar og biskupsins, sérstaklega stjórnarinnar, þar sem hann áður var henni svo nákominn.

En mér þykir undarlegt, ef hinn háttv. þm. Vestm. (J. M.) getur ekki skilið jafn-auðvelt mál og þetta, er hér liggur fyrir, ef hann á annað borð trúir því, sem eg hefi sagt um gang þessa máls. Honum finst það óviðkunnanlegt, er eg sagði, að hér væri verið að svíkjast að áðurgreindum söfnuði. Eg hygg, að háttv. þingdeildarmenn hafi nú fengið þá skýringu á þessu máli, að mér sé óhætt að bera það undir dómgreind þeirra; eg vona, að þeir verði mér nokkurn veginn samdóma í þessu atriði. Hér er verið að taka fé af söfnuðinum, sem búið var að afhenda honum eftir ákveðnu skilyrði. *(Jón Magnússon:* Neitar þm. því, að ekki hafi verið sett sérstakt skilyrði?). Nei, þvert á móti; það er einmitt það, sem eg hefi marg-tekið fram, að söfnuðurinn hafi sett beint skilyrði, og að því skilyrði hafi verið

gengið af hálfu hins opinbera. Eða hvers vegna var féð sent norður í Eyjafjörð, ef það átti að leggjast í hinn almenna kirkjusjóð? Um það verður háttv. þm. Vestm. (J. M.) að gefa mér fullnægjandi svar. Nei, það eru fullar líkur til þess, að stjórninni hafi verið kunnugt um kröfur safnaðarins, hvort sem þær voru nú formlega henni tilkyntar eða ekki — um það skal eg ekki segja. Það atriði liggur algerlega utan við ábyrgð safnaðarins. En framkvæmd stjórnarinnar í fyrstu sýnir, að henni hefir verið full kunnug sú krafa safnaðarins, að álag kirkjunnar skyldi afhent í hans hendur. — Það er ekki líklegt, að peningarnir hefðu verið sendir þessa leið, ef þeir hefðu átt að lenda í hinum almenna kirkjusjóði og ávaxtast þar. Það er mjög langt frá því, að eg hafi viljað koma fram með neinar ákúrur til núverandi biskups eða fyrverandi stjórnar, slíkt hefir mér ekki komið til hugar, enda er það nú fyrst að þetta er heimtað. Biskupinn, sem nú krefst þess, að féð leggist í hinn almenna kirkjusjóð, hefir að öllum líkindum ekki vitað um þetta skilyrði eða ekki athugað það nógu rækilega hvað það hlýtur að álítast bindandi, og vil eg því á engan hátt ámæla honum í þessu efni.

En eg álít, að háttv. þingd.menn verði að sjá, hvað sanngjarnt sé í þessu máli, sjái hve frámunalega, að hér er verið að ganga á gerðan samning.

Jón Magnússon: Eg ætla ekki að þörf sé á, að endurtaka það, sem eg sagði við fyrri umræðu þessa máls, en eg geng að því vísu, að háttv. flutningsm. (St. St.) sé full-kunnugt um það, hvers vegna peningarnir voru sendir norður. Ástæðan var sú, að amtmaður afhenti kirkjuna, er var umboðskirkja, og var honum því fengið álagsféð. Aðrar ástæður komu ekki til greina; þetta er ósköp skiljanlegt.

Það gleður mig, að háttv. flutningsmaður (St. St.) hefir ekki fært nein rök fyrir ásökun sinni á hendur biskupi eða landsstjórninni um, að verið sé að svíkjast að söfnuðinum; hann hefir ekki einu sinni reynt það. Og svo hefir hann tekið aftur það, sem saknæmt virtist í ræðu hans, þar sem hann viðurkennir, að það sé ekki sama stjórnin, er afhenti féð og sú, er nú krefji þess að lögum.

Enn fremur segir hann, að biskupi muni ekki hafa verið kunnugt um skilyrðin.

Eg get því látið mér nægja það, að háttv. flutningsm. (St. St.) hefir þannig tekið aftur ásökun sína í garð stjórnarinnar og biskups.

ATKV.GR.:

Breyt.till. (þgskj. 575) samþykt með 15 : 3 atkv.

Frumv.gr. (260) þar með fallin.

Fyrirsögn frumv. talin samþykt án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umræðu með 15 samhlj. atkv.

Þriðja umr., 28. apríl. (A. 643).

Flutningsmaður (Stefán Stefánsson): Því var hreyft við aðra umræðu þessa máls, að eg væri horfinn frá því áliti mínu, eða hefði tekið aftur, að ósæmilegum brögðum hefði verið beitt til þess, að fá þann söfnuð, sem hér er um að ræða — söfnuð Möðruvallaklausturskirkju — til þess að taka við kirkju sinni til eignar og umsjár, en eg neita því í fylsta máta, að hafa afturkallað nokkurt orð af því, er eg tók fram við fyrri umræður málsins, en vel að merkja, þá voru þau orð ekki töluð

til nokkurs einstaks manns, heldur til framkvæmdarvaldsins í landinu, — og þá jafnframt til kirkjustjórnarinnar — sem í fyrstu gekk ágreiningslaust að skilorði því, sem söfnuðurinn tók kirkjuna með, og afhenti álagsupphæðina söfnuðinum, til að ávaxtast í sparisjóði hreppsins, en sem heimtar svo sjóðinn afhentan aftur í hinn almenna kirkjusjóð, þegar hann er allur kominn í útlán gegn tryggum veðum, og hvorki söfnuðurinn eða sparisjóðsstjórnin gat haft nokkurn grun um slíkan boðskap. Þetta er það, sem eg hefi leyft mér að segja um, að sé verið að svíkjast að söfnuðinum og brjóta gerðan samning.

Að þessu verki, vona eg, að þingdeildin eða löggjafarvaldið vilji ekki vinna.

ATKV.GR.:

Frumv. samþykt með 15 samhlj. atkv., og afgreitt til Ed.

Ein umr., 7. maí. (A. 746).

Flutningsmaður (Stefán Stefánsson): Mér er ekki kunnugt, hvort mál þetta hefir verið til meðferðar í prestakallanefndinni, síðan það kom frá háttv. Ed., en eg hygg, að þar sem nefndin var því fylgjandi, í því formi, sem það var afgreitt hér áður frá deildinni, að þá muni hún vera það, ekki síður nú, þegar svo er mælt fyrir, að sjóður kirkjunnar skuli ávaxtast í sparisjóði Arnarnesshrepps á meðan sú kirkja standi, sem nú er á Möðruvöllum.

Þessa breytingu, sem orðið hefir á frumv., hlýt eg, eftir atvikum, að sætta mig við, sérstaklega, þegar eg lít til þess, að engar líkur voru til þess, að frumv. fengist fram, eins og það var upphaflega orðað, sem óneitanlega var þó hið eðlilegasta.

Eg tel því líklegt, að um þetta mál verði ekki miklar umræður úr þessu, og vona, að það fari frá þessari umræðu, sem lög frá þinginu.

ATKV.GR.:

Frumv. samþykt með 15 samhlj. atkv., og afgreitt *sem lög frá alþingi.*

Sóknargjöld.

FRUMVARP til laga um sóknargjöld (A. 354); 1. umr., 5. apríl.

Jón Jónsson (S.-Múl.): Eg tel rétt, eftir því sem þetta mál er til orðið, að vísa því til skattanefndar þeirrar, er kosin hefir verið hér í deildinni, að umr. lokinni.

ATKV.GR.:

Vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv.

Vísað til skattanefndar með 16 shlj. atkv.

Önnur umr., 30. apríl (A. 354, n. 594, 622).

Framsögumaður (Ólafur Briem): Aðalefni frumv. þessa er það, að hin árlegu gjöld til prests og kirkju verði færð saman í eitt persónugjald, sem nemi 1 kr. 50 au. til prests og 75 aurum til kirkju fyrir hvern mann, 15 ára eða eldri.

Eg skal ekki fara mörgum orðum um aðalefni frumv., með því að það er samhljóða frumv. frá milliþinganefnd þeirri, er hefir íhugað skattamál landsins og hefir það legið fyrir þinginu ásamt athugasemdum; það hefir verið íhugað í Ed. og liggur nú fyrir nefndarálit þaðan.

Eg skal játa, að persónugjald gæti verið þungbært, þar sem það kemur jafnt niður á ríkum og fátækum, ef um svo hátt gjald væri að ræða, að það misbyði gjaldþoli hinna fátæku.

En hér er því ekki til að dreifa, þar sem prestsgjöldin eru ekki hærri en 1,50 og kirkjugjöldin 0,75.

Hins vegar á slíkt persónugjald hvergi betur við en hér, ef á annað borð verður lagður skattur jafnt á alla.

Viðvíkjandi breytingum þeim, sem nefndin hefir leyft sér að koma fram með (á þskj. 594) skal eg geta þess, að 3. breyt.till lýtur að því, að ef hið lögskipaða kirkjugjald með hækkun þeirri, er sóknarnefnd hefir ákveðið, og safnaðarfundur og héraðsfundur hefir samþykt, nægi ekki fyrir nauðsynlegum útgjöldum kirkjunnar, þá sé sóknarnefndinni heimilt að jafna niður því sem á vantar á alla gjaldskylda safnaðarlimi, eftir efnum og ástæðum.

En í frumv. því, sem afgreitt hefir verið frá háttv. Ed. er svo ákveðið, að ávalt þegar kirkjugjald í sóknum, þar sem söfnuður hefir á hendi umsjón og fjárhald kirkju, er hækkað frá því sem lögákveðið er, skuli gjaldaukanum jafna niður að hálfu leyti eftir efnum og ástæðum. Með þeirri breytingu, sem nefndin hefir stungið upp á, vinst það, að langt um sjaldnar þarf að koma til aukaniðurjöfnunar, og ekki nema þegar persónugjaldið að öðrum kosti mundi verða hærra en góðu hófi gegnir. Hámark kirkjugjaldsins mætti að vísu til taka í lögunum og setja það t. d. 1 kr. eða jafnvel 1 kr. 50 a. ef það þætti hentugt, en ráðlegra þykir að leggja það á vald sóknarnefndar, að ákveða gjaldið eftir því, sem hæfa þykir, og setja henni í því efni engar skorður nema þær, sem felast í samþykki safnaðarfundar og héraðsfundar, enda virðist mega bera það traust til sóknarnefndanna, að þær gæti jafnan hófs í þessu efni.

4. breyt.till. fer fram á að fella burt orðið »minst« úr 8, gr., þar sem landsstjórninni er veitt heimild til að ákveða kirkjugjald í sóknum, þar sem söfnuður hefir ekki tekið að sér umsjón og fjárhald kirkju, þannig að það nemi jafnmikilli upphæð og allar sóknartekjur kirkjunnar eftir 10 ára meðaltali 1899—1909. Þessi breyting er alsendis nauðsynleg til að fyrirbyggja þann misskilning, að stjórninni sé í sjálfsvald sett að ráða hámarki gjaldsins. Þetta orð (»minst«) hefir ófyrirsynju komist inn í frumv. í Ed., en stóð ekki í frumv. skattamálanefndarinnar.

1. og 5. breyt.till. nefndarinnar fer fram á, að gjalddaginn skuli vera 31. desember ár hvert, í staðinn fyrir 15. okt., ekki fyrir þá sök, að 15. okt sé ekki að mörgu leyti heppilegur, en með því að manntal fer ekki fram fyr en í desembermánuði eða í október, að því er snertir Reykjavíkurkaupstað og ekki er byggjandi á manntali frá fyrra ári, þá verður ekki komist hjá slíkri færslu á eindaga gjalddaganna.

6. breyt.till. er við 11. grein og er hún að eins gerð til þess að orðalagið verði nákvæmara en nú er.

Um þessar breytingartillögur hefir öll nefndin orðið sammála, en tveir af nefndarmönnunum hafa gert ágreiningsatkvæði, að því er snertir gjaldskyldu utanþjóðkirkjumanna og skal eg ekki fara frekar út í það, fyr en eg heyri ástæður þeirra.

Jón Sigurðsson: Eg er ásamt öðrum riðinn við breyt.till. á þskj. 622. Hún fer fram á breytingu á frumv. þannig, að þeir einir eru gjaldskyldir til þjóðkirkjunnar, sem teljast til hennar, en þeir séu lausir við að greiða gjöld til þjóðkirkjunnar, sem ekki teljast til hennar.

Frumv. þetta fer áreiðanlega í rétta átt, að því leyti að breyta sóknargjöldunum í persónugjöld, en um leið og

það er gert, þá finst mér sjálfsagt, að stíga sporið nokkuð lengra, þannig að einungis þeir, sem teljast í þjóðkirkjufélaginu séu gjaldskyldir til hennar. Þeir sem aftur á móti ekki tilheyra neinu kirkjufélagi og hafa jafnvel þá skoðun, að öll kirkjufélög og trúarbrögð séu óþörf, þá er ranglátt að þvinga þá til þess að greiða þessi gjöld. Ef þetta ákvæði er sett inn í frumv., þá nálgast það mun meira fríkirkjuhugmyndina.

Það sem sérstaklega er haft á móti þessu ákvæði, er einkum það, að þjóðkirkjan missi tekjur. Getur verið að það sé rétt, en enginn getur sagt um það, hvað mikið, eða hvort það væri til tjóns fyrir hana, og þótt svo væri að fleiri eða færri segðu sig úr henni fyrir þessa sök, þá get eg ekki séð, að það sé hinn minsti skaði fyrir kirkjuna að missa þá menn. Það bætir ekki hugsunarhátt þeirra manna, þótt þingið með lagaákvæðum gerði þá gjaldskylda. Eg álít hið gildandi fyrirkomulag óhafandi, að allir séu jafngjaldskyldir, og það er mín skoðun, að kirkjulegur áhugi vaxi ekki við það. Því meira frelsi í þeim sökum, þess meiri áhugi — nægir að benda á Vesturheim í þessu efni. — Það bætir ekki kirkjulífið eða trúaráhugann, þótt menn séu tjóðraðir með lagaböndum, hvort sem þeim er það ljúft eða ekki.

Ef þessi persónugjöld eru samþykt, sem eg álít alveg rétt, þá finst mér það réttast, að jafnframt séu þeir menn ekki gjaldskyldir til þjóðkirkjunnar, sem ekki telja sig til hennar. Þetta fyrirkomulag hygg eg mundi verða til þess að vekja áhuga á kirkjumálum, en ekki verða til skaða. Þeir menn, sem þannig eru skapi farnir, að þeir vilja ekki vera í þjóðkirkjunni, geta aldrei orðið nýtir menn fyrir hana, þótt þeir séu bundnir við hana með lögum.

Eg fer ei fleiri orðum um tillöguna. Vona, að nokkurir menn verði mér samdóma um það, að þetta sé heppilegt spor.

Jón Ólafsson: Eins og háttv. þm. Mýr. (J. S.) hefir skýrt frá, þá höfum við minnihlutamenn í nefndinni lagt það til, að 2. gr. frv. sé breytt þann veg, að allir, sem ekki eru í þjóðkirkjunni sé undanþegnir gjöldum til hennar. Það er skoðun mín, að það sé að minsta kosti andi stjórnarskrárinnar, að ekki séu lögð aukagjöld á menn fyrir það, að þeir eru ekki í þjóðkirkjunni, því í stjórnarskránni er það tekið fram, að enginn skuli missa borgaraleg réttindi sakir trúar sinnar. En ef þeim mönnum er gert að skyldu að greiða gjald til þess kirkjufélags, sem þeir heyra ekki til, þá er það aukakostnaður, sem lagður er á þá sakir trúarbragðanna. Þetta er misrétti.

Eg veit ekki, hvort meirihluti þessarar þingdeildar — meiri hluti beggja flokka — vill unna öllum jafnréttis. En það munu þó allir játa, sem nokkra trú hafa, að það er samvizkuspursmál að neyða menn til að greiða gjöld til trúarfélags, sem þeir ekki tilheyra. Eg vona það, að engir menn frekar en prestarnir viðurkenni það, að það er samvizkuspursmál að láta menn greiða gjöld til trúarfélags, sem þeir tilheyra ekki. — Eg vona að flestir játi, að sú kirkja, sem ekki getur staðist án þess að henni sé haldið við með kúgunargjöldum af hendi þeirra manna, sem ekki heyra henni til, hún muni lítið gildi hafa fyrir trúarþörf manna eða sálarheill.

Eg hefi heyrt þá mótbáru, ekki frá prestum, heldur leikmönnum, að ef

þetta yrði samþ. myndu margir ganga úr þjóðkirkjunni til þess að losna við gjöldin. Eg held það sé óþarfa hræðsla. Að minsta kosti þætti mér það minkun fyrir mig — ef eg heyrði þjóðkirkjunni til —, að búast við því, að hún hafi svo lítil áhrif á meðlimi sína, sé svo lítils metin af þeim. Eitt er víst, að í hvaða kirkjufélagi, sem slíkir menn væru, mundu þeir vera því meira til ógagns en gagns. Þeir væru dauðir limir á líkama þess trúarfélags, og ættu þar ekki heima. En það verður að gæta að því, að þessir dauðu limir kirkjunnar hafa atkvæðisrétt um hennar mál, og þá ekki víst að atkv. þeirra væru æfinlega til hagsmuna fyrir hana.

Eg vona, að það séu margir úr báðum flokkum þessa þings, sem kannast við réttmæti breyt.till., og sjái að þær röksemdir, sem við höfum fært fyrir henni, séu góðar og gildar.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Br.-till. á þingskj. 622, fer fram á að í stað þess að í frumv. er sett það skilyrði fyrir gjaldfrelsi utanþjóðkirkjumanna, að þeir séu í einhverju kirkjufélagi, því er prest hefir eða forstöðumann, er fengið hefir konunglega staðfestingu, þá séu undanþegnir sóknargjöldum allir þeir, sem ekki eru í þjóðkirkjunni. Formælendur þessarar br.-till. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) og þm. Mýr. (J. S.), hafa tekið það fram, að nú væri einmitt hentugur tími til þess að bera hana fram. Þótt eg að mörgu leyti geti fallist á réttmæti hennar í eðli sínu, og þau rök, er þeir hafa flutt, þá get eg ekki orðið þeim sammála um það, að breyt.till ætti nú að verða samþykt.

Eg held að ekki sé hægt að losa alla þá við gjöld til þjóðkirkjunnar, sem ekki teljast til hennar, fyr en ríki og kirkja eru aðskilin. Það mál er nú einmitt á dagskrá, og verður líklega hreyft við því alvarlega, áður en langt um líður. Að ekki sé hægt að samþ. líkt ákvæði og það sem felst í breyt.till., fyr en ríki og kirkja eru aðskilin byggist á því, að samkvæmt prestalaunalögunum, sem samþ. voru á þinginu 1907, verður landssjóður að ábyrgjast prestum lögákveðin laun, og að svo miklu leyti sem tekjur prestasjóðs nægja ekki til að borga þau, verður landssjóður að greiða mismuninn. Ef margir menn losnuðu við að greiða sóknargjöld til prests, mundi prestlaunasjóður rýrna að sama skapi og afleiðingin verða sú, að landssjóður þyrfti að borga þeim mun meira til launa handa prestum.

Því takmarki verður því ekki náð, sem ætlast er til með breyt.till., að þeir sem ekki tilheyra þjóðkirkjunni borgi ekkert til hennar. Þeir verða eftir sem áður að borga í landssjóðinn og þeim mun meira, sem hann hefir meiri útgjöld og þarf í fleiri horn að líta. Hér er því einungis hálft spor stigið, og samsvarar ekki tilganginum nema að nokkru leyti.

Sú skoðun er einnig ríkjandi, að löggjafarvaldið megi ekki rýra tekjur bændakirkna. Ef breyt.till. gengur fram, þá sviftir hún þær tekjum, og þá gæti verið að tala um, að þær ættu skaðabótakröfu á hendur landssjóði.

Eg verð því að halda fast við skoðun meiri hluta nefndarinnar í þessu efni, þrátt fyrir röksemdir þær, sem fram hafa verið fluttar. Og það hygg eg, að allir verði að viðurkenna, að frumv. gerir miklar bætur á núverandi ástandi einnig í tilliti til utanþjóðkirkjumanna, að því leyti, sem þeir eru alveg losaðir við öll gjöld til þjóðkirkjunnar, ef þeir fullnægja lögákveðnum skilyrðum, í stað þess, að hingað til hafa þeir þó ekki með lögum ver-

ið leystir undan þeirri skyldu að greiða fasteignartíund og kirkjugjald af húsum til annara kirkna en þeirra, sem eru landssjóðseign, né heldur eru þeir að lögum lausir við lausamannsgjald til prests og kirkju. Og í annan stað er í þessu frumv. slept því skilyrði fyrir gjaldfrelsi utanþjóðkirkjumanna, sem sett eru í lögum 4. marz 1904, að söfnuðurinn hafi komið sér upp kirkju, sem að áliti kirkjustjórnarinnar teljist sómasamlegt guðshús.

Jón Ólafsson: »Litlu verður Vöggur feginn« og sannast það á mér, því eg er háttv. framsm. (Ól. Br.) þakklátur fyrir, að hann er samdóma röksemdum vorum, þótt hann væri okkur ekki samdóma um veginn eða niðurstöðuna, og vilji þannig afneita sjálfsagðri afleiðing þeirra röksemda, er hann kannast við að réttar séu.

Ein röksemd hans var skaðabótakrafa bændakirknanna. Ef þetta frv. yrði að lögum, er engin trygging fyrir því, að þær rýrni ekki sökum ákvæða þess. Eg vil því að eins svara því á þann hátt, eða minna á, að sá sem sannar of mikið sannar ekki neitt.

Jón Sigurðsson: Þessi hræðsla við það, að kirkjan muni missa tekjur, ef breyt.till. verður samþ., styðst við enga reynslu, og það kemur fyrst í ljós, þegar farið er að reyna ákvæðin, hvort hún er á rökum bygð. Að þetta mundi verða skaði fyrir landssjóð er ekki rétt. Peningarnir koma að eins á annan hátt. Ef breyt.till. verður samþ. mundi hún greiða fyrir frikirkjuhreyfingunni, og eg held ekki að það sé heppilegt, að skilnaður ríkis og kirkju dragist. Till. um fjölgun presta — þvert ofan í lög síðasta alþingis — hafa komið fram hér á þinginu.

Það er heldur engin trygging fyrir því, að tekjur bændakirkna haldist, sem nú eru þær, þótt frv. yrði samþ. án breyt.till. En ef breyt.till. kæmist í gegn þá myndi meiri hluti þeirra manna, sem aldrei sækir kirkjur hætta að borga til þeirra, og legðust þær þá niður af sjálfu sér. Ef svo færi með bændakirkjur, þá myndi það verða ábati en ekki skaði, því fæstir bændur munu græða á þeim.

Jón Ólafsson: Aðalatriðið í þessu máli er það, hvort það sé rétt að neyða menn til þess að styðja það trúarbragðafélag, sem þeir vilja ekki vera í, hvort það sé réttlætanleg framkoma, að samþykkja það, hvort sem það kostar krónunni meira eða minna. Þetta er allur kjarninn.

Björn Sigfússon: Eg er alveg samdóma þeirri grundvallarhugsun í frv., að gjöld til prests og kirkju eigi eftir eðli sínu að vera persónuleg gjöld, en þó er eg ekki ánægður með frumv. eins og það er. Eg hefi of seint tekið eftir breyt.till. minni hlutans, væri hún viðtækari, þá væri eg henni samdóma. Eg get ekki álitið það rétt eða heppilegt, að menn geti losað sig undan gjaldinu sem slíku, en mér finst, að það mætti koma gjaldinu þann veg fyrir, að það væri sanngjarnt gjald án þess þó að vera borgað til kirkjufélagsins, t. d. ef þeir, sem ekki eru í þjóðkirkjunni væru látnir greiða þetta gjald til barnaskóla eða til fræðsluhéraðsins, sem þeir eru í.

Ef svo væri, fellur freistingin í burtu að losa sig undan gjaldinu með því að segja sig úr kirkjufélaginn sökum þess. Eg er viss um að ýmsir, sem ekki fella sig við að borga til prests eða kirkjunnar, mundu miklu fúslegar vilja borga sama gjald til barnafræðslu. Eg vildi gjarnan sameina mig við h. flutningsmenn breyt.till. við 3. umr. og laga hana í þessa átt.

Jón Magnússon: Háttv. 2. þm. Húnv. (B. S.) þótti sem þessi breyting, sem

hér er um að ræða, væri hættuleg, og mundi verða til þess að leiða menn í freistni, til þess að segja sig úr kirkjunni af smásálarskap, vegna þess þeir ekki tímdu að greiða hin lögboðnu gjöld, og mundi einnig gera erfitt fyrir að áætla tekjur kirkna. Eg er h. þm. samdóma um þetta, og tel skynsamlega tillögu hans um að láta heldur þá menn, sem ekki geta verið í þjóðkirkjunni né í viðurkendum söfnuði utan hennar greiða jafnhátt gjald í fræðslusjóð, og þá hverfur einnig hættan, sem þm. talaði um.

Háttv. þm. Mýr. (J. S.) sagði, að bændakirkja, sem eigi fengi nægar sóknartekjur, yrði að leggjast niður. Þessu er ekki svo farið. Ef sóknartekjurnar hrökkva ekki til, þá verða eigur kirkjunnar, heimajörð og hjáleigur að borga það sem á vantar. Eg fyrir mitt leyti er mjög glaður yfir því að frumv. þetta er fram komið. Eg er viss um, að miklu hægara verður að innheimta þessi gjöld eftir að þau koma í gildi. Eg veit raunar ekki, hvernig það hefir gengið annarsstaðar, en hér í bænum varð að taka gjöld þessi lögtaki hjá 9 hundruð manns um síðastliðin áramót, en það þýddi sama sem tvöfalt gjald fyrir þessa menn eða meira.

Alt öðruvísi er háttað með t. d. styrktarsjóðsgjald, þar þarf aldrei lögtak, og sem sagt er eg milliþinganefndinni, sem fram með frumv. kom, þakklátur fyrir hennar tillögur og er því feginn, að frumv. er komið svona langt.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Eg er þakklátur 2. þm. Húnv. (B. S.) og þm. Vestm. (J. M.) fyrir þá hugsun, sem virðist vaka fyrir þeim — en þegar kemur til þess að framkvæma hugsunina, er eg þeim ekki þakklátur. Þeir vilja að menn, sem ekki heyra til neinu kirkjufélagi, skuli fyrst borga alment skólasjóðsgjald jafnt öðrum og því næst eigi þeir að greiða það á ný, með öðrum orðum, þeir einu eigi að borga tvöfalt fræðslugjald, og þetta kalla þeir sannsýni. Þetta kalla eg að refsa mönnum að leggja tvöfalt gjald á þá á við aðra.

Þeir sem vilja líta mest á sem lægst gjöld, en kæra sig kollótta um, í hverri Keflavíkinni þeir róa, hvað kirkjufélagsskap snertir, geta stundum bjargað sér á sinn hátt. Eg skal nefna dæmi til þess.

Eins og allir vita, er eg sjálfur únítari og eg efast raunar ekki um að þeir séu býsna margir með vorri þjóð, þótt eg sé einn af fáum, sem hafa djörfung til þess að kannast við það. Fyrir fám árum komu til mín nokkrir menn hér í bæ og spurðu mig, hvort eg væri ekki fáanlegur til þess að mynda únítarasöfnuð hér. En það stóð þá þannig á, að íslenzkir únítarar vestan hafs höfðu ekki presta eða prestefni aflögu og því varð ekkert úr þessari ráðagerð. En eg spurði þá, hvort þeir væri allir únítarar og svöruðu þeir því játandi. Nú vil eg spyrja: Hvað er orðið af þessum mönnum? Jú, þeir hafa gengið í Fríkirkjusöfnuðinn hér, af því þeir voru óánægðir með prestsþjónustu þjóðkirkjunnar.

En samvizkusamir menn, sem ekki eru þjóðkirkjutrúar, og vilja ekki hafa trú sína í fíflskaparmálum, ef eg mætti svo segja — þeir geta ekki samvizku sinnar vegna sætt slíkum ráðum, þar sem þeir eru fámennir. Þeir vilja ekki vera hræsnarar. En eigum vér að setja út verðlaun fyrir hræsni og yfirdrepskap?

Pétur Jónsson: Eg get ekki séð neitt á móti því, að samþ. þetta frv. nú þegar. Þótt það sé eins og gripið út úr skattamálakerfi, sem enn þá er

ekki komið á — nefnilega milliþinganefndarinnar — þá get eg ekki annað séð, en að það sé eins fyrir því til bóta á gjaldmáta til prests og kirkju. Eg vildi því mælast til, að minni hluti í nefndinni gerði ekki breyt.till. sína að kappsmáli. Finst ekki hægt að tala um mikla samvizkuþvingun fyrir utanþjóðkirkjumenn að gjalda þetta, þar sem gjaldið er svo lágt. Það er alment viðurkent, að kirkjan sé stofnun, sem þjóðfélagið eigi að styrkja. Á meðan þjóðkirkja á sér stað, er því eigi ósanngjarnt, að allir þeir, sem greiða gjald til annara kirkjufélaga, leggi beinan skatt svona lágan til hennar. Væri nú undanþága fyrir þá menn, sem í engu kirkjufélagi eru, mundu eigi samvizkusömustu mennirnir nota sér hana, þeim þætti það af ýmsum ástæðum ekki viðeigandi. Það yrðu einmitt þeir skeytingarminstu og þeir sem horfðu í aurana hins vegar.

Flestir nota presta til allra aukaverka og mörgum þykir óviðkunnanlegt að segja sig úr kirkjufélaginu, bæði af því, að þeir vilja ógjarna styggia hlutaðeigandi prest og svo líta sumir á það sem óviðeigandi, þótt þeir séu eigi kirkjulega sinnaðir, og og þetta eru einmitt betri og samvizkusamari mennirnir. Leiðrétting og réttlæti í þessum efnum fæst því ekki nema með því, að ríkiskirkja í því horfi sem nú er sé af numin.

ATKV.GR.:

1. gr. frv. sþ. með 16 atkv.

Br.till. (622) við 2.gr. feld með 14:10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Eggert Pálsson,
Jón Ólafsson,	Einar Jónsson,
Benedikt Sveinsson,	Hannes Hafstein,
Björn Jónsson,	Hálfdan Guðjónss.,
Jón Jónsson N.-M.,	Jóh. Jóhannesson,
Jón Jónsson S.-M.,	Jón Magnússon,
Jón Sigurðsson,	Magnús Blöndahl,
Jón Þorkelsson,	Ólafur Briem,
Sig. Sigurðsson,	Pétur Jónsson.
Skúli Thoroddsen,	Sig. Gunnarsson,
	Stefán Stefánsson,
	Þorleifur Jónsson.

2 þm. greiddu ekki atkv. og teljast til meiri hlutans.

2. gr. samþ. með 15 atkv.

Breyt.till. (594) við 3. gr. samþ. með 15 atkv. samhlj.

3. gr. frv. breytt sþ. með 16 atkv.

4., 5. og 6. gr. sþ. með 14 atkv. s.hlj.

Br.till. (594), 1 við 7. gr. sþ. án atkv.gr.

Breyt.till. (594), 2 við 7. gr. samþ. með 18 atkv.

7. gr. svo br. samþ. með 16 atkv.

Br.till. (594) við 8.gr. sþ. með 14. atkv.

8. gr. frv. breytt sþ. með 13 atkv.

Breyttill. (594) við 9. gr. samþ. með 17 atkv.

9. gr. svo br. samþ. með 14 atkv.

10. gr. samþ. með 17 atkv.

Breyt.till. við 11. gr. sþ. með 17 atkv.

11. gr. svo br. samþ. með 15 atkv.

12. og 13. gr. samþ. með 16 atkv.

Fyrirsögn frv. samþ. án atkv.gr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 atkv.

Þriðja umr., 3. maí (A. 694, 701, 707, 708, 713).

Framsögumaður (Ólafur Briem): — Viðvíkjandi breyt.till. þeim, sem fram hafa komið við þessa umr., skal eg taka það fram, að ein þeirra er frá nefndinni á þskj. 701, þess efnis, að skilyrði fyrir gjaldfrelsi utanþjóðkirkjumanna sé bundið við það, að framlög þau, er söfnuðurinn greiðir til prests og kirkju, nemi eigi minna en sem svarar 2 kr. fyrir hvern safnaðarlim 15 ára eða eldri. Þessi till. er fram komin út af bendingu frá 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) við 2. umr. málsins, þar sem hann gat þess, að dæmi væri til,

að trúboðar fengju staðfestingu, sem forstöðumenn utanþjóðkirkjusafnaðar, er ekkert legði fram til safnaðarþarfa og væri í raun réttri enginn söfnuður nema að nafninu til.

Um breyt.till. á þskj. 707 hefir nefndin ekki haft greiðan aðgang að bera sig saman, en eftir því sem eg kemst næst, er meiri hluti nefndarinnar samþykkur fyrri málsgreininni og æskir því þess, að breyt.till. verði borin upp í tvennu lagi. Við seinni málsgreinina er nefndin aftur á móti meira hikandi. Eins og tekið var fram við 2. umr. er gjaldið í prestlaunasjóð að nokkru leyti sama og gjald í landssjóð, þar sem landssjóður ábyrgist algerlega þau útgjöld, sem prestlaunasjóðurinn á að bera.

Að veita mjög viðtækar undanþágur frá prestsgjaldinu hlýtur því að leiða til þess að útgjöld landssjóðs aukist. Sérstaklega virðist varhugavert að veita slíka undanþágu með því einu skilyrði, að hlutaðeigandi greiði árgjald til sérstaks fræðslusjóðs fátækra barna í sínum hreppi, með því að afleiðingin yrði engin önnur en sú, að þar með væru aukin útgjöld landssjóðs að sama skapi, sem létt væri undir gjaldabyrði sveitarsjóðs, sem að lögum á að leggja fram kostnað við barnafræðslu. En af þessu leiddi aftur, að eiginhagsmunahvöt gæti orðið mestu ráðandi í þessu efni.

Að því er snertir áminsta breyt.till. er það heldur ekki ljóst, hvað átt er við með »hreppi«, hvort það er að eins hreppur í sveit eða þar undir heyri líka bæjarfélag.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Það hlýtur að vera bygt á hraparlegum misskilningi, að br.till. á þskj. 701 sé komin fram eftir tilmælum frá mér. Eg hefi engan hlut átt þar að máli. Að mínu áliti gerir hún lögin enn þá margfalt verri.

Þessi breyting er að eins til að gerspilla frumv.

Á breyt.till. 708 og 713 skal eg ekki minnast. Það eru að eins orðabreytingar. Aftur á móti vildi eg fara nokkrum orðum um br.till. á þskj. 707. Hún fer fram á, að undanskilja frá þessu gjaldi utanþjóðkirkjumenn, sem greiða minst 2 kr. til eflingar og stuðnings trú þeirra með fastri skipulagsskrá, sem ráðherra staðfestir, enda sé sjóðurinn undir stjórn þeirra manna, er ráðherra tekur gilda. Undanþegnir þessu gjaldi eru líka utanþjóðkirkjumenn, sem greiða minst 2 kr. til sérstaks fræðslusjóðs fátækra barna í sínum hreppi, enda hafi sá sjóður stjórn og skipulagsskrá staðfesta af ráðherra. Þetta er ekki gert til þess að létta á hreppsfélögunum, heldur til að styrkja aukreitis fátæk börn til fræðslu.

Eg vona, að háttv. deild fallist á þessar till. og samþ. frumv. þannig breytt.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Út af ummælum háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.), vil eg taka það fram, að það skiftir engu, hvort breyt.till. nefndarinnar á þingskj. 701 sé fram komin eftir bendingu frá honum. Hvað sem því líður, þá er tillagan jafn réttmæt í sjálfu sér, þar sem hún á að miða til þess, að koma í veg fyrir, að menn geti komist undan, að greiða lögboðin gjöld til prests og kirkju, að eins með því, að látast vera í utanþjóðkirkjusöfnuði, sem ekkert leggur fram til safnaðarþarfa, og því er naumast hægt að heimfæra undir sérstakt kirkjufélag, jafnvel þótt það að nafninu til hafi prest eða forstöðumann, er fengið hefir konunglega staðfestingu.

Eg het heldur ekki getað sannfærst

af orðum háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) um það, að það sé rétt, að menn geti leyst sig undan gjaldi til prestlaunasjóðs (sama sem landssjóðs) með því, að greiða árgjald til fræðslusjóðs í hreppnum (í reyndinni sama sem sveitarsjóðs). Miklu fremur virðist það liggja í augum uppi, að slíkri heimild gæti orðið hraparlega misbeitt, einmitt þar sem sízt skyldi, með því að freista manna til þess, að skjóta sér undan lögboðnum gjöldum í hagsmuna-skyni.

ATKV.GR.:

Breyt.till. (701) við 2. og 7. gr. feld með 14 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Björn Jónsson,	Bjarni Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Jón Ólafsson,
Björn Þorláksson,	Ben. Sveinsson,
Eggert Pálsson,	Björn Sigfússon,
Hálfdan Guðjónss.,	Einar Jónsson,
Jón Magnússon,	Hannes Hafstein,
Jón Þorkelsson,	Jón Jónss., N.-M.,
Magnús Blöndahl,	Jón Jónss., S.-M.,
Ólafur Briem,	Jón Sigurðsson,
Sig. Gunnarsson,	Pétur Jónsson,
Þorleifur Jónsson.	Sig. Sigurðsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Stefán Stefánsson.

Einn þingmaður greiddi ekki atkv. og telst til meiri hlutans.

Breyt.till. (708) þar með fallin.

—— (707) við 2. gr. samþ. með 19 atkv.

Breyt.till. (707) við 7. gr. samþ. með 19 atkv., og að breyt.till. taki bæði til 2. og 7. gr. í heilu lagi samþykt með 13 atkv.

Breyt.till. (713) við 11. gr. samþ. með 15 atkv.

Frumv. svo breytt samþykt með 20 atkvæðum samhlj., og endursent efri deild.

Alþtíð. B. II. 1909.

Ein umr., 8. maí. (A. 764, n. 769).

Jón Ólafsson: Herra forseti! Háttv. efri deild hefir nú farið svo með þetta frumv., að hún hefir felt eða skorið niður allar breytingar, sem gerðar voru hér í deildinni. Það er því ósk mín, að þessi háttv. deild felli frumv., það gerir heldur ekkert til, þó það bíði til næsta þings. Eg vona nú, að allir sýni þá samkvæmni við sjálfa sig, að greiða nú atkvæði gegn því. — Vegna tíma-naumleika er ómögulegt, að koma því í gott horf í þetta sinn.

Jón Magnússon: Eg ætla mér einungis, að láta þess getið, að eg vona, að háttv. deild muni ekki fara að orðum háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.). Frumv. hefir, eins og það nú er, í sér fólgna sanngjarna breytingu á hinum eldri lögum, er í er nokkur réttarbót. Það virðist því ástæðulaust, að fara að berjast — gegn háttv. Ed. — við að koma inn í frumv. frekari breytingum, sem að minsta kosti, svo að eg segi ekki meira, er efasamt um, hvort eru til bóta, og þannig stofna frumv. öllu í hættu, einkum þegar svo á stendur, að engu óhægra er að koma þessum frekari breytingum á síðar, ef ástæða þykir.

Jón Ólafsson: Mig furðar ekki á því, þótt háttv. þm. Vestm. (J. M.) sé meinilla við allan mótbyr gegn þessu sæla frumv., enda er síðasta ræða hans í fullu samræmi við fyrri ummæli hans um þetta mál; hann er líka þjóðkirkjumaður með lífi og sál. En eg álít ver farið, en heima setið, ef frumv. þetta nær samþykki þingsins. — Orð hins háttv. þm. Vestm. (J. M.) máttu sín lítið við síðustu umræðu hér, og eg vona hins sama nú.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Eg ætla ekki að deila um það við háttv.

2. þingm. S.-Múl. (J. Ól.), hvort þetta frumv. er réttarbót eða ekki, jafnvel þótt eg fyrir mitt leyti sé ekki í neinum vafa um það, að það sé talsverð réttarbót. Eins og kirkjugjöldum er nú háttað, er mjög erfitt fyrir sýslunefndir að innheimta þau. Má t. d. nefna lambsfóður, sem gjaldendur eru ekki skyldir að borga öðru vísi en í fóðrum, sem getur verið mörgum annmörkum bundið og óþægilegt að koma í peninga.

Viðvíkjandi því er háttv. 2. þingm. S.-Múl. (J. Ól.) sagði í ræðu sinni, að þjóðkirkjumenn væru ver settir eftir þessu frumvarpi, en samkvæmt núgildandi lögum, þá er þar ekki nema hálfsögð sagan. Eftir núgildandi lögum um utanþjóðkirkjumenn frá 19. febr. 1886 og 4. marz 1904 eru slíkir menn skyldir að greiða fasteignartiund og kirkjugjald af húsum til annara kirkna en þeirra, sem eru landssjóðseign, og sömuleiðis lausamannsgjald til prests og kirkju. En eftir frumv. eru þeir lausir við öll þessi gjöld, ef þeir fullnægja öllum þeim skilyrðum, er lögin setja, og þurfa þá ekki að greiða gjöld nema til sinnar eigin kirkju, og er ekki hægt að neita því, að þetta er sannarleg réttarbót fyrir þá.

Jafnvel þótt nefndinni sé það ekkert kappsmál, að koma frumvarpinu fram á þessu þingi, hefir hún fundið sér skylt, að styðja framgang þess og álítur, að það sé enginn ávinningur, að geyma það til næsta þings, heldur sé réttast, að afgreiða það nú sem lög frá þinginu.

Jón Magnússon: Eg mótmæli því, að eg hafi hvort er í orði eða verki nokkurn tíma reynt, að spilla fyrir utanþjóðkirkjumönnum. Þeim getur ekki verið það neitt áhugamál, að breyt.till. komist að, né staðið það á neinu. Eg hef aldrei gert mér neinar háar hugmyndir um það, að orð mín mættu sér nokkurs í þessari háttv. deild; það get eg sagt háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.). Og geti hann glatt sig við þá hugsun, að sín orð séu mikils metin hér, en mín einskis, þá vil eg eigi trufla þá gleði fyrir honum.

Jón Ólafsson: Eg ætla að taka það fram, að rangt er hjá háttv. framsm. (Ól. Br.), að þetta sé ekki halli fyrir utanþjóðkirkjumenn, það liggur í augum uppi, að svo er.

Viðvíkjandi ræðu háttv. þm. Vestm. (J. M.), þá ætla eg að geta þess, að það er að eins í þessu máli, sem orð hans og tillögur hafa verið lítið teknar til greina. Það er ætlun mín og von, að í öllum öðrum málum séu afskifti hans mikils metin af alþjóð manna.

Frumv. samþykt með 16 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Jónsson,	Bjarni Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Ben. Sveinsson,
Björn Þorláksson,	Jón Ólafsson,
Eggert Pálsson,	Jón Jónsson, N.-M.,
Hannes Hafstein,	Jón Jónsson, S.-M.,
Hálfdan Guðjónss.,	Jón Sigurðsson,
Jóh. Jóhannesson,	Sig. Sigurðsson,
Jón Magnússon,	Skúli Thoroddsen.
Magnús Blöndahl,	
Ólafur Briem,	
Pétur Jónsson.	
Sig. Gunnarsson,	
Stefán Stefánsson,	
Þorleifur Jónsson.	

Björn Sigfússon og Einar Jónsson greiddu ekki atkvæði, og teljast því til meiri hlutans.

Málið afgreitt sem *lög frá alþingi.*

Löggilding verzlunarstaða.

I.

Klettsvík.

FRUMVARP til laga um að löggilda verzlunarstað að Klettsvík í Neshreppi innan Ennis (A. 114); 1. umr. 10. marz.

Flutningsmaður (Sigurður Gunnarsson: Eins og háttv. þd. sér, þá er þetta lítið frumv. Eg býst því við að deildin taki málinu vel, þar sem hér er að eins um eina löggilding að ræða á höfn í Neshreppi innan Ennis.

Það sem vakir fyrir beiðendum í þessu máli er, að það geti orðið þeim hagræði með aðflutninga, þar sem flóabátarnir og jafnvel strandbátarnir fengjust þá fremur til að koma þar við. Hvað vík þessa (Klettsvík) snertir, þá hefi eg í höndum vitnisburð kunnugra sjómanna um það, að þar sé fult eins góð höfn og í Ólafsvík. Botninn er góður, dýpið 7 faðmar og innsiglingin rúm, skerjalaus og bein.

Eg vonast eftir að þingd. leyfi málinu að ganga til 2. umr.

Jón Ólafsson: Eg álít tilgangslaust að fara langt út í þetta mál, með því að hér eru allar sömu ástæður fyrir hendi til að neita þessu frv. samþykkis, eins og réðu gerðum meiri hlutans með löggildinguna í Viðey, því hér er að ræða um að samþ. höfn rétt við verzlunarstaðinn Ólafsvík.

Flutningsmaður (Sigurður Gunnarsson): Eg get ekki verið samdóma hinum háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) um það, að það séu sömu ástæður til þess að hafna þessu frumv. og frumv. um löggildinguna í Viðey. Aðalástæðan gegn því frumv. var sú, að Viðeyjarhöfn er fáa faðma til þess að gera frá Reykjavíkurhöfn, og mundi það verða stór hnekkir fyrir hana, ef sú höfn yrði löggilt, en slíkt getur als ekki komið til greina, að því er til Ólafsvíkur kemur. Verzlunarhús verða naumast reist við Klettsvík, nema reynslan sýni, að það sé hentugra almenningi. Eg skal í sambandi við þetta geta þess, að innri hluti Neshrepps er í þann veginn að verða sérstakt hreppsfélag; hefir það verið samþykt á fjölmennum fundi í Ólafsvík með miklum atkvæðamun að leyfa þeim þetta og stóð eigi á öðru í vetur, en samþykki meiri hluta hreppsnefndar, er þó var talið nokkurn veginn víst í hendi.

Vera má að háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) finni ástæðu hjá sér til að hefna sín á þessu frumv., af því löggilding Viðeyjar féll, og mun hann þá vilja gera fleiri löggildingum, er fyrir þetta þing koma, sömu skil. En eg vona að hann fái því eigi ráðið, heldur muni deildin og þingið alt leyfa þessu litla frumv. fram að ganga.

Jón Ólafsson: Eg get ekki séð, hvers vegna háttv. flutnm. (S. G.) ætlar, að eg muni greiða atkv. gegn löggildingingunni, eg held að það sé engin ástæða til þess fyrir hann, því eg minnist ekki eftir að hafa greitt atkv. mót einni einustu löggilding á höfn enn þá, nema þar sem alþ. vildi þvinga brennivínssölurétt fram með löggildingunni gegn vilja sjálfra löggildingarbeiðenda. Eg get heldur ekki skilið, að þetta mál snerti nokkuð væntanlega beiðni um löggilding úr Skaftafellssýslu. En það sem eg vildi leyfa mér að benda á í þessu sambandi, er samræmið í þessum tveim málum. Það sem var ástæða gegn löggildingunni í Viðey er orðin ástæða með löggilding þessarar hafnar hjá háttv. flutnm. (S. G.)

Flutningsmaður (Sigurður Gunnarsson): Eg gat þess áðan, að fundur hefði verið haldinn í Ólafsvík og þar

samþykt með öllum atkv. að biðja um löggildinguna. Eg vona því, að þm. sjái að hér er alt öðru máli að skifta, en þegar rætt var um Viðey. Mikill meiri hluti kjósenda í Neshrepp innri, bæði í innri hluta hreppsins og Ólafsvík sjálfri voru með löggildingu Klettsvíkur, en flestallir kjósendur Reykjavíkur eru harðlega mótfallnir löggildingu Viðeyjar.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv.

Önnur umr., 12. marz (A. 114).

Flutningsmaður (Sigurður Gunnarsson): Eg vonast eftir að hin háttv. delld taki þessu frv. mínu vel, en hæstv. ráðh. hefir bent mér á að í frv. vanti ákvæði, sem síðustu þing hafa sett í slík lög, sem hér ræðir um, og mun eg koma með breyt.till. um þetta efni við 3. umr.

Pétur Jónsson: Eg vil leyfa mér að stinga upp á að kosin sé ein nefnd í öll þessi löggildingamál og þá má fá þessa viðaukatill. setta inn. Sting upp á 3 manna nefnd.

ATKV.GR.:

Felt að skipa eina allsherjarnefnd í öll löggildingarmálin með 12 atkv. gegn 12 að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Jón Ólafsson,	Bjarni Jónsson,
Björn Sigfússon,	Benedikt Sveinss.,
Eggert Pálsson,	Björn Jónsson,
Hannes Hafstein,	Björn Kristjánsson,
Jóh. Jóhannesson,	Björn Þorláksson,
Jón Jónsson N.-M.,	Hálfdan Guðjónss.,
Jón Jónsson S.-M.,	Magnús Blöndahl,
Jón Magnússon,	Ólafur Briem,
Jón Sigurðsson,	Sig. Gunnarsson,
Jón Þorkelsson,	Sig. Sigurðsson,
Pétur Jónsson,	Skúli Thoroddsen,
Stefán Stefánsson.	Þorleifur Jónsson.

Frv.greinin á þskj. 114 samþ. með öllum þorra atkvæða. Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Þriðja umr., 15. marz. (A. 200,212).

Flutningsmaður (Sigurður Gunnarsson): Eg vil aðeins geta þess, viðvíkjandi viðaukatill., sem hér liggur fyrir, að hún er í því fólgin að færa frumv. í það form, sem það hefði upphaflega átt að vera í og er samhljóða því, sem áður hefir verið samþykt hér í þinginu.

Vona eg, að háttv. þingd. samþ. þessa viðaukatill.

ATKV.GR.:

Viðaukatill. (212) nr. 2. sþ. með 20 shlj. atkv.

1. gr. skoðuð sþ. án atkv.gr.

Frv. svo breytt í heild sinni samþ. með 18 shlj. atkv. og afgreitt til Ed.

II.
Hjallanes.

FRUMVARP til laga um löggilding verzlunarstaðar í Hjallanesi í Staðarfellslandi við Hvammsfjörð (A. 130); 1. umr. 11. marz.

Flutningsmaður (Bjarni Jónsson): Eg skal ekki tala langt mál, en að eins geta þess, að frumv. þetta hefi eg borið fram eftir áskorun héraðsbúa. Þykir þeim mikið undir því komið, að frumv. nái fram að ganga; þeir hafa kaupfélag og telja slíka löggilding nauðsynlega því til þrifnaðar, en alllangt er til þeirra tveggja verzlunarstaða, sem næstir eru, þ. e. Skarðstaðar og Búðdals.

Fyrir því hafa helztu menn þessa héraðs skrifað mér um þetta efni og tilgreint allar ástæður fyrir þessari

málaleitan, enda fer og í sömu átt þingmálafundarsamþykt, þar sem viðstaddir voru kjörnir fulltrúar allra hreppa kjördæmisins.

Vona eg, að háttv. deild láti að vilja Dalamanna í þessu efni.

ATKV.GR.:

Frumv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Önnur umr., 13. marz (A. 130, 204).

ATKV.GR.:

Viðaukatill. á þgskj. 204 sþ. með 18 shlj. atkv.

Frumv. þannig orðað sþ. í e. hlj.

Vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Þriðja umr., 15. marz (A. 210).

Frumv. (210) sþ. með 18 shlj. atkv. og afgreitt til Ed.

III.
Skarfstaðanes.

FRUMVARP til laga um löggilding verzlunarstaðar í Skarfstaðanesi við Hvammsfjörð (A. 131); 1. umr., 11. marz.

Flutningsmaður (Bjarni Jónsson): Eg hefi ekki annað að segja um þetta mál en hið fyrra.

Þetta frumv. er almenn ósk frá Hvammsveitungum, af sömu ástæðum, sem eg taldi til stuðnings hinu fyrra frumv. Þeim er þetta jafnmikið áhugamál.

Vil eg svo biðja háttv. deild að sýna þessu máli hina sömu velvild og hinu fyrra.

ATKV.GR.:

Frumv. vísað til 2. umr. með 20 samhlj. atkv.

Önnur umr., 13. marz (A. 131, 203).

ATKV.GR.:

Viðaukatill. á þskj. 203 sþ. með 17 shlj. atkv.

Frumv. þannig orðað sþ. með 17 shlj. atkv.

Vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Þriðja umr., 15. marz (A. 211).

ATKV.GR.:

Frumv. (211) samþ. með 18 shlj. atkv. og afgreitt til Ed.

VI.
Dalvík.

FRUMVARP til laga um löggilding Dalvíkur (A 664); 1. umr., 30. apríl.

Flutningsmaðnr (Stefán Stefánsson): Ástæðán til þess að þetta frumv. kemur svo síðla fram hér á þingi er sú, að eg fékk ekki nokkra vísbending eða bréf frá hlutaðeigandi hreppsnefnd fyr en nú. En þótt svona sé áliðið þingtimans, þá vænti eg þess að hin háttv. deild taki málinu vel og leyfi því að ganga sem hraðast gegnum hinar lögskipuðu umræður, að kostur er á. Það er annars næstum stór furða, að Svarfdælir skuli ekki fyrir löngu vera búnir að fá Dalvík löggilta eða með öðrum orðum óska þess, að þingmenn kjördæmisins flyttu það mál, því það mun þó nokkrum sinnum hafa komið fyrir, síðan þær verzlanir komu á fót, sem eru þar og hafa verið um nokkur ár, að erfiðlega hefir gengið að fá vöruflutningaskip til þess að koma þar inn á höfnina, af því að hún ekki var löggilt.

Því miður hefi eg ekki neinar mælingar á dýpi eður aðrar skýrslur að leggja fram viðvíkjandi höfninni, en mér er kunnugt um það, að hún þykir allgóð höfn, bæði mjög góður haldbotn og hlé fyrir miklu sjóróti, nema

í norðaustanátt, en þá er stutt að leita til góðrar hafnar við Hrísey.

Það sem eg hygg, að einkum valdi því, að þessarar löggildingar er beiðst, er það að Svarfdælir hafa myndað sérstakt kaupfélag fyrir sveitina, og er þar afleiðandi svo afaráríðandi, að fá öll sín vöruflutningaskip, sem hindrunarminst til þess að koma þar á höfnina.

Eg fer þá ekki um þetta fleirum orðum, en vona að löggildingin mæti engri mótspyrnu, enda er eg sannfærður um að þær hafa fjölda margar átt sér stað löggildingarnar, er síður var ástæða til, bæði hvað staðhætti og höfn snertir.

Vegna naumleika tímans vildi eg mega mælast til, að frumv. fengi að ganga í gegnum deildir þingsins með afbrigðum frá þingsköpum.

Forseti (H. Þ.) leitaði samþ. deildarinnar um að taka mætti málið fyrir, þótt það kæmi of seint fram samkv. þingsköpunum og var það samþ. í e. hlj.

ATKV.GR.:

Frv. vísað til 2. umr. með 21 atkv.

Önnur umr., 1. maí (A. 664).

ATKV.GR.:

1. gr. sþ. með 13 atkv.

2. gr. sþ. með 15 atkv.

Fyrirsögn frv. sþ. án atkv.gr.

Vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Þriðja umr., 3. maí (A. 664).

ATKV.GR.:

Frv. sþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

V.

Viðey.

FRUMVARP til laga um löggilding verzlunarstaðar í Viðey í Kjósarsýslu (stj.frumv. A. bls. 192[17]); 1. umr., 18. febr.

Ráðherrann (H. H.): Eins og kunnugt er var samskonar frumv. lagt fyrir síðasta alþingi, og var það samþ. í Ed en felt í Nd.

P. J. Thorsteinsson & Co. hefir nú á ný farið fram á að fá þennan stað löggiltan. Síðan á síðasta þingi hafa komið fram nýjar ástæður og atriði, sem mæla með slíkri beiðni. Félagið hefir t. d. látið gera mannvirki mikil í eynni. Auk húsa hefir það látið byggja stóra hafskipabryggju, þar sem gufuskip, bæði fiskiskip og flutningaskip geta legið við og fermt og affermt eftir þörfum. Öll þessi mannvirki hefir félagið látið gera í því trausti, að alþingi synji ekki löggildingarinnar, og það því fremur hefir það ástæðu til þess, sem alþingi að undanförnu hefir fylgt þeirri reglu, að synja ekki um löggilding verzlunarstaða, og það jafnvel þótt ástæðurnar hafi ekki alt af verið sem veigamestar.

Um þessa höfn má með sanni segja, að hún er fyrirtaks höfn, og það er meira en sagt verður um marga staði, sem löggiltir hafa verið og löggiltir munu verða, væntanlega einnig á þessu þingi.

Eg get reyndar búast við, að sumir finni máli þessu til foráttu, að það sé Reykjavíkurbæ til baga, en slíkt mun þó naumast vera rétt, ef vel er athugað, og ef þetta frumv. nær ekki samþykki þingsins, virðist félag það, sem komið hefir upp hafnarmannvirkjunum í Viðey, beitt misrétti, sem ekkert tillit til hafnarsjóðs Reykjavíkur getur réttlætt.

Eg vonast því til, að hin háttv. deild sýni þá samnkvæmi, að samþ. þetta frumvarp.

Magnús Blöndahl: Eg verð að viðurkenna, að mér brá í brún, er eg sá

frumv. þetta lagt fram hér í deildinni. Og það því fremur, sem þessi deild hefir áður felt málið, og mundi með því að samþykkja það nú gera sig seka í ósamkvæmni. *(Nokkrir þingm.:* Þingmenn eru ekki þeir sömu nú og á síðasta þingi). Margir þeir sömu. Þar við bætist, að eg sé ekki, að neinar nýjar ástæður hafi komið fram í málinu, nema að síður sé. Að félagið hefir ráðist í að byggja hús og bryggju á staðnum eru léttvægar ástæður, og sízt til þess fallnar, að þingið geti tekið hið minsta tillit til þeirra, fremur en bygginga annara privatmanna eða félaga.

Löggilding þessi getur heldur ekki komið landsmönnum til neinna nota, því ekki þarf að gera ráð fyrir, að Mosfellingar, eða þær sveitir, sem næst liggja, muni fremur sækja verzlun sína til Viðeyjar, þótt löggildingin komist á heldur en án hennar. Það mun einnig álit flestra mætra manna, að þingið eigi að hafa heill lands og þjóðar fyrir augum í þessu máli sem öðrum, en ekki fara eftir því, sem einstakir menn eða félög álíta sér bezt gagna.

Það er og heldur eigi nein ósamkvæmni af þinginu að neita þessari löggildingu, borið saman við fyrri löggildingar, því að hér stendur svo sérlega á, að staður þessi (Viðey), liggur undir handarjaðri höfuðstaðar Íslands, og alt önnur skilyrði fyrir hendi en vant er. Löggildingin mundi skaða bæinn mjög svo tilfinnanlega, með því að Reykjavík þá mundi meðal annars missa mikið af þeim hafnartollum, sem nú borgast til bæjarins. Hins vegar kemur það engan veginn tilfinnanlega niður á félaginu, þótt það fái ekki staðinn löggiltan; félagið getur alveg eftir sem áður haldið áfram að reka þar verzlun, og menn utan að munu engu síður sækja til verzlunar í Viðey, ef þeim þætti viðskifti þar eftirsóknarverð.

Eg sé því enga ástæðu til að veita löggilding þessa á kostnað bæjarins, en hálfútlendu félagi að eins í hag. Enn fremur skal eg geta þess, að höfnin er hreint ekki svo góð, sem ráðherrann (H. H.) lét í veðri vaka. Þegar austanstormur er á, er t. d. mjög ilt að liggja þar; en annars skal eg ekki fara fleiri orðum um þetta frumv. að sinni. Eg vona, að það verði felt.

Jón Þorkelsson: Eg vil taka það fast fram, að engar nýjar upplýsingar liggja fyrir, er komið hafa fram síðan á síðasta þingi, — þá var mál þetta felt hér á þingi, — sem mæli með því að fara nú að löggilda þennan stað. Eg veit það líka og vona, að þingið sem á að hafa meir alment en einstaklingsgagn fyrir augum, muni eigi fara að »hlaupa erindi« einstaks hálfútlends gróðafélags, sem setst hefir hér að um sinn, en enginn fær vitað, hve lengi stendur. Ef löggilding þessi fengist, yrði Reykjavík fyrir hinum mesta óréttti, sem verður því tilfinnanlegri, sem bærinn í svo mörgum öðrum atriðum er hafður út undan í samanburði við önnur kjördæmi landsins. Reykjavík hefir nú t. d. nær 1800 kjósendur til alþingis, en að eins 2 þm. Hins vegar hefir Seyðisfjörður með eitthvað 150 kjósendur 1 þm. Það getur að mínu áliti ekki komið til nokkurra mála, að farið sé að löggilda þennan stað, nema með því móti, að hann þá væri lagður um leið undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur. Landsmönnum er ekkert gagn í löggildingunni, en Reykjavík er hún til skaða. Og hverjum er svo verið að vinna gagn?

Jón Ólafsson: Eg vil leyfa mér að benda á, að löggildingin getur orðið öðrum til hagnaðar en félaginu. Reykjavík á engin hafnartæki. Uppskipun

kola, salts og önnur afferming er miklu dýrari hér en í Viðey og legst sá kostnaður á kaupendurna. Fiskiskipin gætu t. d. fengið kol, salt og aðrar þungavörur ódýrari, og kæmi það þá miklu fleirum í hag. Reyndar myndi Reykjavík missa dálítið af hafnartollum, en þó ekki svo mjög, sem þm. Rvk. gera orð á. En hafnartollar Reykjavíkur eru goldnir fyrir ekki neitt.

Jón Jónsson (S.-Múl.): Síðasti ræðum. benti með réttu á, að fleiri en félagið hefðu hagnað af löggildingunni, en hins vegar er það hreint ekki svo víst, að hafnarsjóður Reykjavíkur muni hafa skaða af því, þótt frumv. nái fram að ganga, því að skip þau, er ætla til Viðeyjar, geta komist hjá að greiða hafnargjöld í Reykjavík, með því að fara inn á aðrar hafnir til afgreiðslu, t. d. Keflavík, Hafnarfjörð eða Akranes, og afleiðingin yrði þá engin önnur en sú, ef frumv. yrði felt, að það væri aukakostnaður og fyrirhöfn fyrir hlutaðeigendur, en hafnarsjóður Reykjavíkur yrði hvorki ríkari né fátækari eftir. Mér er þetta ekki kappsmál; en það er þó finst mér óviðkunnanlegt, að fella þessa löggilding, þegar þess er gætt, að hingað til hefir það verið reglan, að samþ. allar löggildingar orðalaust.

Jón Þorkelsson: Löggilding verzlunarstaða að undanförnu hefir ávalt verið veitt með því markmiði fyrir augum, að gera alþýðu manna léttara fyrir að ná til kaupstaðar. Þegar kaupstaðirnir voru fáir, en fjarlægðin mikil á milli þeirra, veitti bændum og öðrum, er áttu langt að, mjög erfitt að koma á markað vörum sínum, og jafnframt ná til sín nauðsynjavörum frá kaupmönnum. Þar sem svo stendur á eru löggildingar nauðsynlegar. En hér er ekki því að heilsa; hér er engin almenningsþörf á bak við. Það mælir heldur ekki með þessari löggildingu, að bryggja sú, sem bygð hefir verið í Viðey, er sögð hrófatildur og varla hafskipum við hana leggjandi.

Frumvarp þetta á að fella nú þegar.

Magnús Blöndahl: Eg hefi eigi sannfærst af ræðum seinni meðmælenda með þessu frumv. Þeir hafa ekki lagt áherzlu á það, sem að mínu áliti er eitt af aðalatriðunum, og sem eg þegar áður hefi tekið fram, nefnilega það, að hér stendur svo sérstakt einkennilega á, að sá staður, sem löggilda á, er alveg við höfuðstað landsins; að hafnartæki hér séu slæm, skal eg engan veginn mótmæla, en eg vil þá leyfa mér að spyrja, hve mörg skip hafa notað þessa góðu Viðeyjarbryggju? Eg held, að þau séu fá íslenzk fiski- og verzlunarskip, sem tekið hafa kol og salt í Viðey. Annars hafa meðmælendur ekki fært neinar sannanir fyrir því, að aðrir en félagið hafi hag af þessu. Ef þingið færi að löggilda fyrir einstaka menn, væri það ný og hættuleg braut, sem þingið legði inn á. Hið eina rétta finst mér því að fella frumv. þegar við 1. umræðu.

Björn Sigfússon: Að sönnu verð eg að játa, að málið liggur mér í léttu rúmi, en eg fæ eigi séð, að þingið sýni nokkra ósamkvæmni með að fella þetta mál. Augnamiðið með löggildingar áður hefir ávalt — eða oftast — verið, að stytta vegalengdir fyrir menn, er langt áttu að sækja í kaupstað, en hér er ekki um slíkt að ræða. Þetta mál var felt í neðri deild á síðasta þingi, og því ósamkvæmni, ef deildin vildi nú samþykkja það. (*Jón Jónsson* 1. þm. S.-Múl.: Í deildinni sitja ekki sömu menn). Sumir þm. eru hinir

sömu, en hjá nýjum þm. er hér ekki um ósamræmi að ræða.

2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) sagði, að útvegsbændur mundu hljóta skaða af að frumv. væri hafnað, þá yrðu — eins og nú — skip þau, sem flytja salt og kol til Viðeyjar að koma hingað til Reykjavíkur og greiða hér hafnargjöld; það gerði þær vörur dýrari. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) hrakti þetta, með því að benda á, að hjá því má sneiða með því að slík skip komi fyrst til Keflavíkur eða Hafnarfjarðar. Þar þurfa þau ekki að greiða hafnargjöld. Þar er þó ósamræmi milli þeirra samþingismannanna, og vafalaust hefir fyrri þm. rèttara fyrir sér.

Fyrir þessa sök er ekki heldur þörf á löggildingunni. Eg mun því greiða atkv. móti frumv.

Jón Ólafsson: Háttv. 2. þm. Rvk. (M. B.) sagði, að hér stæði svo einkennilega öðruvísi á en með aðrar hafnlöggildingar, þar sem Viðey væri alveg undir handarjaðri Reykjavíkur. Þm. hefir ekki athugað þetta vel, lítum t. d. á Skildinganes, Svalbarðseyri, Hjalteyri eða Hnífsdal, sem er fáa faðma frá Ísafirði. Ekki er þar fjarlægðinni til að dreifa. Og Skildinganes löggilt fyrir 4 árum er nær Reykjavík en Viðey. Að skýra frá, hve mörg skip taki og hafi tekið kol og salt í Viðey, skal eg alveg leiða hjá mér, en það sannar ekkert um málið, því að enn liggur á sá hafnarkostnaður til Reykjavíkur, sem farið er fram á að losa Viðey við, og höfn getur þar verið alveg eins góð fyrir því.

Það liggur í augum uppi, að skipum væri það ekki lítið hagræði að geta tekið af sér krók og stórkostnað til einskis.

Hinn virðulegi 2. þm. Húnv. (B. S.) talaði um ósamræmi í orðum okkar þm. S.-Múl., en þetta getur naumast stafað af öðru en heyrnarbresti, því að meining okkar var algerlega hin sama; að eins sagði 1. þm. S.-Múl. (J. J.), að skip mættu fara á aðrar hafnir, en báðir lögðum við aðaláherzluna á það, að þau þyrftu ekki að koma hingað. Báðir gátum við þess, að skip til Viðeyjar gætu, að minsta kosti oftast, sýnt skipsskjöl á öðrum stað.

Úr því að eg stóð upp, til að tala í þessu máli, verð eg að benda á ósamræmi í orðum 1. þm. Rvk. (J. Þ.). Hann sagði, að skipin, sem keyptu kol og salt í Viðey, gætu að vísu haft hag af því að koma á þessa höfn, en landsmönnum mundi það ekki til hagnaðar.

Eg get nú ekki skilið, að skip geti haft hag af því eingöngu, en ekki eigendur þeirra, — og Íslendingar eiga þó ýms slík skip. Hann hefir því sjálfur játað það, sem hér er ágreiningsatriðið. Öll þilskip þurfa salt; öll ísl. gufuskip, t. d. botnvörpungar o. fl., þurfa kol.

Menn hafa tilfært það sem aðalástæðu móti þessu frumv., að útlent félag stæði á bak við — ætti Viðey. En er nú nokkur sönnun fyrir því, að Viðey muudi verða útlendingum fastari við hendur, en margar aðrar íslenzkar eignir, er með tímanum hafa gengið úr greipum þeirra (útlendinga)? Til þessa hefir útlendingum ekki látið að reka hér fiskiveiðar, og útlendum hlutafélögum fáum haldist lengi á verzlun. Íslands gæti því orðið hagurinn síðar meir. Eg hefi ekki svo sterka trú á langlífi þessa félags, eins og þm. Reykjavíkur.

ATKV.GR.:

Felt með 12 : 7 atkv. að skipa

nefnd í málið, og frumv. sjálft þvínæst felt frá 2. umr. með 12 : 10 atkv.

VI.

FRUMVARP til laga um löggilding verzlunarstaða (A. 452, 491); 1. umr. 17. apríl.

Forseti (H. Þ.): Inn í þetta frumvarp er komið mál, sem felt var snemma á þessu þingi hér í deildinni (Viðey). Efri deild hefir tekið það upp, með því að lauma því inn í þetta samsteypufrumvarp, þótt hún að réttu lagi hefði átt að vísa þannig lagaðri viðbót frá. Auðvitað gæti eg vísað frumv. frá í heild sinni, sakir þessa ágalla, sem eg verð að telja beint brot á þingsköpunum, en það væri hart vegna þess að það er nú hnýtt við aðrar löggildingar, sem voru lögformlega samþ. hér í deildinni. Vonandi að þetta verði lagað við 2. umr.

Jón Þorkelsson: Breyt.till. sú, sem hér er fram komin nú ásamt frumv. þessu, er þannig löguð, að hún er sjálfsamþykt, þegar til annarar umr. kemur. Ákvæði þau, sem hún fer fram á að fella niður, er þann veg til komin, að efri deild hefir ólöglega og lævíslega hnýtt þar aftan í eina málsgrein frumvarpsins öðru frumvarpi, sem búið var að fella nú á þessu þingi hér í deildinni, og var um löggilding verzlunarstaðar í Viðey í Kjósarsýslu. Þetta eitt út af fyrir sig er í raun réttri, ef í harðan reikningsskap væri gengið, nóg til þess að máli þessu væri réttast að vísa frá, og það kannast einnig hinn háttv. forseti við, að koma hefði mátt til álita, enda er þetta verk efri deildar ekkert annað en blátt áfram lagabrot, brot á þingsköpunum. Ekki ætla eg þó að halda því fram, að þetta verði gert að frávísunarsök, en þann liminn á frumv., sem hneykslar, vil eg fá afsniðinn.

Hannes Hafstein: Eg er á alt öðru máli en háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) og háttv. forseti deildarinnar (H. Þ.). Hér er eftir mínum skilningi als ekki að ræða um brot á þingsköpunum.

Í 27. gr. þeirra er bannað að bera upp aftur á sama þingi lagafrumvörp, sem önnur hvor þingdeildin hefir felt. Efri deild gat því ekki tekið upp aftur lagafrumv. um löggilding Viðeyjar út af fyrir sig. Hins vegar er í 30. gr. þingskapanna leyft með berum og skýlausum orðum, að breytingartillögur megi bera upp í hinni deildinni og í sameinuðu þingi um atriði, sem búið er að fella í deild. Þessi viðauki við löggildingarfrumv., sem háttv. Ed. hefir samþ., er bæði að formi og efni að eins atriði úr því stjórnarfrumvarpi um löggilding Viðeyjar, sem felt var hér í deildinni, og því virðist mér einsætt, að þingsköpin eru því ekki til fyrirstöðu, að þetta atriði komist inn í lögin, enda er því slegið föstu með úrskurði háttv. forseta Ed. Að því er snertir aðferð þessa að öðru leyti, skal eg að eins benda á það, að full ástæða getur verið fyrir þessa háttv. deild að samþykkja nú löggilding Viðeyjar í sambandi við fjölda margar aðrar löggildingar, sem miklu minni ástæða er til að öllu leyti, þó að deildin í þingbyrjun, meðan engin önnur löggildinga-frumv. voru samþ. né framkomin, vildi ekki samþ. löggilding Viðeyjar einnar út af fyrir sig. En þegar þetta þing þar á eftir kemst inn á þá braut, að samþykkja ástæðulitlar löggildingar fyrir hvern meiri hluta þingmann á fætur öðrum, þá gæti vel verið ástæða fyrir deildina til þess, að breyta atkvæði sínu um beztu höfnina, sem löggildingar er beiðst á.

Jón Þorkelsson: Eg get ekki skilið það, að efni frv. um löggilding verzlunarstaðar í Viðey hafi breytst svo til batnaðar síðan í febrúarmánuði, að það var felt hér í deildinni, að nú sé ástæða til þess að fara að mæla því bót. Það hefir ekki heldur batnað við það, að nú kemur það ólöglega fram. Þó hefir hinn háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) tekist á hendur að verja það, að ákvæði þessa fallna frumvarps hafa verið sett í efri deild inn í það frv., sem hér liggur fyrir. En ekki gat eg fundið, að ástæður þær, er hann færði fram fyrir réttmæti þessa lagabrots — því að lagabrot er það, sem hér hefir verið framið —, væri á neinum góðum eða réttum rökum bygðar, og var það eftir málefninu að vonum. Hinn hv. þm. hlýtur að sjá það eins vel og eg, að alt þingið gæti lent í ógöngum, ef það ætti að haldast uppi að taka síðari hluta þings efni úr þeim tillögum og frumvörpum, er feld hafa verið fyrri hluta þess. Á þann hátt mætti alt af vera að þrefa um sama hlutinn — og ekkert yrði að verki.

Hitt get eg skilið, að honum sé þetta kappsmál, þar eð hann var formaður þeirrar stjórnar, sem bar frumv. um löggilding Viðeyjar fram hér á þingi. Annað mál er það, hvort það er þess vert, að hann hætti sér í það að fara nú að taka svari þess, þegar það kemur fram í löglausri mynd.

Forseti (H. Þ.): Alt aðalefni hins felda frumv. er komið inn í þetta frv., það er löggildingin sjálf, sem er aðalatriðið. Hér er því um meira en eitt einstakt, lítilfjörlegt atriði úr feldu frv. að ræða, eins og h. 1. þm. Eyf. (H. H.) var að reyna að verja, en tókst vitanlega ekki, því að það er óverjandi. Það má taka dæmi til skýringar. Hyggur h. 1. þm. Eyf. (H. H.) að það væri réttmætt, eftir að eitthvert frumv. er felt í annari deildinni, að þá sé öllu aðalefni þess frumv., ofurlítið öðruvísi orðað hnýtt t. d. sem sérstakri grein við annað frumv., og það látið ganga í þessari mynd aftur til þeirrar deildarinnar, sem hafði áður felt málið. Nei, slíkt væru ósæmilegir lögkrókar, og þvert ofan í þingsköpin. En einmitt svona er þessu máli nú háttað, eins og það liggur hér fyrir, og h. 1. þm. Eyf. (H. H.) er öldungis þýðingarlaust að beita mælsku sinni og rökfimi til að réttlæta þetta. Hann hlýtur að gera það að gamni sínu, án þess nokkur hugur fylgi máli, svo að eg ekki taki frekar til orða. En þótt þessi stórgalli sé á frv., þá hefi eg úrskurðað að taka mætti það til umræðu, þangað til búið er að laga það og koma því í rétt horf. Það verður og að skoða þetta sem nýtt frumv., vegna þess að þar eru löggildingar tveggja staða (Kúðaóss og Skaptáróss), sem ekki hafa áður legið hér fyrir deildinni.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Eg ætla als ekki að blanda mér inn í þær deilur, er nú eiga sér stað. En eg vil að eins taka það fram, að sé það úrskurður forseta, að þetta sé ólöglegt verk hjá Ed., þá sé það skylda hans að banna umræður um það mál, svo að ekki sé farið með lögleysu, og þingsköpin brotin; hér er enginn millivegur.

Forseti (H. Þ.): Þetta er öldungis rangt hjá h. þm. (J. Ól.) Hvor deild er »souveræn« fyrir sig og úrskurður hvors deildarforseta um sig eru lög fyrir deildina í það og það skifti, enda þótt svo geti komið fyrir, að úrskurðurinn sé ekki réttur samkvæmt þingsköpunum. Eins og hér stendur á geri eg mig ekki að dómara yfir úr-

skurði forseta Ed., en hefi að eins bent á, að eg teldi hann ekki samkvæman þingsköpunum. Og þá er eg úrskurða, að málið skuli eigi að síður ræðast hér í þessari deild, þá verður h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) að hlíta því, hvort sem honum er það ljúft eða leitt.

Hannes Hafstein: Eg er samdóma háttv. forseta að þetta er alveg nýtt frumv. En sé það nýtt frumv., þá getur það ekki jafnframt verið gamalt frumv., sem búið er að fella á þessu þingi, og því getur, eftir þessari yfirlýsing forseta sjálfs, engin heimild verið til að vísa þessu frv. frá eftir 27. gr. þingskapanna. Spurningin um löggildingu Viðeyjar er nú að eins eitt atriði í nýju frumvarpi.

Dæmi háttv. forseta sannfærði mig als ekki. Eg ætla að leyfa mér að koma með annað dæmi. Setjum svo, að tvö frumvörp komi fram sitt í hvorri deildinni, og í báðum væri ákvæði um sama efni. — Nú er annað frumv. felt, einmitt vegna hins frumv., ætti þá hitt frumv. að vera orðið ólögmætt og réttdræpt vegna þess að hið sameiginlega atriði væri áður felt? Nei, þetta gæti með engu móti staðist eftir þingsköpunum né heilbrigðri skynsemi. Eg vil og minna á það, hve algengt það er að taka inn í fjárlagafrumv. atriði úr feldum lagafrumv., og hefir enginn haft neitt á móti því. Hversvegna skyldi þá eigi mega fylgja sömu reglu um önnur lagafrumv.?

Jón Magnússon: Eg skal ekki dæma um, hvort þetta er rétt og löglegt hjá forseta Ed. En eg vil taka það fram, að við verðum að beygja okkur undir það sem forseti Ed. hefir gert. Hans úrskurður hefir sem sé fult gildi, en hann var þessu algerlega samþykkur. Hvor deildin hlýtur að taka tillit til hinnar, og því hefir enginn rétt til að »disputera« um það, og eru því umræður um það mál alveg óþarfar, því úrskurður forseta er óbreytanlegur.

Forseti (H. Þ.): Frekari umr. um þetta efni álít eg óþarfar að svo stöddu, og hefi eg til hlítar lýst minni skoðun á málinu.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv.

Önnur umr., 20. apríl (A. 152, 491).

Magnús Blöndahl: Eg þykist ekki þurfa að mæla með breyt.till. á þskj. 491, því hún er í fullu samræmi við gerðir deildarinnar áður í þessu máli. Eg vil geta þess, að við prentunina féll úr einn stafur o, en það gerir nú hvorki til né frá. Eg ætla að láta mér nægja í bráð, að vísa til ræðu minnar við 1. umr. Annars lít eg svo á þetta, að réttast hefði verið að vísa því frá af þeirri ástæðu, að það sé ólöglega framkomið hér í deildinni. Þetta sama frumv. var áður hér fyrir þessari deild og var þá felt. Annars ætla eg ekki að vera að þrátta lengi um, hver réttur inn í þessu máli er, því sumir álíta það rétt og aðrir órétt. Ástæðurnar fyrir því að br.till. sé í alla staði réttmæt voru fluttar bæði af mér og öðrum áður fyr hér í deildinni og því engin þörf að taka þær upp aftur. Eg læt mér því að sinni nægja að mæla hið bezta með br.till., og treysti því, að hún verði samþ.

Hannes Hafstein: Eg ætla mér ekki að blanda mér frekar í deiluna um það, hvort rétt hefir verið í formlegu tilliti, að koma með þessa tillögu aftur. Það verður að álítast afgert mál, að tillagan komi til atkvæða, og vona eg að hún verði samþykt. Eg get ekki séð, að hægt sé að segja með neinum rétti, að þingdeildin sé búin að ákveða svo afstöðu sína til spurningarinnar um löggildingu Viðeyjar, að hún hafi

ekki alveg óbundnar hendur, nú er tillögunni víkur öðru vísi við, og hún kemur fram í öðru sambandi. Þó að deildin vildi ekki samþykkja löggilding á Viðey út af fyrir sig, þá getur verið góð meining í því, að samþykkja tillöguna, þegar það er orðið víst, að margar löggildingar aðrar, sem miklu minni ástæða er til, gangi fram á þinginu. Viðey er sjálfsagt bezta höfnin, sem farið hefir verið fram á að löggilda, og segja skipstjórar, að það sé bezta höfnin við Faxaflóa. Bæði er hún af náttúrunni góð höfn, varin fyrir öllum áttum, með nægu aðdýpi, en auk þess er búið að gera þar mjög mikil hafnarmannvirki, sem gera afnot hennar enn hægari og flýta mjög fyrir skipunum. Eg hef fyrir satt, að til þessara hafnarmannvirkja sé búið að verja um 300 þúsundum króna. Viti hefir verið settur á Geldinganesi, sem vísar sjófarendum leið inn á höfnina. Hann er þegar komin á sjókortin. Þar að auki eru 2 vitar við hafskipabryggjurnar, sem eru tvær. Við aðra er 28 feta dýpi, en hina 25 feta. 4 stórar »böjer« til að leggjast við. Járnbraut til að greiða fyrir við uppskipun og framskipun. Þar hefir verið grafið eftir vatni handa skipum, er þangað koma. Er múraður upp stór vatnsgeymir, er tekur 150 tonn af vatni, og er pumpað upp í hann úr brunnunum, en úr honum er vatnið leitt fram á bryggju, þar sem skipin geta lagst að og tekið vatnið. Á Reykjavíkurhöfn er afar-erfitt að fá vatn. Hér eru engar hafskipabryggjur, og þó að því vatnsleiðsla kæmi um allan bæinn, þá er útdráttarsamt að þurfa að sækja vatnið í land eða flytja það um borð í bátum, eins og verzlunarvarning. Það væri því mjög mikill hagnaður fyrir skip, sem þurfa að leita lands að eins eða aðallega til þess, að fá sér kol og vatn, að geta tekið þetta í Viðey, án þess að þurfa að koma fyrst til Reykjavíkur og borga hér hafnargjöld fyrir höfn, sem þeim er svo miklu óþægilegri. Það er afarmikill tíma-sparnaður, enda er þar þegar, þrátt fyrir þau vandkvæði, sem á eru, vegna þess, að Viðey er ekki löggilt höfn, all-mikil vinna fyrir skip. Þar eru daglega 60—120 manns í vinnu og mun það aðallega vera fólk frá Reykjavík, sem þeirrar atvinnu nýtur; en þetta mundi alt verða miklu meira, ef þessi höfn fengi að njóta jafnréttis við Kúðaós, Skaftárós og alla þessa ósa, sem verið er að löggilda.

Það er hálf-skringilegt að heyra andstæðinga frumvarpsins alt af vera að slá um sig með því, að mér sé þetta kappsmál, eg hafi komið fyrst fram með frumvarpið o. s. frv. Hvað skyldi þetta mál geta snert mig persónulega? Eg ímynda mér, að allir háttv. þingdeildarmenn viti, að þetta mál var ekki borið fram af mér á þinginu 1907, og ástæðan fyrir því, að það var nú tekið upp sem stjórnarfrv., var eingöngu sú, að hlutaðeigendur, sem sendu beiðni um þetta til stjórnarráðsins, færðu svo yfirgnæfandi ástæður fyrir beiðni sinni, að stjórnarráðið þóttist ekki geta komist hjá að sinna henni, nema á þann hátt, að taka frumvarp upp, vegna þeirrar reglu, sem þingið hingað til hefir fylgt um löggildingu kauptúna og vegna samanburðar við aðrar löggiltar hafnir; eg þykist viss um, að ef þingmenn kyntu sér málið, eins og stjórnarráðið gerði, þá mundu þeir sjá, að ekkert annað er þessu til mótspyrnu en reykvísk hreppapólitík og blint flokksfylgi við þingmenn Reykjavíkur, sem hafa alveg yfirdrifnar hugmyndir um það, hversu miklu hafnarsjóðurinn hér mundi tapa eða réttara hve mikið af tekjum hann

mundi fara á mis við, ef þessari jafnrèttiskröfu væri framgengt.

Magnús Blöndahl: Eg hefði vel getað búist við, að háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) mundi hafa betri gögn til að verja málstað sinn, en raun varð á. Hins vegar get eg ósköp vel skilið, að að honum sé þetta kappsmál, þrátt fyrir yfirlýsingar hans í því efni, enda mun honum þykja vænt um frumv. og frá honum er það runnið. Alt er hann taldi upp því til kosta hafði als enga þýðingu, og kom naumast málinu við. Er nokkuð það til, er banni hlutaðeigendum að reka þar atvinnu sína, sem þeir þegar eru byrjaðir á? Öll vottorð hans eru handónýtt léttmeti, því ekkert er auðveldara en koma með vottorð um það gagnstæða. T. d. sagði skipstjóri nokkur við mig, að hann hefði einu sinni lagst við þessa makalausu bryggju, en það mundi hann ekki gera í annað sinn, því svo mikið hrófatildur væri þessi bryggja.

Þá talaði sami þm. um margskonar hlunnindi þar í Viðey og sagði að mikið mætti losa þar á stuttum tíma, og getur það vel verið rétt, en hefir þó þann litla galla, að það kemur ekki því máli við, sem hér liggur fyrir. Hann viðhafði þau ummæli, að hér væri um hreppapólitik að ræða. Slíkt er fjarstæða og lokleysa, enda órökstudd og óréttmæt árás, alveg að ástæðulausu. Þegar hann er að bera Viðey saman við aðra staði, sér hann þá ekki muninn? Þessi staður, sem hér er um að ræða, er rétt við bæjarvegg Reykjavíkur, ef svo mætti segja, en þó í öðru lögsagnarumdæmi, og þó hefir háttv. flutnm. þessa sæla frv. ekki komið til hugar að stiga neitt spor í þá átt að leggja Viðey undir lögsagnarumdæmi höfuðstaðarins. Hann talaði um óverðugleik ósanna, en það er gerólíkt og hin mesta fjarstæða, eða liggur nokkur af hinum stærri bæjum þessa lands við hliðina á þeim? Hann vildi neita því, að það gæti orðið nokkur hætta fyrir bæinn hér. Ef hinn háttv. þingm. vill athuga þetta rækilega og hlutdrægnislaust, þá hlýtur hann að komast að þeirri niðurstöðu, að þetta hefir ómetanleg skaðandi áhrif á þennan bæ, að slíkt tjón er óútreiknanlegt og verður með engum tölum talið. Það er að vísu satt, að allmargir verkamenn héðan úr Reykjavík hafa fengið atvinnu í Viðey, en það mælir als ekkert með löggildingu hennar, enda reyndi þm. ekki til að rökstyðja þau ummæli sín á nokkurn hátt. En svo er annað. Hvernig stendur á því að Mosfellssveitarmenn og Kjalnesingar hafa ekki látið neinar óskir í ljósi um að þetta kæmist til framkvæmda? Það hefir ekki heyrst nein rödd frá þeim í þá átt. Þá langar víst als ekki til, að Viðey verði löggilt. Og þó gæti þeim verið hægra ef til vill að sækja þangað nauðsynjar sínar, en til Reykjavíkur, eins og skiljanlegt er. Eg vil því endurtaka það, að engin rödd hefir borist oss til eyrna um það, að þessi löggilding væri sniðin eftir vilja þeirra, né nokkurs manns annars en þessa eina hlutafélags, er hér á hlut að máli, og virðist mér þó að það hefði máske getað ráðið nokkru um úrslit þessa máls. Eg get vísað háttv. þm. á það, að ræður þm. Rvk. á síðasta þingi eru í ágætu samræmi við skoðun mína á þessu máli, og sömuleiðis samkvæmt þeim skoðunum, er komu greinilega í ljós á þingmálafundinum hér. Hér liggur auðsjáanlega á bak við mikið kapp, og það er heldur ekkert óeðlilegt. því háttv. þm. er frumv. einkar kært, enda er það von, þar sem hann hefir borið það

fyrir brjóstinu, og svo að segja fóstrað það og nært og flutt það á þinginu. En að hinu leytinu ætti hann þó að finna hvöt hjá sér og ástæðu til að athuga, að þetta alræmda frv. hefir í sér fólgna stórkostlega hættu fyrir Reykjavíkurbæ, og engum ætti að blandast hugur um það, að meira ber þó að meta hag um 11,000 manna, er í Reykjavík búa, en persónulegan hagnað þess félags, sem nú er eigandi Viðeyjar.

Jón Þorkelsson: Hinum háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) er enn ekki kapplaust í kotrunni með að halda í löggilding Viðeyjar, sem nú kemur hér ólöglega fram svo sem ljós í rófunni á öðru frumv.

Þm. veit það vel, að búið var að fella hér í deildinni á þessu þingi frv. um þetta efni, og að efni þessa felda frumv. er nú komið hér inn sem viðbót í frumv. það, sem hér liggur fyrir á alveg löglausan hátt, og að þessu verður ekki nein bót mælt.

En þó nú þessu sé svo varið, gæti þó verið umtalsmál, hvort ekki kynni að vera út af fyrir sig nauðsyn á þessari löggildingu. En ekki tekur þá betra við. Á síðasta þingi var líka felt frumv. um löggilding þessa staðar, sem alveg ástæðu- og nauðsynjalausa. Og í sambandi við það vil eg minna háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) á orð manns, sem hann sjálfsagt metur mikils, en það er Tryggva bankastjóra Gunnarssonar. Taldi hann þá, að það væri ekki verið að löggilda þennan stað í þágu eða þarfir landsmanna, heldur útlendinga, og þótti þinginu þá engin ástæða til að verða við því. Þetta hefir ekki breytst síðan, og nauðsynin er ekki meiri nú en þá.

Hinn háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) gat þess, að útlend skip og skip yfir höfuð kæmust hjá því að gjalda hafnartoll, ef Viðey yrði ekki löggilt, og taldi hann það löggildingunni til meðmæla. Að vísu er það svo, að þau skip, sem til þeirrar hafnar færu losuðust við hafnartoll í Reykjavík. En getur þm. ábyrgst, að ekki verði einmitt lagður á hafnartollur í Viðey, þegar búið er að löggilda hana? Enn sagði þm., ef neitað væri um löggildingu, þá mundi það hefta allar framkvæmdir félags þess, er nú hefir þar bækistöð sína. En má eg spyrja: hefir það ekki getað athafnað sig þar hingað til löggildingarlaust, og sett þar upp ýms hafnarmannvirki, sem þm. lofaði svo mjög? Reyndar hefi nú heyrt sagt, að þau væri ekki mjög traust, og haft er það eftir skipstjóra einum, sem lagði þar að hafskipi, að ekki mundi hann leggja oftar að hrófatildri því, svo að mannvirki þessi eru heldur ekki meðmæli með löggildingunni.

Sama þm. þótti nær að löggilda þennan stað heldur en Kúðaós og Skaftárós. En þetta hefir hann án efa talað af ókunnugleika. Þar er þörf á löggildingu, en hér er löggilding óþarfi. Þar er langt til kaupstaða, en hér er hver kaupstaðurinn við annan.

Eins og hér hefir nú verið að farið, og eg hefi í upphafi orða minna bent til, þá er hér verið að fara með löglausan leikaraskap. Eigi þm. að haldast uppi að læða föllnum frumv. aftur inn í þingið innan í nýjum frv., þvert ofan í þingsköpin, þá væri ómögulegt að fella neitt mál til hlítar hér á þingi. Þá mætti búa til eitt frv. nýtt úr föllnum frumv. og tillögum, og gæti úr því orðið laglegur bálkur á þessu þingi. Þetta sýnishorn mætti kanske duga til bráðabirgða: »Frumv. til laga um ýmislegt snertandi atvinnu, embætti, visindi og verklegar framkvæmdir hér á landi«. Gæti þá komið í 1. gr. fallið frumv. um bygginga-

sjóðinn; 2. gr. fallið frumv. um fornmenjasafnið; 3. gr. fallin fjárveiting til brúar á Ytri-Rangá; 4. gr. fallin fjárveiting til síma út í Vestmanneyjar; 5. gr. fallið frumv. um laun handa Þórði lækni Sveinssyni á Kleppi, og því næst hvað annað fleira, sem minnugum mönnum kann að hugkvæmast, og menn þykjast þurfa að rétta hluta sinn um. Afleiðingin af þessu atferli yrði sú, að þesskonar endurtekningar gætu orðið óendanlegar; það yrði flækja, sem alsendis ómögulegt yrði að ráða fram úr; á þinginu yrðu háð nokkurskonar »hjaðningavíg«, þar sem alt gengi aftur jafnharðan og það væri drepið.

Eg þykist svo ekki þurfa að tala öllu frekar um þetta mál, því að eg vona, að háttv. þingdeild sé það nokkuru veginn ljóst, að frumv. það, sem eitt út af fyrir sig og í ólöglegu formi þótti óhæft, eigi ekki meiri rétt á sér fyrir það, þótt reynt sé að smeygja því ólöglega inn í annað frumv.

Hannes Hafstein: Hinir háttv. þm. Rvk. hafa að eins haft þessa einu mótbáru fram að bera gegn löggilding verzlunarstaðar í Viðey, sem eg hefi áður drepið á, og það er sama mótbáran, sem þm. Rvk. hafa haldið fram áður á þingi. Þeir líta svo á, að slík löggilding mundi skaða einn sjóð í þeirra kjördæmi, og mér er ómögulegt að sjá, að það sé annað en eg sagði áðan, »reykvísk sérpólitík«, sem ekki ætti að leiða menn til þess að fara hér eftir öðrum reglum en þeim, sem þingið alt af er vant að fylgja, þegar um aðrar hafnir er að ræða, það því síður, sem hér er að ræða um mikla hagsmuni fyrir siglingar hér um slóðir, að minsta kosti meðan Reykjavík hefir enga brúkandi höfn að bjóða.

Þetta mál féll hér í deildinni á síðasta þingi með 1 atkv. mun, eða með jöfnum atkv. Og þótt 1. þm. Rvk. sem þá var, bankastjóri Tryggvi Gunnarsson, hafi verið þessari löggilding mótfallinn, þá er það ekki svo undarlegt, því að hann hefir jafnan á þingi verið mótfallinn öllum nýjum löggildingum, sem ekki hefir verið brýnasta þörf á, og á síðari árum öllum löggildingum undantekningarlaust. Eg þykist þess fullviss, að honum mundi ekki þykja neitt minni ástæða til að samþykkja þessa löggildingu en ýmsar aðrar, er nú er farið fram á og samþyktar hafa verið.

Háttv. 2. þm. Rvk. sagði, að löggilding Viðeyjar »hefði ómetanleg skaðandi áhrif á þennan bæ, svo að slíkt tjón væri óútreiknanlegt og yrði engum tölum talið«. (*Magnús Blöndahl:* Eg stend við það). En þó sagði háttv. þm. jafnframt, að hafnarlækin þar væru svo vond og höfnin yfir höfuð svo ómerkileg, að enginn mundi vilja nota hana, þó að hún væri löggilt. (*Magnús Blöndahl:* Það sagði eg ekki). Jú, háttv. þm. sagði einmitt þetta, og býst eg við, að fleirum en mér hafi þótt þessar tvær röksemdir einkennilegar svona hvor með annari, í sömu andránni. Að enginn noti höfnina, eftir að hún verði löggilt, en samt verði löggildingin óútreiknanlegt tjón fyrir Reykjavík, vegna þess hvað Viðey dragi frá henni, það er leyndardómur, sem víst öllum er hulinn, nema háttv. 2. þm. Rvk. (M. Bl.), ef málinu er ekki þannig varið, að hann hafi gleymt því, sem hann sagði fyrst, og ekki rámað neitt í það, þegar hann kom fram með síðari spekina. Honum hefir verið það svo mikið kappsmál, að fylgja fram vilja kjósenda sinna, er hann hyggur að muni

vera, að hugsunin hefir farið út í veður og vind.

Þá lagði sami háttv. þm. (M. Bl.) mikla áherzlu á það, að úr nærsveitunum hefðu ekki komið fram neinar óskir um þessa löggilding. En af því verður engin ályktun dregin. Bændum í nærsveitunum, Mosfellssveit og Seltjarnarnesi, hlýtur eftir hlutarins eðli að liggja það í fremur léttu rúmi, hvort löggiltur verzlunarstaður verður í Viðey eða ekki; þeir mundu eftir sem áður hafa viðskifti sín í Reykjavík og sækja þangað, heldur en bæta sjóferð út í Viðey við landferðir sínar. Það eru siglingarnar og fiskiveiðarnar, sem þessi löggilding kæmi aðallega að haldi, að minsta kosti beinlínis. Nærsveitirnar hefðu svo auðvitað einnig óbeinlínis hagnað af því, er verzlunin með kol og steinolíu hefði af því, að fá afnot af góðri og fljótlegri höfn.

Skipum, sem þurfa að ná vatni eða öðru í flýti, þykir þetta svo mikið hagræði, að mér finst als ekki rétt að hafna því. Og þótt nú sé það ekki nema eitt félag, er hlut á að máli, geta síðar komið fleiri félög eða fleiri menn, er vildu hafa not af höfninni.

Löggildingin opnar einmitt veg til þess, að fleiri en þetta félag fái notið hafnarinnar. Nú meðan höfnin er ekki löggilt, getur félagið útilokað aðra eftir vild frá slíku hagræði að reka þar atvinnu; en ef löggilt höfn kæmi þar, þá verða eigendur eyjarinnar að hlíta fyrirmælum laganna frá 13. marz 1891, um rétt manna til að fá útmældar lóðir í kaupstöðum og í löggiltum kauptúnum, og hleypa öðrum að til að reka þar verzlun. Löggilding eyjarinnar er því eina ráðið til þess að útiloka þar allan einkarétt eins félags.

Þess vegna er það undarlegt, að þingið skuli ekki — bæði 1907 og nú 1909 — vilja löggilda þessa höfn. Það virðist miklu nær sanni, að það hefði tekið upp hjá sjálfu sér að löggilda hana, án beiðni frá eigendum, einmitt til þess að opna öllum aðgang að því, að hafa gagn af gæðum hafnarinnar, án þess að vera komnir upp á geðþótta eyjareigenda.

Háttv. 2. þm. Rvk. (M. Bl.) gaf í skyn, að um hinar löggildingarnar, sem frumv. hljóðar um, gegndi nokkuð öðru máli, þeir staðir gætu ekki notið sín án löggiltrar hafnar o. s. frv. En eg verð að álíta, að þær hafnir gætu einmitt notið sín alveg jafnt fyrir því, þar getur verið sveitaverzlun, og öðruvísi verða þær varla notaðar. Það er mjög ólíklegt, að nokkur þeirra verði eiginleg verzlunar- eða siglingahöfn, sem skip komi til eingöngu frá útlöndum. Þangað mundu í hæsta lagi koma við og við skip, sem hvort sem er greiða gjöld sín annars staðar. Þá gerir löggildingin lítið til eða frá, annað en möguleikann til vínsölu.

Sami háttv. þm. sagði enn fremur, að skipstjórar hefðu látið mjög illa af Viðeyjarhöfn, hann kvaðst hafa vottorð um það. Þá vildi eg biðja hinn háttv. þm. að sýna mér það vottorð, það gæti verið nógu fróðlegt að fá að sjá það.

Eg veit ekki betur, en að allir skipstjórar hafi einmitt látið hið gagnstæða í ljósi, þeir hafa sagt, sem er, að höfnin væri örugg og góð, og um það hefi eg séð ýms vottorð áreiðanlegra manna.

Að því er bryggjuna í Viðey snertir, þá hefi eg skýrslu frá einum skipstjóra um það, að hann hefði eitt sinn í vetur í hvassviðri orðið að liggja 3—4 daga (25.—28. febr.) aðgerðalaus á höfninni hér í Reykjavík, en hefði í sama veðri getað athafnað sig í Viðey. (*Magnús Blöndahl*: Hvers vegna fór

hann þá ekki þangað). Það gerði hann líka, og lauk því þar á einum degi, er hann gat hér ekki á mörgum dögum. Eg sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál; eg vil enn á ný algerlega vísa því á bug, að mér sé þetta »kappsmál« enda þótt það hafi komið fram sem stjórnarfrumv. í þetta skifti, af því mér virtist beiðni um það réttmæt og rökstudd. Eg hefi talað lítillega fyrir málinu af þeirri ástæðu, að mér fanst það skylda mín að gefa réttar upplýsingar, er málinu gætu orðið til skýringar og eg hefi til skams tíma ekki getað gert mér í hugarlund að fara ætti að slá pólitiskt númer út úr öðru eins máli og þessu, blanda inn í það þjóðarríg og útúrboringsstjórnspeki með glósum og getsökum.

Jón Þorkelsson: Eg nenni nú varla að vera að þjarka lengur um þetta mál. Eg skal að eins taka það fram, að eg hefi ekki eins á móti löggilding Viðeyjar, ef það mætti verða með þeim hætti, að eyjan yrði þá lögð undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, ef Kjósarsýsla lætur það eftir. Gætu þá þeir sem hafa áhuga á löggildingunni komið með þingsályktunartill. um það að landstjórnin búi málið undir næsta þing.

Að öðru leyti verð eg að skora á háttv. þd. að vera nú svo samkvæm sjálfri sér að samþ. breyt.till. á þgskj. 491.

Björn Kristjánsson: Eg stend upp til þess að andmæla þeirri kenningu, sem komið hefir fram í umræðunum í dag, að eins sé háttað um þessa löggildingu verzlunarstaðar í Viðey og um aðrar löggildingar. Eg veit ekki betur en að allar löggildingar hafi farið fram eftir óskum hlutaðeigandi héraða. Að þessu leyti á ekki hin umrædda löggilding sammerkt við aðrar. Hér á löggildingin að eins að fara fram eftir ósk útlends félags, sem engin viðskifti eða lítil hefir við landsmenn. Ekki veldur það kappinu, að félagið fái ekki að verzla. Félagið er óhindrað að því að reka atvinnu sína, hvort sem staðurinn er löggiltur eða ekki, þegar það hefir sveitaverzlunarleyfi. Eini rétturinn, sem félagið vill ná í, er að komast hjá því að gjalda lögboðið hafnargjald hér í Reykjavík, og um það stendur slagurinn, hvort meta eigi meira hag þessa útlenda félags eða hag Reykjavíkur. Orð háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) sýndu það, að löggildingin hefir enga þýðingu fyrir Mosfellssveit, af henni stafar enginn hagur til handa Íslendingum. Kappið alt miðar að því að losna við hafnargjöldin, því að engin bönd eða höml-ur eru lagðar á það, að félagið fái rekið atvinnu sína. (*H. Hafstein:* Útmælingu lóða mundu þó Íslendingar hafa gegn af). Nei, af útmælingunni hafa Íslendingar ekki gagn, úr því að þeir hafa ekki gagn af löggildingunni yfir höfuð og mundu alls ekki fara að setja sig niður út í Viðey til að verzla.

Það, sem háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) var að tala um, að skip hefðu legið hér marga daga, en losað sig á einum degi í Viðey, þá kemur það ekki þessu máli við. Það er engin hindrun fyrir skipin að afferma sig í Viðey, þótt þau séu afgreidd hér.

Af framantöldum ástæðum virðist mér ekki við eiga að samþykkja þetta frumv.

ATKV.GR.:

Brt. á þgskj. 491 við 1. gr. sþ. með 13 : 11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Jón Ólafsson,
Ben. Sveinsson,	Eggert Pálsson,
Björn Jónsson,	Einar Jónsson,
Björn Kristjánss.,	Hannes Hafstein,
Björn Sigfússon,	Jóh. Jóhannesson,
Björn Þorláksson,	Jón Jónss., S.-M.

Já:	*Nei:*
Jón Jónsson N.-M.,	Jón Sigurðsson,
Jón Magnússon,	Ólafur Briem,
Jón Þorkelsson,	Pétur Jónsson,
Magnús Blöndahl,	Skúli Thoroddsen,
Sig. Gunnarsson,	Stefán Stefánsson.
Sigurður Sigurðss.,	
Þorleifur Jónsson.	

Hálfdan Guðjónsson var fjarstaddur.

1. gr. frv. þannig breytt samþ. með nafnakalli með 17 : 7 atkv. og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Hannes Hafstein,
Jón Ólafsson,	Jóh. Jóhannesson,
Bened. Sveinsson,	Jón Jónsson, N.-M.,
Björn Jónsson,	Jón Jónss., S.-M.,
Björn Kristjánss.,	Jón Magnússon,
Björn Sigfússon,	Jón Sigurðsson,
Björn Þorláksson,	Sig. Sigurðsson,
Eggert Pálsson,	
Jón Þorkelsson,	
Magnús Blöndahl,	
Ólafur Briem,	
Pétur Jónsson,	
Sig. Gunnarsson.	
Skúli Thoroddsen,	
Stefán Stefánsson.	
Þorleifur Jónsson,	

Einar Jónsson greiddi ekki atkv., talinn með meiri hlutanum. Hálfdan Guðjónsson fjarstaddur.

2. gr. frv. sþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögnin talin sþ. án atkv.gr.

Frv. visað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Þriðja umr., 22. apríl (A. 545).

ATKV.GR.:

Frumv. samþ. með 13 shlj. atkv. og endursent Ed.

Stjórnarskrárbreyting.

FRUMVARP til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1874 og stjórnarskipunarlögum 3. okt. 1903. (Stjórnarfrv. A. bls. 192[4]); 1. umr., 19. febr.

Ráðherrann (H. H.): Ef frumvarpið um ríkisréttarsamband Danmerkur og Íslands, sem eg nú hef lagt fyrir alþingi, nær fram að ganga, falla burtu lögin um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu frá 2. jan. 1871, sem stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands frá 5. jan. 1874 og stjórnarskipunarlögin um breyting á henni frá 3. okt. 1903 eru bygð á, og í staðinn kemur annar grundvöllur á að byggja. Þar sem stjórnarskipun Íslands hefir hingað til verið bygð á ráðstöfun (delegation) af hálfu hins danska ríkisvalds á löggjöf og stjórn tiltekinna sérmála í óaðskiljanlegum ríkishluta, verður hún í skjóli sambandslaganna eftirleiðis bygð á ráðstöfun Íslands sjálfs, er það gerir sem sérstakt ríki um alla hagi sína. Danmörk hefir þá eigi önnur afskifti af Íslandsmálum en þau, sem bygð eru á fullmakt eða ráðstöfun af Íslands hálfu og stjórnarskipunarlögin verða því eftirleiðis ekki að eins stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands, heldur stjórnarskrá Íslands.

Jafnframt sambandslagafrumvarpinu er því lagt fyrir þingið þetta frumvarp til nýrrar stjórnarskrár, þar sem burt eru feldar tilvitnanir þær í stöðulögin, sem eru í núgildandi stjórnarskipunarlögum, og öll þau ákvæði, sem við þann grundvöll miðast, og í staðinn settar tilvitnanir til sambandslaganna og þau önnur almenn ákvæði um stjórnarfyrirkomulag í landinu, sem

grundvallaratriði mega heita, en sem óþarft hefir þótt að taka upp í stjórnarskrána um hin sérstaklegu málefni Íslands, vegna þess réttargrundvallar, sem hún taldist bygð á.

En auk þeirra breytinga, sem beint eru afleiðing af undirstöðubreytingunni og hinum nýju sambandslögum, hefir þótt rétt að nota tækifærið til þess að stinga upp á ýmsum öðrum breytingum á stjórnarskipuninni, sem virðast standa í eðlilegu sambandi við hinar óhjákvæmilegu breytingar, og sumpart samsvara betur nútímans kröfum og ástandi í landinu. Þar að auki hefir þótt rétt að víkja við orðalagi á ýmsum greinum stjórnarskrárinnar, og færa nokkrar greinar til vegna efnis þeirra.

Jafnvel þótt eigi þyki enn næg ástæða til þess að fastbinda það í stjórnarskrá, að ráðherrarnir skuli vera fleiri en einn, þá þótti þó hins vegar rétt að opna veg til þess, að hægt væri að gera þá breytingu, ef þurfa þætti, án þess að raska stjórnarskránni, og vísa eg í þessu efni til athugasemda við frumvarpið.

Aðal-ástæðan fyrir því að fjölga þurfi ráðherrum er ekki sú, að störf ráðherra séu svo mikil, að einn maður geti ekki afkastað þeim, heldur hitt, að störfin eru svo margskonar og ólík hvert öðru, að það er nálega óhugsandi, að einn maður hafi svo fjölhæfa þekkingu, að hann geti gegnt öllum ráðherra-störfunum með sömu alúð og þekking. Það þykir sjálfsagt, þegar ráðherrarnir eru orðnir fleiri en einn, að þeir ræði með sér öll mál, þau er mikilsvarðandi eru, í ráðherra-stefnu. Hins vegar þótti ekki fært að fastbinda það í stjórnarskránni, heldur er ætlast til þess, að lög þau er ákveða fjölgun ráðherra setji einnig ákvæði um ráðherra-stefnur.

Önnur aðal-breytingin er um skipun efri deildar. Fyrst og fremst er lagt til, að konungkjör þingmanna sé afnumið. En til þess að ná því marki, að þroskaðir og gætnir menn með nægilegri sérþekking á hinum ýmsu málum skipi efri deild, eins og verið hefir meiningin með skipun konungkjörinna þingmanna, eru ýmsar leiðir hugsanlegar; en stjórnin hefir aðhylst þá leið, að láta alla efri deild vera kosna með hlutfallskosningu í einu kjördæmi, er tekur yfir alt landið, og að setja aldurstakmörkin fyrir kosningarrétti og kjörgengi til efri deildar, þannig, að þau séu bundin við 40 ára aldur.

Með því móti virðist, að nokkur trygging muni fást fyrir því, að til efri deildar verði yfirleitt kosnir menn með alment viðurkendri þekkingu og dugnaði, þjóðkunnir menn, vanir hlutstöku í opinberum störfum, sem því ættu að hafa öll skilyrði til þess að hafa þroskaðar skoðanir á málunum.

Loks eru ákvæði um það að veita megi konum kjörgengi og kosningarétt með einföldum lögum, ef þær að öðru leyti fullnægi sömu skilyrðum og karlmenn. Það þótti rétt að opna greiðan veg til þess að fullnægja þeirri réttlætiskröfu, að veita konum full pólitisk réttindi jafnt karlmönnum, svo fljótt sem unt er. Hins vegar er undirbúningi kvennþjóðarinnar undir slíkt starf þannig varið, að það gæti verið varhugavert að gera svo bráða breyting, að kasta öllum þeim hóp alt í einu óskorað inn á landsmálavígvöllinn. Þess vegna þótti réttara, að haga svo til í stjórnarskránni, að alþingi ætti kost á því, að setja reglur um, að rétturinn veittist smám saman, t. d. eftir aldursflokkum eða eftir öðrum skilyrðum.

Annars eru ýmsar breytingar frum-

varpsins gerðar í samræmi við frumvörp um endurskoðun stjórnarskrárinnar, er áður hafa legið fyrir alþingi og verið samþykt þar, og hygg eg, að fullnægt sé hér flestum þeim óskum, sem fram hafa komið. Hið háa þing getur nú gert þær breytingar, er því líkar.

Björn Jónsson: Því ber ekki að neita, að stjórnarskrá þessi felur í sér ýmsar umbætur frá því, sem áður hefir verið; þó finst mér, að hún fari heldur skamt í mörgum atriðum. — Það er mjög svo lofsvert, að stjórnin hefir fundið ástæðu til þess að afnema hina marg-umræddu og meðal þjóðarinnar miður vel kyntu stofnun, konungkjörnu þingmennina, enda má svo að orði komast með stofnunina þá, að hún hafi verið á meðan vært var og setið á meðan sætt var. Þegar nú þessi gamla stofnun er afnumin, þá hefði mér fundist réttara, að stjórnin hefði samtímis komið með tillögu um það að afnema deilda-skiftinguna. — Því að í landi, þar sem hagar til eins og hjá oss, að enginn er stéttamunur, er tviskifting þingmanna hreinasti hégómi. — Íslendingar eru allir ein stétt; en það sem réttlætir tviskifting þinga annarsstaðar í heiminum er stétta-munurinn.

Hæstv. ráðherra virðist gera sér hugmynd um, að meiri trygging verði fyrir því, að þjóðkunnir menn og gætnir skipi efri deild, ef aldurstakmarkið er hækkað um 10 ár. Mér finst sú trygging nauðalítil, hvort maðurinn er 10 árum eldri eða yngri, enda geta menn verið þjóðkunnir af ýmsum ástæðum góðum og miður góðum. Mín einlæg sannfæring er sú, að deildaskiftingin ætti að afnemast með öllu.

Mér finst það vera vottur um framfaraviðleitni, að stjórnin vill veita konum kosningarrétt, en eg get ekki séð af hvaða ástæðum hún hefir ekki viljað taka það beint upp í sjálfa stjórnarskrána, en vera ekki að veita vilyrði fyrir að það verði. Það getur farið allavega um efndir á því, svo sem dæmin sýna, þar sem eru hinar mörgu fyrirheitisgreinar í grundvallarlögum Dana sumar óefndar enn eftir tvo mannsaldra.

Mín sannfæring er sú, að mesti hégómi sé að láta kynferði valda stjórnréttindamun, að annað kynið ætti eftir því að vera ver af guði gert.

Konum eru ætlaðar sömu skyldur og körlum, en þegar til réttindanna kemur, er alt öðru máli að gegna. — Það er vitanlegt, að margur hver karlmaður er ekki annarar handar maður við sumar konur, hvorki líkamlega né að andlegri atgervi, nema miður sé. — En þetta er, eins og margt annað, apað eftir löggjöf annara landa. Það hefir verið sagt, að kvenþjóðin hefði litinn stjórnmálaþroska, en þá held eg að karlmennirnir sumir hverjir mættu stinga hendinni í sinn eigin barm og spyrja sjálfa sig, hvort þeir hafi þeim mun meiri þroska, að þeir einir séu færir til þess að ráða lögum landsins, enda er það vitanlegt, að marga skortir vit og þroska til þess að stjórn og löggjöf fari vel úr hendi.

Að lokum vil eg gera það að till. minni, að máli þessu verði vísað til sömu nefndar, sem kosin var til að íhuga sambandsmálið.

Ráðherrann (H. H.): Mér finst hv. þm. Barð. (B. J.) gera hinum kgk. þm. rangt til. Það er vitanlegt, að margir þeirra hafa engu síður borið heill og hag landsins fyrir brjósti og sýnt ættjarðarást og þjóðrækni, en hinir þjóðkjörnu þm.; og eg verð að taka það skýrt fram, að ástæðan fyrir því, að eg tók þetta ákvæði upp í frumv. var als ekki sú, að eg hafi í sjálfu sér

á móti því, að stjórnin skipi nokkra þingmenn. Það getur gefist mjög vel, ef vel er með farið.

Það er líka öllum kunnugt, að það er títt víðast þar sem löggjafarþing er tvískift, að stjórnkjörnir menn eigi sæti í efri málstofunni að meira eða minna leyti, og þykir þó vera stjórnfrelsi í landi. England hefir eigi þótt eftirbátur annara í þeirri grein, og eru þó í efri málstofunni engir menn, sem kjörnir eru af þjóðinni, heldur lávarðar einir, sem stjórnin getur fjölgað eftir vild, en flestir þeirra öðlast réttinn til þess að verða þingmenn um leið og þeir fæðast. Eftir hinni nýju stjórnarskrá Ung-Tyrkja, sem þykir mjög frjálsleg, útnefnir soldán alla efri málstofuna, o. s. frv. En hér á landi hefir mönnum komið saman um, að komast megi af án þessarar sérstöku kvaðningar til þingsetu; það hefir verið gert allmikið að því, að gera konungkjörna þingmenn tortryggilega frá því fyrsta og eymir eftir af slíku enn. Því er það ósk leiðandi manna í báðum flokkum, að nema burt það óánægjuefnið og gera alla þingmenn þjóðkjörna, og eftir þeirri ósk áleit stjórnin rétt að fara.

Eg verð að álíta, að deildaskifting hafi talsverða þýðingu. Og vonin um að fyrirkomulag frumv. verði að notum, byggist ekki einungis á því, að aldurstakmarkið er fært upp í 40 ár, heldur miklu fremur á hinu, að þegar alt landið kýs sem eitt kjördæmi, þá komast vafalaust þeir helzt að, sem eru þjóðkunnir og æfðir menn, sem ættu að geta orðið góður kraftur, er þeir koma allir saman í efri deild, og ætti það að geta trygt meðferð málanna miklu betur en starf einnar málstofu. Hins vegar játa eg fúslega, að málstofuskifting eins og sú, sem minni hlutinn 1907 fór fram á — að láta alt þingið kjósa efri deildina með hlutfallskosning — er meiningarlaus. Það verður að vera munur á kosningaskilyrðunum til deildanna. Annars mun gefast tækifæri til að ræða þetta nánara, og eins og eg benti á í fyrri ræðu minni má finna ýmsar leiðir.

Hvað snertir spurninguna um það, að taka ákvæði um almennan kosningarrétt og kjörgengi kvenna nú upp í stjórnarskrána, skal eg taka það fram, að mér er als ekki kappsmál að halda óbreyttum till. frumv. um það efni. Þau eru sett til þess að gefa löggjafarvaldinu frjálsari hendur til þess að haga sér eftir kringumstæðunum, og því ástandi sem er. En treystist þingið að stíga sporið alt í einu, þá skal eg ekki beitast móti því, jafnvel þótt eg verði að halda því föstu, að það er ekki rétt að leggja slíka breyting alveg að jöfnu við aukning á kosningarétti karlmanna; karlmenn hafa vitað það þegar frá unga aldri, að þar muni koma, að þeim beri réttur og skylda til þess að taka þátt í stjórnmálum, og hafa því getað haft ástæðu til að búa sig undir það á ýmsan hátt. Kvenfólkið hefir ekki haft ástæðu til að búa sig undir þau mál, og mun þar af leiðandi allur fjöldinn lítið hafa um þau hugsað. Eg verð því að álíta, að heppilegra sé að láta þær öðlast þennan rétt, smátt og smátt, eftir aldursflokkum, til þess að þær geti vanist við störfin, og það vildi eg ekki fyrirgirða með stjórnarskrár-ákvæði.

Skúli Thoroddsen: Það er einatt fallegt að vilja, sem hinn hæstv. ráðh. (H. H.), skapa ánægju og gleði í landinu. En mér virðist, að þeim tilgangi mundi hann hafa náð miklu betur, hefðu ekki stjórnarskrárbreytingarnar verið samtvinnaðar sambandslagafrumvarpinu, sem hæstv. ráðh. (H.H.)

veit, að ekki nær fram að ganga, fyr en hver veit hve nær.

Að því er snertir ákvæði frumv. um það, að skapa »konservativa« efri deild virðast mér þau alt annað en frjálsleg, og vil eg vona, að þingið aðhyllist ekki það fyrirkomulag.

Enn fremur finst mér, að hæstv. ráðh. (H. H.) hafi ekki komið frjálslega fram gagnvart kvenfólkinu, þar sem hann ekki hefir viljað fara lengra, en svo, að taka upp í stjórnarskrána ákvæði um það, að veita mætti kvenfólki kosningarrétt með sérstökum lögum, og vil eg leyfa mér að lesa upp kafla úr athugasemdunum við frumv. því viðvíkjandi:

»Það þykir of bráð breyting, að veita »konum kosningarrétt jafnt karlmönn»um þegar í stað, af því að þær eru »margar hverjar svo litt undirbúnar »undir hluttöku í landsmálum, og »þykir æskilegast, að rétturinn verði »að eins veittur smámsaman, eftir »aldurs-flokkum«.

Eg er á alt annari skoðun í þessu efni en hæstv. ráðherra, því að eg álít, að kvenfólkið sé alveg eins hæft til þess að öðlast kosningarrétt og kjörgengi, eins og karlmennirnir, og vona eg fastlega, að kvennréttindamálið verði þannig undirbúið fyrir næsta þing, að það geti þá rekið smiðshöggið á það.

Björn Jónsson: Út af vörn hæstv. ráðh. vildi eg mega benda á það, að undirstaðan við deildaskifting þingsins þarf að vera önnur og meiri en aldursmunurinn einn. Hæstv. ráðherra furðaði á því, að farið skuli vera fram á þetta nú alt í einu og að því skuli ekki hafa verið hreyft fyr. Því skal eg ekki svara; eg hefi ekki setið á þingi undanfarin ár. En sýnst hefir mér stefna þingsins hafa verið sú, að miða kröfur vorar við það aðallega, hvað Danastjórn mundi vilja láta af hendi rakna, og mjaka sér áfram fet fyrir fet. Eg hygg, að enginn hafi búist við, að kvennréttindamálið fengi framgang, þó hreyft yrði. — Eg man eftir því hérna um árið, þá er konum var veittur kosningarréttur í sveitamálum, þá greip eg eitt sinn niður í grein í dönsku blaði mikilsmetnu. Greinin var um þessi lög og höfundur hennar einn af merkustu stjórnmálamönnum Dana, Goos háskólakennari. Hann undraðist það mjög, að kvenþjóðin á Íslandi væri það þroskaðri en konur annarstaðar, að hún ætti skilin þessi réttindi um fram aðrar þjóðir. Höf. þótti það sýnilega mjög ólíklegt, enda leyndi það sér ekki á allri greininni, að hún var rituð af megnum lítilsvirðingaranda í vorn garð og fanst mér eins og lesa mætti milli línanna, að höf. gerði helzt ráð fyrir, að konur hér á landi gengju í selskinnsbrókum og væru að öllu heldur líkari Skrælingjum. Þetta stóð þar ekki, en mér fanst eins og það lægi á bak við. Eg hefi aldrei haft tilhneigingu til þess að skoða kvenþjóðina sem nokkurs konar óæðri verur en karlmenn. Og ef svo hefði verið, mundi grein þessi hafa haft þau áhrif á mig, að eg hefði snúist í lið með kvenþjóðinni, svo gramdist mér hún.

Það er góðra gjalda vert af stjórninni að gera ráð fyrir því í frv. þessu, að konur fái kosningarrétt til alþingis. En þar við er það að athuga, að kalla má að vel skipist, ef þessi stjórnarskrá verður að lögum fyr en eftir 8—10 ár, því að hún verður líklega að fylgja sambandsmálinu og bíða til þess er það er útkljáð. En um það mun verða löng barátta og hörð, og ekki líkur til, að vilji hinnar íslenzku þjóðar hafist fram að sinni.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Mér virðist sem þessi umræða hnigi að ein-

stökum atriðum málsins, þeim er fremur heyra til 2. umr. Úr því að svo er, vona eg, að mér verði til afsökunar virt, þó að eg fari nokkuð inn á einstök atriði.

Það hefir verið vikið hér að tviskiftingu þingsins, að hún væri óþörf. Eg vil leyfa mér að minna á það, að tviskiftingin er ekki stjórninni að kenna, heldur er hún sprottin beint af ráðstöfun þingsins sjálfs. Ef eg man rétt, var það þáverandi 1. þm. Húnv., sem bar fram till. um það og hafði hana fram með fylgi mikils meiri hluta þingsins. Tviskifting þingsins er því jafneðlileg nú sem þá.

Talað hefir verið um það, hvort veita skyldi konum kosningarrétt og kjörgengi með lögum eða í stjórnarskránni. Mér er nokkuð sama um það, á hvorn háttinn það verður gert. Eg hefi alla tíð verið þeirrar skoðunar, að hver vera í manns mynd ætti heimtingu á þessum mannlega rétti, og tel sjálfsagt, að þessu verði breytt innan fárra ára.

Það er eitt atriði, sem ekki hefir verið á vikið og ráðh. hefði gjarnan mátt leggja til að breyta með þessu stjórnarskrárfrumv., en það er aldurstakmark fyrir kosningarrétti. Það er líklegt, að lögaldurstakmark verði sett 21 ár innan skamms tíma. Nú er bæði í stjórnarskránni og stjórnarskrárfrv. þessu kosningarréttur miðaður við 25 ára aldur. Ef lögaldurstakmarki yrði breytt, og gert 21 ár, færi því svo, að lögfullveðja menn yrðu að bíða kosningarréttarins í 4 ár. Þess vegna væri viðkunnanlegra, að sett væri í stjórnarskrána, að kosningarrétt hefðu þeir, sem til lögaldurs væru komnir. Með þeim hætti yrði komist hjá nýrri stjórnarskrárbreytingu, þegar lögaldurstakmarkið væri fært niður, og væri því bezt að breyta þessu nú þegar er stjórnarskrárbreyting gagngerð stendur fyrir dyrum.

Virðulegur þm. Barð. (B. J.) talaði um það, að til þess að ná kosningu til efri deildar eftir frv. þessu, þyrftu menn að vera þjóðkunnir og að ekki mundi ætið saman fara, að þeir hinir sömu væru góðkunnir. Eg er honum samdóma um það. En ef sá hinn sami maður hefir með sér tólfta hluta kjósanda, hefir enginn rétt til að hamla þeim frá að kjósa hann, því að kosningalögin heimila kjósendum að fá þann fulltrúa, sem þeir vilja, ef hann skortir ekki almenn kjörgengisskilyrði. Og kjósendur eiga einmitt að fá þann fulltrúa, sem þeir óska, þeir eru hvorki verðir verra né betra.

Mig furðaði á því að heyra af munni virðulegs þm. N.-Ísf. (Sk. Th.), að sambandslagafrv. ætti ekki að ganga í gegn á þessu þingi, það því fremur sem mér skildist á virðulegum þm. Barð. (B. J.), að stjórnarskrárfrv. mundi heldur ekki fá framgang fyr en eftir 8—10 ár. Eg bjóst við, að meiri hlutinn, sem nú er á þingi, mundi hraða sem mest stjórnarskrárbreytingum; svo mikið kapp lagði sá flokkur á það mál á síðastliðnu þingi, en flokkurinn er hinn sami, þó að um suma menn hafi skipt. En þá sagði virðulegur þm. N.-Ísf. (Sk. Th.), að ekki mætti bíða einu sinni tvö ár eftir stjórnarskrárbreytingum; svo brýn væri lífsnauðsyn þjóðarinnar á að fá þeim þegar í stað framgengt. Og þetta undirskrifaði hver einasti flokksmaður hans í Nd. þá. Það er því undarlegt að vilja bíða með þær breytingar nú. *(Björn Jónsson:* Eg sagði, ef stjórnarskrárbreytingar ættu að bíða sambandslagafrumv). Það ætti þá því fremur að vera hvöt til að hraða breytingum á stjórnarskránni, ef

svo er, að sambandslagafrv. sé ráðinn dauðadómur hjá meiri hluta þingsins.

Forseti (H. Þ.): Viðvíkjandi því, sem háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) gat um, að umræður hnigu um of að einstökum atriðum við þessa 1. umr., skal eg geta þess, að mér hefir ekki þótt hlýða að takmarka málfrelsi h. þm. í jafn merkilegu máli, enda hefði eg þá þurft að byrja á hæstv. ráðh. sjálfum.

Jón Ólafsson: Það að eg gat um það, að umr. manna nú hnigu að einstökum atriðum, var ekki gert í aðfinnsluskyni við forseta, heldur til afsökunar sjálfum mér, þó að eg gerði slíkt hið sama.

Bjarni Jónsson: Eg vil gera þá aths. um þann samanburð, er hér hefir gerður verið á sambandi þess meiri hluta, sem nú er á þingi, við þann minni hluta, sem var á síðasta þingi, að meiri hlutinn, sem nú er, tekur hvorki við lofi né lasti um minni hlutann, sem áður var.

Björn Sigfússon: Eg er samþykkur þeirri tillögu, sem áðan kom fram, að þessu frumv. verði vísað til nefndarinnar í sambandslagafrumv., því að sú nefnd er svo fjölmenn og vel skipuð, að vænta má, að málið verði vel athugað.

Eg vil leyfa mèr að gefa nefndinni nokkrar bendingar, einkum út af orðum háttv. þm. Barðstr. (B. J.). Eg er honum ekki samdóma um það, að hentugra sé að hafa þingið óskift en að hafa það í tveim deildum. Það mætti máske búa svo um, að verkdrýgra væri með þeim hætti. En mér finst margt benda á það, að betra sé að hafa þingið tvískift og þykist hafa nokkura reynslu í því efni, að málin skýrast betur og verða betur athuguð við það að ganga í gegnum 2 deildir. Málin munu oftar græða en tapa á því. Þetta atriði vona eg að nefndin athugi vandlega.

Annað atriði er það og, sem eg vil biðja nefndina að athuga, en það er, hvort ekki sé ástæða til að skilja stjórnarskrárbreytingarnar frá sambandslagafrumv. Þar er í boði lækkun aldurstakmarks fyrir kosningarrétti, afnám konungkjörinna þingmanna og kosningarréttur kvenna. Þetta þrent eru svo miklar endurbætur, að þjóðin mundi taka því með óánægju, ef þær yrðu að bíða eftir sambandslagafrv.

Þessi atriði legg eg mikla áherzlu á, að nefndin athugi vel.

Jón Þorkelsson: Eg vil leyfa mér að benda á nokkur atriði í þessu máli.

Þess hefir ekki verið gætt í 14. gr. að heimta fornan rétt vorn, að því er kemur til frestandi neitunarvalds. Þessu þyrfti beint að breyta, því að vísu væri oss frestandi neitunarvald ómissandi, meðan svo er ástatt hjá oss sem er. Þingræðið er oss, eins og nú er, einhlítara til þess að steypa ráðherrum, en að koma hverju því fram til laga, sem nauðsynlegast er.

Í 20. gr. er gert ráð fyrir einhverjum varaþingmönnum, án þess að eg sjái á það minst annarsstaðar. Skýringar þarf á því.

Í 22. gr. er erfðasyndin frá sambandslagafrumv, og raunar frá því »faktiska« ástandi, sem nú er. Hún er sú, að Danir eru enn látnir hafa hér kjörgengi til alþingis.

Sömuleiðis stendur 52. gr. enn óhögguð, þrátt fyrir ósk manna um skilnað ríkis og kirkju.

Annars skal það tekið fram í þessu sambandi, að 47. gr. stjórnarskrárinnar hefir verið brotin alla tíð frá því er stjórnarskráin kom út 1874.

Jón Ólafsson: Mig furðaði satt að

segja mjög á ummælum háttv. 1. þm. Rvk (J. Þ.) um frestandi neitunarvald. Er þm. þá alvara með að vilja afnema þingræðisregluna hér á landi? Engin þjóð, sú er þingræði hefir, eins og vér nú, hugsar til að fá í stjórnarskrá sína frestandi neitunarvald. Það er að eins til í stjórnarskrá þeirra þjóða, sem ekkert þingræði hafa. Frestandi neitunarvald er nefnilega ekki annað en langvinn og þunglamaleg aðferð til að ná sama tilgangi, sem greiðara næst með þingræðisreglunni. Og sá sem hefir smjörið á borðinu, þarf ekki að kaupa margarín til þess að éta við smjörinu.

Um skilnað ríkis og kirkju mun h. þm. vera mér samþykkur, þó að ekki virðist mér vert að hlaupa að því að svo komnu að afnema sambandið í stjórnarskránni, áður en nokkur undirbúningur er gerður. Mér virðist einmitt rétt að bætt væri aftan við greinina, að »breyta megi þessu með lögum« þ. e. einföldum lögum.

Ráðherrann (H. H.): Mig furðar á því, að háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) skuli ganga að því vísu, að eg viti fyrir fram, að sambandslagafrumv. verði ekki samþ. af þinginu. Eg veit það ekki og trúi því ekki fyr en eg tek á, að það ólán hendi þetta þing að fella slíkt frumv. Eg vona, að þm. kannist við kosti þess, þegar þeir fara að athuga það rólega og án kapps og samþykki það að minsta kosti í öllum aðalatriðum. En ef svo fer, að sambandslagafrumv. verður ekki samþ., þá ætti þó andstæðingaflokkurinn enn að vera á sömu skoðun sem fyrr um það að hraða breytingum á stjórnarskránni og greina þær frá sambandslagafrv. og mætti þá taka kosningarrétt kvenna þar með, án þess að nokkuð tefðist.

Það er fátt, sem eg þarf að taka fram í viðbót, því að háttv. 2. þm. S.-M. (J. Ól.) hefir tekið af mér ómakið að svara hv. 1. þm. Rvík (J. Þ.). Þó vil eg geta þess viðvíkjandi því sem h. þm. sagði um varaþingmennina í Ed., að það er ætlast til að hafa þá vegna þess, að þar sem alt landið er 1 kjördæmi, yrði miklum erfiðleikum bundið að kveðja til kosninga af nýju, ef forföll kæmu fyrir aðalþingmennina, dauði eða annað, og væri því nauðsynlegt að hafa þingmenn til vara, sem þá yrðu kosnir um leið og aðalmennirnir á líkan hátt og gert var ráð fyrir í frumv. um hlutfallskosningar á síðasta þingi.

ATKV.GR.:

Frv. vísað til nefndarinnar í sambandslagafrumv. með 19 shlj. atkv. og 1. umr. frestað.

Framh. 1. umr., 6. maí (A. bls. 192[4], n. 726).

Framsögumaður (Skúli Thoroddsen): Eins og háttv. þingdeildarmönnum er kunnugt, þá var sambandslaganefndinni falið að íhuga frumv. um breytingar á stjórnarskránni. Nefndin leggur til, að málið sé ekki afgreitt á þessu þingi, heldur samþykt þingsályktunartillaga þess efnis, að skora á stjórnina að búa málið undir, og leggja það síðan fyrir næsta þing. Ástæður nefndarinnar til þess að leggja þetta til, eru þær, að það væri óviðfeldið, að þingið samþykti breytingu á stjórnarskránni, sem er samtvinnuð sambandslagafrv., þar sem nauða-litlar líkur eru til þess, að það nái fram að ganga, og yrði þá samþykt stjórnarskrár-frumvarpsins þýðingarlaus, frumv. sjálffallið. Að samþykkja breytingar á stjórnarskránni að þessu sinni, væri því að eins til þess, að stofna til þingrofs og nýrra kosninga, án þess til nokkurs árangurs leiddi.

Að þessu sinni telur nefndin því réttast, að málið sé afgreitt með þingsályktun, sem fyr segir, en telur heppi-

legt, að stjórninni sé gefin bending um nokkur helztu atriðin, sem stjórnarskrárbreytingafrumvarp, er hún leggur fyrir næsta þing ætti að hafa inni að halda. Í þingsályktunartillögunni er fyrst bent á, að í frumv. ætti að vera ákvæði þess efnis, að heimilt sé að fjölga ráðherrum. Ef þeir eru fleiri en einn, þá er síður hætt við því, en meðan ráðherra er að eins einn, að gerðar verði fljótfærnislegar ráðstafanir, og ábyrgðin skiftist þá og á fleiri. Ef ráðherrar væru t. d. þrír, þá er og enginn vafi á því, að verkaskiftingin milli þeirra leiddi til þess, að atvinnumálum o. fl. yrði að mun betur sint en nú, er allur undirbúningur þingmála hvílir að eins á einum ráðherra, eða byggist að minsta kosti einungis á tillögum hans og vilja.

Kostnaðurinn, sem leiddi af þessu fyrirkomulagi, þyrfti ekki að verða afarmikill, því auðvitað yrðu þeir hver um sig að hafa minni laun en hinn núverandi ráðherra hefir.

Þá er annað atriðið, og er það afnám konungkjörinna alþingismanna. Þjóðin telur það óþarft og óeðlilegt, að konungkjörnir þingmenn séu, og enga hættu á því, að þinginu veljist eigi nógu hæfir starfskraftar, eins og nú er komið menningarástandinu, hvað sem áður kann að hafa verið, og þýðir eigi að fara um þetta frekari orðum.

Þá kemur þriðja atriðið, er fer í þá átt, að konur fái kosningarrétt og kjörgengi til alþingis, sem og að rýmkað verði að öðru leyti um kosningarréttinn, og mun það tæpast verða ágreiningi.

Þá er fjórða atriðið, að gera megi þá breytingu með almennum lögum, að ríki og kirkja verði skilið, enda hafa ýmsar raddir heyrst hjá þjóð vorri í þá átt.

En nefndin hefir, eins og þingsályktunartillagan ber með sér, eigi ætlað sér annað, en að benda á það helzta, og því als eigi minst á sumt, t. d. hvort heppilegra væri að þingið sé tvískift sem nú, eða myndi að eins eina málstofu, og það og fleira er þá búist við að stjórnin íhugi, áður en næsta alþingi fjallar um málið.

Eg þarf svo ekki að mæla með þessari þingsályktunartillögu, eða ræða hana frekar, en vænti þess, að stjórnin sinni henni, nái hún, sem eg tel víst, samþykki þingdeildarinnar.

Jón Jónsson (S.-Múl.): Eg geri ráð fyrir, að þessi þingsályktunartillaga verði samþykt. Eg fyrir mitt leyti verð að greiða atkvæði með henni, úr því sem komið er. En þó ætla eg að tala fáein orð um þetta mál.

Fyrst verður mér fyrir að spyrja: Hvað á þessi leikaraskapur að þýða? Þetta mikla áhuga- og velferðarmál þjóðarinnar er þó meira vert en svo. Þessi nefnd, sem starfað hefir lengri tíma en dæmi eru til um nokkra þingnefnd, hefir þó ekki afkastað öðru allan þennan óratíma, en að koma fram með þessa þingsályktunartillögu, þar sem skorað er á stjórnina, að leggja stjórnarskrárfrumv. fyrir næsta þing. Nefndinni hefði þó átt að vera vorkunnarlaust, að vinna betur að þessu máli. Það hefði mátt ætlast til, að eftir allan þennan tíma gæti hún verið komin að einhverri niðurstöðu, að hún gæti lagt til að samþ. frv. eða hafna því, eða þá að breyta því. En ekkert af þessu gerir hún.

Og svo taka þeir fram nokkur atriði, sem þeir ætlast til að standi í þessu væntanlega stjórnarfrumv. En öll þau atriði standa greinilega í þessu frumv., sem virðul. nefnd hefir legið á síðan í þingbyrjun, og því hefir

nefndin ekki viljað koma þessu fram nú?

Varla getur háttv. nefndarmönnum komið til hugar að halda því fram í alvöru, að stjórnin sé líkleg til að gera sér mikið far um að koma stjórnarskrárbreyting fram á næsta þingi. Engum dettur víst í hug, að þessi stjórn muni vilja stofna til þess fyrir sitt leyti, að kosningar fari fram, fyr en í síðustu lög. Meiri hlutinn óskar þess máske ekki heldur. Altsaman er þetta einber leikaraskapur, ekkert annað. — En liggur annars nokkuð á þessum stjórnarskrárbreytingum?

Á síðasta þingi, 1907, bar þáverandi minni hluti, með háttv. framsm. í broddi fylkingar, fram frumv. til laga um breytingar á stjórnarskránni, og fylgdi því mjög fast fram. Þá var verið að setja millilandanefndina á laggirnar, og héldum við, sem þá vorum í meiri hluta, því fram, að réttast væri og hentugast að bíða með stjórnarskrárbreyting, til þess er séð yrði, hvernig gengi með sambandsmálið. En nærri því var ekki komandi við minni hlutann. Framsm. hélt því fram, bæði í nefndaráliti og í þingræðunum, að fylstu ástæður væru til að hraða málinu sem mest. Ein aðal-ástæða hans var sú, að með því að nema burt ríkisráðs-ákvæðið svo nefnda, fengi íslenzku nefndarmennirnir hinn bezta bakhjarl og stuðning í sjálfstæðiskröfum vorum gegn Dönum. Og um kosningarrétt og kjörgengi kvenna og sömul. um afnám konungkjörinna þm. fórust framsm. svo orð, að það »þyldi enga bið«. Menn geta séð í þingtíðindunum, að eg fer hér rétt með.

Nú skýtur nokkuð skökku við. — Ríkisráðs-ákvæðið er ekki nefnt á nafn, og er svo að sjá, að það sé ekki talið mikilsvert lengur. Annars hefði nefndin líklega talið það upp með öðrum aðal-atriðum í tillögum sínum, og nú má kvenréttur bíða og konungkjörnir þingmenn sitja sem fastast. Nú þykir framsm. ekkert liggja á.

Þessi aðferð öll er ósamboðin þinginu og ósamboðin málinu. Það er, eins og eg sagði áðan, leikaraskapur og ekkert annað.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Vinur minn, háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) hefir verið nokkuð harðorður. Eg minnist þess, að hann kallaði það leikaraskap að koma með þingsályktunartillögu, í staðinn fyrir breytingu á stjórnarskránni. Eg vil svara því á þann hátt, að skýra frá því, að það var ekki á valdi minni hlutans í nefndinni, að koma með breytingar, því eins og sést í nefndarálitinu var ósk hæstv. ráðherra (B. J.) um að ræða málið ekki tekin til greina. Það voru engin tiltök að koma fram með frumvarp.

Viðvíkjandi því, sem háttv. þm. hélt fram, að nefndin áliti að ekkert liggi á þessum nauðsynlegu umbótum, þá ætla eg að tilfæra það, að tvívegis er tekið fram í nefndarálitinu, að þetta megi ekki dragast, en verði að komast í framkvæmd sem allra fyrst, og meira að segja, er skorað á stjórnina að leggja fyrir næsta alþingi frumvarp til stjórnarskipunarlaga um breytingar á hinum sérstaklegu málefnum Íslands o. s. frv.

Háttv. þm. þótti þau atriði fá, sem upp eru talin, en nefndinni þótti réttast að taka að eins nokkur helztu aðal-atriði og það þau, er öllum kæmi saman um að samþykkja. En mjög óvíst, að till. yrði samþ., ef fleira væri upp talið.

Hinum háttv. þm. fanst mest um, að við hefðum eigi viljað afnema ríkisráðs-ákvæðið, en eins og allir sjá, er engin von til þess, fyr en hinn háttv. meiri hluti hefir tekið sinnaskiftum

eða séð sig um hönd, og vill láta Ísland verða sjálfstætt ríki; fyr mun vera árangurslaust að koma með ákvæði, er ekki geta átt sér stað, fyrri en betri skipun kemst á réttarstöðu landsins.

Framsögumaður (Skúli Thoroddsen): Háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) hefir nú svarað hinum háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) að nokkuru, og þarf eg því að eins fáu við að bæta. Hann skoraði á mig, að gera grein fyrir því, hvernig stœði á drætti þeim, er hefði orðið á meðferð málsins í nefndinni. Eg þóttist hafa gert það í fyrri ræðu minni, en skal þó víkja fám orðum að því aftur. Nefndinni þótti þýðingarlaust, og að eins tvíverknaður, að samþykkja nú stjórnarskrárbreytingar sem samtvinnaðar væru sambandsmálinu, þar sem ekki væri von um að fá sambandsmálið leitt til lykta, slæmur þröskuldur að líkindum á vegi þess, er til Danmerkur kemur. En á hinn bóginn vildi meiri hlutinn láta sambandsmálið ná fram að ganga, til þess að Danir fengju séð kröfur vorar ótvírætt. Það er ekki rétt af hinum háttv. þm. að kalla þetta leikaraskap, þvert á móti er þetta alvörumál. Það er satt hjá hinum háttv. þm., að tíminn hefði verið nægur til þess að útkljá stjórnarskrármálið á þessu þingi, en það hefði einmitt verið leikaraskapur að eyða tíma þingsins, til þess að ræða stjórnarskrármálið, eins og nú standa sakir, að því er til sambandsmálsins kemur, sem ekki verður vitað um, hversu reiðir af. En samþykt þingsályktunartillaga hefir mikið að segja, því að þjóðin á þess þá von, að málið verði tekið fyrir á næsta þingi, og gefst kostur á að láta í ljósi skoðun sína á einstökum atriðum þess; það verður rætt í blöðum og á þingmálafnndum, og stjórnin getur þá haft það til hliðsjónar við undirbúninginn.

Að stjórnin muni ekki sinna þessari þingsályktunartillögu, eru getsakir í garð stjórnarinnar, sem eg get hjá mér leitt. En á annað benda þó ummæli hæstv. ráðherra (B. J.) ný skeð, þegar stjórn Kvenfélagsins leitaði til hans, til að ýta undir, að flýtt væri fyrir kosningarrétti kvenna, því að þá ráðgerði hann að leggja stjórnarskrárfrv. fyrir næsta þing.

Háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) talaði um það, að eg hefði á þingi 1907 lagt fram frumv. um breytingar á stjórnarskránni, og væri eg því nú í mótsögn við sjálfan mig. En málið horfir nú öðru vísi við en þá. — Þá var ekki að ræða um stjórnarskrárbreytingar, miðaðar við sambandsmálið, eins og nú, og þótt leiðinlegt sé, að láta málið bíða næsta þings, þá verður svo að vera, vegna þess, hve þessi mál eru samtvinnuð.

Vér vitum og allir vel, að fráfarandi stjórn lét sér ekkert ant um, að koma á breytingum á stjórnarskránni meðan hún sat að völdum. — En nú vil eg spyrja hinn háttv. 1. þm. S,-Múl. (J. J.), hvers vegna bráð-liggur honum svo á þessum breytingum, hvers vegna vill hann nú hafa nýjar kosningar? Til þessa gefur framkoma hans og flokks þess, er hann telst til árið 1907 mér fylstu ástæðu til að spyrja. — Að eg á þingi árið 1907 hafi talið stjórnarskrárbreytingar geta miðað til styrktar sambandsmálinu, ef ákvæðinu um ríkisráðið væri kipt burt, mun rétt hermt, þótt eg muni það ekki nú; enda tel eg lítinn vafa á því, að hefði svo verið gert, þá værum vér nú lausir við ríkisráðs-ákvæðið, eftir undirtektum Dana í millilanda-nefndinni, að því er til þess atriðis kemur.

Háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) spurði, hvers vegna ekki hefði verið tekið upp í þingsályktunartill., að nema burt

úr stjórnarskránni ríkisráðs-ákvæðið. Háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) hefir nú svarað þessu frá sínu sjónarmiði. En fyrir mína hönd og nefndarinnar, skal eg svara því, að það var ekki meiningin að telja upp öll einstök atriði, sem breyta þurfti. Það má því ekkert byggja á því, þótt svo væri eigi gert, að því er skoðun mína eða einstakra nefndarmanna um það atriði snertir. — Það atriði, meðal annara, er stjórninni þá ætlað að taka til íhugunar.

Það er rétt hermt hjá háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.), að eg hafi á þingi 1907 tekið fram, að ráðandi væri að veita konum sem fyrst kosningarrétt, og sömu skoðunar er eg enn, þó að atvikin neyði til að fresta því, með því að eigi færi vel á því — þótt vonlítið sé um fullnaðar-framgang sambandsmálsins — að samþykkja nú stjórnarskrárbreytingu, er gerði ráð fyrir, að Danir sinni að engu kröfum vorum í sambandsmálinu. — Biðin verður og að líkindum ekki löng, ef þingsál.till. verður samþykt, að eins í 2 ár, eða þar um.

Viðvíkjandi störfum nefndarinnar, skal eg geta þess, að eg varð ekki formaður, fyr en hæstv. ráðherra fór utan, og réð því engu um þau fremur en hver einstakur nefndarmaður. — Eg ympraði á því, þegar á fyrsta nefndarfundi, að nefndin skildi, meiri og minni hlutann, að því er til sambandsmálsins kemur, án þess að eyða tímanum í þýðingarlaust hjal; þá mundi hafa unnist meiri tími til þess að íhuga breytingar á stjórnarskrárfrv.; en væntanlega hefir næsta þing nægan tíma til undirbúnings, og mun þá frv. að öllum líkindum verða fremur að skapi meiri hlutans, heldur en frumv. það, er fráfarandi stjórn lagði fyrir alþingi að þessu sinni.

Pétur Jónsson: Eg get tekið undir það með háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.), að hin háttv. nefnd hefir ekki unnið að þessu máli eins og æskilegt hefði verið og búast mátti við. Það er auðvitað rétt hjá nefndinni, að frumvarp þetta getur ekki gengið fram í því horfi, sem það hafði af stjórnarinnar hálfu, eftir að sambandsmálið nú er komið í það horf, að ekki getur verið neins framgangs að vænta um það — því hefir sem sé verið teflt til ónýtingar.

Eg verð nú samt að halda því fram, að það stingi nokkuð í stúf um framkomu hins háttv. framsm. (Sk. Th.) og þeirra manna, sem honum fylgdu 1907 í þessu máli. Þá voru þeir ákafir í því að knýja fram stjórnarskrárbreytingar, og töldu, að sumar þeirra þyldu enga bið. Nú er þeim ætlað það að bíða fram í óvissuna. — Þá var alveg sjálfsagt að bíða; þá var rísandi von um það, að lagður yrði annar betri grundvöllur undir sambandið milli Íslands og Danmerkur en var og er, og á þeim væntanlega grundvelli var nauðsynlegt að geta bygt rækilega endurskoðun stjórnarskrárinnar.

Þá var því ekki ástæða til þess að hraða þessu máli. Nú er hnignandi von um það, að sá grundvöllur komist á, eftir því sem horfur eru á um sambandsmálið, bæði samkvæmt skýrslum ráðherra og forsetanna af málaleitun þeirra við Dani og öðrum líkum. — Það gæti því orðið langur tími, ef bíða ætti eftir því með stjórnarskrárbreytingar.

Eg hygg, að 1907 hafi öllum komið saman um það, að breytingar þær á stjórnarskránni, sem nefndar hafa verið, væru alveg nauðsynlegar.

En þeim mun meiri furða er það, að hinum háttv. meiri hluta virðist

nú ekki framar ant um það mál. — Það er þessi hvarflandi, sem endurtekst svo oft í því er stjórnarbótarmál vort snertir. Það vantar ekki stór orð í köflum; menn tala um það, að þessu og þessu beri að fylgja hiklaust og röggsamlega fram o. s. frv., en svo þegar til kastanna kemur, þá kemur svignunin, og þeir sem ákafastir voru verða nú linastir. Í þessu kemur fram svo mikill skortur á þrautseigju og staðfestu, að það horfir eigi vel við, að leggja út í langsama baráttu fyrir sjálfstæðismálinu með slíkt hverflyndi í blóðinu, og þá er heldur ekki mikils sigurs að vænta í baráttunni.

En sleppum nú því, þó þetta frv. gæti ekki náð fram að ganga nú — af einhverjum ástæðum, — þá var það þó annað, sem nefndin gat gert og átti að gera: Hún átti að ræða málið í einstökum atriðum, sem ekki komu sambandsmálinu við, og koma með tillögur sínar rökstuddar í nefndaráliti og leggja þannig málið til hæfis fyrir umræður milla þinga. Það mundi hafa verið mikil fyrirgreiðsla.

Nefndin hefir haft þetta mál með höndum í eins langan tíma og millipinganefndir hafa venjulega haft; hún hefði því haft tækifæri til þess, að leggja fram rökstutt álit í málinu, enda þótt ekki væri ætlast til þess, að það yrði samþykt í frumvarpsformi nú.

Það hefir verið minst á nokkur atriði (háttv. 1. þingm. S.-Múl. (J. J.) nefndi ýms ágreiningsatriði), sem hefði mátt taka með og mestan undirbúning hefðu þurft.

Hæstv. ráðherra (B. J.) mintist á það, meðan hann átti sæti hér sem þingm. Barðstrendinga, að æskilegt gæti verið, að breyta til um skipun þingsins, og mælti með einskiftu þingi.

Um þetta atriði hefði nefndin átt að láta í ljósi álit sitt, því að það er mikilsvert atriði.

Enn fleira hefði mátt koma til greina, og eg get ekki annað en lýst óánægju minni yfir störfum hinnar háttvirtu nefndar í þessu máli.

Jón Jónsson, (S.-Múl.): Það eru að eins örfá orð, sem eg ætlaði að segja.

Hinn háttv. framsm. (Sk. Th.) gat þess, að meiri hlutinn hirti ekki um að fá þessum stjórnarskrárbreytingum framgengt nú, og tilfærði þar sem ástæður, að ekki væri hægt að hafa þær í samræmi við sambandsmálið, er litlar líkur væru til, að næði fram að ganga að þessu sinni.

En hinn háttv. meiri hluti hefði getað lagað stjórnarskrárbreytinguna eftir sambandslagafrumv. því, er hann vill fá framgengt. Og ef hinum háttv. meiri hluta þykir ekki líklegt, að sambandslagafrumv. gangi fram í þessu formi, þá hefði verið ofurauðvelt að haga stjórnarskrárbreytingunni eftir því stjórnarástandi, sem nú er, og þeir ótvíræðlega hafa látið í ljósi, að muni verða framvegis. — Nei, þetta eru engar verulegar ástæður, til að slá þessu máli á frest, þar sem um jafnnauðsynlegar og sjálfsagðar breytingar er að ræða, og sem framsm. (Sk. Th). lagði svo afarmikla áherzlu á í hitt eð fyrra.

Hinn háttv. framsm. (Sk. Th.) gat þess, að eg hefði verið að gera núverandi stjórn getsakir (ɔ: hún myndi ekki kæra sig um nýjar kosningar að sinni). Þetta hlýtur að vera mismæli; hefði verið miklu réttara að segja: getgátur, því að eg leiddi að eins getur að því, sem líklegt er að sé. Annars þykist eg ekki hafa farið neinum ókvæðisorðum um hina nýju stjórn.

Sumt af því er háttv. framsm. (Sk.

Th.) nefndi, var als ekki rétt eða áreiðanlegt, t. d. það, að fráfarandi stjórn hafi ekki látið sér svo ant um að fá þessar breytingar. En hvernig getur nú háttv. framsm. (Sk. Th.) borið slíkt fram, þar sem allir eru á eitt sáttir um það, að breyting sé æskileg á þessum atriðum, sem nefnd hafa verið — og þar sem fráfarandi stjórn hefir lagt fyrir þingið frumv., þar sem einmitt allar þessar stjórnarskrárbreytingar eru settar fram? Nei, nú er það háttv. meiri hluti, er ekki vill fá neinar breytingar, svo sem um kosningarrétt kvenna, afnám konungkjörinna þm. o. s. frv.

Um ríkisráðsákvæðið sagði hann það, að til þess væri ætlast, að stjórnin tæki það til greina. En einmitt það, að ekki er minst á þetta atriði í nefndarálitinu, bendir í þá átt, að það þyki nú ekki lengur svo miklu máli skifta sem áður. Þess gat hann einnig, hinn háttv. framsm. (Sk. Th.), að 1907 hefðu kosningar staðið fyrir dyrum, og því hefði verið ástæða til að flýta fyrir því, að konur gætu öðlast kosningarrétt. En nú vita allir, og þá ekki síst jafnvitur maður og háttv. framsm. (Sk. Th.) er, að ef nú yrði samþykt stjórnarskrárbreyting — þá myndu lika nú standa kosningar fyrir dyrum.

Þessi ástæða eða mótbára hins h. framsm. (Sk. Th.) er því með öllu einskisverð. Þar sem hann ennfremur gat þess, að hann hefði orðið svo seint formaður nefndarinnar, og því ekki getað ráðið neinu um fyrir þann tíma, þá get eg vel fallist á, að það sé rétt, en samt er það hinn háttv. frsm. (Sk. Th.) og flokkurinn hans í heild sinni, er ber ábyrgð á því, eins og öðru á þessu þingi. Og einkennilegt er það, er nefndin þykist hafa komið með einhverja speki, þar sem hún þó hefir ekki annað gert, en að taka fáein atriði upp úr þessu frumv., og skora á stjórnina að setja þau í annað frumvarp!

Framsögumaður (Skúli Thoroddsen): 1. þm. S.-Múl. (J. J.) lét í ljósi óánægju sína yfir störfum nefndarinnar. Það er rétt, að nefndin hefir ekki gert breytingar við frumv., eða yfirleitt tekið það til nokkurar verulegrar íhugunar, en eg hefi fært rök að því, hvers vegna hún hefir eigi gert það. Alt fram að páskum gekk mestur tíminn í þref og þjark um sambandsmálið; en síðan hefir tíminn til nefndarstarfa verið naumar, vegna þingfunda, þó að vilji nefndarinnar hefði verið nægur, sem ekki var. Nefndin ætlaði sér aldrei að starfa af þeim ástæðum, sem eg hefi áður tekið fram.

Þm. S.-Þing. (P. J.) sagði, að nefndin hefði haft eins góðan tíma, eins og milliþinganefndir; en eg skil ekki, hvernig hann fer að tala af slíkri ósanngirni. Hann veit, að þm. eru hér á þinginu önnum kafnir við ýms störf, en milliþinganefndirnar geta hagnýtt allan tímann, til að starfa að þeim málum, sem þeim er ætlað að fjalla um.

Viðvíkjandi ræðu 1. þm. S.-Múl. (J. J.), vil eg taka það fram, að nefndin ætlaði sér aldrei að koma með neina speki. Hún vildi að eins benda á nokkur einstök atriði, sem stjórnarskrárbreytingin yrði fyrir hvern mun að lúta að, og það hefir hún gert. Hvað því viðvíkur, er þm. var að tala um, að fráfarandi stjórn hefði sýnt máli þessu mikla rækt, þá tel eg réttast, að þm. séu hverir öðrum einlægir, og segi hverir öðrum, sem þeim sýnist vera. — Fyrir mitt leyti, skal eg geta þess, að mér virðist mega líta

á málið á þá leið, að þegar stjórnin sá, að hún yrði að fara frá, þá fór henni að skiljast, að heppilegt myndi vera, að nýjar þingkosningar færu sem fyrst fram, og þá var stjórnarskrárbreyting eini vegurinn, því yrði frumv. samþykt var skylt að rjúfa þingið og láta nýjar kosningar fram fara.

Að segja að meiri hlutinn sé móthverfur þeim umbótum, sem 1. þm. S.-Múl. (J. J.) mintist á, svo sem afnámi kouungkjörinna þm, kosningarrétti kvenna o. fl., það er eigi svaravert. — Meiri hlutinn sér sig að eins, af þeim rökum, er eg gat í fyrstu ræðu minni, knúðan til þess að fresta framgangi málsins á þessu þingi, þar sem samþykt þess færði oss engu nær takmarkinu, og væri því að eins leikaraskapur, og bakaði þjóðinni óþarfa kosningabaráttu. En líti maður til þingsins 1907, er hægt að sjá, hvernig meirihlutinn, sem þá var, tók í stjórnarskrármálið, og því verður maður síður hrifinn af áhuga hans nú; annars efast eg ekkert um, að minni hlutinn hagnýti sér þessa þingsályktun, sem vopn á stjórnina, ef hún sinti henni að engu, og reyndist eins ófús á að efla til nýrra kosninga, eins og 1. þm. S.-Múl. (J. J.) gaf í skyn, að hún myndi verða. Minni hlutanum ætti því að þykja vænt um tillöguna.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Frsm. (Sk. Th.) talaði fyrir munn meiri hlutans, þegar hann sagði, að nefndin hefði ekki kært sig um, að málið gengi fram á þessu þingi. Minni hlutinn gat vitanlega engu um það ráðið. Eg get tekið það fram, úr því að þm. talaði um nefndina, að meiri hlutinn, með því að starfa ekki meðan ráðherrann var utan, hindraði minni hlutann í því að koma málinu fram, svo snemma að það yrði rætt. Eg veit, að vilji minni hlutans var, að málið gengi fram á þinginu.

Pétur Jónsson: Þó að vér minni hlutinn hefðum nú þá tilhneigingu, sem háttv. framsm. nefndarinnar (Sk. Th.) segir, tilhneigingu til að reyna að fá nýjar kosningar, og vér vildum að eins koma stjórnarskrármálinu fram af þessum hvötum, sem ekki yrðu nú taldar fagrar, þá býst eg við, að vér minni hluta menn séum taldir svo vitrir menn, að vér færum ekki að sýna þessar ljótu hvatir, þar sem það væri alveg þýðingarlaust fyrir oss, úr því vér gætum ekki komið þeim fram í verki; en slíkt er ekki hægt minni hluta. — Svo að eg víki að nefndinni, þá hefðu þeir, sem voru svo heitir í hitt eð fyrra að koma stjórnarskrármálinu áfram, átt að sýna meiri rögg af sér. Nefndin hefði gert það, ef ekki hefði verið þetta gamla hverflyndi um að ræða í málinu. En hvað sem þessu líður álít eg, að það hefði verið afarnauðsynlegt fyrir málið hefði ítarlegt nefndarálit verið lagt fyrir, þó svo aldrei stjórnarskrárfrumv. næði nú fram að ganga.

Framsögumaður (Skúli Thoroddsen): Út af orðum háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.), er hann sagði, »að meiri hlutinn hefði hindrað starf minni hlutans í nefndinni«, þá skal eg geta þess, að eg get als ekki kannast við, að þetta sé satt. — Eg verð að játa, að eg minnist ekki annars, en að háttv. þm. minni hlutans í nefndinni hafi tekið þar gangi málsins með kristilegri rósemi, og aldrei rekið eftir því nema als einu sinni, og það var þegar eg, er eg var kosinn formaður nefndarinnar, meðan »forseta-utanaförin« stóð yfir, ákvað, sem slíkur, að sambandsmálið yrði að ganga fyrir, til að flýta fyrir því, svo að naum-

leiki tímans yrði því eigi til tálma á þinginu. Annars man eg ekki eftir, að minni hlutinn í nefndinni léti sér neitt óðslega, og þori að fullyrða, að svo var als ekki. Ef þeir hefðu viljað flýta fyrir stjórnskipunarlagabreytingunni, hefðu þeir líka getað lagt álit sitt fyrir þingið. Annars er alveg þýðingarlaust að vera að þrefa um þetta frekar.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Eg ætla að gera dálitla athugasemd. Það hefir komið fram þingsfyrirdæmi um það, að minni hluti nefndar hefir ekki komið fram sínu máli hafi meiri hlutinn staðið í móti. Það hefir sem sé komið fyrir, að minni hlutinn hefir lagt sitt nefndarálit fram, en þingið neitað að taka það til greina, fyr en meiri hlutinn hefði komið með sitt álit á málinu.

ATKV.GR.:

Þingsál.till. á þgskj. 726 samþ. með 22 samhlj. atkv.

Pétur Jónsson: Má eg leyfa mér að gera fyrirspurn til háttv. forseta (H. Þ.). Hvort verður frumv. talið felt eða óútrætt?

Forseti (H. Þ.): Ef þingdeildinni þykir það viðkunnanlegra, að málið sé ekki talið fallið með samþ. þessarar þingsályktunartill., þá skal eg bera undir atkvæði, hvort deildin vill vísa málinu til 2. umr., svo að málið geti skoðast sem óútrætt.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. með 19 samhlj. atkv.

Dánarskýrslur.

FRUMVARP til laga um dánarskýrslur. (A. 116). 1. umr., 9. marz.

Jón Sigurðsson: Eg lít svo á að frv. þetta sé ekki til að bæta úr því ástandi, sem nú er. Skýrslur þessar yrðu aldrei annað en einber hégómi og kák. Í þessu frumv. er ekki ætlast til að skýrslur þessar nái til annara sókna en þeirra sem læknir er búsettur í. Nú er það kunnugt, að læknar eru ekki nema í fáum sóknum; af þessu leiddi það, að skýrslurnar næðu ekki nema til lítils hluta landsins og væri þetta til þess að gera þær alveg óábyggilegar, að því er snertir að fá rétt yfirlit yfir sjúkdóma í landinu og heilbrigðisástandið yfir höfuð og yrði því árangurinn af þessum skýrslum enginn.

Mönnum hefir verið gert að skyldu að gefa skýrslur um alidýrasjúkdóma. En á þeim er auðvitað ekkert að græða. Menn setja það ekki alla jafna á sig, hvaða dag eða stund ær lendir ofan í eða hundur drepst. Annars finst mér frv. þetta þess eðlis, að réttast sé að slátra því undir eins.

Ráðherrann (H. H.): Mér skilst að hinn háttv. þm. Mýr. (J. S.) hafi aðallega það á móti frv., að það leggi mönnum ekki nógu miklar skyldur á herðar. En það hefir þótt hér á þingi til þessa alt of mikill kostnaður að heimta læknisvottorð um hvert einasta dauðsfall. Þær skýrslur, sem hér er farið fram á eru ódýrar, og eru þó mikið betri en ekki neitt.

Gagnvart þeirri mótbáru gegn frv., að læknar búi í svo fáum sóknum, er þess að gæta, að sóknir þær, er læknarnir búa í eru svo mannmargar, að í þeim búa meira en helmingur landsmanna. Þannig eru allir kaupstaðir, kauptún og fjölbygð héruð komin undir ákvæði laganna, því læknar búa í þeim öllum. Með þessu fyrirkomulagi fengjum við með lítilli fyrirhöfn og litlum tilkostnaði nokkurn veginn áreiðanlegar skýrslur frá læknum, um fullan helming þeirra manna, sem deyja í landinu,

og í þeim tilfellum, þar sem læknar eru ekki við, hafa prestarnir oftastnær skýrar skýrslur um dauðsföllin. Það er ekki Nd., sem stútað hefir þessu frv. áður, heldur var það Ed. — og vona eg að háttv. þm. þessarar deildar lofi því að ganga greiðan gang gegnum deildina, því að það hefir nú loksins komist klaklaust gegnum Ed.

ATKV.GR.:

Felt að vísa málinu til 2. umr. með 12 atkv. gegn 11 að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Benedikt Sveinss.,
Jón Ólafsson,	Björn Jónsson,
Eggert Pálsson,	Björn Kristjánsson,
Einar Jónsson,	Hálfdan Guðjónss.,
Hannes Hafstein,	Jón Jónss., N.-M.,
Jóh. Jóhannesson,	Jón Sigurðsson,
Jón Jónsson S.-M.	Jón Þorkelsson,
Jón Magnússon,	Magnús Blöndahl,
Pétur Jónsson.	Ólafur Briem,
Sig. Sigurðsson,	Sig. Gunnarsson,
Stefán Stefánsson.	Skúli Thoroddsen,
	Þorleifur Jónsson.

Arnarhólslóð

I.

FRUMVARP til laga um breyting á 2. gr. í lögum nr. 29, 20. okt. 1905, um stofnun byggingarsjóðs og bygging opinberra bygginga (A. 138); 1. umr., 11. marz.

Jón Þorkelsson: Það var hér fyrir deildinni í gær frv. til laga um sölu á jörðunum Lambhaga og Hólmi í Mosfellssveit. Sem ástæðu gegn því frv. var því haldið fram, að þetta væru dýrar jarðir og kynnu að verða enn dýrari í framtíðinni og ennfremur að þær lægju nálægt höfuðstaðnum og gæti því sala þeirra haft áhrif á verð jarða hér í grend og jafnvel á söluverð lóðarbletta í Reykjavík. Af þessum ástæðum var frv. styttur aldur. — Hafi þetta verið með rökum gert, og ef nokkur samkvæmni er í gerðum manna hér á þinginu, þá ætti frv. það, sem nú liggur fyrir þinginu, og samþ. hefir verið í Ed., ekki að eiga langan aldur, því það má með óhrekjandi sannindum einmitt færa sömu ástæðurnar gegn því, og þær, sem haldið var frammi gegn frv. í gær.

Á þingmálafundi, sem haldinn var hér í Reykjavík, var samþykt með meginþorra atkvæða, að frv. þetta mætti ekki ná fram að ganga, vegna þess að ef landssjóður gengur á undan í því efni að lækka verð lóða sinna, þá muni allar lóðir falla mjög í Reykjavík, og það kemur öllum íbúum Reykjavíkur meira en lítið við, ekki einasta »lóðaspekúlöntum«, heldur öllum, sem hér eiga kofa yfir sig, því að flestum húsum hér er þannig háttað, að þeim fylgir stærri eða minni blettur, sem gæti verið hússtæði og sem margir hafa hugsað sér að selja og hafa hagnað af, og margur mun hafa treyst því, þegar hann réðist í byggingar eða húsakaup.

Frv. þetta er því skaðræði fyrir þennan bæ. Ed. hefir að vísu fært verðið nokkuð upp frá því, sem stjórnarfrv. fór fram á, eða 2,50 kr. □ al., sem þar var minsta verð. Ed. hefir fundið að hér var of langt farið, og því fært það upp í 3 kr. □ al., en niðurfærslan er samt mjög mikil frá því er upphaflega var ákveðið að selja lóðir þessar fyrir (5 kr. □ al.), og þessu kjördæmi gert mesta óhagræði og háski með niðurfærslunni.

Eg tel ómögulegt að samþ. frumv., og vonast til að það fái ekki langa æfi hér í deildinni.

Ráðherrann (H. H.): Eins og kunnugt er, þá var samþ. að byggja safnahúsið hér fyrir það verð, sem fengist fyrir fasteignir landssjóðs í Reykjavík Arnarhól og Örfirisey, er hvorttveggja eru embættisjarðir, sem ekki geta landssjóði beinan arð. Með því að selja þessar jarðir með hæfilegu verði mátti fá byggingarkostnað safnhússins greiddan og eftir því sem mönnum reiknaðist nálega 100 þús. kr. meira, sem svo átti að verja til að greiða kostnað við opinberar byggingar og hefir sumu af því fé verið eytt nú til aðgerðar á alþingishúsinu.

Í heimildarlögum þeim, sem lögð voru fyrir þingið 1905, var lágmarkið sett 3 kr. fyrir □ al. Nd. setti verðið upp í 4 kr. og Ed. í 5 kr. □ al. Afleiðingin af þessu hefir verið sú, að engin alin hefir selst til þessa dags.

Skylda mín er að leiða athygli þingsins að þessu, svo heimildarlögin geti orðið annað en pappírsgagn, og viðlagasjóður fái sitt fé. Stjórnarráðið áleit nauðsynlegt að færa lágmarkið niður í 2,50 kr. □ al., en Ed. hefir nú fært það upp í 3 kr. Það verður ekki mér heldur þinginu að kenna, ef fé ekki fæst inn til þess að borga safnabygginguna og lóðirnar liggja óseldar framvegis. Reyndar er mér þetta ekki kappsmál, hefi enga ástæðu til þess, en eg vil að eignum þessum sé varið samkvæmt því, sem ætlast var til upphaflega.

Kenningu háttv. 1. þm. Rvk (J. Þ.), um það, að lóðasala þessi sé eyðilegging fyrir bæinn, álít eg bábilju eina. Frá mínu sjónarmiði ætti það einmitt að vera hagur fyrir almenning, að lóðir fáist með hæfilegu verði, og því fer fjarri að lóðirnar í bænum alment falli í verði, þótt frv. þetta yrði samþ., því þær munu nú naumast seljanlegar fyrir það verð, sem í frv. er farið fram á að verði lágmarkið.

Þess ber að gæta, að frumv. veitir stjórninni aðeins heimild, en leggur henni enga söluskyldu á herðar. Það er að eins leyft, að það megi selja þær fyrir þetta verð, en annars má í engu tilfelli selja ódýrar en dómkvaddir menn meta, og það eitt ætti að vera næg trygging fyrir því, að lóðirnar yrðu aldrei seldar of lágt. Þetta er því ekki annað en hræðsla hjá háttv. 1. þm. Rvk (J. Þ.), og þótt hann segi, að allur fjöldi atkv. á þingmálafundinum hér í Reykjavík hafi verið greiddur móti frv. sannar það ekkert. Málið hefir þar verið skýrt frá einni hlið, og mér er nær að halda, að ef það væri skýrt fyrir mönnum hér frá fleiri hliðum, þar á meðal frá þjóðfélagslegu sjónarmiði, að þá mundi alþýða ekki slá hendinni móti því.

Magnús Blöndahl: Eg skal ekki verða margorður í þessu máli, og því síður sem eg geng út frá því sem gefnu að deildin álíti frumv. þetta einungis til þess fallið að vera skorið niður. — Samþingismaður minn, háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) tók líka ljóslega fram og sýndi fram á galla frv., með ómótmælanlegum rökum; hann tók það rækilega fram, að ef frumv. yrði samþykt, þá mundi það hafa í för með sér verðfall á öllum lóðum hér í bæ, til stórvandræða fyrir almenning. Hæstv. ráðh. (H. H.) tókst ekki að hrekja þetta, sem heldur ekki er undarlegt, vegna þess að það er óhrekjanlegur sannleikur.

Eg vil annars benda á, að það virðist undarleg aðferð hjá stjórninni, að koma fram með frumv. þetta einmitt nú, þegar hart er í ári; hví kom stjórnin ekki með þetta þegar betur blés og kringumstæðurnar voru ekki eins erf-

iðar og nú? Þá hefði það vafalaust haft minni áhrif á lóðarverðið og almenningur þolað það betur.

Hæstv. ráðh. (H. H.) tók það fram, að ekkert hefði selst af lóðinni á Arnarhólstúninu. Þetta er mér vitanlega alveg rétt, en eg vil leyfa mér að spyrja, hvort það sé eingöngu verðinu að kenna. Eg held það sé ekki svo, heldur meira að kenna ýmsum skilyrðum, sem sett hafa verið. Það er víst t. d. almæli hér í bæ, og eg hefi fengið orð kunnugra manna fyrir því, að þar fengist ekki að byggja annað en skrauthýsi — stórhýsi, en það geta engir nema peningamenn. Ef þetta er rétt, þá undrar mig ekki þó ekkert hafi selst enn þá, því að fæstir munu svo peningum búnir, að þeir geti ráðist í svo kostnaðarsamar byggingar. Eg gæti farið lengra út í þetta mál, ef ástæða væri til, því að mér er kunnugt um, að lóðir hafa verið falaðar á þessum stað og ekki fengist, nema þá fyrir þrefalt verð við virðingarverðið.

Annað atriði í þessu máli, sem einnig hindrar lóðasöluna, er það, að enn mun ekki búið að ákveða að fullu, hvar göturnar eigi að liggja um túnið. Enn fremur má nefna það, að sumar lóðirnar, eins og þeim nú hagar til, eru svo illa lagaðar, að öðrum en stórefnamönnum mun ekki fært að kaupa þær.

Eg skal taka það fram, að í lögunum standa engin ákvæði um það, að stórhýsi skuli byggja á Arnarhólstúninu, en það er á vitund allra manna; það mundi víst ekki þykja sæmilegt eða glæsilegt, að sjá rísa upp smáborgarabýli á hlið við opinber stórhýsi, sem þar eiga að koma. Eg held mönnum þætti það ærið mislitt.

Annars get eg ekki séð neina hættu á ferðum, þótt ekkert hafi selst af lóðunum enn þá; þær liggja svo vel, að engin hætta mun á ferðum með að þær seljist ekki, ef bærinn á framtíð fyrir höndum, en eg verð að álíta það mjög hættulegt fyrir þennan bæ, ef landssjóður færi að ganga á undan í því efni að færa lóðaverðið niður. Það eitt út af fyrir sig ætti að vera nægilegt til þess að greiða atkv. á móti frumv., og vonast eg því eftir, að háttv. þingdeild felli það.

Pétur Jónsson: Eg skil ekki mál þetta til fulls og vildi því gjarna fá upplýsingar í því. Eitt virðist mér þó koma berlega fram í umræðunum, að verð lóðanna hefir verið of hátt til þess að þær væru seljanlegar, því landsstjórnin hefir haft umboð til þess að selja lóðirnar og þingið hefir ætlast til að þær væri seldar. En hið lögákveðna lágmark lóðaverðsins hefir hamlað því.

Háttv. þm. Rvk. álíta hættulegt vegna lóðaverðs í bænum að leysa þetta sölubann, svo lóðir landssjóðs velti inn á lóðamarkaðinn. Eg get ekki dæmt um þetta. Mér finst þó það óeðlilegt, að meina landinu að gera verð úr eignum sínum, nema öðrum lóðaeigendum í bænum væri sett sömu takmörk, og eg vil leyfa mér að spyrja hina háttv. þm. um það, hvort nokkur sams konar ákvæði séu til hér í bæ, sem ná til privat-lóða og ákveða lágmark og hámark á verði þeirra; ef svo væri, þá gæti eg betur felt mig við, að landssjóði væri sett þessi takmörk á að koma lóðum sínum í verð.

Af þessum ástæðum, sem eg hefi bent á, vil eg leyfa mér að stinga upp á að nefnd sé skipuð í málið til að athuga það.

Ráðherrann (H. H.): Eins og eg hefi tekið fram, þá er mér ekkert kappsmál, hvað þingið gerir í þessu efni; eg hefi bent á það, sem eg álít að það eigi að gera; sökin verður ekki mín ef því er ekki sint, og hin nýja

stjórn verður auðvitað að sjá um sig sjálf.

Eg skil ekki, hvaðan háttv. 2. þm. Rvk. (M. Bl.) kemur sú vizka, að það eigi að byggja tóm skrauthýsi á Arnarhólstúninu. Ekki stendur það í lögunum og mér vitanlega hefir byggingarnefnd engin ákvæði sett um það. En það liggur í augum uppi, að þegar lóðin kostar 5 kr. □ al., þá hafa fáir efni á því að byggja þar smáhýsi, að eins til eigin nota, og að því leyti getur það verið rétt, sem þm. sagði. En það er þá ekki stjórninni heldur þinginu að kenna, sem hefir sett lóðaverðið svona hátt, og eg vona, að háttv. þm. skiljist það, að það er engum ákvæðum öðrum en sjálfu lóðaverðinu að kenna, ef byggja verður tóm stórhýsi.

Eg held það sé bezt fyrir þm. að að sleppa þeirri ástæðu, að verið sé að spyrna á móti þessu frumv. vegna fátæklinganna í bænum; það er bersýnilega gert vegna þess að lóðaeigendur eru hræddir við, að lóðir þeirra falli í verði, ef lóð verður í boði ódýrari en þær lóðir, sem þeir hafa keypt og sitja með.

Háttv. 2. þm. Rvk. (M. Bl.) sagði, að stjórnin hefði átt að koma með frumv. þetta um lækkun á lágmarki lóðaverðsins á öðrum tíma og þegar betur léti í ári.

Eg verð að játa, að eg skil ekki þennan hugsunargang. Hvers vegna ættu lóðirnar að verða ódýrari, þegar vel lætur í ári og eftirspurnin er mikil? Þær hljóta að fylgja sama lögmáli og annað, sem á boðstólum er, og væri þess vegna allra sízt tími til þess að stinga upp á verðlækkun, þegar verðið hefir skilyrði fyrir því að verða sem hæst.

Það sem gæti legið á bak við, er það, að þeir sem eiga lóðir, séu hræddir við »konkurrance«. Frá sama sjónarmiði ætti ekki að selja þjóðjarðir, af því að það væri samkepni við aðra jarðeigendur, að minsta kosti þegar á selja þjóðjarðirnar fyrir lítið verð. Hv. 2. þm. Rvk. (M. Bl.) sagði, að stjórnin hefði átt að koma með þetta fyr, þegar vel lét í ári. En ástæðan til þess að stinga upp á lækkun er einmitt sú að koma þessum lóðum í samræmi við lóðarverðið yfirleitt — það væri lítil meining í því að stinga upp á því að lækka verðið — ef lóðir almennt væri í hækkandi verði.

Jón Þorkelsson: Hæstv. ráðh. (H. H.) talaði um það, að það mætti alveg með sama rétti taka fyrir þjóðjarðasölu, eins og að halda verðinu á Arnarhólslóð svona hátt. Því var haldið fram hér í deildinni af háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.), að allar jarðir hefðu fallið í verði síðan þau lög gengu í gildi, sökum þess að borgunarskilmálar væru svo vægir, að ekki væri hægt að komast að betri kaupum. Er því umtalsmál, hvort þau séu svo holl eignum manna, að vert sé hér að vitna til þeirra. Annars er ekki gott að sjá, hvers vegna liggur svo mjög á að selja þennan sögulega merka stað, til þess að þar verði kanske reist ljót, lítil og kauðaleg hús eða kumbaldar og lagðar nýjar og leiðinlegar götur, því verði lóðin feld mjög í verði, verða varla bygð þar annað en lítil og ósjáleg hús. Hæstv. ráðh. (H. H.) hélt að háttv. 2. þm. Rvk. (M. Bl.) hefði á móti þessari niðurfærslu, af því það væri samkepni. Nú þetta er samkepni við einstaklinga bæjarins; því verður ekki neitað. Og hún er skaðleg úr þessari átt. Það mun, vænti eg, þykja ljótt að geta þess til, að stjórnin vildi selja þessa lóð svo ódýrt, af því einhvern skjólstæðing hennar langaði til að fá sér góða og ódýra lóð, til þess að reisa hús fyrir sjálfan sig. Háttv. þm. S.-Þing.

(P. J.) var að tala um það, hvort ekki væri hægt að setja einstökum mönnum reglur um það, hversu dýrt þeir mættu selja eigur sínar. En hvar á bygðu bóli eru dæmi til þess að heimild sé fyrir að setja skorður fyrir því, hvaða verð menn megi heimta fyrir löglega eign sína? Að minsta kosti mundi slíkt atferli hvergi þolast, þar sem samningafrelsi manna er lögmætt. Eða dettur háttv. sama þm. í hug, að það sé minna skaðræði fyrir bæinn, að selja Arnarhólslóðina lágu verði. en það var í gær fyrir landið að selja jarðirnar Lambhaga og Hólm? Það er sama skaðræðið fyrir þennan bæ, nema í enn þá stærri stíl sé. Hitt er hvortveggja, að í þessari dýrtíð, þegar ekki er hægt að selja nokkurn hlut með því verði, sem hann er verður, að það væri illa ráðið upp á meðferð á landsins fé, að lækka lóð þessa í verði, og að það er rangt gert gagnvart þessum bæ að gera verðfall á öllum fasteignum í bænum. Málið liggur svo ljóst fyrir, að eg legg til að það verði ekki sett í nefnd, heldur felt þegar í stað við þessa umr.

Pétur Jónsson: Háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) hefir ekki skilið mig rétt. Eg gerði fyrirspurn um það, hvort einstakir menn hér í bænum og bærinn sjálfur gæti ekki sett verð á sínum lóðum svo lágt, að það gæti orðið til skaða fyrir bæinn í heild sinni. Væri svo. virtist mér það hart fyrir löggjafarvaldið að leggja þau höft á sjálft sig, að það gæti ekki selt lóðir sínar, þegar það þarf á að halda. Hið opinbera þarf þess við að koma lóðum þessum í verð, og væri kátlegt, að þingið gerði landinu örðugra um söluna, en keppinautum þess. Þótt nú lágmarkið sé fært niður, fæ eg ekki betur séð, en að trygging sé í lögunum sjálfum fyrir því, að lóðirnar verði eigi seldar til skaða fyrir landssjóð. Þar eru samskonar tryggingar og í þjóðjarðasölulögunum: mat dómkvaddra manna. Eg sé ekki hvaða ástæða er til þess, fyrir hinn háttv. meiri hluta, að vantreysta tilvonandi stjórn í þessu efni, að hún selji lóðir þessar fyrir lægra en þær eru verðar. Lágmarkið er of hátt. Það sést bezt á því, að ekki er hægt að selja lóðirnar, nema það eigi að lögleiða alment söluhaft á lóðum hér í bænum. Það virðist því ekki veita af að athuga málið í nefnd.

Jón Magnússon: Skal ekki tala mikið um málið sjálft, en að eins drepa á það, að hér er ekki verið að gefa lög um það, að lóðir þessar skuli seljast fyrir 3 kr. □ al., heldur fyrir það sem þær eru metnar af óvilhöllum mönnum, þó má ekki selja □ al. fyrir neðan 3 kr. Mér finst geti verið spursmál um það, hvort það frá fjárhagslegri hlið skoðað sé heppilegt fyrir landið að reyna ekki til að fá eitthvert verð fyrir þessar lóðir, heldur láta þær liggja árum saman gagnslausar. Álít heldur ekki vel sæmandi fyrir þessa háttv. deild að fella þetta frumv. þegar í stað — sem efri deild hefir samþykt; ætti að minsta kosti að vilja athuga málið.

Magnús Blöndahl: Eg vil mæla á móti því, að vísa málinu til nefndar, engin þörf á slíku. Ef menn athuga í rólegheitum hvernig þessari lóð er háttað og bera það saman við aðrar lóðir, þá getur ekki nokkrum manni blandast hugur um það, að þessa lóð, sem hér er um að ræða, á ekki að selja undir 5 kr. □ al. Lóðir fyrir neðan læk hafa verið seldar fyrir 10 —12 kr. □ al., sem þó eru engu betri en Arnarhólslóð. Hvernig stendur þá á því, að ekki er hægt að selja Arnarhólslóðina fyrir 5 kr. □ al., sem þó er hjartað úr skákinni? Það er því

ekki rétt, að verðið á þessari lóð hafi verið spent upp úr öllu valdi. Eg gat þess áður, að eg vissi til þess að maður hefði falað lóð á Arnarhólstúni, en fékk hana ekki, nema hann borgaði 15 krónur fyrir □ al. hverja, *(Ráðherrann H. H.:* Þekki ekki það dæmi), gat ekki fengið keypt með öðru móti, en að greiða þrefalt gjald við það, sem þá var heimilt að selja fyrir. Hafi svipað tilfelli og þetta oft komið fyrir, er ekki að undra, þótt lítið hafi selst. Eg þarf ekki að svara háttv. þm. S.-Þing. (P. J.), er hann spurði um, hvort lágmark væri sett á aðrar lóðir hér í bænum. Þessi fyrirspurn á ekki hér við. Einstakir menn ráða því, hvað þeir vilja selja sína eign, því getur enginn samanburður átt sér stað — þar er hér er að ræða um lóð landsins, er liggur um miðbik bæjarins. Mín sannfæring er það, að það sé hreinasta hneysa að selja Arnarhólslóðina fyrir minna en 5 kr. □ al., álít það svo lágt verð, að það taki ekki tali að selja hana fyrir minna, og eg er viss um, að það líða ekki mörg ár, þangað til búið verður að selja hana, þótt ekki verði hrapað að þessu. Eg vona að hin háttv. deild skipi ekki nefnd í þetta mál, heldur felli það þegar við þessa umr. Eg álít að þingið hafi annað að gera með sinn dýrmæta tíma, en að jagast um mál, sem ekki eru meira verð en þetta mál er, að minsta kosti í mínum augum.

ATKV.GR.:

Till. um að vísa málinu til fjárlaganefndar felld með 9:3 atkv.

Till. um sérstaka nefnd felld með 10:7 atkv.

Felt að vísa málinu til 2. umr. með 14 : 11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Jón Ólafsson,	Bjarni Jónsson,
Björn Sigfússon,	Bened. Sveinsson,
Björn Þorláksson,	Björn Jónsson,
Eggert Pálsson,	Björn Kristjánsson,
Einar Jónsson,	Hálfd. Guðjónsson,
Hannes Hafstein,	Jón Jónss. N.-M.,
Jóh. Jóhannesson,	Jón Sigurðsson,
Jón Jónss. S.-M.,	Jón Þorkelsson,
Jón Magnússon,	Magnús Blöndahl,
Pétur Jónsson,	Ólafur Briem,
Stefán Stefánsson,	Sigurður Gunnarss.
	Sigurður Sigurðss.,
	Skúli Thoroddsen,
	Þorleifur Jónsson.

II.

TILLAGA til þingsályktunar um 100 ára leigu á tveim húslóðum á Arnarhólstúni. (A 377).

Ein umr., 14. apríl.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Má eg sem annar flutningsmaður þessarar tillögu lýsa því yfir, að eg tek seinni hluta tillögunnar (b-liðinn) aftur.

Flutningsmaður (Björn Kristjánsson): Eg heyri það að háttv. meðflutningsm. minn hefir tekið sinn hluta tillögunnar aftur. Sömuleiðis skal eg geta þess, að það er eftir ósk héraðslæknisins að þessi tillaga var borin upp hér í deildinni. Það hefir hingað til verið regla þingsins að stuðla til þess að starfsmenn landsins og þá sérstaklega læknar gætu verið á þeim stöðum, þar sem almenningur ætti sem hægast með að ná í þá.

Hér stendur svo á, að mjög örðugt er að fá hentugan stað hér í bænum til að byggja á og þess vegna fer héraðslæknirinn fram á, að sér verði leigð lóð úr Arnarhólstúni. Hér er því hvorki um styrk eða lánbeiðni að ræða. Læknirinn vill borga 10 aura í leigu fyrir

hverja ferh. alin, og getur það ekki, borið saman við það sem nú er goldið af lóðum hér í bænum, 3 aurar af ferh. alin af bygðri lóð, en 1/4 af óbygðri -- skoðast annað en fullsæmileg borgun.

Menn kunna nú að segja, að þetta sé ekki í samræmi við það, að nýlega var felt hér í deildinni að selja ekki þessa lóð fyrir minna en 5 kr. feralin; þó vil eg benda á það, að engin líkindi eru til þess, að lóð þessi seljist fyrst um sinn fyrir þetta verð, og óhætt má gera ráð fyrir, að seinasti blettur inn muni ekki verða seldur fyr en eftir svo sem 20 ár. Nú skal eg benda á það, að eftir 10 ár verður læknirinn búinn að borga 1034,33 kr. með vöxtum — eða 1/5 hluta af söluverði lóðarinnar. Þetta getur því ekki orðið til skaða, þvert á móti hlýtur landsjóður að græða á þessu. Eg bendi að eins á þetta til að fyrirbyggja miskilning.

Tíminn 99 ár er miðaður við það, sem er á Englandi, þar sem menn hafa þessa reglu og er farið eftir því sem vel bygt timburhús á að geta staðið, lengri tími ef um steinhús er að ræða.

Eg ímynda mér, að allir verði mér samdóma um það, að nauðsynlegt sé að héraðslæknirinn geti búið á þeim stað í bænum, þar sem flestir eigi hægast með að ná til hans, — og þar sem hann ekki getur fengið lóð á viðunanlegum stað í bænum, nema með afarkostum, þá vona eg að þingið verði svo sanngjarnt að veita honum þetta, sem hann fer fram á, einkum þar sem það er peningalegur gróði fyrir landssjóðinn.

Jón Þorkelsson: Eg get ekki neitað því, að mér þykir nú taka að gerast allreimt hér á þingi.

Frá Ed. hafa þeir sent hingað draug, sem er talsvert viðsjárverður, og það engu síður fyrir það, að honum er hnýtt aftan í taglið á meinleysisflækingi, sem hefir verið hér á rölti milli deildanna og menn hafa látið sig litlu skifta. Og nú vekur h. 1. þm. G. & K. (B. K.) upp annan draug, sem nauðsyn er á að kveða niður hið allra bráðasta. Löggilding Viðeyjar var sungin til moldar hér í þessari deild snemma í f. m., hitt frumv. 11. s. m. Þá var felt frumv. um að það að veita stjórninni heimild til þess að selja lóðir á Arnarhólstúni fyrir minna en 5 kr. feralin, en stjórnin fór fram á að mega selja feralin fyrir 2,50. Ed. færði það upp í 3 kr. en Nd. feldi síðan frv., svo sem eg hefi tjáð. Málefni þetta kom til tals og ályktana á þingmálafundi hér í Reykjavík 13. febrúar í vetur og þá var það álit margra góðra manna, að ekki bæri að selja þessa lóð að svo stöddu og als ekki nema fyrir viðunanlegt verð og því hefir deildin hér verið samþykk með því að lóga frumv. um sölu lóðarinnar. En nú kemur héraðslæknirinn í Rvík og biður um að leigja sér lóð fyrir einmitt það sama verð, sem þessi deild hefir neitað að selja lóðina fyrir og fyrir minna verð en Ed. hafði séð sér fært að veita heimild til. Það virðist því ekki vera langt frá ósvinnu, sem hér er nú verið að fara fram á. Það er ekki til meira mælst en að eins þess að þingið vilji nú eta ofan í sig það, sem það hefir ályktað fyrir mánuði síðan! Til slíkra hluta þarf góða einurð.

Flutningsmaður sagði, að læknirinn gæti ekki fengið lóð á hentugum stað fyrir hæfilegt verð. En mér er spurn. Mælist læknirinn þá til að fá lóð fyrir óhæfilegt, óhæfilega lágt verð? Og hvað mundi það þá vera, sem hann vill gefa fyrir lóð? Eftir því, sem hér

er farið fram á, þá er það að sér sé seld lóð eða leigð fyrir helmingi minna verð en öðrum. Er nú nokkur ástæða til að fara að ívilna þessum eina manni og verðlauna svo þá biræfni, sem fer þess á leit, að þingið fari að gera sig ómerkt orða sinna og gerða? Við kærum okkur þess utan ekki um hentugri stað fyrir héraðslæknirinn en hann nú hefur. Hann býr á nógu hentugum stað og það hefir enginn kvartað yfir því að hann byggi óhaganlega fyrir bæjarmenn. En sé honum hugleikið að vera á öðrum stað en þeim, sem nú býr hann á, hvers vegna bauðst hann þá ekki til að kaupa lóð af þinginu á Arnarhólstúni, úr því hann endilega vill vera þar? Hitt getur ekki komið til mála að leigja lóðina, því að lögin heimila það ekki, og til þess að breyta þeim, þarf meira en þingsályktun — til þess þarf lög — og þess vegna hefði í raun réttri átt að vísa þessu máli frá í þessu formi. En ef þingið nú færi að sinna þessari rollu og þessu kvabbi, sem raunar er þinginu ósamboðið, — þá getur það átt á hættu að menn komi hver um annan þveran og heimti hið sama. Þessi heiðursmaður getur án als efa fengið nóga staði hér í bænum með sanngjörnu verði — og þó að eg játi, að góður maður eigi í hlut, þar sem hann er, þá er hann ekki þó ofgóður til þess að gefa sama verð fyrir lóðir og aðrir.

Af þessu sem eg hefi tekið fram, vona eg að háttv. deild sjái, að það er ekki einungis ástæðulaust að veita lækninum þessa bón hans, því að hún er hvorki í þörf né þágu bæjarbúa, heldur er það hreint og beint móðgun við þingið að fara fram á það, að þingið fari að gera ólöglega ákvæði, sem brjóta beint bág við gildandi lög.

Flutningsmaður (Björn Kristjánsson): Eg hélt að þessi meinlausa þingsál. mundi ekki mæta svo miklu harki. Háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) fór að bera þingsál.till. saman við Viðeyjarlöggildinguna. Eg skil ekki að hægt sé að bera slíkt saman, heldur enginn sérlegur vandi fyrir þessa deild að laga það, þótt það hafi slæðst inn. En að þingið geri sig ómerkilegt, þótt það veiti stjórninni heimild til þess að leigja blett af þessari lóð, þar sem lögin ákveða að lóðina skuli selja, fæ eg ómögulega séð. Ef selja á lóðina fyrir 5 kr. feralin getur langur tími liðið, þangað til yfir höfuð nokkuð *selst af* henni, og er þá nokkuð að því, þótt landssjóður hafi nokkuð upp úr henni á þennan hátt? Hér er heldur als ekki verið að fara fram á að slá neinu af lóðinni, það hefi eg áður sýnt. Lóð þessi hefir ekki selst enn þá, og það lítur út fyrir, að það bíði dálitið enn þá, en þó sá tími komi, að hægt verði að selja lóðina fyrir 5 kr. feralin, þá skaðast landssjóður ekki á að leigja þennan blett, hann mundi þvert á móti græða á leigunni á þennan hátt og því meir sem salan drægist lengur. Hins vegar er það mikils virði fyrir hina fátækari bæjarbúa, að læknirinn sé á hentugum stað í bænum og als ekki víst, að hann geti verið þar sem hann nú er. Held mig við það, sem eg hefi sagt, að læknirinn getur ekki fengið hentuga lóð í bænum fyrir hæfilegt verð.

Magnús Blöndahl: Háttv. samþingismaður minn (J. Þ.) hefir rökstutt mótmæli sín gegn þessu máli svo vel, að litlu þarf við að auka. Þó vil eg bæta við örfáum orðum. Mér þykir nokkuð kynlegt, að tillaga þessi til þingsályktunar skuli vera komin fram hér í deildinni, þar sem mér finst hún bæði ástæðulaus og enda jafnvel benda inn á hættulega braut, ef hún yrði samþykt í deildinni; þess utan verð

eg einnig að ætla, að hún komi í bága við gildandi lög. Að tillagan sé ástæðulaus, vona eg allir játi, þegar ekki er hægt að færa henni annað betra til gildis eða stuðnings, en það, að umsækjandinn (ɔ: héraðslæknirinn) sé þar bezt settur fyrir alla þá bæjarbúa, er þurfa að vitja hans, og það sé þess vegna og ekki annars, að tillagan sé fram komin. Mér er nú eigi kunnugt, að fram sé komin nein ósk frá bæjarbúum sjálfum, né heldur hitt, að neinar kvartanir hafi komið fram um það, að læknirinn sæti nú á óhentugum stað, enda getur slíkt tæpast komið til greina í jafn litlum bæ og Reykjavík. Að það geti orðið hættuleg braut fyrir þingið, að ganga inn á, að samþykkja tillöguna, vil eg sanna með því, að ef þessi tillaga yrði samþykt, þá getum við verið vissir um, að margar slíkar beiðnir kæmu á eftir. Við getum t. d. þannig búist við slíkri beiðni frá bæjarfógetanum o. fl., sem teldu sér afar-nauðsynlegt að búa einmitt á þessum stað, til þess að sem hægast væri fyrir bæjarbúa, að ná fundi hans í ýmsum tilfellum, og ef nú þingið væri búið að veita þetta einum borgara bæjarins, hvernig gæti það þá forsvarað, að gera þeim ekki öllum jafnhátt undir höfði. Að háttvirtum umsækjanda þyki þarna fallegur staður, og að hann kysi sér helzt, að mega búa þar, er ekki nema eðlilegt, en þá get eg fyrir mitt leyti heldur ekki vorkent honum — fremur en öðrum — að kaupa þar lóð, þegar hún fæst þar með mjög sanngjörnu verði. — Þess utan er engin minsta trygging fyrir því, þótt umsækjandinn fengi þessa ósk sína uppfylta, að hús það, er hann kynni að byggja þar, gæti orðið frambúðar læknissetur, t. d. ef þessi maður félli frá o. s. frv. Eg játa, að maður þessi er margs góðs maklegur, en svo langt vil eg þó ekki ganga til þess að þóknast honum, að eg vilji brjóta móti gildandi lögum, né veita honum neinn sérstakan einkarétt fram yfir aðra borgarbúa.

Háttv. flutningsm. (B. Kr.) gat þess, að læknirinn gæti enga lóð fengið á viðunanlegum stað, og heppilegum fyrir almenning. Slíkt er fjarstæða, því í miðbænum eru enn þá fáanlegar ágætar lóðir, og í Vonarstræti t. d. er gnægð góðra lóða, og þar er mjög fögur útsjón, og enginn mundi telja sér erfitt, að vitja hans þangað.

Það var sagt, að þær lóðir fengjust ekki fyrir hæfilegt verð, en eftir því sem eg veit bezt, þá fást þær með góðu verði.

Þess utan er lóðargjald það, sem farið er fram á í tillögunni svo afarlágt, að fjarri er öllum sanni, að það yrði beint tap fyrir landssjóðinn, og vænti eg, að háttv. flutningsm. (B. Kr.) sjái það við nánari athugun. Eða hver á þá að borga landssjóði hallann? Hafi nú maður sá, er hér á í hlut, ráð á að byggja — og um það efast eg als ekki — hefir hann einnig ráð á því, að eignast (ɔ: kaupa) góða lóð á hentugum stað fyrir einar 5000 krónur. — Eg vil því að síðustu taka það upp aftur, að þingsályktunartillaga þessi er ástæðulaus, og getur orðið hættuleg braut að komast inn á, auk þess sem hún kemur í bága við gildandi lög. Vænti eg því, að hin háttv. deild felli hana.

Skúli Thoroddsen: Eg tek í sama streng, sem háttv. 2. þm. Rvík. (M. Bl.), að ef deildin samþykkir þetta, þá er það sama, sem hún skori á stjórnina, að fremja lagabrot, og eg vil benda háttv. flutningsm. (B. Kr.) á það, að samkvæmt fyrirmælum laga

20. okt. 1905, er lóðin eign byggingarsjóðs Íslands. Stjórnin hefir því heimild til þess að selja hana með ákveðnu verði, 5 kr. fer.alin, en brestur heimild til þess að leigja hana, og ákvæðum gildandi laga verður eigi breytt með þingsályktun, heldur að eins með nýjum lögum. — Þingdeildin hlýtur því, sóma sins vegna, að fella nefnda þingsályktunartillögu.

Eg er og háttv. 2. þingm. Rvík. (M. Bl.) sammála um það, að menn mundu koma í stór-hópum og beiðast þess, að verða hins sama aðnjótandi, ef héraðslækninum væri leigð hin umbeðna lóð, og ekki sízt mundu ýmsir embættismanna í Reykjavík þá þykjast eiga tilkall til hins sama, t. d. bæjarfógeti, og yrði þá örðugra að synja.

Þingsályktunartillagan fer og fram á það, að baka byggingarsjóði mjög mikið fjártjón, þar sem vextir af andvirði lóðarinnar, væri hún seld á 5 kr. feralinin, eins og gildandi lög áskilja, mundu — þótt rentan væri að eins reiknuð 4% — nema 200 kr. árlega, og næmi þá tapið, þar sem tillagan gerir að eins ráð fyrir 100 kr. eftirgjaldi, hundrað krónum á hverju ári, og mundi sú upphæð með vöxtum og vaxtavöxtum í 99 ár skifta mörgum tugum þúsunda, og yrði það því ekkert smáræði, sem héraðslækninum yrði gefið á þennan hátt, og færi því bezt á því, að háttv. flutningsm. (B. Kr.) tæki tillöguna aftur, en að öðrum kosti á deildin að sjálfsögðu að fella hana.

Flutningsmaður (Björn Kristjánsson): Eg ætla að taka það fram, að mér er þetta ekkert kappsmál. En það hafa komið fram ýmsar fjarstæður og mótbárur, er ekki eru á rökum bygðar, og verð eg að svara þeim nokkrum orðum. Þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) sagði að þessi till. tæri í bága við gildandi lög. Eg bar hana að vísu undir hann og dróg hann í efa, að svona löguð heimild nægði. Eg leitaði líka álits fleiri lögfróðra manna og leist þeim hún í alla staði góð. Minn skilningur er sá, að þó að stjórninni sé gefin heimild til að selja lóðir fyrir ákveðið verð, þá hafi þingið ekki afsalað sér neinum rétti yfir lóðunum, sem óseldar eru á hvaða tima sem er. Og hér er ekki um neina sölu að ræða heldur leigu á lóð, sem enginn veit um, hvað lengi getur dregist að fá kaupanda að. Það er gott og gagnlegt að geta leigt lóð strax, er getur annars ekkert gefið af sér í mörg ár, því það verður að gæta þess, að þessi eign gefur ekki af sér neina vexti, svo að vaxtareikningur háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) á hér ekki við. Það er bæði mitt álit og lögfróðra manna hér á þinginu, að þetta sé fremur gróði en tap fyrir byggingarsjóð. Ef lóðin t. d. ekki selst á fyrstu 10 árunum, þá hefir læknirinn greitt í leigu talsvert á annað þúsund krónur og á lóðin öll þó eigi að kosta meira en 5000 kr., ef hún er seld.

Svo sný eg mér að 2. þm. Rvk (M. Bl.), er sagði að vel færi um læknirinn, þar sem hann væri og enga nauðsyn bæri til að hann flytti sig úr þeim stað, enda kvað hann fleiri embættismenn mundu eftir fylgja t. d. bæjarfógeti o. fl. Þá er þar til að svara að eg veit ekki til að læknirinn hafi neinn eignarrétt á húsi því, er hann býr í, og eins veit eg ekki til, að háttv. þm. geti veitt honum þann rétt. Bæjarfógeti er afarilla settur að vera upp í Þingholtum. Það er t. d. örðugt fyrir útlenda skipstjóra að finna hann þar. Hann ætti því að búa sem næst sjónum og sé eg ekkert á móti því að honum væri einnig leigð lóð á þessu svæði, ef hann færi fram á það. Mér

er ómögulegt að fallast á, að allir geti heimtað leigurétt á lóðum þessum, þó héraðslækninum væri heimilað að búa á þessum stað, bæjarbúum til hagræðis. Verstu öfgarnar og fjarstæðurnar hefi eg leitast við að leiðrétta og vonast eftir að þær leiðréttingar verði teknar til greina.

Jón Þorkelsson: Spurningu hins hv. flutningsmanns til mín get eg fljótlega svarað. Eg hefi að vísu ekki spurst fyrir um það, hvort héraðslæknirinn geti fengið að búa framvegis í húsi því, sem hann nú býr í, en eg hugsa, að eg megi fullyrða að á því geti varla verið fyrirstaða. Fósturmóðir konu hans á húsið. Hún á enga skaparfa og er einstæð kona, og mundi vera vandræðalítið fyrir lækninn að ná kaupum á húsinu af henni, og búa í því framvegis. Að öðru leyti gerir það svo sem minst til, hvar hann býr í bænum, því allir vita, að hann er skjótur og vaskur í förum og »á hjólum« fram og aftur um allan bæ. Þingið hefir annars hingað til ekki heimilað nokkra aðra meðferð, en sölu á þessum fasteignum. Og hver ástæða væri svo nú til þess að fara að leigja þessa lóð helmingi ódýrara, en skaðlaust er eftir því verði, sem á henni er nú, og þó getur hækkað, þegar frá líður, meira en nokkrum kemur nú til hugar? Og hvernig ætlar háttv. flutnm. að fara að því að tryggja það, að þetta verði alt af óslitið læknissetur í 100 ár? Á landssjóður kanske að fara að kaupa bústað handa héraðslækninum? Ef svo er, má þá ekki segja berum orðum til hvers refarnir eru skornir? Eg sé ekki betur en að alt mæli á móti því, að þessi till. nái samþykki deildarinnar.

Flutningsmaður (Björn Kristjánsson): Eg ætla að eins að benda á, að eteignin stigur í verði á meðan læknirinn notar lóðina, þá fellur sú verðhækkun ekki í vasa hans heldur landssjóðs, því ekki er ætlast til, að landssjóður gefi neitt fyrir lóðina, þegar læknirinn skilar henni aftur. Það var talað um að læknirinn væri »á hjólum«. Eg vil spyrja: Geta fátækir og umkomulitlir sjúklingar þá einnig verið á hjólum, þegar þeir nauðsynlega þurfa að leita hjálpar hans?

ATKV.GR.:

Tillagan (a-liður) feld með 16 atkv. gegn 4 að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Kristjánsson,	Benedikt Sveinsson,
Björn Sigfússon,	Björn Þorláksson,
Jón Jónsson S.-M.,	Einar Jónsson,
Ólafur Briem.	Hannes Hafstein,
	Hálfdan Guðjónss.,
	Jóh. Jóhannesson,
	Jón Jónsson, N.-M.,
	Jón Sigurðsson,
	Jón Þorkelsson,
	Magnús Blöndahl,
	Sig. Sigurðsson,
	Skúli Thoroddsen.

4 þm. greiddu ekki atkv. og töldust til meiri hlutans.

Breyting á þingmannaviðauka.

FRUMVARP til laga um breytingu á lögum um kosningu fjögurra nýrra þingmanna frá 3. okt. 1903; (A. 32) 1. umr., 23. febr.

Flutningsmaður (Jón Þorkelsson): Þetta frumv. er fram komið af sömu ástæðu, sem till. sú, er síðast var á dagskrá (þingsál.till. um nefnd til þess að íhuga alsherjar kjördæmaskiftingu), það er að segja, af því, hve ójafnt er farið um skipun kjördæma.

Þegar aukið var við 4 þingmönnum hér á árunum varð Reykjavík út undan og fékk að eins bætt við 1 þing-

manni, í stað tveggja, sem sanngjarnt var, en svo fékk Seyðisfjörður 1 þingmann.

Eins og nú á stendur mun eg ekki fylgja fast fram þessu frv. En ekki get eg að því gert að benda á, að í Norður-Múlasýslu eru um 400 kjósendur með 2 þingmenn, Seyðisfirði 144 með 1, Austur-Skaftafellssýslu 136 með 1, Suður-Múlasýslu 600 með 2, Vestmanneyjum um 200 með 1 og í Vestur-Skaftafellssýslu 216 með 1 þingmann. Á öllu þessu svæði eru því 1700 kjósendur með 8 þingmenn, en í Reykjavík eru um 1800 kjósendur með að eins 2 þingmenn. Það sér hver og einn, hver sanngirni er í því fólgin. Samt mun eg ekki nú halda þessu frv. til streitu, eins og eg hefi getið um, og má þingd. ráða, hvort hún fellir það eða ekki. Annars get eg ekki stilt mig um að geta þess, hversu erfitt Reykjavík veitist jafnan að ná rétti sínum hér á alþingi, þvert á móti því sem tíðkast í öðrum löndum um höfuðstaði landanna. Það er als staðar talið sjálfsagt að veita forréttindi höfuðstöðunum en draga ekki af þeim réttindi þeirra.

Eg tel réttast að vísa frv. til nefndarinnar í næsta máli á undan.

Jón Sigurðsson: Eg álít, að ekki eigi að skapa frv. þessu langan aldur. Breytingar á kjördæmaskipun landsins eru nauðsynlegar.

Eins og kunnugt er, hafa oft heyrst ýmsar raddir um, að kjördæmaskifting landsins væri ekki sem allra réttlátust, og þegar bætt var við 4 þm., einum í hverjum kaupstað, var líka svo fyrirætlað, að tilhögun sú skyldi að eins standa til bráðabirgða. En þótt maður viðurkenni þessa skoðun, þá fæ eg eigi betur séð en að það væri óheppilegt að svipta Seyðfirðinga sínum þm. og leggja Seyðisjörð niður sem sérstakt kjördæmi, já meira að segja væri það í mesta lagi ranglátt, borið saman við ýms önnur kjördæmi á landinu. Eins og málið liggur nú fyrir virðist mér ekki rétt að gera þessa einu breytingu, því það er kunnugt, að breyting á kjördæmaskipun landsins er í vændum, áður en langt um líður, og álít eg rétt, að láta sitja við það fyrirkomulag sem er, unz sú breyting kemst á. Eg er líka hræddur um, að slík aðferð kynni út í frá að verða talin sem spark til Seyðfirðinga, og því ver mundi því verða tekið sem lögleg kosning þegar er ákveðin og fyrirskipuð. Mér finst því sjálfsagt að fella þetta frumv. og láta það ekki einu sinni komast í nefnd.

Flutningsmaður (Jón Þorkelsson): Það er misskilningur, eins og margt fleira hjá háttv. þm. Mýr. (J. S.), að frumv. þetta sé »spark« til Seyðfirðinga, eins og hann orðar það. Það er þvert á móti borið fram af einskærri réttlætistilfinningu fyrir því, að Reykjavík er órétti beitt með því að hafa að eins 2 þingmenn. Þegar bærinn er borinn saman við önnur kjördæmi landsins með fáa kjósendur, svo sem Seyðisfjörð og Vestmanneyjar, getur engum skynbærum manni blandast hugur um það, að höfuðstaður landsins hefir orðið fyrir mesta misrétti, sem bæta ætti upp við fyrsta tækifæri. Nú gefst tækifærið, og ætti það því eigi að fara ónotað. Gegnum ritsímann hefi eg nýlega átt tal við góðan mann á Seyðisfirði um þetta mál, og skýrt frá því, að mál þetta væri hvorki flokksmál né kappsmál, Seyðfirðingar ættu því að geta sofið sæmilega fyrir þessu frumv. En þótt frumv. þetta nái eigi fram að ganga, vildum við, sem komið höfum með frumv. inn á þingið, með því hafa vakið athygli h. deildar á misrétti því, sem Reykjavík er beitt

í þessu efni, og sem fyrst þyrfti að bæta úr.

Sigurður Sigurðsson: Það mun vist alment litið svo á, að Reykjavík sé betur sett með þm. en önnur kjördæmi landsins, því að þótt bærinn að eins kjósi 2 þm., þá eru þar þó búsettir minst 11 þm. þjóðkjörnir, og það munu margir viðsvegar um landið líta svo á, að Reykjavík eigi í þessum mönnum meiri og minni hlutdeild. Það fer því svo fjarri, að Reykjavíkurbær sé ver staddur í þessu tilliti en önnur kjördæmi landsins.

Eg vona, að frumv. verði felt nú þegar, og ekki einu sinni vísað til nefndar þeirrar, sem skipuð hefir verið til að rannsaka kjördæmaskifting als landsins.

Magnús Blöndahl: 2. þm. Árn. (S. S.) hélt því fram, að Reykjavík bæri meir frá borði, og væri gert hærra undir höfði en öðrum kjördæmum landsins, af því að þar ættu svo margir þm. heima. En þetta hygg eg eigi vera rétt, því að eg ímynda mér, að þótt þeir eigi hér heima, muni þeir skoða sig sem fulltrúa þeirra kjördæma, sem þeir eru kosnir fyrir. Hér er því eigi verið að fara fram á, að Reykjavík sé gert hærra undir höfði en öðrum kjördæmum heldur þvert á móti, að þætt sé úr þeim misrétti, sem bærinn svo lengi hefir átt við að búa. Þegar þess er gætt, að hér í Reykjavík eru yfir 1800 kjósendur, verða menn að viðurkenna, að bærinn verður mjög útundan og því sanngjörn krafa, að þingmönnum hér sé fjölgað.

ATKV.GR.:

Tillaga um, að vísa málinu til kjördæmaskiftingarnefndarinnar feld með 16 gegn 5 atkv.

Felt að vísa málinu til 2. umr. með öllum greiddum atkv. gegn 2.

Þjóðmenjasafn.

FRUMVARP til laga um þjóðmenjasafn Íslands (A. 41); 1. umr., 24. febr.

Flutningsmaður (Jón Þorkelsson): Eg flyt þetta frumv. eftir tilmælum núverandi fornmenjavarðar. Með lögum 16. nóv. 1907 er það ákveðið, að fornmenjavörður skuli jafnframt vera forngripasafnsvörður, og hafa 1800 kr. að launum; en það eru vitanlega ónóg laun fyrir fjölskyldumann að lifa af. Það er óheppilegt, hversu lítil rækt hefir verið lögð við þetta safn af hálfu löggjafarvaldsins. Mér vitanlega eru engin lög til fyrir því, engin fúndazía eða stofnunarskrá, svo að það er eiginlega ekki til, eftir hinni gömlu reglu: »quod non est in actis, non est in mundo«. Og þó er það búið að standa um 50 ár.

Húsrúm það, sem safnið nú hefir, er þannig lagað, að það er með öllu ómögulegt að komast af til gæzlu þess með fornmenjavörð einsamlan; það veitir ekki af, að hann fái 4—6 menn sér til aðstoðar þá daga, sem safnið er opið fyrir almenning, því að ella gæti það alt verið skriðið út að nokkrum árum liðnum. Þar fyrir utan er ákveðið í lögum þeim, er eg áður nefndi, að fornmenjavörður skuli ferðast um landið til þess að skrásetja fornmenjar. — En því ákvæði getur hann als ekki fullnægt, eins og nú er ástatt, með öðru móti en því, að forngripasafnið sé lokað á meðan hann er fjarverandi. Málefni þetta er svo vaxið, að eg álít að réttast sé að setja nefnd í það. —

Jón Sigurðsson: Frumv. þetta er

ekki svo stórvægilegt, að það gerir hvorki til né frá. En vegna þess að það hefir í för með sér aukinn kostnað fyrir landssjóð, þá verð eg að fara um það nokkrum orðum. Það munu nú sumir segja, að upphæð sú, sem hér er um að ræða sé ekki svo stórvægileg, að það taki því að gera veður út af. Hins er þó að gæta, að nú er óáran í landi og óáranir verka eftir sig, svo að hætt er við að viðskiftalifið verði stirt, og þá hlýtur það að koma fram á tekjum landssjóðs, þess vegna nauðsynlegt að spara sem mest að hægt er þá útgjaldaliði, sem geta beðið, og eg álít að þetta þoli bið.

Háttv. flutnm. (J. Þ.) sagði, að fornmenjavörðurinn yrði að ferðast um landið til að safna og skrásetja fornmenjar. Eg held að þar sé ekki um auðugan garð að gresja; því að bæði hefir forngripasafnið látið safna á síðastliðnum árum og einnig einstakir menn. Einnig er þess að gæta, þegar um söfn er að ræða, að þá verður að safna með skynsemd, ekki einungis að hugsa um það að fylla húsrúmið, til að auka þrengsli, heldur að safna því, er sýnir menningarþroska og þjóðlíf vort á ýmsum tímum. Álít einnig óþarft að hafa marga gripi sömu tegundar. Mér finst að það ætti að vera regla þingsins að fara mjög varlega í fjárveitingunum, og veita ekki meira fé en það sem hægt er að komast af með til þeirra fyrirtækja, er ekki gefa neinn beinan arð; en leggja heldur ríflega til þeirra, er auka framleiðsluna. Betra að byrgja brunninn, áður en barnið er dottið ofan í hann.

Flutningsmaður (Jón Þorkelsson): Ræða hins háttv. þm. Mýram. (J. S.) hefði verið góð, ef hún hefði verið haldin í hreppsnefnd upp í Hvítársíðu. Það er gott að berja barlómsbumbuna, þar sem það getur komið að haldi, en í þessu máli kemur það ekki vel við, því að það er lagaskylda að fornmenjavörður ferðist um landið til rannsóknar fornmenjum, og það getur hann ekki, eins og nú stendur á, nema því að eins, að safnið standi lokað á meðan, og það getur þó ekki verið tilgangur hv. þm. Mýram. (J. S.) að það eigi að búa til söfn, til þess að halda þeim lokuðum fyrir öllum landslýð, sem er eigandi þeirra. Söfnin innihalda margt og mikið, sem er lærdómsríkt á marga vegu, en það getur ekki orðið til gagns, nema því að eins að alþýða manna fái að sjá það og kynnast söfnunum. Og eg vil enn að nýju biðja háttv. þm. að athuga það vel, — hann virðist ekki hafa tekið eftir því, þegar eg sagði það áðan — að fornmenjavörður verður að loka safninu, ef hann fer burt úr bænum. Komið gæti það vitanlega til mála, hvort ekki væri æskilegt, ef hægt væri, að leggja undir þetta safn náttúrugripasafnið, en því er ómögulegt að koma við, fyr en landið hefir efni á því að byggja yfir þau bæði sérstaka byggingu.

Forngripasafnið inniheldur ýmsar dýrmætar minningar lands vors og þjóðar um 300 ára tímabil og þess utan töluvert frá eldztu tímum landsins. Það er réttmætt, sem hinn háttv þm. tók fram, að safna verður með viti, en betur mundu honum hent ljósaverk í fásinni uppi í Borgarfirði, en að setja reglur fyrir slíkum hlutum. Háttv. þm. sagði, að óþarfi væri að hafa marga hluti sömu tegundar á slíkum söfnum. En eg skal fræða hann á því, að það er jafnan siður safna hvarvetna, að láta í burtu smám saman alt það, er þeim fénast og þau þarfnast ekki, til annara safna eða

einstakra manna fyrir hluti, er þau eiga ekki, eða þá fyrir fult andvirði. Það getur verið álitamál, hversu mikið ber að veita fornmenjaverði í laun. Eg hefi stungið upp á 1000 kr. og álít það ekki of mikið. Það hefir verið gerð grein fyrir því, hversu alt er nú fullum þriðjungi dýrara en áður var, þegar laun embættisins voru ákveðin.

Við megum ekki láta þá ómensku um okkur spyrjast, að við lokum fyrir alþjóð slíkum fræðslubrunnum sem söfnin eru. Við verðum að hafa þá svo aðgengilega fyrir þjóðina sem fremst er fært. Það er gott að spara, þar sem það er hægt að vansalausu, en hér er ekki hægt að spara það, sem nauðsyniu hrópar hástöfum á.

Jón Sigurðsson: Háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) byrjaði ræðu sína að því er mér skildist svo, að ekki ætti aðrir að tala um þetta mál, en lærðir fornfræðingar. Mér finst, að aðrir mættu hafa leyfi til að leggja orð í belg. Eg fæ ekki séð, hvers vegna fornmenjavörður þarf að loka safninu, þótt hann ferðist, hefir aldrei dottið það í hug. Sé ekki annað en að hann geti fengið mann í sinn stað. Álít að ekki sé brýn nauðsyn til þess að setja dýra menn á landssjóðinn, ef hægt er að komast hjá því. Verð að álíta, að hér sé hægt að spara, og að þetta geti beðið betri tíma, og réttara væri að veita féð til þess að það ekki kyrktist, sem ekki getur beðið.

Sigurður Sigurðsson: Mér þykir mjög leiðinlegt, vegna hv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) að geta ekki greitt atkv. með frumv. þessu. Það fer fram á aukin útgjöld fyrir landssjóð alveg að óþörfu og til einksis gagns fyrir þjóðina. — Hins vegar á það að líta, að nú þegar er varið allmiklu fé til safnanna hér. Má nefna sem dæmi, að á fjárlagafrv. eru ætlaðar til landsskjalasafnsins 4450 kr., þar af laun skjalavarðar 1800 kr. Það var einu sinni sagt hér í þingsalnum um þetta safn, að það væri ekki til annars en að bera það út á tjörn og kveikja í því »fyrir fólkið«. Vel má vera, að hér sé of djúpt í árinni tekið, og að þetta hafi verið heldur ýkt hjá þeim, er það sagði. Eg læt það liggja á milli hluta.

Til forngripasafnsins eru nú áætlaðar 3800 kr., þar af laun forngripavarðar 1800 kr., og verð eg að álíta það fullsæmilega borgun. Frumv. þetta fer fram á, að laun hans séu hækkuð um 1000 kr. og að hann auk þess fái aðstoðarmann með 800 kr. Þetta álít eg að hægt sé að spara. Sparnaðurinn verður að koma niður á þeim liðum, sem ekki auka gjaldþol landsmanna eða framleiðsluna í landinu. Það er undarlegt að vera altaf að tala um að spara og vera svo að flytja frumv. um stofnun nýrra sýslana; verðum að láta staðar numið með það.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) var að tala um það, að sagt hefði verið, að landsskjalasafnið væri ekki til annars en að bera það út á tjörn og kveikja í því »fyrir fólkið«, sagði raunar, að það mundi vera nokkuð ýkt. Eg verð að álíta, að háttv. þm. hafi ekki kynt sér safnið, annars mundi hann ekki hafa látið sér þessi orð um munn fara. Mig furðar á því vegna þess, að eg veit að háttv. þm. ann svo landi sínu og þjóð að hann vill ekki stuðla til þess, að loka þessum fróðleiks uppsprettulindum þjóðarinnar. Get hugsað mér, að það sé margt, sem dregur menn að söfnunum, meðal annars það, að þar er margt, sem hvergi er annarsstaðar að finna.

En það sem einkum kom mér til

að standa upp í þessu máli, er það. að með lögum frá 16. nóv. 1907 er fornmenjaverði gert að skyldu að vera fjarverandi einmitt þann tíma ársins, sem mest er aðsóknin að safninu, og það munu fáir staðir hér í þessum bæ vera jafn-mikið sóttir og það, og að ætla að loka því um þann tímann, sem aðsóknin er mest, bæði af útlendum og innlendum mönnum, finst mér með öllu ógerningur. Ef hinn háttv. 2. þingm. Árn. (S. S.) vildi gera sér það ómak að ganga upp í safnhúsið, og líta á húsrúm það sem safnið hefir, þá mun hann sannfærast um það, að það eru engar ýkjur, að með minna en 4—5 manna umsjón, þá daga sem safnið er opið, verður safnið horfið burt, ekki á 4—5 árum, heldur á 2—3 árum, og að fornmenjavörður hafi svo ríflég laun, að hann geti borgað þá aðstoð, sem þarf til þess, að halda safninu opnu, finst mér ekki geta verið nokkrum vafa undirorpið.

Trúi því ekki fyr en eg má til, að mál þetta verði felt, en finst hins vegar rétt að kjósa nefnd í málið.

Sigurður Sigurðsson: Eg ætla ekki að svara háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) öðru en því, að um há-sumarið hafa flestir svo miklum störfum að gegna, að þeir mega ekki vera að því að ferðast til Reykjavíkur til að skoða forngripasafnið. Eg vildi í sambandi við þetta mega benda á það, að forngripavörðurinn yrði látinn ferðast til fornmenjasöfnunar og fleira um heyskapar-tímann, því þá eru að jafnaði fáir á ferð, að minsta kosti utan af landinu, eða yfir höfuð þeir, sem hafa ærlegum störfum að gegna.

Flutningsmaður (Jón Þorkelsson): Út af skrafi hins háttvirta 2. þingm. Árn. (S. S.), detta mér í hug orð Salomons konungs, að slíkir menn tali sem fávísar konur. Hann tekur nú upp fásinnu þá, sem fyrir löngu er þjóðræmd orðin, og sögð var hér á þingi 1893, að bera ætti söfn landsins út og kveikja í þeim »fyrir fólkið«. Getur glópskan og gleiðgosaglenningurinn komist öllu lengra? Eða þá bíræfnin að tala út í það, sem menn hafa ekki vit á til neinnar hlítar? Hitt er skiljanlegra, að þingmaðurinn vilji reyna að geta sér góðan orðstír hjá kjósendum sínum með því, að láta þá sjá, að hann hafi hátt um sparnað og telji skildinga. En betra væri, að það sparnaðartal þingmannsins kæmi einhversstaðar þar niður, sem hann ber betur skyn á en hér. Hér er auk brýnnar nauðsynjar að tala um þjóðarmetnað vorn og þjóðsóma, sem hinn háttv. þingmaður virðist gera sér heldur óglögga grein fyrir. Eigum við að meta hann mjög grútarlega til skildinga?

Fyrir skömmu var þess spurt, þegar frumv. um varabiskup var til umræðu hér í deildinni, hvort við virkilega ættum að fara að launa honum. Nú vilja menn fara að loka söfnum landsins, af því að það kostar nokkra skildinga, að halda þeim opnum. En má eg spyrja: Til hvers er þá að vera að safna og búa til söfn, ef enginn — og ekki eigandinn sjálfur — á að fá að njóta þeirra? Þetta minnir mann óneitanlega eitthvað á mauramennina gömlu, sem söfnuðu tvískildingum í vetlinga, bundu vel fyrir ofan, lokuðu þá síðan niðri í kistu og létu þá liggja þar ávaxtarlausa.

Vér viljum hafa þessi söfn til þess, að þau verði þjóðinni til sóma, gagns, gleði og læringar. Og þó við séum fátækir, þá höfum við ekki leyfi til þess, að kyrkja þau né kefja, og þjóðsæmd vora megum vér ekki kaffæra í vanhugsuðum — og mér liggur við

að segja spjátrungslegum — grútarskap. »Skjóttu geiri þínum þangað, sem þörfin meiri fyrir er«.

Slíkt mál sem þetta á þingdeildin að meta als góðs athuga og álita. — Eg legg því til, að nefnd sé skipuð í málið.

Sigurður Sigurðsson: Mér finst það óviðeigandi, að segja menn hafi ekki vit á málum, og mætti ef til vill segja um háttv. 1. þm. Rvík. (J. Þ.), að ómerk séu ómagaorðin. *(Jón Þorkelsson*: Háttv. 2. þingm. Árn. (S. S.) er einn af »lands-ómögunum«!).

ATKV.GR.:

Nefnd samþykt með 14 atkv. og í hana kosnir með hlutfallskosningu:

Jón Þorkelsson
Einar Jónsson
Hálfdan Guðjónsson.

Fyrstu umræðu frestað.

Í nefndinni var Hálfdan Guðjónsson valinn formaður, en Jón Þorkelsson skrifari og framsögumaður.

Framhald 1. umr., 9. marz. (A. 41, n. 97).

Framsögumaður meiri hlutans (Jón Þorkelsson): Eg óska, að málið fái hiklaust að ganga til 2. umr.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. með 13 : 7 atkv.

Önnur umr., 11. marz. (A. 41, n. 97).

Framsögumaður meiri hlutans (Jón Þorkelsson): Nefndin í máli þessu hefir klofnað. Minni hlutinn vill ekki sinna þessu litla fjárframlagi, sem farið er fram á, hvorki til sérstaks aðstoðarmanns, né launahækkun til fornmenjasafnsvarðarins sjálfs. Minni hl. (háttv. 1. þm. Húnv. H. G.) sér ekki neina ástæðu til þess, að auka gæzlumönnum við safnið, og færir meðal annars, sem ástæðu fyrir máli sínu, að ef nokkur nauðsyn hefði verið á þessu, þá hefði stjórnin tekið það upp sjálf á fjárlagafrumvarp sitt. En þetta virðist vera bygt á því, að háttv. 1. þm. Húnv. (H. G.) er ekki nægilega kunnugur því, hvernig á hefir staðið. Mál þetta gat als ekki verið komið fram, þegar stjórnin bjó undir fjárlagafrumv. sitt. Safnið var þá enn ekki flutt í hið nýja húsnæði í safnahúsinu, og því enn óséð, hvers mundi við þurfa. En nú er það komið í ljós, að þar þarf miklu fleiri menn til gæzlu, en þurfti á gamla staðnum. Annars skal eg ekki eyða mörgum orðum til að sýna fram á þá þörf. Þjóðmenjasafnsvörðurinn hefir sýnt þingmönnum sjálfum húsrúmið, svo að þeir hafa sjálfir hlotið að sjá, hve afar örðugt — eða réttara sagt — ómögulegt það er, að einn maður hafi gát á öllu safninu, þegar það er sýnt. Eg hafði því upphaflega til ætlast, að þingið veitti 800 kr. til sérstaks aðstoðarmanns, og svo 1000 kr., sem launahækkun til safnvarðar, en til þess að ná þó einhverju samkomulagi, þá hef eg þó látið kröfuna um fastan aðstoðarmann falla. En því fastar held eg fram, að laun fornmenjasafnsvarðarins verði hækkuð um 1000 krónur. Hann þarf öðru hvoru að hafa fastan aðstoðarmann við safnið, og á verðinum liggur sú lagaskylda, samkvæmt fornmenjalögunum, að ferðast á sumrum um landið til að safna fornmenjum, skrásetja þær og friðlýsa þeim, en á þeim tíma er sem mest aðsókn að safninu, svo að safnið verður að vera opið að minsta kosti 2 stundir daglega. En til þess þarf mikla aðstoð og dýra, sem safnsvörður verður að borga. — Og þegar tekið er tillit til þessa,

eru þessar 2800 kr., sem hann eftir þessu frumv. á að fá, sannarlega ekki of mikið. Annars þarf eg ekki að vera að mæla svo fast með þessu. — Eg vona, að hinir háttv. deildarmenn, sem eru málinu eins kunnir, verði því hlyntir.

Framsögumaður minni hlutans (Hálfdan Guðjónsson): Eins og háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) tók fram, gátum við ekki orðið sammála í nefndinni og þótt nefndarálit minni hlutans sé stutt, hygg eg þar þó teknar fram með allgildum rökum ástæður þær, sem eg tel á móti frumv: Annars hef eg ekki verið og verð aldrei með því að stofna ný og ný embætti, nema sérstakar ástæður knýi til þess, og enda þótt eg viðurkenni, að oss beri að sýna safni þessu og öðrum fornmenjum meiri rækt og athygli en oft hefir átt sér stað, þá getur þó svo farið, að vér fáum það of dýru verði keypt, að þessi fjárframlög verði of þung á fjárlögunum, og það er sannarlega meira en til þessa safns, sem gengur til fornmenja. Þannig er styrkur veittur til útgáfu Árbókar Fornleifafélagsins. Og undir þetta má að nokkru leyti heimfæra styrkinn til Brynjólfs á Minnanúpi til fornmenjarannsókna, og svo bætist við þessi nýja launaviðbót. Alt þetta gerir ekki svo lítið á fjárlögunum. Eg er líka á móti þessari launauppbót, þegar af þeirri ástæðu, að eg álít, að hún geri hvorki heilt né hálft. Eftir því sem sjálfur flutningsmaður þessa frumv. lét í ljós við 1. umr., verður ekki hægt að hafa nægilega gát á safninu fyrir það. Það kemur því ekki að tilætluðum notum, nær ekki tilgangi sínum. Eftir hans eigin dómi er mesta hætta á að gestirnir beri safnið burt í vösum sínum, þegar gæzlan ekki er meiri né betri. Betra ráð væri þá að breyta þessari gæzlu með því að loka t. d. niður þá muni, sem lauslegastir væru, svo að gestirnir gætu ekki hlaupið burt með þá í vösunum. Það væri líka ráð að stúka salnum í sundur og gæti vörðurinn þá haft með sér ákveðna tölu gesta og fylgt þeim frá einu herberginu í annað. Eg fæ því eigi séð, að nein nauðsyn sé á þessari fjárveitingu, enda lít eg svo á, að stjórnin hefði þá lagt til, að fá fé þetta veitt í fjárlögunum.

Einar Jónsson: Þegar frumv. þetta kom fyrst fram, voru mjög deildar meiningar um það, og eg verð að játa, að eg stóð þá í tölu þeirra manna, sem álitu ógerlegt að auka fjárveitingar til þjóðmenjasafnsins, sumpart fyrir sparnaðar sakir, sumpart vegna þess, að brýna nauðsyn bæri eigi til. Nú hefi eg skoðað safnið og sá eg þá að um hina mestu nauðsyn er að ræða, en annars er eg á móti öllum nýjum embættum og hef því algerlega sett mig á móti 800 kr. til sérstaks aðstoðarmanns, en að hinu leytinu felt mig við litla hækkun á launum forngripasafnsvarðarins sjálfs, með því skilyrði, að hann hefði umsjón og ábyrgð safnsins að öllu leyti. Inn á það hefir háttv. frsm. gengið með mér.

Það er sómi vor og metnaður að halda þessu safni vel varðveittu, að eg nú ekki tali um þá þýðingu, sem það frá þjóðmenningarlegu sjónarmiði getur haft fyrir oss Íslendinga. Eg vona því, að hin háttv. deild hugsi sig vel um, áður en hún synji þessari fjáruppbót, eins sanngjörn og hún er. Menn sjá vonandi, hve ósanngjarnt það er, að ætlast til að nokkur nýtur maður vilji offra sér fyrir stöðu sína og hafa einar 1800 kr. að launum, og verða þó af þeim að kaupa sér aðstoð og það hér í Reykjavík.

Að komast hjá þessu með því að breyta húsrúminu álít eg heldur ekki

fært, því að það mundi að eins vera hægt með ærnum kostnaði, jafn óhaganlegt og dimt sem það er, og ætti að breyta gluggum og öðru nauðsynlegu, mundi það ekki borga sig.

Vona, að deildin unni svo vel voru kæra safni, að hún vilji styrkja það með þessari fjárveitingu.

Ráðherrann (H. H.): Eg vil taka það fram, að ekkert er hægt að byggja á, að stjórnin hefir ekki borið þetta mál fram og sett það á fjárlagafrumv. Það var ekki hægt þá. Safnið er nýlega flutt inn í það nýja húsrúm og fyr var ekki hægt að sjá, hve mikinn aukinn kostnað það hefði í för með sér. Eg get heldur ekki fallist á að plássið sé óhentugt, að minsta kosti er það mjög fagurt. Álít, að það fé, sem hér er farið fram á, sé svo lítið í samanburði við gagn það, sem af því leiðir, að sanngjarnt sé að lofa tillögunni fram að ganga.

Framsögumaður meiri hlutans (Jón Þorkelsson): Það er vonandi engin þörf að mæla meira með þessu frv., en eg vil að eins drepa á það, að fyrir þessu safni eru engar reglur eða lög til, svo að safnið sjálft er þá strangt tekið heldur ekki til, samkvæmt gömlum setningum.

Það voru fáein orð í ræðu háttv. 1. þm. Húnv. (H. G.) sem mér komu undarlega fyrir. Hann sagði, að það væri bezta ráðið að loka það helzta af safni voru niður. Þá held eg að það verði lítið, sem vér höfum að sýna. Útlendingum sýnist vér víst vera nógu skrælingjalegir fyrir það, þó að vér lokum ekki menningu vora niður. 1. þm. Húnv. (H. G.) taldi alt það, sem veitt væri til fornmenja eða þjóðmenjasafnsins vera veitt til fornaldarinnar eða fornfræða. Það er ekki rétt. Á safninu eru ekki eingöngu fornir munir, heldur líka menningarmenjar frá nýjustu tímum. Þar eru ljáir, hrífur, koppar og kyrnur frá allra síðustu áratugum. Safnið er ekki eingöngu forngripasafn, heldur þjóðmenjasafn. Og ef menn vilja íhuga, hve mikla þýðingu þetta safn getur haft fyrir þjóðmenning vora og sögu, munu þeir varla horfa í þá lítilfjörlegu fjárupphæð, sem til þess gengur.

Framsögumaður minni hlutans (Hálfdan Guðjónsson): Eg vil að eins skjóta inn örfáum orðum. Háttv. 2. þm. Rangv. (E. J.) sagði, að ekki mundi svara kostnaði að breyta húsrúminu. Það yrði svo dýrt. En er ekki munur á að borga út eitt skifti fyrir öll, eða stofna nýtt embætti með nýjum, árlegum framlögum.

Háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) hefir misskilið — eða ef til vill ekki viljað skilja — orð mín um að »loka niður« lauslegustu munina, til þess að ekki væri hætt við, að þeir yrðu bornir burt. Eg átti auðvitað ekki við, að þá skyldi loka niður í kistum með þykkum lokum, heldur að þeir væri hafðir á borðum eða í skápum með gleri fyrir, svo að hægt væri að sjá þá eigi að síður. Það er meira að segja orðið alvenja erlendis að búa þannig um lausa muni — já, þótt fornir séu.

Þetta hugði eg að háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) vissi, annar eins safnfræðingur, og það því heldur, sem slík aðferð hefir verið viðhöfð við náttúrugripasafnið hér í Rvk og gefist þar vel.

Pétur Jónsson: Við atkv.gr. þá, sem nú á fram að fara mun eg greiða atkv. mitt móti þessu frv., ekki af því að eg vilji ekki styrkja þetta safn með fjárframlagi, eins og með þarf, heldur af því að mér skilst á framsm. að þetta frumv. verði hvort sem er einungis bráðabirgða umbót. En bráðabirgðaumbætur er alveg eins hægt að

gera með aukinni fjárveiting á fjárlögunum. —

ATKV.GR.:

1. gr. frumv. teld með 13 : 5 atkv.

2. gr. feld með 14 : 11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Björn Jónsson,
Jón Ólafsson,	Björn Kristjánsson,
Ben. Sveinsson,	Björn Sigfússon,
Eggert Pálsson,	Hálfdan Guðjónss.,
Einar Jónsson,	Jón Jónsson N.-M.,
Hannes Hafstein,	Jón Sigurðsson,
Jóh. Jóhanness.,	Ólafur Briem,
Jón Jónsson S.-M.,	Pétur Jónsson,
Jón Magnússon,	Sig. Gunnarsson,
Jón Þorkelsson,	Sig. Sigurðsson,
Magnús Blöndahl.	Skúli Thoroddsen,
	Stefán Stefánsson,
	Þorleifur Jónsson.

1 þm. greiddi ekki atkv. og taldist til meiri hlutans.

Frumv. þar með fallið.

Breyting á ráðherralaunum.

I.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum um aðra skipun á æztu umboðsstjórn Íslands frá 3. okt. 1903; (A. 51). 1. umr., 27. febr.

Ráðherrann (H. H.): Áður en háttv. flutnm. (J. Þ.) tekur til máls, vil eg leyfa mér að vekja athygli á því, að frumv. þetta fer fram á stjórnarskrárbreytingu, sem sé þá, að ráðherrann skuli eigi hafa réttindi, sem ráð er gert fyrir í 2. gr. stjórnarskrárinnar, og frv. er alment lagafrumv., en er ekki í fyrirsögninni nefnt frumv. til stjórnskipunarlaga, og því ber samkvæmt 26. gr. þingskapanna að vísa því frá.

Flutningsmaður (Jón Þorkelsson): Eg vil lýsa því yfir, að eg er ekki á sama máli og hæstv. ráðherra. Laun og eftirlaun ráðh. eru ákveðin með sérstökum lögum frá 3. okt. 1903. Og þótt þau séu nefnd í stjórnarskránni álít eg, að það hafi ekki neina þýðingu í þessu sambandi, og frumv. þetta sé ekki að neinu leyti breyting á stjórnarskránni.

Ráðherrann (H. H.): Ákvæðin um eftirlaunarétt ráðherra eru ekki tekin upp í stjórnarskrána úr lögunum um skipun á æztu umboðsstjórninni, heldur eru þau lög bygð á fyrirmælum stjórnarskrárinnar og sett samkvæmt henni. Það er því ekki hægt að fella burt þetta ákvæði laganna, án þess að breyta fyrst stjórnarskrárákvæðinu, sem það hvílir á.

Flutningsmaður (Jón Þorkelsson): Laun og eftirlaun ráðherra eru ekki bygð á stjórnarskránni né fyrirskipuð með henni, heldur eru þau ákveðin með lögum frá 3. okt. 1903, eins og eg hefi áður tekið fram.

Var málið þá tekið út af dagskrá og umræðunum frestað með því að vafasamt þótti, hvort rétt væri að ræða það, eins og það lá fyrir.

Framhald 1. umr., 3. marz (A. 51, 61, 71).

Flutningsmaður (Jón Þorkelsson): Eg sem flutnm. þessa frv. leyfi mér að óska þess, að málið verði tekið út af dagskrá.

Ráðherrann (H. H.): Málinu vikur þannig við, að réttast væri að því væri vísað frá — sbr. 26. gr. stjórnarskrárinnar. Og breyt.till. bætir heldur ekki úr skák, henni ætti einnig að vísa frá.

Flutningsmaður (Jón Þorkelsson): Hæstv. ráðherra gerir sér mikið far um, að ekki verði komið of nærri stjórnarskránni.

Og 12 kóngaviti einu — eða 14 — í Ed. þótti — eins og eg heyri nú út

undan mér — það koma of nærri stjórnarskránni, brenna hana, þar sem skorað var á landstjórnina að leggja slíkt mál fyrir næsta þing. Var því þá vísað til sambandslaganefndarinnar.

Mér virðist að hæstv. ráðh. og aðrir, er þessu halda fram, mæli ólög og lögvillur og ekki annað.

Í stjórnarskránni eru hvergi nein ákvæði um eftirlaun ráðherra. Ef slíkt ákvæði væri þar, þá væri öðru máli að gegna.

En þau ákvæði eru gerð með öðrum lögum, sem eru viðtækari, og stjórnarskráin byggist um þetta efni á þeim, en þau lög ekki á henni.

Við flutnm. þessa máls óskum breytinga á lögunum og förum fram á, að málið sé tekið út af dagskrá.

Breyt.till. tekur ótvírætt af skarið í því sem þarf, þrátt fyrir andmæli hæstv. ráðherra.

Hér er ekki um neinar tölur að ræða. Og nú hefir ráðh. eftirlaun, en munurinn er sá, að hér er farið fram á, að hann fái eftirlaun um jafnmargra ára bil og hann hefir gegnt embætti.

Um leið og eg endurtek ósk mína um að málið verði tekið út af dagskrá, held eg því fast fram, að þeir hafi engin lög að mæla, er uppástanda það, að frumv. þetta komi í bága við stjórnarskrána.

Ráðherrann (H. H.): Það væri að eins að berja höfðinu við steininn, að ætla sér að þrátta frekar um þetta við háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.).

Það virðist sjálfsagt eftir þingsköpunum að vísa þessu frumv. frá, þar sem það ekki er nefnt »frumv. til stjórnarskipunarlaga« í fyrirsögn þess, — og þá bætir breyt.till. ekki úr skák, hún er þar með sjálfdauð.

Jón Sigurðsson: Það er óþarft að tala mikið um þetta mál, úr því að breyt.till. fellur burt.

En þar sem hæstv. ráðh. (H. H.) sagði, að frumv. færi of nærri stjórnarskránni, þá vil eg geta þess, að því var breytt þannig með ráði eins lögfræðings hér í deildinni.

Vildi eg þá gera þá fyrirspurn, hvort ekki mætti semja nýtt frv. með sömu ákvæðum, en betur úr garði gert, ef vera mætti, að það kæmi þá ekki of nærri stjórnarskránni.

Forseti (H. Þ.): Frv. þetta gengur að mínu áliti of nálægt stjórnarskránni, eins og það liggur fyrir á þingskj. 51, en úr því er þó bætt að nokkru með breyt.till. En eg vil þá eftir ósk h. flutnm. (J. Þ.) taka málið út af dagskrá. Flutnm. geta þá komið með nýtt frumv. ef þeir vilja.

Jón Jónsson, (1. þm. S.-Múl.)**:** Úr því að löglegt er að vísa málinu frá, en ólöglegt að taka það út af dagskrá, hví er þá ekki gert það sem löglegt er?

Forseti (H. Þ.): Háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) er enginn dómari um það, hvað löglegt eða ólöglegt er í þessu máli. Það er fullkomlega löglegt að taka frumv. út af dagskrá, með þeirri yfirlýsingu, að það verður ekki tekið aftur til umræðu hér í deildinni, nema það komi í nýju og breyttu formi, sem algerlega nýtt frumv., er ekki komi að neinu leyti í bága við stjórnarskrána. Eg tek því málið út af dagskrá.

II.

FRUMVARP til laga um breytingar á lögum um aðra skipun á æztu umboðsstjórn Íslands frá 3. október 1903, og á 1. gr. í lögum um eftirlaun frá 1. marz 1904 og öðrum almennum ákvæðum þeirra laga, að því er tekur til embættis ráðherrans. 1. umr., 10. marz (A. 95.)

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. með 16 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Jón Ólafsson,
Bened. Sveinsson,	Eggert Pálsson,
Björn Kristjánsson,	Hannes Hafstein,
Björn Sigfússon,	Jóh. Jóhannesson,
Einar Jónsson,	Jón Jónss., S.-M.,
Hálfdan Guðjónss.,	Jón Magnússon,
Jón Jónsson, N.-M.,	Pétur Jónsson,
Jón Sigurðsson,	
Jón Þorkelsson,	
Magnús Blöndahl,	
Ólafur Briem,	
Sig. Gunnarsson,	
Sig. Sigurðsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Stefán Stefánsson,	
Þorleifur Jónsson.	

Þm. Barð., Björn Jónsson, fjarverandi.

Önnur umr., 13. marz, (A. 95).

Ráðherrann (H. H.): Eg vil að eins leyfa mér að spyrja háttv. flutnm., hvort meiningin sé sú, að ráðh. megi ekki undir neinum kringumstæðum hafa hærri eftirlaun, en þessa upphæð, sem frumv. fasttekur. Ef svo er, þá getur það rekið sig á önnur gildandi ákvæði, t. d. ef ráðherrann hefir verið embættismaður, áður en hann varð ráðherra, og áður haft rétt til hærri eftirlauna eftir launalögunum. Er það þá meiningin, að hann eigi að missa löglegan rétt sinn fyrir það að takast ráðherrastarf á hendur?

Flutningsmaður (Jón Þorkelsson): Háttv. þm. Dal. (B. J.) lægi nær að svara þessu í rauninni heldur en mér. Eg hefi þó hugsað mér, að þetta mætti vel standa. Það sýnist vera einföld lækning og vandalaus, að embættismenn, sem ráðherrar verða, áskilji sér rétt til þess að taka við sínum fyrri embættum. Þetta er svo einfalt, að frumv. ætti að ganga hljóðalaust áfram hér í deildinni og áleiðis til úrslita.

Ráðherrann (H. H.): Það er als ekki hægt að láta embætti standa óveitt árum saman til þess að bíða eftir því, ef ráðherranum skyldi verða steypt. Það getur auðveldlega staðið svo á, að ekkert embætti sé til, er fráfarandi ráðherra getur tekist á hendur, þegar hann fer frá, og að hann hafi ekkert annað en eftirlaunin við að styðjast. Ákvæði þetta getur einnig orðið mjög ranglátt gagnvart mönnum, sem als ekki hafa verið embættismenn áður. Maðurinn getur setið svo lengi í ráðherraembættinu, að honum eftir þeim reglum, sem gilda um alla aðra embættismenn landsins, mundi bera miklu hærri eftirlaun fyrir þá þjónustu, heldur en þessar 1000 kr., sem frumv. fer fram á. Eg sé ekki ástæðuna, hvers vegna þetta embætti á að vera lakar sett en öll önnur embætti, og er hætt við, að slíkt verði ekki til að bæta fyrir því, að völ verði á hæfum mönnum til þess.

Flutningsmaður (Jón Þorkelsson): Eg sé nú ekki, að ráðherrar þurfi að hafa nokkurn forgangsrétt fyrir öðrum embættismönnum. Og raunar fæ eg ekki heldur séð, að frumv. meini ráðherrum að hafa eftirlaun eftir öðrum eftirlaunarétti. Að öðru leyti mun og ekki verða nein nauðsyn að búast við, að ráðherrar haldist æfilangt, en hart væri það að velta á landsmenn hvað eftir annað svo dýrum eftirlaunamönnum. Óhugsandi er og ekki, að sumir beint keppist eftir ráðherrastöðu — og takist að ná henni — til þess að fá há eftirlaun.

Það mun og heldur aftra mönnum frá að skifta um ráðh. eða verða af með þann ráðh., er mönnum líkar ekki við, ef það á að kosta landssjóð æ nýja eftirlaunahrúgu. Frumv. þetta tel eg því afarnauðsynlegt í alla staði, frá hvaða hlið, sem þetta mál er skoðað.

ATKV.GR.:

1. gr. frumv. samþ. með 19 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Eggert Pálsson,
Jón Ólafsson,	Hannes Hafstein,
Ben. Sveinsson,	Jóh. Jóhannesson,
Björn Jónsson,	Jón Magnússon,
Björn Kristjánsson,	Pétur Jónsson.
Björn Sigfússon,	
Björn Þorláksson,	
Einar Jónsson,	
Hálfdan Guðjónss.,	
Jón Jónsson N.-M.,	
Jón Sigurðsson,	
Jón Þorkelsson,	
Magnús Blöndahl,	
Ólafur Briem,	
Sig. Gunnarsson,	
Sig. Sigurðsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Stefán Stefánsson.	
Þorleifur Jónsson.	

Fjarstaddur var Jón Jónsson, 1. þm. S.-Múl.

2. gr. samþ. með 16 samhlj. atkv.

Fyrirsögnin sþ. með 17 samhlj. atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 19 : 1 atkv.

Þriðja umr., 16. marz, (A. 95, 215, 225).

Flutningsmaður (Jón Þorkelsson): Eg hefi ekki mikið um þetta að segja. Eg hefi komið með breyt.till. við sjálft frumv. þess efnis, að ráðherra fái 2000 kr. í eftirlaun jafnmörg ár og hann hefir setið í embættinu.

Það liggur í augum uppi, að þjóðinni veitir léttara að veita honum eftirlaun á þennan hátt, en að láta hann fá 1000 kr. árlega það sem hann á eftir ólifað, er hann sleppir embætti. Þau ár geta ef til vill orðið mörg. En hitt er sennilegra, að ráðherrarnir verði ekki alla jafna ellidauðir í því sæti.

Jón Magnússon: Eg skal vera fáorður um þetta mál. Vildi að eins hreyfa því, að eg efast nokkuð um, að þessi brt. sé samkvæm ákvæðum stjórnarskrárinnar um þetta efni.

Eg veit ekki til, að í löggjöf vorri séu eftirlaun bundin við ákveðið árabil; um biðlaun er þetta aftur á móti svo. En eftirlaun um ákveðið árabil þekkir löggjöf vor ekki. Slík eftirlaun virðist stjórnarskráin því varla hafa getað haft fyrir augum.

Á þetta vildi eg leyfa mér að benda hinni háttv. deild.

Flutningsmaður (Jón Þorkelsson): Eg vil biðja háttv. þm. Vestm. (J. M.), að benda mér á, hvar slík ákvæði standi í stjórnarskránni, sem þessi br.-till. brjóti bág við. Eg hefi stjórnarskrána í höndunum og get hvergi fundið þar neitt af því tagi, og hygg eg því að þingið hafi óbundnar hendur í því máli. Engin lög ætla eg heldur til vera, er banni það að ákveða eftirlaun um ákveðinn áratíma, en ekki æfilangt, enda benti þm. ekki á nein slík lög. Þingið getur því gert alt það, er það vill í þessu máli. Fyrir þinginu liggur nú frumv. til laga frá sjálfri landstjórninni um laun háskólakennara með stígandi launum. Fyrir því gera launalög vor nú ekki ráð, og við slík laun getur ekki verið átt í stjórnarskránni. Rekur það frumv. sig þá ekki líka á stjórnarskrána?

ATKV.GR.:

Brt. á þgskj. 225 sþ. með 16 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Jón Ólafsson,

Já:	*Nei:*
Ben. Sveinsson,	Björn Þorláksson,
Björn Kristjánsson,	Eggert Pálsson,
Björn Sigfússon,	Hannes Hafstein,
Einar Jónsson,	Jóh. Jóhannesson,
Hálfdan Guðjónss.,	Jón Jónsson S.-M.,
Jón Jónss. N.-M.,	Jón Magnússon,
Jón Sigurðsson,	Pétur Jónsson,
Jón Þorkelsson,	
Magnús Blöndahl,	
Ólafur Briem,	
Sig. Gunnarsson,	
Sig. Sigurðsson.	
Skúli Thoroddsen,	
Stefán Stefánsson,	
Þorleifur Jónsson.	

Breyt.till. á þgskj. 215 samþ. með 14 samhlj. atkv.

Frumv. samþ. með 14 : 2 atkv. og afgreitt til Ed.

Heiti á alsherjar-stofnunum.

I.

FRUMVARP til laga um heiti á alsherjar-stofnunum og störfum á Íslandi (A. 56); 1. umr., 1. marz.

Flutningsmaður (Jón Þorkelsson): Mér þykir líklegt, að ekki þurfi að skýra frumv. þetta mikið; þótt það sé kanske ekki fimlega orðað, vonast eg þó eftir því, að það skiljist flestum sæmilega, hvert það horfir. Þó er eg ekki alveg viss, að allir hafi gert sér þetta ljóst. Sem merki um það, get eg þess, að eg hefi heyrt því slegið fram í alvöru eða spaugi, að eftir þessu ætti Ísland ekki lengur að heita Ísland heldur »Ísríki« eða »Ísþjóð" og Landakot »Þjóðkot« eða »Ríkiskot«.— Í frumv. standa að eins nöfn á opinberum stofnunum eða störfum, en það er ljóst, að hvorki Ísland né Landakot er opinber stofnun eða starf, og þarf því ekki meira að ræða um þessa endileysu þeirra, sem hafa hugsað sér að gera sig fyndna með henni, en hafa þar með gert sig kunna að endemum einum.

Það sem stefnt er að hér, er að fá fullkomlega viðurkent, að minsta kosti í orði kveðnu, það sem við allir viljum að sé á borði, en það er að fá Ísland tvímælalaust viðurkent ríki. — Eg hefi þá haft þann fyrirvara í frv., að það megi og kenna stofnanirnar eða störfin við þjóð eða ríki, eftir því hvað bezt fer í samsetningunni.

Frumv. þetta hefir það til síns ágætis, að það er alveg í samræmi við það, sem nefndarmennirnir í sambandsnefndinni héldu fram í vetur, að landinu væri ætlað að vera ríki. Meiri hlutinn á þessu þingi vill að það sé nú nefnt og kallað ríki, og minni hlutinn segir, að við séum það eftir sambandslagafrumv.

Eg vonast því eftir, að frumv. þetta fái góðan byr; það stefnir að sjálfstæði landsins að minsta kosti í orði, hvernig sem okkur gengur annars kostar að koma því fram á borði.

Ráðherrann (H. H.): Það getur verið, að þetta frumv. sé nógu sniðugt til að telja ókunnum trú um, að Ísland sé þegar orðið ríki; sniðugleikinn er fólginn í þessu, að útrýma alveg orðinu »land«, og setja alstaðar »ríki« í staðinn. En þá vantar ákvæði um, að landið sjálft skuli hér eftir heita »Ísríki« en ekki bera þetta óvirðulega landsnafn, Ísland — slíkt væri svo sem ekki eins dæmi. Ekki kalla Svíar sitt land Svíaland, heldur Svíaríki. Ekki heitir landið fyrir suð-austan Þýzkaland »Austurland«, heldur Austurríki, og mörg fleiri dæmi mætti nefna. Eg vil því skjóta því til háttv. flutnm. (J. Þ.) hvort honum virðist ekki rétt, að koma fram með breyt.till. við næstu umr. — ef hún verður nokkur — um

það, að létta þessari minkunn af okkar forna Fróni, að kalla það »Ísland« í staðinn fyrir »Ísríki«, til þess að við séum menn með mönnum.

Eg er samdóma háttv. flutnm. um, að það »varði mest til allra orða, að undirstaðan rétt sé fundin«, en við erum ekki á sama máli um það, hvað sé rétt undirstaða undir stöðu Íslands sem ríki. Eg held fyrst sé að fá réttinn, svo komi nöfnin af sjálfu sér. — Enn er Ísland ekki ríki í verunni. En það verður það, ef sambandslagafrv. er samþ. Annars hefi eg skoðað þetta frumv. sem spaug hjá háttv. flutnm., og óska honum til lukku með fyndnina.

Flutningsmaður (Jón Þorkelsson): Þess varði mig ekki, að það væri hinn háttv. ráðh. (H. H.), sem væri að heimska sig á því að reyna að gera sig fyndinn á þeim fávíslega útúrsnúningi »Ísríki«. Mér datt ekki annað í hug, en að það hefðu verið einhverjir grannvitrir glópar utanþings.

Eg þarf annars ekki að svara ræðu hans öðru en því, að það er sannarlega ekki of snemt, að vér förum að kalla okkur ríki, því að vér höfum alt af verið ríki og erum það enn, þangað til vér hættum að vera það, ef sambandslagafrumvarpið yrði samþ. óbreytt. Annars dettur mér ekki í lifandi hug, en að deildarmenn hafi vit á því að samþ. frumv. þetta með öllum atkv.

Jón Magnússon: Eg vil leyfa mér að benda á, að mér er ekki ljóst, hvernig háttv. flutnm. hugsar sér þessi nöfn stofnananna. Landsbankinn heiti Þjóð- eða Ríkisbanki, eða t. d. Landsyfirdómurinn Þjóð- eða Ríkisyfirdómur. Ef flutnm. vill breyta nöfnum þessara stofnana, þá ætti hann að þora að segja það, sem hann í reyndinni ætlast til, að stofnanir þær er um ræðir, skuli kendar við ríki.

Flutningsmaður (Jón Þorkelsson): Það er útúrsnúningur hjá háttv. þm. Vestm. (J. M.), ef hann heldur að hver stofnun skuli hafa 2 nöfn í senn; eg hélt, að ekki þyrfti að skýra þetta fyrir þm., en nú sé eg að þess er full þörf.

Jón Ólafsson: Háttv. flutnm. (J. Þ.) sagði, að ekki væri það tilgangurinn að stofnanirnar hétu mörgum nöfnum í senn. En eg get ekki séð t. d. að önnur utanáskrift til landssjóðsgjaldkera væri rétt eftir frumv. að dæma, en sú, að hann væri kallaður »herra ríkisféhirðir, þjóðféhirðir eða ríkisgjaldkeri«. Enginn annar en alþingi og konungur hafa löggjafarvald, og þá er löggjafarvaldið hefir hér sagt, að hann skuli svo heita, hefir enginn einstaklingur rétt til að breyta því eða stytta það. Flutnm. verður því að breyta frumv. og bezt er að hann beri breytingartill. strax upp. Háttv. þm. sagði, að allir vildu viðurkenna að Ísland væri ríki; hann hefir víst ætlað að segja eitthvað annað, því að þótt allir viti, að Ísland hefir eitt sinn verið ríki, þá vita líka flestir, að það er það ekki að lögum nú. Einmitt fyrir það erum vér að berjast fyrir, að það verði það á ný.

Jón Sigurðsson: Það hefir verið sagt í sögu, sem eg veit að háttv. flm. þessa frumv. þekkir, því hann er svo margfróður í þeim efnum, að einu sinni hafi verið maður, er ætlaði að smíða skip og byrjaði á neglunni og mér finst háttv. flutnm. þessa frumv. fara nokkuð svipað.

Eg lít svo á, að þar sem hér liggur nú fyrir þinginu frumv., sem höndlar um þetta mál, um ríkisrétt Íslands, þá sé óheppilegt að koma með þessi lög, áður en sú spurning er á enda kljáð,

því það sýnist að minsta kosti þola þá bið þetta mál, þar sem fremur er að ræða um form en verklegt efni.

Þetta frumv. er fætt fyrir tímann, því áður en vér vitum, hvort vér getum fengið ríkisviðurkenningu, getur ekki verið að tala um slíkt. Eg held annars, að þetta sé reglulegt spaug hjá háttv. flutnm. og ekki sé annað hægt við frumv. að gera, en skera það strax niður, þegar búið er að hafa gaman af því.

Flutningsmaður (Jón Þorkelsson): Mér kemur það að vísu ekki undarlega fyrir, þótt háttv. þm. Mýr. (J. S.) hafi ekki skilið, hvað við sé átt í frv. þessu, þar sem margir honum vitrari menn hafa ekki skilið það hér í deildinni, — eða ekki þótst skilja það.

Eg held því fast fram, að frumv. sé í alla staði tímabært og að okkar sé fullur réttur á að segja meiningu vora og að vér séum meira að segja skyldir til að gera það, hvort sem Dönum kann að getast betur eða ver að því. Hér er á enga hættu teflt, og einungis farið fram á það, sem rétt er og sjálfsagt og samkvæmt því, er vér höldum fram um sjálfstæði vort.

Það sem vér höfum komist áfram til sjálfstæðis, höfum vér fengið vegna þess, að vér fórum að taka djörfung til vor og fara að láta í ljósi skýlausan vilja vorn. Eg veit líka, að enginn er hér inni, sem ekki blygðast sín fyrir að segja, að Ísland sé ekki og eigi ekki að vera ríki.

Það þarf ekki fjarska mikla greind til að skilja það, að hér er verið að koma með heiti, sem öll eru jafnrétthá, en sem ekki er ætlast til að séu notuð um sama hlutinn öll í senn, heldur eftir því, sem bezt þykir á fara.

Skal eg svo ekki fara frekari orðum um frumv. þetta, fyr en ef eg skyldi þurfa að taka aftur til máls.

Sigurður Gunnarsson: Eg hefi fulla trú á því, að þetta frumv. sé komið fram í góðum tilgangi, og allir verða að virða, hvaða hugarfar liggur á bak við það. Eg get samt sem áður ekki greitt atkvæði með því, vegna þess að vér erum engu nær því að fá sjálfstæði vort viðurkent, þótt það yrði sþ. Heitin koma af sjálfu sér, þegar vér höfum fengið ríkisviðurkenninguna.

Flutningsmaður (Jón Þorkelsson): Eg álít réttast að vísa málinu til sambandslaganefndarinnar, því að þau mál standa í nánu sambandi hvort við annað.

ATKV.GR.:

Till. um að vísa málinu til sambandslaganefndarinnar var feld með 14 atkv. gegn 9 að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Jón Ólafsson,
Bened. Sveinsson,	Björn Kristjánsson,
Björn Sigfússon,	Eggert Pálsson,
Hálfdan Guðjónss.,	Einar Jónsson,
Jón Jónsson, N.-M.,	Hannes Hafstein,
Jón Þorkelsson,	Jóh. Jóhannesson,
Magnús Blöndahl,	Jón Jónsson, S.-M.
Skúli Thoroddsen,	Jón Magnússon,
Þorleifur Jónsson.	Jón Sigurðsson,
	Ólafur Briem,
	Pétur Jónsson,
	Sig. Gunnarsson,
	Sig. Sigurðsson,
	Stefán Stefánsson.

Málið felt frá 2. umr. með 14 atkv. gegn 9 að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Jón Ólafsson,
Bened. Sveinsson,	Eggert Pálsson,
Björn Sigfússon,	Einar Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Hannes Hafstein,
Jón Jónsson N.-M.,	Hálfdan Guðjónss.,
Jón Þorkelsson,	Jóh. Jóhannesson,
Magnús Blöndahl,	Jón Jónsson, S.-M.,
Skúli Thoroddsen.	Jón Magnússon,
Þorleifur Jónsson.	Jón Sigurðsson,

Nei:
Ólafur Briem,
Pétur Jónsson,
Sig. Gunnarsson,
Sig. Sigurðsson,
Stefán Stefánsson.

II.

TILLAGA til þingsályktunar um heiti á alherjarstofnunum og störfum á Íslandi. (A. 90).

Ein umr., 8. marz.

Flutningsmaður (Jón Þorkelsson): Eg hefi fátt eða ekkert um þessa till. að segja. Tók hið helzta fram um daginn, þegar talað var um svipað efni, sem féll þá, án efa af misskilningi margra, því að bæði var frumv. það vel úr garði gert og málefnið sjálft er merkilegt.

En nú gefst mönnum kostur á að bæta úr því glappaskoti með því að sþ. till. þessa, er fer í þá átt að landstjórnin leggi frv. fyrir næsta þing um þetta merkilega og áríðandi málefni.

ATKV.GR.:

Till. samþ. með 12 atkv. gegn 7 að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Einar Jónsson,
Bened. Sveinsson,	Jóh. Jóhannesson,
Björn Sigfússon,	Jón Jónsson, S.-M.
Eggert Pálsson,	Jón Magnússon,
Hálfdan Guðjónss.,	Jón Sigurðsson,
Jón Jónsson, N.-M.	Ólafur Briem,
Jón Þorkelsson,	Stefán Stefánsson.
Magnús Blöndahl,	
Sig. Gunnarsson,	
Sig. Sigurðsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Þorleifur Jónsson.	

Till. afgreidd til ráðherra sem *þingsályktun frá Nd. alþingis.*

Sala kirkjujarða.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum um sölu kirkjujarða 16. nóv. 1907 (A. 103); 1. umr., 10. marz.

Flutningsmaður (Stefán Stefánsson): Eg geri ekki ráð fyrir því, að það sé nokkur nauðsyn á að fara mörgum orðum til skýringar þessu máli, þar sem það er nokkurn veginn ljóst tekið fram í frumvarpinu, að sölu-heimild stjórnarinnar til þess að selja kirkjujarðir samkv. lögum um sölu kirkjujarða frá 16. nóv. 1907, nái einnig til hjálendanna.

Frumv. er flutt eftir áskorun frá þingmálafundi, er haldinn var að Saurbæ í Eyjafirði, og var samþykt þar með öllum greiddum atkvæðum, enda styðst hún að eg hygg við skilning almennings á nefndum lögum frá síðasta þingi, og skal eg í því sambandi leyfa mér að benda á álit sýslunefndar Eyfirðinga, þar sem hún á fundi sínum síðastliðinn vetur sá ekkert því til fyrirstöðu, að prestseturs-hjáleiga í Eyjafirðinum yrði seld samkvæmt áminstum lögum. Og flestir þeir þingmenn, er sátu á þingi síðast munu hafa svo til ætlast, að í lögunum fælist þessi heimild, þótt stjórnin hafi ekki skoðað það svo, eða ekki álitið sig hafa réttinn til þess að selja slík ábýli.

Að mér er þetta kunnugt stafar af því, sem eg áður drap á, að umsókn um kaup á prestseturs-hjáleigu var beint til stjórnarráðsins úr Eyjafirði, en það synjaði um sóluna, bæði af þeirri ástæðu, að lögin gæfu enga heimild til sölunnar, og enn fremur, að þá bæri að skilja svo lögin um ábúð og úttekt jarða — síðasta málslið 1. gr. — að höfuðból með hjáleigum yrði að teljast sem ein jörð.

Eg hefi nú átt tal við meiri hluta

milliþinganefndarinnar, er hafði á hendi allan undirbúning til kirkjujarðasölulaganna fyrir síðasta þing, og hefir hann ótvírætt látið í ljósi, að heimildin næði einnig til hjáleignanna.

En sem sagt: álit stjórnarráðsins byggist aðallega á því, að höfuðból með hjáleigu beri að skoða sem eina jörð, en það verð eg að álíta að eins forna og algerlega úrelta skoðun. — Alment er álitið, að hjáleigan sé sérstök jörð, þar sem hún er í jarðamatinu metin til dýrleika sérstaklega, og þess utan sérstakt ábýli.

Eg skal svo ekki fjölyrða um þetta mál frekar að sinni, en óska að því verði vísað til landbúnaðarnefndarinnar.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til landbúnaðarnefndar með 16 samhlj. atkv.

Fyrstu umræðu frestað.

Framhald 1. umr., 5. apríl. (A. 103, 234, n. 384).

Framsögumaður (Stefán Stefánsson): Þar sem þetta frumv., er nú til frh. 1. umr., sé eg ekki ástæðu til að ræða það frekar á þessu stigi málsins, en óska, að því verði vísað til 2. umr.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umræðu með 15 samhlj. atkv.

Önnur umr., 15. apríl. (A. 103, 234, n. 384).

Framsögumaður (Stefán Stefánsson): Eg gat þess við 1. umr. af hverjum ástæðum frumv. þetta er fram komið. Nefndin hefir orðið á eitt sátt um það, að samþykkja frumv. með þeirri einni breytingu, sem er á þingskj. 234, en hún áleit, að takmarka bæri nokkuð sölu hjáleigna, þannig, að þær væru ekki seldar, nema þær hefðu sérstök ummerki á engjum og túni. Enn fremur leit nefndin öll svo á, sem og var hugsun min sem flutningsmanns frumv., að sjálfsagt væri að leita samþykkis hlutaðeigandi prests í hverju einstöku tilfelli. Hvað skoðun hæstv. biskups snertir í þessu máli, þá er það sjáanlegt af bréfi hans til stjórnarráðsins 10. apríl 1908, að hann er hlyntur sölunni með því fyrirkomulagi, sem hér er ætlast til.

Sumir kunna að álíta, að sala þessara jarða sé ekki heppileg fremur en annara þjóðjarða. En þar við er það að athuga, að eins og nú hagar búnaði manna og fólksafla í sveitum, þá er ekki líklegt, að prestar óski framvegis, að búa nema á einni jörð, því ákveðna prestssetri, sem venjulegast er ein með fyrstu og beztu jörðum sveitarinnar.

Eg skal þá ekki fjölyrða meira um þetta jarðasölumál, en vona, að frv. fái góðan byr í þinginu, því eins og eg áður hefi bent á, er það ekki að skoða nema sem sjálfsagða skýringu á lögunum um sölu kirkjujarða, og það sem vitanlega var meining þingsins með þeim lögum.

ATKV.GR.:

Breyt.till. á þingskj. 234 samþ. með 15 samhlj. atkv.

Frumv.gr. þannig breytt samþ. með 16 samhlj. atkv.

Fyrirsögnin talin samþykt án atkv.-greiðslu.

Frumv. vísað til 3. umr. með 16 samhlj. atkv.

Þriðja umr., 17. apríl. (A. 481).

ATKV.GR.:

Frumv. samþ. með 19 samhlj. atkv., og afgreitt til Ed.

Lambhagi og Hólmur.

FRUMVARP til laga um að veita landsstjórninni heimild til þess að selja ábúendum þjóðjarðirnar Lambhaga og Hólm í Kjósarsýslu. (A. 120); 1. umr., 10. marz.

Flutningsmaður (Björn Kristjánsson): Mál þetta, að því er Hólm snertir, var fyrir seinasta þingi, en náði þá ekki fram að ganga. Nú óska ábúendurnir í annað sinn eftir því, að fá heimild frá þinginu til þess að kaupa ábýli sín. Orsökin til þess, að mál þetta kemur til þingsins kasta er sú, að ábúendurnir hafa farið fram á það við stjórnarráðið, að þeir samkv. þjóðjarðasölu-lögunum fengju jarðir þessar keyptar, en það hefir neitað þeim um söluna án þess að færa gildar ástæður fyrir neituninni.

Eg skal geta þess, að þegar neitunarbréf frá stjórnarráðinu var skrifað, þá hafði að eins farið fram ein virðing á jörðunum.

Jörðin Hólmur er smá-kot, sem hefir lítið landrými og mjög grýtt land, og gefur túnið af sér 100 hesta af töðu, og sárlitlar slægjur. Jörðin var virt á 2350 kr. — Það er því als ekki fyrir það, að jörðin sé svo glæsileg, að ábúandinn vill fá hana keypta, heldur vegna þess, að hann hefir bygt gott hús á jörðinni, sem hann gæti naumast selt, ef hann yrði að flytja burtu. — Eftirgjaldið er að eins 80 kr. og er hún því rétt metin á 2000 kr., og landssjóður ætti því að græða 350 kr. við söluna. Eg skil því ekkert í því, hvað valdið getur, að þessum manni er neitað fremur en öðrum. Það er sýslunefndin, sem á að mestu leyti að skera úr og gefa álit sitt um það, hvort jörðina má selja eða ekki, og hún sér ekkert á móti því.

Með Lambhaga stendur eins á og með Hólm, og stjórnin færir sömu ástæður þar fyrir neitun sinni. Eg álít nú eftir því, sem eg skil þjóðjarðasölulögin, að stjórnin hafi fulla heimild til þess að selja, ef þau ákvæði eru uppfylt, sem þau áskilja fyrir leyfi hennar, og að stjórnin geti ekki neitað um söluna, nema því að eins, að yfirmat fari fram.

Lambhagi er metinn 13,9 hndr. og var virtur á 2400 kr. eða nærri 200 kr. hndr. Afgjaldið er 78 kr. — Það stendur eins á með þessa jörð og Hólm, að ábúandinn hefir bygt þar stórt og gott hús, og getur því ekki gengið frá jörðinni nema sér í stórskaða.

Þess ber og að geta, að báðar jarðirnar eru nýlega bygðar, og að leigumálinn hefir þó ekki verið færður upp hærra en þetta. Leigumáli þessi er því nýr og ábyggilegur og bendir á, að virðing jarðanna hafi verið að minsta kosti nægilega há, enda fylgja 2 kúgildi.

Umboðsmaður kvað hafa látið það álit sitt uppi, að jarðirnar væru of lágt metnar, en þess ber að gæta, að þegar virðingin fór fram, að þá var ráðlauslega hátt verð á jörðum, og nú hafa þær fallið að miklum mun.

Eg verð að skoða þjóðjarðasölulögin, sem áskorun til stjórnarinnar um að selja, ef salan kemur ekki í bága við 2. gr. laganna.

Eg skal svo ekki fara frekari orðum um þetta mál að sinni nema mótmæli komi. Eg hef heldur ekkert á móti því, að málinu verði vísað til landbúnaðarnefndarinnar.

Ráðherrann (H. H.): Eftir þeim skýrslum, sem stjórninni hafa borist, hefir hún ekki álitið sér heimilt eða í öllu falli ekki rétt að selja þessar jarðir. Matsverðið hefir og verið álitið alveg óhæfilega lágt. Spekúlantar gætu

stórgræft á því á svipstundu að kaupa jarðirnar með því verði, sem hér er farið fram á, en hið opinbera mundi bíða af því hnekki. Eg vil að eins minna á vatnsveitu Reykjavíkur, sem nú fær vatn sitt í Hólmslandi. Hvað ætli það hefði kostað, ef ábúandinn á Hólmi hefði verið orðinn eigandi jarðarinnar? Eg hygg að hann hefði verið fljótur að ná upp jarðarverðinu á því einu.

Eg veit til þess, að jarðir, sem eru einstakra manna eign í sömu sveit, og ekki betri, hafa verið seldar miklu hærra verði en því, sem hér er um að ræða, og eg get ekki betur séð, en að það sé óforsvaranlegt, ef þingið vildi fara að taka fram fyrir hendur stjórnarinnar um sölu á þessum jörðum, og það með gjafverði.

Pétur Jónsson: Eg vil leggja það til, að þetta frv. sé ekki látið fara lengra, tel það þýðingarlaust og óþarft. Eg er algerlega á móti því, að þingið sé að knýja stjórnina til að selja þær jarðir, sem hún álítur ekki rétt að selja. Vitanlegt er, að núverandi stjórn hefir verið mjög hlynt þjóðjarðasölunni, svo af þeirri ástæðu er enn síður ástæða til að herða á henni með söluna.

Sumir líta svo á, að stjórninni sé skylt að selja fyrir matsverð, svo framarlega sem sýslunefnd ekki mælir í móti því. En stjórnin á að geta af ýmsum ástæðum neitað að selja ábúanda — t. d. getur það hugsast að ábúandi sé ekki annað en leppur fyrir einhver stórgróðafélög — og að jörðin þrátt fyrir það, þótt ábúandinn sæki um kaup á henni, í rauninni komist als ekki í hans eign, og að hann verði leiguliði eftir sem áður, en meiningin með þjóðjarðasölu hlýtur að vera sú að fjölga sjálfseignarbændunum. Það er því í mörgum tilfellum ótækt að knýja stjórnina til þess að selja jarðir, þótt hún geti ekki bent á lagabókstaf fyrir því, hversvegna hún ekki vill selja. Stjórnin getur samkvæmt 12. gr. þjóðjarðasölulaganna kvatt kunnuga menn til þess að láta álit sitt í ljósi um ekki einungis verðhæðina heldur einnig, hvort selja beri. Þetta sannar, að stjórnin á að geta neitað um sölu, enda þótt sýslunefnd hafi ekki á móti sölunni. Hún getur varnað tjóni fyrir landssjóðinn, og hún getur einnig með því unnið að þeim aðaltilgangi laganna, að jörð komist í hendur reglulegs ábúanda með því að fyrirbyggja leppkaup, sem hættulegust eru sjálfsábúðinni; því sala á landssjóðseign verður eigi aftur tekin, en neitun á sölu þarf eigi að vera nema stundarfrestur. Hvað viðkemur þessum jörðum sérstaklega sem hér er um að ræða, þá er eg á máli hæstv. ráðh. með það, að það sé rétt að selja ekki þessar jarðir að svo stöddu. —

Björn Sigfússon: Eg ætla ekki að tala um það hvort, rétt sé að selja þær jarðir, sem hér er um að ræða, og ekki heldur um það, hvort verðið, sem sett er á þær, sé hæfilegt, til þess hefi eg ekki kunnugleika. En eg vildi gera grein fyrir áliti mínu á þjóðjarðasölumálinu yfirleitt, og drepa á framkvæmd þjóðjarðasölulaganna hingað til.

Fá eru þau lög, sem jafnmikið hefir verið vandað til að undirbúa sem þessi. Eftir margra ára umræður í þinginu um þjóðjarðasölu, var skipuð millilþinganefnd, sem undirbjó málið og kom fram með frumv. um það. Sú nefnd krufði málið til mergjar, og færði mörg og skýr rök fyrir, að leiguliðaábúðin hefði hér eins og annarstaðar, þar á meðal í Danmörku, reynst illa, reynst þrepskjöldur í vegi fyrir að landið væri ræktað og grætt upp. Það væri einmitt sjálfsábúðin, sem mundi verða

bezta og styrkasta hvötin til að efla og bæta landbúnaðinn, flýta fyrir að græða landið. Stjórnin og hæstv. ráðh. var á sama máli og lagði frv. fyrir þingið 1905. Þingið leit eins á málið, vildi hlynna að sjálfsábúðinni og afgreiddi lögin.

Í lögunum eru settar grundvallarreglur fyrir mati jarðanna. Í 12. gr. er stjórninni heimilað að kveðja til yfirmatsmenn, og skil eg það svo, að það skuli gera, ef eitthvað þykir athugavert við sölu á hverri einstakri jörð. Þeir láta líka uppi álit sitt um hvort rétt sé að selja. Að öðru leyti heyrir það atriði undir úrskurð sýslunefndanna.

Að minu áliti er það því skýrt, að meining þingsins með þjóðjarðasölulögunum er að skora á stjórnina að selja þjóðjarðirnar, og að stjórnin hafi ekki heimild til að neita að selja jarðir, ef sýslunefnd mælir með því, nema því aðeins að þeir menn, sem nefndir eru í 12. gr. ráði eindregið frá sölunni, þá getur stjórnin til bráðabirgða úrskurðað, að ekki beri að selja að svo stöddu. Komi þetta fyrir, tel eg sjálfsagt, að kaupbeiðandi fái málið til umsagnar. Meðal annars þarf hann að fá tækifæri til að hrekja það, sem hlutdrægur umboðsmaður kann að hafa sagt um málið.

Minn skilningur er sá, að aðalreglan eigi að vera að selja eftir matsverði, þótt eg kannist fyllilega við það, að svo geti staðið á, að stjórnin hiki með að selja við því verði, fyrir því að hún á að standa á verði fyrir því, að hvorki þeim sem falar jörðina sé óréttur ger, né jörðinni kastað út fyrir of lágt verð. En að selja jörð með handahófsverði álít eg ekki rétt. Slík aðferð hefir oft valdið óánægju, sem von er.

Hæstv. ráðh. gat þess, að frumv. þetta hefði verið felt á síðasta þingi með miklum meiri hluta atkv. Það hlýtur að vera misminni hjá hæstv. ráðh., því að í Nd. var málið felt með 11 : 11 atkv., af því 2 þm. voru ekki á fundi, sem báðir voru með sölunni, en í Ed. var því skotið svoleiðis úr heiminum, að það kom aldrei til atkv.

Mér finst full ástæða til að málið hafi komið fram aftur, og álít því heppilegast að vísa því til nefndar þeirrar, er skipuð hefir verið til þess að íhuga landbúnaðarmálefni, finst málið þannig, að það eigi heima í þeirri nefnd. Eg er hinum hæstv. ráðh. sammála um það, eins og hann leit á málið í upphafi, að þessi stefna, að selja ábúendum jarðir sínar sé eitthvert hið mikilsverðasta spor, er vér höfum stigið til að hvetja menn til að græða upp landið, og eg álít, að ef rétt og hyggilega er að farið, þá muni það reynast öflug lyftistöng framfara og farsældar, eins og löggjafarnir ætluðust til. En því fremur er það áríðandi að hindra ekki þennan góða tilgang laganna, með því að standa í vegi fyrir, að ábúendum verði seldar jarðir sínar. Sé engin jörð seld nema rándýrt, spillir það líka tilganginum, því að þá verður kaupandi vanmegnugur að leggja fé í að bæta jörðina.

Jón Jónsson (S.-Múl.): Eg leyfi mér að lýsa því yfir, að eg er á sama máli og háttv. þm. S.-Þing. (P. J.), að heppilegast mundi vera að mál þetta kæmist ekki lengra, en væri þegar felt við þessa umr. En það var einkum ein hlið þessa máls, sem eg vildi fara nokkrum orðum um. Háttv. 2. þm. Húnv. (B. S.) lýsti yfir því, að hans álit væri að þjóðjarðasalan væri lyftistöng undir framförum landsins. Eg hefi frá upphafi verið á móti þjóðjarðasölunni og hefi áður látið í

ljósi álit mitt um það, og nenni ekki að fara að tína þær ástæður til aftur. En síðan lögin um þjóðjarðasölu gengu í gildi, hefir komið fram ein hlið málsins og hún er sú, að þjóðjarðasalan gerir það að verkum, að jarðaverðið alment helzt lægra en annars. Kjör þau, sem leiguliðum eru boðnar jarðirnar fyrir eru svo góð, að aðrir seljendur geta með engu móti við það kept, og það hlýtur að halda jarðaverðinu niðri og varna því að það geti stigið upp.

Eg skal sýna fram á þetta: Sá er vill kaupa ábýlisjörð sína af landinu, verður fyrst að borga að eins $^1/_{10}$ af kaupverðinu, en $^9/_{10}$ hlutann borgar hann síðan á 28 árum með 6%, eða með öðrum orðum, hann borgar $^9/_{10}$ hluta verðsins með nokkurn veginn almennum peningavöxtum, eftir því sem hér gerist, en það er sama sem að hann fái jörðina fyrir sama sem ekki neitt. Þetta hefir þau áhrif, að erfitt verður að fá nokkurt verulegt verð fyrir jarðir bænda, og á meðan helzt þetta gamla, afarlága verðlag á jörðum. Víða, einkum á afskektum stöðum á landinu, er jarðaverðið ekki hærra en það, sem mannvirkin á jörðinni eru verð; jörðin sjálf er raunar ekki metin meira en hvert óunnið land. Þjóðjarðasalan viðheldur þessu óstandi, sem er beinn þjóðarskaði og það væri hið þarfasta verk að taka fyrir alla þjóðjarðasölu.

En því hraparlegra verður þetta, ef þjóðjarðirnar eru seldar fyrir lægra verð en jarðir bænda í sama bygðarlagi, og hér í þessu frumv. er einmitt farið fram á slíkt. Eg hefi leitað kunnugra manna álits um þetta mál. Hefi eg nýlega talað við 3 menn, sem vel eru kunnugir Mosfellssveit. Einn af þeim sagði, að ekki kæmi til mála, að selja jörðina Hólm fyrir minna verð en 8000 kr. Annar kvað 12000 kr. ekki vera of hátt verð á henni, og hinn 3. var þar í milli. Eg verð að gera aths. við það. sem háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) sagði, að það væri ekki að miða við það verð, sem var fyrir 2 árum, það hafi verið svo hátt. En ætli það geti nú ekki hækkað aftur bráðlega, þar sem gull hefir nú fundist í Mosfellssveitinni (í Miðdal)? Ætli mörgum »spekúlantinum« þætti ekki æskilegt að ná tangarhaldi á þessum jörðum — því þótt gullið hafi ekki fundist þar, þá er það vitanlegt, að ef gull er á næstu grösum, þá setur »trafíkin«, sem gullnámið hlýtur að hafa í för með sér, á svipstundu upp verð allra jarðeigna í grendinni að mjög miklum mun.

Að endingu vil eg leggja áherzlu á þetta: Að selja þjóðjarðirnar fyrir óhóflega lágt verð hlýtur að hafa skaðleg áhrif á þjóðmegunina í heild sinni.

Flutningsmaður (Björn Kristjánsson): Hæstv. ráðherra (H. H.) talaði fyrst um það, að verðið væri óhæfilega lágt á þessum jörðum. En hví hefir stjórnin ekki tilkvatt 2 menn til að virða jarðirnar? — Því að neita að selja getur stjórnin ekki upp á sitt eindæmi, áður en yfirmatsmenn eru tilkvaddir, sem meta á ný og segja álit sitt um, samkv. 12. gr. þjóðjarðasölulaganna, hvort selja eigi. Að minsta kosti er það ekki ofmikið heimtað af stjórninni, að hún láti þessa menn njóta sama réttar og aðra menn, er keypt hafa jarðir sínar. Hæstv. ráðherra (H. H.) gat þess, að það væri varhugavert að selja þessar jarðir vegna þess, að það gæti komið í bága við ýms fyrirtæki þessa bæjar — og benti á vatnsleiðsluna hingað til bæjarins —; þá er því að svara, að það verk er er þegar búið, og búið að ákveða hvar og með hvaða kjörum vatnið skuli

tekið, samkvæmt lögum frá síðasta þingi, svo það getur ekki staðið lengur í vegi. Það atriði, að frumv. knýi ekki stjórnina til þess að selja, þá legg eg þann skilning í frumv., að það sé áskorun til stjórnarinnar og ekki sé ástæða til að breyta frumvarpinu þess vegna.

Dæmið af Blikastöðum var mér kunnugt, en því er ekki saman að jafna, þegar jörð er skift við hússkrokk með uppskrúfuði verði, — jörðin látin fyrir tvöfalt verð og hún borguð með húsi, sem er líka látið fyrir tvöfalt verð.

Annars er ekki að byggja á sleggjudómum manna um hvers virði eignir séu. Það er dómur tilkvaddra, eiðsvarinna manna, sem byggja verður á, þegar tala er um það, að jörðin eigi að seljast fyrir hærra verð en hún rentar sig fyrir. Enda er ekki hægt að segja um það, hvers virði jarðir kunna að verða einhvern tíma í framtíðinni. Hitt er alt annað mál, hvort yfir höfuð sé ráðlegt að selja þjóðjarðir, það liggur hér ekki fyrir, heldur að eins það, að láta alla njóta sama réttar eftir þjóðjarðasölulögunum.

Mig furðar ekki, þótt háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) sé á móti þessu frumv., hann er yfirleitt á móti sölu þjóðjarða; en meðan þjóðjarðasölulögin eru í gildi, verður að fylgja þeim. Tilgangurinn með þeim var sá að láta jarðir falar eftir mati.

Háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) taldi þann annmarka á sölu þjóðjarða, að hún héldi niðri verði jarða. Eg held nú að verð jarða sé fullhátt, eftir því sem tíðkast, nfl. þegar það jafngildir höfuðstóli með 4% vöxtum, miðað við afgjöldin, og held eg rangt að hlynna að „óheilbrigðri „specúlation“, hvort heldur er í þeim efnum eða öðrum. Verðið getur ekki verið sanngjarnt, ef það svarar ekki til venjulegra vaxta.

Björn Sigfússon: Háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) kom enn með sína gömlu kenningu, að skaðlegt væri að selja þjóðjarðir. Hann hefir að vísu fylsta rétt eins og aðrir til þess að fylgja hverri skoðun, sem honum sýnist. En því verður þó ekki neitað, að það sem hann heldur fram, er sérstaklega umboðsmannaskoðun, þeirra er eingöngu hugsa um sinn hagnað. Sami háttv. þm. sagði, að borgunarkjör væru góð. Það er satt, kjörin eru góð. En hvers vegna er því svo háttað? Það er af því, að bæði milliþinganefnd og þingið leit svo á, að þetta mál, að efla sjálfsábúð í landinu, væri svo mikið velferðarmál, að réttast væri að hafa kjörin sem aðgengilegust. Hann sagði líka, að sala þjóðjarða miðaði að því að fella jarðir í verði. Þetta er órökstudd fullyrðing, sem við ekkert hefir að styðjast, og það er nokkurnveginn þveröfugt við það, sem eg þekki til jarðasölu. Matsverð þjóðjarðanna hefir í nærfelt öllum tilfellum, sem mér eru kunn, einkum verið miðað við hæfilegan leigumála jarðanna, og sölu privatmanna í því og því bygðarlagi, sumstaðar talsvert hærra. Nú hefir þó stjórnin oftast fært verðið upp fyrir matið og sumstaðar að miklum mun, svo niðurstaðan hefir orðið sú, að þjóðjarðirnar hafa orðið dýrari en jarðir privatmanna og þess vegna hefir oft verið gengið frá kaupunum. Eg gæti nefnt ýms dæmi þessu til sönnunar, ef nokkur vill vefengja það, og fæ eg ef til vill síðar tækifæri til þess.

Eg skal ekki þrátta við hæstv. ráðh. (H. H.) um skilning þjóðjarðasölulaganna. Við munum hvorugur annan geta sannfært. En hann ætti nú að vera kominn að raun um það, að það

er varasamt fyrir stjórn að taka of mikið tillit til lýsinga sumra umboðsmanna. Það er að vísu nokkur vorkunn að stjórnarráðið, sem er ókunnugt á hverjum stað, hafi vilst á of glæstum og ósönnum lýsingum og glæpst til að trúa þeim.

Það er ekki vert að gera ráð fyrir, að umboðsmenn yfirleitt reynist óvilhallir dómarar í þeim málum — þó auðvitað séu heiðarlegar undantekningar — heldur má búast við, að þeir spyrni móti sölu. Ekki mundi það þykja hyggilegt að láta sér nægja lýsingu kaupbeiðanda og þó gætu þær verið alveg eins áreiðanlegar. Nei — það eru lýsingar og gerðir hinna eiðsvörnu, óviðkomandi matsmanna, sem bezt má treysta.

Úr því hæstv. ráðh. (H. H.) fór að minnast á sölu Kornsár, verð eg að minna hann á, að í því tilfelli hefir hann sjálfur kannast við, að ekki var vanþörf að fá upplýsingar frá öðrum en umboðsmanni, og þar gekk hann að lokum rétta leið, með því að kveðja til 2 yfirmatsmenn. En hvað þurfti langan tíma í það þóf? Það tók talsvert á fjórða ár.

Sumstaðar hefir verið gengið svo langt í verðhækkun, að jarðirnar hafa ekki verið keyptar, kaupbeiðendur verið bolaðir frá. Sumar jarðir hafa verið keyptar einungis af því að neyð hefir til þess rekið; dæmi þess er sala Sveinsstaða.

Hvað þetta frumv. snertir, eða jarðirnar, sem hér er um að ræða, er ekki að svo stöddu hægt, fyrir þá sem ókunnugir eru, að mynda sér ákveðna skoðun, að því er til verðsins kemur. Þess vegna er eg því fylgjandi, að málið komist í nefnd, því að með því býst eg við, að þær upplýsingar fáist, að málinu verði til lykta ráðið á þann hátt, að hvorki landssjóður né ábúendur hljóti skaða af.

Sigurður Gunnarsson: Mér þykir vel við eiga, að þingið gefi stjórninni bendingar um sölu þjóðjarða og mun það verða athugað í nefnd væntanlegri í sambandi við þetta mál.

Eg skal víkja nokkrum orðum að ræðu háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.). — Hún hné mestöll móti sölu þjóðjarða. Hann vildi kenna því um, hve lágt væri verð jarða, að þjóðjarðir væru seldar. En er það rétt, að það haldi jörðum í verði, að landssjóður haldi áfram að eiga þær. Mér virðist skynsamlegt að álykta, að verulegar umbætur á jörðum séu happadrýgstar og eðlilegasta ráðið til að auka þær í verði. En hvort eru nú leiguliðar eða eigendur líklegri til að gera slíkar umbætur? Vafalaust eigendurnir. Auðvitað fellur sú verðhækkun jarðanna, sem stafar af umbótum þeirra, er kaupa, beint í landssjóð, en því meir óbeint. Landssjóður græðir óbeint á því, að bændur beinlínis starfi sem mest að endurbótum jarða sinna og auðgist sjálfir, og verði spakari í sveitunum. Sé þetta rétt, þá er það heilbrigð stefna að auka sjálfsábúð í landinu. En ekki kemur alt í einu. Jarðirnar stíga ekki í verði alt í einu, enda er það hættulegt að þær hækki að verði um hóf fram. Sumstaðar sprengjast jarðir upp úr öllu hófi, þar sem »speculation« er annars vegar, svo sem hér í nánd við höfuðstaðinn. Þetta var aðallega það, sem eg hefi hér um að athuga.

Benedikt Sveinsson: Vegna þess, að hinn háttv. þm. Snæf. (S. G.), var að tala um nauðsyn þess, að þm. létu í ljósi skoðanir sínar á gerðum stjórnarinnar í þessu máli, þá vil eg í fáum orðum leyfa mér að skýra frá skoðun minni á málinu.

Eg vil þá lýsa yfir því, að eg er stjórninni þakklátur fyrir framkomu hennar í þessu máli, fyrir það, að hún hefir reynt að setja dálitlar skorður gegn þjóðjarðasölunni. Það er enginn efi á því, að stjórnin hefir lagt réttan skilning í þjóðjarðasölulögin um þetta atriði. Í lögunum er að eins að ræða um heimild til að selja, en enga skyldu. Stjórnin er heldur ekki skyldug til að láta yfirmat fara fram; hún getur gert það, ef henni sýnist ástæða til þess.

Viðvíkjandi þeim jörðum, sem hér er um að ræða, hefir stjórnin ráðið vel, er hún synjar um sölu þeirra. — Þessar jarðir liggja við þjóðveginn skamt frá Reykjavík og allar þær jarðir, sem þannig eru í sveit komnar, hafa hækkað í verði að miklum mun síðustu árin, vegna þess, hversu hægt er að koma afurðunum í verð. Og það er ástæðulaust að ætla, að jarðir á þessum slóðum falli aftur í verði, því að landbúnaðurinn á Íslandi getur hvergi borgað sig betur heldur en þar, sem markaður fyrir afurðirnar er nærtækastur og tryggastur.

Sérstök ástæða til að neita um söluna er líka fyrir hendi, vegna þess, að fundist hefir vottur af gulli á næstu grösum við jarðir þessar. Það væri því undarlegt að vera að keppa við að selja þessar jarðir fyrir lágt verð, mér liggur næstum við að segja að gefa þær, þegar svona stendur á, og þótt ekkert tillit sé tekið til gull-vonarinnar, þá er verðið samt mjög lágt.

Af þeim ástæðum, sem eg nú hefi tekið fram, mun eg greiða atkv. á móti nefnd í málinu og einnig á móti því að vísa því til 2. umr.

Jón Jónsson (S.-Múl.): Það var út af því, sem háttv. 2. þm. Húnv. (B.S.) sagði, að eg bað um orðið. Eg held það hafi ekki verið rétt, sem hann hafði eftir mér, að það væri þjóðjarðasölunni að kenna hið lága verð á jörðum hér á landi, eða að minsta kosti hefi eg ekki ætlað að segja það, heldur hitt, að þjóðjarðasalan héldi verðinu niðri á jörðunum, og á því er talsverður munur.

Mér þótti vænt um að heyra háttv. þm. segja, að skaði væri að því, hvað jarðir væru í lágu verði og eg ímynda mér að þm. geti skilist það, að það sem eg sagði áðan sé rétt, að því er þjóðjarðasöluna snertir. Það er algilt lögmál um allan heim, að því meira sem framboðið er á hvaða vörutegund sem er, því lægra er verðið. Framboð jarða, eða tala þeirra jarða, sem selja á, hefir margfaldast þegar þjóðjarðirnar allar voru boðnar fram, og sala framboðinna jarða hefir aukist mjög mikið; það er því ekki nema sjálfsagt, að þetta hlýtur að hafa áhrif á verðið og halda því niðri.

Háttv. þm. Húnv. (B. S.) sagði, að það væri undarlegt, að þeir, sem væru umboðsmenn, væru á móti þjóðjarðasölunni. Eg var umboðsmaður í 5 ár, en þó minnist eg þess ekki, að eg skifti mér af þjóðjarðasölunni. En einmitt vegna þeirrar þekkingar, sem eg fékk á málinu á meðan eg var umboðsmaður, sannfærðist eg um það, að hún væri óheppileg og hefi síðan haldið fram þeirri skoðun, og eg vil taka það fram, að það var ekki vegna þess, að eg tímdi ekki að missa af umboðslaununum.

Háttv. flutnm. (B. Kr.) var að lýsa yfir því, að við værum á gagnstæðri skoðun um verð jarða. Eg hefi nú svarað háttv. 2. þm. Húnv. (B. S.) og vonast eftir, að það svar geti einnig verið nægilegt fyrir háttv. flutnm. — Eg vil þá til frekari skýringar leyfa mér að nefna eitt dæmi. Fyrir þinginu liggur nú frumv. til heimildarlaga fyrir stjórnina, til þess að selja lóðir

hér í Reykjavík fyrir lægra verð en heimilt er nú. Þetta frumv. hefir mætt hér í bæ mjög mikilli mótstöðu, og eg verð að álíta, að legið hafi heilbrigð hugsun til grundvallar fyrir þeim ástæðum, sem færðar hafa verið og mér finnast þær að minsta kosti skiljanlegar. Eg álít nefnilega, að á hættulegum fjárhagstímum, eins og nú eru, verði löggjafarvaldið að vera varkárt mjög í öllum afskiftum sínum af því, er snertir viðskifti manna og viðskiftalíf. En það er skiljanlegt, að því meir sem fram er boðið af lóðunum, því lægra verður verðið, og því er næsta skiljanlegt, að þeir sem eiga lóðir hér líti óhýru auga til undirboðs frá landstjórninni.

Sigurður Gunnarsson: Eg ætla að athuga það hjá háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.), er hann sagði, að mikið framboð á jörðum héldi verðinu niðri. Eg vildi leyfa mér að spyrja hann, hvernig færi, ef engin þjóðjarðasala ætti sér stað. Þá situr landssjóður með jarðirnar. Engin sala á sér þá stað. Leiguliðaábúðin heldur áfram, og aðalhvötin til að bæta jarðirnar, sem sé sjálfseignir, er úr sögunni.

Nei. Eg hygg það borgi sig vel fyrir landið að selja bændum þjóðjarðirnar með skaplegu verði, nema þar sem alveg sérstaklega stendur á.

Flutningsmaður (Björn Kristjánsson): Eg skal leyfa mér að svara því, sem háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) sagði um lóðasöluna. Það verð, sem sett var á lóðirnar í Arnarhólstúninu var algerlega sett af handahófi og stendur því alt öðruvísi á með þær, en jarðir sem metnar eru og hafa verið leigðar í fjölda ára; þar er hægt að nota leigumálann sem mælikvarða fyrir matinu. Það álít eg líka að sé rétt, því jarðirnar gefa ekki meiri arð nú sem stendur, hvað sem kann að verða; og verð hvers hlutar, og þá um leið jarðanna, verður að miðast við þann arð, sem fæst af honum. Hver hlutur á að borga sig, og annað verð er ekki og getur aldrei verið sannvirði.

Eg hefi flutt þetta frumv. til þess að þingið geti dæmt um, hvort virðingarverð er of lágt og að það þá geti gefið álit um það. En eg verð að skoða þetta mál þannig, að ef þingið vill ekki selja í þessu tilfelli, að þá eigi það að nema þjóðjarðasölulögin úr gildi, því séu jarðirnar að eins seldar eftir geðþekni stjórnarinnar, þá hlýtur margur að verða fyrir misrétti.

Viðvíkjandi gullinu í Mosfellssveit vil eg benda háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) á, að samkvæmt því sem hann sagði, ætti einnig að hætta við að selja allar lóðir í Reykjavík, því í miklu af grjóti hér er gull. Hvernig eiga nú Reykvíkingar að fara að? Eg hefi rannsakað ýms sýnishorn úr kvarsinum í Þormóðsdal, sem ekki hafði meira gull en víða finst hér í grjótinu (dólerítinu) í Reykjavík. Sannleikurinn er sá, að það finst næstum alstaðar á Íslandi gullvottur, en alstaðar er of lítið af því, svo mjög vafasamt er, hvort það borgar sig að vinna það.

Eg vil að lokum bæta því við, að ef rétt er að hætta við að selja einstakar þjóðjarðir vegna þess að þar er gull, að þá ætti að hætta við þjóðjarðasölu með öllu.

ATKV.GR..

Till. um að vísa málinu til landbúnaðarnefndarinnar feld með 15 : 5 atkv.

Frumv. felt frá 2. umr. með 16 : 4 atkv.

Þjóðjarðasala.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum nr. 31, 20. okt. 1905, um sölu þjóðjarða. (A. 205); 1. umr., 16. marz.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): Herra forseti! Tilgangur okkar flutnm. með frumv. þessu er að tryggja betur tilgang þjóðjarðasölulaganna. Tilgangurinn sá, að jarðirnar haldist betur í sjálfsábúð kaupanda, heldur en hingað til; því að það hefir sýnt sig, að jarðir hafa verið seldar ábúanda, er svo strax hefir selt þær aftur, eða þetta beinlínis verið leppakaup.

Tilgangurinn er því góður með frv. þessu, og vona eg að deildin taki því vel.

Stefán Stefánsson: Eg ætla að eins að taka það fram, að ef ekki hefði verið til önnur lög um þetta efni, en þjóðjarðasölulögin, þá hefði óefað verið mikil réttarbót að slíkum lögum sem þessum, en nú höfum vér lögin um forkaupsrétt leiguliða, sem gera eigendum jarða skylt að láta ábúendur sitja fyrir kaupum á sínu ábýli, og að þeim frá gengnum, því sveitarfélagi, sem jörðin liggur í. Eins og þetta frumv. er nú orðað, missist þessi réttur ábúenda og sveitarfélaga, þar sem það er skýrt tekið fram, að gangi jörðin »úr sjálfsábúð kaupanda næstu 10 ár« þá eigi landssjóður kaupréttinn.

Eg er þess vegna eindregið mótfallinn, að frumv. þetta gangi nefndarlaust í gegn um allar umr. hér í deildinni, og leyfi mér að leggja til, að því verði vísað til landbúnaðarnefndarinnar.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): Ef málið á að fara í nefnd, þá álít eg réttast að setja það í sérstaka nefnd. Málið á ekki skylt við landbúnaðarnefndina. Leyfi mér að stinga upp á 3 manna nefnd, til að athuga tilgang frumv.

Sigurður Gunnarsson: Vil leyfa mér að styðja till. háttv 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) um 3 manna nefnd í málið.

Pétur Jónsson: Þótt mál þetta sé als eigi þýðingarlítið, hygg eg að ekki þurfi að setja það í sérstaka nefnd, — málið er svo augljóst. Það er misskilningur hjá háttv. 2. þm. Eyf. (St. St.), að frumv. þetta standi í sambandi við lögin um forkaupsrétt leiguliða, — Lög þessi miða til þess að tryggja sjálfsábúð og koma í veg fyrir leppakaup, á þann hátt, að þegar jörðin er komin út úr sjálfsábúð, að þá lendi hún aftur til landssjóðs, en þá er jörðin á ný föl nýjum ábúanda, ef hann vill. En komist hún á annað borð í einstakra manna hendur, er ekki hægt að stuðla að því með laga-ákvæðum, að eigandi komi henni í sjálfsábúð. — Frumv. þetta er því trygging fyrir því að þjóðjarðasölulögin nái tilgangi sínum.

Stefán Stefánsson: Eg fæ ekki betur séð, en að frumv. þetta standi í nánu sambandi bæði við þjóðjarðasölulögin og við lögin um forkaupsrétt leiguliða, þar sem hér er að eins að ræða um sölu á þjóðjörðum; það er því öldungis undraverð staðhæfing, sprottin af misskilningi hjá háttv. þm. S.-Þing. (P. J.), þegar hann heldur því fram, að frumv. standi ekki í nokkru sambandi við lögin um forkaupsrétt, frá 20. okt. 1905. Eg sé svo ekki nauðsynlegt að ræða þetta mál frekar hér við 1. umr., en held því enn fram, að það verði sett í nefnd; hvort kosin verður í það sérstök nefnd eða því vísað til landbúnaðarnefndarinnar skiftir minstu.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. með 22 samhlj. atkv.

Samþ. 5 manna nefnd í málið með

19 atkv. og kosnir með hlutfallskosningu:

Benedikt Sveinsson,
Jón Ólafsson,
Sigurður Sigurðsson,
Jón Jónsson, N.-Múl.,
Eggert Pálsson.

Í nefndinni var Benedikt Sveinsson kosinn formaður en Jón Ólafsson skrifari og framsögumaður.

Önnur umr., 3. maí, (A. 205, n. 667).

Framsögumaður (Jón Ólafsson): — Nefndin hefir lagt til breytingar, en með því engin rökstudd mótmæli hafa komið, sé eg enga ástæðu til að fara að ræða þetta mál að sinni, en óska því einungis góðrar ferðar gegn um deildina.

Jón Jónsson, (N.-Múl.): Eins og sést á nefndarálitinu, sem háttv. þm. munu hafa lesið, legg eg til að frv. þetta sé felt.

Stuttlega eru þar færðar ástæður fyrir þessu, svo eg þarf ekki að fara mörgum orðum um þetta mál. Mér skilst, að aðal-tilgangurinn með frv. þessu sé sá, að draga úr þjóðjarðasölulögunum á þann hátt, að ná undir landssjóð aftur jörðum, sem seldar hafa verið. Með þjóðjarðasölulögunum geta bændur komist að svo góðum kaupskilmálum, að fáum verða kaupin ofvaxin. En þá ástæðu færa nú ýmsir móti þjóðjarðasölunni, að bændur sökkvi sér í skuldir og geti svo ekki búið myndarlega á jörðunum úr því. Þetta held eg sé ekki á rökum bygt. Og ósk bændanna er að fá jarðirnar keyptar. Með því að verða við óskum þeirra, sem frekast eru tök á, verða þeir ánægðari og spakari í sveitinni og um leið til uppbyggingar og gagns fyrir þetta land. Bóndi er bústólpi og bú er landstólpi«. Þingið verður að athuga vel gerðir sínar í landbúnaðarmálum. Það er svo mikið los nú á fólkinu, sem stundar landbúnað, vegna margvíslegra örðugleika, að varast verður að gera neitt það, er elur á óánægjunni. Eg tel víst, að þingið áliti það illa farið, ef fólkið smá-yfirgefur sveitabúskapinn.

Eg legg áherzlu á, að þetta er hin mesta hvöt fyrir ábúendurna að una hag sínum til sveita, og sýna jörðunum sóma. Eg hefi eigi heyrt aðrar mótbárur betri gegn þjóðjarðasölunni en þessa, sem þegar er nefnd. Eg ætla svo ekki að ræða frekara um þetta, en mun svara, ef mótmælt verður og þörf gerist.

Sigurður Sigurðsson: Eg ætla að eins að gera örstutta athugasemd. Mér þykir leiðinlegt að segja það, að mér virðist, að álit minni hlutans sé, að eg ætla, bygt á misskilningi. Minni hlutinn segir, að frumv. miði að því að eyðileggja sjálfsábúðina í landinu; en það er þvert á móti. Frumv. styður einmitt að sjálfsábúðinni, og tryggir hana. Þess vegna er alt, sem hinn h. minni hluti segir um þetta talað út í hött. Frumv. fer ekki fram á annað en að landssjóði sé heimilað að kaupa aftur þá jörð, er keypt hefir verið af honum, þá er hún gengur úr sjálfsábúð. Þetta ákvæði eykur gildi laganna um þjóðjarðasölu, og stuðlar að því, að tilgangi þeirra verði náð.

Frv., ef það yrði að lögum, hindrar eða jafnvel útilokar leppmensku þegar um kaup á þjóðjörðum er að ræða, og er það mikilsvert atriði. Fyrir því verð eg að álíta það illa farið ef frv. yrði felt, og alt skraf um að það spilli fyrir sjálfsábúð í landinu er á engum rökum bygt. Það er líka mjög vafasamt, hvort landssjóður vill eða þarf

að nota þessi réttindi sín. Eg hygg að hann geri það að eins, þegar brýna nauðsyn ber til þess.

Stefán Stefánsson: Eg tók það fram við 1. umr. þessa máls, að eg væri algerlega mótfallinn frv., nema gerð væri á því mjög veruleg efnisbreyting, sem sé sú, að sá ábúandi, er keypti ábýlisjörð sína af landssjóði, væri ekki skyldur að selja hana landssjóði aftur, þótt hann hætti ábúð og erfingjar hans tækju hana ekki til ábúðar, heldur að honum væri þá heimilt að selja þeim ábúanda jörðina, er næstur honum tæki við ábúðinni. Að verða í hverju einstöku tilfelli að selja landssjóði, ef nákomnir erfingjar kaupanda ekki halda áfram óslitinni ábúð, virðist mér bæði óþörf og mjög óviðfeldin krókaleið, sem vafalaust yrði misjafnlega vel liðin, þegar til framkvæmda þeirra laga kæmi. Þetta frumv. verður því engan veginn til þess, þótt það verði að lögum, að tryggja eða auka sjálfsábúð í landinu, miklu fremur mundu slík lög hindra eða tefja fyrir aukinni sjálfsábúð.

Sú eina breyting, er mér sýnist gerleg í þessa átt, væri þá sú, að vilji viðtakandi ekki kaupa jörðina, að þá hafi landssjóður forgangsrétt að kaupunum eftir mati dómkvaddra manna.

Annars furðar mig ekkert á því, þó þeir menn, sem vitanlega eru á móti þjóðjarðasölunni, haldi fram frumv., því fyrir þá er hér góður leikur á borði.

Eg vona, að þm. líti líkt á þetta mál og eg og felli frumv.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Herra forseti! Eg hygg að mótbárur háttv. 2. þm. Eyf. (St. St.), séu algerlega bygðar á misskilningi. Alt slíkt mat og verð á jörðum, sem selja á til ábúðar, er langt undir því verði, sem fengist fyrir þær við opinber uppboð. Vér þekkjum dæmi þess, að jörð er metin t. d. 2000 kr. af eiðsvörnum mönnum, þá er hún er föluð til kaups af landssjóði, og 2—3 árum síðar metin þriðjungi hærra — til lántöku úr banka — af sömu eiðsvörnum mönnum, án þess jörðinni hafi verið neitt til góða gert.

Oft eru jarðir, sem landssjóður hefir selt ábúanda, seldar af honum rétt á eftir fyrir helmingi meira verð.

En aðaltilgangur þjóðjarðasölunnar er sá, að tryggja sjálfsábúð í landinu, og láta gamla landseta njóta forréttar til að verða sjálfsábúendur. Og með þessu frumv. hér er verið að tryggja það, að þjóðjarðasalan nái tilgangi sínum.

Í 3. gr. er tekið fram, að jörð, sem fellur úr ábúð eiganda, megi hverfa aftur til landssjóðs, ef landssjóður krefst Þetta dregur úr mönnum að gerast kaupa-leppar, og tryggir það að jarðir, sem seldar eru, haldist þó nokkurn tíma í ábúð kaupanda eða erfingja hans um víst árabil. En hitt getur ekki landssjóði staðið á sama, að lögin séu notuð sem skálkaskjól leppa. Allir eru sammála um, að þetta sé góður tilgangur, nema háttv. þm. N.-Múl., (J. J.), en ástæður hans í þessu máli eru órökstuddar fullyrðingar einar.

Jón Jónsson, (1. þm. N.-Múl.). Eg verð að álíta það misskilning hjá h. frmsm. (J. Ó.) og háttv. 2. þm. Árn. (S. S.), að frumv. þetta stuðli einmitt að sjálfsábúð í landinu. Þessi leppmenska, sem þeir eru að tala um, er yfirskinsástæða. Eða ekki þekki eg það, að jarðir séu setnar á þann hátt.

Hitt veit eg, að sumir samnefndarmenn mínir eru eindregnir á móti

þjóðjarðasölu. Fyrir þeim vakir án efa þetta aðallega, að draga úr þjóðjarðasölulögunum, og ná smátt og smátt jörðunum aftur í eign landsins. Og með mínum bezta vilja sé eg ekki, að nokkur önnur ástæða geti verið til að bera fram svona frumv, en einmitt þessi, að vega á móti þeim lögum og gera þau að pappírsgagni.

Háttv. frmsm. (J. Ó.) var að nefna dæmi þess, að jarðir, sem keyptar hefðu verið af landssjóði fyrir svo og svo mikið verð, hefðu verið seldar aftur að fám árum liðnum fyrir margfalt meira verð. En eg verð að leyfa mér að efast um, að þessa séu mörg dæmi. Þá eiga ákvæði 3. gr. að herða á mönnum að halda í jarðirnar. En það getur svo margt komið fyrir, að mönnum sé það ómögulegt. Auk þess er óvíst, að maður, sem á annað borð vildi selja jörð sína, gerði það síður, þó að landssjóður ætti kaupréttinn.

Eg held því fram, að alment muni jarðir fremur hækka en lækka í verði með sjálfsábúð. En hvað sem því líður, er aðalatriðið, að landsmenn hafi gott af þjóðjarðasölunni, að jörðunum sé sómi sýndur. Mundi fremur koma til þess, að jarðir einstakra manna legðust í eyði heldur en opinberar eignir? Eg held ekki. Nei, ef háttv. þm. álíta rétt að selja landssjóðsjarðir, þá fella þeir vonandi frumv. þetta, því að það miðar að því gagnstæða.

ATKV.GR.:

1. gr. frumv. feld með 11 atkv. gegn 11, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Björn Jónsson,
Jón Ólafsson,	Björn Kristjánsson,
Bened. Sveinsson,	Björn Sigfússon,
Eggert Pálsson,	Björn Þorláksson,
Einar Jónsson,	Hálfdan Guðjónss.,
Hannes Hafstein,	Jón Jónsson, N.-M.,
Jón Jónsson S.-M.,	Magnús Blöndahl,
Jón Magnússon,	Ólafur Briem,
Jón Sigurðsson,	Sig. Gunnarsson,
Pétur Jónsson,	Stefán Stefánsson.
Sig. Sigurðsson,	Þorleifur Jónsson.

Frumv. þar með fallið.

Kaup á Skálholti.

FRUMVARP til laga um að landssjóður kaupi hið forna biskupssetur, jörðina Skálholt í Biskupstungum; (A. 91); 1. umr., 9. marz.

Framsögumaður (Eggert Pálsson): Eg skal ekki vera fjölorður um frv. þetta. Eg hygg að margir muni máske setja það í samband við frv. igær, sem lá fyrir deildinni, um stofnun Hólabiskupsdæmis. Og skal eg ekki neita því, að sami kunni að vera aðalhöfundur beggja frumv. En þótt nefndin hafi ekki verið sammála um frv. um stofnun Hólabiskupsdæmis, þá er hún öll í heildinni sammála um þetta frv. Hún er öll sammála um, að hér sé um stórmerkilegan stað að ræða, sem þjóðin öll ætti að láta sér umhugað um og hafa sjálf til eignar og umráða. Eg veit að ekki all-langt frá þessum stað, Skálholti, liggur mjög merk jörð, sem nú er að komast í algerða órækt, svo mikla órækt, að sagt er að nábúarnir taki að sér að slá túnið þar, eins og í gustukaskyni. Og eins og komið er með þessa jörð, Bræðratungu, hyggur nefndin að gæti ef til vill farið um Skálholt, ef illa skyldi til takast síðar meir, og ekkert væri að gert. Og það vill hún fyrirbyggja með frv. þessu.

Jörðin er viðurkend eitthvert mesta höfuðból landsins og sögurikasta, og getur án efa átt enn fyrir höndum glæsilega framtíð, svo framarlega sem þetta land heldur áfram að vera til og

hún lendir ekki í höndum einstakra manna eða félaga, sem ekkert hugsa um framtíðarhag landsins. Yrði settur upp skóli hér í austursýslunum einhvern tíma í framtíðinni, lýðháskóli, bændaskóli eða jafnvel kennaraskólinn fluttur í sveit, þá mundu menn hafa augastað á Skálholti til slíkra hluta; og þá væri einkar gott, að jörðin væri þegar orðin eign landsins. Eg get nú ímyndað mér, að margur hugsi kanske að þetta frv. ríði eitthvað í bága við þjóðjarðasölulögin og þjóðjarðasölu-hugmyndina. En eg hygg það vera einmitt í anda þeirra laga en ekki gagnstætt þeim.

Sé það rétt álitið, að Skálholt sé einn af þeim stöðum, er ekki skyldi seljast ef hún væri þjóðeign, samkvæmt þjóðjarðasölulögunum, liggur þá ekki beint við samkvæmt anda þeirra laga að landið kaupi hana til þess að gera hana aftur að þjóðareign. Það sem enn fremur gerir það æskilegt, að jörðin verði þjóðareign er það, að það má ganga að því sem vísu, að þar í landi kunni að vera fólgnar margvíslegar og merkilegar fornmenjar, sem hægra væri að komast yfir og vernda, ef landið sjálft ætti jörðina, heldur en ef hún væri einstaklings eign. Annars skal eg ekki fjölyrða meira um mál þetta, en vona, að það fái að ganga fyrirstöðulaust til 2. umr.

ATKV.GR.:

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv.

Önnur umr., 11. marz. (A. 91).

Hálfdan Guðjónsson: Mál þetta var nokkuð rætt við 1. umræðu og skal eg því að eins nú fara lítið eitt út í einstök atriði málsins. Hér er verðið ekki ákveðið vegna þess að þegar eg átti tal við eigendur þessarar jarðar vildu þeir ekki selja eða lofa að selja, ekki einu sinni að gefa landinu forkaupsrétt, enda hefði það ekki haft svo mikið að þýða, þar sem leiguliðar nú lögum samkvæmt hafa forkaupsrétt. Verðið var þess vegna ekki hægt að ákveða, því að jörðin var ekki föl. Enda þótt frv. að eins hljóði upp á þessa einu jörð væri þó ástæða til fyrir landið að kaupa fleiri, en Skálholt er þó næst Reykjavík og Þingvöllum merkilegast að sögu og ríkast af fornum menjum. Það er sárgrætilegt, já, hörmulegt, hve ræktarlausir vér erum við alt fornt og þjóðlegt, hve illa oss ferst með helgustu og endurminningarríkustu staði landsins, en þótt augu sumra Íslendinga séu ekki opin fyrir því, þá hafa útlendingar, sem hingað koma, oft rekið augun í það.

Eg hefi t. d. bréf með höndum frá einum góðkunnum Þjóðverja, sem ferðast hefir hér á landi, Paul Hermann. Hann segir að hann »skammist sín niður fyrir allar hellur fyrir hvernig farið sé með Skálholt. Svona er nú þeim merkisstað komið, sem var hellubjarg íslenzkrar kristni um margar aldir. Mér rennur til rifja ræktarleysi lifandi kynslóða«.

Já, sannarlega, svona er ástandið. Góðir menn fá skömm á oss. Því er leitt, ef þetta gæti eigi verið mörgum góðum Íslending til eftirþanka.

Jón Sigurðsson: Mér finst ekki liggja svo mjög á þessu frv., þar sem jörðin er als ekki föl, auk þess sem mér virðist lagafrv. þetta fara í bága við önnur gildandi lög hér á landi t. d. lög um forkaupsrétt leiguliða eigi lög þessi að verða annað en tóm pappírslög, en að vera að semja lög, sem vitanlegt er fyrirfram, að ekki geta komist í framkvæmd, er eftir minni skoðun ekki heppilegt, og til þess eins að veikja

virðingu þjóðarinnar fyrir lögum alþ. og auka skriffinskuna í landinu.

Það kann mikið rétt að vera, að Skálholt sé ríkara af merkilegum fornmenjum en flestir aðrir staðir á landinu. Mér þykir meira að segja líklegt, að svo sé. En eg sé eigi betur en að heppilegra væri að koma fram með frv., er kæmi í veg fyrir að þær fornmenjar, sem þar væru, eyðilegðust eða skemdust. Þá næðist tilgangurinn betur og eg tel meiru skifta að fornmenjarnar verði varðveittar, en þótt landið eignist sjálfa jörðina. Því jörðin verður ekki flutt burt af landinu, en fornmenjarnar má skemma, þó lög séu til um að landið kaupi jörðina einhverntíma.

Jón Þorkelsson: Út af ummælum hins háttv. þm. Mýr. (J. S.) vil eg leyfa mér að spyrja hann, hvort hann þori að ábyrgjast það og hvort hann hafi nokkurt bréf og innsigli þar upp á, að jörðin verði ekki föl innan skams? Færi svo, að jörðin yrði bráðlega til kaups, þá er gott að hafa þessi lög, því að ekki er auðhlaupið að búa til lög milli þinga. Þá geta jarða»spekúlantarnir« á meðan komið í veg fyrir kaupin með því að verða fyrri til, og alt verið um garð gengið, þegar næsta þing kæmi saman.

Jón Sigurðsson: Út af orðum hins háttv. 1. þm. Rvk (J. Þ.) vil eg leyfa mér að svara með fyrirspurn til hans sjálfs. Getur hann gefið út bréf um, að jörðin fáist keypt innan skams? Sé ekki svo, þá sýnist mér ekki svo mikil þörf á lögum þessum.

ATKV.GR.:

1. gr. sþ. með 18 : 1 atkv.
2. — — — 18 atkv.

Fyrirsögn frv. samþ. með 18 shlj. atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Þriðja umr., 13. marz. (A. 185).

ATKV.GR.:

Frv. sþ. með 18 shlj. atkv. og afgreitt til Ed.

Ein umr., 5. maí (A. 718, n. 730).

Framsögumaður (Eggert Pálsson): Viðaukinn, sem háttv. Ed. hefir gert við þetta frumv., er ekki sérlega fyrirferðarmikill, en þó lítur nefndin svo á, að hann sé fremur til skemda en bóta, — að hann sé til skemda, hvort heldur litið er á það, að kaup verði gerð á nálægum tíma eða síðar.

Ef jörðin yrði seld á nálægum tíma, þá álítur nefndin að verðið, sem tiltekið er, sé fullhátt.

Eftir uppboðsauglýsingu, sem gefin var út 23. marz 1905, var eftirgjald jarðarinnar nál. kr. 360, eða sundurliðað: 270 álnir, og ef meðalalin er látin vera 50 aurar, sem láta mun nærri, þá verður sú upphæð ... ... kr. 135
Ennfremur smjör, 200 pd. á $^{0}/_{70}$ — 150
og auk þess í peningum ... — 88
En það verður . ... — 363

Ef verð jarðarinnar er ákveðið 12 þús. kr., þá yrðu 4% rentur af því kr. 480. Þetta verð — 12 þús. kr. — gæti að vísu átt sér stað, ef þar í væri falið 1800 kr,, er staðnum munu hafa fylgt í konunglegum ríkisskuldabréfum; en það virðist óviðkunnanlegt, að landssjóður kaupi peninga fyrir peninga.

Það er ekki ástæða til, að landssjóður kaupi þessi ríkisskuldabréf, heldur jörðina sjálfa, og þá mundi verðið hæfilegt 9 þús. kr., því 4% vextir af því er 360 kr., eins og eftirgjald jarðarinnar er nú. Því fremur sýnist það vera nóg verð fyrir jörðina, sem það mætti auðvitað fá hærri rentur, t. d. með

því að kaupa bankavaxtabréf eða öðruvísi.

En ef litið er á það, að jörðin yrði seld einhvern tíma seinna meir, þá horfir nokkuð öðruvísi við. Nú er hún sennilega ekki svo útgengileg, er bæði mun stafa af því, hve fólksfrek hún er og erfið — enda enginn falað hana; en hitt er þó víst, að jörðin er í rauninni mikil og ýmsum kostum búin.

Það gæti því komið til greina síðar, að einhver girntist að fá jörðina, þó ekki væri nema vegna hinnar fornu helgi, er á henni hvílir, og væri þá óhyggilegt að hafa kaupverðið fastákveðið, svo að ekki mætti hækka það, ef tækifæri gæfist að kaupa jörðina, jafnvel þó ekki munaði nema 500—1000 kr.

Nefndin hefir því litið svo á, að það sé ekki til bóta, að neitt fast ákvæði sé í frumv. um þetta atriði, heldur sé stjórninnni algerlega falið það að gæta hér, ef til kæmi, hagsmuna landssjóðs eftir því sem við á og álítur, að henni sé til þess trúandi, og leggur nefndin því til, að feldur sé burtu viðauki sá, er háttv. Ed. hefir sett við 1. gr. frumv. Það lítur líka svo út, sem háttv. Ed. hafi ekki verið nógu kunnug málavöxtum; hún hefir ekki getað haft neitt fyrir sér í þessu, heldur gert þetta út í bláinn. — Það skyldi helzt vera, að hún hefði haft fyrir sér frumv. um sölu á þjóðjörðinni Kjarna, þar sem hún taldi 12 þús. króna verðið hæfilegt, því ekki hefir það bygst á því, að jörðin væri föl fyrir þetta verð og lægra ekki. Því sannleikurinn mun vera sá, að hún mun als ekki vera á boðstólum nú sem stendur. En það getur auðveldlega breytst þá og þegar og væri þá gott, að landsstjórnin hefði heimild til kaupanna.

Við atkv.gr. í Ed. kom það líka í ljós, að mönnum var málið ekki vel ljóst.

Nefndin hefir þannig orðið á eitt sátt um það, að þessi viðauki sé feldur burt, jafnvel þótt það kunni að kosta líf frumv. sjálfs.

ATKV.GR.:

Breyt.till. (730) sþ. með 20 atkv.

Frumv. þannig breytt sþ. með 20 atkv. og endursent Ed.

Úrskurðarvald sáttanefnda.

FRUMVARP til laga um úrskurðarvald sáttanefnda; (A. 112), 1. umr., 8. marz.

Framsögumaður (Magnús Blöndahl): Eins og háttv. deild mun sjá miðar frumv. þetta aðallega að því, að veita sáttanefndum úrskurðarvald með vissum skilyrðum í ýmsum smærri málum, til þess að minka þann kostnað og fyrirhöfn, sem rekstur slíkra mála hefir í för með sér, og gera aðganginn til að ná rétti sínum miklu léttari. Kostnaðurinn við að ná smáskuldum inn með málssókn, er oftast svo mikill, að margir kynoka sér við að leggja út í mál, hversu réttmætt sem það annars kann að vera, og rétturinn kemur þannig til í rauninni að rýma fyrir óréttinum, að eg nú ekki tali um, að kostnaður þessi getur líka lent óþægilega niður á skuldunautunum sjálfum, þeir geta oft orðið að borga meira í málskostnað, en skuldinni sjálfri nemur. Það er því sjálfsögð skylda löggjafarvaldsins að bæta úr þessum vandkvæðum, með því að gera meðferð slíkra mála svo óbrotna, einfalda og ódýra, sem mögulegt er. Sá er líka tilgangur þessa frumv. og eg vona því, að háttv. deild taki því vel.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umræðu í einu hljóði.

Önnur umr., 10. marz (A. 112, 158).

ATKV.GR.:

1. gr. frv. sþ. með 17 shlj. atkv.
2. — — — — 14 — —
3. — — — — 15 — —
4. — — — — 14 — —
5. — — — — 13 — —
6. — — — — 16 — —
7. — — — — 15 — —
8. — — — — 17 — —
9. — — — — 15 — —

Breyt.till. (þskj. 158) við 10. gr. sþ. með 16 shlj. atkv.

10. gr. (þannig orðuð) sþ. með 17 shlj. atkv.

11. gr. frv. sþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögnin skoðuð samþ. án atkv.-greiðslu.

Málinu vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Þriðja umr., 12. marz (A. 166).

Framsögumaður (Magnús Blöndahl): Eg get verið stuttorður um þetta mál. Það hefir átt því láni að fagna að hafa verið samþ. umræðulaust í deildinni til 2. og 3. umr.

Vona eg því að frumv. njóti hinnar sömu velvildar deildarinnar við þessa síðustu umr., og geti orðið afgreitt frá hv. deild í dag.

Ólafur Briem: Þó að mál þetta sé nýtt í íslenzkri löggjöf, þá er það þó ekki nýtt í löggjöf annara landa. Eftir því sem skyrt hefir verið frá, er frv. þetta sniðið eftir lögum Norðmanna um þetta efni.

Hin fyrstu norsku lög, er hér ræðir um, voru gefin út árið 1869. Þá var hámark skuldamála, er sáttanefndum var ætlað að útkljá með úrskurði sínum 30 spesíur eða 120 krónur. En þessi lagafyrirmæli þóttu gefast svo vel, að 10 árum síðar (1879) var upphæðin hækkuð upp í 500 kr. — Í þessu frv. er upphæðin höfð 50 kr. fyrst um sinn, og ef það gefst vel, er sennilegt, að hún verði hækkuð síðar.

Sams konar frumv. og þetta hefir áður komið fram hér á þingi; það mun hafa verið 1893. Var það samþykt í Ed., en af því mjög var orðið áliðið þingtímans þegar það kom fyrir Nd., þá dagaði það þar uppi, kom aldrei frá nefndinni, er sett var til að íhuga það. Á aukaþinginu 1902 var málið aftur tekið til meðferðar, en fór á sömu leið, að það dagaði uppi í nefnd í Nd. Hefði því mátt búast við að næsta þing þar á eftir hefði tekið frumv. til meðferðar, en það hefir þó dregist alt til þessa. Er ástæða til að ætla, að það fái nú greiðan framgang í þinginu, þar sem það hefir fengið svo góðar viðtökur hér í deildinni.

ATKV.GR.:

Frumv. í heild sinni samþ. með 23 shlj. atkv. og afgreitt til Ed.

Vegamál.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum nr. 57 frá 22. nóv. 1907 um vegi (A. 144); 1. umr., 12. marz.

Flutningsmaður (Sigurður Sigurðsson): Eg skal strax láta þess getið, að frumv. þetta er hér flutt samkvæmt ósk sýslunefndarinnar í Árnessýslu og þingmálafundar í sýslunni. Sýslunefndin fer fram á það:

1. Að sýslan verði losuð við viðhald flutningabrautarinnar yfir Ölfusið og Flóann.
2. Að úttekt veganna verði ásamt landsverkfræðingnum falið manni, er sýslunefnd tilnefnir.

3. Að úttekt flutningabrauta verði frestað fram í júnímánuð 1910.

Það var alment álitið, að þegar byrjað var á vegi þessum 1886, að það væri gert í notum þess, að sýslurnar austanfjalls færu alfarið á mis við þægindin og hagnaðinn af strandferðunum. Sá maður, sem þá réði hér ríkjum, landshöfðinginn, leit svo á, og það með réttu, að sjálfsagt væri að tengja fjölbygðustu sveitirnar við höfuðstaðinn með eins góðum samgöngufærum og frekast væri unt.

Þetta var einnig eðlilegt og sjálfsagt í alla staði. Þegar svo á þetta er litið, er það bæði sanngjarnt og sjálfsagt, að létta af Árness- og Rangárvallasýslum viðhaldinu á þessari leið. — Það er að mínu áliti »princips«-brot, að láta viðhaldið hvíla á þessum sýslum. Það virðist æði undarlegt, að Rangárvallasýsla skuli þurfa að bera kostnaðinn af viðhaldi brautarinnar á milli Þjórsár og Ölfusár. Viðhaldið hefði alveg eins mátt hvíla á Reykjavíkurbæ og Vestur-Skaftafellssýslu. — Annars skal eg ekki fjölyrða um það, hve þungt slíkt viðhald liggur á Árnessýslu. Það á ekki út af fyrir sig að ráða úrslitum þessa máls. En á það má benda, sem gilda ástæðu með þessu frumvarpi, að þjóðvegur liggur kringum landið, að undanteknum kaflanum frá Reykjavík að Ytri-Rangá. Þjóðvegur liggur, sem kunnugt er frá Elliðaánum alla leið til Akureyrar, þaðan austur um land til Seyðisfjarðar. Síðan liggur þjóðvegur frá Egilsstöðum suður í Hornafjörð og þaðan vestur sýslur að Rangá. Það lítur því hálf undarlega út, að slíta hér í sundur þjóðveginn. Lang-eðlilegast virðist það, að þjóðvegurinn hefði haldið áfram alla leið til Reykjavíkur, og að landssjóður hefði annast viðhaldið á þessari leið, eins og flestum öðrum þjóðvegum.

Eg vænti nú þess, að frumvarpinu verði vel tekið, og að skipuð verði nefnd, að lokinni þessari umræðu til þess að íhuga málið.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. með 14 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Jón Ólafsson,	Bjarni Jónsson,
Björn Jónsson,	Benedikt Sveinss.,
Björn Sigfússon,	Hannes Hafstein,
Björn Þorláksson,	Hálfdan Guðjónss.,
Eggert Pálsson,	Jóh. Jóhannesson,
Einar Jónsson,	Jón Jónsson N.-M.,
Jón Sigurðsson,	Jón Jónsson S.-M.,
Jón Þorkelsson,	Jón Magnússon,
Magnús Blöndahl,	Pétur Jónsson,
Ólafur Briem,	Stefán Stefánsson.
Sig. Gunnarsson,	
Sig. Sigurðsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Þorleifur Jónsson.	

Tilllaga um að setja sérstaka nefnd felld með 12 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Jón Ólafsson,	Bjarni Jónsson,
Björn Þorláksson,	Ben. Sveinsson,
Eggert Pálsson,	Björn Jónsson,
Hannes Hafstein,	Björn Kristjánsson,
Jóh. Jóhannesson,	Björn Sigfússon,
Jón Jónss., N.-M.,	Hálfdan Guðjónss.,
Jón Jónss., S.-M.,	Magnús Blöndahl,
Jón Magnússon,	Ólafur Briem,
Jón Sigurðsson,	Sig. Gunnarsson,
Jón Þorkelsson,	Sig. Sigurðsson,
Pétur Jónsson,	Skúli Thoroddsen,
Stefán Stefánsson.	Þorleifur Jónsson.

Björn Jónsson: Eg vil leyfa mér, að stinga upp á því, að máli þessu sé vísað til samgöngumálanefndarinnar.

Samþykt með 15 shlj. atkv.

Önnur umr., 15. apríl. (A. 144, n. 431).

Framsögumaður (Benedikt Sveinsson): Svo sem sjá má á nefndarálitinu, hefir nefndin klofnað í þessu máli. Meiri hlutinn hefir ekki getað fallist á frumv., og jafnvel ekki með breyt.till. þeim, sem virðulegir flutningsmenn frv. hafa komið fram með, er þeir sáu, hversu þunglega horfði. Eins og getið er í nefndarálitinu, hefir nefndin borið þetta undir verkfræðinginn, og einnig haft í höndum bréf hans til stjórnarráðsins um frv., sem prentað er aftan við það. Honum þótti ekki fremur en nefndinni ástæða til þess að breyta lögunum á þann hátt, sem fram á er farið í frumv.

Vera má, að það sé sanngjarnt, að sýna einhverja linkind þessum sýslum, en þá mundi og vafalaust jafnframt verða að létta á Norður-Múlasýslu viðhaldskostnaði Fagradalsbrautarinnar, sem sýslan ber að þriðjungi móts við Suður-Múlasýslu og landssjóð.

Sama er að segja um úttekt flutningabrauta. Óheppilegt þótti nefndinni að breyta þeim ákvæðum, er nú gilda, enda taldi og verkfræðingurinn það örðugt.

Eg þarf ekki að fjölyrða um þetta, því að mönnum mun vera málið ljóst af skjölum þeim, sem að því lúta.

Einar Jónsson: Eg get látið mér nægja að vísa í álit minni hluta nefndarinnar. Ástæðurnar fyrir frv. eru þær, að engin sanngirni er í því, að láta Rangæinga taka þátt í viðhaldi vega í öðrum sýslum. Raunar á þetta sér stað annarsstaðar, en þó er nokkuð öðru máli að gegna um Rangæinga. — Rangárvallasýsla er hin eina sýsla, sem hefir ekki not strandferðanna. Í annan stað nota fleiri þessa vegi, en þessar 2 sýslur, bæði Skaftfellingar, útlendir ferðamenn, að eg tali nú ekki um Reykvíkinga. Aftur á móti nota engir aðrir Fagradalsbrautina, en Norðmýlingar og Sunnmýlingar.

Okkur flutningsmönnum frumv. lá ríkast á hjarta að afnema viðhaldið með öllu, en er við fundum undirtektir þingdeildarmanna, töldum við ekki þorandi að halda því til streitu. Þar á móti held eg fast við þá kröfu, að frv. verði tekið til greina með þeim breyt.till., sem eg hefi lagt til, að gerðar væru, enda vona eg, að háttv. þingdeild sýni þá sanngirni af þeim ástæðum, sem eg hefi fram flutt. Auk þess er og á það að líta, hversu lítið Rangæingar hafa fengið til vega í sýslunni, að undanteknum veginum frá Þjórsá að Rauðalæk, c. 15 kílom., mjög illa bygðum vegi, og hefir sýslan orðið að gera alla aðra vegi, sem þegar eru til, á eigin kostnað. Í samræmi við það, sem eg hefi lagt til, að létt yrði á Rangæingum, hugði eg ekki ósanngjarnt, að létt væri á Árnesingum tiltölulega.

Eg er kominn að raun um það, að langar umræður hafa heldur lítið að þýða. Vona eg því, að hver einstakur þingmaður athugi málið með sanngirni, og um leið skal eg geta þess, að verkfræðingurinn taldi sanngjarnt, að losa Rangæinga við viðhald Flóavegarins.

Sigurður Sigurðsson: Jafnvel þótt eg búist við því, að það sé að tala fyrir daufum eyrum að minnast frekar en orðið er á þetta mál hér, vil eg þó leyfa mér, að segja nokkur orð um það, áður en til atkvæða er gengið.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að fella frumv., þrátt fyrir það, þótt sýnt hafi verið fram á það við 1. umr., hvílík sanngirni mælir með því. — Minni hlutinn hefir nú komið með

breyt.till. við frumv., að nokkru leyti í samráði við verkfræðinginn. Eins og menn sjá, þá fara þær skemra en frumv., og er því enn meiri ástæða fyrir andstæðinga málsins að vera með þeim og samþykkja þær.

Eins og tekið hefir verið fram, er svo ástatt, að á Rangæingum hvílir 1/3 viðhaldskostnaðarins af veginum milli Ölfusár og Þjórsár. Sá vegur allur er 18 km., og koma þá 6 km. á Rangæinga. Nú munu allir skilja, hversu óvinsælt það er að skylda sýslu til þess að halda við vegum í annari sýslu. Auk þess munu Rangæingar fá nóg af viðhaldi sinna eigin vega; vegurinn milli Þjórsár og Rangár er í slæmu ástandi, og viðhald hans mun kosta mikið í framtíðinni. — Í samráði við verkfræðing landsins hefir því minni hlutinn farið fram á það, að landssjóður kosti viðhald flutningabrautarinnar austur um Ölfus, að vegamótum Grímsnesbrautarinnar, og að Rangárvallasýsla losni við að taka þátt í viðhaldskostnaðinum við Flóaveginn. Með þessu yrði sýslunum gert jafnt undir höfði að mestu leyti. Þó mun Árnesingum vera lítill hagnaður að þessum skiftum, því að Ölfusvegurinn er góður og kostnaður við viðhaldið miklu minni tiltölulega en á Flóaveginum.

Eins og eg gat um getur það ekki blessast til lengdar, að sýslur kosti vegi annara sýslna, er liggja um þær. Það er öðru máli að gegna, þótt Norður-Múlasýsla kosti með Suður-Múlasýslu viðhald Fagradalsbrautarinnar, því að þær sýslur einar nota hana, og svo er sá vegur í rauninni fjallvegur.

Þessar sýslur, Árness- og Rangárvallasýslur, hafa svo mikið saman að sælda, að óskandi er, að löggjöfin spilli ekki samkomulagi þeirra með óheppilegum lögum. — Hér er um sanngirniskröfu að ræða, og ekki það eingöngu, heldur og réttarkröfu. Það hefir verið vitnað í verkfræðinginn í sambandi við þetta mál. Eg skil það, að hann muni eiga erfitt með að ganga frá vegalögunum, sem hann er sjálfur aðalhöfundur að. En eg veit, að hann er hlyntur þessarri breyt.till. Eg hefi raunar ekki tekið það skriflegt af honum, en vona, að háttv. þd. taki samt orð mín trúanleg.

Minni hlutinn hefir og lagt til að fella tvær síðustu málsgreinir 2. gr., en heldur fast við, að 1. málsgr. standi. Verkfræðingurinn má heita eftir vegalögunum einvaldur, hvað úttekt veganna snertir. Eg trúi vel núverandi verkfræðingi til sanngirni, þegar um úttekt flutningabrauta er að ræða, en ekki getur hans notið við um aldur og æfi. Og vel má búast við manni í það sæti síðar, sem er ekki jafnréttsýnn. Það er seint að breyta lögunum, þegar í óefni er komið.

Okkur flutningsmönnum finst það, þrátt fyrir álit meiri hlutans og skoðanir hans, að ekki sé rétt, að þessi úttekt sé falin á hendur einum manni, er sé einvaldur í því máli. Ef br.till. minni hl. verða samþ., þá hefir frv. fengið góðan búning.

Eg hefi reynt að gera það ljóst, að þetta frumv. er bygt á sanngirni. Það eykur tiltölulega lítið útgjöld landssjóðs, þótt það bætist við að þurfa að halda við þessum 12 km. af brautinni austur. Það fer líka betur á því, að landssjóður taki að sér viðhald á veginum austur Ölfusið, þar sem sá vegur stendur í sambandi við Hellisheiðarveginn, er honum ber að viðhalda samkvæmt vegalögunum.

Framsögumaður (Benedikt Sveinsson): Ræður háttv. flutnm. (S. S. og E. J.) hafa ekki getað sannfært mig um ágæti frv. þessa. Mér finst ekki ástæður þeirra veigamiklar eða mikilsverðar.

Þeir gerðu mikið úr því og lögðu mikla áherzlu á það, að landsverkfræðingurinn væri hlyntur breyt.till. Mér skildist þó fullkomlega á orðum verkfræðingsins, að bezt væri að breyta lögunum als ekki, þótt hann játaði að vísu, að þessi breyt.till. gæti komið til mála.

Háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) talaði um það, að þingið væri með þessu fyrirkomulagi að spilla samvinnu og samlyndi milli sýslnanna, sem hefði verið í alla staði ágætt fyrirfarandi og þótti slíkt illa sæma alþingi. Eg get ekki skilið, að það geti spilt þessari góðu samvinnu, þótt hún sé látin haldast framvegis. Þingið fer ekki fram á að breyta neinu, það vill einmitt láta þessa góðu samvinnu sýslnanna haldast óbreytta og vantreystir þeim ekkert í því efni. En það er háttv. 2. þgm. Árn. (S. S.), sem er með öndina í hálsinum um samvinnuna og skorar nú á alþingi að afnema hana með lögum til þess að afstýra ófriði og ósamlyndi milli héraðanna og kemur það heldur en ekki í bága við þau fögru ummæli, er hann hafði um þá ágætu samvinnu, sem nú væri þar á milli.

Viðvíkjandi atriðinu um úttekt brautanna, þá játaði háttv. þm. það sjálfur, að henni væri borgið á meðan núverandi verkfræðingur, Jón Þorláksson, hefði hana á hendi, af því hann væri svo sanngjarn maður. Eg er á sama máli og get því ekki séð, að ástæða sé fyrir hendi að fara að breyta lögunum nú þegar, og finst heldur enga nauðsyn bera til þess að halda, að heimur fari svo versnandi, að ekki megi treysta réttsýni verkfræðinga lengur en á meðan Jóns Þorlákssonar nýtur við. En ef svo færi, þá væri réttur tími til kominn að breyta lögunum. Eg verð að telja það óheppilegt að raska nýsettum lögum, áður en séð er, hvernig þau reynast. Ef þingið fer að breyta þessum lögum, þá kemur N.-Múlasýsla með sömu kröfu, því að hún þarf að greiða $^1/_3$ af kostnaðinum við viðhald vegarins um Fagradal, sem allur liggur utan sýslunnar og Borgarfjarðarsýsla þarf að greiða nokkurn hluta af viðhaldskostnaði vegar, sem liggur um Mýrasýslu. Af þessu verður það ljóst, hversu afaróheppilegt er að koma með breytingar við lög, sem raska alveg grundvelli þeirra, eins og þessar breytingar gera. Það er alveg það sama, sem háttv. þm. fer fram á hér, sem hann fór fram á í öðru frv. er hann flutti hér í deildinni um það að raska núverandi prestakallaskipun. Þessi aðferð er æfinlega röng, það verður háttv. þm. að viðurkenna. Ef breyta þarf lögum, þá verður að endskoða þau í heild sinni, en ekki að fleyga þau eða raska þeim jafnvægisgrundvelli, sem þau eru bygð á.

Eg vona því að háttv. deild verði nefndinni samdóma og felli frv.

Sigurður Sigurðsson: Háttv. frsm. (B. Sv.) virtist misskilja mig, þar sem eg sagði, að þessi lög gæti spilt samkomulagi milli sýslnanna, og sneri dálítið út úr því, sem eg þó ekki finn ástæðu til að eltast við, en fyrirgef honum. Það sem er aðalatriðið í þessu sambandi og ber að athuga, er þetta, að löggjöfin er, ef ekki beinlínis, þá óbeinlínis að stuðla að því með vegalögunum, að spilla sambúð og samvinnu þessara héraða.

Þá gat hann þess, að þar sem eg hefði viðurkent, að Jón Þorláksson væri sanngjarn maður, sæi hann litla ástæðu til þess að breyta lögunum.

En þess er að gæta, að ekki er farið að framkvæma lögin enn, og þau fela í sér altaf freistingu fyrir verkfræðinginn, hver sem hann er, til þess að vera hlutdrægur í úttekt veganna. Það geta ávalt fundist menn, sem eru búnir til að beita hlutdrægni í þessu efni; það þarf ekki að stafa af því, að »heimur versnandi fer«, því mennirnir eru ekki eins góðir og þeir ættu að vera.

Háttv. framsm. (B. Sv.) kom með þá athugasemd, að það væri goðgá næst að breyta nýjum lögum. Engin verk eru alfullkominn og heldur ekki lögin, og strax þegar manninum verður það fyllilega ljóst, að gallar eru á þeim, þá er það skylda löggjafarvaldsins að bæta úr þeim göllum jafnskjótt og verða má. Það gæti máske verið rétt og full þörf að taka vegalögin til endurskoðunar frá rótum. Við flutnm. vildum þó ekki gera það, en tókum að eins það til athugunar, sem okkur þótti mest um vert og bersýnilega var ranglátt og ósanngjarnt.

Ef frumv. þetta er felt nú, þá verður málið líklega tekið bráðlega upp aftur og þá farið vafalaust lengra hvað breyt. snertir. Eg fyrir mitt leyti get lýst því yfir, sem minni skoðun, að eg álít sjálfsagt að breyta lögunum á þennan veg, að sýslurnar greiði að eins að hálfu leyti eða að helmingi viðhaldskostnað þeirra vega, er nú að lögum hvílir á héruðunum, en að landssjóður kosti viðhaldið að öðru leyti.

Eg þykist hafa gert grein fyrir skoðun minni og svarað þeim athugasemdum, sem fram hafa komið gegn frv. Eg vonast eftir, að ástæður mínar hafi verið svo ljósar, og að það mæli svo mikil sanngirni með frumv., að háttv. þingdeild finni ástæðu til þess að taka þær til greina og samþ. frumv. eða að minsta kosti leyfi því að ganga til 2. umr.

ATKV.GR.:

Frumv. felt með 15 atkv. gegn 5.

Eiðar og drengskaparorð.

FRUMVARP til laga um eiða og drengskaparorð (A. 206); 1. umr., 16. marz.

Flutningsmaður (Jón Þorkelsson): Frumvarp þetta er komið hér fram fyrir tilmæli nokkurra góðra manna.

Það vantar ákvæði um það í lögum vorum, hvernig þeir skuli vinna eið, sem ekki eru í neinu kristilegu trúarfélagi eða ekki kannast við guð. — Mennirnir geta þó sjálfir verið merkir orða sinna fyrir það; og þeim getur verið nauðsyn á að staðfesta mál sitt sem hverjum öðrum.

En eins og nú er háttað, er þeim nauðugur einn kostur að vinna eið sinn við guð, eða þeir fá ekki að vinna eið ella.

Af því að fyrirskipanir um eiða eru orðnar úreltar — og auk þess af dönskum rótum runnar (frá 22. septbr. 1846), þá þótti rétt að frumv. þetta yrði viðtækara og næði einnig til eiðstafs kristinna manna.

Orðavalið er gott í hinni fornu löggjöf vorri, en hefir stórum hrakað jafnan síðan, því hefir farið aftur um svip og bragð, sem nú er hvorttveggja mjög auðvirðilegt.

Þingið hefir allsjaldnast tök á að ganga svo frá lagafrumv. sínum, að þeim sé ekki í mörgu ábótavant.

Þessum ákvæðum um eiða hefir, eins og áður er nefnt, alt af verið að fara aftur; í lögunum frá 1846 eru þau einna sviplausust.

Þá er þó meira bragð að ákvæðunum í lögum Kristjáns 5., sem eru frá

17. öld. Þau eru að minsta kosti nógu stórorð. En fallegri að öllu eru eldri eiðsútskýringarnar íslenzku.

Vil eg með leyfi hæstv. forseta lesa upp úr þeim nokkrar klausur:

»Hver sem sver rangan bókareið, sá gerir þrjá hluti sem hér segir:

1. »Fyrst svo sem hann segi, að allir þeir góðir hlutir og orð, sem á öllum bókum eru rituð, verði honum aldrei til hjálpar né nytsemdar, hvorki ný lög né forn, þau sem guð hefir skipað, ef hann lýgur í þessum sínum eiðstaf«.

Þá er og önnur setningin mergjuð og minnisstæð þeim, sem gera vilja hæst sannindi á máli sínu, en hún er á þessa leið:

2. »Sá er annar hlutur, að þá hann leggur hendur sínar á bókina og heldur á henni, er sem hann segi, að öll þau góðverk, sem hann hefir gert, verði honum aldrei til gagns og nytsemdar í guðs augliti, ef hann segir ekki satt í þeim sínum eiðstaf, því hönd táknar góðverk«.

Enn segir svo að niðurlagi um þá, er rangt sverja:

3. » . . . sá skal útlægur af landinu til Noregs um 3 vetur og eigi dómsætur né vitnisbær, og enginn má honum vitni bera, nema í lífs nauðsyn, og með þess manns leyfi, er kóngs vald hefir í hendi, svo og er sá sekur 4 mörkum við kóng, og aldrei þá þykir hann jafngóður drengur«.

Hjá Kristjáni 5. er meðal annars þetta að lesa:

»Hver sú manneskja, sem nú er svo óguðleg og sjálfri sér illviljuð, að hún sver rangan eið, eður ekki heldur sinn svarinn eið, hún syndgar í slíkan máta sem hún segði: ef eg sver ranglega, þá straffi mig guð faðir, guð sonur og guð heilagur andi, að guðs himneska föður sköpunarverk, þá hann skapaði mig og alla menn eftir sinni mynd, þar að auk öll hans föðurleg gæzka, náð og miskunn, komi mér ekki til gagns, heldur að eg sem einn þverbrotinn og harðsvíraður yfirtroðslumaður og syndari, verði eiliflega straffaður í helvíti«.

Margt er þar fleira sagt — og kveður ramt að.

Í eiðstöfum þeim, er fylgja hinum elztu handritum Jónsbókar er orðalagið miklu fallegast og smekkvíslegast.

Hér var einu sinni bragð og smekkur í stílsmátanum, en öllu hefir þessu nú mjög hrakað.

Mörg ákvæði um eiða eru að fornu í einu móti steypt, þótt um einstök efni séu.

Bókareiður hélzt alt til þess er lög Chr. V. voru hér lögleidd. Eg hafði hugsað mér í fyrstu, að bókareiður yrði tekinn upp í frv. þetta, en einn lagamaður hér benti mér á, að erfiðleikar mundu á því verða dómurum að reiða ritningina með sér í þingaferðir og réttarhöld fyrir stærðar sökum. Raunar sýnist ekkert á móti því í sjálfu sér að hafa til þess útlenda smábiblíu; þær eru oft svo út gefnar, að vel má stinga þeim í vasa sinn, án þess að nokkur bagi sé að.

Fyrrum tíðkuðust allmjög lögkrókar í málssóknum og undanskot í eiðum; voru við því lagðar harðar refsingar. Þarf ekki annað en minna á eið Víga-Glúms, er hann vildi sverja af sér vígið, en sór það á sig, og varð sekur um. Sömuleiðis er Sturla Sighvatsson náði Gizuri jarli á sitt vald og vildi fá hann sér trúan; þá spurði Gizur, sem sennilega hefir ekki verið um að binda trúnað sinn við þann mann, hvort hann skyldi vinna honum eið norrænan eða íslenzkan. Ekki

er mönnum nú kunnur munur þessara eiða; en svo fór, að Gizur vann norrænan eið, og er ekki ólíklegt, að hann hafi verið með einhverjum undanskotum.

Til eru og fyrirmæli gömul um, hverir megi vinna eiða, frá alþingi 1265, er héldust langa hríð. Þar segir svo:

»Enginn yngri maður en 16 vetra skal eið vinna án frænda ráða.

Engin húsfreyja án leyfis bónda síns.

Enginn lærður maður nema formaður hans leyfi.

Enginn nema fastandi og eigi í svívirðilegum stöðum.

Eigi hrapallega né með orðkrókum.

Eigi frá níuviknaföstu og fram um páska.

Eigi frá jólaföstu og fram um geisladag.

Eigi á ymbrudögum.

Eigi á gagndögum.

En ef sver rangan eið eður ólöglegan, svari sem fyrir einfaldan hórdóm«.

Eg skal ekki fara lengra út í þetta mál. Þingd. mun sjá, að frv. stefnir að betra skipulagi um þessi efni. En þótt frumv. sé vandað, þá kann þar þó athuga við að þurfa; vil eg því stinga upp á 5 manna nefnd í málið.

Jón Ólafsson: Eg vil leyfa mér að skjóta því til væntanlegrar nefndar í málinu, hvort eigi muni ástæða til að breyta um svo, að eiðstafurinn sé tekinn áður framburður fer fram, svo sem tíðkast með brezkum þjóðum. Það mundi áreiðanlega leiða til þess, að vitni yrðu gætnari í orðum, heldur en ef þau vinna eiðinn eftir á, eins og nú tíðkast hér; þau mundu þá síður blikna yfir orðum sínum og framburði, er til eiðstafsins kemur, eins og oft má sjá nú.

ATKV.GR.:

Frv. vísað til 2. umr. með 22 samhlj. atkv.

Nefnd (5 manna) sþ. með 22 samhlj. atkv., og í hana kosnir með hlutfallskosningu:

Jón Þorkelsson,
Jón Ólafsson,
Skúli Thoroddsen,
Sigurður Gunnarsson og
Einar Jónsson.

Í nefndinni var Sigurður Gunnarsson kosinn formaður en Jón Þorkelsson skrifari og framsögumaður.

Önnur umræða, 14. apríl. (A. 206, n. 430, 442).

Framsögumaður (Jón Þorkelsson): Í nefndaráliti þessa máls er þess getið, að gerð muni frekari skýringagrein fyrir frumv. þessu frá nefndarinnar hálfu. Við nefndarálitið hefi eg reyndar litlu að bæta. Fáar breytingar hafa í nefndinni verið gerðar á frumv., sem mikla þýðing hafi. Einar tvær þeirra eru efnisbreytingar, en hinar aðrar eru að eins orðabreytingar.

Önnur aðalbreyting vor er sú, að tekinn verði upp fyrir kristna menn bókareiðurinn, sem tíðkaðist hér á landi fram í byrjun 18. aldar, og enn tíðkast í öllum brezkum löndum.

Það er eigi ómögulegt, að verði haft á móti breytingu þessari, að erfitt sé að flytja bibliuna með sér, er réttarhöld eru haldin víðsvegar í héruðum. En svo mun nú þó víðast bókinni varið, að hin heilaga ritning sé til á flestum heimilum landsins, og því eigi ókleyft að fá hana léða. En þó svo væri nú eigi, mætti láta nægja fyrsta kapítulann af Jóhannesar guðspjalli eins og áður tíðkaðist. Þá var hann ritaður fremst í lögbækurnar, og var það látið duga.

Hin aðalbreytingin frá núgildandi lögum er sú, að eiður skuli unninn og drengskapur við lagður, áður vætti sé borið. Virðist og svo sem menn fyrr á tímum hafi unnið eiða hér á landi á undan því að vætti væri borið, og svo er enn með brezkum þjóðum. Skal eg eigi um það segja, hvort sé í raun og veru heppilegra, og mér það atriði kapplaust.

Áminningar við eiðatökur höfum vér eigi samið. Álítum vér að landstjórninni beri að sjá um slíkt. Hins vegar látum vér fylgja áliti voru þrjár fornar útskýringar eiða. Eru þær frá ýmsum tímum, og ætlumst vér til, að þær séu til hliðsjónar og fróðleiks.

Jón Magnússon: Eg verð að játa, að eg hefi eigi haft tíma til að athuga frumv. þetta til hlítar, en vil samt leyfa mér að geta þess, að mér virðast till. nefndarinnar miða að því að spilla mjög frá því sem áður var. Það mun óhætt að segja, að sjaldnast þarf að staðfesta vitnisburð með eiði, enda er það heppilegra, því það mundi mjög rýra tign eiðsins. En mjög er hætt við, ef eiður væri unninn á undan vætti, að það yrði að fastri reglu. Það er og eigi til neins að vísa til brezks réttarfars, og eigi er unt að taka upp sem endurbætur atriði úr því, nema með gagnbreytingum á voru eigin réttarfari. Er ætíð varhugavert að breyta einu atriði en hugsa eigi um heildina. Efast eg um, að frumv. þetta sé til bóta, en er hræddur um, að flestir, sem hafa ættu eftir formálann í þriðju grein, rugluðust í honum. Slíkir formálar þurfa að vera sem styztir. Jafnvel formálinn í 2. gr. er oflangur. Eg fullvissa hina háttv. þm. um, að vitni skilja eigi hin fornu orðatiltæki, sem eru í frumv. þessu. Myndi heppilegra að nota nútíðarmál.

Eg er þakklátur háttv. flutnm. þessa frumv. (J. Þ.), fyrir hinn góða vilja, en álít, að vanir dómarar þurfi að fjalla um þetta mál, en óheppilegt að ætla þessu þingi að fást við það. Þingið hefir tæplega tíma til slíks, og eigi er vert að breyta nema víst sé, að séu verulegar umbætur frá því sem áður var, ekki sízt, ef um mál er að ræða, sem snertir tilfinning manna jafnmikið og þetta.

Framsögumaður (Jón Þorkelsson): Eg ætla, — þó að eg skuli játa það, að eg sé ekki nógu kunnugur dómsstörfum hér á landi, að það sé misskilningur hjá háttv. þm. Vestm. (J. M.), að alt af þurfi eftir frv. þessu að taka eiða á undan vætti. Menn geta, að því er mér skilst, tekið væntanlegan framburð manns gildan, þótt eiður sé eigi unninn að honum fyrir fram, eins og menn geta nú tekið framburð gildan eiðlaust, eftir að vætti er borið, sé vitnið talið svo skilríkur maður, að orð hans sé eins góð og eiður. Viðvíkjandi orðatiltækjum í frumvarpinu, að þau séu of forn, og forsagnirnar heldur langorðar, þá má það til sanns vegar færa á þá leið, að fæst orð hafa minsta ábyrgð. En á því hefi eg enga trú, að málið á eiðstöfunum sé svo fornyrt, að mönnum skiljist það ekki. Eg veit ekki hvort hæstv. forseti leyfir mér að lesa upp ofurlítið af frumvarpi þessu, til þess að vita, hvort ekki skilji það allir, sem viðstaddir eru og orð mín heyra. Tökum t. d. eiðinn í 3. gr. »Svo skýt eg máli mínu til sæmdar minnar og samvizku, og svo vil eg sjálfur framast sanninda njótandi verða af öðrum mönnum, sem eg fer með fullan sannleik um það, er nú hefi eg flutt og fram borið. Þetta vitni ber eg fyrir engra muna skyld, heldur sökum rétts máls og sanninda. Njóti eg svo drengskapar míns og mannorðs

sem eg satt segi. Níðingur ef eg lýg«. Skilur ekki háttv. þm. Vestm. (J. M.) hvert orð af þessu? Eg sé ekkert á móti því, þótt fornt sé orðað, ef allir skilja. Og hinir gömlu formálar eru einmitt miklu betur og öflugar orðaðir en nú kunnum vér alment að orða.

Eg tek það enn fram, að mér er ekkert kappsmál um það, að eiður sé unninn, áður vætti sé borið. Einungis tel eg þörf á því, að löggjöf vorri, sem er, sé breytt um eiðafar til batnaðar og bröggunar. Eg skal ekki gera minna úr dómurum landsins en þeir eiga skilið, en eg tek það líka fram út af orðum hins háttv. þm. Vestm. (J. M.), að eg trúi hvorki þeim né öðrum lögfræðingum vorum fyrir því að ganga einum sæmilega frá löggjöf vorri, því að það er margsýnt, að þeir eru því ekki vaxnir.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Eg ætla ekki að leggja hér mikið orð í belg í þrætu háttv. 1. þm. Rvk (J. Þ.) og háttv. þm. Vestm. (J. M.), um það, hvort eiðstafurinn sé lengri en þörf er á að hafa hann. Háttv. þm. Vestm. (J. M.) getnr komið með breyt.till. við 3. umr. um að fella aftan af eiðstafnum orðin: »Guð sé mér hollur sem eg satt segi, gramur ef eg lýg«. Eg er meðmæltur því að fá eið handa þeim, er ekki heyra til neins sérstaks trúarfélags og þykir þó galli mikill á 3. gr. Hefði óskað, að sleginn væri líka varnaglinn gagnvart þeim mönnum, sem vegna trúar sinnar eigi mega eiða vinna, t. d. kvekara.

Það var aðallega eitt, sem háttv. þm. Vestm. (J. M.) virtist vera verst við, að eiður væri unnin á undan vætti. Þetta álít eg til stórmikilla bóta. Veit eg, að hann muni oft hafa veitt því eftirtekt, hve gálauslega menn fara máli sínu sínu fyrir rétti; mun það mest af því, að þeir halda, að eigi muni framburður þeirra eiðfestur. Veit eg, að menn muni fremur kinnoka sér við að taka aftur það, sem þeir hafa sagt en að láta vera eða hætta við að segja það. Legg eg sérstaklega mikla áherzlu á þetta atriði, því eg hefi sem áhorfandi veitt því eftirtekt, að vitni, sem hugðu þau slyppu hjá eiði og því ef til vill haft oftlitið gát á tungu sinni, fölnuðu upp, er þau áttu að staðfesta framburð sinn með eiði. Verðum vér að ganga að því vísu, að ef tekið er inn í lögin, að eiður skuli unninn á undan vætti verði það til að gera menn varkárari.

Eins og nú er komið er virðingin fyrir eiðnum harla lítil, en væri frv. þetta samþ. mundi hún aukast aftur.

Jón Magnússon: Það gleður mig, að háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) er á minni skoðun um, að alt af verði að taka eiðinn á undan, ef ákvæðið er þannig í lögunum. Háttv. 1. þm. Rvk (J. Þ.) áleit, að hægt væri að undanþiggja vitni frá eiðstaðfestingu, en til þess þarf sökudólgurinn að vera við rannsóknina þegar frá byrjun og álít eg slíkt mjög óheppilegt fyrir allan gang málsins. Eg get ekki verið sammála háttv. 2. þm. S.-Múl um það, að vitni hér séu svo ákaflega ósannsögul, og efast eg um að nokkuð væri til bóta að taka eiðinn á undan. Eg er algerlega á móti þessu atriði, og get eg eigi trúað því, að þetta meðal sé nauðsynlegt til þess að fá sannleikann fram. Á það síður en vel við hér á landi, en ekkert til fyrirstöðu, ef kviðdómar eru notaðir. En háttv. nefnd getur enn breytt þessu, háttv. Ed. sömuleiðis; vona eg, að hún ekki sendi ákvæði þessi frá þinginu sem lög í þetta skifti.

ATKV.GR.:

1. gr. frv. sþ. með 15 shlj. atkv.

Br.till. á þgskj. 442 sþ. með 14 shlj. atkv.

1. br.till. á þskj. 430 við 2. gr. sþ. með 14 : 10 atkv.

2. br.till. á þskj. 430 við 2. gr. sþ. með 14 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Jón Ólafsson,	Bjarni Jónsson,
Ben. Sveinsson,	Björn Kristjánsson,
Björn Jónsson,	Björn Sigfússon,
Björn Þorláksson,	Hannes Hafstein,
Einar Jónsson,	Jóh. Jóhannesson,
Jón Jónsson, S.-M.,	Jón Jónsson, N.-M.,
Jón Þorkelsson,	Jón Magnússon,
Magnús Blöndahl,	Jón Sigurðsson,
Pétur Jónsson,	Ólafur Briem,
Sig. Gunnarsson,	Sig. Sigurðsson.
Skúli Thoroddsen,	
Stefán Stefánsson,	
Þorleifur Jónsson.	

Hálfdan Guðjónsson greiddi ekki atkv. og var talinn með meiri hlutanum. Eggert Pálsson var fjarstaddur.

3. br.till. á þskj. 430 við 2. gr. sþ. með 12 shlj. atkv.

2. gr. þannig breytt sþ. með 17 atkv.

4. br.till. á þskj. 430 við 3. gr. sþ. með 15 shlj. atkv.

5. br.till. á þskj. 430 við 3. gr. sþ. með 16 shlj. atkv.

6. br.till. á þskj. 430 við 3. gr. sþ. með 17 shlj. atkv.

8. br.till. á þskj. 430 við 4. gr. feld með 18 : 5 atkv.

Þar með fallnar þær br.till., sem standa í sambandi við þessa.

3. gr. þannig breytt sþ. með 16 shlj. atkv.

4.—8. gr. frv. sþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögnin talin sþ. án atkv.gr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Þriðja umr., 16. apríl. (A. 465).

ATKV.GR.:

Frv. í heild sinni sþ. með 13 shlj. atkv. og afgreitt til Ed.

Eiðatökur.

TILLAGA til þingsályktunar um eiðatökur hér á landi (A. 721).

Ein umr., 6. maí.

Benedikt Sveinsson: Við komum hér fram með þingsályktunartillögu, þess efnis, að háttv. deild skori á stjórnina, að leggja fyrir næsta þing frumv. um eiðatökur hér á landi. — Eins og háttv. þingmenn mun reka minni til, kom hér fram frumv. í deildinni á þessu ári um breyting á eiðstafnum og um drengskaparorð. — Fékk það góðar undirtektir, var ihugað í nefnd og afgreitt frá deildinni með all-miklum atkvæðamuu, að mig minnir, en svo féll það í efri deild. Þar sem nú málið fékk svo góðar undirtektir hér í deildinni, þá viljum við flutningsmenn ekki láta það niður falla með öllu, heldur ýta undir það með þessari tillögu, því að óvíst þykir okkur það, að stjórnin búi það í hendur á næsta þingi annars kostar.

Eg vona, að deildin sjái, að málið er þess vert, að tillagan sé samþykt. En þar sem talað hefir verið hér áður um málið svo rækilega við þrjár umræður, þá sé eg ekki frekari umræðu þurfa við af minni hendi.

Jón Magnússon: Mér sýnist ekki vera vanþörf á því að setja hér á laggirnar nefnd til þess að unga út þingsályktunartillögum, Það er eins og menn séu orðnir óðir og hugsi, að lífið liggi á því að unga út þingsályktunartillögu á hverjum einasta degi, og það nægir jafnvel ekki ein á dag.

— Meðferð þessarar háttv. deildar á valdi sínu til þess að skora á stjórnina um framkvæmdir er í ár alveg óforsvaranleg. Það kann að vera ástæða til þess einstöku sinnum fyrir þingið að brúka þetta vald sitt, en sé það gert oft, þá er það mjög skaðlegt, jafnvel heimskulegt. Þetta ætti hverjum manni að vera ljóst, sem skilur einhverja ögn í því, hverja aðstöðu þing á að hafa og hefir gagnvart þingbundinni stjórn.

Flutningsmaður (Jón Þorkelsson): Hinum háttv. þm. Vestm. (J. M.) hefir eitthvað ekki liðið vel hér á þingi í vetur. Það hefir jafnan verið haldið, að hann kynni vel að stilla geði sínu, en á þessu þingi hefir hann hvað eftir annað gerst hálf-leiðinlega stórorður yfir því, að þingmenn skuli ekki hafa spurt hann leyfis um, hvaða tillögur þeim sýndist að koma með. Og nú er hann enn einu sinni tekinn til að »straffa« þingdeildina fyrir framkvæmdarsemi sína, og vill fara að setja henni skamt og reglur um það, hvað hún megi gera og hvað ekki. Annað veifið þykir honum þingmenn hafa verið aðgerðalausir, — ekki hvað sízt sambandslaganefndin, sem og hvað meiri hluta hennar snertir gat þó frætt hann um, að hefir starfað mikið —, en hitt kastið vítir hann þá fyrir það, að þeir geri alt of mikið, hrúgi inn alt of miklu af tillögum inn á þingið. Það gæti verið réttmætt í sjálfu sér, að finna að aðgerðaleysi, þó að mér þyki reyndar þennan þingmann varla standa það sérstaklega, því að hann hefir í þetta sinn ekki afrekað hér á þingi meira en aðrir. En hitt mætti vera vítavert að ámæla þingmönnum fyrir það, að þeir væri starfsamir og hefðu einurð á að koma fram með tillögur sínar. En þó að þingmaðurinn hefði unnið hér til nokkurs umog tiltals er eg þó ekki að svo stöddu viðlátinn að gera honum þá áminningu, sem kanske væri efni til. — Eg er þess utan viss um það, að hann er þegar hann gætir sín samdóma oss um öll meginatriði þessarar tillögu. En honum þykir kanske eitthvað að forminu á henni, eins og vant er. Þeir eru svo vandfísa þessir lagamenn. Hann var áður á móti frumvarpi um þetta efni, af því að það kom þá ekki frá stjórninni, heldur frá einstökum þingmönnum, og hygg eg þó, að frágangurinn á frumvarpinu hafi verið full-boðlegur bæði háttv. þm. Vestm. (J. M.) og öðrum. En nú skyldi maður halda, að við hefðum gert þingmanninum til fulls hæfis, þar sem við skorum á stjórnina, að gera frumvarp úr garði um þetta efni, og leggja fyrir þingið, einmitt eins og háttv. þingm. Vestm. (J. M.) sjálfur sagði, að vera bæri. En samt er þingmaðurinn ekki ánægður. Og það verður að hafa það: Eg gefst upp við það að gera honum til hæfis. Hann verður að forláta.

Jón Jónsson S.-Múl.: Mér þótti gaman að heyra, að háttv. sessunautur minn 1. þm. Rvík. (J. Þ.) varð hálfvondur. Og eg stóð upp til þess að halda því við eða auka á það. Eg vil sem sé taka í sama strenginn og háttv. þm. Vestm. (J. M.). Það ætti öllum að vera ljóst, að þingsályktunartillögur eru til þess gerðar, að ýta undir stjórnina að gera það, sem bráð-nauðsynlegt er talið, en stjórnin annars er ófús á að gera. Menn verða því að vera varfærir í þessu efni. — Þetta þing hefir misbrúkað þetta góða vopn, svo að það mun reynast sljórra, þegar á liggur síðar að beita því og ástæða er til. Það sýnir sig líka, að hæstv. ráðherra virðir þessar þingsá-

lyktunartillögur ekki svo mikils, að vera hér við í deitdinni, þegar þær eru ræddar. Eg ætlaði að eins að taka þetta fram. En þótt það sé nú raunar sagt á elleftu stund, þar sem þingtímanum er næstum lokið, þá þykir mér rétt, að vekja athygli háttv. þingd. á því.

Flutningsmaður (Jón Þorkelsson): Eg vil geta þess, að háttv. þingmenn hafa ekki tekið það til greina, að þingtíminn er hér svo stuttur, að fjöldi nauðsynlegra mála verður eigi ræddur til hlítar, og mörgum málum er hér sökum tímaleysis ekki hægt að hreyfa í frumvarpsformi, svo að annað hvort er þá að gera að hreyfa þeim als ekki eða þá að vekja athygli stjórnarinnar á þeim með þingsályktunartillögum. Sú aðferð hefir verið marg-notuð hér á hverju þingi, stundum meira og stundum minna, enda er það alveg sjálfsagður hlutur, að þingið verður að neyta hverra þeirra ráða, sem hentugust eru í hvert sinn til þess að hreyfa málum og hrinda þeim áfram. Það er blátt áfram skylda þingmanna, því að þeir eru ekki komnir á þing til þess að sitja aðgerðalausir. Hér er því ekki að tala um neina vanbrúkun á valdi eða vopnum þingsins. Svo lengi sem þingið ekki skorar á stjórnina að gera einhverjar vitleysur eða skaðræði, er þessi aðferð ekki misbrúkuð, heldur rétt notuð.

Háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) sagði, að hæstv. ráðherra virti ekki þingsályktunartillögurnar þess, að vera hér viðstaddur. Eg legg ekki mikið upp úr því, af því að bæði fær hann tillögurnar sjálfar allar sendar frá þinginu, og svo getur hann kynt sér umræðurnar um þær, þegar þær eru komnar út í þingtíðindunum, svo að návist hans er als ekki nauðsynleg hér fyrir hann, og við komumst um sinn af, án þess að hann sé hér viðstaddur.

Eg skal líka benda háltv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) á, að það hefir sjaldnast verið, að ráðherrann hafi verið viðstaddur við umræður hér á þessu þingi. Það stafar eðlilega af því, að hann er ný-búinn að taka við vandasömu embætti, og þarf að setja sig inn í margt og margvísleg störf, og hefir því lítinn tíma.

Hæstv. ráðherra var t. d. ekki viðstaddur í efri deild í gær, þegar annað eins mál og sambandsmálið var þar rætt, svo það er ekkert undarlegt, þó að hann sé ekki hér staddur nú.

Annars er það hart að heyra minni hluta þingmenn á þessu þingi vera að brigsla meiri hlutanum um aðgerða- og afkastaleysi, og undir þeim brigslafossi höfum vér þó orðið að standa frá minni hlutanum hér í deildinni, sem þó mest tafði fyrir sambandsmálinu. — Efri deild hefir og sungið sama sönginn; mönnum gafst kostur á því að heyra þar um mörg orð digurbarkalega töluð í gær.

Það, sem eftir þingið liggur í ár, er meira hlutans verk, en ekki minna hlutans.

Og vanbrúkun sé eg ekki, að þingið hafi neina haft á þingsályktunartillögum.

Jón Magnússon: Það hefir verið um það talað, að meiri hlutinn hafi sýnt meiri dugnað við það að koma frá sínu nefndaráliti í sambandslagamálinu, en minni hlutinn. Mikið var, þótt meiri hlutinn gæti orðið eitthvað lítið eitt á undan. Háttv. 1. þm. Rvík. (J. Þ.) hefir frá því þing byrjaði haft sérstaka skrifstofu hér á þinginu með aðstoð utan þings til þess að búa til álit meiri hlutans, en við höfðum eina 2 eða 3 daga, og enga aðstoð utan frá. Eg skal annars ekki

fara meira út í þessa sálma. Að eins skal eg geta þess, að eg er ekki alveg viss um, að það sé rétt sagt að betra sé ilt að gera en ekkert.

Út af þessari skæðadrífu af þingsályktunartillögum, sérstaklega frá háttv. 1. þm. Rvík. (J. Þ.), þá skal eg enn taka það fram, að þá er ólag mikið á, ef nauðsynlegt er, þar er meiri hlutinn stjórnar í landi, að þingið sé stöðugt að hotta á stjórnina; það er stjórnin, sem yfirleitt á að bindast fyrir framkvæmdunum, hafa frumkvæðið, og búa málin í hendur þinginu, en ekki þvert á móti, eins og nú virðist eiga að fara að tíðkast. Svo er eitt afaróheppilegt og óhyggilegt við þessar tillögur, og það er þetta, að í þeim eru oft fólgin ákvæði um einstök atriði, sem þingið er svo látið samþykkja umhugsunarlaust og út í bláinn, án þess að vita hvað það gerir.

Hvað sérstaklega snertir þá þingsál.-till., sem hér er um að ræða, þá verð eg að líta svo á, að það sé rangt, að hún sé lögð fyrir háttv. neðri deild eina. Mál það, er hún er um, hefir verið hér fyrir þinginu í frumv.formi, og hefir verið felt í háttv. Ed., sem hlýtur að hafa atkvæði einnig um tillöguna. Yfir höfuð raskar það jafnvæginu milli deildanna, er önnur deild þingsins út af fyrir sig er að samþykkja þingsál.till.

Skal eg svo ekki orðlengja meira um þetta, en vona, að menn vitkist áður en langt um líður.

Jón Jónsson S.-Múl.: Það, sem eg vildi benda á, er að eins það, að eg get ekki betur séð, en að allar þessar þingsályktunartill. meiri hlutans hljóti að koma af því, að háttv. meiri hluti ekki treystir stjórninni. Og háttv. þm. ættu að geta séð og skilið það, að alt þetta áskorunar-fargan er á næstu grösum við reglulega vantraustsyfirlýsing.

ATKV.GR.:

Tillagan samþykt með 13 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Björn Þorláksson,
Jón Ólafsson,	Hannes Hafstein,
Ben. Sveinsson,	Hálfdan Guðjónss.,
Einar Jónsson,	Jóh. Jóhannesson,
Jón Jónsson N.-M.,	Jón Jónsson, S.-M.,
Jón Þorkelsson,	Jón Magnússon,
Magnús Blöndahl,	Jón Sigurðsson,
Sig. Gunnarsson,	Ólafur Briem.
Sigurður Sigurðss.,	
Skúli Thoroddsen,	
Stefán Stefánsson,	
Þorleifur Jónsson.	

Einn þm. (Pétur Jónsson) greiddi ekki atkv. og taldist með meiri hl.

Fjórir þingm. fjarverandi.

Tillagan (A. 721) afgreidd til ráðherra sem þingsályktun frá Nd. alþingis.

Innlend vindlagerð o. fl.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum um gjald af innlendri vindlagerð og tilbúningi á bitter frá 16. nóv. 1907, svo og á 1. gr. laga frá 31. júlí 1907 um framlenging á gildi laga um hækkun á aðflutningsgjaldi frá 29. júlí 1905 og skipun millilþinganefndar (A. 153); 1. umr., 16. marz.

Flutningsmaður (Magnús Blöndahl): Eins og kunnugt er, þá samþ. síðasta þing lög um það að leggja toll á vindla, sem búnir væru til hér á landi.

Við umræðurnar um þetta mál á síðasta þingi var það tekið fram, að eins og þá hagaði til bæri að skoða tollinn á útlendum vindlum sem verndartoll á tilbúningi innlendra vindla og

og að ekki væri rétt að vernda þannig þennan innlenda iðnað, er vantaði þar að auki öll þau skilyrði, er til þess heyrði hér á landi. Innlend vindlagerð yrði því tekjugrein fyrir einstaka menn, en svifti landið um leið talsverðum tekjum.

Það urðu fáir til að mæla á móti þessari röksemdaleiðslu á síðasta þingi, en flestir reyndu að hamast með því, og fá þannig þann litla vísi til innlends iðnaðar eyðilagðan.

Þetta tókst ágætlega; og þeir sem höfðu byrjað á vindlagerð urðu að hætta við það, og töpuðu eigi alllitlu fé, er þeir höfðu lagt í þessa atvinnugrein. Það sem hefir því áunnist með nefndum lögum er ekki það, að útvega landssjóði tekjur, heldur í 1. lagi það, að margt fólk hefir orðið atvinnulaust; í 2. lagi það, að þau hafa eyðilagt þann vísi til innlends iðnaðar, sem um var að ræða í þessari grein; í 3. lagi, að gera þeim, sem iðnað þennan ráku, verkfæri þau og áhöld, er honum tilheyrðu, einskis virði, og í 4. lagi, að færa peninga út úr landinu, í staðinn fyrir inn í landið. Það er þess vegna eftir tilmælum frá einum þeirra manna, er tjón biðu við lögin frá 1907, að frumv. þetta er framkomið hér í deildinni.

Eg þykist ekki þurfa að mæla sérstaklega með því, vona að hin háttv. deild sjái, hversu sanngjarnt þetta er, að nema þetta ákvæði úr núgildandi lögum. Það er heldur ekki nóg með það, að tollur væri lagður á innlenda vindlagerð, heldur var þeim gert að skyldu, er þennan iðnað vildu reka, að kaupa sérstakt borgarabréf, er kostar 100 kr., eða helmingi hærra en önnur borgarabréf.

Þar sem það er sýnilega áreiðanlegt, að árangurinn af lögum þessum frá 1907 hefir orðið sá, er eg hefi bent á, og landssjóður hefir ekki eins eyris hagnað af þeim, þá vona eg að það dyljist ekki neinum, að rétt sé að fella lögin úr gildi. Vona að deildin taki vægilega á þessu máli og lofi því fram að ganga, og legg eg til, að 5 manna nefnd sé kosin í málið.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Þetta er að eins 1. umr. um málið, svo ekki er ástæða til að ræða það mikið á þessu stigi. Vil að eins leyfa mér að benda á það, að í staðinn fyrir að kjósa 5 manna nefnd í málið, sé því vísað til nefndar þeirrar, er ihuga skal skatta- og tollamál, einkum þar sem háttv. flutnm. (M. Bl.) á sjálfur sæti í nefndinni. Vil að eins leyfa mér, að skjóta þessu til deildarinnar og háttv. flutningsmanns.

Flutningsmaður (Magnús Blöndahl): Eg hefi ekkert á móti því að málinu sé vísað til skatta- og tollmálanefndarinnar.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til skattamálanefndarinnar með 17 atkv.

Framhald 1. umr., 16. apríl (A. 153, n. 433).

Framsögumaður meiri hlutans (Björn Kristjánsson): Um þetta frumv. er ekki mikið að segja. Aðalskýringarnar eru í nefndarálitinu. Eg vona, að háttv. deild þyki ekki heppilegt, að frv. verði að lögum. Þingið 1907 gerði sér alt far um að hlynna að því, að innlend vindlagerð gæti þrifist. En þótt þingið gerði þá ívilnun, hafa verksmiðjurnar samt verið lagðar niður. En fyrirtæki, sem getur ekki borið sig nema með geysimiklum styrk úr landssjóði, er ekkert vit í að styrkja, og því er óráðlegt, að þetta frumv. verði að lögum.

Framsögumaður minni hlutans (Magnús Blöndahl): Eg hefi ekki getað

orðið samferða meðnefndarmönnum mínum, eins og nefndarálitið ber með sér.

Háttv. framsm. meiri hlutans (B. K.) sagði, að þingið 1907 hefði hlynt rækilega að þessum atvinnuvegi, og gert alt sem í þess valdi stóð til þess að hann gæti þrifist. Eg veit ekki, hvernig hinn háttv. þm. fær það út úr gerðum þess þings. Fyrir mér er það svo, að þingið það hafi miklu fremur amast við þessum atvinnuvegi og reynt til þess að eyðileggja hann sem fyrst. Þessi vísir til innlends iðnaðar var talinn — eg vil ekki segja óréttmætur í alla staði — en að minsta kosti óalandi og óferjandi. Þarf ekki annað en benda á umræður síðasta þings og álit meiri hluta nefndarinnar.

Meiri hluti nefndarinnar hefir tekið orðrétt upp alllanga klausu eftir nefnd þeirri, sem sett var í málið á síðasta alþingi, og á klausa sú að sýna og sanna, hve arðvænleg þessi atvinna hafi verið vindlagerðarmönnunum, og að þeir geti fengið svo og svo mikið fyrir tóbaksúrganginn, leggina o. fl. Eg held að engum detti í hug að senda út úrganginn, því við það væri ýmislegur kostnaður, umbúðir, farmgjald o. fl. og því lítil líkindi til, að það mundi svara kostnaði. Auðvitað mætti gera ráð fyrir, ef slíkur iðnaður væri rekinn hér, að eitthvað fengist fyrir úrganginn, t. d. ef hann væri saxaður og seldur til reykingar í löngum pípum; það mundi að minni hyggju borga sig betur en að senda hann út.

Þá verður nefndinni skrjafdrjúgt um það atriði, að landssjóður tapaði svo miklu af vindlatollinum, að ekki væri gerandi að samþ. frumv. Eg vil nú spyrja, hvort atvinnnuaukningin í landinu mundi ekki vega talsvert upp á móti þeim halla, og tollur af óunnu tóbaki er að sjálfsögðu mundi aukast að verulegum mun. Eins og stendur, þá hefir landssjóður engar tekjur af þessari atvinnugrein. Eg veit vel, að mér verður svarað því, að mun meira mundi flytjast inn af vindlum, ef þeir væru ekki búnir til í landinu sjálfu. Þetta mál er óransakað og ekki hægt að staðhæfa, hvort mundi tekjudrýgra fyrir landssjóð.

Það, sem eg lagði aðal-áherzluna á við 1. umr. þessa máls hér í hv. deild, og það sem eg vil enn leggja áherzlu á er það, að vér erum skyldugir til þess að styðja að hverjum skynsömum vísi til innlends iðnaðar. Eg held að það sé heppilegri fjárhagsstefna að reyna til þess að styðja að því, að sem minst fé sé borgað út úr landinu fyrir þau verk, sem vér getum alveg eins vel unnið og útlendingar, heldur en að koma í veg fyrir, að hægt sé að vinna það hér. Ef þessi iðnaður er rekinn hér, þá verður minna fé borgað út úr landinu en ella og þeir peningar lenda þá í vösum landsmanna sjálfra; og hagur hvers einstaklings í þessu tilfelli verður þá um leið hagur als þjóðfélagsins, því að peningar einstaklingsins verða til þess að auka gjaldþol þeirra, er hlut eiga að máli, og þannig styðja þjóðareignina. Þetta stendur enn óhrakið og mun standa það framvegis, því að það er ekki viðlit að hrekja það.

Ef frumv. nær að ganga fram, þá verður tekjumissir landssjóðs langt frá eins mikill og nefndin gerir ráð fyrir, og það er vegna þess, að framleiðslan verður ódýrari og þar af leiðandi varan seld mun ódýrara, heldur en þeir geta selt hana, sem verða að greiða háan toll. Hið háa verð dregur úr kaupunum og rýrir tekjur landssjóðs. Ef vindlagerðin er innlend þá verður meira brúkað af þeim, af því veran verður ódýrari og þar af leið-

andi mikið meira flutt inn af óunnu tóbaki, og eg get því ekki litið öðruvísi á, en að það sé stórt spursmál, hvort landssjóður mundi missa nokkurs í hvað tóbakstollinn snertir. Óbeinlínis er hagurinn stór fyrir landið, peningarnir verða kyrrir í landinu, því að vinna landsmanna er keypt fyrir þá.

Eg vona því, að háttv. þingd. líti svo sanngjarnlega á málið, að hún leyfi því að halda áfram og að hún sjái að ástæður þær, sem eg hefi flutt, eru á rökum bygðar.

Jón Ólafsson: Mér þótti það merkilegt við ræðu háttv. samnefndarmanns míns, er hann fór að tala um nauðsyn þess að útvega atvinnu handa fólki við vindlagerð, því eg hefi ekki orðið var við mikinn atvinnuskort. — Hinsvegar heyri eg hvarvetna og daglega kvartað um fólkseklu til þeirra starfa, sem nauðsyn er á að vinna. Og svo vil eg leyfa mér að spyrja: Hverjir eru það sem eiga að fá þessa »atvinnu«? Fáeinar stúlkur. Og hvaða atvinna er þetta? Það er atvinna, sem er hér svo illa borguð, eins og vindlagerð er illa borguð hvarvetna í heimi, að á henni getur enginn lifað. Stúlkurnar verða því að leita sér ýmislegrar aukavinnu, sem stundum er þann veg, að eg er ekki viss um, að landssjóður vilji verðlauna hana.

Er skortur á atvinnu fyrir kvenfólk? Nei, þvert á móti er hörgull á því, bæði við sjávarsíðuna og í sveitunum. Í hverjum mánuði er auglýst eftir kvenfólki bæði sumar og vetur og kaupið er hátt. Þessi ástæða háttv. 2. þm. Rvk. (M. Bl.) er því engan veginn atvinnu-ástæða, heldur að eins yfirskins-ástæða. Það liggur heldur ekki fyrir beiðni frá verkamönnum um það, að landssjóður gangist fyrir slíkri atvinnu. Það eru einungis vindlagerðarmennirnir, sem berjast fyrir þessu.

Sami háttv. þm. hélt því fram, að hagur einstaklingsins hlyti ávalt að vera hagur als landsins. Þetta er mesta fásinna, því að það er langt frá því, að hagur einstaklingsins sé æfinlega hagur landsins. Ef atvinnan er einungis til hagsmuna fyrir einn mann eða fáa menn, en til óhagnaðar fyrir fjöldann, þá er það drep fyrir þjóðfélagið. Hér er spurningin um það, hvort ala eigi hér upp óeðlilega atvinnugrein með verndartolli. Það er hið sama sem að skatta alla menn til sjávar og sveita fyrir hagsmuni fárra einstaklinga.

Eg held ekki, að það sé rétt, að vindlagerðin geti ekki þrifist við þau kjör, sem nú eru. Það voru aðrar orsakir heldur en tollurinn á vindlagerð, sem lágu til þess. Ein vindlaverksmiðja var lögð niður í Reykjavík, af því að eigandinn var að minka kostnað sinn allan í hörðu árferði, og ef til vill með fram fyrir það, að hann reiddist tolllöggjöf þingsins; svo voru ýmisleg önnur vandkvæði: skortur á hentugu húsnæði, nema á þeim stað, þar sem það olli hækkun vátryggingargjalds á öllum hinum húsum eigandans, sem eru mörg og dýr. Önnur verksmiðjan var lögð hér niður sökum þess, að hún átti að hafa tapað samkvæmt reikningi reikningshaldara; en endurskoðendur fundu að nálægt 19 þús. kr. mundu hafa runnið inn hjá honum og er mér sagt, að það standi til máls.

Þegar stöðugt er verið að kvarta yfir fólksleysi, þá er það fásinna að reyna að draga menn frá eðlilegri atvinnu til óeðlilegrar atvinnu. Þetta vona eg, að háttv. deild sjái, að frumv. fer fram á og þess vegna vona eg, að hún skeri það strax niður.

Framsögumaður minni hlutans (Magnús Blöndahl): Háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) varð fremur bumbult af ræðu

minni. sem eg hélt áðan, og það gaf honum ástæðu til þess að nota kröftug mótmæli, en þau sannfærðu mig samt ekki, því að ástæður hans voru meira fullyrðingar út í loftið en rökstudd mótmæli.

Hann fór mörgum orðum um það, að hér væri ekki um neina nauðsyn á atvinnu að ræða, og að þessi atvinna væri illa borguð. Stúlkurnar yrðu að leita ýmislegrar auka-atvinnu, til þess að geta lifað. Honum er máske kunnugra um þetta en mér, eg skal ekki spyrja hann um það eða leiða neinar getur að því.

Háttv. þm. tók það fram, að engin þörf væri á því að auka atvinnu hér í landi, hún væri nóg og há vinnulaun borguð og þó erfitt að fá stúlkur í vist. Eg veit reyndar ekki, hvernig hv. þm. gengur að fá stúlkur í vist, en eg þarf ekki að kvarta um það, mér hefir altaf gengið það vel og ekki orðið var við neinn vinnukonuskort. Háttv. þm. verður að gæta að öðrum ástæðum, sem liggja til þess að erfitt er að fá vinnufólk. Hugsunarhátturinn er orðinn mjög breyttur frá því sem hann var, og fólk keppir nú eftir að fá aðra vinnu, sem er frjálsari en vinnukonustaðan. Það hugsaði eg sízt, að þm. vildi lasta, þótt menn kysu að hafa sem frjálsasta atvinnu, því að hann hefir svo oft sýnt það, að hann vill vera frjálslyndur.

Háttv. þm. tók það fram, að ástæður minar væru yfirskins-ástæður. — Hvaða heimild hefir þm. til þess að beina þessum orðum að mér? Til þess hefir hann ekki hina minstu ástæðu, og eg vil því vísa þessum orðum hans heim til föðurhúsanna, þar sem þau eiga betur heima, eg vil ekkert hafa með slík ummæli að gera.

Sami háttv. þm. neitaði því, að hagur einstaklingsins og hagur þjóðfélagsins færi saman, það er ósannað mál hjá honum, því að sú samliking, sem hann tók fram, getur als ekki átt við hér. Hér eru engir auðmenn nú sem stendur eins og t. d. í Ameríku og víða annarsstaðar. Þess vegna stendur það enn óhrakið, að hagur einstaklingsins sé hagur landsins.

Hann gat þess, að vindlagerðin gæfi svo góðan arð, að engin ástæða væri til þess að samþ. frumv. Hann vitnaði í því tilefni til þess að hann hefði átt tal um þetta við ráðsmann stærstu vindlaverksmiðjunnar og hann skýrði frá því, að hún hefði verið arðvænleg. Eg vil spyrja þm., hvort hann hefir ekki lesið grein frá einum verksmiðjueigandanum hér, sem stóð í blaði í fyrra. Þar er skýrt frá því, að þingið með tollhækkuninni hafi pískað hann til þess að leggja þessa atvinnu niður. Það ern máske deildar meiningar um það, hverjum á að trúa. Eg fyrir mitt leyti verð þó að álíta, að atvinnurekandinn sjálfur hafi haft betra vit á þessu. Hann gat þess einnig, að hin verksmiðjan hér hefði verið véluð um nálægt 19 þús. kr. Má vera að svo reynist, en engin ástæða er til þess að nefna slíkt á nafn hér eða annarsstaðar, meðan alt er að eins laus ágizkun og ekkert annað; slíkt er miður sæmandi.

Þá talaði háttv. þm. um það, að atvinnan væri óeðlileg, en hann leiddi engin rök að því, svo eg get leitt hjá mér að svara þessari staðhæfingu hans. Eg lít svo á, að hver heiðarleg atvinna eigi það skilið af þjóðinni og þinginu, að það sé hlynt að henni, en að ekki sé verið að sparka til hennar að óþörfu.

Hann talaði enn þá um vinnukonuskortinn o. s. frv. Eg er búinn að svara því fyr í ræðu minni og þarf ekki að endurtaka það. Eg benti þá á, að breyttur hugsunarháttur væri

aðalorsökin og háttv. þm. þarf ekki að hugsa sér, að hann eða aðrir geti neytt frjálst fólk til að vinna þá vinnu, sem það vill ekki vinna. Það er að eins neyðin og ekkert annað, sem getur kúgað fólkið til þess.

Eg vona, að háttv. meðnefndarmaður minn komist að þeirri niðurstöðu, að hann sjái, að ekki sè rétt að sparka þannig við þessu litla frumv. og háttv. þingdeild lofi því að lifa fyrir það fyrsta til 2. umr.

Jón Ólafsson: Eg skal byrja á því að leiðrétta það, sem háttv. 2. þm. Rvk (M. Bl.) hefur misskilið í ræðu minni, en það var orðið »yfirskinsástæða«. Eg stend við það orð, en eg beindi því ekki til háttv. þm., heldur til atvinnurekendanna, sem munu að líkindum hafa lánað þm. dálitið af ástæðunum, er hann þóttist flytja.

Að því er vinnukonuleysið snertir, þá get eg sagt fyrir mitt leyti, að mig hefir aldrei skort vinnukonur, og oft haft þær sömu árum saman. En þrátt fyrir það er mér kunnugt um, að vinnukvennaskortur er mikill, bæði hér og til sveita og eg held, að þm. geti ekki neitað því, að maður getur þekt fleira en það, sem kemur fram við menn persónulega. Þetta mun þm. verða að játa, þótt honum sé stundum furðu létt um að neita. Eg hefi haft með blöð að gera í mörg ár, og blaðamenn vita, hvað eftirspurnin er mikil. Það er oft auglýst eftir stúlkum, en eftirspurnin er mikið meiri en auglýsingarnar, menn koma næstum á hverjum degi til þess að leita upplýsinga hjá ritstjórunum í þessu efni. Sami hörgull er á stúlkum upp til sveita.

Þm. sagðist ekki geta skilið það, að hagur einstaklingsins væri ekki ávalt hagur als þjóðfélagsins, en eins og eg sagði áðan þá getur oft farið svo, að hagur einstaklingsins sé tjón fyrir þjóðfélagið, t. d. þegar skaðinn er lagður á landið til þess að einn maður eða fáir menn geti grætt. Þetta tilfelli er ekki sérstaklega íslenzkt heldur alheimslegt. Hyggur háttv. þm. að það verði hagur fyrir þá einstaklinga, sem sviftir verða lögmætri atvinnu sinni með aðflutningsbanninu? Og játar hann þó ekki, að þetta eigi að verða hagur þjóðfélagsins. Hefir þingm. ekki heyrt getið um okurkarla, sem nota sér neyð annara til að lána þeim fé gegn 16—20% ársvöxtum. Mér er jafnvel sagt að þeir finnist hér í bæ. Þeirra einstaklingshagur er að okra, en er okur hagur þjóðfélagsins. Hver einstaklingur, sem annan féflettir, hefir hag af því, en hefir þjóðfélagið hag af, að menn séu féflettir?

Háttv. þm. sagði, að eg væri ávalt hneigður til að halda í frelsisáttina; eg get sagt það sama um hann. En hver er stefna frumv.? Er hún í frelsisáttina? Það er verndartollastefnan og ekkert annað og það eru verndartollarnir, sem komið hafa fótunum undir alt auðvaldið erlendis. Verndartollarnir eru margfalt tjón fyrir þær þjóðir, sem undir þeim búa, því að þeir leggja skatt á almenning til hagsmuna fyrir einstaklinginn og þeir mynda auðvald og viðhalda því. Því þegar tollurinn er kominn á, þá verja þeir menn, sem hann hefir auðgað, fé sínu til þess að halda honum við. Það eru þessir verndartollar, sem hafa leitt hörmungar yfir margar þjóðir og skapað þar fátækt, auðlegð og siðspillingu.

Háttv. þm. sagði, að sér væri það ekki ljóst, hvað meint væri með því að tala um óeðlilegan atvinnuveg. Sá atvinnuvegur er óeðlilegur, sem ekki getur staðið á eigin fótum, heldur

verður að halda honum uppi með álögum á allan almenning til hagsmuna fyrir þá fáu menn, sem reka hann. Það getur þó verið vit í því að styðja atvinnuveg fyrst í stað, t. d. eins og smjörbúin — þegar hann miðar að því að gera afurðir landsins arðbærar, og útsjón er til, að hann geti brátt orðið sjálfbjarga.

Háttv. sami þm. viðurkendi það rétt að vera hjá mér, að almennur fólksskortur væri við sjóinn og í sveitinni, og hann sagði, að orsökin væri sú að menn kysu fremur að leika lausum hala, þegar vinna væri búin t. d. á kvöldin, heldur en að binda sig vistráðningum. Þetta getur vel verið ein af orsökunum. Eg ber ekki brigður á, að svo sé og eg vil heldur ekki neyða fólk til að binda sig. En eg vil spyrja háttv. þingd., hvort veita beri verðlaun úr landssjóði til þess að fólk geti leikið jafn-lausum hala og það vill, og er það rétt að það geri það á kostnað landssjóðs?

Eg skal ekki fjölyrða meira um þetta. Það er grundvallarmunur á skoðunum okkar á málinu og eg býst ekki við að afstaða okkar breytist, þótt við höldum lengri ræður.

Framsögumaður minni hlutans (Magnús Blöndahl): Það var ekkert nýtt, sem háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) sagði, og þarf eg því ekki að eyða orðum um það sérstaklega. Hann hélt því fram, að atvinnan væri óeðlileg, af því vindlarnir væru ekki búnir til úr innlendu efni, og gekk alveg framhjá því, hversu mikið er borgað út úr landinu fyrir vinnuna á innfluttum vindlum, sem eg þó ávalt hefi lagt aðaláherzluna á.

Eg skal því ekki lengja umræður að sinni, en endurtek að eins að eg vona að deildin sýni frv. þá velvild að láta það ganga til 2. umr. Ef deildinni ekki getst að sumum einstökum atriðum í frv. er tækifæri til að laga það við 2. umr.

Jón Þorkelsson: Eg skal ekki vera margorður um þetta mál og ekki fara út í einstök atriði, heldur minnast lítið eitt á grundvallarhugmyndina í þessu máli, á aðal»princípið». Þar get eg ekki verið samdóma vini mínum 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) Það hefir lengi verið svo hér á landi, að við höfum keypt dýrum dómum það sem hægt hefir verið að vinna og framleiða í landinu sjálfu. Lengi hefir það viðgengist hjá fólki hér að leita til útlendra verksmiðja með ull sína og láta vinna úr dúka, sem þeir sjálfir hefðu eins vel getað gera látið. Áður var hér færaspuni og snæra úr útlendum hampi, sem guð sendi og hingað barst fyrir lítið; menn smíðuðu áður járn undir hesta sína á vetrum, þegar litlar annir voru, en nú nenna menn því ekki; menn gera það ekki að minsta kosti. Þá stunduðu menn ljáasmíði. Nú er lagt stórfé til útlanda á ári fyrir ljái; eg skal þó sízt minnast á það, því að eg viðurkenni að tafsamara var við vinnu að nota íslenzku ljáina heldur en þá útlendu. Aðalmergurinn í þessu máli er sá — og sem eg legg mesta áherzlu á — að við sækjum til útlanda og gjöldum gull og önnur gæði fyrir margt, sem við sjálfir getum aflað oss og búið til heima. Innlendur iðnaður getur orðið miklu meiri en hann er nú; en sízt af öllu megum við sparka við þeim litla vísi, sem við nú höfum, en það gerum við, ef við leggjum toll á vindla, sem búnir eru til hér, og með því látum Íslendinga fara á mis við þann hagnað, sem þeir geta haft af að búa til þá vindla, sem hér er neytt. Annars fæ eg ekki séð betur en að það að leggja toll á

innlenda vindla sé spor í áttina til að banna aðflutning á vindlum. Svona byrjaði það með brennivínið. 1871 fóru menn að tolla það og sá tollur hefir altaf farið sihækkandi og nú á að reka á smiðshöggið með algerðu aðflutningsbanni. Það er heldur ekki gott að sjá, hvernig menn hugsa sér, að það sé landssjóði svo mikill hagur, að lagður sé tollur á vindla. Það er þvert á móti. Þessi tollur drepur alla innlenda vindlagerð og sviftir alveg landssjóð þeim tolli, sem hann annars gæti haft af innfluttri hrávöru (tóbaksblöðum) til vindlagerðarinnar. Hitt væri auðsærra, að það væri landssjóði hagur, að ekki væri lagður tollur á þessa innlendu vöru. Það er heldur ekkert annað í rauninni en að bannað sé innlendum mönnum að keppa við útlendinga í þessari grein.

Íslendingum er bannað að fá þennan varning hjá innlendum, en reknir til að kaupa hann tilbúinn af útlendingum. Slík toll- og fjármálastefna er naumast samboðin virðingu þingsins. Eg skal svo ekki fara fleirum orðum um þetta frv. að sinni, en með því verð eg að mæla fast, að því verði leyft að ganga til 2. umr.

Framsögumaður meiri hlutans (Björn Kristjánsson): Það er búið að tala sæmilega mikið um þetta frumv. Eins og eg tók fram áðan gerði nefndin á síðasta þingi alt sem hún áleit fært og forsvaranlegt til þess að iðnaður þessi gæti staðist. Hún fór svo langt að veita þau hlunnindi, eins konar verndartoll, er nam 35 kr. af hverjum 150 kr. og ef það ekki dugir, þá sé eg ekki, að iðnaðargrein þessi eigi að lifa. Þegar hún svarar ekki betur kostnaði á hún að deyja. Flutnm. frumv. þessa hafa heldur ekki sýnt fram á, hve mikinn styrk af landssjóði þurfi til að fyrirtækið geti borið sig. Annars er það hættuleg pólitik að vera að stofna til iðnaðar, sem fyrirsjáanlega aldrei getur borgað sig, og sízt þegar hann ekki er nytsamlegri en hér er um að ræða. Háttv. flutnm. benti á, að tolltekjur minkuðu ekki við þetta, það mundi aukast innflutningur á ódýrri tóbaki að miklum mun og notkunin verða meiri. Eg tel nú efasamt, hvort það væri rétt stefna þingsins að stuðla að því, að tóbaksnautn vaxi að miklum mun í landinu. Yfirleitt er það sannleikur, sem menn verða að þola að heyra, að það er oftast betra að fá tilbúnar vörur að frá útlöndum, en að reyna að búa þær til hér í landi, því að það borgar sig ekki. Skilyrðin hér eru alt önnur en í hinum stóru iðnaðarlöndum heimsins, þar sem framleiðslan og kaupskiftin eru svo mikil. Þannig er því t. d. varið með vefnaðarvörur. Eg veit það af eigin reynslu. Eg verð t. d. að selja sama efni í álnum fyrir sama verð, og jafnt álnatal úr sama efni í tilbúinni flík. Saumalaunin kosta ekkert.

En þar sem öðru vísi hagar til, og sérstaklega þar sem vinnan gæti verið landssjóði útgjaldalaus, þar ætti við að láta íslenzka menn sitja fyrir öðrum, eins og t. d. að afgreiða í búð. Það er óþarfi að vera að seilast eftir mönnum út fyrir pollinn til slíkra starfa og mesta furða, að þjóðin skuli una við það að sjá útlenda þjóna í annari hverri búð.

Háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) spurði, hví ætti að leggja toll á þessa vöru, en þá ekki á ýmsar aðrar. Því er auðsvarað: af því að sú vara (tóbakið), er tollstofn, og að hún eigi að vera tollskyld eigi síður en aðrar vörur, er auðsætt, þegar þess er gætt, að það er munaðarvara, og hingað til hafa tollar ekki náð til annara vara en þeirra, sem kölluð er munaðarvara. Í þessu

sambandi skal eg leyfa mér að benda á þá ágætu ritgerð hr. Krabbe um, hve óráðlegt það sé að vernda vindlagerð hér á landi með einskonar verndartolli.

Háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) fór mörgum fögrum orðum um, að áður hefðu menn unnið ull sína í föt. Ójá, sú var nú tíðin, en karlmenn höfðu ekki annað fyrir stafni dögum saman en kemba og tæja ull fyrir konur sínar, en það borgar sig ekki að fást við slíkt lengur. Frá útlöndum má fá vinnu miklu ódýrari. Við getum notið kraftanna betur með því að beita þeim á annað, sem betur borgar sig. Það er fyrir löngu úrelt skoðun, að ein þjóð eigi að fást við sem flestar atvinnugreinar, framleiða alt eða flest, sem hún þarf með. Þvert á móti. Þjóðin á að leggja stund á þær atvinnugreinar, sem bezt borga sig. Þeirri skoðun halda fram helztu þjóðmegunarfræðingar vorra tíma, að sú skifting vinnunnar og atvinnuveganna, sem komi fram við, að hver þjóð fylgi þeirri reglu, sé til mestra hagsmuna fyrir þjóðirnar, og þegar maður gáir vel að, þá hlýtur maður að viðurkenna, að sú kenning er rétt.

Háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) var líka að tala um, að áður hefðu menn smíðað járn undir hesta sína, og búið til þá ljái, sem þeir þurftu að brúka, Nú fái þeir þetta alt frá útlöndum. Já, það borgar sig betur að fá þá þaðan. Ljáirnir, sem við fáum frá útlandinu, ensku ljáirnir, eru miklu betri en þeir íslenzku voru og ódýrari, og það er efalaust þær mestu framfarir, sem við í 1000 ár höfum tekið í búnaði, að við hættum að búa til ljái og brúka íslenzka ljái. Eins er með skeifurnar og tilbúin föt, að pundið í þeim reynist ekki dýrara en af ósmíðuðu járni og óunnri ull.

Framsögumaður minni hlutans (Magnús Blöndahl): Eg skal vera stuttorður í þetta sinn. Það eru að eins fáein orð til 1. þm. G.-K. frsm. meiri hlutans (B. Kr.). Hann hafði þau ummæli, að iðnaður gæti aldrei þrifist hér í landi, að minsta kosti ekki svo, að svarað gæti kostnaði. Þessu vil eg mótmæla. Eg er sannfærður um, að ef rétt er að farið, á Ísland mikla framtíð sem iðnaðarland, já ef til vill meiri en mörg önnur lönd. Fossaflið er framtíðaraflið hér á landi til iðnaðar og verklegra framkvæmda. Þar erum við flestum betur settir. Hve margar miljónir hestafla eru ekki bundnar í fossum vorum? Þegar öll þau hestöfl eru leyst úr læðingi og fossarnir beizlaðir, þá er Ísland í einu vetfangi orðið með meiri iðnaðarlöndum áltunnar. Það er rétt hjá 1. þm. G.-K. (B. Kr.), að betur borgar sig nú sem stendur að kaupa ýms fataefni frá útlöndum, en búa þau til hér; þó dúkagerð borgi sig ekki sem bezt á yfirstandandi tíma, mun sá tími koma, að hún mun borga sig vel, og útrýma innflutningi frá útlöndum. Hins vegar er það alveg rétt, að okkur vanti þekkingu á, hvernig vinna eigi að ýmsu leyti, en sú þekking getur komið, og það er trúa mín og von, að hún muni aukast og vaxa með tímanum.

Að því er ensku ljáina snertir, get eg verið framsm. samdóma, að það var mesti hagur að því, að menn tóku að nota þá, en ekki fæ eg séð, hvað þeir koma þessu máli við.

Um frumv. þetta skal eg svo ekki fjölyrða meir. Eg hefi áður skýrt tekið fram ástæður þess. Að minsta kosti vona eg, að háttv. deild sýni því þá

sanngirni, að lofa því að ganga til 2. umræðu.

ATKV.GR.:

Felt með 16 atkv. gegn 3 að vísa málinu til 2. umr.

Hvalaveiðar.

FRUMVARP til laga um hvalveiðamenn (A. 190); 1. umr., 16. marz.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): Mér kom það á óvart, að eg væri aðalflutningsmaður þessa frumv., eg bjóst við að virðulegur samþingismaður minn væri það; en úr því að hann er ekki við látinn, skal eg fara nokkrum orðum um frumv.

Þetta frumv. er komið fram, vegna sterkra áskorana frá kjósendum okkar í þeim sveitum, sem sjávarútvegur er stundaður. Eg get lýst yfir því fyrir mína hönd, um virðulegan samþingismann veit eg ekki, að eg hefi ekki vissu á eiginni reynslu bygða um það, hvort hvalveiðar séu svo skaðlegar, að nauðsyn beri til að sporna við þeim, því að eg hefi að eins annara manna reynslu og þekkingu á málinu fyrir mig að bera. En eg beygi mig fyrir þeim, sem reynsluna hafa, sjómönnunum. Það er bjargföst skoðun allra sjómanna eystra, að hvalveiðar séu skaðlegar, og svo mun víðar vera; sama er skoðun sjómanna á Norðurlandi, að því er mér er sagt. Í Noregi varð þessi skoðun svo rík, að þar var með lögum bönnuð öll hvalveiði í landhelgi.

Þeir menn, sem útrýma vilja hvalveiðum, kunna að vera skiftrar skoðunar um það, hvort það skuli gera með þeim hætti, sem hér er lagt til, það er banni, eða á þann veg, að lagður sé svo hár tollur á allar hvalafurðir, að ekki verði kleyft að reka þann atvinnuveg. Eg felli mig betur við að hafa hreint bann. En hins vegar sökum þess að eg hefi ekki næga þekkinu á málinu, og virðulegur samþingismaður minn líklega ekki heldur, hefir okkur þótt viðurhlutamikið að leggja til, að bannið yrði stöðugt um aldur og æfi, og því höfum við lagt til, að það skyldi standa um 10 ára bil, frá 1. júlí 1911 til 1. júlí 1920. Það teljum við nægan reynslutíma, enda veit eg, að kjósendur okkar eru harðánægðir með þann reynslutíma. Að þessum reynslutíma liðnum mætti framlengja bannið, ef það hefði reynst vel, annars má afnema það, eða réttara sagt fellur það þá af sjálfu sér, þegar tíminn er útrunninn.

Það virðist sanngjarnt, að þeir, sem hlut eiga að máli, ráði mestu um það, hver skipun er höfð á um atvinnuvegi þeirra; þeir eiga mest á hættu. Fyrir því vænti eg, að virðul. þingdeild verði svo sanngjörn að láta sjómenn hafa vilja sinn í þessu efni.

Jón Jónsson (S.-Múl.): Af því að það hefir atvikast þannig, að hvorugur okkar flutnm. hafði búist við að hafa framsögu í þessu máli í dag, þá langaði mig til þess að bæta nokkrum orðum við það sem sagt hefir verið, en skal þó vera fáorður.

Það er óhætt að fullyrða, að á Austfjörðum stendur almenningsálitið á bakvið frv. þetta, og það á rót sína að rekja til þess, að almenningur þar er sannfærður um, að hvaladrápið sé til skaðsemdar fyrir síld- og fiskiveiðar, vegna þess að síldin flýr undan hvölum upp að landinu. Þetta er ekki einungis skoðun manna á Íslandi, heldur er sömu skoðun haldið fram í Noregi og víðar. Eg veit vel, að vísindin fallast ekki á þessa skoðun, en eg hygg, að þau séu heldur ekki komin að nokkurri endilegri niðurstöðu

svo að líta megi svo á, að málið sé óútkljáð af beggja hálfu.

Eg ætla ekki að fjölyrða meira um þetta atriði, en vildi leyfa mér að benda á aðra hlið málsins. — Eg lít svo á og fleiri menn, að hvalirnir, sem eru við strendur Íslands séu frekar okkar eign heldur en annara manna; þótt við ekki getum sannað það með lögum, þá er að minsta kosti eðlilegt, að líta þannig á málið. Hvalaveiðunum er nú einusinni þannig háttað, að þær hljóta alt af að verða það, sem á dönsku kallast »Raadrift« — að höfuðstól er eytt, með öðrum orðum: menn taka ekki að eins afurðirnar og tekjurnar, heldur eyða einnig stofninum. — Ef við eigum hvalina og ef um »Raadrift« er að ræða, þá er um leið eytt kapitali, og það er ekki minsti vafi á því, að svo er, því að hvölunum hér við land fækkar meira en fjölgar vegna veiðanna. Ísland verður þar af leiðandi fátækara og höfuðstól, sem það á, er eytt.

Þótt vér höfum ekki menningu eða fé til þess að hagnýta þennan höfuðstól sem stendur, þá er þó vonandi, að vér verðum menn til þess seinna, og þá er illa farið ef höfuðstóllinn er horfinn með öllu. Það er á þessa hlið málsins, sem eg vildi að hin hv. þd. liti, um leið og hún ræðir frv. að öðru leyti.

Ráðherrann (H. H.): Eg er hræddur um, að þetta almenningsálit, sem hv. flutnm. byggja á, sé ekki íslenzkt, heldur sé það sýking, komin frá norðanverðum Noregi, þar sem heilmikil æsing hófst fyrir nokkrum árum gegn hvalveiðum, og var notuð þar í pólitiskum kosningadeilum. Hér hefir þessi kenning náð nokkrum tökum á hugum fiskimanna einmitt þar, sem Norðmenn leggja mest leiðir sínar, sérstaklega síldveiðamenn norskir, og er það því aðallega í Múlasýslum og við Eyjafjörð, að kent hefir þessarar trúar um skaðsemi hvalveiðanna.

Það er gömul saga, að þegar fiskiveiðar bregðast um lengri eða skemmri tíma, þá reyna fiskimennirnir ætíð að finna sér til einhverja ástæðu fyrir því, hvers vegna þær bregðast. Hinar undarlegustu ástæður eru oft til fundnar, hitt og þetta er til týnt; þannig var strandferðaskipunum einu sinni þegar þau voru að byrja, gefin sök á fiskileysi hér. Menn héldu, að skröltið í skrúfunni á gufuskipunum fældi fiskinn, svo að hann stryki til hafs. Því fer fjarri, að nokkur reynsla sé fengin fyrir því hér á landi, að fiskileysi sé samfara hvalafækkun. Það mætti jafnvel segja, að reynsla manna á Vestfjörðum benti í gagnstæða átt. Þegar hvalveiðarnar voru mestar á Vesturlandi, þá var þar einnig óvenjulegt velti-ár með fiskiveiðar, og þótt nú sé mjög lítið um hvali vestra, þá er fiskur og síldarafli engu minni en áður var.

En að því er snertir Austurlandið mun hafa hittst svo á, að síldveiðar brugðust þar — eins og raunar svo oft áður — um það leyti sem hvalstöðvarnar voru að flytjast þangað, og hefir þeim þá verið kent um það. Eg get ekki séð, að það sé forsvaranlegt fyrir löggjafarvaldið að hlaupa eftir slíkum lausakenningum, sem enginn visindamaður viðurkennir, og offra fyrir það eignum og atvinnu margra góðra íslenzkra borgara.

Vísindamenn í Noregi t. d. dr. Hjort segja að ekki geti verið neitt orsakasamband í milli hvala- og fiskiveiða. Bjarni Sæmundsson hefir einnig skrifað um þetta mál og sýnt fram á það sama.

Þótt við bönnuðum að drepa hvali hér við land, þá getum við ekki kom-

ið í veg fyrir hvaladrápið samt sem áður. Það er þegar fyrir löngu búið að banna alt hvaladráp í landhelgi hér við land, og allir hvalir, sem hér búsettir hvalveiðarar drepa, eru skotnir utan landhelgi, flestir langt til hafs. Það sem vér með lögum getum bannað, er því að eins hagnýting hvalsins hér á landi, og framleiðsla hvalafurða, sem landið hefir svo miklar tekjur af. Hvalveiðamenn drepa hvali eftir sem áður; þeir gætu t. d. komið sér upp fljótandi »stationum« og brætt þar lýsi sitt. Mismunurinn yrði aðeins sá, að þar sem hægt er að hagnýta mestalt á landi bæði kjöt og bein, til fóðurs og áburðar, þá yrði á fljótandi stöðvum að fleygja öllu nema skíðum og spiki, svo að drepa yrði tiltölulega fleiri hvali, til þess að útgerðin bæri sig. Þeir mundu einnig geta komið sér upp stöðvum á Grænlandi, Færeyjum, Suðureyjum og víðar og sótt veiðarnar þaðan hingað í höfin. En auk þess verður að muna, að hvalir eru als ekki staðbundnar skepnur, sem haldi til stöðugt á sömu stöðvunum. Hvalirnir reika víða um höfin og hið sama geta hvalveiðabátarnir gert. Það er því ómögulegt að koma í veg fyrir hvaladrápið, þótt bannað sé að hafa hvalastöðvar hér á landi.

Eins og háttv. flutnm. sögðu, varð það úr hjá Norðmönnum eftir langar deilur og strið, að banna hvaladráp við Finnmörk um nokkurra ára bil. Tími þessi er ekki útrunninn enn, og þessvegna ekki hægt að segja um, hvort þetta bann þar verður álitið að hafa nokkur áhrif á fiskigöngurnar. Eg vil nú leyfa mér að spyrja háttv. flutnm., hvort þeim virðist ekki réttara að bíða eftir reynslu Norðmanna og sjá hvað hún segir, áður en vér förum að hlaupa út á sömu tilraunabrautina, út í einbera óvissu. Vér erum nógu oft búnir að hlaupa eftir ýmsum fiskiveiðaflugum frá Noregi, þótt vér gerum það ekki enn í þetta skifti. Eg vil t. d. minna á fiskiveiðasamþyktirnar, þær komu frá Noregi, og við tókum þær mjög dátt, eins og þær væru óbrigðult meðal til þess að ráða yfir afla og fiskigegnd. Óeðlileg atvinnuhöft, beitutakmarkanir og hinar og þessar kreddur voru leiddar í lög og haldið uppi með harðneskju. En fiskiveiðarnar brugðust eins og ekki síður, þegar því var að skifta, þrátt fyrir þetta, og margur dugnaðarmaðurinn varð af góðum afla, einmitt samþyktanna vegna.

Þegar menn voru búnir að binda sig mörgum atvinnufjötrum viðsvegar um land, án þess að finna nokkurn ágóða af því, fréttist að nú væri Norðmenn hættir við allar slíkar samþyktir, nema það er snertir nauðsynleg fyrirmæli um reglu og löggæzlu — og þá fór von bráðar líka hér trúin á samþyktirnar forgörðum, og þær fóru að hverfa. Mundi ekki hafa verið fult eins affarasælt að lofa Norðmönnum að ljúka við tilraunir sínar í þessa átt, áður en við fórum að taka eftir þvingunarráðstafanir og bannhöft, sem ekki eiga sér nægilega ljósan grundvöll á að byggja.

Í öllu falli vil eg leggja áherzlu á það atriði í málinu, að hér er að ræða um skerðing á atvinnufrelsi og eignarétti manna, sem tæpast getur staðist gagnvart ákvæðum stjórnarskrárinnar.

Enn fremur vil eg taka það fram, að flestir af hinum norsk-fæddu hvalveiðamönnum, sem stöðvar eiga hér á landi, eru meðal hinna nýtustu borgara í þjóðfélagi voru, eg vil t. d. nefna Ellefsen í Mjóafirði, sem hefir verið hinn nýtasti borgari, frömuður ýmsra framfara og framkvæmda og gert stórmikið gagn bæði landinu og sveitar-

félögunum, þar sem hann hefir verið Eg hygg þeir hafi sizt til þess unnið, að vera flæmdir úr landi, eins og skaðræðismenn, og vona eg að þetta frv. verði sem fyrst látið fara veg allrar veraldar.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): — Hæstv. ráðherra (H. H.) hefir í ræðu sinni flutt töluvert af rökum gegn þessu frumv., en eg get þó enganveginn séð, að þau séu nægileg til þess að fella það, og vil eg því leyfa mér að gera fáeinar athugasemdir.

Hæstv. ráðherra tók það fram, að bannað væri að veiða hvali í landhelgi; það er rétt að hvalirnir nú eiga að heita veiddir utan við hana, en hitti hvalveiðabátur hval innan landhelginnar, rekur hann hvalinn að eins út fyrir hana og drepur hann þar, svo það eru lög sem hafa tog.

Hæstv. ráðh. sagði einnig, að þótt við friðuðum hvalina og bönnuðum hvalveiðamönnunum að veiða þá hér á landi, þá myndi afleiðingin einungis verða sú, að landssjóður misti tekjurnar og hvalveiða-mennirnir veiddu þá eftir sem áður frá fljótandi »stationum« (stöðvum á floti utan landhelgi) eða frá nálægum löndum. Eg verð að segja, að þessa ástæðu tel eg að eins grýlu. Reyndir hvalveiðamenn hafa sagt í mín eyru, að slíkt borgi sig ekki og þeir hafa að minsta kosti ekki reynt það í Noregi; stöðvar á floti svara ekki kostnaði og enginn þeirra hefir reynt að koma þeim upp. Það er heldur ekki líklegt, að það mundi borga sig að skjóta hvalina hér, og draga þá síðan til Grænlands eða Færeyja, kolaeyðslan yrði alt of mikil til þess, að það gæti svarað kostnaði og auk þess hafa veiðiskipin ekki rúm fyrir svo mikil kol, sem þarf til slíkra langferða.

Eg vil leyfa mér að leggja áherzlu á það, sem háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) sagði, að hvalveiðamennirnir uppræta stofninn. Það er einmitt hætta á ferðum hér, því að hvalirnir tímgast seint. Vér höfum áður upprætt skepnur hér á landi og nægir að benda á geirfuglinn; vér ættum ekki að fara eins með hvalina.

Hæstv. ráðherra spurði, hvort við getum ekki beðið, þangað til reynsla væri fengin frá Noregi; eg held að það sé ekki heppilegt, einmitt vegna þess, að frumv. þetta er friðunarfrumv., og því er ástæða til þess, að bíða ekki of lengi; auk þess mundi friðunin verða mikið öflugri, ef hún væri samtímis hér og í Noregi.

Eg vil enn fremur gera athugasemd við það sem hæstv. ráðherra sagði um það, að hvalveiðamennirnir væru orðnir Íslendingar. Allir þeir menn, sem eiga stöðvar hér á landi eru útlendingar, nema einn, sem er íslenzkur að ætt, en fyrir löngu hefir gerst útlendingur, þurkað íslenzkt duft af fótum sér, býr í Kaupmannahöfn og eyðir þar arðinum af verzlun sinni. Maðurinn er Á. Ásgeirsson Þingvalla-skálaetazráð. Þegar ræða er um að vernda og friða hvali, þá eigum vér heldur að líta á þörfina og hag landsmanna í heild sinni, heldur en stundarhag útlendinga, sem að vísu hafa keypt sér hér svo kallað »borgara«bréf, sem hver getur keypt sem vill, en eru þó ekki íslenzkir þegnar. Eg veit vel, að margir hvalveiðamenn — ef til vill flestir — eru heiðursmenn, og eg þekki suma þeirra persónulega og er vel við þá, en eg vil þó líta meira á hag landsins og landsmanna heldur en þeirra hag, þótt vinir mínir væru.

Það er eins fyrir mér og hæstv. ráðh., að við höfum heyrt eitthvað um áhrif hvalafriðunarinnar á fiskiveiðarnar, en hvorugur okkar mun þar svo sannfróður, að við séum bærir

um að hafa að engu álit fiskimanna vorra, er meiri hafa reynslu í þessu efni en við.

Ráðherrann (H. H.): Háttv. flutnmenn (J. Ól. og J. J., S.-M.) og formælendur þessa máls álíta, að hvalirnir séu skotnir rétt nálægt landi; þetta er misskilningur. Hvalveiðamennirnir senda báta sína langt norður í Íshaf; eg veit að fjöldinn af hvölum þeim, sem drepnir voru úr Ísafjarðarsýslu voru skotnir langt norður í hafi. Eg ímynda mér, að það sé undantekning, að hvalir séu drepnir nálægt fjarðarkjöftunum, og það kemur víst ekki oft fyrir, að þeir séu reknir út úr landhelgi og skotnir svo.

Flutn.m. gekk út frá, að hvalirnir væru einskonar íslenzk húsdýr, sem syntu sí og æ fram með ströndunum. Eg hefi tekið fram, að þetta er ekki rétt. Hvalirnir eru ekki staðbundnir, en fara mjög langar leiðir og halda aldrei kyrru fyrir; af þessu leiðir að hér getur ekki verið að tala um að uppræta hvalastofninn, þó hvalir séu skotnir hér fyrir norðan land. Það getur í hæsta lagi verið að tala um, að hann fælist sínar stöðvar. Hvalirnir eru vissulega ekki berandi saman við geirfuglinn, sem var staðbundinn og ófleygur, en hvalirnir mjög fljótir að rása úr einum stað í annan. Það gerir enginn að gamni sínu að taka hvalina og klappa þeim á hafi úti, þeir eru styggir og erfiðir viðfangs, og upprætingarhættan er því grýla og ekkert annað; höfin eru alt of stór til þess, að drápbann á litlu svæði hér norðan við landið geti gert til eða frá.

Sem hvalafriðunarfrumv. er frumv. ónýtt; það friðar að eins landssjóðinn fyrir peningunum, sem hvalveiðamenn borga, en hvalirnir eru jafnófriðhelgir eftir sem áður.

Í norðurhöfunum, við Ameríku og Asíu og í Kyrrahafinu geta allir drepið hvalina, eins og þeir vilja. Frumv. þetta er því að eins vindhögg, og ekki hægt að ávinna annað með því, en að friða bábiljuhugmyndir einstakra manna um áhrif hvalanna á fiskigöngur, og svala reiði þeirra, sem halda að þeir hafi orðið af veiðiskap hvalveiðanna vegna, eða sjá ofsjónum yfir gróðanum af þeim, sem stundum er þó ærið stopull.

Háttv. flutnm. (J. Ó.) sagði, að hvalveiðamennirnir hefðu ekki þegnréttindi hér á landi; jú, vissulega hafa þeir hér fullan lagarétt, að eins að undanskildum rétti innborinna manna, sem dönsk lög þarf til að fá. Þeir hafa átt hér heimili um mörg ár og koma að eins sem gestir til Noregs; hér greiða þeir alla skatta og skyldur, og tekjuskattur sá og útflutningsgjald, er þeir greiða, er stór tekjugrein fyrir landssjóð; sé öllu þessu kipt í burt, þá þarf að hugsa fyrir því að fá eitthvað í skarðið, því ekki er landssjóður sagður of ríkur samt.

Eg vona, að menn hugsi sig vel um, áður en þeir greiða atkv. með frumvarpinu.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): Eg vil spyrja hinn hæstv. ráðh. (H. H.) hvort sami maður geti verið þegn í tveimur ríkjum í senn. Það mun hann hljóta að játa að ekki sé. Hvalveiðamennirnir greiða gjöld og atkvæði í Noregi og því verð eg að halda fast við það, að þeir sé ekki íslenzkir þegnar. Það er sitt hvað að fá borgarabréf og atvinnurettindi og að vera þegn.

Hvað það snertir, að hvalirnir sé ekki húsdýr, þá eru söngfuglarnir það ekki heldur og eru þeir þó friðaðir.

Eg hygg að mest sé af hvalveiðastöðvunum nyrzt og syðst í hinum

bygða heimi, en tiltölulega lítið um miðjan hnöttinn, og það er einmitt vegna þess, að ekki borgar sig að stunda hvalveiðar nema þar sem mikið er af hvölum, og þess vegna þarf einmitt að friða þá, þar sem tilvinnandi er að veiða. Það er alveg rétt, að ekki sé svo einkar auðvelt að vinna hvali, en það er hægt að uppræta þá samt, því þeir eru ver settir en önnur sjódýr, sakir þess að þeir verða að koma upp og draga andann, og því er hægt að sjá þá og elta.

Eg vil ekki fara nánar úí í málið að siuni, en geyma það til 2. umr.

Jón Jónsson (S.-Múl): Eg vil leyfa mér að gera nokkrar athugasemdir út af ræðu hæstv. ráðherra (H. H.) Hann sagði, að ekki væri hætt við, að hvalirnir eyddust svo, að þeir upprættust, því að þeir kæmu svo víða að, færu svo víða og væru ekki meira á einum stað en öðrum. Til þess að þeir yrðu upprættir, þyrftu þeir að vera staðbundnir, en það væri kunnugra en frá þyrfti að segja, að þeir sveimuðu um höfin frá landi til lands. En ef þetta er rétt hjá hæstv. ráðherra, vil eg leyfa mér að spyrja: Hvernig stendur á því, að Norðmenn hafa flutt hvalveiðastöðvar sínar frá Vestfjörðum og til Austfjarða? Hvað annað en það, að það hefir verið orðið lítið um hvali vestur frá, að hvalagengdin þar hefir verið farin að minka og það að mun, er þeir lögðu á sig þann afarmikla kostnað, að flytja hvalveiðastöðvar sínar? Eg fæ ekki betur séð, en að einmitt þetta bendi á, að hvalirnir sé töluvert staðbundnir eins og flestar aðrar skepnur, að þeir leiti jafnaðarlega á sömu stöðvar, og eg hefi, satt að segja, aldrei heyrt þá skoðun rengda fyr. Eg lít því svo á, að hér sé verið að taka burtu það, sem Ísland á öðrum fremur, eins og eg sagði áðan, og að það sé skylda vor, að varðveita þessa eign eftir föngum, til þess að framtakssamir niðjar vorir geti hagnýtt sér hana, þegar Íslendingum vex fiskur um hrygg.

Ráðherrann (H. H.): Það getur vel verið, að hvalirnir styggist, þar sem hvalaveiði hefir verið rekin um langan tíma, og að hvalveiðamennirnir hafi flutt sig frá Vestfjörðum, getur einmitt stafað af því. Annars er þó enn á Vestfjörðum ein hvalveiðastöð og gengur veiðin þar engu ver en á Austfjörðum. En þótt maður viðurkenni, að hvalirnir styggist og hvalaveiðin þar af rýrni um tíma, þá leiðir ekki þar af, að hvalirnir upprætist. Þeir geta komið aftur og það er t. d. ekki mjög ólíklegt, að Norðmenn flytji hvalveiðastöðvar sínar aftur til Vestfjarða. H. háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) lét í ljós í ræðu sinni, að hvalveiðastöðvar væru hvergi nema nálægt suður og norðurheimskautinu. En mér er þó kunnugt, að hvalveiðar eru stundaðar í Kyrrahafinu, við Japan, Kína, Ameríku og víðar. Get eg vísað til bókar dr. Hjorts um þetta efni. Það er heldur ekki létt að skilja, að við fremur öðrum eigum þá hvali, sem sveima hingað að landinu sunnan úr höfum, og eru á sífeldu hvarfli um sjóinn. Hvali þessa mætti líka drepa án þess að flytja skrokkana nokkurs staðar að landi. Lögin næðu ekki tilgangi sínum og yrðu að eins landinu til tekjumissis, án þess að tryggja landinu neinn ábata af neinu tagi í staðinn. Eg held það því mjög misráðið að setja lög eins og þessi.

ATKV.GR.:

Felt með 14:9 atkv. að vísa málinu til 2. umr.

Laun geðveikralæknis.

FRUMVARP til laga um viðauka við lög 20. okt. 1905 nr. 33 um stofnun geðveikrahælis (A. 140); 1. umr., 12. marz.

Flutningsmaður (Jón Magnússon): Eg gæti ímyndað mér, að sumum hinna háttv. þm. virðist, að verið sé að gera gabb að þingdeildinni með því að bera fram frumv. þetta, með því að hér sé verið að fara fram á að stofna nýtt embætti, og það með eftirlaunum, þrátt fyrir það, að nú sé viðkvæðið, að ekki skuli stofna ný embætti, en aftaka skuli aftur á móti öll eftirlaun.

En ekki bið eg neinnar afsökunar í þessu efni.

Hins vegar bið eg velvirðingar á því fyrir hönd stjórnarnefndar geðveikrahælisins, að þetta erindi hafði ekki borist hæstv. stjórn nógu fljótt, svo að frumv. yrði lagt fyrir þingið af stjórnarinnar hálfu.

Stafar þetta af gleymsku yfirstjórnar hælisins og svo nokkuð af hinu, að maðurinn, sem í hlut á, er ekki mikið fyrir að trana sér fram; hann hefir ekki gert sér mikið far um að ýta undir þetta.

Þó er það eftir tilmælum hans, að eg ber nú fram þetta frumv. Og mér virðist sjálfsagt, að deildin eigi að sþ. frumv. eins og það er.

Það sem farið er fram á í frumv. þessu er það, að geðveikralæknirinn sitji við sömu kjör og holdsveikralæknirinn.

Þessi tvö (læknis)embætti eru jöfn að öllu öðru en því, að hið fyrnefnda er mun örðugra.

Á geðveikrahælinu eru læknisstörfin sjálf örðugri en við holdsveikraspítalann; auk þess hefir geðveikralæknirinn á hendi gjaldkerastörf og ráðsmensku. Að vísu er ráðsmaður að nafninu til við geðveikrahælið, en laun hans eru mjög lítil og má segja, að hann sé öllu fremur vinnumaður eða þá verkstjóri.

Fyrir því er farið fram á, að laun geðveikralæknisins verði jöfn launum holdsveikralæknisins.

Launahækkunin er að eins 300 kr., því að ákveðnu launin eru nú 2400 kr. Getur það ekki skoðast há laun, þar sem læknirinn getur ekki haft nein auka-læknisstörf á hendi.

Vona eg að háttv. deild líti á þetta mál, eins og það er vert, og skal svo ekki tala frekar um það.

ATKV.GR.:

Vísað til 2. umr. með 13 : 1 atkv.

Önnur umr., 16. marz. (A. 140).

Flutningsmaður (Jón Magnússon): Eg færði nokkur rök fyrir frv. þessu við 1. umr., og get því verið stuttorður nú. Það er ætlast svo til, að læknir hælisins hafi eftirlaun, eins og aðrir læknar landsins, og árslaun hans samsvari launum holdsveikralæknisins. — Þetta er í sjálfu sér svo sanngjarnt og sjálfsagt, að eg vona, að fáir eða enginn hafi á móti því. Geðveikralæknirinn hefir miklu meira erfiði og fyrirhöfn en holdsveikralæknirinn, og því fylsta ástæða til þess að láta hann hafa að minsta kosti eins há laun.

Eg treysti því, að hin háttv. deild vilji samþykkja frumv., eins og það er.

ATKV.GR.:

1. gr. frumv. feld með 13 : 11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Björn Sigfússon,
Jón Ólafsson,	Björn Þorláksson,
Ben. Sveinsson,	Eggert Pálsson,
Björn Kristjánsson,	Einar Jónsson,
Hannes Hafstein,	Hálfdan Guðjónss.,
Jóh. Jóhannesson,	Jón Jónsson, N.-M.,

Já:	*Nei:*
Jón Jónss., S.-M.	Jón Sigurðsson,
Jón Magnússon,	Ólafur Briem,
Jón Þorkelsson,	Sig. Gunnarsson,
Magnús Blöndahl,	Sigurður Sigurðss.,
Pétur Jónsson.	Skúli Thoroddsen,
	Stefán Stefánsson,
	Þorleifur Jónsson,

Frumv. þar með fallið.

Heilsuhælissjóður.

FRUMVARP til laga um heilsuhælissjóð Íslands. (A. 151), 1. umr., 12. marz.

Flutningsmaður (Ólafur Briem): Ástæðan fyrir því, að komið er fram með frumv. þetta, er sú mikla hætta, sem stafar af berklaveikinni og sem vofir yfir landi og lýð. Læknarnir segja sýkingarhættuna svo mikla og veikina svo skæða, að engin önnur veiki komist í samjöfnuð, að því er það snertir. Erlendis er líka barist á móti þessum óvin mannkynsins af miklu kappi, og stórfé varið árlega til þess að stemma stigu fyrir henni, og því fé þykir sannarlega vel varið. — Hér á landi hefir líka myndast félag til þess að hefja ötula baráttu gegn veikinni. Félag þetta nær yfir land alt og hefir mjög mikið áunnið og safnað all-miklu fé í sjóð. En hér má betur, ef duga skal. Gjafir og samskot hafa komið inn í tugum og hundruðum króna, en þegar athugað er, þá hlýtur kostnaðurinn að verða í tugum og hundruðum þúsunda. — Einn af merkustu læknum landsins hefir nýlega skrifað ítarlega blaðagrein áhrærandi þetta mál. Hann segir, að veikin sé alt af að breiðast út meir og meir, og líkindi til þess, að hún magnist hér meir en annarsstaðar, ef ekki er kostað kapps um að stemma stigu fyrir henni. Reyndar er heilsuhælisfélagið tekið til að starfa af miklum dugnaði, en framkvæmdir þess ekki nema að nokkru leyti miðaðar við hvað þarf að gera, heldur við hvað hægt er að gera með því fé, sem fyrir hendi er. Áætlun hefir verið gerð yfir, hvað heilsuhæli fyrir berklaveika, sem rúmaði 50 sjúklinga, mundi kosta, og þar er gert ráð fyrir því, að hælið sjálft upp komið mundi kosta alt að 200,000 kr., og að reksturskostnaður sé minst 40,000 krónur. — Færeyingar, sú litla þjóð, hafa nýlega reist spítala handa 40 berklaveikum sjúklingum. Ef við lítum á þá, ætti okkur ekki að vera of vaxið að reisa spítala fyrir 80 sjúklinga. Ef slíkt heilsuhæli ætti að vera fjárhagslega trygt og svo fyrir komið, að það gæti staðið án þess að þurfa árlegar fjárveitingar úr landssjóði, þá veitti ekki af höfuðstól, er næmi heilli miljón, þegar maður reiknar kostnaðinn við það, að koma því upp í fyrstu, og svo reksturs-kostnaðinn »kapitaliseraðan« eða með öðrum orðum uppgerðan þannig í eitt skifti fyrir öll, að rentunar af þeirri fjárupphæð nægðu til þess að standa straum af hinum árlega reksturs-kostnaði.

Þessi fjárupphæð gæti fengist með því að leggja vínfangatollinn fyrir tvö fjárhagstímabil til þessa þýðingarmikla fyrirtækis, og við það er frv. miðað. Tollurinn af vínföngum um 3 síðustu ár hefir verið árlega að jafnaði full 200 þús. kr., og ef miðað er við tollhækkun þá, sem verið er að lögleiða á þessu þingi, þá ætti upphæðin með sama innflutningi og undanfarin ár, að nema alt að 375 þús. kr. á ári. — Nú má ganga að því vísu, að vínkaup mundu minka að mun vegna toll-

hækkunarinnar, en sennilegt er þó, að gera ráð fyrir því, að tollurinn fari ekki niður úr 225 þús. kr. á ári eða 1 miljón fyrir 4 ár. Í frumv. er miðað við það, að vínfangatollurinn um téð árabil nægði til þess að tryggja þetta nauðsynja fyrirtæki í bráð og lengd. En þegar veikin væri farin að réna, þá mætti verja sjóðnum til annara líknarstofnana eða fyrirtækja í sömu átt.

Sami læknir, sem reiknað hefir út kostnaðinn við heilsuhælið, sem fyr er frá greint, hefir líka reynt að gera lauslega áætlun yfir, hve mikinn skaða þessi skæða veiki baki þjóðinni. Eg skal ekki fara neitt út í þann útreikning. Það er eins og gefur að skilja, ekki auðið, að reikna slíkt nákvæmlega út með tölum, en það ætti að vera nóg til þess að sannfæra þjóðina um það, hvílíkur voði er á ferðum, ef eigi strax er ötullega við snúist.

Frumv. þetta stendur í nokkurskonar sambandi við hið fyrirhugaða aðflutningsbann áfengis. Og er þá gert ráð fyrir því, að bannlög komi ekki til framkvæmdar fyr en eftir 4 ár, að loknu næsta fjárhagstímabili, þannig, að áfengistollurinn fyrir téð tímabil 1912—1915, renni í sérstakan sjóð, er nefnist »Heilsuhælissjóður Íslands«, og sem ætlaður er til þess að standa straum af öllum útgjöldum hins fyrirhugaða heilsuhælis, bæði stofnkostnaði og reksturs-kostnaði, svo að þessi nytsemdarstofnun sé fullkomlega trygð í bráð og lengd, án þess að landssjóður þurfi að hafa þar af neinn veg eða vanda.

Eg lít svo á þetta mál, að auk þess sem það ætti að vera alvarlegt íhugunarefni, þá eigi það einnig að vera tilfinningamál, og ef það fengi góðan framgang, þá væri þar með stigið spor í áttina til þess að ná því marki, er sérhver þjóð hlýtur að keppa að og er frumskilyrði allrar farsældar, en það er, að um sem flesta af hennar einstaklingum megi segja með sönnu, að heilbrigð sál búi í hraustum líkama.

ATKV.GR.:

Frumvarpinu vísað til 2. umr. með 23 samhlj. atkv., og til aðflutningsbannsnefndarinnar með 21 samhljóða atkv.

Frá nefndinni kom ekkert álit í málinu.

Lækningaleyfi.

FRUMVARP til laga um lækningaleyfi (A. 248); 1. umr., 26. marz.

Flutningsmaður (Jón Magnússon): Eftir þingsköpuuum þarf að leita leyfis deildarinnar til þess að frumv. þetta verði tekið á dagskrá, því að það hefir ekki komið til þingsins fyrir hinn lögskipaða tíma, innan fjögra vikna frá þingsetningu. Mér ber sem flutningsmanni að gera grein fyrir frumv. þessu. Tilgangurinn með því er sá að koma á eftirliti með öllum, sem við lækningar fást, hvort sem lærðir eru eða ólærðir. Þar með er tilætlunin als ekki sú að banna próflausum læknum að taka sjúklinga til meðferðar, eins og sjá má á frumv., því að þar er gert ráð fyrir, að próflausir menn geti fengið leyfi til að stunda lækningar.

Þessi grein heilbrigðislöggjafarinnar hefir staðið óhögguð frá 1884, og hefir þó síðan mikið breytst bæði heilbrigðislöggjöf landsins yfirleitt og læknaskipun sérstaklega, þar sem læknar eru nú hálfu fleiri en þá. Það virðist því tími til kominn, að þetta verði íhugað af þingi. Því hefi eg flutt frv. þetta. En vera má samt, að ekki sé sann-

gjarnt að heimta það að frumv. þetta verði að lögum nú á þessu þingi.

Fleiri orðum hirði eg ekki að fara um frumv. að svo komnu, að minsta kosti ekki áður en leitað hefir verið leyfis deildarinnar um að það fái að komast að.

Afbrigði frá þingsk. um að leyft verði að taka frumv. til meðferðar sþ. með 16 samhlj. atkv.

Skúli Thoroddsen: Eg vil að eins leyfa mér að gera stutta athugasemd til bendingar fyrir væntanlega nefnd, og er hún sú, hvort ekki væri ástæða til að setja taxta, að því er snertir borgun til manna, sem lækningaleyfi hafa, en eru þó ekki embættislæknar. Nú geta slíkir læknar sett upp þá borgun, sem þeir vilja, án þess þeim séu nokkur takmörk sett, og munu þess eigi fá dæmi, að fyrir handtök, sem héraðslæknar mega ekki taka nema t. d. 5 kr. fyrir, taka »praktiserandi« læknar 20—30 kr., eða jafnvel meira. Þetta finst mér að ætti ekki að eiga sér stað og því vildi eg leyfa mér að skjóta því til væntanlegrar nefndar, hvort ekki mundi vera heppilegt að setja inn í frumv. ákvæði um það, að »praktiserandi« læknar mættu ekki taka meira fyrir lækningar sínar, en sem svarar t. d. tvöföldu eða þreföldu gjaldi, miðað við fasta taxtann, sem embættislæknum er skylt að fara eftir.

Þorleifur Jónsson: Það stendur svo óheppilega á, að eg hefi ekki séð þetta frumv. fyrr en nú í dag, þótt eg viti ekki, hvað valdið hefir töf á útbýtingu þess. Eg hefi því ekki haft góðan tíma til að kynna mér ákvæði þess, og það sem eg nú segi, styðst aðallega við fljótlegan yfirlestur.

Mér virðist þetta frumv. miða að því að banna öllum skottulæknum, svo kölluðum eða mönnum, sem hafa ekki tekið próf í læknisfræði, allar lækningar. Mig furðar á þessu, eftir því sem læknamálunum er nú komið. Nú liggja fyrir þinginu 6 eða 7 frumv. um ný læknishéruð. Eg get ímyndað mér, að þingið treysti sér ekki til fjárhagsins vegna að verða við öllum tilmælum, sem fram hafa komið um fjölgun læknishéraða. Hví má þá ekki lofa þeim, sem hafa áhuga og vilja á að hjálpa sjúklingum, að gera það? Eg veit, að menn hafa sagt og kunna að segja, að skottulæknar geri mönnum ekki annað en skaða; en það er hægra að segja en sanna. Eg tel óvíst, að skottulæknar hafi gert svo mikið tjón, sem héraðslæknar halda fram. Eg held að lækningar þeirra hafi oft orðið til góðs, því þótt þeir hafi ef til vill ekki kunnað mikið til lækninga, þá hefir þó almenningur haft þá trú, að bata mætti fá af lækningum þeirra, og það er ef til vill ekki hið versta.

Það er og enn athugandi, að þótt læknum hafi verið fjölgað hér til mikilla muna við það, sem áður var, þá er þó mönnum enn í afskektum sveitum með öllu ókleyft oft og einatt að vitja hinna löggiltu lækna, og væri þá illa farið að banna að vitja þeirra manna, sem reynslu hafa í þeim efnum, þótt ekki séu þeir löggiltir.

Af þessum ástæðum er eg á móti frumv. og álít, að háttv. þingd. eigi beint að fella það. Það eina nýtilega sem eg get fundið í frumv. þessu, er ákvæði í 4. gr. um það, að landlæknir skuli gefa læknum áminningar, þeim er vanrækja störf sín. Raunar held eg ekki, að ný lög þurfi um þetta efni, því að landlækni mun heimilt að áminna lækna, ef honum þurfa þykir.

Flutningsmaðnr (Jón Magnússon): Frv. þetta er komið frá landlækni, svo

sem getið er um í athugasemd. aftan við það. Stjórnarráðinu var sent það, en það kom of seint til þess að stjórnin gæti lagt það fyrir þingið, og því hefi eg tekið að mér flutning þess. Eg hefi gert það sérstaklega í þeirri von, að deildin taki það til íhugunar, og setji nefnd í það. Eg fyrir mitt leyti mundi telja heppilegt að lögleiða slík ákvæði, sem í frumv. eru fólgin, sérstaklega vegna eftirlits með læknunum, en aðaláherzluna legg eg á það nú, að frumv. sé íhugað. Í því sambandi skal eg geta þess, að eg tel einkar heppilegt, að setja inn í frumv. ákvæði um þóknun til praktíserandi lækna, svo sem háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) lagði til.

Önnur orsök til þess, að frv. þetta er komið fram er tilfelli, sem kom fyrir í læknishéraði einu nálægu. Héraðslæknir hafði fundið berklaveiki í sjúklingi á bæ einum, og lagt til að hafa hann í sérstöku herbergi. Þessu var fylgt og leið sjúklingnum bærilega. Nú kom skottulæknir einn á bæ þennan, skoðaði sjúklinginn og kvað enga tæringu í honum vera. Hann réð til að láta sjúklinginn vera í baðstofunni innan um hitt fólkið, því að þar væri hlýrra. Þetta var gert. Skottulæknirinn sat þar í hálfan mánuð við góðan beina, og fekk 150 kr. að viðskilnaði. Litlu eftir að skottulæknirinn fór af bænum dó sjúklingurinn úr berklaveiki. Síðan hafa fleiri menn á bænum fengið tæringu.

Það er ekki til neins að vera að koma á sóttvörnum, ef það er ekki trygt, að læknar, sem vit hafa á, skoði sjúklingana; þar er ekki hægt að byggja á sögusögn ólærðra lækna.

Það er ekki rétt hjá háttv. þm. A.-Sk., (Þorl. J.), að tilætlunin með frv. sé að banna ólærðum læknum lækningar. Landlæknir getur eftir því veitt þeim lækningaleyfi, og því mundi í afskektum héruðum, t. d. Öræfum, slíkt leyfi verða veitt, einkum þegar héraðslæknar eru í mikilli fjarlægð. En meiningin er að útiloka þá frá að fást við lækningar, sem als ekkert vit hafa á því.

Annars er ekki vert að deila um þetta nú frekar. Eg hygg að háttv. deild viðurkenni, að ástæða sé til að íhuga málið; legg eg til að skipuð verði 5 manna nefnd í það, og er nefndarálit væri komið um málið, væri ástæða til að ræða það nánara í einstökum atriðum.

Björn Kristjánsson: Hv. flutnm. (J. M.) leit svo á, að ekki væri ástæða til að tala mikið um þetta mál við fyrstu umr., en þar sem búast má við, að mál þetta verði talsvert ágreiningsmál, þá virðist ástæða til að fara um það nokkrum orðum, sem gæti orðið til bendingar fyrir væntanlega nefnd.

Skottulæknar eru nauðsynlegir vegna þess að oft er langt til lækna, og vegna þess að héraðslæknar eru oft á ferðalagi fyrir utan sitt umdæmi og það lengi, t. d. hefir héraðslæknirinn í Hornafirði dvalist hér langan tíma, án þess að nokkur væri settur í hans stað á meðan, nema ef til vill nágrannalæknir, sem býr á Djúpavogi. Líkt og þetta hefir oft komið fyrir. Með »ólærðum læknum« hér mun átt við smáskamtalæknana — homopatana —, því að um aðra er ekki hér að gera nú. Nú telja læknar smáskamtalyfin ónýt, að þau geri hvorki skaða né gagn; þá ætti engin hætta að vera, þótt þeir héldu áfram. H. þm. Vestm. (J. M.) sagði, að ekki væri tilætlunin að sporna við því, að ólærðir læknar fáist við lækningar. Eftir 1. gr. frv. er þó einmitt á valdi landlæknis að leyfa slíkt, og smáskamtalæknar ekki undanskildir. Nú

er það á allra manna vitorði, að landlæknirinn er mjög andvígur smáskamtalæknum, og því lítil líkindi til, að hann mundi veita þeim leyfi.

Eg fæ ekki annað séð, en að bráðnauðsynlegt sé, að smáskamtalæknar fái að halda áfram lækningum sínum, og tel ótímabært að samþykkja þetta frumv. nú. Það getur komið til mála, þegar læknum fjölgar hér svo, að þeir séu á annari hverri þúfu, svo að segja.

Eg vil benda á það, að í útlöndum er það alsiða, að smáskamtalæknar hafi próf. En hvar er skóli hér á landi fyrir slíka menn? Hvergi nokkursstaðar. Eins og mönnum er kunnugt, er alstaðar í heiminum slagur á milli hinna lærðu lækna og homopatha, og mér finst ekki rétt, að þingið sé nokkuð að slétta sér út í þannig löguð mál. Eg er fyllilega samdóma háttv. þm. A.-Sk. (Þorl. J.) um það, að sé það trúin sem læknar, hví á þá að meina slíka lækningu?

Dæmi háttv. þm. Vestm. (J. M.), þótti mér nokkuð skrítið. Hafi það sannast, að tjón hafi hlotist af völdum smáskamtalækna, átti auðvitað að sekta þá samkvæmt þar að lútandi lögum, alt að 100 kr. Lögin heimila þeim að lækna, en geri þeir eitthvað vitavert fyrir sér á vítanlega að sekta þá. Eg þykist vita, að háttv. þm. Vestm. (J. M.), sé það ljóst, að lærða lækna hefir hent oft og hendir enn að segja skakt til um veiki. Það er enginn svo skýr, að honum geti ekki skjátlast.

Tilraun síðasta þings um að gera lög um læknataxta hefir algerlega mishepnast; þau lög eru óhæfileg alþýðu manna. Eg hefði reyndar vænst þess, að landlæknir hefði gert eitthvað til að hindra yfirgang lækna, sem eru svo gerðir að taka meira fyrir störf sín en þeim ber, og sem almenningur er enn varnarlaus fyrir, þrátt fyrir læknataxtann; þess mundi þó hafa verið full þörf. Eg lít einnig svo á, að þörf hefði verið á að koma með frumv. um, að stofna mætti hér sunnanlands aðra lyfjabúð, eða að minsta kosti að fella úr gildi kansellíbréfið 9. marz 1841, sem gerir læknum að skyldu að kaupa öll lyf sín hér á landi. Fyrir slíkar umbætur mundi eg vera landlækni þakklátur.

Skal eg svo ekki fara frekar út í þetta að svo stöddu. Vonast til að fá síðar tækifæri til að tala í þessu máli.

Flutningsmaður (Jón Magnússon): Eg get varla búist við því, að það gagnaði þann, sem dáið hefði fyrir vankunnáttu skottulæknis, þótt skottulæknirinn fengi einhverja sekt eftir á. Get heldur ekki skilið, hvernig háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) fer að setja þetta mál í samband við það atriði, hvort gera eigi lyfjaverzlun hér að meira eða minna leyti frjálsa. Eg tel mjög vafasamt að lyfin yrðu vandaðri eða ódýrari, þótt sú verzlun yrði gefin frjáls; hygg það mundi einungis verða einstökum mönnum til hagnaðar. Svo er reynslan annarsstaðar.

Fái mál þetta að fara í nefnd, sem eg vona að verði, verður tækifæri til að athuga það betur. Eftir því sem lærðum læknum fjölgar, ætti að vera óhættara að setja strangari reglur um meðferð annara manna á sjúklingum. Nýjustu skýrslur sýna, að skottulæknar eru talsvert fleiri en lærðir læknar.

Björn Sigfússon: Frumvarp þetta er til þess gert að koma í veg fyrir, að ólærðir læknar geri skaða og til þess getur verið full ástæða. En eg vildi skjóta því til þeirrar nefndar sem væntanlega verður skipuð í málið að reyna að finna ráð gegn því að hinir svokölluðu lærðu læknar geri skaða, dragi t. d. ekki út ósjúka tönn fyrir sjúka, eða taki heilbrigt auga fyrir

vanheilt o. s. frv. án þess að þeim sé það vitalaust. Eg vil ekki draga fram dæmi eins og h. þm. Vestm. (J. M.) gerði um ólærðan lækni — til að sýna að hið sama hendir lærðu læknana því miður. Það er ágætt, ef nefndin getur fundið ráð til að gera hvorutveggja óskaðlega.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. með 13 atkv.

Fimm manna nefnd samþ. með 14 atkv., og hlutu kosningu með hlutfallskosningu:

Björn Þorláksson,
Jón Magnússon,
Þorleifur Jónsson,
Pétur Jónsson,
Björn Kristjánsson.

Í nefndinni var Björn Þorláksson kosinn formaður og Jón Magnússon skrifari. Frá nefndinni kom ekkert álit.

Hæstiréttur á Íslandi.

FRUMVARP til laga um stofnun hæstaréttar á Íslandi, (A. 124); 1. umr.; 12. marz.

Flutningsmaður (Jón Þorkelsson): Eg veit ekki nema það verði enn þá misklíð um það, hvort þetta mál komi í bága við stjórnarskrána. En málið um afnám hins danska hæstaréttar hér á landi er sama sem krafa um stofnun hæstaréttar hér á landi. Mál þetta hefir tvisvar áður verið hér fyrir alþingi. Í fyrra skiftið árið 1885, þá borið fram af okkar minnisstæða gamla þinghöfðingja Benedikt sýslumanni Sveinssyni. Bar hann það fyrst fram sem einföld lög, en þáverandi forseti — eg ætla það væri Grímur Thomsen — neitaði að taka það til umræðu, af því það færi fram á breyting á stjórnarskránni. Bar hann það þá fram aftur sem breyting á stjórnarskrá landsins. Þann veg fór um málið á þingi. Árið 1891 bar sami maður málið aftur fram, með hinum núverandi þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) — og þá sem einföld lög — og taldi forseti sá, sem þá var, séra Þórarinn Böðvarsson, það lögmætt, og því var hlýtt. Bæði hann og Benedikt Sveinsson skoðuðu það svo, að stöðulögin væru ekki gild hér á landi, og því gæti þetta mál á engan veg komið í bága við stjórnarskrána.

Frumvarp þetta ber fingraför eins af okkar lærðustu lögfræðingum, en þarf þó sjálfsagt eigi að síður athugunar við, því að málið er stórt og mikilsvert. Enda þótt eg búist ekki við, að mál þetta verði útkljáð á þessu þingi, þá gæti þó á þessu stigi málsins kannske átt við að benda í örfáum dráttum á það, hvernig dómsmálum landsins hefir verið háttað á undanförnum öldum. Í fyrnsku voru hér að eins 2 dómstólar: héraðsdómar, og voru þeir háðir á vorþingum, undir umsjón goðanna, en hæstiréttur voru þá fjórðungsdómarnir á alþingi. En til þess að dómur gæti þar fram farið, varð hann að vera uppkveðinn einum rómi, og fór því oft svo, að ekki var hægt að fá dóm á málum sínum. — Ekki þurfti nema einn mann til þess að gera ágreining, og þá varð engu dómsorði á lokið. Þetta leiddi til þess, að árið 1004 var stofnaður á alþingi hinn svo nefndi Fimtardómur, sem Njála segir oss, að Njáll hafi látið stofna. Í þeim dómi réði afl atkvæða, og gat því aldrei farið svo, að eigi yrði dómur upp kveðinn. Frá 1004 og til 1271, að Járnsíða var leidd í lög, var Fimtardómur hæstiréttur hér á landi.

Eftir Járnsíðu er ekki að sjá að hægt væri að skjóta máli af landi burt, en eftir Jónsbók skyldi það af hverju máli hafa, sem lögmaður og lögréttumenn urðu ásáttir, en yrði ágreiningur var málinu til konungs skotið. En lögmannsúrskurð mátti enginn rjúfa, og ekki einu sinni konungur sjálfur, nema með beztu manna ráði. Konungur var því eftir Jónsbók æzti dómandi. En eftir því, sem tímar liðu, tók hið norska ríkisráð, eftir því sem það magnaðist og yfirgangur á réttindi vor jókst einnig að dæma í ýmsum íslenzkum málum, sem vitanlega var löglaust að öðru leyti en því að konungur var forseti ríkisráðsins. Stóð svo þar til árið 1537, að ríkisráð Norðmanna var lagt niður, og norsk mál lögð undir danska ríkisráðið. Árið 1563 kom konungsbréf hingað út um stofnun yfirréttar hér á landi. Ber einn af lögfræðisríthöfundum Dana nú mikið mál í það, að þessi skipun hafi verið gerð að vilja landsmanna, þeir hafi kært yfir því, hversu lögmennirnir væru ranglátir í dómum sínum. En bæði er þetta óliklegt, því að þetta var bein skerðing á dómsvaldi lögmanna og lögréttunnar, dómsvaldi landsmanna sjálfra, en er þetta rangt sagt. Svo stóð á um þessar mundir, að kaupmaður sá var í Vestmanneyjum, er hét Simon Surbek. — Hann var danskur að uppruna og lítt þektur. Þá var lögmaður sunnan- og austan, Páll Vigfússon á Hliðarenda, sá hinn sami maður, sem árið 1551 setti sig einarðlegast á móti eiðum þeim, er Otti Stígsson kúgaði landsmenn þá til að sverja, og er ekki óliklegt, að hann hafi einnig átt drjúgan þátt í því, að Otti Stígsson, sjálfur hirðstjóri landsins, sver þess eið á sama þinginu að halda hvern mann við lög og rétt, ríkan sem fátækan, eftir því sem Noregskonungar hafa oss játað, og samþykt hefir verið millum náðugasta herra konungsins og þegnanna að halda.

Lögmaður hafði verið eitthvað harðleikinn við þennan Símon Surbek árið 1562, og hafði maður þessi kært það til konungs. Er og ekki ósennilegt, að konungi hafi verið kunnugt um framkomu lögmannsins við eiðatökurnar 1557. En víst er það, að lögmanni var stefnt utan til þess að standa fyrir máli sínu. Það var þess vegna danskur maður — en ekki Íslendingar —, sem kærði yfir ranglátum dómum lögmanna, og varð til þess, að yfirdómur var stofnaður hér á landi 1563. — Íslendingar sintu lítið þessum yfirdómi, og er það svo að sjá, sem konungi hafi líkað miður, því árið 1593 endurnýjaði konungur skipun sína um yfirdóm hér á landi, og mælir svo fyrir, að hann skuli verða að verki. — En þó er svo að sjá, sem engir eða fáir hafi skotið málum sínum til yfirdómsins á fyrri hluta 17. aldar. — Árið 1661 verður, eins og flestum er kunnugt, sú breyting á með einvaldsstjórninni, að hæstiréttur er skipaður í Danmörku, en ekki var þó þeirri fyrirskipan þinglýst hér á landi, og á 17. öld er ekki hægt að sjá, að hérlendir menn hafi skotið þangað málum sínum að neinu ráði. En á 18. öldinni á dögum þeirra Páls Vídalíns, Odds Sigurðssonar og Jóns biskups Vídalíns — þá var eins og menn vita róstusamt mjög í landinu — fóru menn að nota þennan dómstól töluvert, og úr því síðan nokkuð jafnan alt til vorra daga, er nú lifum.

En auk þess fengu Íslendingar stundum að kenna á hinum svonefndu

kommissions-dómum. — Þeir voru skipaðir yfir alla aðra dóma og dómara. Voru þeir háðir hér á landi, bæði þegar Frederik Friis og Jörgen Vind voru sendir hingað 1618, til að dæma um mál þeirra Odds biskups og Herluffs Daae og mörg önnur mál, og þóttust menn þá ná lítt íslenzkum lögum á alþingi. Þá voru þeir Árni Magnússon og Páll Vídalín skipaðir hér kommissions-dómarar 1703 um als konar málefni landsmanna. En jafnan voru dómar þessir illa þokkaðir og þóttu stundum gripa freklega fram fyrir hendur á sönnu réttarfari landsins, enda hefir þeim lítt verið að mæta síðan. Síðan á 18. öld hefir hæstiréttur Dana einnig verið hæstiréttur hér á landi. Og eftir ákvæðum stöðulaganna er það, að hæstiréttur Dana skuli vera æzti dómstóll í íslenzkum málum, og að því búum vér nú.

Eg vonast til þess, að hin háttv. deild kjósi nefnd í málið; enda þótt eg búist ekki við því, að málið verði útrætt á þessu þingi, þá er mál þetta svo stórt og mikilsvert, að það er sjálfsagt, að mönnum gefist kostur á því að athuga það vel og vandlega, og býst eg þá við, að allir verði á eitt sáttir um gagnsemi þess. Það er einn af hinum miklu þáttum sjálfstæðis vors, sem oss ríður á, að megi leika í vorum eigin höndum, en ekki annara.

ATKV.GR.:

Samþykt að skipa 5 manna nefnd í málið með 23 atkv. samhlj., og í hana kosnir með hlutfallskosningu:

Jón Þorkelsson
Jón Magnússon
Skúli Thoroddsen
Benedikt Sveinsson
Jóhannes Jóhannesson.

Fyrstu umr. frestað.

Í nefndinni var Skúli Thoroddsen kosinn formaður, en Jón Þorkelsson skrifari og framsögumaður.

Framhald 1. umr., 16. apríl. (A. 124, n. 437).

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. með 13 atkv.

Önnur umr., 19. apríl. (A. 124, n. 437).

Framsögumaður (Jón Þorkelsson): Eg hefi í rauninni fátt að segja um frumv. þetta nú. Nefndin hefir og fátt haft við það að athuga. Breytingarnar, sem hún leggur til að gera, eru flestar orðabreytingar. Helztu efnisbreytingarnar eru, að summa appellabilis eða upphæð málaskota verði færð úr 20 kr. upp í 100 kr. — Aftan við 22. gr. er og bætt því ákvæði, að laun dómara hækki samkvæmt lögunum miðað við embættisaldur þeirra í landsyfirrétti. Þar með og að þeir taki embætti í sömu röð í hæstarétti, sem þeir höfðu áður í landsyfirrétti, og að dómstjóri landsyfirréttar verði þá dómstjóri hæstaréttar. Það, sem helzt var ágreiningur um, var það, hvort málflutningur ætti að vera munnlegur eða skriflegur við hæstarétt hér. Sumir, og þar á meðal eg, voru þeirrar skoðunar, að hentara væri að hafa munnlegan málflutning, einkanlega í meiðyrðamálum og sakamálum. Samt þótti það þar við að athuga, að af því mundi leiða nokkuru meiri kostnað, því að bæði yrði þá að hafa dómsmálaritara og að sjálfsögðu þyrfti þá að prenta útdrátt úr málunum. Enn er það, að málaflutningsmenn munu enn vera óvanir munnlegum málflutningi, og dómurum jafnvel ósýnt um að hlýða til gagns á munnlega framsögu sakar. Því þótti nefndinni réttast, að láta bíða, að svo

komnu að lögleiða þetta, en lofa heldur dóminum að ráða því sjálfum, hve nær henta þætti, að þetta kæmist á. Það munu flestir skilja, hvílíka yfirburði munnlegur málflutningur hefir; þar fara málin fram í heyranda hljóði, og er það mikilsvert í málum, sem almenningur lætur sig miklu varða. Þar á móti er í skriflegum málflutningi alt grafið niður og dulið öllum almenningi.

Annað hefi eg ekki að taka fram. Breyt.till. sýna sig sjálfar; eg ætla ekki að mæla með þeim, en flestar eiga þær að vera til bóta.

ATKV.GR.:

1.—2. gr. frv. samþ. með 15 smhlj. atkv.

1. Breyt.till. á þskj. 437 við 3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

2.—4. Breyt.till. á þskj. 437 við 3. gr. samþ. án atkv.gr.

3. gr. þannig breytt sþ. með 16 shlj. atkv.

5. Breyt.till. á þskj. 437 við 4. gr. sþ. með 15 shlj. atkv.

4. gr. þannig breytt sþ. með 16 shlj. atkv.

6. Breyt.till. á þskj. 437 við 5. gr. sþ. með 16 shlj. atkv.

5. gr. þannig breytt sþ. með 16 shlj. atkv.

7. Breyt.till. á þskj. 437 við 6. gr. sþ. án atkv.gr.

6. gr. þannig breytt sþ. með 16 shlj. atkv.

8. Breyt.till. á þskj. 437 við 7. gr. sþ. með 13 shlj. atkv.

7. þannig breytt og 8. gr. sþ. með 14 shlj. atkv.

9. Breyt.till. á þskj. 437 við 9. gr. sþ. án atkv.gr.

9. gr. þannig breytt sþ. með 14 shlj. atkv.

10. Breyt.till. á þskj. 437 við 10. gr. sþ. án atkv.gr.

11. Breyt.till. á þskj, 437 við 10. gr. sþ. með 15 shlj. atkv.

12. Breyt.till. á þskj. 437 við 10. gr. sþ. með 16 shlj. atkv.

13. Breyt.till. á þskj. 437 við 10. gr. sþ. með 14 shlj. atkv.

14. Breyt.till. á þskj. 437 við 10. gr. sþ. með 15 shlj. atkv.

15. Breyt.till. á þskj. 437 við 10. gr. sþ. með 15 shlj. atkv.

16. Breyt,till. á þskj. 437 við 10. gr. sþ. með 16 shlj. atkv.

10. gr. þannig breytt sþ. með 16 shlj. atkv.

17. Breyt.till. á þskj. 437 við 11. gr. sþ. án atkv gr.

18. Breyt.till. á þskj. 437 við 11. gr. sþ. með 13 shlj. atkv.

11. gr. þannig breytt sþ. með 13 shlj. atkv.

12. gr. frv. óbreytt samþ. með 14 shlj. atkv.

19. Breyt.till. á þskj. 437 við 13. gr. sþ, án atkv.gr.

20. Breyt.till. á þskj. 437 við 13. gr. sþ. með 14 shlj. atkv.

21. Breyt.till. á þskj. 437 við 13. gr. sþ. án atkv.gr.

13. gr. þannig breytt sþ. með 14 shlj. atkv.

14. gr. frumv. óbreytt samþ. með 15 shlj. atkv.

22. Breyt.till. á þskj. 437 við 15. gr. sþ. með 16 shlj. atkv.

15. gr. þannig breytt og 16.—19. gr. sþ. með 16 shlj. atkv.

23. Breyt,till. á þskj. 437 við 20. gr. sþ. með 15 shlj. atkv.

20. gr. þannig breytt sþ. með 15 shlj. atkv.

24. Breyt.till. á þskj. 437 við 21. gr. sþ. með 16 shlj. atkv.

21. gr. þannig breytt sþ. með 15 shlj. atkv.

22. gr. frumv. óbreytt sþ. með 15 shlj. atkv.

25. Viðauki við 22. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

26. Breyt.till. á þskj. 437 við 23. gr. sþ. án atkv.gr.

27. Breyt.till. á þskj. 437 við 23. gr. sþ. án atkv.gr.

23. gr. þannig breytt sþ. með 15 shlj. atkv.

28. Breyt.till, á þskj. 437 við 24. gr. sþ. með 14 shlj. atkv.

24. gr. þannig breytt sþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögnin talin samþ. án atkv.-greiðslu.

Frumv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Þriðja umr., 21. apríl. (A. 527).

ATKV.GR.:

Frumv. samþ. með 13 shlj. atkv., og afgreitt til Ed.

Þingtíðindaprentun.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum 10. nóvember 1905 um þingsköp handa alþingi; (A. 110); 1. umr. 6. marz.

Flutningsmaður (Björn Jónsson): Frumv. það, er hér ræðir um, fer fram á að létt sé af þinginu lagaskyldu, er á því hvílir um það, að umræður á alþ. skuli birta, eins og venja hefir verið til.

Umræður um þetta mál hafa orðið nokkrar með þingmönnum á einkafundum og í fjárlaganefnd; hefir flestum komið saman um það, að æskilegt væri að spara þann kostnað, er leiðir af prentun alþt. með venjulegum hætti.

Eg hefi áður minst á það, að þessi kostnaður var á síðasta þingi 13,000 krónur, þar af 4000 til skrifara og 9000 til prentunar og annars, er að því lýtur.

Menn eru margir á eitt sáttir og eg um það, að hér sé um allmikið fé að ræða og mætti verja því til einhvers þarflegra fyrirtækis.

Skrifarar hafa nú þegar verið ráðnir af þinginu og verður þeim ekki vísað frá í þetta sinn, en hins vegar virðist óþarft að prenta ræður þingmanna. Handritin gætu legið í skjalasafni alþ. og mætti fá afrit af þeim, þegar þess yrði óskað.

Síðar meir ætti þingið að afráða í byrjun þings, hvort skrifa skuli ræðurnar eða ekki. Spurningin er að eins þessi: Á að halda lagabandinu eða ekki?

Ef því yrði létt af — sem betur væri — þá ákveður þingið, hvort prenta skuli ræðurnar eða ekki.

Og mér virðist langréttast að samþ. þetta litla frv.

Þetta er ósk margra manna, og það er einnig þörf. Auk þess hafa líka heyrst raddir almennings í þessa átt. Ein 5—6 kjördæmi hafa samþ. ályktun um þetta, og áskoranir hafa komið frá mörgum merkum mönnum, alt í þá átt, að prentun alþt. (umræðnanna) sé hætt.

Þessu máli var hreyft hér á þingmannafundi í vetur, og svo var leitað hófanna meðal ýmsra nafnkendra manna víðsvegar úti um landið. Svörin urðu flest á eina lund að spara umræddan kostnað, og var jafnvel minst á alþt. með óvirðingu, gefið í skyn að menn leituðu þar að eins að skömmum — öðru ekki.

Ef þingið vill hjálpa almenningi um þess konar rit, er að eins sé til skemtunar, þá væri miklu nær að senda mönnum út um sveitir ókeypis eintök af Úlfarsrímum eða annað þess konar.

Ef frv. þetta nær fram að ganga, þá hefi eg hugsað mér að leggja til, að gefinn verði út skjalaparturinn, þó styttur að mun, og sem viðbót gerðabækur deildanna, svo að sjá megi atkv.gr. o. fl. Og enn skyldi gefa út — sem 2. viðauka — umræður um sambandsmálið og stjórnarskrármálið. Það hefir verið kvartað yfir því, að mjög ilt væri, ef umræður um þetta mál kæmu ekki fyrir almenningssjónir. Og mér virðist það réttmætt, og hallast að því, að almenningur ætti einmitt að fá að sjá það.

Skjalaparturinn yrði þá ein bók (ɔ: alþt.) og svo tveir viðaukar.

Eg skal drepa á það, að í skjali, sem sent hefir verið til þingsins í dag er áskorun frá 40 prenturum hér í bænum um að fella þetta frv., af því að það baki svo mörgum mönnum atvinnutjón. En þótt eg vildi verða allra manna síðastur til þess að baka mönnum slíkt tjón, þá vil eg benda á það, að ef þingið ætlaði sér að hlaupa undir bagga í þeim efnum, þá mundi hlutverk þess verða æði umfangsmikið og vandasamt. Ef skip verða að standa uppi, þá yrði þingið að fara að gera út skip, og ef mjög lítið yrði um vegavinnu eitthvert sumar, þá ætti þingið að hlaupa til að fara að láta leggja vegi til þess eins að útvega vegamönnum atvinnu, þó að það hefði als ekki ætlað sér það ella.

En sá er þó hinn mikli munur í þeim dæmum, að skip og vegir eru þarfleg og jafnvel nauðsynleg; hitt er ónauðsynlegt og líkast því að veita mönnum atvinnu við að leika sér, t. d. að hlaða vörður sér til gamans, þar sem þeirra þarf ekki við.

Það er sóun á fé, er til margs annars mætti nota til gagns og frambúðar.

Ef alþt. yrðu nú samt gefin út vegna prentaranna, hve mikil er þá hjálp sú, sem þeim er veitt með því? Ekki meiri en svo, að einungis 20. hver maður (prentari) fengi sæmilega atvinnu til næsta þings eða því sem næst.

Fer eg nær um þetta af eigin reynslu, mér er kunnugt um það frá prentsmiðju þeirri, er eg hefi yfir að ráða; og á sama máli er sessunautur minn hér í deildinni (Sk. Th.)

Hún yrði því nauðalítil hjálpin, sem mönnum yrði veitt með þessu.

Eg vænti þess, að þessu máli verði vísað til 2. umr., og vinst þá nægur tími til að athuga, hvort nægileg rök eru fyrir því eða ekki, að þessi kostur sé tekinn.

Þó að menn fallist á frv., þá má auðvitað prenta umræðurnar í þetta sinn fyrir því.

Jón Magnússon: Þetta frv. lítur að vísu vel út, að minsta kosti fyrir þingið, þar sem leysa á band af því sjálfu, þinginu. En meiningin er samt önnur í raun og veru; meiningin er að taka af prentun á umræðum þingsins.

Eg fyrir mitt leyti tel sjálfsagt að prenta umræðurnar, alveg eins og gert hefir verið áður — eða þá að prenta als ekki neitt.

Og að minsta kosti væri heppilegra að setja alveg fasta reglu um þetta, ef breyta ætti, heldur en láta það vera alveg óákveðið, hvort prenta skuli umræðurnar eða ekki, eða hvernig skuli prenta þær.

Það yrði óneitanlega mjög óviðkunnanlegt, ef prentaðar yrðu hér eftir umræðurnar á sumum þingunum, en ekki sumum, og stundum útdráttur að eins

af þeim, en stundum nokkurn veginn eins og hingað til hefir tíðkast, því að það yrði eftir till. háttv. flutnm. (B.J.) alveg undir forsetunum komið, hvort nokkuð skyldi prenta eða ekki, og hve mikið prenta skyldi.

Það er að vísu lofsvert og fagurt að spara landsfé, en slíkur sparnaður og hér ræðir um er ekki réttmætur.

Hins vegar er ekki hægt að segja, að fé því sé með öllu glatað, sem fer úr landssjóði til þessa. Þingskriftirnar hafa oft orðið ungum mönnum og efnilegum töluverður styrkur til að afla sér menningar, og yfirleitt munu menn á eitt sáttir um það, að slíku fé sé ekki til einskis varið.

Hitt fer mest til prentaranna — því að pappírinn og annað þess konar hleypir kostnaðinum ekki mjög mikið fram. — Því fé er heldur ekki á glæ kastað.

Þó að það sé allmikið fé, er úr landssjóði fer með þessu móti, þá er skaðinn í rauninni ekki svo tilfinnanlegur: féð er blátt áfram látið úr einum vasanum í annan.

Alt öðru máli væri að gegna, ef féð færi út úr landinu, þá væri kostnaðurinn tilfinnanlegur.

Það má að vísu segja um sumt það, sem prentað er í alþt., að það sé ekki mikils virði, en margt er þar þó, er menn girnast að sjá.

Fyrir sögu landsins hefir það mikla þýðing, að umræðurnar á alþ. séu prentaðar; því verður als eigi neitað, vér værum nú miklum mun ófróðari um sögu landsins síðan um 1850, ef vér hefðum ekki alþt. Fyrir hvern þann, er rannsaka vill sögu landsins eftir þann tíma, eru þingtíðindin, ekki síst umræðuparturinn, óþrjótandi auðsuppspretta. Það má máske segja, að fyrir sagnfræðingana nægi að umræðurnar séu skrifaðar, og geymist í handriti; en fyrst er nú það, að slíkt handrit er ekki svo vel aðgengilegt fyrir marga, og svo er hitt, að þá sparaðist ekki borgunin til ritaranna. Og að segja það, að blöðin geti flutt tíðindin af þinginu, það er ekki til neins, því að það er vitanlegt, að blöð vor eru eigi fær um, enn sem komið er, að flytja nema mjög ófullkomnar fréttir af þingi, svo að segja með höppum og glöppum.

Við skýringar þeirra laga, er frá þinginu koma, er það mjög mikilsvarðandi að hafa þingtíðindin, ekki síður oft og einatt umræðurnar, en skjölin; það vita allir þeir, er nokkuð hafa þurft að eiga við lögskýringar.

Eg tel það afturför, ef hætt yrði að prenta alþt., þó ekki væri nema fyrir þá sök, að þau eru mörgum til fróðleiks og skemtunar. (*Björn Jónsson*: Skemtunin gæti verið ódýrri). Getur verið, að ódýrri skemtun mætti fá, en hér er ekki að eins að ræða um gaman, heldur einnig gagn.

Þjóðin á rétt á að sjá, hvað hér gerist, enda þótt fáir lesi mikið af því. Og látum svo vera, að einungis 2—3 menn í hverjum hrepp læsu nokkuð að ráði í alþt. Þeir eiga í rauninni heimting á því að missa ekki það færi, sem þingtíðindin gefa, til þess að fá að vita, hvað á þinginu gerist.

En það tjáir ekki að deila um það, hvort fleiri eða færri lesi þingtíðindin, hvorki eg né háttv. flutnm. (B.J.) getur sannað neitt í þessu efni.

Það er þó næsta ósennilegt, að ekki sé einmitt töluvert lesið, að minsta kosti þekki eg til þess að menn upp til sveita hafa haft miklar mætur á alþt., og lesið þau töluvert.

Mér virðist annars, að ekki sé neitt áríðandi að vinda bráðan bug að þessu máli; menn ættu að hugsa sig vel um, áður en farið er að breyta þeirri skip-

un um að gera kunnug störf þingsins, sem nú hefir lengi haldist; mætti bíða þangað til það frumvarp um þetta efni kæmi frá hinni væntanlegu nýju stjórn.

Á hinn bóginn virðast menn hafa lagt ótrúlega mikið kapp á þetta; það hafa verið gerð afbrigði frá þingsköpunum til þess að koma þessu máli á dagskrá í dag. Mætti ætla, að hér lægi eitthvað það á bak við — ef til vill — er ekki er gert opinskátt.

Eg endurtek það, sem eg sagði áðan, að það er mjög óheppilegt, að alt valdið í þessu efni sé hjá forsetunum; þeir þurfa ekki að ráðfæra sig við hina þingmennina, og þingmenn hefðu enga tryggingu fyrir því, að neinni vissri og réttri aðferð væri fylgt við prentunina.

Nei, þá væri miklu réttara að prenta als ekkert af umræðunum.

Eg ræð háttv. deild til að fella þetta frumv. nú þegar og láta á þann hátt í ljósi vilja sinn um að prentuninni skuli haldið áfram í sama horfi og verið hefir.

Flutningsmaður (Björn Jónsson): Eg skal að mestu bíða að svara þangað til við 2. umr. Það er ekki þannig lagað þetta mál, að hægt sé að ræða öllu frekar um það fyr en þá.

Að öðru leyti vil eg vísa frá mér þeim aðdróttunum háttv. þm. Vestm. (J. M.), að hér liggi eitthvað á bak við annað en málefnið sjálft. Bið eg hann framvegis spara mér og öðrum slíkar aðdróttanir.

Að afbrigði voru gerð hér frá þingsköpunum, var ekki nema eðlilegt vegna þess, að komið er svo langt fram á þing; þetta mál ætti sem fyrst að verða útkljáð, hefði helzt átt að vera það í byrjun þings.

Og það er að eins villandi að vera að tala um, að frá sumum þingunum yrði prentað, en ekki sumum.

Hér er að eins um það að ræða að létta af þinginu lagabandi. Svo má ákveða, hvort það skuli nú gert eða seinna, og að hve miklu leyti.

Hitt, sem háttv. þm. Vestm. (J. M.) sagði um skjalapartinn, er ekki annað en hégómi. Skjöl þingsins þarf að prenta hvort sem er, vegna þingmanna, og þá munar minstu, þótt úr þeim sé gerð bók með stærra upplagi.

H. þm. (J. M.) gat þess, að þingræðaskriftirnar væri að nokkru leyti styrkur til handa námsmönnum, sem hefðu nú og hefðu löngum haft góða atvinnu af þeim.

En hvers vegna mætti þá ekki styrkja þá námsmenn beinlínis, með öðru móti — þar sem mikið af kostnaðinum fer hér með öllu til ónýtis?

Að það yrði stórt skarð í sögu landsins, þótt prentunin yrði aftekin, það get eg varla ímyndað mér. Og ekki eru prentaðar umræður á öðrum þingum hér á landi.

Að þingræður eru nú skrifaðar á á þessu þingi stafar af því, að búið var að ráða skrifara, og einnig af því, að handritin gæti verið hentugt að eiga..

Tímasparnaðurinn yrði mikill; þingmenn þyrftu þá ekki að verja mjög miklum tíma til þess að endursemja ræður sínar, eins og tíðkast hefir löngum. Þetta er ekki sagt þeim til hnjóðs, sem skrifað hafa eða nú skrifa hér, því að þess er ekki kostur, að skrifari, hve góður sem hann kann að vera, geti leyst starfa sinn af hendi til fullnustu. Reynslan hefir sýnt það. Skrifarar, sem orðið hala hinir nýtustu með tímanum, voru fyrst framan af alt að því óhæfir. Þetta er óviðráðanlegt, en þó ekki nema eðlilegt.

Og nú munu þeir flestallir vera óæfðir, er skrifa hér í þinginu, en þeir geta alt um það verið fullhæfir og í rauninni vel valdir af forsetunum. En

hjá því verður ekki komist, að þingmenn þurfi langan tíma til að leiðrétta ræðurnar, áður en hægt er að prenta þær.

Eg óska, að málið gangi til 2. umr. og skal svo ekki fara fleiri orðum um það að sinni.

Ráðherrann (H. H.): Eg skal ekki lengja umræðurnar mikið; eg ætla ekki að svo stöddu að leggja neitt til málanna um það, að hve miklu leyti breyting þingræðanna er gagnleg fyrir þjóðina eða ekki.

Eg vil að eins drepa á það, sem flutnm. (B. J.) hefir lagt aðaláherzluna á, að tilgangurinn með frumv. væri að eins sá að létta af lagabandi í þessu efni. Væri svo, að til þess bæri þörf, þá hlyti sama ástæða að vera til þess að létta lagabandinu af öllum þingsköpum vorum. Það er als ekki nauðsynlegt, að fastsetja þingsköp með lögum, meira að segja ekki algengt meðal annara þjóða, heldur er tíðast, að þingin setji sér þingsköp sín sjálf, án konungsstaðfestingar. Væri svo til hagað, gæti alþing einnig í hvert skifti án lagabreytingar tekið ákvörðun um, hvort prenta skuli þingræðurnar eða ekki.

Eg álít, að það sé ekki rétt að breyta að eins þessu eina atriði á þann hátt, sem fram á er farið, með því líka, að þá yrði það samkvæmt öðrum ákvæðum þingskapalaganna löghelgað, að forsetarnir en ekki alþingi réðu því, hvort prenta skyldi alþingistíðindin eða ekki. Eg vil því helzt, að máli þessu sé skotið til nefndar í stjórnarskrármálinu, og að hún tæki til athugunar, hvort ekki mundi rétt að gera þá breyting á stjórnarskránni, að létta lagabandinu af öllum þingsköpunum, og láta alþingi sjálft setja sér þingsköp.

Eg get ekki séð, að ástæða sé til þess að flýta málinu svo mikið í gegnum deildina, að ekki sé tími til að athuga það, með því ekki er svo langt liðið á þingtímann enn.

Pétur Jónsson: Mér virðist ekki rétt að gera enga athugasemd við það, sem háttv. flutnm. sagði um það atriði, að ekki væri meiri þörf í sveitunum til að hafa þingtíðindin til lesturs en t. d. rímur og slíkar skemtibækur.

Eg held að háttv. flutnm. sé ókunnugri í sveitunum, en þeir menn, sem alið hafa allan aldur sinn þar. Eg fyrir mitt leyti er kunnugur í mörgum sveitum og eg veit, að þau eintök af þingtíðindunum, sem send eru í hreppana, hafa ekki einungis verið notuð, heldur sumstaðar als eigi nægt, eg hefi t. d. oft orðið að lána mín. Eg hefi einnig keypt, bæði fyrir lestrarfélög og einstaka menn þingtíðindi, af því rifrildin af hreppaeintökunum hafa þá ekki dugað. Eg þekki það líka, að margir bændur víðsvegar um sveitir lesa ræðupart alþingistíðindanna að minsta kosti, það sem snertir stærri málin. Þeir eru því vanalega furðu kunnugir um það, sem gerst hefir — jafnvel kunnugri en eg, því eg nenni sjaldnast að endurlesa það sem gerst hefir á þinginu. Eg skal þó geta þess, að eg hefi oft orðið þess var, að menn eru ekki eins vel að sér í skjalapartinum og þeir eru í ræðupartinum. Það er því langt frá því að ræðuparturinn sé þýðingarlaus; menn kynnast málunum og fá talsverða kynningu af þingmönnunum. Einkum er slík viðkynning nauðsynleg, ef hlutfallskosningar kæmust á til alþingis og hver kjósandi yrði að greiða mörgum þingmannaefnum atkvæði.

Eg vil ekki gera málið að kappsmáli, en sé þó ekki að svo komnu máli ástæðu til að hætta við prentunina.

Flutningsmaður (Björn Jónsson): Það sem háttv. ráðh. mintist á að skjóta málinu til nefndarinnar í stjórnarskrármálinu, og að hún styngi upp á að hafa engin þingsköp í lögum, sé eg ekkert á móti, en mér finst það engin áhrif geta haft á þetta mál. Þar sem háttv. ráðh. (H. H.) og h. þm. Vestm. (J. M.) voru hræddir við að leggja málið á vald forseta, þá sé eg enga skynsamlega ástæðu til þess, að það geti verið hættulegt, því þeir mundu bera málið undir þingið og haga sér eftir vilja þess, enda má breyta þessu ákvæði í frumv., ef þurfa þykir. En eg held að þessi ástæða sé neyðarúrræði þeirra og ekkert annað.

Því hefir verið haldið fram, að nauðsynin á útgáfu þingtíðindanna sé mikil; það getur vel verið að svo sé, ef þau væru lesin, en engin sönnun er það fyrir því, þótt einn þm. geti frætt oss um, að þau séu lesin í hans sveit. Það, sem veltur á og máli skiftir er, hvort sú fræðsla vegur upp á móti 9—10 þús. krónum, og þar afleiðandi að gera sér erfiðara fyrir að styrkja eitthvert þarft fyrirtæki.

Eg segi, að þessi fjáreyðsla sé óþörf, því þeim mönnum fækkar altaf ár frá ári, sem hirða um að lesa alþingistíðindin, og það þarf að leggja áherzlu á að vera ekki að eyða mörgum þús. kr. í tóman óþarfa.

Eg óska því eftir, að málinu sé vísað til 2. umr.

Jón Magnússon: Háttv. flutnm. (B. J.) segir, að spursmálið sé um það, hvort það eigi að eyða svo miklu fé í óþarfa sem útgáfa alþingistíðindanna kostar. Með frumv. er ekki gert út um það atriði, að eins lagt á vald forseta, hvort eyða eigi þessu fé eða ekki. Hér er því engin trygging fyrir því, að nokkur eyrir verði sparaður, þrátt fyrir það þótt frumv. yrði samþ. Það gæti jafnvel komið fyrir, að deildaforsetarnir yrðu ekki sammála um útgáfuna og að þingtíðindin væru svo gefin út fyrir aðra deildina en ekki fyrir hina.

Flutnm. sagði, að málið væri svo lítið; það er satt, að frumv. er stutt, en það er engan vegin ómerkilegt atriði, sem það fjallar um.

Bjarni Jónsson: Það er undarlegt, hvað gert er mikið úr þessari till. um að hætta við prentun þingtíðindanna, þótt landsmenn hafi hvorki gagn né gleði af þeim og enginn lesi þau. *(Jón Jónsson* S.-Múl.: Ósatt.). Með leyfi hæstv. forseta skal eg lesa það sem þingmálafundur Dalamanna segir um þetta; hann skorar á alþingi að afnema útgáfu þingtíðindanna. Þeir ættu að hafa leyfi til að segja sinn vilja, án þess að gripið sé fram í og brugðið um ósannindi.

Það hefir verið kvartað yfir því, að vont væri að afnema skriftir vegna námsmanna, en kynleg er sú ástæða, þegar þingið er háð að vetrinum. Eg held að sá maður, sem talaði þetta, mundi hafa neitað skólapiltum um leyfi til að sækja um slíka stöðu, ef hann hefði verið í stjórn mentamálanna. Eg held það yrði hægra að veita þeim styrk á annan hátt, án þess að þurfa að leggja mikið í pappír, svertu o. s. frv.

Það hefir verið tekið fram hér, að því fé væri ekki kastað á glæ, sem varið væri til prentunarinnar; það er rétt, að það er engu fé kastað á glæ, sem rennur inn í landið, en eg hygg, að fénu mundi betur varið með því að styrkja útgáfu góðra bóka.

Ein mótbáran gegn frumv. er sú, að alt vald sé lagt í hendur forsetanna. Í 10. gr. þingskapanna stendur að forsetar standi fyrir útgáfu alþingistíðind-

anna og annað ekki, en séu þau afnumin, geta þeir það auðvitað ekki. Þá fellur sú forstaða burt af sjálfu sér. Hitt eru munnskálp og lögvillur, að forsetum sé með þeirri grein gefin nokkur yfirráð yfir því, hvort alþingistíðindin séu gefin út eða ekki. Þeim er að eins gert að skyldu að sjá um útgáfuna, ef hún er nokkur; en það er að sjálfsögðu á valdi þingsins. — Ekkert er auðveldara en að gera brt.till. Eg sé ekki hvaða herhlaup verið er að gera á þetta meinlausa frumv.

Jón Ólafsson: Það, sem eg legg mesta áherzlu á í þessu máli, er ekki atvinnuspursmálið, heldur það að kjósendur eiga rétt á að sjá ástæður þær, sem færðar eru fyrir málunum. Það er sagt, að umræðurnar séu ekki prentaðar orðréttar, en það gerir minst til, því það sem birtist af ræðunum sýnir að minsta kosti þær ástæður, sem hafa vakað fyrir þm., sem flytja þær.

Þm. Dalm. (B. J.) hélt því mjög fast fram, að alþ.tíð. væru ekki lesin, að minsta kosti ekki í Suður-Múlasýslu, en eg hygg að h. þm. muni þar ekki kunnugri en eg — hafi ekki lengur dvalið þar en svo, ef hann hefir kastað af sér vatni upp við vegg. Eg veit af mörgum hreppum í sýslunni, þar sem þau eru keypt, bundin inn og geymd í lestrarfélögum.

Háttv. þm. talaði um, að komið hefðu áskoranir úr mörgum sýslum; en hvað er hægt að meta það, sem kemur frá fáeinum mönnum? Eg hygg, að hver þm. gæti unnið sér létt verk með því móti (*Bjarni Jónsson*: Þá er að gera það). Enginn vafi á því að slíkt hefði verið hægðarleikur, en nú er málinu flýtt svo mikið, að enginn tími er til þess.

Eftir frumv. er það á valdi forseta, hvað prentað er og það er engin fjarstæða, sem sagt hefir verið, að með því móti gæti svo farið, ef forsetar deildanna yrðu sinn á hvoru máli, að annar léti prenta umræðurnar í sinni deild, en hinn ekki.

Eg geri ekki ráð fyrir, að málið sé flokksmál. (*Björn Jónsson*: Ekki flokksmál hjá meiri hlutanum). Jæja, þá er það rétt, sem eg segi. Eg býst því við, að hver greiði atkv. eftir því, sem sannfæring hans segir honum, og eg álít það heppilegast fyrir háttv. meiri hluta að gera ekki málið að flokksmáli, því annars mætti leggja það út á þann hátt, er yrði honum til lítillar sæmdar.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. með 16 atkv. gegn 8 að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Jón Ólafsson,
Ben. Sveinsson,	Eggert Pálsson,
Björn Jónsson,	Einar Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Hannes Hafstein,
Björn Sigfússon,	Jón Jónsson, S.-M.
Hálfdan Guðjónss.,	Jón Magnússon,
Jóh. Jóhannesson,	Pétur Jónsson.
Jón Jónsson N.-M.,	Stefán Stefánsson.
Jón Sigurðsson,	
Jón Þorkelsson,	
Magnús Blöndahl,	
Ólafur Briem,	
Sig. Gunnarsson,	
Sig. Sigurðsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Þorleifur Jónsson.	

Önnur umr., 8. marz, (A. 110).

Flutningsmaður (Björn Jónsson): Eg vil leyfa mér að taka það fram, að frumv. þetta er ekki þess innihalds, að ekki megi prenta umr. í þetta sinn, heldur að eins að létta af lagaboðinu um að gera það. Það er allur munurinn, að þingið getur í þessu máli ályktað að gera hvort heldur sem það

vill, að láta prenta umræðukafla þingtíðindanna eða látið það vera. Það hefir alveg frjálsar og óbundnar hendur í því efni, ef frumv. þetta nær fram að ganga.

Að það vanti yfirlýstan vilja þjóðarinnar í þessu máli, er að vísu að nokkru leyti rétt, en eg verð að segja það, að ef þm. mættu ekkert annað gera, en það sem margyfirlýstur vilji þjóðarinnar væri fyrir, þá væri starfsfrelsi þingsins ónotalega heft. Vitaskuld er alveg sjálfsagt, þegar um stórmál er að ræða að leita álits þjóðarinnar, en hér er ekki um slíkt mál að tefla, enda segir stjórnarskráin, að þm. séu einungis bundnir við sannfæring sína, en ekki vilja kjósenda. Skil ekki annað en að það mætti létta af lagahaftinu þess vegna.

En eg vil leyfa mér að spyrja: Hefir fengist yfirlýstur vilji þjóðarinnar um tollhækkunina, og er þó nærri búið að samþ. það mál hér á þinginu, án þess nokkur hafi verið að spurður, — og á þá að gera þessu smámáli hærra undir höfði, en því? Háttv. 1. þm. Rvk (J. Þ.) beindi þeirri spurningu til háttv. forseta, hvort búið væri að lofa annari prentsmiðju prentun á umræðuparti þingtíðindanna. — Mér kemur ekki við að svara því; — en eg leyfi mér að mótmæla því, að það sé gert, án þess að spyrja aðrar prentsmiðjur um það, hvort þær fáist til að gera verkið fyrir minna verð. Á síðasta þingi var prentunin falin einni prentsmiðju, án þess að aðrar fengju tækifæri til þess að bjóða í hana. Eg þykist vita, að það hafi verið gert, ekki af því, að þingforsetarnir þá hafi verið hluthafar í þeirri prentsmiðju, svo sem eg hefi heyrt fullyrt, en sel ekki dýrara en eg keypti. En hitt finst mér undarlegra, ef verið er að lofa einhverju verki, áður en það er víst, hvort verkið verður unnið, og áður en nokkur vitneskja er fengin um það, hvort aðrir vilji vinna verkið fyrir minna verð. Annars skil eg ekki, hvers vegna verið er að eyða svo löngum tíma til þess að ræða jafneinfalt mál og þetta er. Sumir háttv. þm. virðast gera sér í hugarlund, að þetta sé kappsmál fyrir mér. Mér dettur auðvitað ekki í hug að mæla mig undan sérplægni og hlutdrægni frekar en aðra menn; en eg verð að biðja hv. þm. að athuga það, að þótt þetta frv. yrði felt, þá er þessi stofnun, sem prentunin er ætluð, ekki búin að fá þessa atvinnu, því það eru fleiri prentsmiðjur hér í bænum, og ef t. d. sú prentsmiðja, sem eg hefi undir höndum, skyldi hljóta þessa vinnu, þá hefir háttv. minni hluti unnið fyrir gýg.

Ástæðurnar fyrir hinum löngu ræðum háttv. minni hluta, eru eins og vant er að vera, þegar ekki er hægt að finna rök fyrir sínu máli, tómar vífilengjur og hégómi. Eg get sagt það, að mér er dálítið sárt um, að minni hlutinn nái ekki að koma því fram með ofstopa, að feld verði fyrsta sparnaðartillagan, sem komið er fram með á þessu þingi. Það er svo langt frá, að eg græði nokkurn hlut á því, þótt frumv. þetta nái fram að ganga, að eg eða mín prentsmiðja mundi þvert á móti hafa óhag af því. Því eg skal gjarnan skýra frá því, að eg ætla mér að bjóðast til að láta mína prentsmiðju taka að sér þá vinnu, ef frumv. verður felt. En það fer eg auðvitað á mis við verði frumv. samþykt og hætt við prentunina. Eg skal að eins bæta því við, að það er verið að tala um atvinnutjón, en þetta verk, sem hér er um að ræða veitir svo sem $1^1/_2$ manni atvinnu þessa mánuði, sem eru á milli

þinga. Auk þess ber ekki að taka upp á landssjóðs arma atvinnuhnekki einstakra stétta. Það væri þá miklu nær, að landssjóður legði lítilsháttar fúlgu í styrktarsjóð prentara, því að það er góð og þarfleg stofnun, og ætluð til þess að styrkja þá, sem verða fyrir atvinnumissi. —

Jón Magnússon: Mér þótti það undarlegt að heyra háttv. þm. Barð. (B. J.) vera að tala um það, að meiri hlutinn skyldi ekki beygja sig fyrir minni hlutanum í þessu máli, eins og það gæti komið fyrir. Eins og það sé ekki svo sem sjálfsagt, að vilji meiri hlutinn að málið fái framgang, þá gangi það og fram, en þrátt fyrir það, hefir minni hlutinn fult leyfi til þess að láta álit sitt í ljósi.

Það var sagt við 1. umr. þessa frv., að meiningin með frumv. þessu væri einungis sú, að fá afnumið lagahaftið, og háttv. flutnm. (B. J.) hélt því fram, að það væri einungis form — til þess að þingið hefði óbundnar hendur í þessu efni. En háttv. þm. Dal. (B. J.) var svo meinlegur að koma því upp, að það var dálitið annað, sem hann meinti með því, heldur en flutnm. (B. J.), sem sé það, að hætta ætti við að prenta alþingistíðindin, og þessu áliti sínu til frekari áréttingar, las hann upp kafla úr þingmálafundargerð Dalamanna. — Eg ætla því aðallega að tala um málið, eins og það væri tilgangurinn að hætta að prenta þingtíðindin, — því það hlýtur að vera tilgangur frumv., enda væri hér um engan sparnað að ræða, ef halda á áfram að prenta þingtíðindin, eins eftir sem áður. *(Björn Jónsson:* Því ræður þingið). Vitanlega ræður þingið því — en það er ekki alt af sami vilji, sem ræður á þinginu. — Mér varð það á við 1. umr., að láta mér þau orð um munn fara, að eg sæi ekki svo mikið eftir peningum þeim, sem ganga til þingskriftanna, af því að þeir hefðu oft komið efnilegum námsmönnum og öðrum ungum mönnum að gagni til þess að afla sér menningar. Og eg stend við þetta; eg stend við það, að eg tel peningum landsins að þessu leyti vel varið. Hitt veit eg vel, að þetta er ekki neitt aðalatriði í málinu. Það var sagt, að mál þetta væri svo lítilsvert, að óþarfi væri að vera að tala mikið um það. Getur verið að svo sé í augum háttv. flutnm. (B. J.). Fyrir mínum augum lítur það alt öðruvísi út. — Fyrir mér er það mikilsvert, að það sem gerist hér á alþingi verði alþjóð kunnugt. Mér finst það undarlegt, ef hér á að ríkja þingræði og þjóðræði, að gera kjósendum ómögulegt að kynna sér framkomu þingmanna sinna á alþingi. Því er heldur ekki hægt að neita, að margur hefir fengið mikinn »pólitiskan« fróðleik úr alþingistíðindunum, og við gerum alt of lítið úr þm., ef það er alt einkisvert sem þeir segja. Hér á alþingi eru þó saman komnir allajafna þeir menn, er eigi eru síztir meðal þjóðarinnar, og oft hafa þar verið beztu menn hennar.

Háttv. þm. Barð. (B. J.) hélt því fram, að sér væri þetta alls ekki kappsmál. Mér sýnist hinn háttv. þm. þó leggja mjög mikið kapp á þetta. Ef hinn háttv. meiri hluti vill koma málinu fram, þá gerir hann það auðvitað, eins og eg hefi áður sagt, en ber þá og ábyrgðina; skal eg ekki tala frekara um það. Hinu leyfi eg mér að mótmæla bæði fyrir mína hönd og minna flokksmanna, að minni hlutinn sé á móti þessu frumv., af því að minni hluta menn séu hluthafar í prentsmiðjunni Gutenberg. — Þetta getur ekki verið rétt, því að mér vitanlega á enginn þm. minni hlutans

nú og heldur ekki neinn þm. í meiri hluta síðasta þings nokkurn hlut í þeirri prentsmiðju. Eigin hagsmunir geta því ekki hafa komið oss til að hlynna að Gutenberg. Það var talað um það, að þingtíðindin væru einskis virði vegna þess, að ræðurnar kæmu þar ekki fyrir almenning, eins og þm. hefðu talað þær. Yfirleitt held eg þær komi í þingtíðindunum nokkurnveginn þannig í aðalatriðum, sem þær hafa verið fluttar, og hvað við kemur þeim ræðum, er skrifaðar hafa verið á þessu þingi, þá er þeim eftir því sem eg hefi komist næst, fult svo vel náð eins og á undanfarandi þingum, en þótt svo væri, að ræðurnar væru dálítið öðruvísi en þær voru fluttar, þá sýna þær þó, eins og háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) tók fram við 1. umr., það sem þm. vildi sagt hafa. Eg vona að frumv. þetta nái ekki samþykki hinnar háttv. deildar; mér finst alt of fljótt að samþ. það að svo komnu, skil heldur ekki í því, að það sé lífsnauðsynlegt að flýta því svo feikilega, raska þeirri skipun, er nú hefir haldist í þvínær hálfa öld.

Jón Ólafsson: Það er leiðinlegt og á illa við, að hér skuli hafa verið talað svo mikið um atvinnu og hag einstaklinga. Alt það tal á að vera þessu almenna þjóðarmáli alveg óviðkomandi. Alt slíkt tal liggur svo lágt, að það á að liggja fyrir neðan það sem vér sem fulltrúar þjóðarinnar lítum á. Af þessari orsök vildi eg óska, að áskorun prentaranna, sem hér hefir borist oss, hefði aldrei fram komið. Eg er samdóma háttv. þm. Barð. (B. J.) um það, að beri ekki nauðsyn til þjóðarinnar vegna að prenta umræðupart þingtíðindanna, þá eigum vér ekki að fara að vinna óþarft verk til að veita fáeinum einstaklingum atvinnu. Sú stétt er svo virðuleg og sjálffær, að hún á hvorki að þurfa slíks né hugsa til þess.

En úr því að vakið hefir verið máls á þessu einstaklinga-máli á annað borð. þá skal eg leyfa mér að leiðrétta dálítið, sem háttv. flutnm. (B. J.) sagði. Hann sagðist hafa heyrt, að forsetarnir væru hluthafar í prentsmiðjunni. — Þessu bar háttv. þm. Vestm. (J. M.) á móti og sagði jafnframt, að enginn þm. mundi eiga hlut í henni. Hvorttveggja vil eg leiðrétta. Hvorki núverandi né fyr-verandi forsetar eiga né hafa nokkru sinni átt nokkurn minsta hlut í »Gutenberg«. Eg á hlut í prentsmiðjunni og mun vera einn þingmanna hluthafi í henni. (Nei, það er satt, 2. þm. Rvk. (M. Bl.) er líka hluthafi); öll hlutabréfin eru stýluð á nafn og verða ekki seld utanfélagsmönnum án samþykkis stjórnar félagsins, svo að um þetta er mér fullkunnugt. En jafnframt þó að eg sé eigandi í prentsmiðjunni, þá hefði eg helzt kosið, að þessu atvinnuspursmáli hefði aldrei hreyft verið, því að það er málinu gersamlega óviðkomandi.

Eg er samþykkur háttv. flutnm. um það, að óviðurkvæmilegt sé að laumast til að prenta þingtíðindin í kyrþey, án þess að öðrum prentsmiðjum sé gefinn kostur á að bjóða í prentunina. En því kynlegra er, ef satt er, að hv. þm. Barð. (B. J.) skuli sjálfur hafa laumast til í kyrþey að taka undir sig prentun skjalapartsins. Annars vil eg ekki fara nánara út í þetta atvinnuspursmál, því að það er, eins og eg tók fram áðan, málinu alveg óviðkomandi.

Háttv. flutnm. sagði, að undarlegt væri að vilja leita vilja þjóðarinnar í smámálum; taldi það við eiga að eins í stórmálum. Eg er honum samþ. um það, að leita beri vilja þjóðarinnar í stórmálum. En mönnum getur

missýnst um, hvað er stórmál eða ekki, og er skýrt dæmi þess umræðurnar í þessu máli á dögunum. Í minum augum er þetta stórmál. Hv. þm. Barð, (B. J.) veit eins vel og eg, hve vel það mæltist fyrir, er skipað var fyrir um það, að umræður á ráðgefandi alþingi fyrrum skyldu fram fara fyrir luktum dyrum. En er hér ekki farið fram á það sama sem að halda þingið fyrir luktum dyrum, eða þó annað verra — að halda það í pukri? Hverjir af landsmönnum heyra það, sem hér fer fram? Pallarnir taka um 80 manns, en þangað komast ekki aðrir en þeir, sem duglegir eru að troðast inn, og ef litið er upp þangað, má ganga úr skugga um, að flestir, sem þar eru daglega eru unglingar, en kjósendur mjög fáir. — Raunar hafa nokkrir menn aðgöngu að hliðarherbergjunum, en flest er það kvenfólk og unglingar. Er þetta kjósendum landsins næg vitneskja um það, sem fram fer á þingfundum? Þó að skjalaparturinn og atkv.gr. sé prentað, þá er það með öllu ónógt. Nafnakall er ekki nema við stöku atkv.gr., og þó að nafnakall væri í öllum, þá væri það alsendis ónógt, því að óvíst er, hver ástæða dregur hvern til þess að vera með eða móti, hver getur haft sína ástæðu. Eg verð að telja þetta hið mesta haft og óviðurkvæmilegt í alla staði. Kjósendur eiga heimtingu á að vita, hverja skoðun vér höfum látið í ljósi.

Það hefir verið sagt, að þingtíðindin væru lítið lesin. Eg veit, að þau eru víða talsvert mikið lesin. En þó að þau læsu ekki nema 2—3 menn í hverjum hreppi, þá er það þó mikilsvert, því að þeir geta þá frætt hina. Eins og ástandið er nú í landinu, þá eru alþingistíðindin hin eina fróðleiksuppspretta fyrir alþýðuna til að fræðast um pólitísk efni. Menn kunna að segja, að alþýða manna geti haldið blöð til þess að fræðast um þetta efni. En menn halda alment ekki blöð svo mörg, að nægi til að sýna álit frá fleiri hliðum, menn eru alment ekki svo efnum búnir, að menn geti það. Og það er verra en ekki að lesa blöð frá einni hlið. Það er vottur um ljósfælni að þora ekki að láta sjá orð sín, láta kjósendur ekki fá að vita, hverjar efndir -- eða vanefndir — hafi orðið á heitum þingmanna við kjósendur sína.

Það hefir verið sagt, að þetta mál væri ekki flokksmál; eg vona, að svo sé ekki, þó að atkv.gr. við 1. umr. benti helzt til þess, og mun þó hafa nokkuð gengið þar til metnaður háttv. meiri hluta í deildinni, að málið félli ekki við 1. umr. Eg hygg, að öllum hv. þm. sé ljóst, hverja ábyrgð þeir hafa í þessu máli. Það er ekki víst nema þeir, sem sakna alþ.tíð., leggi annan tilgang í það að hætt er að gefa þau út, ef svo fer, en þeir þm., sem fylgja því fram.

Það hefir verið sagt, að í nefndarálitunum mætti oftast sjá, hversu umr. hafi fallið. Ekki er þó hægt að sjá það í þessu máli. ef engin nefnd verður í það sett. Auk þess eru í nefndarálitunum oftast að eins almennar athugasemdir um málin; stundum eru þau stutt, að eins nokkrar línur, og eru þá oft nánari ástæður geymdar til framsögunnar og umræðnanna. En í þessu er þekkingin á málinu fólgin, að heyra ástæður með og móti.

Það hefir verið sagt, að í sumum smáríkjum væru þingræður ekki prentaðar. Þetta er satt, mér er kunnugt um það, því að eg hefi sjálfur verið í slíkum smáríkjum. En þar eru stór blöð og þau flytja umræður eða inntak þeirra. Þar á er sá munur, að

einstakir menn annast þar prentunina, en hér gerir landssjóður það. En hér eru ekki svo stór blöð til. Tvö stærstu blöðin, sem flutt hafa umræðu-ágrip fáeinna af mælendum í einu máli til þessa, og gert það hlutdrægnislaust, að því er mér hefir virzt, hafa ekki getað tekið nema nokkuð af ræðunum, og margra ástæðna og merkisatriða hefir þar verið vant. Og þess verður ekki að vænta um fyrirsjáanlegan tíma, að blöðum vorum vaxi svo fiskur um hrygg, að þau geti meira. Þess vegna er eina ráðið til að gera almenningi hér heyrinkunnugt, hvað á þinginu gerist, að prenta þingtíðindin sem áður. Og þó að ekki sé loku skotið fyrir það, að forsetar megi stundum láta prenta þingræður, ef þeim lízt svo, þá berst eg á móti því, að þjóðin sé svift þeirri einu tryggingu, sem hún hefir gagnvart þingmönnum. Því að þetta mundi leiða til þess, að loka þinginu og heyja það í pukri.

Flutningsmaður (Björn Jónsson): Eg vona, að endir þessa máls verði með minna kappi en nú hefir verið um hríð. Ef útlendingar væru hér viðstaddir eða aðrir, þeir er skildu ekki hvað fram færi, mundu þeir mega ætla, að hér væri um stór velferðarmál lands og þjóðar að tefla.

Það er óþarft að bregða oss fylgismönnum þessa frumv. um kapp; vér höfum lýst því yfir, að þetta væri ekki flokksmál. Annað mál er það, að mikill hluti flokksins er því fylgjandi, og er það vottur þess, að þeir menn skilja málið rétt. En minni hlutinn hér á þingi hefir jafnan staðið sem einn maður á móti frumv., svo hefir kapp þeirra manna verið mikið, og það er ekki undarlegt, þó að málið verði kappsmál með því lagi, ef sliku fer fram dag eftir dag.

Þessi ákaflega hátíðlegu ummæli h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.), um að ekki mætti heyja þingið fyrir luktum dyrum, er brosleg næsta, þegar til þess er litið, að hér er als ekki um neitt slíkt að ræða. Allir vita, að þingið er og verður háð í heyranda hljóði, hvað sem líður þessu nýmæli. Hitt er það, að það er þjóðin sjálf, almenningur út um land, sem hirðir ekki um að kynna sér það sem talað er á þingi fremur en ef það gerðist fyrir luktum dyrum. Hún hagnýtir sér ekki betur en það þennan dýrmæta fjársjóð, þessa miklu bók, alþingistíðindin, sem þjóðinni er send á landsins kostnað, og enginn eða varla nokkur maður les í heilum sýslum. Eg veit að þingtíðindin eru töluvert lesin sumstaðar, t. d. í Þingeyjarsýslu. En hvað sannar það? Þingeyingar lesa manna mest bækur, þeir eru alætur á prentað mál, ef svo mætti að orði kveða. Þeir lesa líklegast hverja bók, sem út kemur á íslenzka tungu, spjaldanna á milli.

Um þetta atriði um atvinnutjónið, að frumv. bakaði einni stétt manna atvinnutjón, sem sé prenturunum, er það að segja, að ekki er mér um að kenna þær umræður, sem út af því hafa spunnist. Eins og kunnugt er, hefir komið fram áskorun frá þessari stétt um að halda áfram prentun alþt., annars hefði enginn á þetta minst.

Um forseta síðasta þings sagði eg það eitt, að eg hefði heyrt, að þeir væru hluthafar í þeirri prentsmiðju, sem þeir sömdu við um prentun. Og munu þeir vera óskemdir af þeim ummælum mínum, enda enn ósannað mál, hvort þeir séu hluthafar eða ekki.

Það atriði, að þjóðin viti ekkert um þingið nema hún fái þingtíðindin, er og ekki rétt. Blöðin flytja allra helztu fréttir af þinginu; þar við bætist og að þingtíðindin koma svo seint til manna, að þeir muna ekki orðið eftir málun-

um, eða eru fyrir löngu hættir að hugsa um þau.

Ef annars er um að ræða kappsmál, þá er munurinn á flokkunum sá, að meiri hlutinn vill spara, en minni hlutinn eyða. Það er sama um hvern hégóma, sem er, að minni hlutanum þykir sjálfsagt að eyða úr landssjóði til þess, sem síður hefir verið til áður.

Mér þætti nógu fróðlegt að heyra, án þess að eg geri nokkra rekistefnu út af því, hvað háttv. þm. Vestm. (J. M.) átti við með því að drótta því að mér, að mér hafi gengið eitthvað annað til þess að flytja þetta frumv., en þær ástæður, sem eg hefi greint. Samt sem áður liggur mér slík aðdróttun í léttu rúmi.

Háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) fór að tala um það, að eg hefði sölsað undir mig prentun skjalapartsins. Honum má þó vera það vel kunnugt, að það eru deildaforsetarnir, sem því ráða sem öðru, er þinginu við kemur í þá eða þvílíka átt; forseti sameinaðs þings kemur þar hvergi nærri.

Sami háttv. þm. talaði um ljósfælni. Það er stórt og skáldlegt orð, en ef um nokkura ljósfælni er að ræða, þá er hún hjá virðulegum kjósendum þessa lands, því að ef þingtíðindin hafa svo mikið ljós að geyma, sem sumir þm. vilja vera láta, þá er það ljósfælni að vilja aldrei opna þá bók. Eg segi ekki, að bókina opni í hæsta lagi $^1/_{20}$, $^1/_{50}$ eða $^1/_{100}$ hluti kjósanda, en fáir eru þeir. Svo er og þess að gæta, að kjósendur fá þrásinnis ekki að heyra það, sem þm. hafa sagt eða vildu sagt hafa, þegar þeir töluðu, heldur það, sem þeir vildu eftir á mælt hafa, þ. e. eftir að búið er að hrinda því, sem þeir sögðu eða það, sem skrifararnir hafa náð. En óvanir menn geta ekki náð ræðum vel, sem ekki er von. Það er oft og einatt ekki heil brú í því, sem þeir skrifa fyrst. Þetta er ekki sagt þeim til hnjóðs, það er eðlilegt, að slíkar tilraunir mistakist í fyrstu.

Eg vil skjóta því til háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.), þó að hann vildi raunar ekki heyra neitt um atvinnustyrk, hvort ekki væri nær að verja þessu fé, sem fer í prentun alþt. til þess að gefa út þarfari bækur, t. d. kenslubækur, sem svo mjög vanhagar um. *(Jón Ólafsson.* Fé er veitt til þeirra). Veit eg það, en mætti þá ekki auka það að miklum muu.

Eg endurtek það, að ef meiri hlutanum er þetta kappsmál, þá er það í því skyni að spara, en hinum í því skyni að eyða, það er ómögulegt að taka það öðru vísi; og tillagan sú, að setja nefnd í málið er af þeim toga spunnin, að minni hlutinn vill svæfa málið. Mín tilætlun er sú, að ef þetta frumv. verður samþykt, þá verði gefinn út sem áður skjalapartur, því að hann verður hvort sem er að prenta handa þingmönnum. En þar úr er mestan fróðleik að hafa, þar sem eru nefndarálit, breyt.till. o. fl. Þar með sé og prentuð gerðabók þingsins með atkvæðagreiðslum (nafnakalli m. m.). Sömuleiðis virðist mér og hlýða, að prentaðar væru umræður um sambandsmálið, enda hafa og margir æskt þess. Með þetta er eg sannfærður, að þjóðin verður harðánægð, enda hafa margir merkir menn látið þá skoðun sína uppi.

Eg mótmæli því, að nefnd verði sett í málið, og vona, að það fari nefndarlaust til 3. umr.

Jón Magnússon: Það er langt frá því, að eg vildi beina því að háttv. flutningsm. (B. J.), að það væri af eigingjörnum hvötum, að hann flytti

þetta frv. og fylgdi því svo fast fram; eg tók það þvert á móti fram, að svo mundi ekki vera. Hitt sagði eg, að þegar væri verið að koma sliku máli fram með afbrigðum, og það er eigi væri lengra áliðið þingið, þá yrði manni að detta það í hug, að eitthvað annað byggi undir, en það sem komið væri í ljós, hvað sem það svo kynni að vera.

Háttv. flutningsm. (B. J.) sagði, að meiri þörf væri á að styrkja útgáfu kenslubóka, heldur en að eyða svo miklu fé til þingtíðindanna, en eg vil benda á, að ekki stendur á þinginu að styðja útgáfu slíkra bóka, heldur miklu fremur á höfundunum. Sá styrkur, sem þingið ver í þessu augnamiði, er víst það eina fé, sem sjaldnast gengur upp.

Annars skal eg ekki lengja frekar umr. um mál þetta. En vil styðja þá till., er fram hefir komið um það, að nefnd sé sett í málið.

Pétur Jónsson: Mér datt það ekki í hug, að nú mundu verða svona langar umr. um þetta frumv., fanst það óþarft. En það skal eg taka fram, að eg hefi verið hálf-tvíbentur í þessu máli, mér hefir frá upphafi þótt umræðupartur alþingistíðindanna nokkuð dýr bók.

En eitt er mér kappsmál og það er það, að sú staðhæfing, er háttv. flutningsm. (B. J.) bar fram við 1. umr., að víða væri ekki skorið upp úr alþingistíðindunum, sé ekki látin ráða úrslitum í þessu máli.

Háttv. flutningsm. (B. J.) þótti ekki mikið mark takandi á því, þó að alþingistíðindin væru nokkuð lesin í Mývatnssveit og víðar í Þingeyjarsýslu af þeirri ástæðu, að Þingeyingar væru alkunnar »alætur« á alt prentað mál. — Einnig gerði hann nokkuð lítið úr kunnugleik mínum til sveita; eg mundi hvergi til þekkja nema í mínu héraði. Af því virtist hann svo draga þá ályktun, að kunnugleikinn væri hans annarsstaðar á landinu. En eg get fullvissað hann um það, að eg hefi ferðast um miklu fleiri sveitir þessa lands, en hann. Eg hefi þar að auki lifað alla mína daga, sem alþýðumaður uppi í sveit, en það hefir hann ekki gert. Mér er því kunnugra en honum um líf og háttu alþýðu, og mér er það kunnugt, að býsna margir alþýðumenn eru all-vel heima í ræðuparti alþingistíðindanna, og njóta þar af bæði gagns og ánægju.

Eg tel það beinar ölgar hjá háttv. flutningsm. (B. J.), að menn í Þingeyjarsýslu séu nokkuð verulega frábrugðnir öðrum alþýðumönnum hér á landi, hvað lestrarfýsn og bókafróðleik snertir, sízt í hinum betri héruðum. Yfir höfuð að tala er íslenzk alþýða mjög hneigð til bóka. Hitt getur verið, að einstaka hérað sé hér frábrugðið, en einmitt slík héruð ættu að standa til bóta.

Jóhannes Jóhannesson: Háttv. aðalflutningsm. þessa máls (B. J.) hefir haldið því fram, að frumv. þetta miðaði að eins til þess að afnema þá lögskipun, er gerði forsetunum að skyldu, að láta prenta ræðupart alþingistíðindanna. Hins vegar hefir hann sjálfur í dag komið fram með aðdróttun um það, að forsetar síðasta þings hefðu einmitt í þessum efnum misbeitt valdi sínu, og úr annari átt er gefið í skyn, að jafnvel einnig núverandi forsetar hafi eigi farið sem bezt með þetta vald sitt. Þetta gerir mig, sem fylgdi frumv. við 1. umr., nokkuð hikandi í máli þessu, því eg vil ekki auka vald forsetanna til þess, að enn meiri misbeiting geti átt sér stað.

Vil því gjarna styðja að því, að málið sé sett í nefnd í þeirri von, að nefndin komi fram með tillögur í þá átt, að útiloka, að misbeiting á þessu valdi forsetanna geti átt sér stað framvegis.

Hálfdan Guðjónsson: Það lítur svo út, sem þetta mál sé orðið að kappsmáli, og kemur mér það mjög á óvart. — Hélt, að menn mundu alment álíta þetta frumv. meinlaust, og það er það óneitanlega; en þó er það ekki þýðingarlaust, líti maður á það frá sparnaðarhliðinni.

Það hefir verið talað um atvinnuspjöll í sambandi við það. Hverja snerta þau atvinnuspjöll? Prentara og þingskrifara; en því er búið að svara rækilega.

Einnig hefir verið sagt, að við afnám alþingistíðindanna mistust ýms mikilvæg sögudrög, en mér finst sú ástæða vera nokkuð veigalítil. — Eg get ekki skilið, að nokkur mundi sá sagnfræðingur, er entist til þess að pæla í gegn um öll alþingistíðindin. Það getur verið satt, að með þessu afnámi færi skemtun nokkurra manna forgörðum og fárra þó. En er hún ekki nokkuð dýr skemtunin sú?

Mér finst menn ekki athuga það nógu vel, að hér er einungis um heimild að ræða, að ekki þurfi að sjálfsögðu að prenta alþingistíðindin. — En ef þjóðin óskaði, að þau yrðu prentuð framvegis, eins og að undanförnu, þá yrði það auðvitað gert. — Þessir menn, sem nú beita sér á móti þessu frumv. segja, að hér sé að eins um innanþings-raddir að ræða, er andæfi prentunar-skyldunni. Þetta er ekki satt. Úr talsvert mörgum áttum hafa komið fram óskir mætra manna um það, að prentuninni yrði hætt.

En skyldu nú þessir menn geta bent á margar raddir utan þings, er vilja það, að þessu sé haldið áfram? Þá hefir því verið haldið fram, að ekki væri annarsstaðar að fá verulegan pólitiskan fróðleik en í þingræðunum. Þá vil eg segja, að ekki væri síður þörf á að láta prenta það, sem gerist á nefndar-fundunum. Ein stærsta og mikilvægasta ástæðan gegn því, að ræður þessar séu prentaðar, er sú, auk kostnaðar-atriðisins, að með því er tíma þingsins mjög eytt til óþarfa.

Þess ber og að gæta, að flestar þær ræður, er nokkurt bragð er að, eru prentaðar í blöðum landsins á heppilegasta tíma, það er meðan málin eru á dagskrá hjá þingi og þjóð.

Þá er og sagt, að það sé af ljósfælni, að þessu er fylgt fram, það er að segja, að menn séu hræddir við það að láta sjá ræðurnar sínar á prenti. En er það þá af ljós-fælni, að áskoranir hafa komið fram víða utanþings um þetta efni?

Alkunn eru orðin: »Af ávöxtunum skuluð þér þekkja þá!«. Þegar til bókanna er litið, þá getur ekki verið um neina ávexti að ræða, nema þær séu lesnar. — Ætti að dæma gagn þingtíðindanna eftir þessu, hygg eg það mundi verða næsta lítið, því að lítið eru þau lesin og af fáum. Hagsýnn mundi varla sá bóka-útgefandi þykja, er tæki það að sér að gefa út þingræðurnar. Það væri óðs manns æði, þar sem það er víst, að sú bók yrði ekki keypt svo heitið gæti. Getur það þá verið hyggileg ráðstöfun og samvizkusamleg að lögskipa útgáfu þeirra á kostnað landssjóðs?

Einkennilegt finst mér það, að flestir menn, sem eg hefi talað við hér utan þings, hafa látið í ljósi óskir um það, að þetta frumv. verði samþykt.

Eg er á móti því, að nefnd sé sett í

málið. Tel það liggja svo ljóst fyrir, að þess sé engin þörf.

Jón Jónsson (S.-Múl.): Eg skal ekki lengja umræður um mál þetta, en vil að eins spyrja, hvort háttv. 1. þm. Húnv. (H. G.) hafi lesið æfisögu Péturs biskups. Skyldi hún hafa verið eins skýr, hefðu þingtíðindin frá því um miðja síðustu öld ekki verið til? Mér væri líka forvitni á að vita, hvernig hann hugsar sér skrifaða væntanlega æfisögu Jóns Sigurðssonar án þingtíðindanna.

Ekki er mér ljóst, hvað háttv. flm. meina með frv. þessu, ef geyma á ræðurnar skrifaðar í handriti. Þá verður þó undir öllum kringumstæðum að halda innanþingsskrifurunum, og þá fer sparnaðurinn ekki að verða ýkja mikill.

Þá hefir líka verið gert mikið úr því, að þingtíðindin væri gagnslaus. En eg vil leyfa mér að segja, að þessir menn fari þar með ósatt mál.

Eg held að almenningur lesi þau miklu meira en þessir menn halda, og eg er fullviss um það, að eins og varið er blöðum vorum og blaðamensku, þá eru einmitt þingtíðindin það eina rit, sem unt er að nota til þess að fá sanna pólitíska þekkingu vor á meðal, og að tala þeirra manna í hverju bygðarlagi, er nokkuð verulegt vit hefir á landsmálum, mun að miklu leyti fara eftir því, hvað margir lesa þingtíðindin.

Hálfdan Guðjónsson: Eg get svarað þeim fyrirspurnum háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) með því, að æfisaga dr. P. P. mundi ekki hafa orðið honum til minni sóma, þó þingtíðindin hefði ekki verið til; og Jón Sigurðsson var oftast í forsetastólnum, og því ekki mjög við þingræður riðinn.

Flutningsmaður (Björn Jónsson): Eg hugsa að umræðurnar séu orðnar meira en nógar um þetta frumv. og skal eg því ekki lengja þær að óþörfu; vonast eftir því, að háttv. þingd. láti málið ganga til 3. umr.

Jón Ólafsson: Með því að þetta mál veldur allmiklum skoðanaskiftum, og að öðru leyti varðar engu fyrir þingið í ár, þá vil eg leyfa mér að koma fram með þá tillögu, að það verði kosin 3 manna nefnd til að athuga málið.

Flutningsmaður (Björn Jónsson): Eg verð að telja það hégóma að fara að skipa nefnd í þetta mál, og auka með því nefndarfarganið í þinginu, þar sem nú munu vera nál. 40 nefndir starfandi. Málið er heldur ekki svo stórt eða flókið, að það sé miklum erfiðleikum bundið fyrir þingmenn að glöggva sig á því. Eg verð því að leyfa mér að mótmæla nefndarkosningu í þessu máli.

Jón Þorkelsson: Eg vil lýsa því yfir, að eg hefi ekkert á móti því, að að nefnd sé skipuð til að athuga þetta mál. En runnið hafa á mig tvær grímur um það, hversu með það skyldi fara að öðru leyti. Prentun þingtíðindanna hefir vitanlega mikinn kostnað í för með sér, en hinsvegar er ekki þýðingarlaust fyrir söguna, hvort hætt er að prenta tíðindin eða ekki. Ýmsar raddir hafa heyrst um lestur þingtíðindanna; sumir segja, að þau séu mikið lesin og aðrir, að þau séu lítið lesin. En yfirleitt vantar þó yfirlýsingar um, hver vilji landsmanna sé í þessu máli. Að minsta kosti minnist eg ekki að hafa séð eða heyrt yfirlýsingar frá nema einu kjördæmi.

Áður en gengið er til atkv. vil eg leyfa mér að gera þá fyrirspurn til háttv. forseta, hvort það sé rétt, sem eg hefi heyrt fleygt, að eftir að búið

var að semja um prentun á skjalapartinum, hafi annari prentsmiðju verið veitt vilyrði fyrir ræðupartinum. Ef svo er, álít eg heimildarlaust og rangt og ganga samningsrofi næst að ætla nú í þetta sinn að girða fyrir prentun umræðanna á þingi hér. Svör forseta hér um munu ráða atkvæði mínu í máli þessu að svo gjörvu.

Forseti (H. Þ.): Út af fyrirspurn h. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) um, hvort prentsmiðjan Gutenberg hafi fengið vilyrði fyrir að fá að prenta umræðupartinn, skal eg geta þess, að eg fyrir mitt leyti hefi gengið út frá því, —og skilist á forseta Ed., að hann væri því einnig hlyntur,— að úr því að Ísafoldarprentsmiðja fékk skjalapartinn til prentunar þá væri sanngjarnt, að skifta þessu þannig á milli, að Gutenbergsprentsmiðja fengi síðar umræðupartinn að öðru jöfnu, en vitanlega hefir ekkert verið ákveðið um þetta milli okkar forsetanna enn 'sem komið er. Eg fyrir mitt leyti hefi látið það í ljósi bæði við forseta Ed. og aðra út í frá, að mér fyndist sanngjarnt, að með jöfnum kjörum gengi Gutenberg fyrir með prentun á umræðupartinum. Frekara get eg ekki um þetta sagt, að svo komnu.

Flutningsmaður (Björn Jónsson): Eg skal að eins leyfa mér að taka stuttlega fram, að það barst í tal milli mín og annars hvors deildarforsetans, fyrstu daga þingsins, hvort eg mundi hugsa til að gera boð í prentun á umræðunum, ef þær yrði prentaðar í þetta sinn, og kvaðst eg ekki hugsa til þess, ef tekið yrði til að prenta þær þegar í stað og jafnóðum á þingtímanum; að öðrum kosti mundi eg gera það, þ. e. ef þær yrði ekki prentaðar fyr en eftir þing.

ATKV.GR.:

Samþ. með 13 atkv. gegn 10 að skipa 3 manna nefnd í málið. Kosningu hlutu með hlutfallskosningu:

Björn Jónsson,
Jón Ólafsson,
Bjarni Jónsson.

2. umr. frestað.

Í nefndinni var Björn Jónsson valinn formaður en Bjarni Jónsson skrifari. — Nefndin (minni hl.) kom fram með álit á þskj. 227, og meiri hl. með breyt.till. á þskj. 228. Lengra komst málið ekki.

Landssjóðshluttaka í Thorefélaginu.

FRUMVARP til laga um heimild fyrir landsstjórnina til þess að kaupa fyrir landssjóðs hönd hlutabréf í gufuskipafélaginu »Thore« og til að taka 500 þúsund króna lán til þess (A. 546, n. 577); 1. umr., 23. og 24. apríl.

Framsögumaður meiri hlutans (Björn Kristjánsson): Fyrir samgöngumálanefndinni, sem skipuð var hér á þinginu, hafa legið tvö tilboð um samgöngur á milli landa og í kringum strendur þess. Annað tilboðið er frá Sameinaða gufuskipafélaginu, en hitt er frá gufuskipafélaginu »Thore«.

Eins og mönnum er kunnugt, hefir Sameinaða félagið ráðið hér lögum og lofum í samgöngum á sjó um mörg ár. Það hefir einhvern veginn atvikast svo, að það félag hefir alt af haft meiri hl. þings og stjórnina á sína hlið, nema þegar það slys hefir borið til, að þingið hefir ekki viljað leggja öll umráð samgangnanna í hendur þess.

Þetta félag hefir haft algert einveldi frá upphafi, svo að fyrstu árin var t. d. ekki við það komandi, að skip þess kæmu við í Skotlandi, en eftir talsvert þjark fékst það loks til

að leggja leið sína um Leirvík á Hjaltlandi og ástæðan til þess að það vildi ekki koma við í Skotlandi var eðlilega sú að fyrirbyggja, að Íslendingar færu að reka verzlun við Skota. Árið 1878 fengust þó skip hins Sameinaða til að koma til Leith, en þegar reynslan var fengin fyrir því, að viðskiftin uxu við Skotland, fann félagið upp á því að láta skipin hætta að koma þangað, en valdi sér nú aðra höfn, Granton, 1886 til 1897, þar sem kostaði ærna fé að koma vörunum frá Leith og Edinborg til skips og farþegar urðu að labba um $^3/_4$ tíma gang til þess að komast frá skipi upp í Leith og til skips.

Á þeim tíma var samgöngum á landi öðru vísi háttað en nú. Það voru ekki lítil óþægindi fyrir farþega að þurfa að fara svo langa leið til aðalborgarinnar Edinborg og Leith. Þessu harðræði urðu landsmenn að sæta í 11 ár, auðvitað öllum sem hlut áttu að máli frá Íslands hálfu til stórama. Loksins vanst það þó á, að félagið fór að koma aftur við í Leith. Allan þennan tíma var als ekki um neina samkepni að ræða. Landsmenn urðu að sæta því sem félagið setti. T. d. var farmgjald $16^3/_4$% hærra að vetrinum til en endranær — þó það yfirleitt væri minst 10% hærra en nú. Alment farmgjald var þannig $26^3/_4$% hærra en alment farmgjald nú.

Þannig var landið kúgað þangað til »Vesta« var leigð 1895 og að óánægja landsmanna var orðin svo megn, að þingið sá sér ekki annað fært en að reyna að ráða einhverja bót á samgöngunum og á alþingi það ár voru samþykt lög, er heimiluðu landsstjórninni að leigja eitt gufuskip til þess að annast ferðir á milli Íslands og útlanda. En svo stendur á hér, eins og víða hvar annarsstaðar, að skipin, sem nota á, þurfa að vera löguð fyrir þá staði, sem þau þurfa að sigla til. Þess vegna var ekki auðhlaupið að því að fá hentugt skip leigt. Loksins hepnaðist þó að fá skip, eins og þurfa þótti, til þess að samsvara nokkurnveginn kröfum landsmanna; en hvar var það fengið? Það var fengið hjá keppinaut landssjóðsútgerðarinnar, Sameinaða félaginu. Endirinn á þessari útgerð var sá, sem allir vita — að á pappírnum var stórtap — og var margt, sem stuðlaði til þess, þar á meðal að alsendis óvanur maður var fenginn til þess að standa fyrir útgerðinni, að skipshöfnin var venjulega í þjónustu hins Sameinaða o. s. frv. En þrátt fyrir það, þótt tap hafi verið á þessari útgerð á pappírnum, þá hafa þó landsmenn grætt á henni, þegar á alt er litið. Svoleiðis var, að þegar »Vesta« byrjaði ferðir sínar hingað, þá setti hið Sameinaða fragtirnar niður um 10% frá því sem verið hafði áður og vetrarfragtin skyldi vera jöfn og aðra tíma ársins. Síðan hefir þetta haldist. Það sem Íslendingar höfðu upp úr Vestuútgerðinni er bæði strandferðirnar og 10% lægri fragt á sumrum og $26^3/_4$% á vetrum, en verið hafði áður. Þrátt fyrir það þó það Sameinaða hafi lofað því að setja ekki fragtina upp úr því, sem hún var meðan Vestuútgerðin var, þá hefir það þó leyft sér að taka 10—20% hærri fragt af ýmsum vörum milli landa og hærri fragt innanlands, en stjórnin hafði leyfi til að semja um sem sé $^1/_2$ millilandafragt í mesta lagi milli hafna innanlands. Þeim 10% af frögtunum milli landa hefir félagið stungið í vasa sinn af innlendu frögtunum, altaf reiknað fragtina eftir gamla fragttaxtanum, sem var fallinn úr gildi og sem var 10% hærri. Sömuleiðis hefir þetta félag venjulega skotið skolleyrunum við skaðabótakröfum, hversu réttmætar sem þær hafa verið. T. d.

skal eg geta þess að síðastliðið ár var stolið eigi alllitlu af vörum úr pakkhúsi þess Sameinaða og þar á meðal talsverðu af vörum, sem eg átti. Stuldur þessi frá félaginu var all-viðtækur og hans getið í dönskum blöðum. Auðvitað voru þessar vörur í ábyrgð félagsins, en þrátt fyrir það fekk eg engar skaðabætur. Einnig má geta þess, að einatt hefir verið kvartað undan framkomu skipshafna við farþegana. Umgengnin hefir verið sæmilega kurteis við hina svo kölluðu heldri menn. En við alþýðumenn hefir alt öðru verið að skifta, það hefi eg sjálfur séð.

Það hefir því af öllu þessu, er eg nú hefi sagt, verið margra manna ósk, að vér gætum átt samgöngur vorar sjálfir, þó ekki væri nema að einhverju leyti. Þó skal eg vikja að því tilboði, sem hið Sameinaða hefir sent þinginu. Það er svo fáránlegt, að t.d. fellur engin ferð frá útlöndum kringum land frá 27. febr. þangað til 5. júní með öðrum orðum, Norður- og Austurland er samgöngulaust af þessa félags hálfu allan þann tima, og seinni part ársins eru samgöngurnar frá útlöndum lítið betri. Tilhoð það, sem því enn liggur fyrir, er mikið verra en samgöngur undanfarinna ára.

Ennfremur hefir félagið gefið í skyn, að það mundi geta útvegað bát, sem færi á milli Reykjavíkur og Djúpavogs, — og að eins gefið það í skyn — gegn 20 þús. kr. viðbótarstyrk á ári.

Á síðasta þingi höfðu komið fram kröfur frá almenningi um að hafa kælirúm í skipi til þess að geta flutt fisk, smjör og kjöt til útlanda. Hið Sameinaða hefir ekki sint því að neinn leyti, og stjórnin ekki séð sér fært að útvega það. Einnig hafði hið Sameinaða á síðasta þingi lofað að byggja tvö ný skip til Íslandsferða, ef stjórnin fengi að semja fyrir 8 ár í senn, en um efndirnar vita allir — þau skip eru ókomin enn. Þá skal eg geta þess, að þegar vér spurðum umboðsmann félagsins, sem nú er hér staddur, hvort hann gæti útvegað tvö skip með kælirúmum, eða gert sama tilboðið og á síðasta þingi, svaraði hann því, að félagið gæti als ekki lagt til nein ný skip, eins og stæði, þó um margra ára samning væri að ræða, en að hægt mundi vera að láta Botníu koma í staðinn fyrir Vestu, þó ekki fyrstu ferðina í janúar — en úr því árið um kring. En kælirúm það, sem í Botníu er, kvað vera sérstaklega ætlað til þess að flytja í því smjör stutta leið, en als ekki lagað til þess að flytja kjöt og fisk langan veg. Í kælirúmi Botníu kvað vera lægst 2—3° hiti en til þess að hægt sé að flytja fisk og kjöt langan veg, þarf að geta verið minst 3—4° kuldi.

Það er öllum kunnugt, að ólag mikið hefir verið á gufuskipaferðunum til landsins, þannig hafa 2—4 skip stundum farið sömu dagana frá útlöndum og komið hingað í bendu, en svo oftar langir tímar, sem engar ferðir eru. Þetta verður auðvitað altaf í ólagi á meðan vér ekki ráðum að mestu leyti sjálfir yfir samgöngunum — því félögunum verður auðvitað fyrst fyrir að reyna að haga ferðum sem hagkvæmlegast fyrir þau sjálf. Það getur engum dulist, að nauðsynlegt sé að hafa kælirúm í skipunum og að umráðin yfir samgöngunum komist í vora hönd, enda hefir þess verið krafist af almenningi, eins og eg hefi áður bent á að fá bættar samgöngur og kælirúm í skipunum; þá fyrst væri hægt að flytja fisk og kjöt nýtt á markaðinn og þá mundi fara hér sem annarsstaðar, að kaupmenn mundu senda með hverri ferð eitthvað af þessum vörum. Bændur hér nærlendis mundu kaupa fé og naut af bændum úr fjarlægari sveitum

og fita það og ala til slátrunar og þá mundi kjötið komast í viðunanlegt verð, er það kæmi alt af nýtt á markaðinn í smærri sendingum. Sömuleiðis er það áríðandi að reyna að tryggja það, að menn fái vörur sínar skilvíslega, er þeir senda með skipunum, og að minsta kosti skaðabætur, ef þær glatast eða skemmast, en til þess að vera öruggur um það, þarf félagið að hafa varnarþing hér.

Hitt félagið, sem sent hefir þinginu tilboð er Thorefélagið. Það hefir áður sent þinginu samgöngutilboð, 1905 og 1907. Er óhætt að fullyrða að tilboð þess var miklu aðgengilegra en hins Sameinaða, en því var nú samt sem áður hafnað. — Nú er félagið orðið þreytt á að senda þinginu slík tilboð, en hefir nú í þess stað komið með alveg nýtt tilboð og jafnframt nýja leið nefnilega þá, að landið taki þátt í útgerðinni með því að leggja fram $^1/_2$ miljón króna. Þetta stendur í hinu prentaða tilboði, sem þm. hafa fengið. En vilji þingið ákveða, að strandbátarnir verði aðeins tveir í staðinn fyrir þrír, eins og tilboðið byggir á, þá nægir, að landssjóður leggi fram 425 þús. kr.

Ýmsir menn hafa sett upp stór augu, er þeir hafa séð tilboð þetta, og sagt að ekki gæti komið til tals að samþ. þetta tilboð, og stungið saman nefjum um það, að þetta væru hreinustu féglæfrafyrirtæki o.s.frv. Nefndin —meiri hlutinn— hefir nú íhugað málið svo rækilega að eg ímynda mér að engin hætta geti leitt af því að taka tilboðinu. Ber þá fyrst að líta á það, að Tulinius er dugnaðarmaður, sem hefir nú um mörg ár rekið skipaútveg, og 1903 gerði hann útgerð sína að hlutafélagi. Hlutafé er 250 þúsund krónur — alt annað fé hefir verið lánsfé, og er það vottur um það, að félagið hefir mjög mikið lánstraust, en það ber aftur vott um, að félagið ber sig vel, enda sést það af ársskýrslu félagsins, þar á meðal í »Börsen« 30. apríl 1908. 1907 var hagur þess um 17% þrátt fyrir hátt kolaverð og dýra peninga.

Félag þetta hefir aldrei haft neinn styrk, svo að teljandi sé, en þrátt fyrir það hefir það vel getað borið sig og gert landinu mjög mikið gagn, þar sem það hefir auk þess að bæta samgöngurnar sett farm- og fargjöld niður til stórra muna og fæði farþega. Samkvæmt tilboðinu ætlar félagið sér að hafa 4 stærri skip í förum lík á stærð og »Sterling«, auk 2 strandferðabáta og aukaskips. Þegar gætt er að því, að til landsins kemur um 193 þús. smálestir (tonnrúm), en allar áætluðu ferðir Thorefélagsins mundu ekki nema meiru samtals en 21 þúsund smálestum á ári að rúmmáli, þá er smálestatala skipa þeirra, sem þetta félag ætlar að hafa í förum aðeins ca. $^1/_8$ hluti af rúmmáls tonnatali því, sem kemur árlega til landsins. Það getur því engin hætta verið á því, að félagið hafi ekki nóg að gera. Þar að auki eru mikil líkindi til að flutningar aukist. Skal eg því til sönnunar geta þess, að árið 1881 námu útfluttar vörur héðan af landi aðeins kr. 6,766,887 en 1907 nema þær 13,016,460 og aðfluttar vörur 1881 námu aðeins 5,284,892 en 1907 kr. 19,525,225 eða nærri ferfölduðust. Þetta sýnir, að hér er eitthvað að flytja, svo að öll líkindi eru til þess, að fjárhagslega ætti þetta fyrirtæki að geta borið sig.

Félagið hefir undanfarin ár haft nóg að flytja og sýnir það að félagið hefir verið vel séð hjá landsmönnum og að framkvæmdarstjóri þess er dugandi maður. Og auðvitað mundi hið litla veltufé félagsins vera fyrir löngu horfið, ef það hefði ekki borið sig. Og borið hefir það sig, þrátt fyrir það, að keppi-

nautur Thorefélagsins hefir haft háan styrk af dönskum og íslenzkum sjóði. Þess vegna virðist áhættulaust að ráðast í þetta fyrirtæki, því mestar líkur eru til að það geti borgað sig vel, er það fyrst fær opinberan styrk frá Íslandi og að líkindum sömuleiðis frá Dönum, sem keppinautur þess hefir notið að undanförnu. Og þegar svo litið er til þess, að hér er það landssjóður, sem »spekúlerar«, en ekki privatmaður, þá hefir hann miklu meira vald, hið almáttuga löggjafarvald, sér til aðstoðar, því ef í alvöru ætti að leggjast á landssjóð fyrir þessar tiltektir hans, þá getur löggjafarvaldið hvenær sem því sýnist ástæða til gert keppinautum landssjóðsútgerðarinnar svo örðugt fyrir, að ekki sé viðlit fyrir keppinautinn að fara að etja kappi við löggjafarvaldið. Og prælatökum hins útlenda auðvalds má hnekkja án þess að íþyngja landsmönnum á nokkurn hátt. Þetta vildi eg að eins benda á. — Það hafa komið fram ýmsar raddir um, að landssjóður ætti ekki að »spekúlera« og hefir verið sagt jafnframt, að ekki gerði ríkissjóður Dana slíkt. Þetta er eigi als kostar rétt, því Danir hafa samgöngufæri bæði á sjó og landi, sem eru ríkiseignir, t. d. gufuskip millum Korsör—Kiel, og sömuleiðis »De danske Statsbaner« með tilheyrandi ferjum, og sem þeir vilja als eigi láta vera í einstakra manna höndum. En hér á Íslandi stendur alt öðru vísi á. Í öðrum löndum vantar aldrei menn, sem vilja og geta »spekúlerað«, en hér vantar fé. Þótt nú alþ. vildi veita 60,000 eða hundrað þúsund eða hvað það nú yrði til þess konar félags, þá eru engin tök á að stofna það né líkur til að slíkt yrði gert af hálfu Íslendinga og þá verður landssjóður að gera það sjálfur, ef það á að gerast á annað borð. Menn leggja mikla áherzlu á, að þetta félag muni ekki borga sig betur á pappírnum, en t. d. Vestu-útgerðin, en eg fyrir mitt leyti legg eigi svo afarmikið upp úr því. Hinn óbeini hagur getur verið svo geysimikill, þótt tap sé á pappírnum, en eg er líka ekki í nokkrum efa um, að hagur myndi verða að þessu fyrirtæki einnig á pappírnum. Það væri þinginu um að kenna, ef svo reyndist ekki. Það er og enginn efi á því, að þetta mun eina leiðin til þess að geta stefnt viðskiftunum í þá hina réttu átt, að sækja vörurnar sem mest til framleiðslulandanna. Danmörk er ekkert annað en umskipunarland, og það hefir verið sagt um Danmörku, og það með fullum rökum, að hún framleiði eigi annað handa okkur en tóbak og brennivín. En eg vildi geta þess í þessu sambandi, að í Þýzkalandi er brennivínið samt að mun ódýrara en í Danmörku. Jafn framt því að slegið er föstu, að Danmörk er einungis umhleðsluland, hlýtur hagurinn af öllum vörum, er t. d. frá Þýzkalandi koma að lenda að miklum mun í Danmörku. Með þessu fyrirtæki getur maður útilokað einveldi yfir farmgjöldum, fyrirbygt að nokkurn tíma sé hægt að slá hring um vöruflutningana, að og frá landinu, eins og áður var á meðan hið Sameinaða var eitt um hituna. Mönnum kann að virðast, að eigi sé mikil hætta á slíku nú, sökum þess, að 3—4 félög reka sem stendur siglingar hér við land, sem mynda næga samkepni. En gæti eigi svo farið, að félög þessi mynduðu samband sín á milli og settu upp farmflutningsgjöldin til þess að þau öll gætu borgað sig, hvort sem landsmenn hefðu þörf fyrir þau öll eða eigi.

Svo má ennfremur geta þess, að til

þess að stórkaupmenn geti þrifist hér á landi þurfa þeir að geta notað sama innkaupsmarkað og erlendir, danskir, stórkaupmenn, þurfa með öðrum orðum að hafa beinar og greiðar samgöngur við framleiðslulöndin.

Konsúll Thomsen reyndi einu sinni að fá því framgengt, að skip hins Sameinaða gufuskipafélags kæmu við í Lübeck, en danska auðvaldið sagði nei. Slíkt getum vér eigi þolað, að auðvaldið danska hafi umráð yfir samgöngum vorum, en því er ver, að margir hér á landi munu því talsvert háðir; og þótt hið Sameinaða gufuskipafélag hafi átt og eigi hér enn vissa lífsábyrgð utan þings og innan, mun svo eigi verða um aldur og æfi.

Eg vil eigi fara mikið út í hina pólitísku þýðingu, sem þetta fyrirtæki gæti haft, en álít í stuttu máli sagt, að ef landið tekur samgöngurnar í sína hönd hafi það náð í lykilinn að sjálfstæði sínu. Þó myndi eg enn eigi ráða til að gera þetta, nema landið hefði mönnum á að skipa, sem færir væru um að takast forstöðu slíks fyrirtækis á hendur; en nú vill svo heppilega til, að vér höfum einn slíkan mann, dugnaðar- og framkvæmdarmanninn Þórarinn E. Tulinius. Hefðum við ráð á fleirum slíkum mönnum, myndi eg leggja til, að landið tæki þetta fyrirtæki strax að öllu leyti í sínar hendur, en af því svo er eigi verðum vér enn að bíða betri tíma, en jafnframt eru svo útbúnir samningarnir, að landið getur, hvenær sem það vill, lagt alt félagið undir sig. Eg vil geta þess, sem eg gleymdi að taka fram áðan, að hlutir landssjóðs verða 4% forgangshlutir, og ætti það eitt út af fyrir sig að vera nægileg trygging.

Svo vil eg víkja ögn meira að því, hvaða þýðingu það hefir að geta beint samgöngum og viðskiftum hvert sem vill. Þar sem Danmörk er einungis umhleðslustaður, er það jafnhliða dæmi, ef vér sækum vörur, sem koma t. d. frá Þýzkalandi þangað, og ef kaupmaður frá Vestmannaeyjum yrði að sækja vörur, sem upphaflega kæmu frá Reykjavík til verzlunar í Hornafirði, vegna þess, að Hornafjörður hefði samgöngur við Reykjavík, en Vestmanneyjar ekki. Ef svo stæði á, yrði kaupmaðurinn í Vestmanneyjum fyrst að borga fragtina til Hornafjarðar, álag kaupmannsins þar og annan kostnað, sem af umhleðslunni stafaði. Öldungis stendur nú eins á að hafa Danmörk fyrir umhleðslustöð fyrir t. d. þýzkar vörur.

Eg hefi gert lauslega áætlun yfir þær þýzkar vörur, sem hingað flytjast. Telst mér svo til, að mestur hluti kaffi og sykurs komi hingað frá Þýzkalandi. — Sama er að segja um te, súkkulade og cacao. Þessar 5 vörutegundir námu 1906 um 1,625,000 kr. Vindlar, vindlingar og tóbaksblöð tæpum 100 þús. Af allri vefnaðarvöru, sem flytst hingað til landsins, má áætla að $^2/_3$ komi frá Þýzkalandi, eða árið 1906 hér um bil 1,817,000 kr. Enn fremur lampar fyrir 75 þús. kr. Leir- og glerilát fyrir 113 þús. kr. Þó má geta þess, að lítið eitt kemur af leirvöru frá Englandi, en er miklu lakari vara fyrir sama verð, og því ódýrari á Þýzkalandi. — Stundaklukkur og úr fyrir c. 70 þús. kr., skrifpappír og önnur ritföng fyrir c. 50 þúsund, enn fremur sement, farfi og glysvarningur fyrir c. 484 þús. kr., enn fremur lyf, hljóðfæri, rokkar og plettvörur fyrir c. 105 þús. og ýmislegt fyrir c. 215 þús. kr. Als munu innfluttar þýzkar vörur nema minst 5,179,546 kr. á ári, og eru þó ónefndar ýmsar vörur, sem mikið munar

um, sem ódýrari eru þar eftir gæðum en í Danmörku. Þar frá dregst 1/3 fyrir álagningu, eða 1,706,515 kr. og er þá nettó innkaupsverð um 3,473,-031 kr.

Nú má gera ráð fyrir, að ágóði sá, sem danskir stórkaupmenn hafa af vörum þessum sé að minsta kosti 10% til jafnaðar og verður það af þessum 3,473,031 kr. 347,303. Þá kemur fragt til Hafnar, flutningur, húsaleiga, assurance o. s. frv., minst 3% af útsöluverðinu hér, 5,179.546 kr. eða 155,386 kr. Þetta er als um 502,689 kr., sem Ísland tapar árlega á því fyrirkomulagi, sem nú á sér stað. Og hér mun þó vera fremur farið of vægt en of hart í sakirnar, því oft verða Íslendingar þess utan að borga Dönum tollinn þar af þýzkum vörum, þegar um smærri kaup er að ræða í senn.

Menn eru sjálfsagt orðnir þreyttir, en eg verð samt að geta þess, að eg hefi heyrt því fleygt, að hið Sameinaða gufuskipafélag muni ætla að koma með einhverja »bombu« inn í þingið, ef það áliti, að það ekki hafi næga lífsábyrgð í þinginu, en hvernig hún verði er ekki gott að segja. Tilboð umboðsmanns gáfu engar sérstakar bendingar í þá átt, en hætt er við, að mundi fara eins og 1897, þegar félagið var að drepa Thore-tilboðið, að það gæfi glæsilegt tilboð, en stæði svo ekki við það á eftir.

Framsögumaður minni hlutans (Jóh. Jóhannesson): Eg er ósamþykkur hv. meiri hluta samgöngumálanefndarinnar, aðallega af þremur ástæðum, og get því ekki ráðið til eða stutt að frv. þetta verði gert að lögum á þessu þingi. Eg vil einungis benda á þessi þrjú atriði, sem orsaka, að eg get ekki fylgt frumv. þessu. Fyrst og fremst álít eg málið alsendis ófullnægjandi undirbúið. Frumv. kemur inn á þingið frá meiri hluta samgöngumálanefndarinnar. Hún er að vísu skipuð góðum og glöggum mönnum, en þeir hafa ekki til að bera þá sérþekkingu á máli því, sem hér er um að ræða, sem eigi að eins er æskileg heldur með öllu nauðsynleg.

Fyrst vér höfum fengið þingbundna stjórn búsetta í landinu, álít eg að þingið ætti ekki að ráða neinu stórmáli til lykta, sem stjórnin ekki hefir rannsakað og undirbúið, og er slíkur undirbúningur mála af stjórnarinnar hálfu einn af aðalkostum slíks stjórnarfyrirkomulags.

Þetta hefir ekki átt sér stað hér, og er það eitt nægilegt til þess, að frv. þetta sé ekki gert að lögum. Mér virðist það bera vott um fljótfærni og nokkurskonar skort á ábyrgðartilfinningu hjá háttv. meiri hluta, að ráða háttv. deild til þess að samþ. annað eins stórmál og þetta, jafn lélegur og undirbúningurinn er. Vér verðum að gæta þess, að þær skýrslur og gögn, sem nefndin hefir haft við að styðjast og sem hún byggir alt á, er einmitt eingöngu frá þessu félagi sjálfu, sem hér á hlut að máli, sem leggur mjög svo mikla áherzlu á að fá því framgengt og sem ef til vill verður að hætta nái málið ekki fram að ganga. Mál þetta er því svo illa undirbúið, sem frekast má verða, og má því þegar af þeirri ástæðu ekki verða að lögum.

Þá er eg í öðru atriði ósamþykkur hinum háttv. meiri hluta nefndarinnar, er hann segir, að tilboð Sameinaða gufuskipafélagsins sé algerlega óaðgengilegt, og því sé nauðugur einn kosturinn að taka tilboði Thore-félagsins. Nú er svo mál með vexti, að auk áður komins tilboðs frá félaginu, sem hin fráfarandi stjórn útvegaði og lagt hefir verið fyrir þingið, er hér staddur maður úr stjórn þess, sem

hefir algerlega óbundnar hendur til samninga við þingið. Ætlá eg þessu til sönnunar að lesa upp bréf frá manni þessum. Bréfið er eg alveg nýbúinn að fá, svo eg hefi eigi haft tíma til þess að snara því á íslenzku en verð með leyfi hæstv. forseta að lesa það upp á dönsku. Það hljóðar svo:*

Þýðing.

Sameinaða gufuskipafélagið
hlutafélag
Íslands deildin.

Reykjavík, 23. apríl 1909.

Herra sýslum. Jóh. Jóhannesson,
R. af Dbr.
Hér.

Til staðfestu viðtali okkar í dag skal eg hér með tjá yður:

1. Að nú sem stendur dvel eg hér í Reykjavík sakir gufuskipamálsins, eins og ráðherra Íslands var tilkynt með símskeyti 5. þ. m.;
2. að eg hefi algerlega frjálsar hendur til að gera við alþingi um gufuskipamálið hvern samning, sem vera skal, fyrir hönd Sameinaða gufuskipafélagsins, með fullum skuldbindingarkrafti fyrir félagið;
3. að eg (og þar með Sameinaða gufuskipafélagið) er fús til að taka þátt í sérhverri samninga-umleitun um þetta mál, en
4. að hin virðulega samgöngumálanefnd hefir að eins í eitt skifti (laugardaginn 17. þ. m.) kvatt mig til viðtals um þessa samninga, og
5. að upp á spurningu þá, sem herra alþingismaður Björn Kristjánsson beindi til mín á þessum fundi, um strandferðabát til að vera í förum milli Reykjavíkur og Djúpavogs, svaraði eg því, að slíkum gufubátaferðum mætti vel koma á um sex mánuði ársins, og að væntanlega mundu engin tormerki á að koma sér saman um þetta mál, og að minsta kosti væri þar ekki um annað en kostnaðarspurningu að ræða. Auk þess beindi hann til mín þeirri spurningu, hvort félagið, sem eg er umboðsmaður fyrir, sæi sér fært að hafa í förum til Íslands skip með kælirúmi og betri farþegaskip en nú eru, og svaraði eg þessu á þann hátt, að ekkert væri því til fyrirstöðu, að »Botnia« (sem samjafnaðarlaust er bezta og hraðskreiðasta skipið, sem nokkru sinni hefir verið í millilandaferðum) gæti komið t. a. m. í stað »Laura« í áætlunarferðum hennar, ef til vill, að fyrstu ferðinni (janúarferðinni) einni undantekinni.

En sé þess óskað getum vér einnig samt ráðið fram úr þessu, svo að »Botnia« taki algerlega að sér allar ferðir »Laura«, en auðvitað verður þá að taka það atriði sérstaklega til gagngerðrar samningsmeðferðar.

Þá er eg hafði heyrt allar óskir þær, sem nefndin hafði fram að bera og svarað þeim á þann hátt, sem eg hefi hér frá skýrt, þakkaði herra Björn Kristjánsson mér fyrir og lét í ljósi, að nefndin mundi síðar kveðja mig til viðtals, þegar hún vildi ræða málið við mig á ný; en alt fram á þennan dag kl. 1½ síðdegis, hefi eg engin boð fengið frá nefndinni.

Virðingarfylst.
H. Hendriksen,
Sameinaða gufuskipafélagið
hlutafélag.
Formaður Íslands- og Færeyja deildarinnar.

* Íslenzk þýðing á bréfinu er prentuð hér.

Af þessu sést, að hér er nú staddur maður, sem hefir óbundnar hendur til að semja við alþingi fyrir hönd Sameinaða gufuskipafélagsins. Og það er ekki honum að kenna, þótt samningar hafi ekki orðið, heldur er það sök samgöngumálanefndarinnar; hún hefir ekki, sem henni þó bar, leitað nægilegra samninga við þann mann, sem Sameinaða félagið sendi hingað til að semja við þingið, að því er séð verður af þeirri ástæðu einni, að h. meiri hluti hennar hefir frá byrjun ætlað sér að semja við Thorefélagið eitt. Það er því ekki rétt, sem í nefndarálitinu stendur, að oss sé nauðugur einn kostur að semja við Thorefélagið.

Um Suðurlandsbátinn er það að segja, að hægt væri að útvega hann, eins og bréfið ber með sér: hann gæti verið 150 tons og gengið frá Reykjavík til Hornafjarðar — eða jafnvel austur á Fáskrúðsfjörð. Það mundi kosta 20 þús. kr. á ári umfram hið venjulega tillag (40 þús.).

Ef þessi bátur gengi á þessu svæði um 6 mánaða tíma, þá ynnist »Hólum« tími til að fara 4 hringferðir, auk sinna venjulegu ferða, alveg að kostnaðarlausu. »Hólar« gætu á þessum ferðum komið við á Seyðisfirði, Akureyri og Ísafirði. Slík hringferð þyrfti ekki að taka nema 5 daga (frá Reykjavík og þangað aftur). Ferðunum mætti haga þannig, að 2 af þeim yrðu farnar sunnan um, en hinar 2 norðan um land.

Það dylst víst engum, að mikill hagur er að því, að »Hólar« fari þessar 4 aukaferðir, en það verður þó því að eins unt, að hinn áðurnefndi bátur taki að sér viðkomustaðina hér sunnanlands. Hagnaðurinn af slíkum ferðum mundi margborga þann 20 þús. kr. kostnað, er sérstakur bátur hefði í för með sér, því með honum yrðu trygðar miklu fleiri viðkomur í Árnes- og Skaftafellssýslum en nokkru sinni áður, og virðist nú tími til kominn að bæta úr því misrétti, er þessar sýslur hafa átt við að búa, að því er samgöngur á sjó snertir.

Auk þess má, ef þessi bátur er látinn ganga 6 mánuði á árinu milli Reykjavíkur og Fáskrúðsfjarðar, draga verulega úr styrknum til gufubáta fyrir Austfirðingafjórðung, sem á fjárlögunum er áætlaður 12,000 kr. á ári, því að mínu áliti væri eigi þörf á öðrum strandbát fyrir sunnan Seyðisfjörð, svo að í raun og veru eru það ef til vill ekki nema 10—15 þús. kr., sem Suðurlandsbáturinn og þessar 4 hringferðir Hóla kostar.

Með þessu hefir nú verið sýnt fram á, að miklar samgöngubætur megi fá hjá Sameinaða félaginu: það er því ekki rétt, sem háttv. meiri hluti nefndarinnar heldur fram, að ekki sé semjandi við þetta félag.

Þá getur háttv. meiri hluti um það, að fargjald muni hækka um $^1/_3$ úr því sem nú er, ef betri skip verði fengin — í stað þessara 3, sem nefnd hafa verið. En þetta er als ekki rétt. Sameinaða félagið áskilur sér að eins að hækka fargjaldið á fyrsta farrými milli landa með Botníu einni, en það er als eigi ósanngjarnt, og kemur helzt niður á erlendum ferðamönnum, þótt fargjaldið sé hærra á jafn hraðskreiðu og góðu skipi en hinum, sem lakari eru.

Þá heldur nefndin því fram, að Sameinaða félagið vilji fá eftirgjöf á hafnargjaldi, en það er engan veginn sett sem skilyrði af hálfu félagsins.

Loks er eg hinum h. meiri hluta nefndarinnar ósamþykkur um það, að ekki sé viðsjárvert fyrir landssjóð að leggja fé í slíkt fyrirtæki og þetta, og að allar líkur séu til þess, að þetta

geti orðið arðvænlegt. Það er mjög vafasamt, hvort þetta yrði gróðafyrirtæki eða ekki.

Eg ætla ekki að fara ítarlega út í ástæður nefndarinnar að þessu sinni, en þess vil eg þó geta, að skoðun nefndarinnar í þessu máli er bygð á áætlun þessa félags og umboðsmanns þess hér. Við það er þó ýmislegt að athuga, t. d. það, að engin vissa er fyrir því, að þessar 40 þús. kr. (ríkistillagið) mundi lenda hjá Thorefélaginu. Eg veit ekki betur, en að slík staðhæfing sé algerlega í lausu lofti gerð. Eg hefi ekki séð neina skuldbindingu um það frá innanríkismálastjórninni dönsku, að hún vildi ekki veita þennan styrk öðru félagi, en alþingi hefir samið við. Það er einmitt ástæða til að ætla, að Sameinaða félagið fái þennan styrk framvegis, þótt samið yrði við Thorefélagið af hálfu alþingis, enda hefir umboðsmaður Sameinaða félagsins hér sagt, að hann hafi heyrt yfirstjórn póstmálanna dönsku lýsa því yfir við forstjóra Sameinaða félagsins, að ekki mundi annað koma til mála, þar eð þetta félag hefði nú í 39 ár notið þessa styrks, og póststjórnin danska hefði ekkert við framkomu félagsins að athuga. Það munar heldur ekki svo lítið um 40 þús. kr. á ári. — Það eru rentur af 1 milj. króna.

Háttv. framsm. meiri hlutans (B. Kr.) lagði mikla áherzlu á það, að hlutir landssjóðs í þessu fyrirtæki væru forréttindahlutir; það átti að vera nægileg trygging fyrir því, að landssjóður biði engan halla af þátt-töku í félaglaginu. En eg bið menn vel að gæta að því, að forréttindahlutir eru engan veginn fullnægjandi (absolut) trygging, því að alt hlutafé stendur að baki þeim skuldum, er á félaginu hvíla. Ef skuldir félagsins yrðu svo miklar, að þær færu fram úr andvirði eigna félagsins og þeim 300,000 kr. hlutum, sem aðrir en landssjóður ættu í því, yrði landssjóður að sitja á hakanum fyrir skuldheimtumönnunum.

Því hefir verið haldið fram, að félagið ætti 60 þús. kr. í varasjóði; og í nefndarálitinu er bent á það, að á einu ári hafi verið lagðar 32 þús. kr. í þennan sjóð. Er sjóðurinn þá ekki nokkuð lítill — ekki nema 60 þús. kr. eftir öll þessi ár?

Menn verða að gæta þess, að þessi sjóður er aðallega endurbyggingarsjóður skipanna; hann er því nokkuð lítill eftir virðingarverði skipanna, sem eru boðin landssjóði fyrir 850 þús. kr. Og þegar nú þess er gætt, að árlega er lagt í hann fé, og þó er hann ekki meiri en þetta, þá hlýtur miklu af fénu að vera varið til árlegra aðgerða skipanna; að öðrum kosti væri sjóðurinn miklu stærri. Nefndin hefir að vísu skýrslu um það frá umboðsmanni félagsins, að það kosti eigi nema 75 þús. kr. á ári að halda úti skipi eins og »Sterling«. En »Hólar« þurfa 85 þús. kr. árlega, og 130—140 þús. kr. kostar að halda »Ceres« úti árlega. Og minni getur kostnaðurinn ekki verið við »Sterling«. Það er því of lágt áætlað hjá nefndinni, að úthald allra skipanna kosti ekki nema 500 þús. kr. á ári. Það mundi að minsta kosti nema 675—725 þús. kr. árlega. Það er því bert, að starfsfé það, sem félaginu er ætlað að vinna með, er alt of lítið.

Hinni háttv. nefnd er eg algerlega ósamdóma um það, að komið geti til mála að leggja sérstakt gjald á vöruflutninga hingað á öðrum skipum en þeim, sem landssjóður ætti hlut í. Eg efast mjög um, að slíkt væri gerlegt, því sú er skoðun manna alment, að siglingar eigi alstaðar að vera frjálsar,

eða að minsta kosti sé öllum þar gert jafnt undir höfði. Og eg geng nauðugur að því að binda landssjóð því fyrirtæki, er leitt gæti til þess, að alþingi neyddist til að semja síðar slík lög, til þess að koma í veg fyrir að landið biði stórhalla af fyrirtækinu Það væru neyðarúrræði, en þó nauðugur einn kostur, þegar í þvæluna væri komið, annaðhvort að láta landssjóð tapa stórfé eða þá að taka til þessa óyndisúrræðis.

Eg skal svo ekki fjölyrða meira um þetta nú, en eg vil lýsa því yfir, að eg get als ekki stutt að því, að frv. þetta verði að lögum á þessu þingi. Það gæti komið til mála, ef það yrði undirbúið rækilega af stjórninni til næsta þings, þegar þjóðin hefir sagt álit sitt um það og þingmenn íhugað það eftir föngum.

Einar Jónsson: Af því að eg hefi átt sæti í samgöngumálanefndinni ásamt öðrum, og af því að eg er einn af þeim, sem eindregið eru á móti þessu frumv., þá finst mér það skylda mín að gera grein fyrir þessu.

Háttv. framsm. minni hlutans (Jóh. J.) hefir að vísu rækilega gert grein fyrir afstöðu minni hluta nefndarinnar, en eg fyrir mitt leyti hefði helzt óskað, að nefndin hefði ekki komið fram með frumv. hér í deildinni; eg hefði helzt kosið, að henni hefði virst þetta svo óaðgengilegt, að hún hefði ekki treyst sér til þess að semja þetta frv.

Eg get ekki haggað mér frá þeirri föstu sannfæringu, að eignir Thorefélagsins séu als ekki tryggar, að þær séu í rauninni ekki mikils virði. Mér hefir að vísu verið sagt, hvað skipin heita, hvað þau muni kosta o. s. frv., en mér er þó með öllu ókunnugt um hag félagsins. Það eitt veit eg þó, að flest skipin eru gömul og léleg, og virðist því ekki ástæða til að leggja mikið fé til slíkra kaupa.

Frumv. á nú að bæta úr þessu og skipin á að virða á ný af mönnum, er stjórnin kýs til þess. En mér er nú spurn: Hefir stjórnin tök á góðum og hæfum mönnum til þess starfa? Það er óneitanlegt, að virðingar, sem fara fram af ókunnugum mönnum og ósérfróðum, þær geta ekki verið öðru vísi en ófullnægjandi eða jafnvel óhafandi. Eg legg því ekki mikið upp úr slíkri virðing, enda munu hér fáir eða engir þeim starfa vaxnir. Það er engan veginn vandalaust að virða gamla muni, og þá sérstaklega skip, sem lengi hafa verið í sjó. Eg hygg því, að það væri að kaupa »köttinn í sekknum«, að hrapa að slíkum kaupum.

Eg skil heldur ekki, þegar verið er að tala um 500 þús. kr. *(Björn Kristjánsson*: 425 þús. kr.*)*. Jæja, látum það vera 425 þús. kr., það verður enn þá óskiljanlegra. Ef einum strandferðabátnum, sem átti að kosta 120 þús. kr., er slept — ekki hafðir nema tveir, eins og nú er talað um —, hvers vegna eru þessar 120 þús. kr. þá ekki dregnar frá? Þetta vekur enn meiri ótrú hjá mér til þessa fyrirtækis. *(Björn Kristjánsson:* Þetta er misskilningur). Eg skil nú þetta eftir því, sem eg hefi þekkingu til og hygg, að minn skilningur sé hér sanni næstur.

Þá ætlast þetta frumv. til þess, að 40 þús. kr. tillagið renni til þessa félags, en það er als ekki víst, að það fáist. Thore-félagið vill fá 100 þús. kr. árlega til »driftar«, en ef þessar 40 þús. kr. fást ekki, þá verður landssjóður að borga það.

Því var fleygt í nefndinni — og meiri hluti nefndarinnar hefir endurtekið það, — að það skifti nú ekki miklu,

hvort þessar 40 þús. kr. fengjust eða ekki. En eg lít nú svo á þetta mál, að landssjóður sé ekki sú peningakista, að hann skifti þetta engu.

Eg tek það fram, að eg segi þetta ekki af hatri eða kala til Thore-félagsins, það hefir ef til vill bætt samgöngurnar að ýmsu leyti — og ef hægt væri að taka þessu tilboði landinu að hættulausu, þá væri vitanlega ekkert því til fyrirstöðu.

En mig furðaði á því, hvernig háttv. framsm. meiri hlutans (B. Kr.) fórust orð um Sameinaða gufuskipafélagið. Sumt af orðum hins háttv. þingm. gat verið sanngjarnt, en það er leitt að heyra, að borið sé á félagið, að það hafi stolið af mönnum — sé nokkurs konar þjófafélag. Slík orð hljóta að vera töluð af hatri til félagsins, og skal eg ekki bera slíkt á Thore-félagið. Hygg, að hvorugt þessara félaga eigi þess konar ummæli skilið.

Hinn háttv. framsm. meiri hlutans (B. Kr.) — sem mér hefir annars virst svo sanngjarn í nefndarstörfum — gat þess, að kröfur almennings væru að fá auknar samgöngur. Þó segir hann í öðru orðinu, að vér höfum fengið nægar samgöngur — höfum nóg skip. Eg sé nú ekki, hvernig þetta tvent getur samrýmst.

Þá gat hinn háttv. framsm. meiri hlutans (B. Kr.) þess, að lánstraust Thore-félagsins væri mikið. En hvers vegna vildi félagið þá ekki ganga að tilboði nefndarinnar um það, að annast samgöngur hér í 8—10 ár og auka sjálft skipastól sinn? Ef félagið getur ekki aukið skipastól sinn með lánstrausti því, er það hefir, þá hljóta eignirnar að falla — ef lánstraustið er að hverfa.

Eg sé svo ekki, að ástæða sé til að fara frekar út í þetta, en styðst að mestu leyti við það, sem háttv. frmsm. minni hlutans (Jóh. Jóh.) hefir tekið fram.

En það vil eg þó endurtaka, að eg er á móti frumv., og þykist hafa fært fullskýr rök fyrir afstöðu minni.

Vildi eg því óska, að háttv. þingdeildarmenn athuguðu þetta mál vel, áður en þeir fara að samþykkja það, enda þykir mér ótrúlegt, að til þess komi,

Framsögumaður meiri hlutans (Björn Kristjánsson): Það hafa nú komið fram töluverð andmæli af hálfu minni hlutans í þessu máli. En mér finst það á ræðum þessara háttv. þingm., að þeir hafi farið furðu mikið utan um það, sem er eiginlega mergurinn í málinu.

Þeir hafa ekki haldið sér að því, sem eg tók fram, heldur hafa þeir farið út fyrir aðal-kjarna málsins, og hengt hatt sinn á ýms smá-atriði, er vitanlega alt af geta verið deiluefni.

Þó vil eg minnast stuttlega á það, sem háttv. framsm. minni hlutans (Jóh. Jóh.) sagði. Hann tók það fyrst fram, að hann gæti ekki fylgt þessu frumv. af því, að það væri ekki undirbúið af stjórninni. En hér er því til að svara, að stjórnin þarf hreint ekki að undirbúa þetta mál; það er ekki hægt að sækja skýrslur nema í eina átt, í öðrum áttum eru þær ekki til. Þótt stjórnin hefði haft þetta mál 1—2 ár til undirbúnings, þá hefði hún ekki getað sótt skýrslur til annara, en nefndin gerði: til Thore-félagsins sjálfs. Það er því með öllu ástæðulaust, að stjórnin undirbúi þetta mál; nefndin hefir fengið þær upplýsingar, sem kostur er á. Eg tel þess vegna óréttmætt, er hinn háttv. framsm. minni hlutans (Jóh. Jóh.) heldur því fram, að nefndin sýni í þessu fljótfærni og skort á ábyrgðartilfinningu. Um það geta menn sannfærst af frumv. Og

það ber þó ekki vott um skort á ábyrgðartilfinningu, að ekki er alt lagt upp í höndurnar á félaginu, heldur er hagur landssjóðs trygður, sem bezt má verða, en hagur núverandi hluthafa settur fullkomlega í hættu, ef um hættu gæti verið að ræða.

Háttv. framsm. minni hlutans (Jóh. Jóh.) gat þess, að upplýsingar þær, er nefndin hefir fengið, séu allar komnar frá Thore-félaginu. En hvert átti að sækja þær? Til Sameinaða félagsins? Nei, það er ekki hægt að fá upplýsingarnar annarsstaðar, en einmitt hjá Thore-félaginu. Þó höfum við einnig farið eftir Börs-skýrslunni, er eg áður hef minst á, og ekki lýgur hún. (*Jóhannes Jóhannesson:* Hvaðan er hún komin?) Auðvitað er sú skýrsla komin frá Thore-félaginu, því annað var ekki hægt; hún er þangað komin frá aðalfundi félagsins. Og félag, sem falsaði uppgerð á aðalfundi, og setti hana í blöð, mundi alls ekki njóta þess lánstrausts, sem Thore-félagið hefir notið.

Eg bjóst fastlega við, að fráfarandi ráðherra (H. H.) hefði sótt í hendur Sameinaða gufuskipafélagsins alt, sem þar var hægt að fá. Umboðsmaður félagsins var á fundi hjá samgöngumálanefndinni, og þá var bein skylda hans, sem annars vörubjóðanda, að sýna hvað hann hefði á boðstólum. Eg álít því, að nú sé nægilega upplýst, hvaða kjör það félag vill bjóða oss til handa.

Vitanlega má deila um það, hvort landið mundi græða á þessum nýja félagsskap eða ekki. En eg fyrir mitt leyti er sannfærður um, að það mundi verða þjóðinni til ómetanlegs gagns í öllu tilliti.

Þá gat háttv. þm. (Jóh. Jóh.) þess, að vafasamt væri, hvort annað félag en það Sameinaða fengi styrk hjá Dönum. En hér hefi eg í höndum tvö bréf, annað frá skrifstofustjóra Ólafi konferenzráð Halldórssyni, þar sem því er skýlaust lýst yfir, að Íslands ráðherrann skuli hafa full yfirráð yfir þessum gufuskipaferðastyrk, svo að það er augljóst, að það hefir ekki minstu þýðingu, hvað póstmálastjórnin segir í þessu efni.

Þá fann háttv. þm. máli þessu það til foráttu, að forréttindahlutir væri ekki nægilega tryggir. Eg skil nú reyndar varla í, að hann fái marga á sitt mál um það.

Eg álít trygginguna fyllilega áreiðanlega, þar sem 360,000 krónur þurfa að tapast, til þess að landið geti haft skaða, það er hinir almennu hlutir 300 þús. og varasjóðurinn 60 þús. kr., og vitanlegt er það, að áður til þess kæmi mundi fyrirtækið verða látið hætta. Stjórn félagsins, sem skipuð yrði að meiri hluta af Íslendingum, mundi sjá um það.

Þá kom það og fram hjá háttv. þm. að landið mundi taka það óheillaráð að skattleggja önnur skip, til þess að standast fremur samkeppnina.

Þetta þarf engan veginn að vera í því formi. Ef til þess kæmi, að skip yrðu skattlögð, mundi þetta nýja félag sæta hinu sama. Landið er líka fullkomlega sjálfrátt um að leggja á lestargjald, ef því býður svo við að horfa.

Yfir höfuð er ótti þessa háttv. þm. að eins bygður á getgátum einum og röklausum staðhæfingum.

Eg get verið fáorður gagnvart háttv. 2. þm. Rangv. (E. J.); flest af því er hann sagði, var þannig vaxið, að lítil þörf er á að svara því.

Honum fórust orð á þá leið að hann hefði miklu fremur kosið, að ekkert tilboð hefði legið fyrir þinginu. Eg og við fylgismenn þessa frumv. erum á

gagnstæðri skoðun. Við viljum fyrir hvern mun — þótt málið ef til vill falli hér í þinginu — að þjóðinni geti gefist kostur á að kynnast því.

Þá er það sýnilega tómur misskilningur, þar sem háttv. þm. sagði, að að eg hefði nefnt Sameinaða félagið þjófafélag. Það kom mér ekki til hugar. Það er annað að segja að stolið sé úr pakkhúsum þess Sameinaða, eða að segja að félagið steli sjálft.

Þá gerði og háttv. sami þingm. þá fyrirspurn, hvers vegna Thorefélagið vildi ekki taka lán, fyrst það hefði svo ótakmarkað lánstraust.

Hann gæti alveg eins spurt um það, hvers vegna einhver einn kaupmaður tæki ekki undir sig alla verzlun landsins. En eg get frætt þennan háttv. þm. (E. J.) um það, að sá maður, sem ekki kann að haga lántökum sínum eftir efnum sínum, er heimskingi. Lántökur hvers manns eða félags verður að sjálfsögðu að standa í sæmilegu hlutfalli við efnahaginn, við hið sanna veltufé.

Aths. (B. Kr.).

— Þegar eg var að leiðrétta þessa ræðu uppgötva eg, að framsm. minni hl. (Jóh. Jóh.) hefir bætt við ræðu sína þýðingu á bréfi frá því Sameinaða, sem hann, en ekki nefndin, fékk fyrir fundinn. Þar sem nefndin hefir ekki fengið það til meðferðar, og að eins nokkrir punktar voru lesnir mjög lágt upp úr því á dönsku, gat framsm. ekki rakið það í sundur. Þessi aðferð sýnir meðal annars hvað mikið er að marka það, sem stendur í þingtíðindunum.

Jón Ólafsson: Eg er alveg á gagnstæðri skoðun við háttv. meiri hluta þessarar nefndar, Það hefir verið talað hér með mikilli andagift um þetta glæsilega tilboð. En þó er það nú í almæli, að félagið sé á hausnum og hafi að eins fengið greiðslufrest á skuldum sínum á meðan verið væri til þrautar að reyna að handsama þetta hálmstrá, að landssjóður hlypi undir bagga og borgaði allar skuldirnar, 6—700 þús. krónur. Það er einkennilegt, að félagið vill ekki sjálft þiggja þann álitlega gróða, sem það telur landssjóði vísan. Það vill endilega gefa landinu meginhluta hans. Mér finst það helzt benda á það, að félagið hafi ekki neina tröllatrú á gróðareikningi sínum.

Ekki eru nein rök sýnd fyrir á hverju það er bygt, að hvert skip gefi í hreinan ágóða 25,000 kr. og hvert aukaskip 15,000. Mætti alveg eins meta ágóðann 100,000. Það væri þó enn glæsilegra, og þolinmóður er pappírinn. Það má skrifa allar tölur á hann röksemdalaust alveg út í bláinn.

Fyrst þegar tilboð þetta kom fram, mátti ekki við því hagga minstu vitund. Annað hvort ganga að eða frá.

En nú hefir félagið alt í einu breytt tilboðinu upp úr þurru; hefir líklegast þótt samgöngurnar alt of góðar, ef við fengjum 3 strandferðaskip í staðinn fyrir 2.

Þá eru kaupin; fyrst átti að kaupa skipin samkv. tilboðinu, en nú á að kaupa þau eftir mati. Ef við værum neyddir til að kaupa skip, mundum við auðvitað gera það, en varla þó eftir mati, heldur eftir framboði á opnum markaði. Og við mundum líka fremur vilja haga þeim kaupum eftir því hvernig árferði væri, hvort nokkur von væri um arð eða ekki.

En þessir áköfu fylgismenn þessa máls hugsa ekki neitt um það. Þeir vilja fá skipin undir eins, þótt kunnugt sé, að um þessar mundir borga skip sig mjög illa víðast hvar um

heiminn; langviðast tjón nú að skipaeign.

Í Bretlandi í vetur er ástandið í þessu tilliti þannig, að mönnum dettur ekki í hug að verða skaðlausir af skipaútgerð sinni, heldur einungis að reyna að skaðast sem minst. Þar tóku skipaeigendur sig saman í vetur um að »leggja upp« helming að lestatölu allra skipa sinna. Og á Clyde-fljótinu hefir legið til þessa (og liggur líklega enn) svo mikið af slíkum skipum, sem ekki eru í förum, að til vandræða horfir.

Nú ber þess og vel að gæta, að skip eru mjög að falla í verði. Það er eðlileg afleiðing af þessu.

Háttv. 2. þm. Rvk. (M. B.) gaf nýlega þær upplýsingar á bæjarstjórnarfundi, að skipajárn hefði fallið um 50 af hundraði. Ætli sé þá ekki ástæða til að skipin sjálf falli. Skip, sem gengur nú hér við land, var metið í Noregi af eiðsvörnum mönnum á 140,000 kr., en viku síðar selt á 40,000. Þetta er ekki lítill munur og svona mun vera víðar. Eimskip, sem smíðað var fyrir að eins 18 mánuðum í Bretlandi og kostaði þá 150—160,000 kr., er nú boðið hér og annars staðar til kaups fyrir 72,000 kr.

Ef framsögum. vill, getur hann fengið skírteini fyrir því, að þetta sé satt. En hvað sýnir þetta? Það sýnir, að skipin eru að hríðfalla í verði og að virðingarverð skipanna er miklu hærra en gangverð þeirra, o: það verð sem þau ganga kaupum og sölum manna á milli, sem er þeirra sanna, virkilega verð. Orsökin er sú, að matsmenn miða jafnan við byggingarkostnað skipanna, hvað þau kostuðu ný, og draga svo frá fyrir árlegri fyrningu. En þeir taka ekki tillit til þess, þó að byggingarkostnaður og efni nýrra skipa sé lækkað svo og svo mikið. Það er sagt, að Sterling sé bezta skip Thorefélagsins; ef það er satt, þá eru hin engin afbrögð. Hvers vegna skyldu fyrri eigendur Sterlings þá hafa selt það? Það var áður eign norsks félags, sem lét það ganga milli Noregs og Skotlands og það sama félag rekur siglingar enn í dag. Hví skyldi félag, sem rekur siglingar, vera að selja skip, sem það um tíma hefir notað til siglinga? Af því það hefir ekki verið als kostar ánægt með skipið. Það er líka kunnugt, að gufuvélar yfir 20 ára gamlar, eins og Sterlings, eru miklu kolafrekari heldur en þær vélar, sem nú eru smíðaðar. Þeim iðnaði hefir fleygt það fram síðustu 20 ár. Því þykir þeim útlendu eigendum, sem efni hafa á að eiga það sem bezt er, ótækt að nota svo gamlar vélar, þegar kostur er á að fá nýjar gerðir margfalt koladrýgri. Háttv. framsm. áleit það ekki neina stórræðisupphæð þessa hálfu miljón króna fyrir landssjóð. Það er nú svo; það hefir ekki verið talið svo hingað til. Landssjóð munar um minna. Það er engin minsta trygging fyrir því, að landssjóður tapi ekki þessari upphæð, nema síður sé og miklu meiru, því að þegar landssjóður eitt sinn hefir lagt út í þetta fyrirtæki, má ganga að því vísu, að hann neyðist til að leggja því einatt fé af mörkum eftir þörfum, enda þótt hann stórtapi á því. Frsm. benti á, að altaf væri þó leið til að sporna við að landssjóður tapaði, því að löggjafarvaldið væri almáttugt. Það þyrfti ekki annað en taka í taumana. En löggjafarvaldið er ekki svo almáttugt, að það geti látið hlut eða fyrirtæki bera sig sem eftir eðli sínu ekki ber sig. En það getur annað. Það getur lagt á tolla og skatta á alla aðflutninga og skipaferðir til landsins og með því styrkt landsfélagið. Það eru tveir vegir, sem löggjafarvaldið getur farið í

þessu efni. Annar er sá, að leggja gjald á keppinauta sína og gera þeim þannig óhægra að etja neinni samkepni. Hin leiðin er sú, að leggja gjöld á öll skip sem til landsins koma, allan aðflutning eins landssjóðsfélagið sem önnur félög, er reka atvinnu við siglingar, en að þessu félagi yrði svo síðar útborgaður styrkur, sem að minsta kosti næmi þeirri upphæð, sem það þannig hefði borgað út. Þetta er nákvæmlega það sama og áður, aðferðin að eins óbeinni. Peningarnir hafa að eins vasaskifti. Þetta er þá leiðin, sem fara á, til að bæta landssjóði það tap, sem hann kann að verða fyrir við að taka að sér Thorefélagið. Þarna fundu þeir ráðið? Það á að leggja á ný gjöld og með því íþyngja vöruflutningi til landsins og verzlun þess við aðrar þjóðir. Og til hvers er gripið til þessara örþrifaráða? Til þess að láta landssjóð eignast gömlu skipsskrokka Thorefélagsins og gera því félagi fært að losna úr þeim skuldum, sem það nú er í. Hvort þetta er af ást til landsins eða ást til Thorefélagsins og umhyggjusemi fyrir því félagi, skal eg ekki fjölyrða um, en ef hvatamenn þessa frumvarps samþykkja það af einskærri ættjarðarást, þá er sú ættjarðarást þeirra nokkuð einkennileg og skrítin.

Háttv. flutnm. þessa máls er líka að berjast fyrir að koma á farmgjaldi á allar vörur. Þar gægist fyrirfram fram gjaldið — lestagjaldið — til að bæta landssjóði það tjón, sem gengið er að vísu, að hann hljóti að bíða af Thore-»spekúlatióninni«. Það á að byrja með 25 au. af 100 pd. eða teningsfeti, en ef útgerðin gengur mjög illa og meira þarf við, þá má altaf hækka. *(Björn Kristjánsson:* Það mál liggur ekki fyrir hér). Það liggur einmitt fyrir, því að það er fætt í sömu hríðunum. Það hefir verið talað um, að farið gæti svo, að þau félög, sem nú keppa um samgöngur við Ísland, slægju sér saman og yrðu einvöld yfir samgöngunum, kæmu á nokkurs konar einokun. Ójæja. Flest á nú að nota til að hræða menn til fylgis við Thore. Eg hygg nú fyrir mitt leyti, að ekki sé sennilegt, að slíkt verði nokkurn tíma. En þótt svo afarólíklega færi, mætti með sanni segja, að þá fyrst væri nokkur þörf og ástæða fyrir landssjóð til að fara að hugsa um skipaútgerð.

Það var hér áðan talað um, að ýmsir menn hér væru háðir útlenda valdinu. En þegar eg lít frumv. þetta og les þær einstöku greinar þess og sé það fylgi, sem smátt og smátt er að vekjast upp við það hér í deildinni, þá fæ eg eigi þeirri hugsun varist, að margir hér séu háðir útlendu valdi, útlendu fé. Thorefélagið er útlent, þótt Túlinius forstöðumaður þess sé sjálfur hálfur Íslendingur, íslenzkur í móðurætt. Féð er þó danskt.

Þá hafa menn sagt, að þetta mál væri eitthvert stærsta sjálfstæðimál Íslands. Þeir hafa þá verið orðnir þreyttir á að mála þann mikla fjárhagslega hagnað, sem landssjóður á að hafa af fyrirtækinu, og farið að spila á tilfinningar manna. Skárra er það nú líka sjálfstæðið, að láta landssjóð borga bankaskuldir fyrir danskt eimskipafélag! Ef alt hjal meiri hlutans, »sjálfstæðismanna« (með gásarlöppum) um að þeir berjist fyrir að Ísland sé eða verði sjálfstætt og fullveðja ríki, er fólgið í þessu, þá gef eg ekki mikið fyrir þeirra sjálfstæðistal. Eg veit annars ekki til, að nokkurt ríki í heiminum eigi sjálft þau skip, sem eru í förum landa milli til verzlunar og flutninga. Eftir því

ætti ekkert riki í heiminum að vera sjálfstætt, nema aumingja Ísland, ef það skyldi taka sliku happaboði! Vesalings Bandaríkin! Aumingja Bretland! Ekki eru þau svo sjálfstæð, eins og við verðum, þegar við erum búnir að negla okkur á Thore-skútunum!!!

Það er líka mikið talað um, að félagið hafi stórgrætt á ferðum sínum. En mér er spurn: Hvar er sá gróði? Ekki er hann í þeim miklu skuldum félagsins, heldur ekki í varasjóði, því að hann er ekki svo mikill. Hvar er hann þá? Fylgismenn Thore hér á þingi eiga víst nokkuð bágt með að benda á, hvar hann sé niðurkominn. Félagið hefði átt að græða og það því fremur, sem það hefir verið stórheppið með strönd. »Kong Inge« strandaði og félagið fékk útborgað vátryggingarfé, síðan keypti það skipið fyrir lítið sem ekkert, fékk komið því til útlanda og aðgert og græddi á þeim kaupum 30 þús. kr. Það er sagt, að félagið á síðasta reikningsári hafi grætt 30 þús., með öðrum orðum strandgróðann, hvorki meira né minna. Hefði þetta strand ekki viljað til, þá hefði félagið ekkert grætt. Ef nú landssjóður fer að gera út þá getur flutnm. þessa máls (B. K.) og aðrir fylgismenn þess ekki reiknað með annari eins guðsblessan sem þessum strandgróða. Landssjóður getur ekki farið að »spekúlera« í ströndum.

Loks vil eg minnast á þessa makalausu tryggingu, forréttindahlutina. Það virðist svo, sem flutnm. og meiri hluti nefndarmanna hafi ekki skilið, hvað forréttindahlutir (preference-aktiur) eru. Þetta þýðir ekkert annað en það, að landssjóður á að fá 4% af sínu hlutafé, áður en hinir hluthafarnir fá nokkuð. Ef ágóðinn yrði 25,000 kr. fengi landssjóður 20000, hinir 5000; ef ágóðinn yrði 10,000 fengi landssjóður 2%, hinir ekkert og ef ágóðinn yrði enginn, hvar eru þá forréttindahlutirnir? Landssjóður fengi ekki einn eyri. Þessar gyllingar með forréttindahlutina eru ekki annað en ryk í augu manna. Þeir geta ekki trygt landssjóð gegn tapi. En að Thorefél. býður þetta er ofur skiljanlegt. Eftir að Thorefélagið er búið að selja skip sín, sem ekki eru meira en 300 þús. kr. virði, landssjóðsfélaginu fyrir 800 þús. kr., þá stendur það sig ofur vel við að láta landssjóð fá forréttindahluti, því að það sjálft er búið að fá meira en verði skipanna nemur fyrir fram. Eg fæ því eigi betur séð, en að það sé mesta flan að taka þessu tilboði. Það knýr engin nauðsyn landssjóð til að ráðast í annað eins fjárhættufyrirtæki.

Framsögumaður meiri hlutans (Björn Kristjánsson): Mikið og margt hefir háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) látið sér um munn fara, en ekki hafði eg búist við af honum jafn skýrum manni að heyra eins margar yfirskinsástæður. Þær snerta ekkert aðalefnið. Hann byrjaði með að segja, að félagið væri svo skuldugt, að það mætti heita á hausnum. Það er nú eins og annað, sem háttv. þm. segir, ekki sem allra áreiðanlegast; en látum svo vera að það sé á heljarþröminni. Það getur margt fyrirtæki verið það, þótt það í sjálfu sér sé gott og arðvænlegt. Það getur t. d. verið af því, að það vanti meira veltufé, að fyrirtæki borgi sig ekki, sem í sjálfu sér sé arðvænlegt, en hins vegar þó viðsjárvert að reka það með mjög miklu lánsfé, að það sé með öðrum orðum hentugast að fá hlutafé aukið. Ummæli 2. þm. S.-Múl. (J.Ó.) sanna því ekkert nema síður sé. Í öllum atriðum voru orð og aðfinslur háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) tómur reykur og ekkert annað og sönnuðu

jafnvel stundum alt annað en hann ætlaði þeim að sanna, sönnuðu, að það væri heppilegast að taka tilboðinu. Hann gat þess, að nú væri járn fallið mjög í verði og verð skipanna því lágt. Þess vegna vill hann ráða landssjóði frá að kaupa nú!! Eg álít nú þvert á móti, að heppilegast sé að kaupa, þegar kaupvaran er í lágu verði, að minsta kosti er það almenn viðskifta- og verzlunarregla að álíta svo, og er það næsta leitt, ef kennari verzlunarskóla Íslands er henni svo ókunnugur. Já, tíminn er einmitt hagkvæmur nú til skipakaupa. Við getum ekki með neinu móti gengið út frá því, að Thoreskipin verði virt eingöngu eftir því, hvað kostað hefir að byggja þau á sínum tíma og þar frá dregið að eins árlegt slit. Virðingamennirnir verða að sjálfsögðu að taka tillit til gangverðs skipanna, taka tillit til, hvað þau mundu nú seljast fyrir? Ummæli hv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.), sem koma í bága við þetta, eru því tómur reykur. Að skip, sem hafi verið virt á rúmlega 120 þús. hafi 18 mánuðum seinna verið selt á 72 þús. kr. sannar ekki neitt. Tækifæriskaup geta altaf fyrirkomið. Sérstaklega er eg hissa á, að sami þm. var mjög margorður um kolaeyðslu Sterlings. Sterling eyðir þó ekki nema 10 tons á sólarhringnum, en Vesta t. d. um 20 tons, Ceres 17 tons. Og hver borgar þessa tvöföldu kolaeyðslu Vestu? Íslendingar vissulega, borga hana í minkuðum samgöngum, færri ferðum. Laura og önnur skip þess Sameinaða hér við land eru líka miklu kolafrekari en Sterling. Annars þarf eg ekki að vera að svara 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) því með sinni löngu ræðu hefir hann ekki hnekt einu einasta atriði, sem eg sagði.

Það getur vel verið, að þetta lestagjald verði lagt á, en það er auðvitað gert til þess, að þjóðin njóti góðs af, því í þessu efni er aðeins framkvæmt það, sem þjóðinni í heild sinni er fyrir bestu. Og um slíkt lestagjald yrði aldrei að ræða, nema ef útlent auðfélag ætlaði að beita landssjóð þrælatökum. Fragttaxti landssjóðsútgerðarinnar ætti auðvitað að vera jafn lágur og hann er nú að minsta kosti. Hinn háttv. þm. S.-Múl. (J. Ó.) sagði, að það hlyti að verða stórskaði að þessum kaupum, því samkepnin yrði svo mikil, að hún setti þetta gufuskipafélag alveg á hausinn.

Borg, sem á að verjast, má ekki leggja niður vopnin, heldur verður hún, ef einhver von er um sigur, að nota þau. Hinn háttv. þm. er sýnilega á gagnstæðri skoðnn. Hann vill að sá sem sækir að borginni, (hið Sameinaða) ráði því, hvernig hún sé varin. Aðalástæðurnar forðaðist hann að nefna, og þær eru margar. Þá er eitt atriði, er komið hefir fram aftur, og það er um þann ágóða, er af skipströndum getur leitt. Eg hefi aldrei heyrt, að gróði væri að ströndum, allra sízt þegar skipin eiga að fylgja fastri ferðaáætlun, eins og Thoreskipin hafa gert. Það er næstum ávalt meira eða minna tjón samfara skipstapi. Þegar »Ingi kongur« fórst var það ekki gróði fyrir Thorefélagið, heldur fyrir Þórarinn Tulinius sjálfan, sem keypti skipið af ábyrgðarfélaginu fyrir eigin reikning, eftir því, sem eg bezt veit, og þeir hagnaðarpeningar runnu allir í hans eigin vasa. Ef háttv. þm. vill halda fram því gagnstæða, er hægt að sýna honum með skýrum rökum, hver sannleikurinn er í þessu atriði. Háttv. þm. (J. Ó.) læst ekki skilja, hvað átt er við með forréttindahlutum; það er eins og eg hefi áður sagt, að ef tap verður á útgerðinni, missast fyrst hinir almennu hlutir 300 þús. kr. og varasjóður 60

þús. kr., áður en landssjóður tapar nokkru. Ef hann er í nokkrum vafa um þetta býð eg honum að koma með brt.till. við frv., sem taki af allan vafa í þessu efni. En ef br.till. eða br.till. koma engar frá honum, verð eg að skoða allar aðfinslur hans um þetta atriði yfirskinsástæður og ekkert annað, og þær koma auðvitað af því að hann langar til að segja eitthvað og mótmæla, en hefir engin gögn í höndum til þess.

Það er alveg út í bláinn að segja, að skip sem keypt voru fyrir 300,000 séu seld aftur fyrir 800,000. Hann tekur ekkert tillit til þess að hvert skip út af fyrir sig verður matið til verðs af óhlutdrægum og hæfum mönnum, er dómkvaddir verða til þess. Hann gleymir alveg hinni björtu hlið þessa máls, og hleypur algerlega fram hjá höfuðatriðunum. Það er ósk mín, að menn vildu temja sér að eyða ekki tíma þingsins til slíks óþarfa, því með því móti er tímanum, sem er mjög dýrmætur, hörmulega illa varið.

Hannes Hafstein: Eg hafði að vísu ekki hugsað mér að taka til máls í dag, en ummæli háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) um mig sem fyrverandi ráðh. knýja mig til að koma með örstuttar athugasemdir.

Háttv. þm. gerði lítið úr þeim áhuga, sem eg hefði haft á því að fá viðunanlegar samgöngur á sjó, og sagði, að sú ferðaáætlun, sem eg hefi nú lagt fyrir þingið, sé miklu verri en ferðir gufuskipafélagsins nú.

Eins og allir geta séð og viðurkent er, jafnvel af meiri hluta þeim, sem ritað hefir hið makalausa nefndarálit í þessu máli, eru nú í boði 25 ferðir milli ríkja í stað 22, sem nú eru og strandferðirnar eins margar. Í áætlunaruppkastinu er tekið tillit til mjög margra framkominna óska frá ýmsum héruðum, um breytingar á núgildandi ferðaáætlun, og ferðunum í fyrsta sinn þannig fyrir komið, að þær falla með jöfnu millibili 14. hvern dag frá Höfn. Þar er að vísu ekki gert ráð fyrir bygging nýrra skipa, en að öllu leyti fullnægir áætlunin öllum þeim skilyrðum, sem þingið 1907 setti. Því atriði var ekki unt að fá framgengt, vegna þess hvernig allar horfur og ástandið er; en hinsvegar er það með í tilboðinu, að skipið »Bothnia«, sem hefir kælirúm, komi í stað »Laura« tíma af árinu. Tillagið er sama og sett var í fjárlögin 1907.

Þó að mér liggi í léttu rúmi, hvað þessi hv. þm. segir eða álítur um mínar gerðir, skal eg þó geta þess, að það eru alveg ástæðulausar og ómerkar getsakir, að eg hafi eigi reynt að komast að svo góðum kjörum, sem unt var. En betra tilboð fékst ekki, þegar eg var í Höfn síðast, enda var þá samkepnin engin, því herra Thor E. Tulinius bærði þá ekki á sér með neitt tilboð. Aftur á móti fer hann þess á leit, að hækkuð væri við hann borgun sú, sem Thorefélagið fær nú fyrir að flytja bögglapóst og verðsendingar, og kaupa ábyrgð á því. Um þetta áttum við bæði bréfaskriftir og viðræður, og setti hann upp 20 þús. kr. eftirleiðis. Eg lofaði honum að reyna að fá borgunina hækkaða, bæði á alþingi og hjá póststjórninni dönsku, eða að öðrum kosti að reyna að koma fram breytingu á póstlögunum í þá átt, að sendandi greiddi nægilegt ábyrgðargjald, svo landssjóður gæti keypt ábyrgðina sjálfur, og þyrfti ekki að heimta hana af skipinu, sem flytur. Hann var ánægður með þetta, og lét hann ekki til sín heyra eitt einasta orð í þá átt, að hann hugsaði nokkuð til þess, að breyting yrði á fyrirkomulagi póstferðanna að öðru leyti, og svo fór eg frá Höfn

í janúarlok, að ekki lét Tulinius mig renna grun í, að hann byggi yfir neinu tilboði öðru en þessu, að flytja bögglapóst fyrir hækkað gjald, eða án ábyrgðar.

En nú sé eg á skjölum þeim, sem lögð hafa verið fram á lestrarsalnum þegar eftir að víst var um stjórnarskiftin, að einmitt sömu dagana, sem við vorum að bræða þetta heima á skrifstofu hans, hefir hann verið að útbúa umboð til sín til þess að gera þetta fræga tilboð, sem nú höfum vér til umræðu. Ef það hefði verið meining Tuliniusar að láta Ísland njóta þessara makalausu kostaboða, hvað sem öðru liði, þá virðist svo sem það hefði verið rétt að trúa mér fyrir þessu, fyrst eg hafði þá enn ráðherrastörfin á hendi. En það lítur út fyrir, að það hafi verið áheit á nýju stjórnina að lofa henni að koma þessari stórmerkilegu umbót í framkvæmd, og ákvörðunin hafi ekki verið tekin um að láta það hlaupa af stokkunum fyr en það var alt gengið eftir óskum. Að vísu gat verið ástæða til þess hvort sem var að láta mig ekkert vita um þetta, áður en eg fór frá Höfn. Hr. Tulinius hélt eins og eg, að Sameinaða gufuskipafélagið mundi engan umboðsmann senda til þess að semja við alþingi í þetta sinn, en hefði það fengið að vita um Thoretilboðið gat hugsast, bæði að það gerði önnur boð og sendi mann til samninga. Enn fremur gat hugsast, að eg hefði leitað upplýsinga bæði um skipin, sem landssjóði eru boðin til kaups og um ýms önnur eigi alveg ómerkileg atriði, sem að máli þessu lúta, upplýsingar sem nú er ekki gott að fá í svip í svo mikilli fjarlægð — en eg vil ekki gera ráð fyrir, að hr. Tulinius hafi tekið neitt tillit til slíks, og þess vegna geri eg ráð fyrir, að ákvörðunin um tilboðið hafi ekki verið tekin fyr en í öllu falli eftir að eg fór frá Höfn.

Hinn háttv. framsm. (B. Kr.) lagði mikla áherzlu á það, að félagsskapurinn við Thorefélagið mundi verða landinu arðvænlegur og útgerðin borga sig af þeirri ástæðu, að það gæti haft hönd í bagga með hvernig ferðunum er hagað og allar framkvæmdir félagsins svo að segja í sinni hendi.

En háttv. þm. ætti að vita, að það er sitt hvað að haga ferðunum með það eitt fyrir augum, að almenningi líki sem bezt, og að haga þessu þannig, að arðvænlegt sé fyrir útgerðina. Einmitt það, að landið o: þingið setji áætlun skipanna með það eitt fyrir augum, að fullnægja sérstæðum hagsmunum hinna ýmsu landshluta, er vísasti vegurinn til þess, að ferðirnar beri sig ekki. Og hvað arðvænleik ráðstafananna snertir, höfum við dálitla reynslu, og hana ekki sem álitlegasta fyrir landssjóðinn. Það er »Vestu«-útgerðin. Á því eina skipi tókst landssjóði að tapa 170—180 þús. kr. á þessu eina fjárhagstímabili, sem hún stóð yfir. Á þessari útgerð með svo miklu fleiri og sumpart lakari skipum, má búast við margfalt meiri tekjuhalla, sem tillagið, þessar 60 þús. kr., sem landssjóði er ætlað, hrykku lítt til að standast. Póstferðatillag Danmerkur er alveg óvíst að fáist til þessarar útgerðar. Á bréfum þeim, sem skrifuð hafa verið, er ekkert að byggja í þá átt. Þar var að eins að ræða um bráðabirgða samkomulag milli mín og þáverandi innanríkisráðgjafa, Sigurðar Berg, sem var vissum skilyrðum bundið, og ekki stendur lengur. Það fé er als ekki veitt Íslandi, heldur er þar um danskt póstfé að ræða, er Danir ráðstafa samkvæmt stöðulögunum frá

1871, eftir vild, ef ekki næst samkomulag við Íslands ráðgjafann.

Að láta löggjafarvaldið verja þessa Thore-útgerð gegn allri samkeppni með ívilnunum við það félag og íþyngja öðrum skipum, eins og flutnm. (B. K.) benti á sem óbrigðult ráð til gróða, er einhver iskyggilegasta einokunarstefna, sem hægt er að finna upp á. Það væri hin herfilegasta afturför að byrja nú á slíkri pólitik, sem ekki getur orðið til annars en ófrelsis og íþyngdar, sem gæti gert landinu og framförum þess óbætanlegt tjón; að leggja sérstakt lestagjald á vegna þessarar útgerðar, sem greiðist af öllum skipum nema Thoreskipunum eða þá endurgreiddist því aftur, væri alveg sama sem að leggja almennan vörutoll á landsmenn til ágóða fyrir einstaka menn, sem »aktíurnar« eiga með landssjóði í fyrirtækinu,

Viðvíkjandi ferðum til Hamborgar, sem flutnm. (B. K.) lagði svo mikla áherzlu á, skal eg geta þess, að það hefir einu sinni komið til orða, eftir frumkvæði Thomsens konsúls, að skipin færu stundum þangað eða til Lübeck, og út úr því var rannsakað, hve mikið flyttist af varningi frá Þýzkalandi hingað með póstskipunum. Það kom þá fram, að það var svo lítið, að miklu ódýrara hefði verið að borga flutningsgjald undir það alt á járnbraut til Kaupmannahafnar, heldur en að senda gufuskip eftir því frá Höfn. Þess vegna var hætt við að gera ráðstafanir í þessu efni, enda skorti fjárveitingu í þessu skyni. En eg efast ekki um, að ef þinginu er það áhugamál, og hæfilegt fé er í boði, þá mundi Sameinaða gufuskipafélagið eins vel geta tekist slíkar ferðir á hendur eins og Thorefélagið. Í því skyni þarf ekki að fleygja hálfri miljón úr landssjóði, né stofna honum í útgerðarbrall, sem eigi verður séð fyrir endann á.

Björn Sigfússon: Eg ætla mér ekki að segja margt um þetta mál. Eg vona að háttv. 2. þm. Rangv. (E. J.) og allir þingdm. hafi sannfærst um, að hið eina mögulega ráð til að fá þetta mikilsverða mál rætt í þinginu, var að leggja þetta frumv. fyrir þingið. Ef þingmenn hefðu ekki fengið að sjá það, hefðu þeir heldur ekki getað dæmt um það og kosti þess. Það er útlit fyrir að umboðsmaður »Hins sameinaða« ætli að reyna að tryggja sér millilandaferðir og strandferðir hér framvegis. Því félagi er þá ekki alveg sama, hvort það heldur styrk til ferðanna eða ekki. Tilboð Thorefélagsins og frumv. þetta, sem á því er bygt, er víst það eina, sem hefir haft nokkur áhrif í þá átt, að hið »Sameinaða« kunni að lægja seglin og verða mýkra í samningum. Á þessum allra síðustu dögum hefir það flogið fyrir, að það ætlaði að bjóða eitthvað betri kjör en áður. Háttv. 2. þm. N.-Múl. (Jóh. Jóh.) var að fullyrða þetta, og vildi sanna með bréfi, sem fáir heyrðu, og svo með ýmsum fullyrðingum, sem ekkert verður lagt upp úr að svo stöddu.

Eg efast ekki um, að fyrverandi ráðherra hafi reynt að leita hófanna og fá tilboð um hagkvæmar ferðir fyrir þetta land, fá skip með kælirúmum o. s. frv., eins og síðasta þing ætlaðist til. Þrátt fyrir það hefir honum ekkert áunnist. Tilboð hins Sameinaða, sem hann lagði fram á öndverðu þingi, er engu betra en áður, og þó hafði hann heimild til að gera 8 ára samning með vissum skilyrðum. Ætla má, að hann hafi leitað fyrir sér við fleiri félög en þetta eina, en hvernig sem því er varið, er hitt víst, að í þing-

byrjun nú, var stjórn Íslands engu nær takmarkinu, sem sett var af þinginu 1907.

Erindreki sá, er nú er hér í Reykjavík, fyrir hið sameinaða, heldur fast við það, að taka ekki Hornafjörð — sem félegið feldi burt — inn á ferðaáætlunina, nema þá fyrir sérstakt gjald eða ca: 20,000 kr. Allir munu sjá, að slíkt eru afarkostir, sem ekki er gangandi að, og þarf því ekki að hæla. Allur sá bilbugur sem á honum var, — þegar nefndin talaði við hann — var sá, að hann bauðst til að láta Botníu koma í stað Láru, en þó um sumarmánuðina að eins. Að vísu mun Botnía vera töluvert betra skip en Lára; en um kælirúmið á því skipi fer tvennum sögum. Sannast hygg eg, að það sé mjög ófullkomið.

Mótmælendur þessa frumv. sækja málið með svo miklu kappi, að furðu sætir. Þeir tala um frumv. nefndarinnar, eins og það ætti að verða skipandi lög. Þeir ættu þó að sjá þann höfuðmun, sem á því er, að frumv. er bara heimildarlög fyrir landstjórnina, sem ekki má nota nema allra þeirra varúðarskilyrða sé gætt, sem inn í frv. eru sett. Öllum þeim tryggingarskilyrðum má bæta við, sem andmælendum kynni að hugkvæmast, ef þau eru á viti bygð. Ennfremur er gert ráð fyrir, að þingið kjósi menn í stjórn félagsins, ef það myndast. Hver sem fæst til að líta kapplaust á málið ætti því að geta séð, að hér þarf engin hætta að vera fyrir landið eða landssjóð.

Ekki geta þessir mótmælendur heldur bent á nokkurt annað ráð til þess að þingið og landstjórnin fái umráð yfir samgöngunum og geti hagað þeim eftir þörfum og óskum landsbúa. Hitt er fullreynt, að félag það, sem hefir haft þær samgöngur til umráða, fer altaf bara eftir sínum hagsmunum en ekki okkar, og lætur ekki setja sér lögmál að lifa eftir.

Nei — framhjá þessu ganga þeir algerlega í röksemdum sínum, berja höfðinu við steininn, og vilja ekkert nema kyrstöðuna, hlaða upp grýlum, eins og gert er við börn, sjálfsagt grýlum, sem þeir trúa ekki sjálfir að séu til.

Eg þarf als ekki að svara einstökum aðfinningum; háttv. framsm. (B. Kr.) hefir gert það svo rækilega. Að vísu mun hvorki hann né aðrir hirða um að eltast við allar fjarstæðurnar, sem varpað er fram. Það er því líkast sem þeir ætli að reyna að kæfa málið nú þegar með stóryrðum og orðafjölda. Eg býst við, að sumir kunni að taka helzt til greina mótmæli háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.), og skal þá benda á eitt eða tvö dæmi þess með hvaða vopnum hann vegur. Þegar þessi háttv. þm. talaði um lánsheimildina, kallaði hann það miljón; þetta gat ekki orðið óvart, því hann gerði það hvað eftir annað. Hann bara tvöfaldaði upphæðina sem í frv. stendur, og þó var framsm. búinn að skýra frá, að upphæðina mætti færa niður um 75 þús. kr. Sami þm. (H. H.) sagði, að tapið á »Vestu« um árið, hefði orðið 180 þús. kr., í stað þess að á pappírnum var það að eins 75 þús. kr. um árið. Ekki gat hann heldur hins, hvað landið græddi á því fyrirtæki, bæði beinlínis og óbeinlínis. Fróðum mönnum, sem hafa íhugað það, hefir talist svo til, að landið hafi grætt á því 1—1½ miljón kr. í lækkuðum farmgjöldum, sem þá voru færð niður, lækkunum fargjalda o. fl. o. fl. Loks má minnast þess, að þá fengust betri samningar á eftir hjá hinu

»Sameinaða félagi«, en háttv. mótmælendur vilja líklega ekki láta gera því svipaðan grikk aftur.

Magnús Blöndahl: Eg hafði ekki ætlað mér að segja neitt við þessa umræðu málsins, en samt hefir mér fundist það skylda mín að minnast nokkrum orðum á þetta mál, því að það er svo mikilsvert, svo stórt og eg vil segja svo gott, að það er blátt áfram skylda að ganga ekki þegjandi fram hjá þeim fjarstæðum, sem bornar hafa verið fram af mönnum þeim, er virðast leggja alt kapp á það, að málið verði drepið við 1. umr.

Eg skil ekki, hvernig háttv. þingmenn geta verið því mótfallnir, að þingdeildinni gefist kostur á því að kynna sér jafn-mikilsvert mál og nú liggur fyrir hér án þess að láta persónuleg áhrif ráða þar nokkru um.

Af því að eg var einn af þeim, sem að minsta kosti framan af var deigur við þetta fyrirtæki, þá hefir mér fundist það skylda mín samvizku minnar vegna og vegna landsmanna víðsvegar um landið, að stuðla að því eftir mætti, að þetta mál fengi að ganga til 2. umr., svo að mönnum gefist enn betri kostur á því að athuga það.

Það lítur óneitanlega einkennilega út, hvernig andstæðingar þessa frumv. rísa nú upp hver á fætur öðrum til þess, að »procurera« fyrir Sameinaða gufuskipafélaginu af öllum sínum litlu kröftum, en sparka svo við þessu tilboði, er hér liggur fyrir, án þess þó að færa nokkra sennilega ástæðu fyrir orðum sínum eða gerðum í þessu efni.

Málfærsla þessara manna fyrir hönd Sameinaða gufuskipafélagsins, er svo léleg, að einmitt hún styrkir mig í þeirri skoðun, að hér muni eitthvað liggja á bak við, sem vert væri að gjalda varhuga við. *(Hannes Hafstein:* Hvað er það?). Þingmaðurinn veit það vel. Það mætti færa rök að því, og það lítur svo út, sem menn vilji loka augunum fyrir framkomu Sameinaða gufuskipafélagsins, er menn hafa nú lengi átt við að búa. Þeir virðast hafa lokað augunum fyrir því, hvernig þetta félag hefir hegðað sér gagnvart landsmönnum, sem hafa þó auðgað það eigi all-lítið.

Það var réttilega tekið fram af hv. framsm. meiri hlutans (B. Kr.), að það væri lítt mögulegt, eða jafnvel alsendis ómögulegt fyrir kaupmenn eða aðra að fá bætur fyrir skaða þann, er þeir hafa oftsinnis orðið fyrir á vörum sínum í flutningum þessa félags. Það er oftast ekki annað að hafa úr þeirri átt en ónot, ef minst er á slíkar skemdir. Það hefir þrásinnis komið í ljós, að Sameinaða gufuskipafélagið furðar sig jafnvel á þeirri ofdirfsku landsmanna, er krefjast skaðabóta. — Sjálfur hefi eg oft orðið fyrir töluverðum skaða í þessu efni, og aldrei fengið annað svar við umkvörtun minni, en bert og kalt nei.

Að því er snertir hitt atriðið, og einnig má leggja áherzlu á, að félagið hefir oft sýnt farþegum ókurteisi, þá get eg að vísu lýst yfir því, að sjálfur hefi eg ekki orðið fyrir því, en eg hefi bæði séð það og heyrt, að aðrir hafa mætt ókurteisi af hálfu þjóna þessa félags.

Þess má einnig geta, að það er næstum því ótrúlegt, hvað þetta félag hefir boðið sér gagnvart landsmönnum, t. d. kaupmönnum. Skipin hafa oft siglt burt með vörur þeirra á aðrir hafnir, áður en þau hafa skilað vörunum hér. *(Jón Ólafsson:* Það hefir Thore-félagið einmitt gert). Það getur verið, að Thore-félagið hafi gert það, en það eru engar málsbætur fyrir Sameinaða félagið.

Þrásinnis hafa verið gerðar umkvartanir við þetta félag, en mér er ekki kunnugt um, að þær hafi nokkurn tíma verið teknar til greina; félagið hefir hummað það fram af sér, það hefir reynst eins og stökt væri vatni á gæs að koma með slíkar umkvartanir við félagið.

Eg þykist vita, að þeir sem hlut hafa átt að máli (stjórnin) hafi ekki gengið slælega fram í því að rétta hluta landsmanna í þessu efni, þeir hafa eflaust gert það, sem þeir gátu í þá átt.

Um framkomu Sameinaða félagsins mætti annars mikið segja, ef alt væri tínt til.

Því hefir verið skotið að mér, sem eg vissi ekki áður, að enn þá væri ekki búið að gera upp »Ceres«-strandið (við Færeyjar). Hættan, sem málfærslumenn Sameinaða félagsins sjá af því, að landið skifti sér nokkuð af skipaferðunum — hún er ekki annað en grýla.

En væri það engin grýla, ef öll samkepni við þetta félag hætti?

Þessir menn virðast hafa þá óruggu sannfæringu, að skip Sameinaða félagsins hafi siglt og muni sigla hingað til lands af einskærri ást til vor Íslendinga, og það jafnvel þótt félagið biði halla af því, það telji ekki eftir sér að fleygja út hundruðum eða jafnvel þúsundum króna til Íslendinga! — Þegar svo langt er nú komið, að haldið er fram annari eins fjarstæðu og þessari, þá hygg eg, að naumast verði lengra komist. Mundi nokkurt félag vilja annast slíkar ferðir, ef enginn hagur væri af því? Það er óhugsanlegt, enda er mér kunnugt, að félagið hefir sjálft sagt, að það hefði hag af Íslands ferðunum; raunar hafi það beðið halla af strandferðunum — en millilanda-ferðirnar munu hafa marg-borgað það.

Háttv. fyrverandi ráðherra gat þess, að hann hefði gert sitt til að sæta sem beztum kjörum hjá þessu blessaða félagi, og mér dettur ekki í hug, að efast um það, að hann hafi gert það, sem hann gat, til þess að fá hina beztu og hagfeldustu kosti hjá félaginu, en árangurinn hefir nú sýnt sig. Og hver er hann? Hverjir eru hagsmunirnir? Ef til vill hefir hann ekki getað fengið betri kjör fyrir þá sök, að enginn keppinautur var fyrir hendi. En það er þó næsta óliklegt, að Sameinaða félaginu hafi ekki verið kunnugt um Thore-félagið — svo oft hafa þó skip þess félags verið hér í förum.

Thore-félagið hefir einmitt stuðlað að því, að fargjaldið milli Íslands og Danmerkur var fært niður; Sameinaða félagið fylgdi svo dæmi þess — og það eitt sýnir þó ljóslega, að Sameinaða félagið hefir þó að minsta kosti orðið vart við tilveru Thore-félagsins.

En það lítur óneitanlega nokkuð kynlega út, að nú á síðustu stundu er hér staddur umboðsmaður Sameinaða félagsins, er þykist hafa ótakmarkað umboð til að semja um þetta mál. Ef þetta skyldi nú vera satt, hvers vegna býður þessi maður þá ekki góð boð, þegar nefndin hefir kallað hann á sinn fund, og hann átt kost á því að tala við hana? Hvers vegna á það að bíða? Jú, það er verið að reyna í lengstu lög að raka krónunum íslenzku í danska vasa!

Þá vil eg skjóta því hér inn í, að það má heita undarleg aðferð hjá Sameinaða félaginu að gefa að eins einum manni úr nefndinni kost á skýrslum og upplýsingum í þessu efni, en ekki nefndinni í heild sinni. — Slík framkoma af hálfu erindreka fé-

lagsins bendir á það, að mjög vafasamt sé, hvort hér sé farið eftir venjulegum kurteisis-reglum. Eg lít svo á, að þessi framkoma umboðsmannsins gagnvart nefndinni sé blátt áfram vítaverð. En það getur nú verið gott, fyrst Sameinaða félagið á í hlut, munu hinir mörgu málsvarar þessa félags hér ef til vill segja eða hugsa.

En alt þetta: tilraun háttv. fyrverandi ráðherra, að gera sitt bezta, er varð árangurslaus, og aðferð umboðsmannsins við nefndina, það er svo vaxið, að eg mun hugsa mig tvisvar um það, áður en eg vil nokkuð hafa saman við þann mann (umboðsmann) að sælda.

Eg skal leyfa mér að benda á það, hvernig Sameinaða félagið tók málaleitun um það, að ferðum yrði hagað bagkvæmar við Ísland, en gert væri, t. d. þegar það kom til mála fyrir skömmu að fá beinar ferðir milli Íslands og Þýzkalands. Það mun flestum kunnugt, hvernig því var tekið.

Háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) tók það fram áðan, að aðal-ástæðan til þess, að þetta samband fékst ekki, hafi verið sú, að við ransókn hafi það reynst svo, að flutningar frá Þýzkalandi beina leið til Íslands mundu ekki nema meiru en svo, að ekki þyrfti til þess nema fáeina járnbrautarvagna. Það getur nú verið, að þetta megi bera á borð fyrir þá menn, sem ekki eru verzlunarfróðir, eða ekki þekkja neitt til, en að bera slíka fjarstæðu fram fyrir þá menn, sem eitthvað þekkja til í þessu efni, það nær blátt áfram engri átt.

Það var réttilega tekið fram af h. framsm. meiri hl. (B. K.) að flutningsgjald á þeim vörum, er kæmu hingað yfir Khöfn frá Þýzkalandi, hafi hækkað mikið við þennan krók, í stað þess að vörurnar gengju beina leið. Þetta er svo auðskilið, að eg þarf ekki að skýra það nánar.

En Sam. fél. sér það, að ef vér fáum beinar samgöngur við framleiðslulandið (Þýzkaland), þá bíða danskir umboðsmenn halla af því; félaginu er ant um að efla hag þessara manna, en skeytir minna um hag veslings Íslendinganna.

Þá hefir verið minst á Vestu-útgerðina, en það er að eins grýla, er eg hygg enga hættu stafa af. Háttv. frsm. meiri hl. (B. K.) hefir skýrt þetta atriði, en eg vil bæta því hér við, jafnvel þótt framsm. hafi einnig tekið það fram, að það er als ekki rétt að halda því fram, að landið hafi beðið svo og svo stóran halla af þessari útgerð. Halli landssjóðs varð að vísu á annað hundrað þús. kr., en óbeinlínis hefir þetta þó orðið landinu gróði. Það hlýtur að vera stórgróði í því fólginn, að landið tók sjálft að sér ferðirnar og gat hagað þeim eftir vild, sett niður fargjöld og farmgjöld, er numið hafa mörgum tugum þúsunda.

En hins vegar varð margt til þess, að útgerðin lánaðist ekki betur, eins og háttv. framsm. (B. K.) tók fram; t. d. óheppilegt val á forstjóranum, að honum alveg ólöstuðum; hann var ókunnur í þessu efni og því engin von að betur tækist til. Auk þess lenti hann í klónum á félaginu, er hann átti að keppa við. Hann hrepti einmitt skipið, er brúkaði helmingi meiri kol en önnur skip félagsins. Þá varð hann og að ganga að því skilyrði, að ekki mætti hann gefa nema svo og svo miklar prósentur af þeim vörum, er hann flytti.

En til þess þannig að drepa þennan visi til íslenzkra skipaferða, hafði Sam. félagið í laumi gert þann samning við kaupmenn, að ef þeir flyttu vörur sínar með félagsskipum, þá skyldi fé-

lagið stinga 10% af flutningsgjaldinu í vasa þeirra.

Ef sá hagur, sem óbeinlínis varð af Vestu-útgerðinni yrði allur reiknaður, þá er eg sannfærður um, að hann yrði miklu meiri en hinn beini halli.

Svo er ríkissjóðstillagið. Háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) efaðist um, að stjórnin íslenzka mundi geta fengið nokkur yfirráð yfir því tillagi.

Eg heyrði nú að vísu ekki, hvernig hinn háttv. þm. fór að rökstyðja þetta, en þar sem einmitt hann sem ráðherra fekk þó þessi yfirráð um eitt ár — er þá nokkur ástæða til að ætla, að núverandi stjórn muni ekki einnig takast það? Eg leyfi mér að treysta því að óreyndu, að það muni takast.

Getur verið, að sumir af háttv. þm. séu hrifnir af grein, er stóð í útlendu blaði, þar sem forstjóri (direktör) Sam. gufuskipafélagsins talar við danskan mann; segir hann þar um ríkissjóðstillagið: »Það má ganga að því sem vísu, að Sam. fél. heldur þessu tillagi eftirleiðis; það hefir haft það í svo mörg ár, að næsta ólíklegt er, að stjórnin fari nú að taka þennan styrk frá félaginu«.

Fleira er sagt í þessari grein, t. d. um kaupmenn, og tel eg óþarft að taka það upp hér.

En þessi orð forstjóra Sam. félagsins sanna ekki neitt í þessu efni. Það eitt er ljóst, að hann vill fá styrkinn. En þó að yfirpóstmeistari Dana hafi haldið því fram, að Sam. fél. hlyti að fá þennan styrk, þá eru þau ummæli hans algerlega þýðingarlaus. Hann hefir þar ekki meira að segja en hver okkar hér. (*Jóhannes Jóhannesson:* Svo?) Eg heyri, að einhver háttv. þm. ber brigður á þessi orð mín, en þá vil eg leyfa mér að biðja sama háttv. þm. að sýna mér hið gagnstæða.

Þá gat háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) þess., að hann hefði átt tal við Tulinius og spurt hann, hvort hann mundi gera nokkuð tilboð um skipaferðir og hafi Tulinius þá neitað því. Eg vil nú leyfa mér að spyrja háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.): Gat hann vel vænst þess af Tuliniusi, að hann færi að semja nokkuð við hann? Var ekki síðasta stjórn og þing búin að sýna Tuliniusi þá meðferð, að óeðlilegt hefði verið að hann hefði getað samið neitt við slíka stjórn? (*Hannes Hafstein*: Sannarlega ekki!) Það er nú hver blindur í sjálfs sín sök og þingtíðindin geta sannað framburð minn í þessu efni; þar sést, hvernig stjórnin og löggjafarvaldið þakkaði Tuliniusi þau hlunnindi, er útgerð hans ómótmælanlega hefir veitt samgöngum vorum.

Það er honum að þakka, að fargjaldið var fært niður hjá Sameinaða félaginu. Það er honum að þakka, að landið hefir grætt — ekki tugi, heldur hundr. þús. kr. á samgöngubótunum.

Eg skal svo ekki fara lengra út í þetta mál nú, en mun gera það við 2. umr., ef þörf gerist.

Þó vil eg geta þess, áður en eg lýk máli mínu, að mér virðist nokkuð undarleg framkoma þeirra háttv. þm. hér í deildinni, er gerst hafa málaflutningsmenn Sameinaða félagsins; þeir eru að tala um, hve léleg þessi skip séu, er hér ræðir um. En hafa þeir sömu háttv. þm. þá ekki litið á frumv. það, er nú liggur fyrir um þetta efni, þar sem einmitt er tekið fram, hvernig skuli fara að, ef einhverju atriði reynist ábótavant?

Það er næsta ótrúlegt, að þessir menn ímyndi sér, að engin tök séu á að fá menn til að vírða skipin, er geti verið nógu samvizkusamir og sérfróðir, til þess að hagur landsmanna sé fyllilega trygður. Eg get ekki skilið annað en að slíkir menn meti svo rétt sem kost-

ur er á, og taki nægilegt tillit til þess, hversu skipin kynnu að hafa fallið í verði.

Eg skal svo ekki þreyta háttv. þingdeildarmenn á lengri umr. um þetta mál, en eg vil enda orð mín á þá leið, að ef málsvarar Sam. fél. vilja endilega koma þessu frumv. fyrir kattarnef, þá hefðu þeir ekki átt að fara eins geyst á stað, eins og þeir hafa gert. Það munu fleiri en eg líta svo á, að þeir hafi sótt þetta mál meira af kappi en forsjá. Og málið er í sjálfu sér svo mikils vert, að það væri hreinasta óhæfa að drepa það nú við 1. umr.

Eg ber líka það traust til kjósenda þessa lands, að þeir kunni að meta slíka framkomu, ef hún verður ofan á í þessu máli.

Bjarni Jónsson: Eg hefi aldrei verið í neinum vafa um það, að hollast mundi fyrir landið, að það hefði í sinni hendi samgöngurnar við önnur lönd og eftir staðháttum okkar hljóta þær að vera á sjó. Þess vegna er nauðsynlegt að eiga skip, og ef einstaklingar hafa ekki ráð á því, þá verður þjóðfélagið sjálft að taka þær í sínar hendur.

Fyrir þessari skoðun ætla eg ekki að færa neinar sérstakar ástæður aðrar en þær, sem allir vita, sem eru eðli hlutanna og sagan. Ekkert eyland getur blómgast nema það ráði yfir sínum skipastól, má t. d. nefna England. Það á sinn eigin skipastól og er voldugasta land í heimi, en hann hefir kostað það offjár oft og einatt. Því til sönnunar vil eg benda á það, að Englendingar hafa ekki æfinlega staðið þann veg að vígi, því einusinni voru það Hollendingar, sem voru einráðir yfir fiskimiðunum við strendur þeirra. Englendingar fóru þá að reyna að ná þessum yfirráðum í sínar hendur, og mynduðu stórfélög, er hvert á fætur öðru fóru á höfuðið. *(Hannes Hafstein:* Var það ríkissjóður, sem átti þau)? Tapið nam oft tugum miljóna, en bæði ríkið og konungurinn tóku hluti í þeim.

Þessi spurning háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) kemur heldur ekki við málinu. Vér sem erum lítil þjóð, höfum ekki ráð á ríkum einstaklingum, sem færir eru til þess að leggja fram fé til slíkra fyrirtækja, og þá verður landið að gera það. Vér viljum gjarnan hafa dæmi annara þjóða til eftirbreytni og þykir alt ónýtt, ef það vantar, en þó má ekki láta þessa skoðun ná ofmiklu valdi eða ganga of langt. Í þessu efni höfum vér þá einmitt dæmi frá frændum okkar. Á vesturströnd Noregs treystist enginn fyrir fáum árum að taka að sér samgöngurnar þar. Þá gekk ríkið í félag við einstakra manna félag, sem stofnað var þar, og skildist ekki við það fyr en félagið var stórt og traust.

Ísland hefir enga reynslu í þessum efnum. Eg tel það ekki, þótt landið fengi einu sinni ungan kaupmann, sem enga reynslu hafði í þessum efnum, til þess að standa fyrir ferðum, er 1 dallur fór. Skaðinn af þeim ferðum var skiljanlegur. Kolaeyðslan var mikil, því ekki var öðru til að dreifa en að leigja einn af kolabátum Sameinaða félagsins og fyrirtækið of smátt til þess að það gæti borið sig.

Fyrirtækið margborgaði sig þó, þegar á alt er litið, því þótt af því leiddi beint tap fyrir landssjóðinn, þá græddi landið stórfé á því. Þetta er ómótmælanlegt, því að fargjöld og farmgjöld lækkuðu þá fyrst að stórum mun og mun það fé, sem á þann hátt er sparað, nema miklu meiru, en það fé sem landssjóðurinn tapaði.

Eg skal játa það, að samkepni getur

komið fyrir t. d. að Sameinaða félagið reyndi að keppa, þótt það sé ekki líklegt, að það gerði það við félag, sem landið ætti hlut í og heldur er það ekki líklegt, að það myndi hlaupa með íslenzka kaupmenn eða aðra góða menn, þeir myndu of þjóðræknir og skynsamir til þess að láta augnabliks-hagsmuni aftra sér frá því að styrkja innlent félag. En ef svo færi, að óeðlileg samkepni ætti sér stað, þá eru ráð til þess að styrkja útgerðina, með löggjöfinni og get ekki séð, að menn þurfi að ganga með svo skafna og hreina samvizku, að þeir álíti ekki leyfilegt að verja sig, ef á oss er ráðið. *(Jón Ólafsson:* Það erum vér, sem erum að fara í stríð.) Það eru ekki vér, sem erum að fara í stríð, heldur er sá að fara í stríð, sem reynir að drepa fyrtækið og eg hygg að flestum muni það fyrir að verja sig, ef á þá er ráðið.

Líkurnar fyrir því, að þannig lagað félag yrði undir í samkepninni, eru mjög litlar, þar sem bæði löggjöfin og landsmenn standa með því og styðja það, ef á reynir.

Annað aðalatriðið í þessu máli er það að greiða fyrir eðlilegum vegum verzlunarinnar. Í því efni hefir Sameinaða félagið gert oss mjög erfitt fyrir. Það hefir látið vörur í Leith bíða fleiri mánuði og fylt skipin í Höfn, þótt það væri búið að fá tilkynningu um vörurnar í Leith. Alt sýnir, að þetta er gert með vilja og ráði til þess að halda verzluninni sem mest í höndum Dana, enda hafa þeir viðurkent það að vera múrbrjót sinn í þessum efnum, og það ætti að halda sem bezt við verzlunarsambandi milli Íslands og »móðurlandsins« og ekki gæti verið að tala um að það hefði samgöngur við Þýzkaland eða England. Svipað þessu var sagt í konungsveizlugleðinni og þetta er skoðun Dana í þessum efnum; hvort sem hægt er að sanna það lögsönnun eða ekki, þá er þetta eitt satt og rétt.

Allir hljóta að sjá það, hvað það er afaróeðlilegt, að þýzkar vörur taki krók á hala sinn til Hafnar, og að það hlýtur að gera þær miklum mun dýrari. Þó ekkert væri annað en flutningsgjaldið, þá er það stundum dýrara á vörum frá Hamborg til Hafnar en frá Höfn til Íslands. En auk flutningsgjaldsins legst á vöruna umboðslaun og margt fleira.

Verzlunin við Þýzkaland eykst ár frá ári og mjög stór hluti af þeim vörum, sem vér fáum frá Danmörku, eru þýzkar. Það er því óneitanlega eðlilegra, að reynt verði að sveigja verzlunina í það horf, að vér fengjum vörurnar beina leið frá framleiðslustaðnum, og þess vegna er eðlilegast fyrir oss að skifta aðallega við Þýzkaland og England. Að halda verzlun vorri fastri við Eyrarsund er stórtjón fyrir landið og það borgaði sig áreiðanlega að sigla með talsverðum skaða til þess að koma verzluninni þaðan og til þeirra landa, sem hún eðlilega á að vera í.

Af þessum ástæðum er eg sannfærður um, að landið á að taka samgöngurnar í sínar hendur. Og það er nauðsynlegt, að landið geri það vegna þess, að einstakir menn hér á landi eru ekki svo efnum búnir, að þeir geti það. Það er ekki til neins fyrir menn að blása sig út sem froska og gera sig stóra og segja, að það sé einstaklingurinn en ekki landið, sem eigi að hafa samgöngurnar á hendi. Þeir verða að hleypa vindinum burtu og sjá það eitt, sem er framkvæmanlegt.

Landssjóður er sá eini, sem getur staðið straum af útgerðinni til þess að byrja með, og það er alt annað með lítil en stór ríki, er hafa marga auðmenn. Hitt er ekki óliklegt eða ó-

framkvæmanlegt, að landið reyndi smátt og smátt að fá íslenzka kaupmenn og aðra Íslendinga til þess að kaupa hluti í fyrirtækinu og ætti það að standa í lögunum, að landssjóður gæti látið útgerðina af hendi til íslenzkra hluthafa, með sömu skilmálum og það rekur hana.

Það er auðvitað mikið fé, sem landssjóður þyrfti, ef hann ætti að leggja fram alt féð til þvíliks fyrirtækis, en það er í raun og veru ekkert á móti því að leyfa útlendingum að vera með, að eins ef landið tryggir sér yfirráðin og áhættan er gerð sem minst.

Þá kem eg að því frumv., sem hér liggur fyrir. Eg skal geta þess, að í því formi sem frumv. er nú í, get eg ekki verið með því. En það mætti auðveldlega laga það.

Það getur als ekki komið til mála að segja, að landið eigi að kaupa hlutabréf í hlutafélaginu »Thore«. En þótt það standi nú svona í frumv., getur það þó naumast komið til mála að hægt sé að draga þá ályktun af því, sem 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) leyfði sér að gera í gær og segja, að landið ætlaði að borga skuld fyrir Thorefélagið, en það er kalt kattargamanið. Hitt er hugsun nefndarinnar og þess, sem tilboðið hefir gert, að það sé myndað nýtt félag, þar sem landið á meiri hluta hlutabréfanna eða nálægt $^5/_8$ en aðrir $^3/_8$ og Thorefélagið biðst að eins eftir að hafa forkaupsrétt að þessum $^3/_8$ hlutanna og jafnframt því, að skip félagsins séu keypt samkvæmt sanngjörnu mati.

Ef þessu er þann veg fyrir komið, þá sé eg ekkert á móti því, að slíkt félag verði stofnað, og þótt landssjóður tapaði $^1/_2$ milj. kr., þá mundi það samt borga sig fyrir landið.

Þetta nýja félag ætti að heita landssjóðs útgerð eða eitthvað í þá áttina, og öll ákvæði frumv. ættu að hníga í þá átt að tryggja landinu yfirráðin. Það álít eg auðvitað gott og sjálfsagt til tryggingar, að hlutir landssjóðs séu forréttindahlutir (præference Aktier). — Það hefir verið deilt um það, hvað lægi í orðinu forréttindahlutir. Eg hygg að þeir geti verið með ýmislegu sniði, t. d. eins og tekið var fram í gær af 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.), að forréttindin næðu að eins til rentu hlutabréfanna, og líka á þann hátt, að forréttindin nái ekki einungis til arðsins af hlutabréfunum, heldur einnig að ekki megi snerta við fé því, sem í þau er lagt, fyr en hin hlutabréfin eru eydd, ef um tap er að ræða, og það sem er aðalatriðið í þessu máli er það, að þetta síðasta er meining nefndarinnar. Þetta get eg sannað, með því að sá maður, sem fer með umboðið fyrir félagsins hönd, hefir lýst þessu yfir. — Þessu þarf einnig að breyta í lögunum eitthvað í þá átt, að það standi 4% forréttindahlutir, sem ekki skerðist fyr en hinir eru eyddir.

Í liðnum D. þarf að breyta í þá átt að hlutafélagið Thore gefist kostur á því að hafa forkaupsrétt að hinum almennu hlutum fél., en að landið geti innleyst þá, ef það vill. Ef það félag vill ekki kaupa hlutina, þá sé öðrum gefinn kostur á þeim. Eg vonast eftir, að eg geti komið mér saman við nefndina með þessar breytingar og að hún leggi þær fram við 2. umr. Eg tel þetta sjálfsagt, af því að eg veit að hugsunin í frumv. er sú, að þetta eigi að vera nýtt félag og með nýju nafni, sem landið hafi öll yfirráð yfir.

Sumir hafa talað mikið um, að landið mundi kaupa þessi Thore-skip dýru verði, en að sjálfsögðu treysti eg svo þinginu að ganga svo frá lögum

þessum og stjórninni að sjá um framkvæmdir þeirra, að landinu sé trygt, að það kaupi ekki léleg skip með uppskrúfuðu verði. Það má setja ströng skilyrði, er tryggja slíkt. Skal svo ekki orðlengja þetta meir að sinni, en vona að nefndin taki athugasemdir mínar til greina.

Benedikt Sveinsson: Mér þykir skylt að gera nokkra grein fyrir skoðun minni um þetta mál, einkanlega fyrir þá sök, að eg hefi verið í samgöngumálanefndinni, sem fengið hefir ýmsar hnútur fyrir starf sitt og till. Ætla eg þá jöfnum höndum að svara ýmsum þeim árásum, sem nefndin hefir sætt.

Framsm. minni hluta nefndarinnar (Jóh. Jóh.) í þessu máli fór mörgum orðum um það, að mál þetta hefði átt að koma til þingsins undirbúið af stjórninni. Þetta hefði auðvitað verið æskilegast, enda telur hver dugandi og röggsamleg stjórn skyldu sína að undirbúa málin sem bezt, og það var því ekkert annað en skeytingarleysi hjá fráfarandi stjórn að undirbúa ekki samgöngumálin undir þing. En það nær engri átt að saka meiri hluta nefndarinnar um hirðuleysi og vanrækslu fráfarandi stjórnar. Engin bót var að því að halda sama athafnaleysinu áfram.

Framsm. minni hlutans (Jóh. Jóh.) lét sér um munn fara, að nefndina skorti ábyrgðartilfinningu, er hún kæmi fram með og mælti með öðru eins máli sem þessu. Eg held að slíkt mætti öllu heldur segja um þá, sem ekkert vilja aðhafast, heldur sitja altaf við sama heygarðshornið öðrum háðir, og ekki reyna nýjar og betri brautir, er þarfir lands og þjóðar heimta. Þá menn skortir sannarlega ábyrgðartilfinningu, sem ekki kosta kapps um að ráða bót á því herfilega fyrirkomulagi, sem verið hefir og enn er á samgöngumálum landsins.

Sami þm. var að bera í bætifláka fyrir Sameinaða félagið. Nefndin hefir átt tal við umboðsmann þess, og var lítið á svörum hans og tillögum að græða. Það verður að herða betur á, ef hann á að koma með aðgengileg og ákveðin tilboð, og treysti eg framsm. minni hlutans (Jóh. Jóh.) til að ná þeim hjá honum sem skárstum, en eins og eg hefi tekið fram, fanst nefndinni ekkert að græða á svörum hans, og taldi því ekki vert að leita hans frekara að sinni. Það er satt, að Sameinaða félagið gefur kost á að leggja til sérstakan bát, sem fari milli Hornafjarðar og Reykjavíkur, en sá böggull fylgir skammrifi, að borga þarf 20,000 kr. á ári fyrir slíkar ferðir og þykir mér þær þá verða nokkuð dýrkeyptar. Hygg eg þá hagkvæmara að fá einhvern Austfjarðabát til að annast þessar ferðir gegn hæfilegu árgjaldi.

Háttv. 2. þm. N.-Múl. (Jóh. Jóh.) og 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) bentu á, að varasjóður Thorefélagsins væri lítill, — 32 þúsund króna — og vildu á því byggja, að hagur þess væri ekki góður. En þetta er engin sönnun nema síður sé, þegar þess er gætt, að félag þetta er ungt og hefir átt hættulegan keppinaut við að etja, og auk þess alt af varið gróðafé sínu til þess að bæta skip sín og kaupa önnur ný, í stað þess að leggja fé í varasjóð. Þessi meðferð á fénu ætti því að verða fremur til að efla traust á félaginu, en hitt.

Háttv. 2. þm. Rangv. (E. J.) var hræddur um, að vér hefðum varla hérlendis færum mönnum á að skipa til að framkvæma mat skipanna, og

má það satt vera, en á Norðurlöndum er nóg úrval þeirra manna, er fult skyn bera á slíka hluti og treystandi er til að leysa verkið vel af hendi, enda er ástæðulaust að vantreysta landstjórninni eða landsyfirréttinum til þess að velja til þess hæfa og heiðvirða menn. Það er líka ástæðulaust að ætla, að slíkir menn mundu meta skipin eingöngu eftir því, hvað þau hafa kostað í öndverðu; þeir mundu auðvitað miða mat sitt við það verðlag, sem er á skipum alment, þegar matsgerðin fer fram,

Sumir andmælendur frumv. hafa beitt fyrir sig furðumiklum útúrsnúningum, er þeir hafa leitað höggstaðar á meiri hluta nefndarinnar, og ber slíkt ótvírætt vitni um skort réttra röksemda. Til dæmis um útúrsnúningana skal eg benda á orð háttv. 2. þm. Rangv. (E. J.). sem þó er oftast sanngjarn maður. — Hann vítti framsm. meiri hlutans (B. Kr.) fyrir það, að hann hefði borið það fram, að þjófar væru í Sameinaða félaginu, er hann hefði sagt að vörum hefði verið stolið úr húsum þess í Kaupmannahöfn! Þetta er mjög skringileg röksemdaleiðsla, því að eins og allir vita, þá eru þeir ekki þjófar, sem frá er stolið, heldur hinir, sem taka þjófshendi frá öðrum. Dæmi framsm. (B. Kr.) átti að eins að sýna, að félagið hefði ekki nægilegt gát á munum þeim, sem því væri trúað fyrir að geyma gegn fullri borgun.

Háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) talaði af miklum móði gegn málinu, og beitti meir skáldskapargáfu sinni heldur en rökvísinni, til að verja sitt mál. Hann byrjaði með því að fullyrða, að félagið væri í miklum skuldum, en kvaðst þó ekki vita, hvort það væri satt eða ósatt, og var að heyra sem það skifti minstu. Á sama grundvelli virtist mér vera bygð allmörg önnur atriði í ræðu hins háttv. þm. Margt af því sem hann sagði mælti meira að segja með því, að rétt væri að ganga að tilboðinu, þegar hugsunin er krufin til mergjar, enda þótt hann vildi láta það sanna hið gagnstæða. Hann sagði t. d., að eimskipafélög erlendis hefðu ekkert að gera nú, og járn væri fallið mjög í verði utanlands, jafnvel að helmingi, svo að verð skipa væri mjög lágt. Þau væru því óheppilegir tímar fyrir landssjóð að leggja út í skipaútgerð nú. Eg fæ nú ekki betur séð, en að það sé hentugt fyrir landssjóð að kaupa skip einmitt nú meðan þau eru í lágu verði.

Sami háttv. þm. gat þess, að 20 ára gömul skip væru hreinustu peningaþjófar og kolahítir. Þetta er alveg satt, en einmitt vegna þess hlýtur landssjóðsfélagið, sem ætlað er að hafa að mestu ný skip í förum að standa einkarvel að vígi gegn félagi eins og því Sameinaða, sem hefir að eins gömlum skipum, sannnefndum »kolahítum« á að skipa.

Sami þm. kvað það óráð að ætla að hafa löggjafarvaldið að baki sér til að iþyngja eðlilegri samkepni. Hér er heldur ekki ætlast til aðstoðar löggjafarvaldsins til að iþyngja eðlilegri samkepni, heldur að eins til að verjast óeðlilegri samkepni. — En óeðlilega og óholla samkepni kalla eg það, ef t. d. Sameinaða félagið lækkaði farmgjöld og farþegagjöld um stundarsakir, niður úr því verði, sem hægt er að flytja fyrir að skaðlausu, til þess að keppa við landssjóðsfélagið og koma því á kné og geta síðan orðið einvalda, og unnið skaðann upp margfaldlega á eftir með einokun sinni. Þesskonar »samkepni« hefir

engan rétt á sér, og það væri því alveg réttmætt að beita vernd löggjafarvaldsins gegn þesskonar árásum.

Þá sagði háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.), að það væri ekkert sjálfstæðisskilyrði fyrir Ísland að eiga öll skip, sem til landsins gengi. Að Ísland eigi öll skip, sem til landsins gangi, hefir heldur enginn ætlast til að svo stöddu og því síður farið fram á slíkt. Hér er einungis að ræða um það spor í áttina, að landið eignist umráð yfir svo sem einum áttunda hluta þeirra skipa, er til landsins ganga árlega, meðal annars til þess að hafa frjálsar hendur að beina viðskiftum landsmanna á nýjar brautir. Eg sé ekki betur en að slíkt sé verulegt spor í sjálfstæðisáttina, en hitt hið argasta niðurdrep og ósjálfstæði að eiga enga haffæra fleytu, enda hefir það réttilega verið talið eitt hið versta óheilla-dáðleysi þjóðarinnar, að Íslendingar hættu sjálfir að sigla til útlanda og eiga viðskifti og verzlun við aðrar þjóðir. Það an stafar mest fátækt og hnignan landsins. Þar með var verzlunareinokun Dana leidd í garð og af henni hefir landið hlotið gífurlegra tjón, heldur en af öllum drepsóttum, eldgosum og hafísum. Íslendingar eru fædd siglingaþjóð og þeim því hinn mesti vansi að þurfa að eiga alla flutninga undir öðrum. Það er sannarlega kominn tími til þess að hefjast handa, og reyna að fara sem frjálsir menn ferða sinna landa á milli, eins og aðrar þjóðir gera, þær sem nokkur þrifnaður fylgir.

Það er ekki gott að vita, hvað h. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) skilur við »sjálfstæði«, en eg fæ ekki betur séð en að það sé í sjálfstæðisáttina að hafa vald yfir samgöngum sínum, því að meðan vér erum annari þjóð háðir um samgöngur, þá stöndum vér illa að vígi að bjóða henni byrgin, ef í það færi.

Sami háttv. þm. mintist þess í ræðu sinni, að Thorefélagið hefði grætt á ströndum, það hefði ekki annan gróða en þá »guðsblessun«. Eg hefi nú hingað til verið á þeirri skoðun — og svo held eg sé um flesta — að strönd eða skipbrot séu fremur talin til tjóns en gagns þeim, sem fyrir verða, að minsta kosti hefi eg aldrei fyr heyrt þau nefnd »guðsblessun«. Ábyrgðarfélögin borga sjaldnast meira út en það, sem skipin eru verð, oft miklu minna, svo að á því hefir félagið ekki getað grætt, og þótt það kynni að hafa sloppið skaðlaust, að því er beina tjóninu nemur, þá er þó allur óbeini skaðinn eftir. Útgerðarfélagið getur ekki framfylgt ferðaáætlun sinni, þegar skipum þess hlekkist á, traust þess minkar hjá viðskiftamönnum þess, og menn þora síður að sigla með því eða senda með því vörur sínar. Annars er það ekkert undarlegt, þótt skip Thorefélagsins hafi strandað oftar en skip hins Sameinaða, því að Thoreskipin hafa siglt norðanlands og austan á þeim tímum árs, sem hættulegast er, um hávetur, þegar skip hins Sameinaða hafa ekki fengist upp til landsins.

Þá var háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) að gera mikið veður út úr því, að Thor Tulinius hefði átt tal við sig sama daginn, sem hann undirskrifaði umboð sitt til manns þess, er hann fól að semja við alþingi fyrir félagsins hönd og hefði þá ekki minst neitt á málið við sig, — það hefði hann þó átt að gera. — En eg er hissa á, að háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) skuli vera að furða sig á þessu. Hr. Thor Tulinius vissi fullvel, að 1. þm. Eyf. (H. H.) var öflugasti talsmaður Sameinaða félagsins, og auk þess, að hann

var þá að fara frá völdum, og átti þá ekki meira undir sér en hver annar þingmaður, þess vegna var engin ástæða til að skýra honum fremur frá því, en hverjum öðrum þingmanni.

Sami háttv. þm. lagði mikla áherzlu á það, að landssjóður hefði tapað á Vestuútgerðinni, en eg sé ekki að slíkt sanni neitt viðvíkjandi þessu fyrirtæki. Þótt landssjóður hafi tapað á Vestu, getur hann grætt á þessu fyrirtæki, því að hér er á margan hátt öðruvísi á komið. Þegar landssjóður færðist Vestuútgerðina í fang, þá hafði hann að eins óvönum manni á að skipa til þess að stjórna henni. Maðurinn var ekki þeim starfa vaxinn, og málið að öðru leyti vanhugsað og lítt undirbúið. Menn fóru líka þá óhappaleið að taka skip á leigu hjá sjálfum keppinautinum og það frekustu »kolahit« og »peningaþjóf«, svo að ekki var að furða, þótt útgerðin yrði dýr og skaði allmikill á henni sjálfri, en samt er eg saunfærður um, að óbeinlínis hefir það tap meir en unnist upp, því að Sameinaða félagið lækkaði þá fargjöldin og hefir verið miklu rýmilegra síðan en áður var, þótt ilt sé.

Sami háttv. þm. sagði ennfremur, að líklegt væri, að hið fyrirhugaða landssjóðsfélag fengi ríkissjóðsstyrkinn, þessar 40 þús. kr. árlega. Eg held nú, að úr því að styrkurinn, eftir því sem hann sagði sjálfur í ræðu sinni, stóð Thorefélaginu til boða, ef það hefði tekið að sér Íslandsferðirnar eftir samningi við þingið 1907, þá mundu Danir ekki verða svo meinlegir að neita þessu félagi (landssjóðsfélaginu) um hann. Það er alt annað mál, að þeir vilji ekki veita hann til þýzkra eða enskra félaga, og kemur ekki þessu máli við. Annars er það í meira lagi óhyggilegt að vera hér að gefa Dönum undir fótinn með það, að þeir svipti nú ráðgjafa Íslands yfirráðum þessa styrks, sem hann hefir haft rétt til að ráðstafa að undanförnu, og vér höfum að minsta kosti sanngirniskröfu til. Vér eigum að varast þau ummæli, er leitt geta Dani til íhlutunar um það, er þeir hafa fengið oss í hendur. En það er eins og menn búist við eða óbeinlínis ætlist til þess, að þeir kippi þessum styrk burt, ef landið gerðist svo djarft að keppa við það Sameinaða.

Háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) fór líka mörgum orðum um það, hve óhyggilegt væri að ætla sér að verjast öllum áföllum að eins með tilstyrk löggjafarvaldsins í þessu máli. Ef verjast ætti öllu hugsanlegu tapi með tollum og sköttum og öðrum álögum, þá mætti þetta nokkuð til sanns vegar færa, en til þess ætlast enginn. Hér er að eins átt við, að löggjafarvaldið sé haft að bakjarli til að hamla óeðlilegri samkepni, eins og eg tók áður fram. Það er heldur ekki nema hræðsla ein að ætla, að þetta fyrirhugaða landssjóðsfélag muni ekkert fá að gera; Sameinaða félagið muni taka frá því allan farm og farþega. Þótt margir tortryggi kaupmannastétt vora og telji hana óþjóðlega og illgjarna, svo að hún mundi heldur láta aldanskt félag flytja vörur sínar gegn hærra fargjaldi, heldur en að nota skip landsins, þá get eg als ekki ætlað henni slíkt. Þessi stétt er á framfaraskeiði, eins og aðrar stéttir landsmanna, og er als ekki svo blind, að hún fari að streitast við að hnekkja þjóðlegum nauðsynja-fyrirtækjum, enda gæti slíkt orðið henni dýrkeypt sjálfri. Eg er þess fullvís, að kaupmenn mundu nota íslenzka félagið öllu fremur en hið útlenda að öðru jöfnu. —

Í annan stað ráða kaupfélögin yfir mjög mikilli verzlun nú orðið, og

þurfa á miklum flutningum að halda. Hygg eg að auðvelt væri að koma á samningum með félögum þessum og landssjóðsútgerðinni um flutninga á öllum vörum félaganna, og væri það ekki smáræði. Þetta er ekki gripið úr lausu lofti, því að sambandsfundur kaupfélaganna, sem nýlega var háður hér í bænum, gerði ályktun um það, að heppilegt væri, að félögin gerðu í sameiningu samning um alla vöruflutninga sína, eða færu jafnvel að íhuga, hvort þau gæti ekki annast hann sjálf.

Félögin eru þjóðleg og fús til samvinnu og veit eg ekki, hvað ætti að geta aftrað því, að landsútgerðin kæmist að samningum við þau, sem hvorumtveggju væri hagkvæm.

Auk þess, sem nú hefir verið talið, má geta þess, að einn helzti hluthafi félagsins er stórkaupmaður, sem hefir umráð yfir flutningum, er nema alt að 160 þús. kr. farmgjöldum árlega.

Ef hér á landi væri stóreignamenn eða auðfélög, sem gætu stofnað innlent eimskipafélag til þess að annast flutninga landsmanna, þá rynni allur arðurinn af flutningunum inn í landið og ferðunum væri hagað eins og landsmönnum væri hentast. Þann veg er háttað hjá flestum öðrum þjóðum, en hér á landi er engum slíkum auðmönnum til að dreifa og því ekki önnur úrræði til þess að losna úr dönsku fjötrunum, en að landssjóður takist á hendur útgerðina að meira eða minna leyti.

Eg fyrir mitt leyti læt mig ekki miklu skifta, þótt máli þessu væri frestað til næsta þings, en með því að óvíst er og enda allhæpið, að þá komi jafn gott tilboð því sem nú er eða annað betra, þá tel eg réttara að fresta ekki framkvæmd þess nú, því að stór nauðsyn er á að losast sem fyrst úr fjötrum hins Sameinaða og takast á hendur fyrirtæki, sem vænleg eru til þess að rétta við hag þjóðarinnar og efla sjálfstraust hennar og framkvæmd.

Eg játa það, að breytingar við frv. eru nauðsynlegar, enda mun nefndin sjá um, að þær verði fram komnar við 2. umr.

Sigurður Gunnarsson: Þetta mál, samgöngumálið, er eflaust eitthvert hið vandasamasta, merkilegasta og mikilvægasta mál, sem fyrir þinginu liggur. Eg skil svo sem hinir háttv. þm., sem andmæla þessu máli, þrátt fyrir það, þótt það sé nú komið í enn aðgengilegra form en áður var, hafi ekki gert sér eða vilja ekki gera sér ljóst, hverja kosti það hefir, og eftirtektarvert er það, að það er einkum minni hlutinn sem berst af alefli gegn því, að þingið noti nú færið til að losa sig við einveldi Sameinaða gufuskipafélagsins. — Af orðum 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) og 1. þm. Eyf. (H. H.) virðist mega ráða, að þeir og minni hlutinn yfirleitt hafi tekið svo miklu ástfóstri við Sameinaða gufuskipafélagið, að ekki tjái annað að nefna en samninga við það. — Auðvitað berja þeir því við, að áhættan fyrir landið verði svo afarmikil. — En eg sé eigi betur en þeir geri þar úlfalda úr mýflugu. Úr hinu gera þeir ekkert, hvílíkt tjón landið er búið að bíða um fjölda ára af því að hafa sífelt verið bundið á klafa hins Sameinaða gufuskipafélags, og orðið að lúta geðþótta þess. Eg get fullvissað þessa háttv. þm. um það, að margir landsmenn muna vel ýmsar slæmar aðfarir þessa félags hér við land, þótt þeir virðist hafa gleymt því. Því verður eigi mótmælt, að varla mun það ár hafa komið, að félagið hafi ekki brotið samninga meira og minna, vikið út af ferðaáætlun, þegar hagur þess hefir verið annars vegar, farið fram hjá höfn-

um og látið ferðafólk bíða dögum og enda vikum saman sér til tjóns og gremju. Skaðabætur hefir sjaldnast verið um að ræða. Auk þess er það kunnugra en frá þurfi að segja, hversu viðmót sumra skipstjóranna gagnvart landsmönnum hefir verið, sérstaklega gagnvart alþýðu manna. Eg veit, að skipsfjórar hins Sameinaða hafa verið kurteisin sjálf við ráðherrann fyrverandi og hans fylgismenn, með því að í þeim herrum hefir félagið jafnan átt hauk í horni; en af þessu hefir alþýða manna ekkert gagn.

Hins vegar stendur oss nú til boða að ná valdi yfir samgöngunum sjálfir með þeim kjörum, er eg og margir aðrir þm. verðum að telja mjög sæmileg, en áhættan hins vegar næsta lítil, ef hún er nokkur, eftir því sem tilboðið liggur nú fyrir. Nú er það landsstjórnin, sem fær heimild til að stofna hlutafélagið, eimskipaútgerðina, og stórkaupmanni Tulinius er að eins gefinn forréttur til að ganga inn í félagið með 300,000 kr. kapítali, og nú er landið als ekki bundið við að kaupa hans skip fremur en því þykir hagkvæmt. Stjórn félagsins verður í vorum höndum, en hins vegar er mikill ávinningur að hafa jafn reyndan og hygginn mann sem Tulinius, sem hlut hafa og í stjórn félagsins, auk þess sem hann hefir nú þegar föst sambönd, hér við land, að því er snertir fragtir, svo mjög miklu nemur. Samkepni af hálfu hins Sameinaða eða annara félaga verður fyrir það miklu erfiðari, og ætti slíkt að draga úr ótta manna í því efni.

Óþarft þótti mér það af háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) að vera með dylgjur um það, að Thorefélagið væri á heljarþröminni, eða jafnvel Tulinius sjálfur. Skildi eg þm. svo, sem hann þættist vita, að Tulinius skuldaði 500,000 kr. í bönkum í Kaupmannahöfn, og væri nú tilgangurinn að láta landssjóð Íslands borga, til að forða sér frá falli. Mér virðist óviðurkvæmilegt að koma með slíkar órökstuddar staðhæfingar, um fjarverandi heiðursmenn, og nota til þess þinghelgina. Slík vopn eru jafnan fordæmanleg. (*Jón Ólafsson:* Þetta er alt saman ósatt). Nei, því er ver að hann viðhafði þetta orð og önnur slík. Hann nefndi bæði Thorefélagið sjálft, og sérstaklega Tulinius, sem ætti mestalla hlutina í félaginu. Eg sit svo nálægt honum, að eg heyrði glögt það sem hann sagði.

Háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) varð skrafdrjúgt um þann ötulleik og ósleitilegu viðleitni, er hann hefði sýnt í að fá hentug og ódýr tilboð um millilanda ferðir og strandferðir í utanför sinni í vetur. Til sönnunar því gat hann þess, að hann hefði talað um við Tulinius, hvort hann vildi ekki gera tilboð, en hann neitað því. Virtist háttv. þingm. furða sig á því, þar sem Tulinius þó hefði rétt á eftir komið með tilboð það, sem nú er til meðferðar í þingdeildinni. En mér og fleirum mun ekki þykja þetta neitt furðulegt eftir því sem undan var gengið. Tulinius hafði ekki sætt þeirri meðferð, hvorki af hálfu fyrverandi ráðherra né alþingi, að hann hefði sérlega hvöt til að semja við hann, og kysi heldur að eiga samninga við nýja stjórn.

Háttv. framsögum. minni hlutans, 2. þm. N.-Múl. (Jóh. Jóh.) var áðan að lesa upp fyrir deildinni bréf á dönsku frá umboðsmanni Sameinaða gufuskipafélagsins, sem átti að sýna og sanna, að nú væru komin glæsileg tilboð af hálfu þess félags. Raunar hygg eg, að fæstir deildarmenn hafi heyrt meir en helming innihaldsins, og virðist mèr nokkuð mikið, að ætlast til þess, að þingdeildin geti bygt

mikið á slíku skjali, sem hún hefir ekki haft hugmynd um, að væri til fyr en nú. Því hafa ekki hinir háttv. meðmælendur Sameinaða gufuskipafélagsins séð um það, að tilboð þessi hin glæsilegu, er þeir kalla svo, lægju þá í tíma prentuð fyrir deildinni? Eg efast að vísu ekki um það, að umboðsmaður félagsins hafi nú gefið betri kosti en áður; en hverjum mundi það að þakka öðrum en Thor Túlíníusi? Þeir þingdeildarmenn, sem að eins vilja nota Thore-félagið sem grýlu á hið Sameinaða, ættu þá að vera svo forsjálir, að bana ekki þessu frumv., er hér liggur fyrir, fyr en í fulla hnefa. Líklega vilja þeir sömu þingmenn þó ná sem beztum kostum fyrir landið hjá hinu Sameinaða.

En eins og eg hefi áður tekið fram, þá get eg ekki betur séð, en að vér eigum að nota nú færið til þess að ná samgöngunum á vort vald á þann hátt, sem frumv. þetta, með þeim umbótum, er nú eru í boði, bendir til. — Með því að ganga að þessu frumv., þá getum vér hagað ferðunum miklu haganlegra en ella fyrir landsmenn. Kælirúm fáum vér í 2 hraðskreið skip, og sjá allir, hverja þýðingu slíkt getur haft fyrir bændur og kaupmenn, að því er snertir útflutning á smjöri, kjöti og fiski. En verði nú hafnað öllum samningum við »Thore«, eru mestar líkur til, að þeir bjóðist eigi oftar, og þá þarf ekki mikinn spámann til að spá því, að hið Sameinaða nær brátt sömu tökunum og áður. Mundi þá margur sjá eftir og átelja áræðis- og framtaksleysi alþingis í þessu máli.

Framsögumaður minni hlutans (Jóhannes Jóhannesson): Eg stend upp til þess að gefa upplýsingar og skýringar um það, að ekki er fyllilega rétt skýrt frá málinu í nefndaráliti meiri hlutans. Eins og bréfið, sem eg las upp í gær sýnir, þá hefir umboðsmaður hins Sameinaða gufuskipafélags ótakmarkað umboð til að semja fyrir hönd þess. Nefndin hefir að eins einu sinni haft tal af honum, en ekki oftar. Hann kveðst vera reiðubúinn til viðtals, þegar þess er óskað, og koma eða mæta á nefndarfundum, ef þess yrði krafist, og honum var skýrt frá, að hann yrði síðar kallaður til viðtals við nefndina, en úr því hefir ekki orðið, meiri hluti hennar eigi fengist til þess. Áður en hann kom á fund nefndarinnar, þá hafði nefndin als eigi komið sér saman um það, hverjar kröfur og breytingar — frá því sem nú er — hún ætti að koma fram með, og var því alsendis óviðbúin að semja eða tala við manninn. Það er auðvitað þingið, sem á að þekkja þarfir og óskir þjóðarinnar í samgöngumálum, sem öðrum málum, og reyna að fullnægja þeim þörfum og kröfum, ef þær eru á sanngirni bygðar. Það eða stjórnin fyrir þess hönd á því að eiga frumkvæði í samgöngumálunum og útvega tilboð um samgöngur, en als eigi skipaútgerðarfélögin, enda gera þau slíkt ekki nema alveg sérstaklega standi á fyrir þeim, og það vekur jafnvel tortrygni, að minsta kosti hjá mér, þegar slík félög að fyrra bragði fara að koma fram með tilboð, eins og það, sem nú liggur fyrir þinginu frá Thore-félaginu. Maður skyldi nærri ætla, að svo væri komið fyrir þessu félagi, að því væri nauðsynlegt, að tilboði þess yrði tekið. Öðru máli er að gegna með Sameinaða félagið. — Félagið það stendur á jafn-föstum fótum, eftir sem áður, hvort sem þingið semur við það eða ekki og lætur sér því hóflega. Það er að reisa sér hurðarás um öxl að ætla sèr að knésetja það. Og úr óttanum, sem því á að standa af Thorefélags-tilboðinu geri

eg lítið. Umboðsmaður þess var greiðlegur í svörum viðvíkjandi þeim spurningum er nefndin lagði fyrir hann. — Lofaði hann meðal annars, að félagið skyldi láta nýjan bát ganga með fram Suðurlandi til Austfjarða, og að Botnía skyldi koma í stað Láru eða Vestu. — Eftir $^3/_4$ klukkustundar var hann kvaddur kurteislega, og tók hann það þá fram, að hann vildi fúslega tala við nefndina og gefa upplýsingar, hve nær sem hún gerði boð eftir sér til þess. Honum var heitið því, að svo mundi gert verða, en eins og eg hef skýrt frá, þá varð ekki af því. Nefndin gat því ekki búist við því, að hann færi að koma fram með tilboð að fyrra bragði; það hefði verið, eftir því sem á undan var gengið, að trana sér fram.

Háttv. 2. þingm. Rvík. (M. Bl.) fór hörðum orðum um mann þennan og framkomu hans, en háttv. þingm. er það til vorkunnar, að hann hefir að sjálfsögðu bygt ummæli sín á áliti meiri hluta nefndarinnar í samgöngumálinu, en þar er ekki rétt skýrt frá málinu, eins og eg hef tekið fram. — Við, sem í minni hluta urðum í nefndinni áttum engan kost á að koma fram með minni hluta álit, því búið var að taka málið á dagskrá, þegar okkur var sýnt nefndarálit meiri hlutans.

Háttv. frmsm. meiri hlutans (B. Kr.) sagði, að eg hefði farið fyrir utan merg þessa máls. En slíkt eru öfgar og rammasta fjarstæða, því er það ekki aðal-atriði í þessu máli, að það sé alsendis óundirbúið? Er það ekki aðal-atriði í málinu, að oss reki enginn nauður til þess, að gina við þessu tilboði, og er það loks ekki aðal-atriði, eða er það kanske auka-atriði, að samþykt þessa frumv. getur leitt af sér stórtjón fyrir landssjóðinn? Og er það ekki satt og rétt, að það ber als ekki að samþykkja þetta frumv., fyr en þjóðin hefir áttað sig á því, í staðinn fyrir, að hér er farið fram á, að þingið fallist á þessi lög, og reynt er af öllum mætti, að hamra þetta áfram, þrátt fyrir þótt þetta hafi als ekki verið borið undir þjóðina, né leitað álits hennar og vilja í þessu efni?

Háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) benti á það í gær, að hefði verið snúið sér til stjórnarinnar nógu snemma með þetta mál, þá hefði verið tími til þess að rannsaka það og undirbúa, og benti á, í hverju sá undirbúningur hefði átt að vera fólginn. En sannleikurinn er, að hér hefir verið farið á bak við stjórnina með alt, og það gerir mig hikandi eða tortryggan.

Þá talaði háttv. frmsm. meiri hlutans (B. Kr.) mikið um arðsemi og gróða þessa fyrirtækis. Eg hef aldrei sagt og mun aldrei segja, að það geti als ekki borið sig, en hitt er miklu líklegra, að það geti orðið til stórtjóns, og að það sé í sjálfu sér mjög viðsjárvert og geti reynst stór-hættulegt í framtíðinni. Það var sagt í dag, að þetta væri stórt spor í sjálfstæðis-áttina. Það getur verið mikið rétt, ef forsjón og gæfa fylgja. Annars er sparnaðurinn að mínu áliti fyrsta skilyrðið til þess, og eg álít, að stærsta sporið í sjálfstæðis-áttina sé, að landið verði fjárhagslega sjálfstætt, en þá má ekki draga það inn í fjárhættu-fyrirtæki. — Mér finst, að áður en slíkt spor er stigið og hér er um að ræða, verði að vera skýr rök fyrir því, að það sé heppilegt eða að minsta kosti ekki hættulegt, en því miður vanta þau.

Háttv. framsm. staðhæfði, að þetta væri eða gæti als ekki orðið tap, held-

ur miklu fremur álitlegur hagnaður. Háttv. þm. Dal. (B. J.), N.-Þing. (B. Sv.), 2. þm. Húnv. (B. S.) og 2. þm. Rvk. (M. B.) gerðu sér ekki eins glæsilegar vonir í þessu efni. Eins og nú litur út getur minni hl. ekki álitið annað, en hér sé um áhættufyrirtæki að ræða. Í höndum vorum eru heldur ekki upplýsingar um þær breytingar, sem kvað eiga að verða á frv. þessu, svo að unt sé að byggja á þeim ábyggilegar ályktanir. Óvíst er, hvort þessar 40,000 kr. fást úr ríkissjóði. Við minni hluta menn í nefndinni vildum fá hana til að fá skýlaust svar hæstv. ráðherra um það, en því var ekki sint.

Svo vildi eg mega spyrja hinn háttv. meiri hl. að því, hvernig stendur á því, að engar upplýsingar eru um farmgjöld og fargjöld Thorefélagsins fyrir árið 1908, og eru þó liðnir 4 mánuðir af árinu 1909.

Eg hefi heyrt sagt, að farmgjöld hafi verið stórum mun minni 1908 en 1907 og árin þar áður. Þetta gerir mig grunsaman og tortrygginn. Hvernig stendur á því, að Thorefélagið hefir ekki aukið hlutafé sitt, sem er að eins 250 þús. kr., en unnið að mestu leyti með lánsfé? Ef fyrirtækið er eins arðvænlegt, eins og hinn háttv. meiri hluti segir, því losar það sig þá ekki við allar skuldir? Skuldir eru þó neyðarúrræði, og allir hygnir menn vilja vera lausir við þær. Eg skil ekki annað en menn fengjust til að taka hluti í svo arðvænlegu fyrirtæki. Mér er óskiljanlegt, að félagið geti ekki aukið hluti sína, nema því að eins að landssjóður verði hluthafi. Mér virðist sem útlendir bankar mundu keppast við að lána fé og jafnvel taka hluti í félaginu, ef það er svo arðvænlegt, sem af er látið. En nú lítur ekki út fyrir, að þetta sé svo, og gerir það það að verkum, að eg fyrir mitt leyti að minsta kosti verð að telja það áhættufyrirtæki fyrir landssjóð að taka hluti í félaginu.

Það hefir verið rætt um, hverja þýðingu það hefði, ef landssjóður neyddist til að halda uppi félaginu með þvingunarlögum. Eg þarf ekki að fara nánara út í það nú; eg tók það fram í gær, hversu óskyggilegt það væri.

Háttv. framsm. meira hlutans (B. K.) lagði áherzluna á viðskifti vor við Þýzkaland og áleit, að vér fengjum þau ekki bein nema vér rækjum sjálfir samgöngurnar. Háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) hefir getið þess, að rannsakað hafi verið, hversu mikill flutningur fari frá Þýzkalandi til Íslands, og hafi niðurstaðan orðið sú, að flutningurinn næmi nokkurum vagnhlössum á ári. Það mun enginn álíta tiltækilegt að koma á beinum skipagöngum milli Íslands og Þýzkalands með svo litlum farmi. Það mun reynast betra að flytja flutninginn fyrst til Danmerkur í járnbrautum, eða til Leith og síðan til Íslands, meðan hann er svo lítill. Það er undarlegt, hvað nú er alt í einu orðin brýn þörf á þessu sambandi. Háttv. framsm. meiri hlutans (B. K.) hafði samið áætlun fyrir 4 skip, ef til kæmi að þetta tilboð yrði tekið, og ekki sett þar inn eina einustu þýzka höfn. Þessi þörf hlýtur því að hafa vaknað nýlega. En ef hún er svo brýn, þá þori eg að fullyrða, að vér mundum geta fengið henni fullnægt, þótt vér göngum ekki að þessu. Fyrir hæfilegt verð munum vér geta fengið þessar samgöngur, hvar sem vér viljum. Ef vér snöruðum í Sameinaða félagið ½ miljón kr., er eg viss um, að vér

mundum eiga kost á mjög góðum samgöngum.

Háttv. framsm. meiri hl. (B. K.) hermdi ekki rétt stærð kælirúmsins í Botníu; það er stórt, tekur um 300 tonn, og engin líkindi til þess að það fullnægi ekki þörfum vorum fyrst um sinn. Þá var það og ranghermi hjá honum, að eigi væri hægt að hafa minni hita en + 4° í því. Sannleikurinn er að framleiða má í því svo mikinn kulda, sem frekast er þörf á.

Einhver skaut því fram áðan, að minni hlutinn sæi engan agnúa á Sameinaða félaginu, hefði tekið ástfóstri við það. Þetta er ekki rétt. Eg hefi oft sett út á það félag og mun ef til vill gera framvegis. En bæði eg og fleiri hafa og margt haft að athuga við hin félögin, ekki sízt Thorefélagið. Og því mun enginn neita, að ekkert félag heldur betur áætlanir en Sameinaða félagið. Það hefir líka verið sagt, að erfitt væri að ná rétti sínum á Sameinaða félaginu. En það er víst, að menn kvarta fult svo mikið yfir því, hve örðugt sé að ná rétti sínum á hinum félögunum, ekki sízt Thorefélaginu. Og eg álít, að ef menn telja að misfellurnar séu að samanlögðu mestar hjá Sameinaða félaginu, þá stafi það af því, að það hafi starfað lengst. Það er munur á því að hafa siglt hér 30—40 ár, eins og það félag hefir gert, eða 6—7 ár, eins og Thorefélagið.

Þegar verið er að ræða um Thorefélagið, hefir ekkert tillit verið til þess tekið, hvernig það hefir hagað ferðum sínum hingað til. Það hefir verið talað um hagnaðinn, sem félagið hefir, en ekkert tillit verið tekið til þess, að það hefir engar skyldur haft, að það hagar ferðunum, eins og það vill og telur ábatasamast, án þess nokkuð að fara að því, sem þarfir landsmanna heimta. Þess vegna er það gefið, að þegar félagið á að fara að haga ferðum sínum eftir þörfum landsmanna, verður ábatinn ekki eins góður. Þá verður félagið að senda skip sín á hafnir, sem það hefir skaða af, ef það er hagur landsmanna. Og það skulu þið sanna, að þegar landssjóður er orðinn aðalhluthafi, mun hver toga í sinn skækil og heimta, að skipin komi til sín, og mig skal ekkert undra, þótt áætlanir þær, sem þá verða gerðar, reynist landssjóði ekki gróðavænlegar.

Með því að umræður eru orðnar svo langar, finn eg ekki ástæðu til að tala frekara.

Framsögumaður meiri hlutans (Björn Kristjánsson): Hér hefir mikið verið sagt og margsr ágætar ræður haldnar verið frá hálfu meira hlutans. Bæði háttv. þm. Dal. (B. J.), þm. N.-Þing. (B. S.) og þm. Snæf. (S. G.) hafa svarað svo minna hlutanum, að eg hefi þar litlu við að bæta.

Háttv. 2. þm. N.-Múl. (J. J.) fann ástæðu til að taka enn til máls, þrátt fyrir það, að hann lýsti yfir því í gær, að hann mundi ekki slíta sér út á frekari umræðum. Úr því að hann hefir samt gert það, mun eg athuga orð hans nokkuð.

Öll framkoma hins háttv. þm. bendir á það, að hann muni vera mjög sterkur málsvari hins Sameinaða hér á þingi. Hann er að skýra mér frá því, hvað umboðsmaður Sameinaða félagsins hafi sagt á nefndarfundi, þrátt fyrir það að hann (þm.) kom ekki á nefndarfundinn fyr en undir fundarlok. (*Jóhannes Jóhannesson:* Það er ekki rétt). Eg hefi vitni að því, að svo er; mun það hafa stafað af því, að háttv. þm. var þá illa fyrirkallaður.

Það sem háttv. þm, var að tala um, að Thorefélaginu væri innan handar að auka hlutína utanlands, ef það væri ekki á heljarþröminni, sýnir, að þm.

hefir ekki hugmynd um verzlun eða viðskifti. Hann má skilja það, að mörgum er það ekki að skapi að missa yfirráð sín í smáum félögum með því að láta þau ganga upp í stór hlutafélög. Ef hr. Tulinius vildi mynda stórt hlutafélag, mundi hann missa yfirráðin yfir eignum sínum, sem hann hefir í hinu smærra félaginu og þar sem hann ræður yfir því. En það gefur hann ekki um, og getur hver skilið það, sem nokkurn snefil af viti ber á verzlunarmál. Það eru líka dæmi til þess, einmitt nýtt dæmi, að maður, sem átti allar eignir sínar í einu félagi og var í stjórn þess, var rekinn úr stjórninni og misti þannig yfirráð eigna sinna, einmitt við það að félagið var stækkað. Menn forðast það í lengstu lög að gera stór félög úr smáum félögum, ef menn eiga mikið af eignum sínum í smærri félögunum, enda er það eðlilegt; það mundi hver hygginn maður gera.

Háttv. þm. sagðist vilja halda fram kröfum um góðar samgöngur og ávítar meiri hlutann fyrir aðgerðaleysi á þinginu. En hvað hefir hann gert til þess að útvega góðar samgöngur? Hafi hann nokkuð gert í þá átt í vetur, hefir hann að minsta kosti ekki gert það á nefndarfundum, því að þar hefir hann harla sjaldan látið sjá sig, sjálfsagt vegna þess, að hann hefir þá verið forfallaður.

Það var talað um það í nefndinni, að umboðsmaðurinn fengi aðvörun, ef nefndin óskaði frekari skýringa. En nú hefir nefndin ekki óskað neinna skýringa, því að ef hann hefði haft eitthvað annað að bjóða, er hann var að spurður, mundi hann þá þegar hafa skýrt frá því.

Háttv. þm. sagði, að nefndin kæmi ekki með nægar upplýsingar, og þær upplýsingar, sem hún gæfi, kæmu frá Thorefélaginu. En hvað gerir hann? Hvaðan fær hann upplýsingar? Hann fer beint úr þinghúsinu í næsta hús til umboðsmanns Sameinaða félagsins og fær þar upplýsingar þær, er hann byggir alt á. Hann taldi nauðsynlegt, að málið væri vel undirbúið; eg er honum samdóma um það, og það er alveg undirbúið með öllu, eftir því sem annars er unt. Og upplýsingar meira hluta nefndarinnar eru fult svo góðar sem upplýsingar þær, er hann hefir frá umboðsmanni Sameinaða félagsins.

Háttv. þm. hefði helzt ekki átt að nefna það, að tilboð þetta hefði verið gert á bak við fráfarandi stjórn. Honum hefði mátt vera kunnug meðferð stjórnarinnar á Thorefélaginu undanfarin ár. Það er kunnugra en frá þurfi að segja, hversu stjórnin hefir breytt við það félag; það vita bæði eg og þeir háttv. þm., sem hér hafa setið á undanförnum þingum. Ef herra Tulinius hefði treyst fráfarandi ráðherra, mundi hann hafa borið tilboðið undir hann. En einmitt af því að hann treysti honum ekki sem ráðherra, bar hann það ekki undir hann.

Háttv. þm. benti á, að það hefði ekki mikið að þýða fyrir sjálfstæði landsins að taka þessu tilboði. Þó hefir hvorki hann né aðrir reynt að hrinda því, sem eg sagði í gær og sýndi með tölum, að með því að taka þessu tilboði mundum vér smámsaman spara hálfrar miljónar króna skatt, sem árlega legst á oss við það, að vörur vorar eru fluttar yfir Danmörku. Það hefir bæði hann og aðrir andmælendur tilboðsins forðast að nefna eins og heitan eldinn.

Enn eru það ein ósannindin, að samþykt hafi verið í nefndinni að skora

á ráðherra að síma til Kaupmannahafnar til að vita, hvort fást mundi hið venjulega tillag ríkissjóðs til strandferðanna. Því var hreyft í nefndinni, en einmitt seinustu dagana — og það ætti þó háttv. þm. að muna — var horfið frá því, vegna þess að mönnum þótti sem það gæti orðið til þess að gefa Dönum undir fótinn um að veita féð ekki.

Háttv. þm. sagði, að ef félagið væri svo traust sem látið væri, mundi því vera innan handar að fá fé úr útlendum bönkum til þess að geta rekið atvinnu sína í stærra mæli. Eg get sagt h. þm. það, að mér hefir verið boðið stórt lán í útlöndum með góðum kjörum, 4% og gjalddagalaust, en eg hefi ekki viljað þiggja það, vegna þess að eg hefi ekki viljað taka á mig meiri skuldbindingar, en eg hefi séð mér fært að bera. Sama er hjá félaginu; það vill nota lánstraust sitt með skynsemi og varkárni. Lántökur félaga verða þó ávalt að standa í sæmilega réttu hlutfalli við stofnfé þeirra.

Þá virðist það vera keimur af því, að háttv. andmælendur þessa frumv. séu vinir Sameinaða félagsins, að þeir þreytast ekki á að taka upp aftur og aftur, hver á fætur öðrum, að Sameinaða félagið hafi með ransóknum — því að það hefir gert ransóknina — komist að því, að viðskifti vor við Þýzkaland nemi eigi meira, að því er kemur til vöru fluttrar þaðan yfir Danmörku hingað, en nokkurum vagnhlössum. Hér er vísvitandi verið að draga fjöður yfir sannleikann. Það má sanna, að nema mundi mörgum skipsförmum vörur frá Þýzkalandi, sem fara hingað. Af vefnaðarvöru hingað fluttri koma efalaust $^2/_3$ frá Þýzkalandi. Sú vara út af fyrir sig nemur mörgum skipsförmum. En als nemur vefnaðarvara hingað flutt frá útlöndum að verði á 3. miljón króna. Af þessu geta menn séð, hvort ekki er flutt meira hingað frá Þýzkalandi en nokkurir vagnar. Enn fremur eru efalaust $^3/_4$ allrar járnvöru, sem hingað flytst frá Þýzkalandi, og sér hver maður sjálfur, hvort ekki muni það nema meiru en nokkurum vögnum. Þessar skýringar hinna háttv. þm. eru því fjarstæður.

Háttv. 2. þm. N.-Múl. (Jóh. J.) sagðist ennfremur sannfærður um, að ef Sameinaða félaginu yrði veitt $^1/_2$ miljón króna, mundum vér hljóta góðar samgöngur. Það getur verið. En vill þá þm. tryggja oss yfirráðin yfir útgerðinni að öllu leyti? Það væri fróðlegt að heyra.

Ekki hafði eg borið neinar brigður á það, að kælirúmið í Botníu væri nógu stórt, svo sem háttv. þm. var að tala um. Eg sagði, að það gæti ekki kælt nóg fyrir oss Íslendinga kjöt og fisk. Það er alt annað, þótt það hafi nóg kælimagn til að flytja smjör frá Esbjærg til Englands. Aðalhugsunin með frumv. er að tryggja kælirúm í skipum héðan fyrir útflutt kjöt og fisk. Á það hefir ekki verið nægileg áherzla lögð. Nú er mestalt kjöt, sem flutt er frá landinu, flutt saltað til Noregs, en þar er lagður tollur á það, 10—12 kr. á tn., að mig minnir. Hver segir nú nema Norðmenn kunni að hækka tollinn? Hvernig værum vér þá settir ef þeir hækkuðu tollinn upp í t. d. 20—24 kr. á tn.? Vér eigum að reyna að koma vörunum þangað sem enginn tollur er á þær lagður, t. d. Englands og Danmerkur. Englendingar leggja sér ekki til munns saltkjöt; þeir eta alt kjöt ósaltað. Ef vér gætum nú flutt þó ekki væri meira en $^1/_4$ af öllu kjöti, sem flutt er úr landinu, til Englands, mundum vér bæði að því leyti hafa meira upp úr því og sömuleiðis

mundi þá saltkjötið hækka í verði í Noregi, eftirspurnin þar mundi aukast.

H. þm. sagði að ekki væri að marka, þótt Thorefélagið borgi sig — hann er nú farinn að játa, að það borgi sig — vegna þess að það gæti hagað siglingunum eftir eigin höfði og þurfi ekki að haga sér eftir þörfum landsmanna. Þetta er rétt. En benda vil eg háttv. þm. á það, að hinu Sameinaða félagi er veittur opinber styrkur, einmitt til þess að geta siglt á þær hafnir, sem þörf landsmanna krefur og ekki mundi borga sig að sigla til á annan hátt. Og til þess er ekki og verður ekki ætlast, að Thorefélagið geri það fremur styrklaust en hitt félagið.

Eg vildi nú gjarnan spyrja háttv. þm., hvort hér væri þó ekki vegur til að bæta markaðinn.

Nú á þessum síðustu tímum hafa verið gerðar næsta harðsnúnar tilraunir til þess að veikja lánstraust íslenzkra kaupmanna í Danmörku. Er nú þetta ekki einmitt leið til þess að gera Íslendingum mögulegt að fá lán annarsstaðar fyrst afstaðan gagnvart Dönum í þessu tilliti er nú ekki orðin betri en raun er á?

Þetta fyrirtæki, sem hér er um að ræða, kostar ekki meira en 425,000 kr. sem borgast skal á 20 árum, með jöfnum afborgunum. Ekki virðist það neitt ægilegt.

Vér höfum varið stórfé til vegagerða, aðallega til þess að afla okkur þæginda. Á 10 árum höfum vér varið til þess kr. 1.365,400. Þá höfum vér einnig látið af hendi gríðarmiklar fjárhæðir til ritsíma 866 þúsund kr. Hvaða gagn höfum vér haft af því? Vitanlega þægindi og lítið annað.

Eg hefi verið kaupmaður síðan síminn komst á og að eins þrem sinnum símað eftir vörum, ekki vegna þess, að þess væri brýn þörf, heldur að eins vegna þæginda.

Það þýðir annars ekki neitt að þrátta meira um málið að sinni, það hefir að minni hyggju skýrst þó svo við þessa umræðu, að eg hygg, að hver samvizkusamur maður muni geta verið kominn að þeirri réttu niðurstöðu. Auðnist málinu að komast til 2. umr., sem eg vona, getur það þó ef til vill skýrst enn þá betur.

Ráðherrann (B. J.): Út af fyrirspurn, er gerð var til mín um það, hvort Danir mundu veita öðru gufuskipafélagi en Sameinaða gufuskipafélaginu styrk til Íslands ferða skal eg geta þess, að háttv. fyrirrennari minn í embættinu hefir skýrt mér frá, að fyrverandi innanríkisráðgjafi Dana, Sigurd Berg, hafi látið sér eftir full umráð yfir styrknum. En hann, innanríkisráðgjafinn, hafi veitt hann áður. Vitanlega er nú kominn nýr maður í það embætti. En eg vænti þess, að hann gerði ekki frekar á móti að Thorefélagið fengi styrkinn, með því að það telst danskt félag. En svo skilst mér, að hafi verið til ætlast, eða beint áskilið, að það mætti ekki vera utanríkisfélag, er danska styrkinn fengi.

Framsögumaður minni hlutans (Jóhannes Jóhannesson): Eg stend upp til þess að lýsa yfir því, að það er gersamlega ósatt, að eg hafi verið nokkuð illa fyrir kallaður á fundi þeim, er framsm. meiri hlutans (B. Kr.) var að tala um, og get eg um það notið vitnisburðar samnefndarmanna okkar. Eg var á fundinum, er umboðsmaður Sameinaða gufuskipafélagsins kom og er hann fór. Háttv. framsm. (B. Kr.) hefir víst sjálfur verið illa fyrir kallaður, og er það víst einnig nú, hann er ekki vanur að bera menn ósönnum brígslum — upp í eyrun.

Jón Ólafsson: Það hefir lengi klingt

við, að menn hafi fengið svo og svo mikla ást á Sameinaða félaginu. Hv. þm. Snæf. (S. G.) bar mér það á brýn að eg hefði tekið sérlega miklu ástfóstri við það félag.

Þetta er gersamlega rangt; eg hefi eiginlega alt af verið á móti því, og á þinginu 1905 var eg einn af þeim fáu, er vildi fremur hallast að öðru félagi, og eg er að mörgu leyti á móti því enn. Það sannar enganveginn það, að eg hafi tekið ástfóstri við þetta félag, þótt eg sé á móti því, að landssjóður hætti sér út í viðsjárvert fjárglæfra-fyrirtæki, með því að kaupa hluti í því félagi, sem hér er um að ræða. Framsm. (B. Kr.) sagði í gær, að eg hefði verið með yfirvarpsástæður. Þetta er ósatt. Eg var »dauður« við þá umr. og þess vegna hefir frsm. líklega notað tækifærið til þess að svala sér.

Eg benti á í gær, að maður gæti nú máske litið svo á, að félagið sjálft hefði ekki sem bezta trú á arðvænleik fyrirtækisins. Þetta stend eg við. Samkvæmt lögum þessum á landssjóður að gerast hluthafi að $^5/_8$ af öllu fénu, en hin verðbréfin á hann að geta fengið eftir ákvæðisverði.

Það kalla eg yfirvarps-ástæðu, að nokkur maður skuli leyfa sér að segja annað eins og það, að það sé samgöngubót að fækka skipum og ferðum.

Sú fækkun er auðvitað ekki gerð af því, að með því batni samgöngurnar; hitt er orsökin, að ferðaáætlunin var svo vitlaus, að vita-ómögulegt var að framkvæma hana.

Þá sagði framsm. (B. Kr.), að hann furðaði sig á, að jafn-skýr maður og eg, og þar að auki kennari við verzlunarskólann, skyldi ekki vita, hvað »forgangs-hlutabréf« væri.

Eg skal nú enn á ný fræða hinn hv. þm. um þetta og einnig þm. Dal. (B. J.), er var á sama máli. Forgangshlutabréf eru þau bréf, sem vextir borgast af eigendum þeirra, áður en eigendur almennu hlutabréfanna fá nokkra vexti af sínum hlutum. »Forgangs«-hlutabréfin hafa forgangsrétt að þeim ágóða, sem verða kann, ef hann nægir ekki til að borga öllum hlut-höfum vexti. Þetta, og ekkert annað, þýðir orðið forgangs-hlutabréf. Það geta allir séð, sem vilja, ekki að eins í hverri viðskifta-orðabók, og hverri viðskifta-fræði, sem annars nefnir þau, heldur og í hverri orðabók almennri, og í hverri laga-orðabók. Stöku sinnum er svo ákveðið, að slík hlutabréf skuli afborga með einhverri upphæð árlega, unz þau eru innleyst, — en vel að merkja, að svo miklu leyti, sem auðið er að gera það af árlegum gróða félagsins. Annað og meira liggur aldrei í orðinu. Alt annað er vísvitandi blekking.

Háttv. þm. Dal. (B. J.) sagði að hér lægi ekki fyrir að kaupa Thorefélagið, heldur koma á fót nýju félagi. Þetta eru bein ósannindi. Þetta frumv., sem hér liggur fyrir, segir skýrum orðum, að landssjóði skuli gefin heimild til að taka lán, alt að 500,000 kr. til þess að kaupa hluti í gufuskipafélaginu »Thore«.

Annars skal eg ekki fara fleirum orðum þetta röklausa gaspur þm. Dal. (B. J,) í þessu efni.

Að lokum skal eg benda á það, að fyrir þessu þingi liggja engar ábyggilegar skýrslur um hag félagsins. Það er auðvitað barið fram af miklu kappi af formælendum málsins, að hagur félagsins sé glæsilegur. En þannig lagaðar röklausar fullyrðingar sanna ekki neitt.

Þess eru mörg dæmi, að félög, sem eru á höfðinu, sýna all-glæsilegar skýrslur. Get bent á eitt alveg nýtt nefnilega »Grundejerbanken«, sem sýndi

ágætar skýrslur, og hét 9 af hundraði í ágóða, en var viku síðar gjaldþrota.

Það sjá allir menn, að varasjóður félagsins, þessar 60 þús. kr., er hvergi nærri nóg til að mæta fyrningu skipanna. Eg þykist því geta sagt með fullum rétti, að félagið hafi alt af verið að tapa. Háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) tók það fram, að ekki væri að óttast samkepni frá hálfu Sameinaða félagsins, þar sem hagur þess stæði víst ekki með sem beztum blóma. Á hverju hann byggir það álit sitt, er mér engan veginn ljóst. Það er kunnugra en frá þurfi að segja, að varasjóður þess félags nemur miljónum, og auk þess hefir það annan sjóð til að styðja þau ferðasvið, er mestu samkepninni mæta.

Háttv. þm. Dal. (B. J.) óttaðist ekki samkepnina við landssjóðsfélagið, þótt ekki af öðrum ástæðum, þá af því, að íslenzkir kaupmenn mundu skifta við það heldur en keppinaut þess, alt af tómri föðurlandsást. Ójá, ekki er nú arðsemisreikningur þessa félags byggður í lausu lofti, þegar ættjarðarástin á að verða helzti gróðagrundvöllur þess! Án þess að eg að nokkru vilji lasta íslenzka kaupmenn — þeir eru margir góðir drengir — þá er það öllum ljóst, að þeir — eins og aðrir — reka atvinnu til að græða en ekki af einskærri föðurlandsást. Þeir munu vilja skifta við þá, sem hagkvæmast er við að eiga, án tillits til þess hverrar þjóðar viðskiftanauturinn er. Þess er líka að geta, að margir af kaupmönnum hér — og það þeir stærstu, sem mest mundu flytja — eru danskir kaupmenn, sem ekki er við að búast, að mundu hafa svo mikla íslenzka ættjarðarást til að bera, að þeir vildu láta landssjóðsfélagið sitja fyrir — nema síður sé. — Í þeirri samkepni, sem ekki er óeðlilegt, að risi gegn landssjóðsfélaginu, stendur það miklu ver að vígi en keppinautar þess. Þeir geta hagað samgöngunum eins og bezt borgar sig, farið á þær hafnir að eins, þar sem mest er til eða frá að flytja og hættuminst. Aftur á móti landssjóðsfélagið; það verður að binda sig við margar hafnir, sem als ekki borgar sig að fara inn á. Það verður að líta á samgönguþörfina fyrir almenning, og koma á þær hafnir, sem þingið (oft af hreppapólitík) setur á áætlun. Það má ekki fara fram hjá þeim. Það verður oft með mörg hundruð króna kostnaði að krækja inn á höfn, til að fá þar kannske 50 aura eða 2 kr. farmgjald. Þannig hefir staðið á því að stór félög, svo sem Björgvinarfélagið, Wathne-félagið og Thorefélagið, sem hafa getað hagað ferðum og flutningi eftir eigin geðþótta, alt eftir því sem bezt borgaði sig, hafa staðið betur að vígi í samkepninni en það Sameinaða, sem hefir verið bundið við þá tilhögun, sem landssjóður eða réttara sagt þingið hefir viljað hafa og sett sem skilyrði fyrir styrknum.

Þá var talað um það, að þetta fyrirtæki ætti ekki að verða til að afla landinu ódýrari samgangna, heldur til hins að ráða vegum verzlunar og viðskifta landsmanna, að beina viðskiftalífinu inn á nýjar og heppilegri brautir, beina þeim frá Danmörku til verzlunarlandanna, einkum Þýzkalands og Englands. Eg ætla að segja, að fáir þm. hér, að minsta kosti ekki þm. Dal. (B. J.), hafi hvatt meir til þess en eg, að viðskifti vor ykjust og verzlun vor færi í vöxt við Þýzkaland og England. Eg hefi varið miklum tíma og fyrirhöfn til að ransaka, hvaðan vörur þær, sem vér kaupum, væru upprunnar, hvar þær væru framleiddar, og eg hefi til þess orðið að fara í gegnum margar vöru-skýrslur, og orð-

ið að leita mér upplýsinga hjá kaupmönnum og öðrum, og með aðstoð fróðustu manna gert ransóknir þar að lútandi. Þegar eg hafði kynt mér þetta og komist að þeirri niðurstöðu, að viðskiftin væru mest í höndum Dana, að mestur hluti verzlunarvörunnar væri keyptur þar, benti eg á, að æskilegt væri, að íslenzkir kaupmenn sneru sér meir til Þýzkalands og Englands, því að þaðan eru flestar vörur þær, er vér kaupum, en sárlítið framleitt í Danmörku og það komst svo langt, að mér bárust málaleitanir frá 2 gufuskipafélögum þýzkum um, að sigla með vörur frá Hamborg upp til Íslands, ef nægur farmur fengist, og eg var beðinn að gangast fyrir því að fá loforð hjá íslenzkum kaupmönnum fyrir vissum farmi, en það gátu kaupmenn þá ekki. — Hins vegar er eigi auðskilið, að vér séum bundnir við að hafa Danmörku fyrir endastöð gufuskipaferða vorra, þótt við ginum ekki við þeirri flugu að kaupa dalla Thorefélagsins, enda er flutnm. sjálfur ekki svo mjög áfram um, að skipin komi á þýzkar eða enskar hafnir, því að í áætlun þeirri, sem hann hefir samið fyrir hið fyrirhugaða landssjóðsfélag, er ekki áætluð ein einasta ferð til Þýzkalands og til Bretlands ekki umfram það sem nú er. Áætlunin er ekki annað en uppsuða af hinum gömlu áætlunum Sameinaða félagsins — ekki nokkur einn nýr viðkomustaður í útlöndum! Þetta verða þá allar samgöngubæturnar, sem fást með að leggja út í þetta fjárhættufyrirtæki. Þetta eru nýju brautirnar!!! Að ganga að Thoretilboðinu verður því naumast leiðin til að losa verzlunina við Danmörk og beina henni til Þýzkalands og Englands. Ef við viljum stuðla að því, þá þurfum við ekki annað en bjóða einhverju félagi hæfilegt tillag til að taka ferðirnar að sér. Það væri ólíkt áhættuminna. Það væri óvíst fyrir landssjóðsfélagið að byggja á, að það muni njóta styrks úr ríkissjóði, ef skip þess færu að mun að sigla á enskar og þýzkar hafnir. Vér getum sannarlega ekki ætlað Dönum, að þeir fari að styrkja landssjóðsfélagið — Íslendinga — til að losa verzlunina við Danmörku. Það væri ofætlan. En vér getum gert þetta sjálfir án þeirra.

Þá var þm. Snæf. (S. G.) að bera mér á brýn, að eg í skjóli þinghelginnar talaði um efnahag Thor Tuliniusar. Það er ekki satt. Mér er vel til als Tuliniusar-fólksins, og óska og vona, að efnahagur hr. Thor E. Tuliniusar sé og verði sem beztur. En um hann hefi eg ekki eitt orð talað talað hér á þingi, en um efnahag Thorefélagsins hefi eg talað. Það er alt öðru máli að gegna. Úr því félagið er að bjóða þinginu reitur sínar til kaups, þá verðum við þingmenn að rannsaka efnahag þess, arðsemina af fyrirtæki þess og tilgang sölunnar. Það er blátt áfram skylda okkar og til þess verðum við þó að gera oss atriði þessi ljós.

Háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) sagði, að eg hefði kastað því fram, að Thorefélagið væri á heljarþröminni, án þess að vita, hvort það væri rétt eða rangt, sem eg hefði sagt. Eg hefi ráðið það sumpart af skjölum frá Thorefélaginu sjálfu og tilboði þess, sumpart af viðurkenningu umboðsmanns þess, eins og meiri hluta nefndarinnar skýrir frá henni í nefndarálitinu um skuldir félagsins, og framsm. meiri hluta nefndarinn (B. Kr.) hálfviðurkendi það líka í ræðu sinni.

Þm. N.-Þing. (B. Sv.) sagði líka, að afleiðingin af því, að arður af skipa-

ferðum sem stendur væri lítill, og járn mjög fallið í verði og skipin því svo ódýr, gæti ekki verið önnur en sú, að hentugur tími væri fyrir landssjóð að kaupa skip einmitt nú. Þetta væri rétt, ef landssjóður ætlaði að kaupa skip á frjálsum markaði, en ekki blint (ɔ: eftir virðingarverði), eða ef landssjóður ætlaði að láta smíða skip.

Eg skal minnast á eitt dæmi, sem eg gat um í ræðu minni í gær. Fyrir nokkru var skip í Noregi virt á 140 þús. kr. af eiðsvörnum virðingarmönnum, en einni viku seinna selt fyrir einar 40 þús. krónur. Þetta bendir ljóslega á, hve gott væri að kaupa skip eftir virðingarverði. Ef við annars værum í þeim nauðum staddir, að við þyrftum að hafa skipaútgerð á hendi, þá ættum við ekki að kaupa gömul skip eftir virðingarverði, heldur ný skip á frjálsum markaði, skip, sem fullnægðu betur kröfum nútímans en Thoreskipin gera.

Viðvíkjandi ríkissjóðsstyrk Dana hefir þáverandi formaður Sameinaða félagsins skýrt frá því í aðalfundarskýrslu nú í ársbyrjun, að félagið hafi fengið vilyrði fyrir að halda þeim styrk framvegis, þótt aðrir tækju að sér Íslandsferðirnar. Þetta gerir dálítið stryk í arðsemisreikning landssjóðsfélagsins, sem fylgismenn þess ekki algerlega geta gengið fram hjá.

En það sem mér þó virðist aðalatriðið í þessu máli er, að engar nauðir knýja oss til að leggja út í jafn hættumikið fyrirtæki. Vér höfum betri samgöngur nú, en nokkru sinni áður, og enda þótt vér viljum bæta þær að einhverju og fá ferðir til Þýzkalands, þá getum vér það án þess að leggja svo mikið í hættu. Eg spurði háttv. flutnm. (B. Kr.), hvernig stæði á, að Thorefélagið hefði ekki meira hlutafé. Hann svaraði því með þeirri yfirlýsingu, að Thor Tulinius, sem ætti meiri part hlutafjárins hefði ekki viljað auka það. Hann hefir eftir því ekki viljað unna öðrum þess að gerast hluthafar, en er þó með mikilli fyrirhöfn og tilkostnaði að reyna að fá landssjóð til þess. Ekki er þetta trúlegt tal. Eg held að þm. viti ekki, hvað hann er að fara með. Það er kunnugra en frá þurfi að segja — nema háttv. flutnm. (B. Kr.) — að Tulinius hefir gert tilraun til að auka hlutaféð, en ekki getað tekist það. Eg hefi líka heyrt, að hann hafi gert sér ferð til Hamborgar í sömu erindum og það hafi farið sömu leið, en ekki skal eg fullyrða, hvort það er satt.

Þá var það eitt atriði, sem 2. þm. Húnv. (B. S.) tók fram. Hann sagði, að þótt þingið samþykti Thoretilboðið, þá væri það bara heimild fyrir landstjórnina að ganga að því, og hún gæti látið vera, ef henni þá litist það óráðlegt. Í tilefni af þessu vil eg með leyfi forseta lesa upp 11 línur úr »Þjóðviljanum«, blaði einhvers helzta mannsins í ráðherraflokknum, varaforseta sameinaðs þings. Honum farast þannig orð:

»Vér getum nú eigi annað en talið það miður viðeigandi, að nýi ráðherrann geri sér sérstakt far um að fá máli þessu framgengt á þingi, þar sem sonur hans er umboðsmaður nefnds félags, að því er til tilboðsins kemur, og á hagsmuni mikla í aðra hönd, fáist málinu framgengt á þingi, auk þess er ráðherranum er sjálfum ætlað að vera formaður í stjórn hins nýja félags, sem óefað verður allhálaunuð staða«. . . .

Þegar eg athuga þetta, og hins vegar ummæli háttv. 2. þm. Húnv. (B. S.), þá verður mér ósjálfrátt að detta í

hug, að heimildin verði vafalaust notuð, og að föður og syni muni semjast vel; málið yrði auðvitað útkljáð í »familiu«-ráði.

Hannes Hafstein: Mig furðar stórlega á því, að háttv. meðmælendur frumvarpsins skuli vera svo lítillátir að 5-menna á ekki feitari dróg, en sú getsökin er, að vér andmælendur frv. höfum tekið einhverju sérstöku ástfóstri við hið Sameinaða gufuskipafélag, og séum þess vegna frv. mótstæðir. Þetta hafa þeir étið hver upp eftir öðrum, framsögumaður (B. Kr.), þingm. Snæf. (S. G.), þm. N.-Þ. (B. Sv.), þm. Húnv. (B. S.) og 2. þingm. Rvk. (M. Bl.) og þótst miklir af. — Háttv. framsm. (B. Kr.) lagði sérstaka áherzlu á það, að við værum málssvarar eða jafnvel lífsábyrgðarfélag fyrir hið Sameinaða gufuskipafélag og var það víst svo að skilja, að fengi Sameinaða gufuskipafélagið ekki þessar 40 þús. kr. af landssjóði, sem tilboð þess fer fram á, þá væri því dauðinn vís! Mig furðar stórlega á því, að þeir herrar skuli ekki hafa þá sjálfsdómgreind, að finna það, að það sem þeir hér kenna oss um, það mætti með miklu meira rétti eða líkindum bera þeim sjálfum á brýn, þeim, sem svo ómótmælanlega eru að prókúrera fyrir hagsmunum Thore-félaginu til handa, og reyna að tryggja líf þess. Ekki förum vér andmælendur frumv. fram á fjárveitingu til neins sérstaks félags. En þeir? Þeir vilja leggja hálfa miljón króna til handa einu tilteknu félagi, og 60 þús. kr. á ári að auki gegn því, að landið fái 500 þús. kr. aktíur í — mildast talað — vafasömu fyrirtæki, sem landssjóður getur tapað stórfé á árlega, og ferðir, sem naumast verður sagt, að séu að neinu verulegu betri en þær, sem oss standa til boða fyrir 40 þús. kr. tillag á ári að eins. Það lægi vissulega nær, að við köstuðum þessum ástfósturs- og lífsábyrgðar-hnútum að þeim, en þeir að oss, en vér viljum láta aðra um að gera slíkt. Það fer að verða leiðinlegt þetta eilífa úrræði þeirra háttv. þingm., sem hér eiga hlut að máli, að reyna að gera andmælendurna tortryggilega.

Það hefir verið marg-tekið upp af hinum háttv. 5-menningum, að eg hafi vanrækt að leitast við að fá haganlegri og ódýrari samgöngur, en verið hafa, og ekkert gert til þess að bæta verzlunina; en hvað vita þeir um þetta? Þeir vaða hér elginn um það, sem þeir ekkert geta sagt um, og er það markleysa tóm.

Háttv. flutningsm. (B. Kr.) sagði í gær, að ef nú kæmi aðgengilegt tilboð. frá Sameinaða gufuskipafélaginu, þá væri það full sönnun þess, að eg hefði verið því hliðhollur, og hlíft því við að gera betra tilboð! Hlíft því! eins og eg geti skyldað félagið til að bjóða. Á hverju ári hefir félagið látið í ljósi, að það skaðist á því að þiggja íslenzka tillagið — sem varla nemur því tapi, sem oft er á einu af skipum þeirra —, gegn því, að hlíta skilyrðum þingsins, og mundi hafa miklu meiri hag eða minna tap af því að sigla við land hér án styrks og skilmála af Íslands hálfu, að eins með danska póststillaginu. Hvernig ætti eg að skylda félagið til þess að gera nokkur boð yfir höfuð? Í þetta skifti var enginn, sem bauð á móti því — og samt lánaðist að fá eins gott og hagkvæmt boð, eins og raun hefir á orðið. Hefði andkepni sú, sem nú er fram komin, verið þá, getur hugsast, að hægt hefði verið, að ná enn þá hagkvæmari kjörum. En þá þagði Tulinius, og meira en þagði, hann gerði gagnvart mér alt til þess að láta mig standa í rangri

meiningu um það, að hann ætlaði sér als ekkert að gera, að eins krefjast hækkaðrar borgunar fyrir pakkapóstinn.

Þeir 5-menningarnir eða einhverjir af þeim eru að bera blak af þessum skollaleik Tulíníusar með því, að eg hafi reynst honum svo illa áður, að ekki hafi verið von til þess, að hann treysti mér til neins. En þetta eru hrein ósannindi. Eg hef ekki vísvitandi stígið á það stráið, sem herra Tulíníusi megi miður líka, nema að því leyti, sem eg, eins og skyldan bauð, hef aðhylst það tilboð, sem var betra en hans árið 1905. Eg hef heldur ekki orðið var við það á neinn hátt, að herra Tulínius bæri til mín lakara traust en margra annara, sem nú er hátt hossað. Hann hefir verið mjög alúðlegur og mjúkmáll við mig, og eg hef reynt að gera það, sem eg hef getað fyrir félag hans, mælt oftar en einu sinni fram með því við póststjórnina dönsku um aukinn styrk, og jafnvel fengið því framgengt við innanríkisráðherrann 1907 — með miklum erfiðleikum þó —, að eg mætti ráðstafa danska póstskipatillaginu ásamt íslenzka styrknum, ef alþingi aðhyltíst tilboð frá Thore-félaginu þá, eða það gerði betri boð en hið Sameinaða gufuskipafél. En hvorugt varð. Að hann alt í einu fer að fara kringum mig, og jafnvel gefa mér skakkar hugmyndir um tilgang sinn, sýnir að eins, að honum hafa þótt aðrir líklegri en eg til þess að tefla slíkt tafl, sem hér er verið að tefla, og því séð sig þurfa að leita á annan skjá um fylgi til þessa máls, og var það ekki skakt á litið.

Það var sagt í gær af einum þingmanni hér í deildinni, að eg hefði brotið á móti fyrirmælum fjárlaganna, er eg gerði samninginn við Sameinaða gufuskipafélagið síðast, og fékk ferðirnar fyrir 10,000 kr. lægri upphæð, en veitt var í fjárlögunum. Þetta er að eins ein af hinum venjulegu illsökum, sem þessum h. þingm., er svo tamt að troða. Sannleikurinn er sá, að skilyrði fjárlaganna um bygging nýrra skipa var aðallega eða eingöngu sett fyrir því, að binda mætti landið um 8 ára tíma, og það var sjálfsögð skylda mín, að fá eins góðar ferðir og eg gat fyrir eins lítið verð, eins og eg gat, úr því hið Sameinaða gufuskipafélag neitaði að ganga að þessum skilyrðum þingsins óskorað, og als ekki vildi nein ný skip byggja þá.

Viðvíkjandi hinum fyrirheitnu breyt.-till. hins háttv. þingm. Dal. (B. J.) er ekki hægt að segja mikið um. En þó að breytt sé orðalaginu þannig, að einhver hausavíxl verði í orði kveðnu, þá er eg hræddur um það, að efnisbreytingin verði ekki svo mikil, að það geri neinn verulegan mismun. — Eftir því sem honum fórust orð, þá sé eg ekki betur, en að röddin haldi áfram að vera Jakob, þó að höndin verði Esaús, og mun hér um glímubragð eitt að ræða.

Bjarni Jónsson: Eg ætla að skýra það hvað forgönguhlutir þýða. Að svara lærdóms-spurning háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) er mjög auðvelt að svara. Auðvitað þýða forgönguhlutir það, sem hann sagði, en þeir geta þýtt fleira, því að áreiðanlegt er, að utan hins danska heims, er þetta ekki fast hugtak. Stundum er svo ákveðið, að þeir gefi 4% á undan öðrum, og síðan er aðrir hluthafar hafa fengið 4% af því, sem eftir var, aftur 2% í forgöngu og svo koll af kolli, eftir því sem um semur.

Enn er ein tízka um forgönguhluti,

að auk þessa, sem nú var talið, að þeir séu eigi skertir fyr en annað fé félagsins er þorrið. Það eru ósannindi hjá háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.), að slíkir forgönguhlutir séu einkisvirði. Það er og ósatt mál, að hér sé ætlast til þess, að landssjóður greiði skuldir Thore-félagsins. Enda er það óhugsandi, að þessi háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) trúi því um nokkurn þingmann, að hann mundi ljá fylgi sitt til slíkra hluta. Hlýtur þingmaðurinn því að vera spánskur þingmaður. -- En það er svo kalt kattar-gaman, að enginn þingmaður ætti að leyfa sér slíkt.

Fleira var það í ræðu háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.), er vert væri að minnast á, en alþm. er nú dauður og gamall málsháttur segir: »Nil mortuis nisi bene« og mun eg því ekki eltast við illyrði hans, enda er mér fjarri að verða keppinautur þeirra, er á náinn leggjast. En um þessa forgönguhluti er það sannast sagt, að þeir eru með því móti, er eg nefndi síðast, og má eigi snerta þá fyr en þorrið er arðfé félagsins.

Það er tekið skýrt fram af umboðsmanni þessa félags, að þessir hlutir verði ekki snertir, fyr en annað fé er þrotið, og fái trygða 4%. Eg nenni ekki að svara munnskálpum þessa dauða manns, sem sí og æ gegnir fram í, en það eitt get eg sagt honum, að útúrsnúningar eru hér árangurslausir, því að eg hefi fyrir mér skýlausa yfirlýsingu mannsins, og getur hver spurt hann um það sem vill. Eg gat þess áðan í hverju breytingarnar væru fólgnar. En frekari skýringar mun eg láta bíða næstu umr., því eg hef afhent nefndinni allar breytingartillögurnar, og mun hún leggja þær fram við 2. umr. þessa máls. Að kaupa hluti í Thorefélaginu, það er að eins ritvilla, því að engum hefir komið slíkt til hugar.

Einhver gat þess til út af minni fyrri ræðu, að ekki færi alt af saman ættjarðarást og hagnaður kaupmanna landsins. Eg tók það fram, að kaupmenn mundu vera svo hygnir menn, að þótt það gæti verið stundarhagnaður að skifta við keppinaut Thorefélagsins, eða réttara sagt, eins og það nú er nefnt, »Eimskipafélag Íslands«, þá mundi það ekki verða að staðaldri; einungis á meðan það væri að komast í fastar skorður eða ná öruggri fótfestu, mundi keppinauturinn ná sér niðri. Þetta hugði eg að íslenzkir kaupmenn mundu sjá, og á þeirri glöggskygni þeirra byggði eg, en ekki eingöngu á ættjarðarást þeirra. Það er því engin ástæða að óttast það, að landsútgerðin yrði undir í samkepninni. Aðalatriðið er að taka útgerð þessa í sínar eigin hendur, því með því má breyta leiðum verzlunarinnar. Þá má koma á beinum ferðum milli Reykjavíkur og Hamborgar, svo sem eðlilegast er. En á meðan samið er við dönsk félög, verður sem fyr, að þýzkar vörur verða að fara krókaleið til Hafnar, eða þá mæta afgangi í Leith. Er það alkunnugt, að skip Sameinaða félagsins hafa tekið fullan farm í Höfn og látið vörur í Skotlandi mæta afgangi, þótt þau hafi vitað af þeim fyrir fram. Mun hér fara sem annars staðar, að sjálfstæði þessa eylands er ekki fyr borgið, en það hefir samgöngur á sjó í sinni eigin hendi.

Sami háttv. þm. (J. Ó.) lagði ríka áherzlu á það, að slík útgerð væri miklu dýrari og áhættumeiri, en ef félaginu væri veittur styrkur til ferðanna.

Hinum háttv. þm. sást þar yfir aðalatriði málsins, en hann hengdi hatt

sinn á ýms smáatriði; færði heldur engar sönnur á mál sitt. Hann talaði þar af sínu viti, og var framburður hans spádómur og ekki annað. En það er gömul og gild regla, að ástæðulausar fullyrðingar þurfi ekki að hrekja með ástæðum. Þess þarf því ekki hér.

Eg hefi að vísu ekki neinar tölur til að tjalda hér, en þá reynslu höfum vér þó, að betra er að ráða sjálfur einhverju fyrirtæki, en styrkja það með fjárupphæð, er nemur meira en vöxtum af kaupupphæðinni (1/2 milj. kr.). Þetta mætti reikna út — hinn háttv. þm. gæti það sjálfsagt líka.

Hins vegar veit eg ekki, hvað söluhvatir Thorefélagsins koma oss við; hér er í rauninni ekki verið að tala um neitt Thorefélag — það er að eins fyrirtæki, er það getur gerst hluthafi í. (*Hannes Hafstein:* Hver segir það?) Hver segir það, sem eg er að segja — var hinn háttv. þm. að spyrja að því? Eg skil ekki vel þessa spurningu; vil því biðja hinn háttv. þm. að koma mér í réttan skilning. — Jæja, úr því að hann svarar engu til þessa, þá get eg leitt hjá mér að svara spurningu hans.

Nei, söluhvatir þessa félags koma oss ekkert við, efnahagur þess heldur ekki; vér tökumst enga skuldbinding á hendur gagnvart félaginu. Þetta félag hefir að eins beðist eftir þeim forgöngurétti að mega hafa 300 þús. kr. af þeim 800 þús. kr. hlutum, er hið nýja félag á að hafa, en vér getum fengið 500 þús. kr. hluti. Hitt hefir vakað fyrir mönnum, að hið nýja félag mundi kaupa skipastól »Thore«, ef það gengi í félagið.

Þetta mun nú vera viðsjárverðasta atriðið, og eg skal játa, að þótt eg nú treystist ekki til að gera þær umbætur á þessu ákvæði, er nauðsynlegar væru, þá mun eg koma fram með breyt.till. í þá átt við 2. umræðu, ef nefndin gerir það ekki; þessu get eg lýst yfir. Eg hafði búist við skýrari ákvæðum í þessu efni af hálfu nefndarinnar, en mun nú, eins og eg hefi sagt, koma að þeim breytingum við 2. umr., er þurfa þykir.

Háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) komst svo að orði um tillögu mína, að hún væri ekkert annað en leikur. Eg get engan veginn fallist á þessi ummæli hins háttv. þm., en það skal eg játa, að skipakaupa atriðið er varlegt; það ríður auðvitað mikið á að búa þar svo vel um hnútana, að landssjóður bíði engan hnekki.

Og eg get tekið undir það með háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.), ef þetta frumv. nær ekki fram að ganga, þá mun eg leggja til, að stofnað verði nýtt félag, og megi þar hver eiga hlut í, er vill og getur. Og þá vænti eg þess, að h. háttv. þm. hjálpi mér til að bera slíkt frumv. fram til sigurs, — að við getum þá orðið fyllilega samtaka.

Einar Jónsson: Það er nú búið að ræða þetta mál svo mikið og svo rækilega, að það er ekki þörf að snúa sér frekar að einstökum atriðum, en þegar hefir verið gert. En eg hefi orðið þess var, að háttv. þm. hafa hallast mikið fremur að einstökum mönnum en málefninu sjálfu; mér hlýtur því, af sömu ástæðu, einnig að vera heimilt að fara út í slík atriði.

Fyrsta atr. er um Samein. gufuskipafél. og samgöngurnar. Háttv. frsm. meiri hlutans (B. Kr.) sagði í gær, að samgöngur þær, er Sam. félagið byði, væru verri nú en áður.

Eg get nú ekki skilið á hverju hinn háttv. þm. byggir þessi ummæli sín, því að það er þó vitanlegt, að ferðir þessa félags eru fleiri nú en undanfarið, 25 í stað 22. Auk þess gefur fé-

lagið kost á að Botnía komi í stað Lauru eða Vestu, sem álitin eru lökust af skipum hins Sameinaða, en Botnía hraðskreitt og í alla staði gott skip, og það sem mest er um vert, skip með kælirúmi.

Þetta virðist óneitanlega betra en verið hefir; það er því algerlega órétt-mætt að kasta því fram, að samgöngurnar séu nú verri en áður.

Eg get nú búist við, að ýmsir h. þm., t. d. háttv. þm. Snæf. (S. G.) kalli þetta blinda ást á félaginu. En eg get lýst því yfir, að eg hefi ekki tekið neinu ástfóstri við Sam. fél. fremur en við Thorefélagið, jafnvel þótt eg sé mótfallinn því tilboði, er nú liggur fyrir. Þetta ástarhjal hins háttv. þm. Snæf. (S. G.) er því algerlega úr lausu lofti gripið og hlýtur að detta um sjálft sig.

Hinn háttv. 2. þm. Rvk. (M. B.) fór um það mörgum orðum í gær, að framkoma umboðsmanns Sameinaða félagsins væri alveg óforsvaranleg.

Háttv. framsögum. minni hl. (J. J.) hefir sýnt ljóslega fram á, hvernig þessu öllu er háttað; eg þarf því ekki að skýra það betur, en eg vil taka undir þau orð hins háttv. framsm. (J. J.) að ef fulltrúinn hefir ekki gert alt sem í hans valdi stóð í þessu efni, þá á nefndin sök á því en ekki hann. Og það var alveg rétt, sem h. 2. þm. N.-Múl. (J. J.) sagði, að nefndin hefði kallað þennan mann einu sinni á fund sinn, og hefði látið í veðri vaka, að hún mundi boða hann á sinn fund síðar, ef þörf gerðist. En til þess kom þó aldrei, og þá var sannarlega eðlilegt, að maðurinn gerði ekki meira en hann gerði.

Þar sem hinu háttv. framsm. minni hl. (J. J.) fekk að heyra það í orðahnippingum, að hann hefði ekki verið sem bezt fyrirkallaður og því lítið starfað í nefndinni, þá þarf eg nú að vísu ekki að taka þar upp þykkju fyrir hans hönd, en mér finst skylt að taka það fram, að hann var alt af eins vel fyrirkallaður og unt var, enda er það mín sannfæring, að einmitt hann hafi mest gagn unnið í nefndinni. Má vera, að áður nefnd ummæli um h. framsögum. minni hl. (J. J.) séu sprottin af því, að hann stefndi í rétta átt, að hann hafði landssjóðs gagn fyrir augum, en fór í engu á bak við það sem rétt var.

Þá hafa fallið nokkur smá-hnífilyrði frá ýmsum háttv. þm. til hnjóðs Sameinaða félaginu t. d. þar sem h. framsögum. meiri hl. (B. Kr.) var að tala um stelsýki félagsins. Þótt h. þingmönnum kunni nú að þykja hér nokkuð djúpt tekið í árinni, þá leyfi eg mér að halda því fast fram, að eg hefi ekki farið með rangt mál í þessu efni. Ef sagt væri, að stolið hafi verið úr einhverju húsi — og enginn hefði gengið um það, annar en húsráðandi sjálfur, þá er þar með ótvírætt gefið í skyn, að hann sé valdur að þjófnaðinum.

Getur vel verið, að eitthvað sé hæft í þessum ummælum, mér er ókunnugt um það, en slík orð eru ekki til annars en að gera lítið úr manni eða félagi, sem ekki getur borið hönd fyrir höfuð sér.

Undarlegast af öllu er þó það atriði, er hinn háttv. þm. Dal. (B. J.) mintist á áðan; hann sagði, að fyrirsögn frumv. væri ekki annað en skrifvilla. Mér þykir leitt, að hinn háttv. þm. er ekki viðstaddur hér í þingsalnum nú, að hann mætti heyra orð mín. Þar sem tekið er fram, að eigi að kaupa skip af Thorefélaginu, þá segir háttv. þm. að slíkt hafi engum komið til hugar! Um hvað er þá alt af verið að tala, bæði í gær og í dag?

Úr því að þessu er þannig háttað, þá vil eg gera það að tillögu minni, að umr. sé nú þegar lokið um þetta mál — þar sem verið er með það á

prjónunum, sem ekki á þó að gera, sem ekki er annað en vitleysa!

Framsögumaður meiri hlutans (Björn Kristjánssnn): Umræður eru nú orðnar nokkuð langar um þetta mál, en þó verð eg að segja nokkur orð enn, aðallega til að andmæla ýmsum rangfærslum háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.).

Ásamt öðrum afturgöngum hins hv. þm. var sú ein, að hann vissi ekki hvað meint væri með forréttindahlutum í þessu sambandi. Eg var þó búinn að skýra það atriði við framsögu þessa máls, og háttv. þm. Dal. (B. J.) tók það réttilega fram, að hér væri bygt á skýrum samningum. *Jón Ólafsson:* Það er ekki samningur). Jú, Það er einmitt samningur, sem hér liggur fyrir, og skal eg með leyfi hæstv. forseta lesa upp kafla úr samgöngutilboði Thorefélagsins. Þá vona eg, að háttv. 2. þm. S.-Múl. (J, Ó.) sannfærist um, að eg fer með rétt mál — en hinn háttv. þm. vill víst ekki heyra neitt, sem satt er.

Kaflinn, sem eg nefndi, hljóðar svo:

»Með því að ætlast er til þess, að »hlutabréf landssjóðs verði forréttinda»hlutabréf, er þar með dregið svo úr »áhættunni, sem frekast má verða, því »ekki má greiða hinum hluthöfunum »nokkurn arð fyr en landssjóður hefir »fengið 4% af fé því, sem hann leggur »i fyrirtækið; og skyldi svo fara, að »tap yrði á félaginu, verður engu eytt »af fé landssjóðs, fyr en búið er að »eyða þeim 300,000 kr., sem hinir hlut»hafarnir leggja í félagið«.

Skilur hinn háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) nú? *(Jón Ólafsson:* Þetta er »prokura« en ekki samningur). Þetta er samningur, sem er undirskrifaður af félaginu. Þar við bætist svo, að eg bauð þm. í gær að koma fram með breyt.till. á þessu atriði; það er því alsendis óþarft að gera sér neitt far um að snúa út úr þessu lengur. — Þá tilfærði hinn háttv. sami þm. það sem sönnur á sitt mál, að Grundejerbanken hefði sýnt glæsilegan »status«, en þó farið á höfuðið eftir viku. Hinn háttv. þm. vill þá víst ráða öllum, sem fást við verzlun í heiminum til að hætta allri verzlun og verzlunarfélagsskap, úr því að ein stofnun hefir gefið upp rangar skýrslur. Er ekki svo?

Þá lagði sami háttv. þm. ásamt fleirum mikla áherzlu á það, að eg hefði samið ferðaáætlun. En það var ekki eg einn, sem samdi þessa áætlun, heldur öll nefndin í félagi, og gerði hún það til þess að sjá, hvernig ferðirnar gætu litið út eftir Thoretilboðinu. Það var als ekki aðal-augnamiðið að slá því föstu, hvernig ferðirnar ættu að vera ákveðnar í fullnaðaráætlun, og ekki til þess ætlast, að þetta áætlunaruppkast komi nú fyrir þing, heldur átti hún að eins að vera til þess, að nefndin gæti glöggvað sig á notagildi tilboðsins. Og þó að áætlun þessi hefði komið fyrir þingið, þá verða menn vel að gæta að því, að nefndin hafði ekki gert neina áætlun um aukaskip, sem á að fara 5 ferðir; hafði nefndin það einmitt bak við eyrað, að það skyldi notast í byrjun til ferðanna milli Hamborgar og Íslands, með því að nægilegt gæti verið í bráðina að hafa til þess skip, er færi 3—5 ferðir. Þetta vissi háttv. 2. þm. S.-Múl. (J.Ó.) ekki og gat honum því yfirsést þar.

Annars hafa hinar mörgu endurtekningar hins háttv. þm. verið marghraktar. En þar sem hann gat þess, að 20 ára gömul skip eða skipsvélar svari ekki til kröfu nútímans, þá er auðvitað hægt að fallast á það, að betra væri að skipin væru ný. En heldur hinn háttv. þm., að Sameinaða gufuskipafélagið mundi bjóða kolasparari skip, en Thorefélagið gerir? *(Jón Ól-*

afsson: Eg er ekki að tala um að kaupa skip). Hver borgar kolaeyðslu »Vestu« og »Ceres«? Það gerir Ísland; það borgar það sem þau skip eyða meira af kolum en »Sterling«. Að öðrum kosti gætu ferðir hins Sameinaða hér við land ekki borgað sig.

Það er alveg rétt, að bezt væri að eiga ný skip, en þá verður fjárframlagið að vera meira. Íslendingar hafa keypt gömul ensk fiskveiðaskip (kuttera) fyrir 10—12 þús. kr., af því að þeir hafa ekki ráð á að borga 30 þús., sem þau kosta ný.

Landið verður að fara alveg eins að eins og einstaklingurinn, það verður einnig að sníða sér stakk eftir vexti.

Þá vil eg leyfa mér að svara nokkrum orðum háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.); hann gat þess, að við hefðum ásakað sig fyrir að hafa ekki hugsað rækilega um tilboð um skipaferðir. Mér skildist á orðum hins háttv. þm., að hann hefði seinast þegar hann var á ferð í í Danmörku, fengið tilboð frá Sameinaða félaginu. *(Hannes Hafstein:* Seinustu áætlun). En það sýnir, að hann hefir sáralitið hugsað um það mál fyrir þing, ekki fyr en á síðasta augnabliki. Og auðvitað hefir hann ekki gert sér mikið ómak fyrir að búa til keppinaut á móti því Sameinaða. Undanfarandi reynsla gefur ekki tilefni til að óttast það.

Hinn háttv. þm. hefir ekki getið um, að hann hafi boðið Thorefélaginu að gera tilboð, þrátt fyrir það, að hann hefir lýst yfir því, að Tulinius væri mjög lipur maður — samt hefir hann ekki getað beðið hann að gera tilboð *(Hannes Hafstein:* Eg sagðist hafa gert það!) Það hefir víst legið í því, hvernig meðferð Tulinius hafði sætt áður af þingi og stjórn. En það sýnir ótvíræðlega lipurð Tuliniusar, að hann gat reynst lipur, þrátt fyrir þá meðferð.

Hinn háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) tók það einnig fram, að réttast væri að stofna innlent hlutafélag, en hinn hv. þm. veit, að ef slíku fyrirtæki verður frestað, þangað til landsmenn hafa efni á því, þá er það mál úr sögunni um langan, langan aldur.

Það hefir verið reynt að fá 60 þús. til gufubátskaupa, en það hefir enn ekki tekist. Og þegar það hefir reynst jafnörðugt, hvernig ættu Íslendingar þá að leggja fram 850 þús. kr. til skipaferða eða meira?

Háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) var að tala um það í gær, að vér sem fylgdum þessu máli vildum mynda »monopol« og jafnvel stuðla til þess, að einstakir menn væru skattlagðir til þess að það gæti haldist við. Það er nú sannarlega undarlegt að heyra þetta frá þessum þm., sem einmitt sjálfur stofnaði hér »monopol« með ritsímalögunum, og þar er líka gert ráð fyrir, að einstakir menn verði skattlagðir. Þannig verður ritsímafélagið í Reykjavík, sem er privatfélag, að borga 6 kr. skatt til landssjóðs af hverju talsímasambandi í bænum. Er það ekki »monopol«? Hvers vegna hefir þm. á móti því, að myndað sé »monopol« með samgöngur? Hér er nú auðvitað ekki verið að gera ráð fyrir nokkurri einokun eða »monopol«, heldur var að eins bent á það í gær, að löggjafarvaldið gæti stutt að því, að skipin hefðu nægilegan flutning og gæti stutt félagið móti strákslegri samkepni, ef til kæmi.

Í einni af ræðum sínum tók sami þm. það fram, að eg hefði sagt, að hann hefði brotið lög seinasta alþingis. Það er rétt, eg sagði að hann hefði orðið að brjóta fjárlögin, vegna þess að það Sameinaða hefði ekki staðið við loforð sín. Til þess að sanna, að þetta sé ekkert skrök, sem eg fer með, vil

eg með leyfi hæstv. forseta leyfa mér að lesa upp úr fjárlögunum fyrir 1907, það sem að þessu lítur. Þar stendur:

»Stjórninni veitist heimild til þess að gera samning um gufuskipaferðirnar, er gildi alt að 8 árum, að því tilskildu: — — — — — — —

Að tvö af millilandaskipunum að minsta kosti séu ný, fullnægi kröfum tímans sem farþegaskip, hafi stór kælirúm fyrir flutning á kjöti, fiski og smjöri og séu miklum mun stærri og auk þess hraðskreiðari en »Vesta« og »Laura««.

Eg veit nú ekki til að háttv. þm. hafi samið svo um sem hér er áskilið. *(Hannes Hafstein:* Gæti svarað þessu ef eg væri ekki »dauður«). Eg sagði auðvitað í gær, að hann hefði ekki getað annað en brotið fjárlögin í þessu efni, af því hið Sameinaða hefði ekki haldið orð sín við hann. Og annaðhvort hlýtur hið Sameinaða að hafa svikið hann eða þingið, eða fyrverandi ráðherra hefir skrökvað að þinginu, boðið því í nafni félagsins betri boð en félagið sjálft hafði samþykt, til þess í svipinn að geta bægt Thorefélagstilboðinu frá. Hvorttveggja getur verið jafnlíklegt.

Eg vil að endingu taka fram, að þrátt fyrir allar umr. um þetta mál, hefir enginn andmælandi svarað niðurlagsákvæðunum í fyrstu ræðu minni, þeim:

1. að engin önnur leið er til þess að beina samgöngunum í þá átt, sem haganlegast og arðvænlegast er fyrir Ísland.
2. að með engu öðru móti er nú leið til þess að tryggja landinu kælirúm í millilandaskipunum.
3. að engin önnur leið er til þess að tryggja landið fyrir útlendu einveldi (monopol) yfir fragt fyrir vörur, sem flytjast til Íslands og frá því.
4. að engin önnur leið er til þess að gera stórkaupmönnum mögulegt að setja sig niður hér á landi.
5. að engin önnur leið er til þess að veikja lífsábyrgðarfélög hins útlenda valds hér á landi.
6. að engin önnur leið er til þess að spara Íslandi minst $^1/_2$ miljón kr. óbeinan skatt af þýzkri verzlun, sem nú gengur til Dana og
7. að eini vegurinn til að finna lykilinn að sjálfstæði landsins er að Ísland fái yfirráðin yfir samgöngunum.

Hannes Hafstein: Háttv. 1. þm. G. K. (Bj. Kr.) gat þess ekki að jafnframt því, sem byggja átti 2 ný skip, var það gert að skilyrði frá þingsins hálfu að fargjöld og farmgjöld mættu ekki hækka frá því sem nú er; þetta kvaðst Sameinaða félagið aldrei hafa samþykt, að því er hin nýju skip snerti, og það er rétt, að það stóð ekkert um það í tilboðinu. Þegar til samninganna kom sagði félagsstjórnin, að það gæti ekki borið sig að byggja tvö skip, svo vönduð og dýr, eins og þessi áttu að vera — fyrir 8—9 hundruð þúsunda hvort, ef farm- eða fargjöld hækkuðu ekki. Þegar af þeirri ástæðu kváðust þeir ekki geta gengið að skilyrðum þingsins um bygging hinna nýju skipa.

Björn Kristjánsson: Ef svo er, sem háttv. 1. þm Eyf. (H. H.) segir, þá verður ekki hægt að álykta annað en að hann hafi skýrt seinasta þingi rangt frá, því að það var hans meiri hluti, sem samþ. þetta og réð öllu í þessum efnum.

Jón Jónsson (S.-Múl.): Hvorugt af því, sem háttv. framsögum. hefir sagt, er rétt, hvorki að ráðherra skýrði þinginu rangt frá tilboði gufuskipafélagsins 1907, né heldur að félagið sviki loforð

sin. Það kom ákveðið tilboð frá Sameinaða félaginu til þingsins og þingið leyfði sér að gera mjög verulegar breytingar frá því í skilyrðum þeim fyrir fjárveitingunni, er sett voru í fjárlögin Breytingar þessar gerði þingið auðvitað í þeirri von, að þær yrðu svo sþ. af því Sameinaða þegar til kæmi. En eins og kunnugt er, gekk félagið ekki að skilyrðum þingsins; enda var að sjálfsögðu laust allra mála, þar sem ekki var gengið að tilboði þess. Það er því ómögulegt að tala um nokkur svik af hálfu hins Sameinaða í þessu efni. Það er heldur ekki rétt, að þáverandi ráðherra hafi skýrt þinginu rangt frá, þar sem hann hafði í höndum skriflegt mjög greinilegt tilboð frá félaginu, sem ekki þurfti neinna skýringa við.

Úr því eg stóð upp, þá vildi eg nota tækifærið til þess að gera örstutta athugasemd við það, sem háttv. frsm. sagði í framsögu málsins í gær, þegar hann var að tala um, að einn annmarkinn við samgöngur vorar væri sá að geta ekki fengið beinar ferðir milli Þýzkalands og Íslands. Hann reiknaði, að sá skaði, sem leiddi af því að flytja vörurnar yfir Danmörku og kaupa þær þaðan, næmi að minsta kosti ½ milj. kr. árlega. Hann kom aftur að þessu atriði í dag og vitnaði þá til þessara talna og enn kom hann með það sama nú, rétt áður en hann settist niður. Eg skal nú játa, að eg tók ekki eftir, hvernig hann komst að þessari niðurstöðu, en eg get samt fullyrt, að þessi reikningur hans nær engri átt, vegna þess að hægt er að fá vörur frá Þýzkalandi án danskra milligöngumanna, og eg veit, að háttv. þm. og fleiri kaupmenn hér á landi hafa gert það. Aukakostnaðurinn verður þá að eins sá munur, sem verður á flutningskostnaðinum, ef varan er flutt yfir Danmörk en ekki beina leið til Íslands. En eg er þess fullviss, að h. flutnm. getur ekki haldið því fram, ef hann hugsar sig um, að sá kostnaður nemi nándar nærri ½ miljón kr. Allir geta sagt sér sjálfir, að það nær engri átt.

Framsögumaður meiri hlutans (Björn Kristjánsson): Þegar tilboð frá Sameinaða gufuskipafélaginu lá seinast fyrir þinginu, þá var það skrifað tilboð eins og nú. Það sendi þá einnig umboðsmann (*Jón Jónsson* S.-M.: Það sendi engan umboðsmann 1907) og hann hafði auðvitað umboð til þess að gera breytingar við það og semja um ný atriði.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. með 14 : 9 atkv.

Önnur umr., 26. apríl. (A. 546, n. 577, 632).

Framsögumaður meiri hlutans (Björn Kristjánsson): Nefndin hefir íhugað þetta mál rækilega, og komið með talsverðar breyt.till. Eins og háttv. þm. Dal. (B. J.) tók fram í ræðu sinni, þá er breytingin við 1. gr. þannig, að fyrirsögn frumv. orðast svo: Frumv. til laga um heimild fyrir stjórnina til þess að stofna hlutafélag til að annast eimskipaferðir landsins og taka til þess lán alt að 500 þús. kr. Hlutafé félagsins sé minst 800 þús. kr., en fari eigi fram úr 900 þúsund krónum. Hlutir landssjóðs skulu vera forgönguhlutir, sem gefa 4% á undan öðrum, og eigi má skerða fyr en þorrið er annað fé félagsins. Núverandi hluthöfum Thorefélagsins gefst kostur á, að hafa forkaupsrétt að almennu hlutunum 300 þús. kr. Félagið skal minst hafa 4 skip hentug til millilandaferða, og tvo strandferðabáta. Kælirúm skulu vera í ekki færri en tveimur hinna fyr-

nefndu skipa. Landssjóður á heimild til að kaupa almennu hlutina fyrir ákvæðisverð hvenær sem er. Í lögum félagsins skulu vera öll þau ákvæði, sem nauðsynleg eru til þess að tryggja rétt landssjóðs um forgönguhlutina.

2. gr. Félagið heitir Eimskipafélag Íslands og á heimilisfang og varnarþing á Íslandi. Landssjóður á að hafa forgangsrétt að arði félagsins. Stjórnina skipa 7 menn, eins og í frumv. upphaflega, 3 menn, er þingið kýs, og sé ráðherra Íslands oddamaður. Auk þess kýs alþingi 3 menn til að fara með atkvæði landssjóðs á aðal-fundum. Þessa 3 menn kýs alþingi með hlutfallskosningu. Stjórn félagsins á að annast öll skipakaup. — Hér er því allmikil formbreyting gerð. Landsstjórninni ætlað að stofna nýtt hlutafélag í staðinn fyrir að taka þátt í öðru stofnuðu félagi. Samkvæmt því verður fyrirtækið alveg innlent, þó notast sé í bili við styrk útlendra hluthafa. — Það ætti því að hverfa sú ástæða hins háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.), að við séum að taka að oss skuldir Thorefélagsins; auðvitað var hún framfærð út í bláinn, því þó landssjóður að sínu leyti hefði tekið að sér veðskuldir þær, sem á skipunum hvíldi, þá var eins gott að gera það eins og að taka lán annarsstaðar til skipakaupanna. — Síðasta grein er að efni til, eins og áður, að eins orða-breyting. Efni þessa breytta frumv. er því í stuttu máli það, að landssjóður stofnar hlutafélag og tekur Thore-félagið upp í það.

Vona eg að frumv. í þessari mynd verði aðgengilegra en áður fyrir þá, sem hafa haft svo mikinn ótta fyrir því, að þetta fyrirtæki væri glæfraráð, glæfrar að ganga inn í Thore-félagið.

Jón Ólafsson: Eg ætla ekki að fara langt út í þetta mál; það er orðið svo þaulrætt, að eg finn enga ástæðu til að ræða það mikið frekar. Eg ætlaði að eins með fáum orðum að minnast á breyt.till. lítið eitt. Í 1. lið er óliðlega að orði komist. Hver semur lög félagsins? Eins og stendur er því engin trygging fyrir því, að landssjóður hafi atkvæðisrétt, þótt hann hafi sína fjóra menn. Með þessu er engin trygging gegn því, að hinir hluthafarnir, sem hafa hluti dreifða, geti borið umboðsmenn landssjóðs ofurliða. Það er nefnilega al-títt, þótt vitlaust sé, að láta ekki atkvæði fylgja hverjum hlut, heldur ákveða, að enginn einn hluthafi megi hafa meira en tiltekna tölu atkvæða (t. d. 5 eða 10), hversu marga hluti, sem hann á. En að þeir, sem færri hluti eiga, hafi atkvæði fyrir hvern hlut. Hlutir Thore-félagsins geta vel verið dreifðir á margar hendur, svo að þeir hluthafar ráði lögum og lofum, beri landssjóð alveg ofurliða. — Að ráðherrann starfar að þessu launalaust, það er til bóta. En að öðru leyti er frumv. ekki hót betra en áður, og »endurbótin« er að eins blekking ein og falskar orðagyllingar á frumv.

Framsögumaður meiri hlutans (Björn Kristjánsson): Háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) segir, að frumv. þetta sé óábyggilegt, og tryggi ekki landssjóðinn nægilega. Engin trygging segir hann að sé fyrir því, að eign landssjóðs verði forréttinda hlutir. Þó stendur þessi málsgrein í frumvarpinu: »Hlutir landssjóðs skulu vera forgönguhlutir, sem gefa 4% á undan öðrum, og eigi má skerða fyr en þorrið er annað fé félagsins«.

Annað hvort hlýtur hinn háttv. þm. S.-Múl. (J. Ó.) að vera mjög skilningssljór eða að hann hefir óvenjulega

mikið áræði til þess að segja hlutina öðru vísi en þeir eru.

Eggert Pálsson: Eg býst við, að sumir kunni að líta svo á, að sveitamenn séu ekki svo vel að sér í viðskiftafræði, að þeim farist að tala í slíku máli sem þessu. En með því að málinu er svo háttað, að vér sveitamenn, sem sitjum hér á þingi, verðum að greiða atkvæði um það, þótt þekking vor nái skamt í viðskiftafræði, þá finst mér eg vera knúður til þess að láta álit mitt í ljósi, áður en til atkvæða kemur.

Það, sem sérstaklega kemur mér til að taka til máls eru orð háttv. framsögum. meiri hlutans (B. Kr.) við 1. umr. Hann sagði meðal annars, að það væri tilgangur þessa frumv. að gera það kleyft, að flytja utan og koma á markaðinn afurðum landsins, sem nýjustum, hvort sem væru afurðir sjávarútvegs eða landbúnaðar. Þess vegna skoraði hann beinlínis á fulltrúa landbúnaðarins hér á þingi að styðja þetta mál. Eg skal játa, að það væri mikilsvert spor, ef hægt væri að koma afurðum landsins þannig á markaðinn og mundi verða til þess, að þær hækkuðu í verði. En þrátt fyrir það get eg hvorki aðhylst frumv. í því formi, sem það er nú í, né heldur breyt.till. á þingskj. 632. Því að þótt munurinn á frumv. og breyt.till. sé mikill á pappírnum, þá er hugsunin sú sama; asninn er hér sem annarsstaðar auðþektur á eyrunum, þótt hann hafi haft hamskifti. Munurinn er sá, að með breyt.till. er stjórninni veitt heimild til að kaupa þau skip, sem henni sýnist, en með frv. er henni falið að semja við Thore-félagið. Nú munu allir ráða í það, hvernig stjórnin muni líta á þessa heimild, og því getur engum dulist, að munurinn er enginn nema á pappírnum. Eg skal þó ekki neita því, að ef frumv. hefði í öndverðu komið fram í þessari mynd, hefðu ef til vill eg og aðrir fáfróðir menn á viðskiftafræði, fremur ginst til þess, að verða því fylgjandi, en nú er öllum vorkunnarlaust að sjá við lekanum.

Eg skal nú taka fram ástæður þær, sem sérstaklega eru því valdandi, að eg get ekki greitt þessu frv. atkvæði mitt. Þær eru: 1., sé eg ekki, að nauðsynlegt sé að taka þessu tilboði Thore-félagsins til að koma í framkvæmd hugmynd hins háttv. framsm. (B. Kr.) um að flytja afurðir landsins nýjar á útlendan markað; 2., dylst mér ekki áhættan, sem í þessu er fólgin fyrir landssjóð.

Viðvíkjandi fyrra atriðinu, þá skal eg geta þess, að það er því síður ástæða til að mynda nýtt félag til þess að fá 1—2 skip með kælirúmi, þar sem full ástæða er til að ætla, eins og líka er gefið í skyn í nefndarálitinu, að Sameinaða félagið muni gefa kost á Botníu til ferðanna þannig útbúinni. Eg skal í þessu sambandi taka það fram, að mér er alveg sama við hvert félag samið er, og tek als ekki til mín orð hins háttv. framsm. (B. Kr.) um það, að svo líti út, sem Sameinaða félagið eigi sér eins konar lífsábyrgðarfélag á þessu þingi. Annars eru þau orð hins háttv. framsm. (B. Kr.) fullkomlega tvíeggjað sverð, og gætu gefið mönnum tilefni til þess, og það ef til vill með meira rétti, að snúa þeim upp á vini þessa frumv. og segja, að þeir væru í lífsábyrgðarfélagi fyrir Thore.

Þá kem eg að hinu atriðinu; áhættunni. Það er kunnugt um kaupmenn, þegar illa gengur, að þá reyna þeir að mynda stór félög og selja hluti sína. Eg skal ekkert segja um það, hvort hagur Thorefélagsins stendur

með blóma; mér er það ekki kunnugt. En það er ekki að undra, þótt bæði mér og öðrum hrjósi hugur við *slíku spori*. Það hefir að vísu mátt heyra þau meðmæli með frumv., að tilboðið sé sprottið af eintómri föðurlandsást. En eg ímynda mér, að ekki séu margir Íslendingar þeir, er að félaginu standa. Að vísu er forstöðumaður félagsins Íslendingur; en þótt hann sé mikill ættjarðarvinur, sem eg hefi enga ástæðu til að rengja, þá er ekki víst, að eigin hagsmunir sjálfs hans lúti í lægra haldi fyrir ættjarðarástinni svo mjög, að hann gefi ættjörðu sinni stórgjafir, og er hann óskemdur af mínum orðum þó. En þar að auki er þess að gæta, að hann er ekki einn eigandi félagsins, og verður sem forstöðumaður fyrst og fremst að gæta þess, að hlutur félagsmanna sé ekki fyrir borð borinn. Enda hefir mér virst á ummælum sumra meðhaldsmanna frumv., að þeir væru ekki als kostar ósmeikir um, að hagur félagssins væri ekki sem beztur. Skal eg í því efni skírskota til orða hins gætna manns, hv. þm. Snæf. (S. G.). Hann gat þess, að ef vér höfnuðum þessu frv. nú, væri sennilegt, að oss væri einskis annars kostur í framtíðinni en að semja við Sameinaða félagið. Með þessu virðist mér hann gefa óbeinlínis í skyn, að Thorefélagið, sem slíkt, sé feigt, að það muni hætta að starfa innan skams, með öðrum orðum, að hagur þess sé ekki sem beztur.

Háttv. framsm. (B. Kr.), sem er ósmeikari að taka tilboði félagsins, lagði mikið upp úr því, að herra Tulinius væri dugnaðarmaður, og að hann yrði sennilega formaður félagsins. En þótt sá maður sé duglegur, þá er hann þó dauðlegur, og ekki er víst, hversu hans nýtur lengi. En hver tekur þá við? Mér mun verða svarað því, að völ muni þá verða á öðrum dugnaðarmönnum. En hver getur fullyrt, að þeirra manna sé völ, sem þessu starfi séu vaxnir? Því ef alt er komið undir þessum eina manni nú, þá er hætt við, að svo verði einnig í framtíðinni.

Háttv. framsm. (B. Kr.) sagði, að landssjóður mundi draga sig í hlé, ef útgerðin borgaði sig ekki. Eg skal játa það, að þótt hér sé um að ræða mikið fé eftir vorum mælikvarða, þá mundi landssjóður standast nokkurn veginn, þótt hann tapaði því. En ef nokkuð bjátaði á, mundi landssjóður missa meira, því að við svona löguð fyrirtæki hætta menn ekki í lengstu lög, heldur reyna til að láta þau ganga ár eftir ár, þótt illa beri sig, í þeirri von að rétta þá og þegar við haginn aftur. Af þessum ástæðum get eg hvorki greitt atkvæði með frumv. óbreyttu né breyt.till. á þgskj. 632.

Einar Jónsson: Þegar eg lít á þessar breyt.till., dettur mér í hug köttúrinn, sem hleypur hringum heitan graut. Það var mikið gumað af því af háttv. þm. Dal. (B. J.), að hér væri ekki að ræða um Thorefélagið, heldur nýtt félag. En tilfellið er, að engum, sem lítur á breyt.till., dylst, að þetta er alveg sama tóbakið. Úlfurinn gægist fram úr sauðargærunni í 1. gr. c. Eftir því á Thore forgangsréttinn. En hvers vegna ætti Thore að hafa forgangsréttinn, ef félagið væri ekki Thore? Það er eins og það væri hættulegt að láta menn vita, hvernig í öllu liggur. Þegar meðhaldsmenn frumv. mæta mótspyrnu, breyta þeir til, og því sagði eg í upphafi, að aðferðin minti á köttinn, sem hlypi kringum heitan graut. En mér er alveg sama, þó frv. taki þessum hamskiftum, eg er jafnt á móti því fyrir því.

Eg get ekki varist að víkja nokkrum orðum til meira hlutans í nefnd-

inni. Mér þykir það undarlegt, að meiri hluti hennar skuli semja svo þessar breyt.till. að kalla ekki saman nefndina alla. Í annan stað vil eg spyrja, hví kemur meiri hlutinn ekki á fund þann, er minni hlutinn hafði beðið formann nefndarinnar að boða, til þess að ræða tilboð það, er meiri hlutinn hafði skorað á minna hlutann að útvega hjá Sameinaða félaginu? Eg veit ekki, hvert svarið verður. En þetta sýnir ljóslega, að hér er það kappið, sem ræður.

Framsögumaður meiri hlutans (Björn Kristjánsson): Eg hefi að vísu engu að svara, af því sem nú hefir sagt verið. Háttv. 1. þm. Rangv. (E. P.) talaði ekki um breyt.till. þær, er nú liggja fyrir, en ræða hans snerist öll um frumv., eins og það kom fram við 1. umr. (*Eggert Pálsson:* Er ekki leyfilegt að tala um það? *Forseti:* Jú, við 2. umr. má tala um það alt). Hinn h. þm. sagði, að »asninn væri jafnan auðþektur á eyrunum«. Eg veit nú ekki vel, við hvað hinn háttv. þm. (E. P.) á hér; en líklega hefir meining hans verið, að hér (við br.-till.) gægðust fram sömu svikin sem áður (í sjálfu frumv.). En fyrir hönd meiri hluta nefndarinnar skal eg lýsa því yfir, að hugsun nefndarinnar er eingöngu sprottin af þeim ástæðum, er eg skýrði ítarlega við 1. umr. þessa máls, og hirði því ekki að endurtaka það nú.

Þá hefir því og verið fleygt, að ekki fari vel á því að leggja svo mikið upp í hendurnar á ráðherranum, af því að honum sé þetta svo mikið áhugamál; þetta hefir að minsta kosti mátt lesa út úr orðum ýmsra háttv. þm. En við þessu er nú einmitt slegið varnagli í 5. gr. frumv. Þar er skýrt tekið fram, að ráðherrann fái enga þóknun fyrir ómak sitt, enda stóð aldrei til að hann fengi neina þóknun fyrir að vera oddamaður í stjórn félagsins. Þvert á móti var ætlast til, að allir stjórnendurnir ynnu launalaust. Það ætti því ekki að þurfa að sletta því framar hér í deildinni.

Hinn háttv. 1. þm. Rangv. (E. P.) gerði lítið úr kælirúmi, þótt ætlast sé til að það sé í 2 skipum. Eg skal að vísu kannast við, að orðalagið sé ef til vill ekki sem heppilegast í þessu atriði, en það mætti laga til 3. umr. En meiningin er hér, að minst tvö millilandaskip eigi að hafa kælirúm.

Enn er verið að tala um »Botniu«; það er þó margbúið að sýna fram á, að hún hentar als ekki, að kælirúm hennar henta að eins fyrir smjör, en ekki kjöt og fisk.

Þá talaði sami háttv. þm. um hag Thorefélagsins; hann virtist reyna á allar lundir að vekja tortrygð gegn fyrirtækinu. Hann gat þess meðal annars, að hagur félagsins gæti verið svo vondur, að forstöðumaður þess sæi sér nú þann kostinn vænstan að fá aðra til að taka við öllu saman. Þetta og annað eins eru að eins illkvittnislegar getgátur, sem ekki eru svaraverðar. En eg skal enn einu sinni taka það fram, að þótt hagur Thorefélagsins væri í rauninni mjög vondur, — sem hann nú als ekki er, hann er einmitt mjög góður, — þá kemur það oss ekkert við, hèr er um nýtt félag að ræða. Og ef Thorefélagið getur ekki lagi fram þessi 300 þús. kr., sem áskilin eru, þá nær það ekki lengra, þá hefir félagið mist þá heimild, sem því er ætluð í lögunum. Það er alt af hægt að segja þetta eða hitt til þess að gera einhvern hlut tortryggilegan; það má segja að þetta mál sé ekki sprottið af föðurlandsást. En slíkt eru að eins getsakir og sanna

ekkert; því er fleygt fram að ástæðulausu og því ekki svaravert.

Háttv. 1. þm. Rangv. (E. P.) sagði einnig, að út úr ræðu þm. Snæf. (S. G.), er annars væri jafnan svo hógvær, hafi óbeinlínis skinið sú hugsun, að dagar þessa félags myndu nú bráðum taldir; þess vegna þyrftum vér nú að hraða oss að gera samninga við það, annars gæti það orðið of seint. Hinn háttv. þm. fann ekki aðrar ástæður til þess, að félagið býður oss að gerast hluthafar, en það, að það (félagið) væri að fara á höfuðið!! Það gætu verið ýmsar orsakir til þess, að einmitt nú riði oss á þessum samningum. Það er t. d. ekki líklegt, að Thorefélagið fari að bjóða þinginu slík kjör í 4. sinn. Félagið hefir tvisvar boðist til að taka að sér strandferðirnar upp á eigin reikning — þetta er í 3. skiftið. Það þarf því ekki að vera á hausnum, þótt oss gefist ekki kostur á slíku boði síðar. Hins vegar er eg þess fullviss, að háttv. þm. Snæf. (S. G.) hefir alls ekki meint það, sem h. 1. þm. Rangv. (E. P.) vildi fá út úr orðum hans.

Háttv. 1. þm. Rangv. (E. P.) sagði ennfremur, að eg hefði sagt á þá leið, að fyrirtækinu yrði hætt, ef Tulinius dæi. Þetta sagði eg ekki; en eg tók það fram, að ef fyrirtækið bæri sig ekki, þá hætti félagið og landssjóðsfénu mætti bjarga, það ætti samkvæmt lögunum að vera óeytt, þangað til aðrir hlutir væru eyddir. Ef Tulinius deyr, þá munu þau ráð upptekin sem annarstaðar, þar sem um félög er að ræða, að maður er látinn koma manns í stað, og félagið þarf alls ekki að leggjast niður fyrir það. Enda eru allajafna fleiri en einn maður á slíkum skrifstofum, sem eru verkinu vel kunnugir.

Hinum háttv. 2. þm. Rangv. (E. J.) er ekki ástæða að svara; eg hefi hlíft mér við því hingað til, enda er vörn hans sjaldnast önnur en sú, að gera málið tortryggilegt, fara utan um aðalkjarnann, en koma ekki nærri ástæðunum. Hann hefir ekki svarað einni af þeim af ástæðum, er eg bar fram við 1. umr. þessa máls, og hirði eg því ekki að svara aukaatriðunum. Það er ekki ofsagt, þó eg segi, að öll andmælin, sem komið hafa fram gegn þessu máli hafa verið gerð meira af vilja en mætti.

Hannes Hafstein: Eg get ekki séð, að breyt.till. á þgskj. 632 bæti neitt úr skák. Meiri hlutinn hefir að eins með öllum þessum breytingartill. viðurkent áþreifanlega, að það hafi verið aumi óskapnaðurinn, frumv., sem var hér á ferðinni við 1. umr., því þeir hafa breytt frumv. svo, að ekki stendur steinn yfir steini. Væri breytingartill. kastað í burtu, þá stæði svo sem ekkert eftir af hinu upphaflega frumv.; þeir hafa með öðrum orðum ekkert nýtilegt fundið í sínu eigin frumv., þegar þeir fara að athuga það nánar, jafnvel fyrirsögnin er svo breytt, að að beinast liggur við að segja, að hér sé um alveg nýtt frumv. að ræða.

En ef frumv., eins og það liggur nú fyrir, er skoðað vandlega, þá mun sjást, að efni frumv. er ekki nýtt, það er alveg það sama, einungis í nýjum ham. Hér hefir að eins verið farið í felulcik — skriðið undir bekkinn með sanna merginn málsins.

Að þetta er svo sem eg segi, sést á því, að hluthöfum Thorefélagsins er áskilinn forkaupsréttur í hlutum landssjóðsfélagsins. Þetta ákvæði gæti als ekki staðist, ef ekki væri einmitt meiningin að taka Thoretillboðinu á þennan hátt.

Með þessu ákvæði á að firra samkepnina. Flutningsmaður vildi láta í

veðri vaka, að þetta væri sett til þess að firra landssjóðsútgerðina samkepni af Thorefélaginu! En ef bjóða á forgönguhluti í því skyni, hversvegna er þá gengið fram hjá því félaginu, sem margfalt meira bolmagn hefir til samkepninnar og vafalaust einnig mundi halda áfram ferðum hér? Hvers vegna áskilja þeir þá ekki því Sameinaða forkaupsrétt, til þess að komast hjá samkepni þess?

Nei! Aðrir en Thorefél. eiga ekki að fá að kaupa »aktiur« í þessu svo nefnda landssjóðsfélagi. Hvers vegna? Af því efni frumv. er það sama og það var við 1. umr. Þeir hafa að eins skírt það upp og sett það í annað form. Það er bersýnilegt, ef frumvarp þetta yrði að lögum og félagið nýja ætti að taka til starfa 1910, þá er ómögulegt að vera búinn að undirbúa kaup á öðrum skipum en þessum, sem hér hafa verið höfð á boðstólum, og mundi því alt að sama brunni bera, einnig með skipastólinn.

Í staðinn fyrir að í fyrra frumv. var ákveðið, að landssjóður gerðist hluthafi í Thorefélagiuu og hefði yfirráðin, þá er nú ákveðið, að Thorefélagið skuli kaupa hlutabréf í landssjóðsfélaginu og semja lög fyrir það! Eg get ekki betur séð, en þetta sé mun verra en ekki betra.

Af þessum ástæðum get eg ekkert frekara nú fylgt málinu en áður. Frv. er ekkert betra í efninu. En þó eg greiði atkv. móti þessu, eins og það er í garðinn búið, þá er ekki þar með sagt, að eg sé fráhverfur hugmyndinni um það, að landið reyni með tíð og tækifæri að taka samgöngurnar í sína eigin hönd, með innlendu félagi. Það hefir þvert á móti lengi verið hugsjón mín, sem eg hefi síðustu ár verið að íhuga og leita hófanna um.

En í félagi, sem landssjóður tæki einhvern þátt í, þyrfti fyrst og fremst að varast, að nokkru sérstöku félagi eða nokkrum sérstökum mönnum væri gefin forréttindi til þess öðrum fremur að njóta góðs af félagsstofnuninni. Það má ekki byrja á því að egna upp mótstöðu og óholla samkepni.

Málið þarf í heild sinni alt annan undirbúning en þann, sem hér er að heilsa. Það er mikið vandamál, sem vel þarf að athuga og tryggja fyrir fram, og má vera, að það lánist í framtíðinni, áður mjög langt um líður, ef gætilega er með farið og undirstaðan réttilega fundin.

Bjarni Jónsson: Mér er dálítið óskiljanlegt, hvernig augu þeirra manna eru haldin, sem ekki finna mun á frv. með breytingartill. og upphaflega frv. Og eg skil heldur ekki í því, hvernig fullvita menn geta sagt, að enginn munur sé á því, hvort gengið er inn í annað félag, eða nýtt félag stofnað. Það þarf að ætla mönnum ótrúlega mikinn forða af heimsku til þess að þeir trúi þessu, og mig undrar að fullorðnir menn skuli berja slíkt fram.

Háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) var þó að fræða menn á þessu. Hann kvað hafa haldið langa ræðu um efnahag fél., en eg get ekki skilið, hvað það kemur málinu við. Hér er verið að ræða um að stofna nýtt félag og bjóða Thorefélaginu forkaupsrétt á hlutunum, og þá sé eg ekki, hvað efnahagur þess félags kemur oss við. Ef vér ætluðum að ganga inn í Thorefélagið, þá þarf að þekkja efnahaginn. Mér finst þetta og því um líkt vera að snúa hlutunum við og það sýni, að háttv. þm. hefir ekki um auðugan garð að gresja, hvað ástæður og rök snertir.

Það þótti varhugavert að landssjóður ætti að kaupa skip Thorefélagsins eftir

mati. Nú er ekki talað um að kaupa nein ákveðin skip í frumv. En þá skeður það óskiljanlega, að nú segja þeir, sem eru móti frumv., að það sé sama að kaupa skipin, eins og að nefna það als ekki að kaupa nokkur skip af Thorefélaginu. Hvers vegna er þetta það sama? Það gerir alt stjórnin. Í henni eru 3 menn, 2 þeirra velur þingið að sjálfsögðu úr meiri hl. og sá 3. verður vandaður og vitur minni hl. maður. Nú skyldu menn halda, að alþingi gæti kosið þessa menn svo, að ekki væri hætta á því að hlaupið væri til þess að kaupa léleg skip með uppskrúfuðu verði. Það þarf ekki mikinn forða af viti til þess að sjá, að lítið er til af rökum hjá þessum herrum, þegar þeir fara að bjóða þinginu svona löguð rök.

Þá þykir þeim það undarlegt, að Thorefélagið skuli eiga að hafa forkaupsrétt að hlutabréfunum. Hvers vegna fá þeir forkaupsrétt? Af því félagið hefir haft svo mikil viðskifti við landsmenn í mörg ár og það er þar af leiðandi hagur fyrir landssjóðsfélagið að það kaupi hlutina. Thorefélagið hefir engan hagnað af forkaupsréttinum, og vel gæti farið svo, að þegar skip þess væru ekki keypt, að það vildi ekkert kaupa af hlutabréfunum. Ef svo færi, þá er sjálfsagt að bjóða öðrum bréfin.

Eg get því ekki kannast við það, sem háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) sagði, að hér væri um undirferlis-tilraun að ræða. (*Hannes Hafstein*: Eg nefndi ekki undirferli). Eg kann betur við að nefna hlutina með réttu nafni, heldur en að flæmast eins og köttur í kringum heitt soð með orð, sem þýða þetta og ekkert annað. Það var og samkv. sögusögn þm., sem átti að hafa falið þetta flagð undir fögru skinni. Þetta eru með öllu tilhæfulaus brigsl; þm. og allir vita að það hefir aldrei verið tilgangur minn og að ekkert slíkt felst í frumv. Eg verð því að vísa þessum orðum heim, svo þau geti fengið fóstur, sem þau eiga faðerni til. Mér gekk gott til breyt.till., og þetta sem nú hefi eg sagt, býr í þeim og ekkert annað.

Eg get ekki setið hér inni án þess að roðna, þegar mestur hluti umræðanna í dag snýst um eimskipafélag úti í heimi, sem ekkert kemur aðalmálinu við. (*Hannes Hafstein*: Thoretilboðið hefir staðið á dagskrá). Engar breyt.till. byggjast á því. (*Hannes Hafstein*: Thoretilboðið stendur þó á dagskránni og um það mál verða umræðurnar auðvitað að snúast). Eg er að tala um breyt.till. og sá kafli, sem eg er að svara, byggist á þeim. Forkaupsréttinn hefir Thorefélagið til þess að forðast samkepni og til þess að fá viðskifti þess í hendur nýja félaginu.

Eitt sem háttv. 1. þm. Eyf. (H. H.) sagði, hljóðaði á þann veg, að samkv. frumv. hefðum vér verið að ganga inn í Thorefélagið og semja lög fyrir það, en eftir breyt.till. ætti Thorefélagið að ganga inn í landssjóðsfélagið og semja lög fyrir það. Eg veit ekki hvaða snaga þm. hefir til þess að hengja þessa hugsun á, og svara eg henni því ekki.

Það getur satt verið, að undirbúningur málsins sé ekki nægilegur, en það hygg eg þó, ef það er lagt í vald stjórnarinnar að sjá um framkvæmdir að öðru leyti.

Háttv. 1. þm. Rangv. (E. P.) talaði um breyt.till, og sagði að þær væru að eins til þess að ginna þm. á það að glæpast á frumv. — sama brígslið og 1. þm. Eyf. (H. H.) lét sér um munn fara. Af því eg er svo mikið

riðinn við breyt.till., þá get eg enn lýst því yfir, að það býr ekkert annað en góður tilgangur undir þeim. Eg verð því að vísa þessum ummælum heim til pabbans, og geta þess, að mér þykir það leiðinlegt og ótrúlegt, að gamlir kunningjar og skólabræður mínir, sem þekkja mig vel, skuli væna mig slíks að ástæðulausu.

Háttv. 2. þm. Rangv. (E. J.) fór hörðum orðum um frumv. og byrjaði og endaði á kettinum, sem fer í kring um grautinn. Eg skal leiða hjá mér að svara honum, en lofa þessari sál að hlaupa í kring um sinn eigin hugsunargraut.

Framsögumaður meiri hlutans (Björn Kristjánsson): Það eru margir, sem fárast hafa yfir því, að Thorefélagið skuli hafa forkaupsrétt að hlutunum. En það er einungis gert vegna þess, eins og háttv. þm. Dal. (B. J.) tók fram, að geta náð í þau viðskiftasambönd, sem félagið hefir fengið við það að sigla hér í kring um landið í fleiri ár og sem annarsstaðar mundi vera gefið fyrir allmikið fé. Öðru máli er að gegna með Sameinaða félagið. Þótt vér fengjum að taka 4—500 þús. kr. hluti í því, þá hefðum vér engin yfirráð yfir því fé eða siglingunum. Það mundi aldrei ganga inn á þá skilmála. Ef Thorefélagið ekki vill kaupa hlutina, þá getur komið til mála að bjóða öðrum þá, en að það Sameinaða vilji kaupa þá með sömu skilyrðum og Thorefélagið, getur víst fáum komið til hugar.

Pétur Jónsson: Það er alveg rétt, sem hv. 1. þm. Eyf. (H. H.) sagði, að fyrirliggjandi breyt.till. breytti lítið innihaldi þessa frumv., heldur að eins formi.

Fyrst og fremst er hlutaféð hið sama 500 þús. frá landssjóði og 300 frá Thorefélaginu, ef það notar forkaupsréttinn, sem því er ætlaður í breyt.till. En um slíkt þarf eigi að efast, eins og málið að öðru leyti blasir við.

Skipin er nærri sjálfsagt að séu hin sömu, svo framarlega sem Thorefélagið er nær eini hluthafinn í móti landssjóði. Hafi skipin verið góð eign, þegar frumv. var flutt fyrst, munu þau ekki óálitlegri eign fyrir landssjóðinn nú, að áliti stjórnarinnar.

Og þetta er aðal-innihald frumv., hvort sem það helst óbreytt, eða br.-till. er samþ. Það verða að eins höfð botnaskifti, og sá botninn látinn snúa upp, sem áður sneri niður. Í raun réttri get eg als ekki séð, að þetta mæli svo mjög á móti breyt.till., en það mælir ekki hót með henni, og tryggingin er minni eftir henni fyrir því, að skipin séu með hæfilegu verði og góð, heldur en í upphaflega frumv.

Framsögumaður minni hlutans (Jóhannes Jóhannesson): Eg skal ekki þreyta háttv. þingdeild með langri ræðu. Við 1. umr. þessa máls var því haldið fram af minni hlutanum í samgöngumálanefndinni o. fl., að málið væri ekki nægilega undirbúið. Ný sönnun fyrir því, að svo hafi verið, er það, að meiri hluti nefndarinnar hefir gerbreytt málinu við 2. umr., og enn hefir heyrst, að nýjar breyt. væru væntanlegar, ef það nær að ganga til 3. umr. Þetta sýnir ljóslega, hvað málinu er flaustrað af, og ef það næði nú að ganga gegnum þingið og verða að lögum, mundu menn fljótt komast að raun um, að þau væru stórgölluð.

Því verður ekki mótmælt, að fyrirtækið er stórt áhættuspil fyrir landssjóðinn, og því verður heldur ekki mótmælt, að fjárhagur landssjóðs er þannig, að hann mun tæplega þola — eða að minsta kosti — það er djarft að stofna til stórrar landssjóðs-útgerðar, sem eigi er gert ráð fyrir á fjár-

lögum né fjáraukalögum og eg vil segja, að það sé hreint og beint heimskulegt. Það er ekki hægt að búast við stórum tekjuafgangi til þess að bæta upp hallann, ef fyrirtækið hefir stórt tap eða tjón í för með sér, og það eru einmitt stórar líkur til þess að svo mundi reynast.

Nú liggja fyrir þinginu 2 tilboð frá Sameinaða félaginu. Tilboð þessi eru þann veg vaxinn, að þau eru aðgengileg fyrir þingið, og þau fullnægja öllum sanngjörnum kröfum. Þegar svo er komið, þá er engin ástæða til þess að fara að leggja út í jafnstóra óvissu og áhættu og lög þessi mundu hafa í för með sér. Það er satt, að frumv. lítur dálitið betur út á pappírnum, ef landið stofnar félag, en ef það fer að kaupa hluti í öðru félagi, sem eftir margra máli er langt frá því að vera traust.

En þrátt fyrir það, þótt frumv. sé skárra útlits nú en það var, þá álít eg það samt engu betra, því að ýmisleg tryggingarákvæði vanta nú, sem þá voru fyrst í frumv. Nú stendur í frv. að kaupa eigi 4 »hentug« skip í stað »nýleg skip« áður; nú á að steppa mati skipanna o. s. frv. Frumv. líkist því meir Thore-tilboðinu, eins og það var upphaflega.

Ef tilboðinu er tekið og matinu slept, þá má stjórnin kaupa alla dalla Thorefélagsins, svo framarlega sem stjórn nýja félagsins álítur þau »hentug«.

Björn Sigfússon: Þegar eg íhuga þetta mál og heyri undirtektir þess á þinginu, minnist eg þess, að hér kemur fram sem oftar, að fá mál eru svo, að þau ekki mæti mótspyrnu. Málið getur verið jafngott fyrir því.

Eg þarf ekki að svara þeim, sem hafa reynt að finna Thore-tilboðinu alt til foráttu. Hv. framsm. (B. Kr.) og hv. þm. Dal. (B. J.) hafa gert það svo rækilega um öll einstök atriði, að þar þarf litlu við að bæta.

Eg get þó ekki annað en minst á, þar sem minni hl. er að bregða meiri hlutanum um feluleik. Hvað skyldum við vera að fela? Þeir eiga eftir að benda á það. Eg mótmæli öllum slíkum getsökum. Annars rífa þeir sig sjálfir niður með eintómum mótsögnum og hugsunarvillum. Ýmist segja þeir t. d., að br.till. séu verri en frv. upprunalega, ýmist að það séu tómar orðabreytingar, ekki efnisbreytingar. Þetta getur þó ekki samrýmst. Um daginn þótti andstæðingum þessa frv. óheyrilegt, að nokkur skipin yrðu keypt eftir mati. Meiri hlutinn hefir fallist á að sleppa matinu og fela það stjórninni og kjörnum mönnum af þinginu að annast um skipakaupin. Nú finna þeir að því, að matinu sé slept. Svona er samkvæmni þeirra. Eg sé ekki betur, en að málinu ætti að vera vel borgið í höndum þeirra. Þegar þingið hefir kosið 3 menn, sem það treystir bezt, náttúrlega einn úr minni hlutanum, í stjórn félagsins, og ráðh. í broddi fylkingar að ráða þessu til lykta, getum við borið fult traust til að vel muni farnast. Sú stjórn tekur auðvitað þau skip að eins, sem hún álítur góð og gild, og áður en hún gerir út um kaupin, leitar hún aðstoðar sérfróðra manna og allra mögulegra upplýsinga. Andstæðingar vorir hafa lagt mikið kapp á að gera Thore-tilboðið sem tortryggilegast og meira að segja reynt að gera okkur, sem erum með tilboðinu, tortryggilega. En hvers vegna skyldu þeir hafa sótt málið frá sinni hlið með svo miklu kappi og ákafa, af engu nema því að þeir sjálfir eru að reyna að fela það, að þeir koma

hér fram sem ófyrirleitnir málafærslumenn Sameinaða félagsins.

Sigurður Gunnarsson: Það var eitt atriði, sem eg sérstaklega ætlaði að svara. Eg heyrði af ræðu framsm. minni hluta samgöngumálanefndarinnar — eg var sem sé staddur í Ed. —, að háttv. 1. þm. Rangv. (E. P.) hefði vitnað til orða minna áður og talið mig hafa sagt, að þingið þyrfti að flýta sér að gera samninga við Thorefélagið, af því það væri á höfðinu. Slíkt lá als ekki í orðum mínum. Það er hreinasti misskilningur, eg vona ekki annað verra. Eg hefði ekki getað sagt slíkt. Framsm. minni hlutans (Jóh.J.) gat þess í síðustu ræðu sinni, að nú lægju fyrir tvö ágæt tilboð frá hinu Sameinaða gufuskipafélagi, sem bættu úr öllum sanngjörnum kröfum vorum. Það er auðvitað gott og blessað og skyldi gleðja mig sannarlega, en hvernig stendur á því, að ekki hefir verið hægt að fá þau enn þá prentuð. Það er þó sannarlega tími til þess kominn, svo að þingmenn geti kynt sér þau. En svo eg víki aftur að því, er eg í upphafi tók fram, skal eg bæta því við, að eg tók skýrt fram, er síðast var rætt um þetta mál hér í deildinni, að það væri ljóst, hvernig fara mundi, ef vér höfnuðum tilboðinu frá Thorefélaginu; þá myndu svo fara leikar, að vér yrðum að krjúpa undir fótskör Sameinaða gufuskipafélagsins. Þetta sagði eg og verð að halda við þann skilning enn. Annars vildi eg mega skjóta því til háttv. framsm. minni hlutans, hvort honum þyki viturlegt að drepa frumv. þetta, áður en samningum er lokið við hið Sameinaða.

Framsögumaður minni hlutans (Jóhannes Jóhannesson): Eg hefi hér tvö tilboð frá því Sameinaða, innifalin í ferðaáætlunum þeim, sem hér liggja fyrir. Eg hefi ekki fengið þær fyr en í dag og því hefir ekki verið tími til að leggja þær fram prentaðar nú, en hins vegar skoraði eg á formann samgöngumálanefndarinnar að kveðja til fundar í nefndinni, en hann taldi öll tormerki á því og úr því varð ekkert að lokum. Síðan bauð eg nefndinni að koma heim til mín að sjá tilboðin og íhuga þau, en það vildi hún ekki, að eins einn maður úr meiri hlutanum, h. þm. N.-Þing. (B. Sv.) kom og skoðaði þau. Eg hefi því gert alt, sem í mínu valdi hefir hefir staðið til að fá nefndina til að kynna sér tilboðin, en það er hún sjálf, sem hefir verið svo fjarri allri samvinnu að vilja það ekki og mér verður heldur ekki gefið að sök, að tilboðin ekki hafa komið fyr fram, því það var nefndin í heild sinni, sem átti að útvega þau, en ekki einn nefndarmaður úr minni hlutanum, þótt svo hafi nú farið. Nú getur hver sem vill fengið að sjá þau og kynna sér þau. Viðvíkjandi fyrirspurn háttv. þm. Snæf. (S. G.), hvort ekki sé of snemt að drepa Thoretilboðið enn þá, þá álít eg að svo sé ekki. Eg var með því að Thoretilboðið gengi til 2. umr., til þess að það Sameinaða gæti séð, að það var alvara á bak við í þinginu, ef félagið ekki byði betri kjör; nú þarf þess ekki lengur. Nú hefir félagið gefið bindandi tilboð, sem það ekki getur gengið frá, þótt það vildi og er þá eigi ástæða til að lengja frumv. aldur og vænti eg að það verði nú felt.

Sigurður Gunnarsson: Mundi ekki Sameinaða gufuskipafélagið bjóða enn betri kjör, ef Thoremálið biði lengur og félagið hefði enn hitann í haldinu af því tilboði? Ef á að nota það sem grýlu að eins, er bezt að gera það svo um muni.

Framsögumaður minni hlutans (Jóhannes Jóhannesson): Nú er mjög áliðið þingtímans og ekki langur tími

til að semja um ferðirnar við þingið. Málið má þess vegna ekki bíða og það því fremur sem meiri hluti nefndarinnar virðist hingað til hafa haft ótrúlegar tilhneigingar til að draga málið á langinn og koma í veg fyrir að samningar tækjust við Sameinaða félagið.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Það var ýmislegt í ræðu háttv. 2. þingm. Húnv. (B. S.), sem bar vott um mikinn skort á glögri hugsun og skilningi. Hann taldi það mótsögn að segja, að breyt.till. nefndarinnar (meiri hlutans) væru alveg nýtt frumv., og halda því þó hins vegar fram, að breyt.till. væru að eins form-breytingar, en að efni alveg samhljóða því upphaflega frv. Þessi misskilningur hins háttv. 2. þm. Húnv. (B. S.) kemur til af því, að hann kann ekki að gera mun á efni og formi. Honum skilst það ekki, að breyt.till. getur gert frumv. að alveg nýju frumv. að *torminu til*, þó að efnið sé í rauninni alt hið sama. Annars er ekki vert, að eltast meir við þá hugsunarvillu. Sami háttv. þm. Húnv. (B. S.) sagði, að lög þessi væru að eins heimildarlög fyrir stjórn hins væntanlega nýja félags, til að kaupa af Thore-félaginu skipin. Þetta getur ekki verið rétt. Slíkt getur enginn sagt, nema sá sem les frumv. eins og skrattinn *biblíuna*. Í frumv. stendur, að landsstjórninni veitist heimild þessi. Landsstjórnin þýðir hér auðvitað ráðherra, en ekki stjórn félagsins, enda myndast sú stjórn ekki fyr en sjálft félagið er myndað, og það verður þá ekki fyr en Thore-félagið er gengið inn með sína hluti. Þetta er svo auðsætt, að um það ætti ekki að þurfa að deila. Alþingi getur auðvitað kosið þessa 3 menn fyrir fram, en í stjórn félagsins geta þeir ekki verið fyr en félagið (landssjóðsfélagið) er myndað. Eg hefi þegar áður sýnt fram á, að félag þetta á ekkert til skuldlaust. — Það sést af þess eigin tilboði, og enn fremur játningu umboðsmanns félagsins fyrir meiri hluta nefndarinnar, eftir því sem frá er skýrt í sjálfu nefndarálitinu. Það á ekkert til nema um 650 þús. kr. skuldir, sem á því hvíla, og skip, sem væntanlega eru ekki helmingsvirði skuldanna, og að ætlast til, að Thore-félagið hafi forkaupsrétt að hlutum upp á 300 þús. kr. í því fyrirhugaða landssjóðsfélagi, er ekkert annað en það, að ætlast til að leyfa því að láta þessa skipskrokka upp í hlutaféð. Ráðherra verður að semja við Thore-félagið, að það gerist hluthafi fyrir 300 þús. kr. gegn því, að landssjóðsfélagið kaupi skipin fyrir þá upphæð, með öðrum orðum taki gömlu skipin upp í hlutaféð.

Eg sagði áðan, að félagið ætti ekkert til, eg hef sýnt fram á það, en eg get gert það aftur.

Í nefndarálitinu er svo sagt, að Thore-félagið skuldi 600—700 þús. kr. Ef maður tekur þá tölu, sem er mitt á milli 600,000 og 700,000, þá er það 650 þús. kr. Skuldir félagsins auk þessa í obligationum eru 150 þús. kr. Ef maður nú dregur þá upphæð frá, þá eru eftir 500 þús. kr. í skyndilánum eða víxillánum, lánum sem sérstaklega eru erfið félaginu og þröngva mjög fjárhag þess. En þetta er alveg sama upphæðin, sem landssjóður á að leggja út. Tilgangurinn er það, að landssjóður á að bjarga félaginu úr þessari skuldakreppu! Mér er nú spurn: Þeir menn, sem sækja það svo fast, að landssjóður taki félag þetta upp á sína arma og losi það úr skuldasúpunni, koma þeir ekki einmitt fram, sem ákafir málaflutningsmenn Thore-félagsins? Hvað skyldi það vera annað? Að því er varasjóð félagsins snertir, þá er hann einar 60 þús. kr. Það er

auðsætt, að Thore-skipin hafa orðið fyrir meiri fyrningu, en því nemur, með öðrum orðum félagið hefir ekki haldið skipum sínum við. Þótt hlut-hafarnir hafi fengið útborgað um 4½ % í arð af hlutum sínum, þá hefir sú upphæð hlotið að hafa verið tekin af stofnfénu, meðan það hrökk, en síðan af lánsfé. Slíkt er altíð aðferð hluta-félaga, sem eru á heljarþröm, að greiða hluthöfum háan árs-arð. Mig minnir »Grundejerbanken« sendi út ljómandi ársreikning og færi fram á að gefa hluthöfum 7% (eða meira) í árs-arð; en hálfum mánuði síðar var bankinn gjaldþrota!

Svo eg snúi mér aftur að sjálfu frv. eða breyt.till., þá er það auðvitað meiningin, að Thore-félagið láti skip sín upp í hluti þá, sem því er ætlað að kaupa í þessu nýja landssjóðsfélagi. Já, skipin á landssjóður að taka að sér og þótt sumir segi, að þetta sé að eins heimildarlög fyrir stjórnina að taka eða kaupa skipin, þá er þess að gæta, að ráðherrann — með allri virðingu fyrir honum — er ekki óviðriðinn maður í þessu máli, þar sem sonur hans er umboðsmaður félagsins, og er altalað, að hann eigi að fá 20,000 eða 25,000 kr. fyrir vikið, að koma þessari sölu á.

Ætli það verði svo fjarri sanni, að ætla, að það verði að líkindum gott samkomulag milli feðganna, þegar þeir halda »familíu«-ráð, til að fullgera kaupin?

Skúli Thoroddsen: Eg heyri, að þingmenn halda hér hverja ræðuna eftir aðra um eimskipaútgerð og siglingar. Eg hef reyndar ekki — fremur en aðrir þingmenn — neina þekkingu í þeim efnum, en þar sem eg heyri, að allir tala um þessi efni, sem spekingar, er hafi fulla þekkingu á þeim, þá ætla eg að hegða mér svipað.

Það, sem fyrir mér er aðal-atriði í þessu máli, það er það, að mál þetta er alveg óundirbúið af stjórnarinnar hálfu, og eigi hafa heldur heyrst neinar óskir því viðvíkjandi frá þjóðinni. Ef þessu máli væri ráðið til lykta á þessu þingi, þá væri það því gert að þjóðinni fornspurðri. — En þegar um einhver stórmál ræðir, eru þingmenn þó vanir að vilja vita, hvað vilja kjósanda sinna líður; en í þessu máli hefir þess enginn kostur gefist.

En þegar litið er á fjárhagshlið máls þessa, verður því ekki neitað, að málið er stórmál, miðað við efnahag þjóðarinnar og fjárhagsástandið, eins og það nú er, og hvernig sem á mál þetta er litið, þá er það ómótmælanlegt, að það er mesta áhættumál, þar sem landssjóður á ekki að eins á hættu að tapa allri upphæðinni (½ miljón), heldur jafnvel að verða fyrir enn stærri skellum, því að enginn þarf að ganga að því gruflandi, að Sameinaða félagið mun ekki hætta ferðum sínum til Íslands, heldur þvert á móti halda uppi samkepni við eimskipaútgerð þá, er landssjóður á hlut í, og getur sú samkepni orðið landssjóði all-skæð og hættuleg, ekki síst þar sem Sameinaða gufuskipafélagið mun þá að öllum líkindum velja úr þær hafnirnar, er bezt borgar sig að fara til, eins og t. d. Reykjavik, Ísafjörð, Akureyri og Seyðisfjörð. Hina staðina, sem vöruflutningar eru litlir til, svo að fargjöld og flutningseyrir eigi borga kostnaðinn við för skipa þangað, nema þá endrum og eins, mun það ekki sinna um, og þær hafnir og viðkomustaði verður þá eimskipa-útgerð landssjóðs að annast, sem og ferðir strandbátanna, sem vér vitum, að ekki bera sig.

Þegar alt þetta er athugað, þá er það auðsætt, að »Sameinaða gufuskipafélagið« stendur mun betur að vígi í

samkepninni, þar sem það hefir þá als engum skyldum að gegna við landsmenn, en getur eingöngu tekið tillit til hagsmuna sinna. Landssjóðsfélagið verður á hinn bóginn fyrst af öllu að líta á samgönguþarfir landsmanna og reyna að fullnægja þeim eftir megni.

Vér vitum og eigi fyrir, hverjar kröfur manna í hinum ýmsu kjördæmum landsins kunna að verða, að því er millilanda- og strandferðir snertir, þegar svo er komið, að þjóðin hefir sjálf full ráð yfir samgöngutækjunum. Hætt er við, að ýmsir verði þá enn heimtufrekari en verið hefir og vilji að skipin fari inn á hinar og þessar hafnir, sem strandferðaskipin hafa að undanförnu ekki verið látin koma við á. Áður en vér ráðum máli þessu til lykta, þurfum vér að gera oss þetta ljóst.

Mér virðist rétt, að Nd. láti sér að þessu sinni nægja, að það, að mál þetta kom fram, hefir þegar haft þann góða árangur, að Sameinaða gufuskipafélagið hefir gert að mun betra tilboð um millilandaferðir og strandferðir, en það áður gaf kost á, og meðal annars gefið kost á skipi með kælirúmi nokkrar ferðir, er þess er mest þörf að geta komið smjöri, kjöti og fiski ísvörðu á erlendan markað. Það ættum vér að vera ánægðir með í þetta sinn, og láta ransaka málið, til undirbúnings fyrir næsta þing.

Að segja, að úr þekkingarskorti þingsins og ónógum undirbúningi málsins, sé nægilega bætt, ef stjórnin og 3 manna nefnd sé falið að ráða málinu til lykta, það er að minni hyggju ekki rétt. Ráðherra hefir enga sérþekkingu, að því er til eimskipa-útgerðar kemur o. fl., er hér að lýtur, og hversu heppalega þinginu tekst að velja þessa 3 menn, það er alveg óvíst, Að líkindum yrðu það einhverjir þm., og veit maður þá hverju þeir mundu auka við þekkingu ráðherra. Það er því heppilegast, að málinu sé ekki ráðið til lykta að þessu sinni, en að stjórninni sé falið að ransaka og láta undirbúa það undir næsta þing, útvegi skýrslur um kostnað við skipa-útgerðir, verð eimskipa o. fl., o. fl., og grenslist enn fremur eftir óskum þjóðarinnar í þessu máli.

Það hefir verið gert mikið úr því, að heppilegt væri, að verzlun landsmanna yrði beint meira til annara landa en Danmerkur, og munu fáir vera fúsari á að viðurkenna það en eg, en slíkt gerist eigi í einni svipan, og tjáir ekki að segja: »Nú siglum við til Hamborgar, Englands« o. s. frv.

Sama er að segja um skip með kælirúmi. Þörfin helzt að sumrinu til smjörflutninga, og á haustin til að flytja út kjöt; en að bændur fari að ala fé til útflutnings á vetrum, á að líkindum enn nokkuð í land, og gerist slík breyting ekki á einu augnabliki; og að því er snertir kælirúm fyrir útflutning á fiski, þá er að nokkru bætt úr þeirri þörf, síðan Íslendingar eignuðust botnvörpuveiðaskip, er öðru hvoru skreppa með nýjan fisk til Englands.

Það er því mín skoðun á þessu máli, að ekki sé rétt að ana út í það, meðan þingið hefir eigi átt betri kost á að afla sér þekkingar á því. Þörfin ekki svo mikil, að ekki megi bíða næsta þings.

Eg ætla svo ekki að fara fleiri orðum um þetta mál, en leyfa mér að bera fram rökstudda dagskrá, er eg vona, að háttv. samdeildarmenn mínir geti aðhylst og er hún svo hljóðandi:

»Í trausti til þess, að landsstjórnin afli sér glöggra skýrslna þekkingarfróðra manna um alt, er að eimskipaútgerð lýtur, sem og um óskir lands-

manna, að því er millilanda- og strandferðir snertir, og leggi fyrir næsta alþingi, ásamt tillögum sínum um málið, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskránni«.

Framsögumaður meiri hlutans (Björn Kristjánsson): Það kom eigi neitt nýtt fram í ræðu háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.), nema það, að engin ósk hefði komið frá þjóðinni í þessa átt. Hann hefir auðsjáanlega ekki munað eftir þeim óskum, sem hvað eftir annan hafa fram komið á þingmálafundum, um kælirúm í millilandaskipunum, og hefi eg áður skýrt frá því, hve nauðsyn oss sé á að geta flutt út nýtt kjöt og nýjan fisk, og liggur í augum uppi, hvílíkur hagnaður væri fyrir oss, ef vér gætum farið að selja nýtt kjöt til þeirra landa, sem vér nú ekki getum selt neitt til. Í Noregi er aðalmarkaðurinn fyrir kjöt okkar, en mjög svo takmarkaður, og er óskir koma frá þjóðinni, eins og hér á sér stað, í þá átt að auka markaðinn á þennan hátt, hljótum vér að taka tillit til þeirra. — Eins og stendur eru eigi aðrir möguleikar fyrir hendi en að landið sjálft hefjist handa, og als eigi rétt að ganga lengur fram hjá þessum óskum þjóðarinnar um betri samgöngur og kælirúm í skipunum. Það sem háttv. þm. sagði um, að þetta væri eigi að vilja þjóðarinnar, þá er það ekki rétt, og ef bera á undir þjóðarinnar dóm eitthvert mál, verður það efnið en ekki formið, sem hún á að fella sinn úrskurð um. Þar að auki er ekki venja að bera hin einstöku mál undir þjóðina — á þessu þingi eru þannig einungis tvö mál, sem lögð hafa verið undir atkvæði þjóðarinnar sérstaklega. Það stendur og eigi nærri alt af svo á, að hægt sé að bera málin undir atkv. þjóðarinnar. Meira að segja þingmenn sjálfir hafa eigi fengið stjórnarfrumv. fyr en rétt fyrir þing, og þá enginn tími til að leggja þau fyrir kjósendur.

Það var engin ný mótbára hjá hinum háttv. þm. (Sk. Th.), að hið Sameinaða gufuskipafélag« myndi eins eftir sem áður halda áfram siglingum hér við land, en öllum atriðum viðvíkjandi samkepni hefi eg þegar svarað rækilega áður, og vil eigi fara að endurtaka það. Það er auðvitað alveg rétt, að ef landssjóður gerir sjálfur út verður hann jafnt að halda uppi samgöngum við þá staði, sem borga sig verst og þá sem betur borga sig. En auðvitað leggur hann tillagið til sinna eigin skipa, og það er einmitt ætlað til þess að haldið verði uppi ferðum til þessara hafna, sem ver borga sig; þeirra vegna er styrkur veittur.

Þá talaði háttv. þm. um hið ágæta tilboð, sem komið væri frá »Sameinaða gufuskipafélaginu«, en þessu tilboði — með öllum þess miklu kostum er nú svo varið, að engin ferð er áætluð kringum landið frá 23. febrúar þangað til í júnímánuði. Og þetta tilboð kemur fyrst, er félagið sér, að hætta er á ferðum, að það verði af samningum við þing og stjórn. En hve lengi eigum vér að láta þetta félag teyma okkur þannig á eyrunum?

Það er alveg rétt, sem hinn háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) sagði, að ráðherra vor hefði enga sérþekkingu í þessu máli, en svo er um flesta ráðherra, og þá verða þeir að leita til sérfræðinga um aðstoð og upplýsingar. Sama er að segja um þá 3 menn, sem hann hefir með sér í stjórn eftir frv., en þeir geta þó að minsta kosti hjálpað honum til að finna sérfræðingana. Þetta veit hinn háttv. þm.

Þá heldur hann, að þjóðin muni láta sér nægja að bíða; já, hún getur beðið til næsta þings, en eg er viss um, að mínir kjósendur mundu mér þakklátir fyrir, ef mál þetta kæmist sem fyrst í framkvæmd. Hann talaði um, að vér hefðum eigi til kjöt til útflutnings nema á vissum tíma árs — einu sinni á ári — en menn þurfa að læra að hafa vöruna til á sem flestum tímum árs. Hvenær sem nýtt fyrirtæki kemst á stofn í líka átt verður fyrsta stigið að læra að nota það. Og þegar á alt er litið erum við eigi illa undir svona fyrirtæki búnir, því að vér höfum búnaðarfélög og ráðunauta, sem geta leiðbeint bændum og framleiðendum. Um fisk má það segja, að hann muni til vera á flestum tímum árs. — Eg sé það á öllu, að hann álítur, að vér höfum eigi þá þekkingu, sem þörf sé á til slíks fyrirtækis, en eg hlýt að játa það, að eg efast um, að vér verðum orðnir það þroskaðri 1911, að vér séum þá færari um að takast þessu líkt fyrirtæki á hendur, en nú, eða höfum þá fengið þá sérþekkingu, sem þörf er á.

Þá er þessi dagskrá hins háttv. þm., sem eg hlýt að mótmæla eindregið að verði samþykt. Það er kominn tími til fyrir oss að taka þessa atvinnugrein í vorar eigin hendur, og ættum vér eigi að þurfa að láta segja oss það tvisvar, er jafngott tækifæri býðst og nú, til að koma einu af mestu þarfamálum vorum í framkvæmd.

Hannes Hafstein: Eg ætla ekki að fara að svara háttv. 2. þm. Húnv. (B. S.), því eg treysti mér eigi til að sýna honum fram á, svo að honum skiljist það, hver munur er á sókn og vörn.

En eg vildi spyrja hinn háttv. forseta (H. Þ.), hvort eigi sé á móti þingsköpunum að vera að ræða hér alt annað mál en það, sem stendur á dagskránni, þar sem hér er verið að ræða breyt.till. á þingskj. 632, sem í raun og veru er alveg nýtt frv., því engum getur blandast hugur um, að »Eimskipafélag Íslands« og Thore-félagið er sitt hvað, að hér er talað um stofnun nýs félags. Vil eg viðvíkjandi dagskránni spyrja, hvort þetta frumv. kemur fyrst til 1. umr. næst, eða það kemur hér einungis sem breyttill. við þingskj. 546.

Forseti (H. Þ.): Eg skal geta þess, að breyt.till. á þingskj. 632 geta als ekki skoðast sem nýtt frumv., þótt gamla frumv. breytist allmjög að efni, ef þær verða samþyktar. En aðalatriðið er hið sama í hvorutveggja. Þetta nýja félag er látið taka Thore upp í sig, í stað þess að gamla frumv. hljóðaði um hlutakaup í Thore. Þetta er því í rauninni sama tóbakið, þótt breytt sé um nafn á félaginu, og ef frumv. verður samþ. með breytingum kemur það auðvitað þannig breytt til 3. umr. næst.

Hannes Hafstein: Þá er því slegið föstu, að enn er talað um hlutakaup í Thore.

Björn Sigfússon: Út af ummælum háttv. framsm. minni hl., 2.þm. N.-Múl. (Jóh. J.), finn eg ástæðu til að gefa nokkrar skýringar. Hann kvartaði undan, að meiri hl. hefði ekki kallað erindreka hins Sameinaða á fund aftur og brá okkur jafnvel um vanrækslu í því efni. Þetta kemur úr hörðustu átt. Sjálfur hefir hann hvað eftir annað látið sig vanta á fundi nefndarinnar, og stundum tollað þar að eins fáar mínútur. Hann veit því eðlilega ekki, hvað gerst hefir, þegar hann var fjarverandi. Í því einu hefir hann sýnt áhuga, að koma fram sem dyggur talsmaður Sameinaða félagsins danska.

Það hefir áður verið tekið fram í deildinni, að nefndin kallaði erindreka þessa félags á fund sinn, en þar sem hann hafði engin betri boð að bjóða en áður lágu fyrir frá félaginu, var harla lítil ástæða að kalla hann aftur. Samt ætlaði eg að gera það í gær eftir tilmælum þessa háttv. þm. (Jóh. J.) kvöldið áður, en þar sem hinir nefndarmennirnir voru þá »uppteknir« af öðrum störfum, varð það ekki unt. Eg ritaði því upp þau atriði, er vér lögðum mesta áherzlu á, og sagði þm. að hann gæti fengið skriflegt svar mannsins; öðru vildi eg ekki treysta, þar sem mér var orðið ljóst, að okkur var hermt alt öðru vísi á eftir. Mér datt líka í hug að skárri boð kynni hann að bjóða, ef ekki væri gengið of mikið eftir honum, og hann fengi hugboð um, að ekki væri alt undir náð hans komið.

Nú þykist háttv. þm. (Jóh. J.) hafa svo ágætt tilboð, sem hann var að lesa upp nær því óheyranlega á fundinum. Hvers vegna duldi hann okkur þess fyrir fund? Nú er ekki hægt að dæma um það svona óþekt. Það er ósköp hægt, bæði fyrir háttv. 2. þm. N.-Múl. (Jóh. J.) og háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) að glæsa þetta tilboð, sem þeir eru að pukra með sín á milli, en sennilegt þykir mér, að ekki sé þar alt gull sem glóir.

Háttv. 2. þm. Rangv. (E. J.) hneykslaðist á því, að meiri hl. hefði gert brt. án þess að spyrja minni hl. að! Það er spánný kenning, að þegar nefnd klofnar, megi meiri hl. ekkert gera nema í samráði við þann, sem á móti er!

Annars mótmæli eg fyrir hönd meiri hluta nefndarinnar öllum ákúrum og rangfærslum minni hl. Þeirra alúðarleysi verður ekki betra, þó þeir ámæli öðrum.

Hvernig sem mál þetta fer, hefir meiri hl. ekki unnið fyrir gýg, ef hann hefir með því að koma fram með frv. um málið skotið hinu volduga danska félagi skelk í bringu, knúð fram betra tilboð og gert það liðlegra en áður. Verði frumv. felt, er hætt við það stirðni upp aftur.

Að svo stöddu tel eg alveg rangt að samþykkja hina rökstuddu dagskrá. Væri það gert, er ekki hægt að nota frumv. fyrir keyri lengur.

Bjarni Jónsson: Eg vil geta þess, að eg skil ekki hvers vegna við eigum að gera okkur ánægða með hvert það tilboð, sem fram kemur, ef það einungis er betra en þau tilboð, sem vér höfum áður orðið að sætta oss við.

Háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) talaði um, að stjórnin ætti að útvega sér skýrslur og önnur hjálparmeðul fyrir næsta þing, en lítið geri eg úr því og hygg að málið kæmi engu betur undirbúið fyrir næsta þing fyrir þessu.

Það er ekki annað en spádómur, að skipin verði tóm milli Hamborgar og Íslands; það eru einmitt miklar líkur til, að nægar vörur verði að flytja á þeirri leið. En þegar krókurinn er farinn til Kaupmannahafnar, þá er ekki hægt að vita, hve mikið kemur frá Þýzkalandi, þótt bæði mér og öðrum sé það fullljóst, að þaðan koma miklar vörur.

Háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) gat þess, að vér þyrftum ekki á kælirúmi að halda nema einu sinni á hausti, en slík ummæli lýsa ekki mikilli trú á hagsýni landsmanna, þar sem þó má gera ráð fyrir, að þeim sé það fullljóst að betra sé að flytja út kjötið oftar en einu sinni á ári; þeir hafa bæði feita sauði og naut, svo að þeim mundi henta stórum betur að geta flutt kjötið oftar.

Sami háttv. þm. (Sk. Th.) sagði einnig,

um fiskmarkaðinn, að hann væri að fullu bættur með botnvörpungunum. *(Skúli Thoroddsen:* Það sagði eg ekki, en eg sagði, að þá væri bót fengin). Það er heldur ekki rétt, að með þeim sé bót fengin, því að botnvörpungarnir sjálfir auka einmitt þörfina á kælirúmum; þeim kæmi sjálfum mjög vel að geta verið að veiðum sínum og þurfa ekki að eyða tíma til milliflutninga, þeim hentaði vel, að eitthvert skip væri jafnan reiðubúið til að taka við fiskinum og flytja hann á markað fyrir þá.

Þetta er því meðal margs annars til þess að mæla með fyrirtækinu, en als ekki á móti því.

Ef nú litið er á kröfur landsmanna í þessu efni, þá mundu þær helzt fara í þá átt, að skip yrðu látin ganga inn á hvern vog og vík, en því mundi þingið trauðla sinna. Eg veit að minsta kosti svo mikið, að það þing, sem nú stendur yfir það herrans ár 1909, hefir ekki látið að óskum landsmanna um símalínur — þetta þing, sem alt ætlar að skera niður.

Svipaðar mundu verða undirtektir þess, ef skip ættu nú að fara að ganga inn á hvern vog og vík. Hitt lægi nær, að láta smábáta ganga með ströndum fram, en stærri skip landa á milli.

Eg fæ ekki skilið, hvers vegna nú er verið að koma fram með rökstudda dagskrá; vænti þess líka, að þeir þm. samþykki hana ekki, sem áður kunna að hafa verið því hlyntir, einkanlega þar sem t. d. 1. þm. Eyf. (H. H.) hefir nú alveg fallist á ástæður mínar. Auðvitað vissi eg það, að þær voru fullgildar, en við hinu bjóst eg sízt, að hinn háttv. þm. mundi fara að bera það undir forseta, hvort eg hefði ekki farið með rétt mál — það mátti mér koma á óvart.

Vil eg því vænta þess, að aðrir háttv. þm. láti nú sannfærast á líka leið.

ATKV.GR.:

Forseti las upp hina rökstuddu dagskrá frá þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) og var hún samþykt með 12:11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Jón Ólafsson,	Bjarni Jónsson,
Eggert Pálsson,	Ben. Sveinsson,
Einar Jónsson,	Björn Jónsson,
Hannes Hafstein,	Björn Kristjánsson,
Hálfdan Guðjónss.,	Björn Sigfússon,
Jóh. Jóhannesson,	Björn Þorláksson,
Jón Jónsson, N.-M.,	Jón Sigurðsson,
Jón Jónsson, S.-M.,	Magnús Blöndahl,
Jón Magnússon,	Ólafur Briem,
Pétur Jónsson,	Sig. Gunnarsson,
Skúli Thoroddsen,	Þorleifur Jónsson.
Stefán Stefánsson.	

Tveir þm. (Jón Þorkelsson og Sig. Sigurðsson) voru fjarverandi.

Málinu þar með lokið.

Farmgjald.

FRUMVARP til laga um farmgjald af aðfluttum vörum (A. 547); 1. umr. 24. apríl.

Framsögumaður (Björn Kristjánsson): Meiri hluti tollanefndarinnar hefir leyft sér að koma fram með frv. þetta. Eins og kunnugt er liggur fyrir þinginu frumv. til laga um aðflutningsbann á áfengi og allar horfur á því, að það verði samþ. Það er því sýnilegt, að tekjur landsins hljóti að rýrna að miklum mun í náinni framtíð. Það er því áríðandi fyrir þetta þing að finna einhvern heppilegan veg til þess að fylla upp í það skarð. Milliþinganefndin hefir slept því að gera nokkra

áætlun um það, svo að þingið verður nú að taka það til athugunar að einhverju leyti. Að öðru leyti má búast við því, að tekjur landsins af tollum verði minni í þetta skifti en endranær, því að nú er ilt árferði og ýmislegt, sem að því stuðlar.

Af þessum ástæðum er frumv. þetta fram komið, til þess að finna leið til þess að bæta landssjóði þær tekjur, sem hann kann að missa við aðflutningsbannið og hið illa árferði. Hér er farið fram á nýtt fyrirkomulag, sem er bygt á hagfræðisskýrslum, en sem ekki er nákvæmt, vegna þess að þær eru samdar á þann hátt, sem þær eru samdar og alveg ófullnægjandi til þess að þessi skattgrundvöllur verði verulega á þeim bygður, þar sem vöruþyngdin er ekki ákveðin þar nema á sumum vörum, kornvörum og fleiri tegundum. Því hefir verið haldið fram, að hyggilegt mundi vera að leggja á allar vörur aðfluttar eitthvert gjald, sem kallað hefir verið »faktúru«gjald, en slíkt er óframkvæmanlegt að borga vissan hundraðshlut af reikningunum, því á margan hátt væri hugsanlegt að koma því svoleiðis fyrir, að tollsvik ættu sér stað, t. d. þar sem svo er ástatt, að eigandinn gerir kaup erlendis eða ef hann býr þar, þá væri ósköp hægt fyrir hann að skjóta helming undan af faktúrum og verðinu, svo að eins helmingur kæmi til tolls. Faktúrutollshugmyndin er því óframkvæmanleg. En nú hefir nefndinni dottið í hug ný leið, sem í rauninni er hið sama og faktúrutollur og hún er sú, að leggja eittvert víst gjald á hver 100 pd. af vöru, sem kæmi til landsins. Þessi leið hefir þann kost, að hún þarf ekkert sérstakt tolleftirlit og að ekki er hægt að svikja toll, því að útlend lög mæla svo fyrir, að vigt sé tilgreind á farmskrám og hleðsluskírteinum og leggja að minsta kosti í Þýzkalandi og víðar háar sektir við, ef út af er brugðið.

Til þess að sýna, hvernig þetta mundi líta út, skal eg taka nokkur dæmi, miðað við útsöluverð 1906.

Af kornvöru	2½	%
— timbur	2	—
— brauði	1	—
— eplum	1	—
— nýlenduvöru	¾	—
— kaffi etc.	¾	—
— tóbaki	1	—
— steinolíu	1	—
— vefnaðarvöru	1	—
— eldavélum	1	—
— járnvöru	¾	—
— hljóðfærum	1	—
— þakjárni	1	—
— glysvarningi	1	—

Þannig lítur það nú út og getur hver maður séð, að ef maður vill hækka eða lækka gjaldið af einni vörutegund, þá er ekki annað en að draga frá eða leggja við þá vörutegund það af hundraði, sem maður vill hækka eða lækka. Hér liggur t. d. næst fyrir að lækka gjaldið af korninu ofan í 10 aura af 100 pd., sem mundi þá nema um 1%, eins og af flestum hinum vörunum.

Þannig má með þessari aðferð fá sama »skalann« og við faktúrutoll — en það sem eg nú hefi lesið upp er að eins dæmi til skýringar og getur auðveldlega verið, að það verði öðruvísi hjá nefndinni, hærra á sumum vörutegundum og lægra á öðrum. Og mun hún koma með breyt.till. um það. Þessi útreikningur er ekki ábyggilegur, vegna þess hversu þessar skýrslur eru óábyggilegar og ónákvæmar, nema þar sem vigt varanna er ákveðin, og þess vegna þarf að búa til þessi lög á þessu þingi, til þess að fá fulla vissu fyrir því, á hverju eigi að byggja á næsta þingi.

Vona eg að deildin fallist á þetta einróma, svo að hægt sé að undirbúa málið til næsta þings.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Þetta frumv. kvað vera frá meiri hluta tollmálanefndarinnar, en eg, sem var í minni hluta, var þessu mótfallinn, og þótti þetta illa ráðið af meiri hlutanum. Það hefir verið talað um að nota þetta til þess að bæta upp aðflutningsbannið, eða fylla það skarð og jafna þann tekjuhalla, sem aðflutningsbannið hlýtur óhjákvæmilega að valda landssjóði.

En bannlögin komast ekki í gildi fyr en í árslok 1912, ef það verður þá fyr en 1915; og síðustu árin áður verður auðvitað mjög mikill tollur. Það ber því enga þörf til að flaustra nú af vanhugsuðum toll-lögum og slíta þau út úr öllu sambandi við skattamál landsins. Það er nægur tími á næsta þingi 1911 til að fara að gera lög til uppbótar tollmissinum af áfengi. En það er alt annað mál, að þetta mun eiga að vera nokkurs konar flotholt, til að fleyta fram frv. um kaup á Thorefélagsskipunum.

Annars eru ákvæði þessa farmgjaldsfrumv. vanhugsuð og ranglát í alla staði. Leggja jafnmikið á pundið í gulli, silfri, silki, eins og í járni, kornvöru, pappír, soda o. s. frv., og tolla þannig alt, sem varningur heitir, nauðsynjavöru jafnt sem óþarfa. Eg veit að allir munu þekkja málsháttinn: »Gefðu fjandanum litla fingurinn, og hann mun gleypa alla hendina«. Svo veit eg, að það örþrifaráð mundi tekið verða, hve nær sem á þætti þurfa að halda, að hækka þennan toll um svo og svo mörg prócent. Og það þarf naumast að kvíða fyrir því, að ekki verði nægilegur tekjuhalli, af öllu þessu spilaborgarbraski stjórnar-gæðinganna. Háttv. flutnm. (B. Kr.), talaði mikið um það, að hann hefði þetta alt útreiknað, og fjasaði undrin öll um reikningsvizku sína. Hann meir að segja rakti í sundur lið fyrir lið, hve margar prócentur legðist á verð hverrar vörutegundar; en hverjum heilvita manni er auðsætt, að það er ógerningur. Tökum t. d. klukkur og úr, sem flutnm. telur einn flokk. Hvernig í dauðanum fer hann að reikna út, ef 25 au. gjald er á pd. eða teningsfet, hvað miklu það gjald nemi af verðinu. Sumar klukkur eru stórar, úr örsmá sum. Af tveim jafnstórum úrum getur annað kostað 4 kr. en hitt 400 kr.

Allur hans verðreikningur er helber vitleysa og ekkert annað.

Hann segir gjaldið svo lágt, að það verði ekki tilfinnanlegt. 25 au. á 100 pd. af rúgi, verða 50 au. á tunnuna; og kaupmaður leggur auðvitað á þetta 50 au. gjald eina 25 au. til. Þá er rúgtunnan stigin um 75 au. Hefði nú tunnan farmgjaldslaust verið seld á 14 kr., þá hækkaði verðið um meira en 5%. Fátæklingar finna til þess. — Soda þurfa allir að kaupa. Þegar hann kostar kaupmann 1 kr. 100 pd. í innkaupi, og þar við bætist 25 au. í farmgjald, þá er innkaupsverðið hækkað um 20% eða 1/5.

Í pottatali verður að selja steinolíu 1 eyri dýrara pottinn. Það eru einmitt fátæklingarnir, sem verða að kaupa einn pott af henni í einu. Og þá munar um hvern eyrinn.

Svo eru undantekningarnar. Af því að 2. þm. Rvk. (M. Bl.) var ekki um þetta gjald gefið, þá undantók flutnm. timbur, rúðugler, sement og kalk — byggingaefni — til að friða hann. En þótt þetta sé nauðsynjar, þá er það ekki meiri nauðsynjavara en korn, sóda, steinolía og margt annað. Þetta

er jafnt hrossakaupaverk sem handahófsverk.

Hinn heiðraði framsm. (B. Kr.) talaði um að þetta væri hér um bil sama sem faktúrugjald. Nei, það er svo ólíkt eins og eir og gull. Faktúru-tollur er tollur á verði varnings, en ekki þunga eða rúmmáli. Faktúru-tollur er að því leyti eins sanngjarn tollur eins og farmgjaldið er ósanngjarnt. — Hitt er annað mál, að hér yrði líklega mjög örðugt að koma faktúru-tolli við, því að kaupmaður getur látið setja hvaða verð, sem hann vill, í faktúru sína.

Frakkar hafa þó reynt það gjald (faktúru-toll), og höfðu þau ákvæði í lögunum, að ef tollheimtumanni þótti ástæða til, gat hann tekið vöruna af kaupmanni, og eignaðist landssjóður hana þá gegn því að borga kaupmanni faktúru-verðið. Með því móti var ekki eigandi undir því fyrir kaupmann að setja á vöruna lægra faktúru-verð heldur en það sem hann hafði sjálfur gefið fyrir hana.

Skattamálin eru svo mikilsverð, margbrotin og vandasöm, og standa öll í svo nánu sambandi, að ógerningur er að taka svona eitt þeirra og ætla að flaustra því af á fáum dögum. Væri slíkt tekið til bragðs, yrði það sú mesta afmán. Eg leyfi mér því að skora á háttv. flutnm. (B. Kr.) að taka tillögu sína aftur, annars vona eg að hún verði steindrepin að öðrum kosti; því hún er þannig vaxin, að hörmuleg fásinna væri að samþykkja hana.

Framsögumaður (Björn Kristjánsson): Það ætlar ekki að verða endaslept þetta þóf á milli okkar háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) og mín, því alt af eru skoðanir hans gagnstæðar mínum skoðunum, þannig að hver um sig er alt af á sínu máli. (*Jón Ólafsson*: Saman um sumt). Það er víst fátt. Hann, þessi háttv. þm. (J. Ól.) lét þess getið, að hið mesta ósamræmi hefði drottnað í nefndinni. En þá er þar til að svara, að slíkt er fjarlægt sannleikanum, því eg hygg að sjaldan hafi verið jafn gott samkomulag og samræmi í nokkurri nefnd, enda slík ummæli höggið of nærri honum sjálfum.

Eg get fullvissað háttv. þm. (J. Ól.) um að bannlögin muni koma í gildi árið 1912 en ekki 1915. Flotholtstilgátan, í tilefni af Thorefélags-tilboðinu er ekki sannsýnileg, því eg mun ekki hafa gefið neitt tilefni til þess, að slíku væri beint til mín. En hér er hann í sinni réttu mynd, og fylgir sínum gamla vana, því honum hefir ávalt staðið á sama hvað hann hefir sagt um menn og málefni, sama hvort hann hefir haft rangt mál að verja eða rétt, barist með réttu eða röngu. Hann sagði að % væri ákaflega ójafnt á öllum vörum. En nú er því þó svo varið samkvæmt núverandi tolllöggjöf, að á hverju sykurpundi t. d. er tollurinn um 60%. En enginn tollur t. d. á silki. Þegar talað er um jöfnuð á tolli á vörum, eins og nú stendur, þá er ekki annar vandinn, en líta á tollögin. En þar er nú beitt hinum mesta ójöfnuði sem unt er. Sú skoðun hefir komið fram, að þessi hái tollur væri eins og hegning á þá, er þessar vörur nota, og þeir eru margir. — Fyrir hálfri öld eða jafnvel fyrir 20—30 árum síðan, voru þessar vörur skoðaðar ónauðsynlegar, og enn eru þær nefndar ónauðsynjavörur eða munaðarvörur, þó enginn geti borið á móti því, að þær eru nú álitnar eins nauðsynlegar á hverju heimili, eins og maturinn manni.

Þetta hefði auðvitað ekki verið gert, ef ekki hefði nauðsyn borið til að afla landssjóði tekna á þann hátt, en þessi tollálagsstefna hefir hvergi þrifist

nema á Íslandi. Ekki verður annað sagt, en mjög rétt sé farið að með því, að leggja um 1% á hverja vörugrein. — Þrátt fyrir nákvæma umhugsun og athugun, þá hef eg ekki getað fundið aðra heppilegri leið. Hann sagði, að lagðar væru 4% á steinolíu, en það má auðvitað eins leggja 1% á hana, ef svo sýnist. Eg tók það fram, að frumv. þetta kæmi fram til þess að geta haft reynsluna fyrir sér árið 1911, þegar skattamálin kæmu fyrir, að þá yrði eitthvað til að byggja á, og að þá yrði þetta frumv. endurskoðað. — Annað eða meira er ekki meint með þessu frumv., hvað sem hinn háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) vill teygja út úr því með sinni alkunnu góðgirni.

Háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) sagði, að með þessari aðferð væri ómögulegt að fá réttan og ábyggilegan tollstofn, og því talaði hann um frestun þessa máls til næsta þings. Á næsta þingi er líka hægt að haga sér eftir því, sem reynslan þá hefir sýnt, hækka gjaldið á sumum vörutegundum og lækka á öðrum, þó eg geri ráð fyrir, að breytingin verði ekki mikil. — Hér á landi stendur alveg sérstaklega á, þar sem landið hefir enga tollþjóna og þolir ekki að borga þeim, þess vegna verður að finna aðrar leiðir, en önnur lönd nota, til þess að ná í tekjur; hér er ekki hægt að taka á toll-álögum með öðrum eins silkihönskum og gert er í útlöndum, þar sem æfður tollþjónn er á hverju strái, sem þekkir nákvæmlega vörutegundirnar, samsetning þeirra og gæði, sem toll-álagið fer eftir.

Eg veit ekki til þess, að lögreglustjórar vorir séu svo verzlunarfróðir, að þeir geti dæmt um vörugæði, og eg held því, að háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) sé því óhætt, að vera á þeirri skoðun, að slíkt sé óframkvæmanlegt hér á landi að miða toll eftir vörugæðum og dýrmæti, eða fara nær því en meiri hluti nefndarinnar hefir gert í þessu frumv.

En eins og eg tók fram í dag, þá verður að ransaka þessa leið þegar í stað, því það er of seint 1911.

Jón Jónsson (S.-Múl.): Eg bið ekki um orðið til að mótmæla eða mæla með þessu frumv. Nú er mjög liðið á þingið, en eg hef ekki haft tíma til að rannsaka eða athuga allar tillögur frumv. Það getur ef til vill verið einhver skynsamlegur kjarni í aðalatriði þess því aðal-atriði, að útvega landssjóði fé á þennan hátt. En maður verður að gera sér grein fyrir því, hve miklu þetta muni nema fyrir landssjóð. Eg hef ekki fengið neinar upplýsingar frá háttv. frmsm. (B. Kr.) um það, hve mikill muni verða tekjuauki landssjóðs af þessu.

Eg sting upp á því, að mál þetta sé að eins rætt, en ekki afgreitt frá þinginu sem lög, því að það er of lítill tími til að fjalla rækilega um það. — Það er sjálfsagt réttara að fela það millþinganefndinni í skattamálunum til athugunar til næsta þings. Eg tel víst, að frumv. þurfi mikið að breyta, og því legg eg þetta til, að því verði vísað til þeirrar nefndar. Eg vil og minna á það, að allar tillögur hennar voru lagðar fyrir þetta þing og faldar nefnd til athugunar í þingbyrjun. — Enn þá hefir sú nefnd ekkert látið til sín heyra um þau efni, og var það þó víst tilætlunin, að hún gæfi út álitsskjal um till. milliþinganefndarinnar. Það álitsskjal kemur væntanlega bráðum eða einhvern tíma áður en þingi slítur. Milliþinganefndin ætlar, eins og kunnugt er, að yfirvega öll skatta- og tollmálin á ný fyrir næsta þing, og því sýnist rétt og sjálfsagt, að hún fái

líka tillögur þessa frumv. til athugunar.

Framsögumaður (Björn Kristjánsson): Eg ætlaðist til, að þetta frumv. næði fram að ganga á þessu þingi, því að öðrum kosti er ekkert til þess að byggja á á næsta þingi, ef menn hugsa sér, að velja þessa leið til þess að afla landssjóði tekna. Án ábyggilegrar skýrslu, er ekki unt að semja toll-lagaskrá.

Hvað það snertir, að vísa þessu til milliþinganefndar, þá er það sama, sem vísa til þingsins, því hennar störfum er lokið, og hún hefði heldur ekki neitt betra að byggja á í þessu efni, en nefndin, þó hún enn ekki hefði lokið störfum sínum.

Jón Jónsson (S.-Múl.): Eg verð að lýsa yfir því, að þegar eg nú heyri það af vörum háttv. frmsm. (B. Kr.), að það sé tilætlun flutningsmanna, að þetta frumv. verði að lögum nú, þá mun eg greiða atkvæði móti því. — Eg vil ekki styðja að því með atkvæði mínu, að þingið geri sig sekt í slíkri hroðvirkni, sem hér á sér stað. Þetta mál er fram komið á síðustu stund, og það skortir auðsjáanlega allan nauðsynlegan undirbúning. — Sjálfur frmsm. (B. Kr.) hefir ekki gert sér ljóst, hvernig lög þessi verða í framkvæmdinni, né heldur hver áhrif þau muni hafa á tekjur landssjóðsins.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Eg hef lítið að segja. Eg skal fyrst vísa frá mér svívirðingarorðum háttv. 1. G.-K. (B. Kr.). Hann sagði, að mér væri sama, hvað eg segði um menn og málefni. Mér þykir hæfa að benda á, að hann hefir þrisvar í dag verið á fám mínútum staðinn að því að fara með lygi, og einu sinni að minsta kosti vísvitandi.

Hann skýrði frá því, að tilgangurinn með frumv. væri sá að útvega skýrslur. Á nú að fara að leggja almennan toll á alla landsmenn, þann toll, er nemur tugum þúsunda króna, að eins til þess að ná í skýrslur? Hann hefir líka nýlega fengið samþykt frumv. um verzlunarskýrslur og hefði því verið innan handar að koma þar inn skýrslum þeim, sem hann vill fá í þessu efni, — ef hann annars skilur sjálfan sig.

Eg skal ekki fara langt út í það, hversu mikið ósamræmi er í því, hve misjafnt gjald er lagt á vörurnar; á þarfa-vöru eins og t. d. sóda á að leggja 20—25%, og nær það ekki nokkurri átt.

Það mun stafa af því, að þeim þykir nauðsyn að bæta upp tekjuhallann, sem af aðflutningsbanninu leiðir, að nú á að hroða af þessu frumv. En nú er ráðgert í efri deild, að aðflutningsbannið komist ekki á fyr en 1915. Hinn háttv. þm. G.-K. (B. Kr.) segir, að það komist á 1912. En er þá ekki þing 1911, og er ekki nógur tíminn að koma með þetta frumv. þá? Ekki er hætt við öðru, en að nóg verði pantað af sopanum 1911 til þess að birgðir verði til, og mun tollurinn af þeim birgðum vega upp í móti tekjuhallanum af aðflutningsbanninu. Það er því gersamlega nauðsynjalaust að hroða þessu frumv. nú af. Á næsta þingi verður vonandi skattamálafrumv. borið upp nógu snemma, svo að ekki þurfi að flaustra því af.

Framsögumaður (Björn Kristjánsson): Eg vísa frá mér þeim ósannindum háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.), að eg hafi þrisvar farið með vísvitandi lygar. Eg sagði það af fullri sannfæringu, að hann léti sér ekki fyrir brjósti brenna, þótt hann hermdi rangt bæði

um menn og málefni; öll deildin veit það, og þess vegna tekur enginn tillit til þess, sem hann segir; öll deildin veit, að hann er svo óvandur að röksemdum. *(Jón Ólafsson:* Það er lygi!) Eg tek með ánægju við skammaryrðum háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.), þau eru beztu meðmæli fyrir mig. *(Jón Ólafsson:* Háttv. þm. er vanur að iðka lygina). Eg veit, að enginn tekur mark á því, sem hann segir, og það sem eg hér hefi sagt tek eg ekki aftur, né breyti því, því það mundi ríða í bág við sannfæring mína.

ATKV.GR.:

Frv. vísað til 2. umr. með 14 atkv. gegn 9.

Önnur umr., 26. apríl, (A. 547, 627).

Framsögumaður (Björn Kristjánsson): Nefndin hefir leyft sér að koma fram með breyt.till. við þetta frumv., eftir nánari athugun á »prósentum« af gjaldi af þessum vörum. Það kom í ljós, að af nokkrum vörum urðu »prósenturnar« hærri en 1%, svo sem af korni, steinolíu og timbri. Nefndin hefir því lagt til, að af korni verði 10%, steinolíu 5% og 1½% af ferhyrningsfeti af timbri. Eftir þessu ætlar nefndin, að gjaldið verði nálægt 1% af flestum vörum.

Eg skýrði við 1. umr. þessa máls allrækilega, hve mikil þörf væri á að þetta frumv. næði fram að ganga, það væri nokkurs konar undirbúningur undir væntanlega tollllöggjöf (á næsta þingi), og skal því ekki fara um það fleiri orðum nú. Þó vil eg geta þess, að undir þann vöruflokk, er undanskilinn er þessu gjaldi, teljast prentaðar bækur. Skal eg svo ekki tala frekar um þetta mál að sinni.

Pétur Jónsson: Eg ætla ekki að tala mikið um þetta mál, þótt það sé í rauninni mikilsvert; mér hefir ekki gefist kostur á að íhuga það nógu rækilega. Eg álít, að þetta mál hafi ekki fengið þann undirbúning, að hægt sé að greiða atkv. um það með fullum rökum.

En eg vil að eins gera athugasemd við það, að þetta frumv. er sett í samband við verzlunargjald (faktúrugjald), og sé þó ekki, að það eigi neitt verulega skylt við það. Verzlunargjald er verðtollur og að því leyti ólíkt öðrum tollum, er reiknast eftir máli og vigt, og verðtollar hafa verulega yfirburði, þegar þeir eru framkvæmanlegir. Eg vil líka stuttlega taka það fram, að sá ókostur er á verzlunargjaldi, að það legst á lífsnauðsynjar jafnt og aðrar vörur og þess vegna á þá menn, sem ekkert gjaldþol hafa. Það þykir mikill annmarki. En af því að eg býst ekki við, að verzlunargjald geti orðið mjög hátt sem hundraðsgjald, þá er ekki ástæða til að vera því mótfallinn. En þetta gjald hefir sama annmarkann að þessu leyti, þar sem það er á lífsnauðsynjum, en legst einmitt á þær með margföldum þunga, af því að flestar lífsnauðsynjar eru þungavara. Það gæti verið réttmætt að setja lítið bráðabirgðagjald, en ekki hátt eða neitt megingjald; þar á móti er verzlunargjald vel fallið til þess.

Eg skal játa, að gjald þetta er framkvæmanlegra og léttara í innheimtu, en verðtollur eða verzlunargjald.

Framsögumaður (Björn Kristjánsson): Munurinn er sannarlega ekki stór. Á þeim vörum, sem vigtaðar eru, kemur þetta niður alveg eins og faktúrutollur. Vitanlega ekki eins hægt að segja um þær vörur, sem ekki eru vigtaðar. Annars kemur

þetta gjald mjög jafnt niður á vigtuðum vörum.

Háttv. þm. (P. J.) gat þess, að hann vildi helzt ekkert verzlunargjald yfir höfuð, allra sízt á nauðsynjavörum. En mér fyrir mitt leyti er algerlega sama, hvort eg borga 10 aura af mjölsekk eða einhverri annari nauðsynjavöru, því þær vörur eru svo margar, sem eiga það nafn skilið.

Menn verða að leggja tollana á, með það tvent fyrir augum, að auka með þeim hag landssjóðs, og eins hins, að þeir komi sem jafnast niður.

Pétur Jónsson: Eg er hræddur um að háttv. framsm. (B. Kr.) hafi ekki heyrt rétt vel til min áðan. Eg taldi það einmitt til kosta, að svo auðvelt væri að afla skýrslna um þetta efni. Það sem eg fann að því var því í svip þetta, að það kemur svo afarhart niður, ef það á að verða nokkuð meingjald, á lífsnauðsynjum og þar af leiðandi á þeim mönnum, sem svo eru fátækir, að þeir geta ekkert veitt sér nema óhjákvæmilegar lífsnauðsynjar. Slíkir menn hafa ekkert gjaldþol og eiga því að sleppa hjá opinberum gjöldum.

Framsögumaður (Björn Kristjánsson): Þar sem tollar eru almennir, er ekkert tillit tekið til þess, hverjar vörurnar eru, sem tollurinn er lagður á. Í Þýzkalandi er t. d. rúgtunnan tolluð með þrem mörkum.

ATKV.GR.:

Breyt.till. (627) við 1. gr., sþ. með 15 samhlj. atkv.

1. gr. með áorðnum breyt. sþ. með 15 samhlj. atkv.

2., 3., 4., 5. gr. samþ. með 12 samhlj. atkv.

6., 7., 8., 9. gr. samþ. með 13 samhlj. atkv.

10., 11., 12., 13. gr. samþ. með 12 samhlj. atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr, með 15 : 1 atkv.

Þriðja umr., 1. maí, (A. 649, 661).

Jón Jónsson, (S.-Múl.): Það er ekki rétt, sem háttv. framsm. (B. Kr.) sagði, að eg ætlaði að gera hvell mikinn út af þessu máli. Eg get fullvissað hann um, að mér er það als ekkert kappsmál. Eg veit heldur ekki, hvaðan h. framsm. (B. Kr.) hefir það, að ummæli kaupmanna og áskoranir séu pantaðar. Að minsta kosti hefi eg engan þátt átt í því, en hverju sem því líður, þá verður því ekki með rökum á móti mælt, að mál þetta er mjög illa undirbúið, algerlega vanhugsað, að minsta kosti ekki svo ransakað, að það sé rétt af deildinni að keyra það í gegn nú á þessu þingi. Framsm. (B. Kr.) fanst hlægilegt að kaupmenn skyldu skifta sér af þessu máli; þeir hefðu ekki svo mikið vit á því, en má eg spyrja, hvaða þekkingu skyldum við þm. hafa á þessu máli móts við kaupmennina sjálfa?

Framsögumaður (Björn Kristjánsson): Það mátti búast við að það yrði hvellur út af þessu máli hjá minni hlutanum. Hinn háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) áleit málið illa undirbúið, og kvað það ekki eiga að öðlast samþykki deildarinnar, en hann gleymdi alveg að færa minstu ástæðu fyrir sínu máli. Aftur á móti hefi eg fært glöggar og gildar ástæður fyrir því, að frv. þetta eigi að ná fram að ganga, einmitt á þessu þingi, til þess að næsta þing hefði eitthvað á að byggja í þessu máli, og það sem eg hefi sagt málinu til stuðnings verður ekki hrakið með réttum rökum; það var því engin ástæða til þess fyrir háttv. þm. að fara að panta mótmæli úr fjarlægum hér-

uðum. — Að málið sé illa undirbúið frá nefndarinnar hálfu er að vísu satt, að því leyti sem nefndina vantaði allar ábyggilegar skýrslur, en þær mundu alveg eins vanta á næsta þingi, og þær mundi alveg eins vanta í skattamálanefndinni; hún mundi ekki geta notað aðrar skýrslur en þær, sem nefndin hefir notað. Málið er því eins vel undirbúið og kostur er á, með þeim gögnum, sem nú liggja fyrir. — Að það geti haft nokkra þýðingu fyrir framgang þessa máls, að 36 kaupmenn hér í bænum hafa sent áskorun um, að samþykkja aldrei þessi lög, fæ eg ómögulega séð. En aftur á móti finst mér það undarlegt, að kaupmannastéttin skuli vera að skifta sér af þessu máli, eða af löggjafarstarfi þingsins, því mér vitanlega hefir kaupmannastéttin hingað til hvorki hreyft hönd né fót til þess að koma lagi á verzlunarlöggjöf landsins, nema eitt ómerkilegt frumv., sem þeir hafa sent hér inn á þingið í þetta skifti, (frumv. um verzlunarlærlinga), þótt þeim ætti að vera það fullkunnugt, að verzlunarlöggjöf landsins er í kalda koli. — Að segja annað eins og að þetta sé varhugavert og ósanngjarnt, nær ekki nokkurri átt, og má eg spyrja þessa háttv. kaupmenn: Hvar ætlast þeir til að tekjur landssjóðs séu teknar?

Þá var minst á umbúðirnar. Já það getur vel verið, að umbúðir á öli séu nokkuð þungar í samanburði við innihaldið, en þar sem ekki er ólíklegt, að ölskattur verði hækkaður á næsta þingi, þá fæ eg ekki séð, að það geri svo mikið til, og get als ekki kallað það neinn galla. Að þetta sé ójafnaðarskattur — jú, hvaða skattar eru ekki ójafnaðarskattar; eins og nú er er jöfnuðurinn engin. Eg hefi áður sýnt fram á, að ómögulegt er að koma á faktúrutolli nema með því að komið verði á tolleftirliti, og hvern kostnað mundi það ekki hafa í för með sér? — Það er þess vegna ekki hægt að taka með eins mjúkum silkihönskum á toll-löggjöfinni hér og annarstaðar. Eg er viss um, að þjóðin tekur þessum lögum vel, og ef annmarkar yrðu á þeim nú, þá má bæta úr því á næsta þingi. Eg fæ því als ekki séð, að þingið þurfi að taka neitt tillit til þessara áskorana, sem hingað hafa borist, enda borga kaupmenn minstan hluta af tollinum, og þar að auki er þessi skattur svo lágur, að varla nokkur maður mun finna til þess að greiða hann.

Jón Ólafsson: Eg verð að taka undir með háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) og vera honum samdóma um það, að frumv. sé vanhugsað og slitið út úr skattalöggjöf landsins og þar að auki svo illa undirbúið, að ekki geti komið til mála að hrapa að því að samþykkja það á þessu þingi.

Aanars hefi eg aldrei heyrt jafnskringileg umyrði eins og þau hjá h. þm. G. & K. (B. Kr.) að kaupmenn varðaði ekki um þetta mál. Hverja skyldi varða það meira? Hafa þeir ekki mesta reynslu í þessu máli? Eg hefi aldrei heyrt, að bændur varðaði ekkert um búnaðarmál eða sjómenn um mál þau, sem viðkoma sjávarútveg. Kaupmenn eiga að vera eina stéttin í landinu, sem ekki varðar um atvinnuveg sinn. Sízt hefði mig varað að heyra slíkt af vörum kaupmanns, og ekki öfunda eg hann af orðstír þeim, sem hann getur sér meðal stéttarbræðra sinna við framkomu sína í þessu máli. Háttv. þm. kannaðist við það, að málið væri alveg óundirbúið, enda er ómögulegt að hafa minstu hugmynd um, hversu miklum tekjuauka lands-

sjóður gæti átt von á, ef þetta yrði sþ. og jafnómögulegt að fá nokkra hugmynd um, hve miklu tollurinn nemi af verði mýmargra vörutegunda. Þar að auki eru í frumv. allar vörur tollaðar jafnt eftir þunga eða rúmmáli, hvort heldur er matvæli. eldspýtur, stál, kol og annað það, sem alment eru kallaðar lífsnauðsynjar eða silkið, sem háttv. flutnm. verzlar með. Þar að auki eru, eins og bent hefir verið á, lagður tollur á umbúðir vörunnar, sem oft als ekki eru eign þess, sem vöruna fær, heldur léðar utan um sendinguna og endursendar svo. Af þessum umbúðum hefir viðtakandi engan hag og það er því gersamlega rangt að leggja toll á lánaðar umbúðir. Eg held, að úr því að skattamál landsins eiga að koma fyrir næsta þing, þá sé bezt að láta þetta mál bíða, þangað til því máli verður ráðið til lykta.

Framsögumaður (Björn Kristjánsson): Eg vona að háttv. deild lofi þessu frv. að ganga sinn veg upp í Ed. Eg mótmæli því, að þetta mál sé vanhugsað. Það stendur ekki í sambandi við neina þörf á því, að milliþinganefnd athugi það. Eins og kunnugt er, þá gerði milliþinganefndin ekki ráð fyrir aðflutningsbanni á áfengum drykkjum. Hér er hentug leið fundin til þess að bæta upp þann tekjuhalla, er landssjóður verður fyrir, vegna aðflutningsbannsins. Það er margtekið fram, að milliþinganefndin hefir ekki betri gögn í höndum til þess en þingnefndin.

En svo eg snúi mér aftur að sjálfu frumv., þá get eg staðhæft að með $^1/_2$—$1^1/_4$ prc., eru allar þær vörur, sem finnast í skýrslunum frá 1906, rétt útreiknaðar, nema kartöflur, sem stafar af ritvillu. Aðrar vörur, sem tilgreindar eru að eins í krónum, getur ef til vill orðið nokkur ágreiningur um og til þess að geta fundið hinn rétta mælikvarða, þarf sú athugun að ná yfir tveggja ára tímabil. Eg tók það fram um daginn, að tollllögin eru nú mjög ónákvæm og beinlínis ósanngjörn og óréttlát, að því er mér virðist, og þess vegna þurfti háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) ekki að vera að gera mikið úr því þó smáójöfnuður fyndist í þessu frv., sem ekki mundi nema meiru en $^1/_2$—1%, frumv. sem á að lifa óhaggað að eins í 2 ár.

Háttv. þingm. þekkir víst tollinn á sykri, kaffi og fleiru; þar er ekki um mikinn jöfnuð að ræða, mikið minni jöfnuð en felst í þessu frumv. Og þó að farmgjald þetta væri hnífjafnt lagt á vörurnar í »prósentum« í frv. hvaða tryggingu hefir háttv. þingm. þá fyrir því, að kaupmenn leggi tollinn jafnt á, þegar þeir fara að selja vöruna? Eg ætla að benda á, að enginn tollur er nú á silki né öðrum vefnaðarvörum og virtist mér þó mjög eðlilegt að svo væri. Það er satt, sem sami háttv. þm. sagði, að óeðlilegt væri að tolla umbúðir. Eg hefi verið við verzlun í mörg ár, þar sem mikið var selt af tóbaki, en umbúðirnar voru sama sem engar. Þó að væru teknir 25 aurar af hverjum 100 pundum tóbaks, með umbúðum, þá munaði ekki mikið um það í verðinu. Þetta frumv. er búið að vera nokkuð lengi til umræðu hér í deildinni, enda ætti ekki að þurfa að ræða það mikið frekar, þar sem meiri hlutinn er því samþykkur. Það er hægt að sneiða hjá öllum göllum farmgjaldsins, og engin hætta á því, að það reynist skaðlegt, eins og einn nefndarmaður hélt fram. Mér virðist málið liggja svo afarljóst fyrir og að örðugt sé að finna betri mælikvarða fyrir skattgjaldi. Háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) sagði, að bannað yrði að flytja vörur í land fyr en búið væri að greiða

farmgjaldið af þeim að fullu. Það er satt, að banna má að flytja vörurnar í land, fyr en gjaldið er greitt, og svo er það með allar tollskyldar vörur, en venjulega leyfa þó lögreglustjórar að flytja þær í land án þess, þó að löggjöfin skýrt ákveði um hið gagnstæða. Það er að eins undantekning, ef lögreglustjórar fara öðruvísi að, og þá eingöngu sprottið af vantrausti til þess kaupmanns, er á hinar tollskyldu vörur. Þess vegna eru slík ákvæði hættulaus í framkvæmdinni, en verða þó að vera svona til þess hægt sé að ná tollinum hjá óreiðumönnum. Eg tel rétt, að tollar nái til als almennings, og að lágur tollur eða skattur eigi því að hvíla á sem flestum vörum.

Eg sé að háttv. 2. þm. S.-Múl. (J.Ó.) byggir allmikið á áskorunum nokkurra kaupmanna, sem smalað hefir verið saman síðustu dagana í Reykjavík, á Ísafirði og Akureyri. Mikið hefir þótt við liggja. Því fer fjarri, að kaupmönnum komi þetta frumv. við fremur en öðrum kjósendum í landinu, því auðvitað er þeim einum ekki ætlað að bera gjaldið. Áskoranir þessar verða því að skoðast sem komnar frá 70—80 kjósendum landsins og alveg órökstuddar, því hvað vita t. d. kaupm. á Akureyri og Ísafirði um frumv., sem þeir aldrei hafa séð með eigin augum. Annars eru kaupmenn ekki vanir að skifta sér mikið af tolllögum, sem þingið semur, né löggjöfinni yfirleitt. Öll verzlunarlöggjöf landsins er í kalda koli, og þó hafa kaupmenn í Reykjavík að eins haft upptökin að einu mjög litilsverðu frumv. á þessu þingi, frv. um lærlinga við verzlanir.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Háttv. flutningsmaður (B. Kr.) hélt því fram, að prósenttal hans væri alveg reikningsrétt. En eg vil aftur fullyrða, að það sé alt meira og minna hringlandi vitlaust. Vér höfum hér í höndum annað prósenttal — annan reikning um það, hversu gjald þetta komi fram í hlutfalli við verð varningsins. Og þessi reikningur vor er saminn af reikningsfróðustu kaupmönnum hér í bænum, mönnum, sem eru betur að sér og miklu samvizkusamari og vandvirkari en flutningsmaður frumv. (B. Kr.) Og þegar vér lítum á ýmsar vörutegundir, sem standa bæði á reikningi hans og þeirra, þá vill nú skakka æði miklu.

Flutningsmaður lét mikið yfir því, hve vandvirknislega skýrsla sín væri samin, og þegar eg véfengdi fyrir honum tunnatölu þá, er hann sagði hefði flutst hingað tiltekið ár af kartöflum, þá sagðist hann skyldi ábyrgjast, að tölur sínar væri teknar nákvæmlega rétt úr verzlunarskýrslum Stjórnartíðindanna. En hvað reynist? — þegar flett er upp bókinni og honum sýnd hún, þá verður hann að játa, að tala hans sé rammskökk, en afsakar það með því, að það hafi »bara gleymst hjá sér eitt eða tvö núll« aftan af í ógáti!!!

Þetta er nú vandvirkni flutningsmanns! Svona er treystandi því, sem hann býðst til að ábyrgjast að rétt sé!!

Það er þó ofurlitill munur að einu eða tveim núllum í reikningi — meiri munur en að einu núlli á þingmannabekkjunum.

Það er ekki lítill munur á 20 tunnum og 200 tunnum eða 2000 tunnum.

ATKV.GR.:

Breyt.till. á þskj. 661 samþ. með 13 atkv.

Frumv. þannig breytt samþ. í heild sinni með 12 : 4 atkv. og afgreitt til Ed.

Landssjóðshluttaka í Íslands banka.

FRUMVARP til laga um heimild fyrir landssjóð til að kaupa hlutabréf í Íslands banka og til að gefa út landssjóðsskuldabréf (A. 521); 1. umr., 21. apríl.

Framsögumaður (Magnús Blöndahl): Nefnd sú, sem háttv. deild kaus til að íhuga peningavandræðin í landinu hefir haldið allmarga fundi og rætt og íhugað það mál allítarlega. Nefndinni var það ljóst, að þetta væri mikið vandamál. Nefndin sá strax glögt, að eitthvað þyrfti úr að ráða nú þegar og að eitt af því helzta og fyrsta, er gera þyrfti væri að bæta hag og auka starfsfé bankanna, en jafnframt yrði að leggja áherzlu á að auka framleiðsluna í landinu sem mest og bezt, eins og líka landsmenn annars vegar yrðu að gæta mesta sparnaðar og kostur væri á. Eg skal geta þess í sambandi við þetta frumv., að til er ætlast, að annað frumv. líkt þessu komi frá hinni sömu nefnd viðvíkjandi landsbankanum. Það er undirbúið og örstutt, þangað til það kemur fram. — Þegar Hlutafélagsbankinn var stofnaður, greindi menn mjög á um hversu nauðsynleg og gagnleg sú stofnun mundi verða. Margir spáðu góðu þar um, en aftur aðrir hinu gagnstæða. Þess utan óttuðust margir, að þar sem um útlent fé og útlenda stofnun væri að ræða, gæti það orðið viðsjárvert og jafnvel hættulegt fjárhagslegu sjálfstæði landsmanna; margir litu svo á, að þar sem hér væri að ræða um útlent fé eingöngu eða mestmegnis, þá gæti hæglega svo farið, að bankinn gæti gripið landsmenn þeim heljartökum, sem ekki væri gott úr að losna, ef ekki væri viðhöfð því meiri varkárni í alla staði. Það var eins og mætti lesa milli línana í umræðum manna á móti málinu, að landsmenn mundu verða eða gætu orðið nokkurs konar viljalaus verkfæri, bundnir órjúfandi skuldahafti í höndum þessa útlenda banka, er lama mundi alla stjórnlega og fjárhagslega framþróun til frelsis og framfara í landinu.

Meðmælendur bankans voru aftur bjartsýnni og mæltu með stofnun bankans og bjuggust við, að gott mundi af leiða, ef skynsamlega væri að farið. Peningavandræðin væru svo mikil, að það þyldi enga bið að koma bankanum á fót; úr þeirri knýjandi nauðsyn yrði að bæta sem fyrst. Og þeir voru heldur ekki hræddir við að fá útlent fé inn í landið, vitandi vel, að ef alt hér á landi ætti ekki að fara í kalda kol, þá yrði að sækja fé til útlanda, þar sem óhugsandi væri, að landið eða landsmenn gætu lagt það fram sjálfir. Líti maður á 1. grein Hlutafélagsbankalaganna, sér maður strax, að jafnvel þá er þó gengið út frá því sem mögulegu, að einstakir menn og félög, já meira að segja landssjóður geti gerst hluthafi í Íslands banka. Svo víðan sjóndeildarhring og svo mikla trú á fyrirtækið og landið höfðu nokkrir menn á þeim tíma. Það hefði á þeim tíma kannske mátt segja, að til hefði verið önnur leið, til að greiða fram úr peningavandræðunum, leið, sem hefir flogið mér í hug, og sem eg minnist ekki að hafa heyrt aðra minnast á opinberlega. Þessi leið var sú, sem Norðmenn fóru, þegar þeir stofnuðu sinn þjóðbanka. Annars skal eg ekki fara langt út í það mál hér, með því það liggur ekki fyrir, og eg býst við, að flestum þingmönnum sé það mál kunnugt.

Þegar Íslands banka var komið á fót, voru menn sammála um, að nauðsyn bæri til að tryggja stjórn landsins sem ríflegust yfirráð yfir bankanum. Þetta sýnir sig meðal annars á því, að í bankaráðinu eru þrír fulltrúar kosnir af þinginu og ráðherra Íslands formaður þess. Ákvæði þetta er gott og heppilegt og því má ekki lögunum um kenna, ef þeir íslenzku bankaráðsmenn hafa ekki notað þetta vald, er þeim er veitt, fyllilega, eða að minsta kosti hefðu máske getað beitt því frekara en þeir hafa gert. En þeir hafa ef til vill ekki fundið neina sérstaka ástæðu til þess.

Eg skal í sambandi við þetta drepa á, að full ástæða væri máske til að bætt yrði við einum manni af þingsins hálfu í bankaráðið. Þetta er einkar sanngjarnt, þegar þess er gáð, að hlutafé bankans hefir verið aukið að miklum mun frá því upphaflega. Það gæti líka verið heppilegt, að ráðherra Íslands í vissum tilfellum þyrfti ekki að greiða atkv. í bankaráðinu.

Ef maður lítur nú á og hyggur vandlega að, hvernig þessi bankastofnun hefir reynst, þá má yfirleitt segja, að fremur hafi rætst skoðun þeirra manna, er voru bjartsýnir í málinu, og er það í alla staði gleðilegt.

Að sjálfsögðu má ef til vill nokkuð um þetta segja bæði með og móti, en óréttlátt væri að saka þessa stofnun um það, þótt einhverjum kynni að finnast í einhverju ábótavant með stjórn bankans eða framkvæmdir. — Ef eitthvað mætti að bankanum finna, þá tel eg þinginu skyldara að fá bætt úr göllunum, heldur en amast við stofnuninni.

Ef litið er yfir reikninga þessa banka, þá virðist hann standa mjög vel og hefir gefið hluthöfum all-góðan arð. Það hefir samt sem áður alt af vakað fyrir mönnum og hefir oft verið fundið bankanum til foráttu, er minst hefir verið á hann, að hlutaféð væri útlent og að landsstjórnin eigi hefði verulegt tak á stofnuninni — ef eg má brúka það orð —; með fram af þessari ástæðu og þeim er eg gat um í byrjun ræðu minnar er þetta frv. hér fram komið. — Peningamálanefndin hefir öll verið sammála um það, að frumv. þetta sé í alla staði réttmætt, hættulítið og nauðsynlegt, og vill því nota það tækifæri, er landinu nú býðst til þess að geta — á fremur haganlegan hátt — ráðið sem mestu um rekstur og hag þessarar stofnunar í framtíðinni.

Við þessa fyrstu umræðu málsins, skal eg ekki fara út í hin einstöku atriði frumvarpsins, en vil þó geta þess, að 5. grein þess væri máske réttara, að orða nokkuð skýrar, og sama má — ef til vill — segja um 6. gr., og býst eg við, að það verði athugað til 2. umr.

Skal eg svo leyfa mér fyrir hönd peningamála-nefndarinnar, að æskja þess, að menn lofi frumv. þessu, að ganga gegnum hina háttv. deild.

ATKV.GR.:

Frumv. vísað til 2. umr. með 16 atkv.

Önnur umr., 23. apríl. (A. 521, 555, 592).

Framsögumaður (Magnús Blöndahl): Eg tók það fram við 1. umr. þessa máls, hvernig á því stæði, að mál þetta er fram komið. Ástæðurnar til þessa eru fyrst og fremst þær, að landssjóður fái með þessu sem mest ráð yfir starfi og stefnu þessarar stofnunar. Á þetta atriði verður peningamálanefndin að leggja mjög mikla áherzlu, og áleit það í fullu samræmi við vilja landsmanna. Að það takist með þessu frumv., eru miklar líkur

til, að minsta kosti með 9 : 10. — Aðrar ástæður eru þær, að bæta verður úr peningaeklu þeirri, sem nú er, og komið hafa svo gagngerðar kröfur um til þingsins að kippa í lag.

Eg ætla ekki að vera fjölorður um hinar einstöku greinar frumv. Þær eru full-ljósar. Eins og getið var um við 1. umræðu þessa máls, þá hefir nefndin leyft sér, að koma fram með fáeinar breyt.till.

1. breyt.till. er sú, að aukið sé aftan við 5. gr. »þó losna«, o. s. frv., og eftir 5. gr. kemur ný grein. Að því er snertir viðaukann við 5. gr., þá gat eg þess við 1. umr., að heppilegt væri, að 5. gr. væri skýrð betur, svo eigi gæti valdið misskilningi.

Þá hefir nefndin lagt það til, að bætt verði við nýrri grein, sem verður 6. grein, svo hljóðandi: »Nú þykir stjórnarráði Íslands hagkvæmara, að taka útlent lán handa landssjóði, til að kaupa hlutabréf þau, er um getur í 1. gr., og er þá ráðherra Íslands veitt heimild til, að taka slíkt lán, alt að 2 — tveim — miljónum króna, er endurborgast með jöfnum afborgunum á 30 árum, en þó mega vextir af slíku láni eigi fara fram úr $4^1/_2$ % á ári, og skal lánið óuppsegjanlegt frá hálfu lánveitanda«. Þessi tillaga nefndarinnar stafar af því, að henni þótti heppilegra að veita stjórninni þessa heimild, ef henni þætti tiltækilegra að útvega lán með þessum kjörum eða svipuðum hagfeldum kjörum, heldur en með hinu mótinu. Vitaskuld er þetta að eins heimild til landsstjórnarinnar, sem hún notar ekki nema hún álíti arðvænlegt.

Enn fremur leggur nefndin til, að bætt verði við nýrri grein, er verður 7. gr., svo látandi: »Verði lán það tekið, sem nefnt er í 6. gr. veitist ráðherra Íslands enn fremur heimild til, að gefa út landssjóðsskuldabréf fyrir láninu, og skulu skuldabréfin útbúin með vaxtamiðum, sem greiddir séu tvisvar á ári, 2. dag janúar og 2. dag júlímánaðar. Skuldabréfin skulu vera á íslenzku og máli þess lands, sem lánið veitir og mynt þess«. Þessi grein er bein afleiðing af hinni fyrri, og þó að eins heimild, sem áður.

Enn er ein breyt.till. við 6. gr. núverandi, sem væntanlga verður 8. gr., að fyrir »fá þeir«, komi »fær hver þeirra«. Nefndinni þótti orðalagið ekki nógu skýrt, það gat valdið misskilningi; breyt.till. er gerð til þess, að girða fyrir allan misskilning.

Síðasta breyt.till. nefndarinnar er við 6. gr. núverandi, að aftan við gr. bætist: »Nú forfallast einhver þessara manna frá að mæta á aðalfundum og skipar þá stjórnarráðið mann í hans stað«. Það má segja sama um þessa breyt.till., sem hina næstu á undan; það hafði fallið burtu ákvæði um forföll.

Eg hefi ekki meira að segja um breyt.till. nefndarinnar. Eg vona, að háttv. þingd. taki frumv. og breyt.till. nefndarinnar eins vel og við 1. umr., og lofi því að ganga til 3. umr.

Áður en eg setst niður, skal eg víkja fám orðum að breyt.till. á þskj. 555, þar sem farið er fram á það, að breyta 6. gr. á þá leið, að sameinað alþingi kjósi 4 menn til 4 ára í senn, til að fara með atkvæði fyrir landssjóðs hönd. Skulu þeir kosnir hlutfallskosningum. Deyi einhver, kjósi hinir í skarðið. Þetta er mikil efnisbreyting, og eg má fullyrða, að nefndin telur till. óheppilega.

Eg skal ekki að svo stöddu fara fleiri orðum um breyt.till., en mun víkja að henni síðar, er eg hefi heyrt meðmæli flutningsmanna tillögunnar.

Skúli Thoroddsen: Það eru að eins örfá orð, viðvíkjaodi breyt.till. á þskj. 555 frá mér og þrem þm. öðrum. Í 6. gr. frumv. er gert ráð fyrir, að landritari og dómendur í yfirrétti fari með atkvæði fyrir landssjóðs hönd á aðalfundum Íslandsbanka. Þessu ákvæði viljum vér fá breytt. Eg sé ekki, að vér höfum neina tryggingu fyrir því, að landritari og dómarar í yfirrétti séu ætíð búnir þeirri þekkingu á bankamálum, sem geri þá öðrum færari til þessa starfs; en þekkingin er það þó, sem öllu eða mestu varðar. Það er og ætlast til þess, að þessir menn gegni starfinu æfilangt, og afsalar þjóðin sér þannig valdinu til þess að gæta hagsmuna landsins, hvað bankann snertir, í hendur fjögra manna, sem ekki þurfa að fara neitt að vilja þings né þjóðar, fremur en þeim sýnist í hvert skifti.

Mér hafði skilist svo, sem tilgangur frumv. þessa væri sá, að Íslendingar fengju yfirráðin yfir Íslandsbanka en ekki að tryggja þau 4 óafsetjanlegum mönnum. Mér finst það stríða á móti tilgangi frumv. Til þess að bæta úr þessu höfum vér því komið með br.-till. Samkvæmt henni velur alþingi 4 menn til 4 ára í senn, og getur þá valið þá, sem bezt þykja til starfsins fallnir, og líklegastir til að hafa þekkingu á bankamálum. Vitanlega getur alþingi mistekist, en eigi verður því neitað, að mun meiri trygging er fólgin í þessu ákvæði, en í ákvæði nefndarinnar.

Það er líka kostur við breyt.till. vora, að gert er ráð fyrir, að fulltrúarnir verði kosnir hlutfallskosningum, sem æskilegast væri að og kæmist á, að því er snertir önnur trúnaðarstörf, er þingið kýs menn til, t. d. val endurskoðunarmanna landsreikninganna, og við kosningu fulltrúa í bankaráð Íslandsbanka.

Eg skal ekki tala frekara fyrir br.-till. Eg treysti því, að háttv. þingdeild fallist á hana.

Framsögumaður (Magnús Blöndal): Herra forseti! Eg skal með örfáum orðum svara háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.). Eg ímynda mér, að allir séu samdóma um það, að meining bæði nefndarinnar og flutningsmanna breyt.-till. á þskj. 555 sé sú, að tryggja landssjóði sem bezt yfirráðin yfir þessari stofnun, Íslandsbanka. Eg efast ekki um, að þetta vilja allir. Um hitt greinir oss nokkuð á, hvernig vér eigum að tryggja það, að þessum tilgangi verði náð. Háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) gat þess, að það væri ekki víst, að þeir menn, sem valdið er falið eftir frumv., væru alténd bankafróðir menn og þar með væri þeim þó ætlað að sitja óuppsegjanlega. Um þetta má mikið segja, en eg skal þó reyna að vera stuttorður.

Með fyrirkomulagi því, er nefndin leggur til að haft verði, er trygt að atkvæðishafar fari vel með vald sitt, og skal eg reyna að færa þeim orðum nokkurn stað. Vér vitum það allir, að í þessum stöðum sitja nú menn, sem enginn ber brigður á, að færir munu til að fara með atkvæði fyrir landssjóðs hönd á aðalfundum, og tæplega munu aðrir en hæfustu menn komast í þær stöður. Það vill svo vel til, að nú situr í yfirréttinum maður, sem talsvert er fróður um bankamál og lengi hefir við þau fengist. Eg veit, að hv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) muni svara því, að engin trygging sé fyrir því, að í framtíðinni kunni að vera í yfirdóminum menn, sem lakar væru að sér í þessum efnum. En eg skal þá benda honum á það, að líkindi eru til að

hinir hafi svo vel sett sig inn í bankamál og séu svo vanir orðnir störfunum eftir að hafa farið með atkvæði ár eftir ár, að engin hætta verði á þessu, og jafnan munu einhverjir eldri dómendur sitja fyrir í yfirréttinum, þótt nýir komi með höppum og glöppum. Þá er það og ekki lítil trygging, að þessir menn eru slíkir, að ekki verður ætlast til þess, að pólitiskar öldur, ef svo má að orði kveða, hafi nokkur áhrif á þá. — Svo ætti það að vera að minsta kosti.

Sama er að segja um landritarann. Vér vitum það allir, að nú gegnir því embætti skýr maður og glöggur í peningamálum, maður, sem fyllilega er treystandi til að fara vel með þetta vald sitt. Og eg efast ekki um það, að í framtíðinni skipi það sæti færir menn og vandaðir.

Háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) játaði líka, að meiningin með frumv. væri sú, að Íslendingum yrði trygt vald yfir stofnuninni. Það er rétt. En hann bætti því við, að þeim tilgangi sé ekki náð með tillögum nefndarinnar. Eg veit ekki, hvort mér hefir tekist að skýra meiningu nefndarinnar svo vel, sem eg hefði viljað, en vona þó, að eg hafi svarað háttv. þm. N.-Ísf. (Sk.Th.) á fullnægjandi hátt.

Enn er eitt, sem vér megum ekki gleyma, og það er, að löggjafarvaldið hefir ærin tök á bankanum, þar sem bankaráðið skipa 4 Íslendingar af 7. Eg skil ekki annað en að svo vel sé um hnútana búið, að engin ástæða sé til að óttast um hag landssjóðs og landsmanna.

Háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) taldi það til gildis breyt. sinni, að kosningin á mönnunum yrði eftir hlutfallskosningum. Eg játa, að það er kostur. En eins og nú stendur hefir minni hlutinn part í þessum mönnum, sem eftir frumv. eiga með atkv. að fara, — svo sjaldan mun svo að bera, að allir þessir menn fylgi einum og sama pólitiskum flokki.

Þótt eg nú þannig kannist við, að háttv. flutnm. till. meini hið bezta, get eg þó ekki séð við rækilega íhugun, að till. sé til bóta, heldur verð eg þvert á móti að ráða háttv. þd. til að fella hana, og vona að mér hafi tekist að skýra, hvers vegna eg og nefndin geta ekki aðhylst hana.

Skúli Thoroddsen: Mér þykir leitt, að nefndin hefir snúist svona við br.-till. vorri, því fremur sem eg fæ ekki séð, að háttv. framsm. (M. Bl.) hafi rökstutt svar sitt fullnægjandi. Háttv. framsm. (M. Bl.) faldi það tilganginn hjá nefndinni að girða fyrir, að þessir menn yrðu fyrir áhrifum af pólitiskum öldum. En fást ekki þessir menn nú máske við pólitík, og skyldi nokkurn tíma þeir menn komast í þessar stöður, sem ekkert eru við stjórnmál riðnir? Það er barnaskapur að bera á móti því.

Háttv. framsm. gat þess, að þessir menn væru hæfir menn, en þessi lög eru ekki miðuð við núlifandi menn, þau gilda fyrir alda og óborna, og allir þeir menn, sem frumv. vill fela atkvæðismeðferð fyrir landssjóðs hönd, geta verið steindauðir á morgun.

Eg sé ekki betur en að till. nefndarinnar séu bygðar á þeirri gömlu skoðun, að það séu emhættismenn einir, sem vit hafi á öllum sköpuðum hlutum, þar sem nefndin leggur til að fela slíkum mönnum þetta vald, án þess að taka tillit til, hvort þeir hafa nokkurt vit á því, sem þeir eiga að gera.

Eg vona, að háttv. þingd. sýni það, að hún vill ekki aðhyllast þessa gömlu kreddu.

Bjarni Jónsson: Á öndverðu þessu

þingi var skipuð nefnd til að ráða fram úr peningavandræðum landsins. Var öllum það ljóst, að eitthvað þurfti að gera til þess að ráða bót á ástandinu. Þessi nefnd hefir reynt að gera það, sem hún hefir getað í þessa átt. Samvinna hefir verið góð með nefndarmönnum; enginn flokkarígur; allir samhentir um að finna ráð til umbóta. Eru þau ráð að finna í frumv. þessu, er nú mega menn sjá, og öðrum því líkum. Enn mun og mega geta þess, að nefndin hugsar sér að leggja til, að sett verði nefnd milli þinga til þess að ráða fram úr sambandi þessara banka beggja, ef þeir verða landssjóðs-stofnanir.

Og svo er þriðja till. nefndarinnar þessi, sem hér liggur fyrir til umræðu í dag. Eg tek það fram viðvíkjandi 1. gr. frv., að verðið 101 á hverju hundraði er sett þannig fyrir þá sök, að til er gömul heimild til að selja þessi bréf við því verði. Þetta stendur líka á sama, ef okkar bréf hækka að sama skapi. Nefndin hefir ákveðið, að bréf landsbankans skyldu vera 100 á 98 kr. Mismunurinn 3% og sumum hefur þótt hann of mikill. Eg skal ekki segja, að mismunur þessi sé á rökum bygður, en annað gat ekki orðið að samningi.

Eins og nú er, er mismunurinn 60 þús. kr. Hlutabréf stofnunarinnar hafa gefið $6^1/_2$% og þótt arðurinn yrði nokkuð minni t. d. félli niður í 6%, þá er það þó alt af gott kaup, því að 60 þús. kr. í 50 ár með $4^1/_2$% rentum verða rúmar 500 þús. kr. En ef keypt eru hlutabréf fyrir 3 miljónir kr. þá nema vextir $4^1/_2$% = 90 þús. kr. og afborgun er 11 þús. kr. á ári, en af hlutabréfum fær landssjóður 6% = 120 þús. kr. á ári. Ársgróðinn verður því 120 þús. að frádregnum 101 þús., sama sem 19 þús. kr. Gróði þessi getur numið á 50 árum $1^1/_2$—2 milj. kr. Allur reikningurinn er bygður á því, að hlutabréfin gefi 6% í vexti.

Hlutabréf bankans hafa svarað $6^1/_2$% og það eru engar líkur til þess, að þau verði síður arðsöm hér eftir en hingað til, ef menn hafa nokkura trú á framtíð og framförum þessa lands. En þótt þau féllu niður í 5%, þá ber fyrirtækið sig samt.

Ýmsir menn kunna nú að halda því fram, að þetta sé áhætta fyrir landssjóðinn; bankanum geti hlekst á, og það svo mikið, að arðurinn yrði minni en 5% af hlutabréfunum eða bankinn gæti jafnvel farið á höfuðið. Eg get ekki neitað því, að þetta sé mögulegt, það hefir svo margt borið við í heiminum og sumt, sem er ólíklegra en þetta. Það er svo margt mögulegt, að það er því nær ómögulegt að taka það með í reikninginn og reikna með því, heldur verður að byggja reikninginn á líkum og því, sem er sennilegast. Ef að eins væri reiknað með því sem er hugsanlegt og fyrir getur komið, þá mundi það verða hættulegt fyrir öll fyrirtæki, þau gætu vafalaust öll misfarist, og það myndi spyrna á móti öllum framförum og framkvæmdum, ef alstaðar sæjust vandræði á veginum og ekkert annað.

Mér sýnist það nú ólíklegt að gera ráð fyrir því að banki, sem er eign þessa lands og stjórnað að tilhlutun þess, fái ekki 6% af hlutabréfum sínum í næstu 50 ár. Einkum verður þetta ólíklegt, þegar tekið er tillit til þess, að öll hlutabréfaupphæðin er ekki meiri en 5 milj. kr. Eftirspurn eftir peningum mun á næstu 50 árum vaxa meir en svo hér á landi, að þetta verði nægilegt, og eg er viss

um að það þarf einmitt að stækka bankann, áður en langt um líður.

Eg hygg að það sé gott og nauðsynlegt fyrir öll fyrirtæki hér á landi, að það gæti losnað dálítið um fé, og bætt væri úr þeim peningavandræðum, sem nú eru. En það er auðséð, að bankinn fær ekki fé nema að hlutabréfin geti selst, og við verðum að sjá hvað verður í því efni. Ef landsbankinn hefir þegar selt bréf fyrir 2 miljónir, þá sýnist mér ekki óliklegt, að bréf Íslandsbanka gætu líka selst. Eg get auðviðað viðurkent og trúað því, að það bæti ekki beinlínis fyrir, að landsbankinn er búinn að setja sín bréf á markaðinn og selja þau, en eg hygg samt að það spilli ekki fyrir þessari sölu, því þá hafa útlendingar fengið þekkingu um það, að þessi bréf eru til, og það er þá búið að opna markað fyrir þau.

Það sem þá er aðalatriðið í þessu máli er það, að ef till. nefndarinnar ná fram að ganga, þá getur landið tekið við stjórn stofnunarinnar. Bankinn hefir verið þyrnir í augum margra ekki fyrir það, að fé hans er útlent, því vér höfum ekki annað fé, heldur það að yfirráðin eru útlend og landið getur því ekki tekið í taumana, þótt illa sé stjórnað. Því er það mjög ósennilegt að bréf bankans muni falla í verði er yfirráð hans eru þannig veg tryggð.

Margir hafa látið í ljósi efa um það, hvort það væri rétt, að landið fengi yfirráðin, þótt það tæki þessa hluti, Til þess get eg svarað því, að eg hefi talað við Sighvat Bjarnason bankastjóra, og eg ímynda mér flestir treysti því að hann segi satt, og hann segir það, að 2 milj. á einum stað af 5 ráði atkv. á aðalfundi. Þetta liggur í því, að hinar 3 milj. eru svo tvístraðar, að ómögulegt er að þær geti ráðið. Upphaflega voru hlutirnir í höndum 3 stofnana: Privatbankans í Höfn, Centralbankans í Kristjaniu og 2 víxlara Rubin & Bing (nú Laan- og Diskontobankinn). Þessir upphaflegu eigendur hafa dreift þeim og selt þá ýmsum smábönkum og einstökum mönnum út um heim.

Til þess að Ísland réði ekki á aðalfundum, þá þyrftu öll þessi hlutabréf að koma fram, því landssjóður ætti þá 2 miljónir kr. og ýmsir privatmenn á Íslandi eiga hluti fyrir 400 þús. kr., og 2 miljónir og 400 þús. kr. sýnist vera nægilegt fé til þess að tryggja landinu yfirráðin.

Ef tekið er tillit til þeirrar reynslu, sem fengin er, þá kemur það í ljós samkvæmt fundarbókinni, að aldrei hefir komið fram $^1/_2$ atkv. á fundunum. Þetta hefir bezt komið í ljós, er breytt var reglugerð bankans. Til þess að sú breyting væri lögmæt þurfti helming atkv. en það náðist ekki, og því þurfti að boða þrisvar til hans, en þá ræður meiri hluti þeirra atkv., sem á fundi eru, þegar þrisvar er til boðað. Af þessari reynslu er það auðsætt, að ekki stafar stór hætta af því, að vér værum atkv. bornir.

Sá möguleiki er þó hugsanlegur, að einhver ein stofnun, einhverra hluta vegna, keypti öll þau hlutabréf, sem dreifð eru viðsvegar út um heim. Þetta gæti þó naumast farið fram leynilega, því samkvæmt heimsreglunni mundu hlutabréfin hækka mikið, þegar eftirspurnin ykist svona mikið og yrði ákveðin.

Eg þykist nú hafa lagt fram full gögn að því, að með þessari hluttöku landsins í stofnuninni væri landinu trygð öll yfirráðin á aðalfundum. Hvaða áhrif hafa svo þessi kaup á bankaráðið? Það af því, sem ekki er kosið af alþingi eiga hluthafar að út-

nefna. Þegar landssjóður hefir keypt $^2/_5$ af hlutunum, þá kýs hann sem aðrir hluthafar og fær að minsta kosti 1 mann í ráðið. Eg get því ekki betur séð, en að allir hljóti að sjá og viðurkenna, hvað tortrygnir sem þeir kunna að vera, að alþingi hlýtur að hafa yfirráðin.

Það voru að eins hinar almennu mótbárur, sem eg vildi hrekja. Hvað mig snertir, þá er mér þetta ekkert kappsmál og getur ekki verið það, en eg vil að eins líta rétt á málið. Allar líkur benda í þá átt, að fyrirtækið hljóti að verða gott og hagkvæmt fyrir landið og landssjóðinn, og við höfum nægileg yfirráð yfir því, til þess að þurka út allan ótta, jafnvel hjá þeim er venjulegast sjá einhverja möguleika, sem verða muni ljón og birnir á vegi allra nýrra fyrirtækja. Í því efni mega menn vara sig á því, sem sagt er að danskurinn geri, að mála þann gamla á vegginn hjá sér. — — Enginn hlutur er sá að ekki geti komið einhver ófyrirsjáanleg óhöpp fyrir.

Að svo mæltu vildi eg víkja nokkurum orðum að því, hverjir eigi að fara með atkvæði okkar. Eg get ekki betur séð, en að tillögur nefndarinnar séu góðar. Yfirdómararnir eru reyndar embættismenn, en eg fyrir mitt leyti hefi enga ástæðu til þess að telja menn heimska fyrir þá sök eina að þeir eru embættismenn. Mér finst þvert á móti, að einmitt það að þeir eru lögfræðingar mæli með þeim, það er þó sá fróðleikur, er embættismenn læra, sem snertir þetta mál mest. Að það sé hægra að setja sig inn í bankamál fyrir lærða menn að öðru jöfnu, hljóta víst allir að verða samdóma um. Það er einnig annað atriði í þessu máli, sem er mikils virði, að þeir hafa þennan starfa í langan tíma og þótt þeir séu honum lítt kunnir fyrst í stað, þá gefst þeim einmitt tækifæri til þess að setja sig inn í málið og fá reynslu, og hana miklu meiri heldur en þeir menn, sem þingið kysi til 4 ára í senn. Það er engin trygging fyrir því, að þeir gætu sett sig nægilega inn í málin á jafnstuttum tíma. Yfirdómararnir eru einnig í þeirri stöðu, þar sem sízt er hætta á að þeir verði fyrir áhrifum. Þeir eru vel launaðir menn og því engin hætta að hægt væri að bjóða þeim kostaboð, sem væru aðgengileg fyrir þá til þess að breyta sannfæringu sinni. Þetta er almenn hætta, sem gjalda verður varhuga við. Það eru engir, sem hafa minni freistingar en þeir, og á enga fellur jafn þungur dómur, ef slíkt hendir.

ATKV.GR.:

1. 2. og 3. gr. samþ. með 18 samhlj. atkv.

4. gr. samþ. með 19 samhlj. atkv.

Breyt.till. 592 við 5. gr. samþ. með 17 samhlj. atkv.

5. gr. svo breytt samþ. með 18 samhlj. atkv.

Breyt.till. 592: Ný (6.) gr. sþ. með 14 : 1 atkv.

Breyt.till. 592: Ný (7.) gr. sþ. með 14 : 1 atkv.

Breyt.till. 555 við 6. gr. (frv.) feld með 16 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Bened. Sveinsson,	Bjarni Jónsson,
Björn Þorláksson,	Jón Ólafsson,
Hálfdan Guðjónss.,	Björn Jónsson,
Jón Jónsson, N.-M.,	Björn Kristjánss.,
Jón Sigurðsson,	Björn Sigfússon,
Sig. Sigurðsson,	Eggert Pálsson,
Skúli Thoroddsen.	Einar Jónsson,
	Hannes Hafstein,
	Jóh. Jóhannesson,
	Jón Jónss., S.-M.,

Nei:
Jón Magnússon,
Magnús Blöndahl,
Ólafur Briem,
Pétur Jónsson,
Sig. Gunnarsson,
Þorleifur Jónsson.

Breyt.till. 592 við 6. gr. frv. er verður 8. gr., samþ. með 14 samhlj. atkv.

Breyt.till. 592 við 6. gr. frv. er verður 8. gr., samþ. með 18 samhlj. atkv.

6. gr. frumv. svo breytt samþ. með 16 samhlj. atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 19 samhlj. atkv.

Þriðja umr., 26. apríl, (A. 611).

Framsögumaður (Magnús Blöndahl): Eg get verið stuttorður um málið í þetta sinn. Því hefir verið tekið svo vel í háttv. deild, og engin breyt.till. komið við það. Eg vil því að eins leyfa mér að mælast til þess, að frv. njóti sömu velvildar deildarinnar framvegis, og verði samþ. af háttv. þingdeild.

ATKV.GR.:

Frumv. samþ. með 19 samhlj. atkv., og afgreitt til Ed.

Bygging jarða o. fl.

FRUMVARP til laga um breytingu á lögum um bygging, ábúð og úttekt jarða frá 12. janúar 1884. (A. 512); 1. umr., 22. apríl.

Framsögumaður (Pétur Jónsson): Fyrst verð eg að beiðast afsökunar á því, að inn í frumv. hafa slæðst nokkurar ritvillur, og enn meira af meinlegum prentvillum. Í 3. gr. a. er of aukið þrem orðum: »af aðkeyptu efni« og eiga þau að falla burt. Í 1. gr. er »hækkun« fyrir »lækkun«. Í 3. gr. er »jarðhús« fyrir »jarðarhús«. Fleiri prentvillur eru enn, en þær raska ekki svo mikið meiningunni, að menn ráði ekki í hana.

Frumv. er komið frá landbúnaðarnefndinni, en ekki í þeim tilgangi, að það verði að lögum í þetta sinn, heldur til þess, að það verði tekið til íhugunar og umræðu. Það hefir lengi legið í loftinu, að breyta þyrfti lögunum um úttekt jarða frá 1884. Milliþinganefndinni í landbúnaðarmálum var ætlað, að taka þau til meðferðar, einkum ákvæði um réttindi leiguliða. En nefndinni þótti málið svo óárennilegt, að hún réðst ekki í það, að leggja til breytinga á lögunum sjálfum. Þar á móti kom hún með aðrar tillögur, sem ætlaðar voru til hagsbóta fyrir leiguliðana, svo sem um forkaupsrétt þeirra til ábýla sinna, um þjóðjarðasölu o. fl.

Efni frumv. þessa er eins og menn sjá: Í fyrsta lagi um endurgjaldsrétt leiguliða á jarðabótum þeim, sem eigi eru áskildar í byggingarbréfi. — Í öðru lagi um samskonar rétt viðvíkjandi húsabótum, og í þriðja lagi, er farið fram á, að leiguliða sé gerður kostur á því, að innleysa kúgildi fyrir aðra innstæðu jafngilda. Fyrir sumar jarðir eru kúgildi nú orðin mjög tilfinnanleg kvöð, þar sem þau eru mörg, og virðast hafa miður góð áhrif á efnahag leiguliða. Það er ósk nefndarinnar, að þingið taki öll þessi atriði til rækilegrar íhugunar, og greiði þannig fyrir þeim umbótam, sem ætlast er til að í þeim sé fólginn.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. með 21 atkv.

Önnur umr., 24. apríl. (A. 512, 588).

Framsögumaður (Pétur Jónsson): Eg býst við því, að það þyki þýðingarlaust, að nefndin fari nú loks að leggja þetta mál fyrir þingið, þar sem svo mjög er áliðið þingtímans, og mörg mál og stór eru eftir enn þá óræddd. Hér við bætist, að þótt eg ekki hafi sjálfur tekið mikinn þátt í undanfarandi umræðum, þá hefi eg þó orðið að fylgjast með, en það hefir orðið til þess, að eg hefi ekki getað undirbúið mig til þess að ræða mál þetta eða skýra eins vel og því er samboðið. En málið er lagt fram einungis til athugunar fyrir þingið, en eigi til fullra úrslita. — Í fyrstu grein frumv. er breyting á þeim ákvæðum í lögum um ábúð og úttekt jarða frá 1884, sem ákveða leiguliða, þá er hann fer frá jörð, rètt á því, að fá endurgjald fyrir jarðabætur þær, sem hann hefir unnið á jörðinni síðustu 10 árin. — Það virðist ekki vera neinum efa undirorpið, að leiguliða beri endurgjald fyrir þau verk, sem hann gerir jörðinni til góða, um fram það, sem áskilið er í byggingarskilmálum hans, ef hann nýtur verka sinna, að eins stuttan tíma. Nú mun þá öllum vera ljóst, að hversu æskilegt sem þetta er, þá er sá hængur á, að erfitt verður að fá vissu fyrir því, hvort jörðin hefir hækkað í leiguverði við jarðabætur þær, sem gerðar hafa verið, og þess vegna hefir svo lítill árangur eða réttarbót orðið að ákvæðum núgildandi ábúðarlaga í þessum efnum. Nefndinni fanst því nauðsynlegt, að leiguliða sé gefin betri úrlausn til þess að hvetja hann til að gera jarðabætur, og leggur því til, að borgun fyrir jarðabætur miðist nokkuð við kostnað til þeirra; því mörg atvik, sem leiguliða eru óviðkomandi, geta stuðlað að því, að jörð eigi vaxi í leiguverði, að sama skapi, sem hún batnar. Eftir skýrslum þeim, sem lágu fyrir landbúnaðarnefndinni, þá eru flestar einstakra manna jarðir bygðar til að eins fárra ára, eða jafnvel að eins til eins árs. — Nú er orðið algengt, að leiguliðar gera jarðabætur meira og minna eftir efnum og áslæðum, hvort sem þeir búa á jörðum einstakra manna eða þjóðjörðum. Það er orðin tízka og menn fylgjast gjarnan með tízkunni. Er ilt til þess að vita, að menn, sem hafa stutta ábúð og óvissa jafnvel, skuli ekki geta fengið sanngjarnlega borgun fyrir verk sín, og eg verð að mæla með því, að þingið setji eitthvað undir þennan leka.

Þá er í 2. 3. og 4. gr. ákvæði um það, að leiguliði, sem byggir nauðsynleg hús á jörð um fram það, sem áður var eða breytir húsum til stórbóta fái styrk til þess frá landsdrotni sínum. Hér er haft til fyrirmyndar styrkur sá, sem landssjóður veitir til bygginga á umboðsjörðum. Eru 2 reglur um það: önnur sú, sem gerð var með fjárlagaákvæði nokkur ár, en nú gildir eigi lengur, að veita úr umboðssjóði alt að $^2/_3$ til húsabóta á landssjóðsjörðum án þess afgjald jarðarinnar hækki fyr en við ábúendaskifti. — Hin reglan eftir ráðherrabréfi frá 1880 er sú, að leiguliða sé veittir $^3/_4$ af byggingarkostnaðinum gegn því, að afgjaldið hækki þegar um 1 af hundraði hverju, sem styrkurinn nam. — Auðvitað verða þau hús, sem bygð eru að vera sérstaklega nauðsynleg fyrir jörðina, þótt um fram væri þau hús, sem áður fylgdu jörðinni. Og það er alkunnugt, að fáum jörðum fylgir meira en helmingur af þeim húsum, sem alveg eru óhjákvæmileg fyrir sæmilega ábúð jarðarinnar, eftir tímans kröfum. — Hinn helminginn verða leiguliðar að

eiga og láta ganga frá einum ábúanda til annars kaupum og sölum, og kemur það ætíð hart niður á góðum leiguliðum, sem bæta um húsin, en hinir græða. Á þessu er því þörf til umbóta. — Þriðja breytingin er í þá átt að leiguliða gefist kostur á því að leysa til sín innstæðukúgildi jarða. Margir líta svo á það, að þyngsli sé að því að búa undir kúgildum, og búskapur á kúgilda-margri jörð verði erfiður — einkum nú, þegar fólksekla og dýr vinna knýi fjölda manna til þess að láta ærnar ganga með dilkum, og fara þannig á mis við sauðfjármálnytju, en hún var áður fyrri undirstaða kúgildaleignanna. Hins vegar sýndist nefndinni ráðlegt, að leiguliði innleysti kúgildin með jarðabótum eða nauðsynlegum húsum, sem hann bygði á jörðinni, svo að fullgild innstæða jörðinni til handa komi í staðinn, jarðarverðið legðist við að fullu og afgjald. Kúgildaleigan breyttist þannig í landsskuld. — Þetta er nauðsynlegt til þess meðal annars, að jarðir, sem veðsettar eru eigi tapi veðgildi. Þar á móti vildi nefndin eigi neyða landsdrottinn til að taka hús eða jarðabætur á móti kúgildum, heldur væri honum þó heimilt að taka þau til sín.

Yfirleitt miðar frumv. til þess að bæta hag leiguliða, en þó reynt, að ganga ekki of nærri landsdrotni á nokkurn hátt.

ATKV.GR.:

1. breyt.till. (588) við 1. gr. samþ. með 19 atkv.

2. breyt.till. (588) við 1 gr. samþ. með 18 atkv.

1. gr. svo breytt samþ. með 18 atkv.

2. gr. samþ. með 18 atkv.

1. breyt.till. (588) við 3. gr. samþ. án atkv.gr.

3. gr. svo breytt samþ. með 17 atkv.

1. Breyt.till. (588) við 4. gr. samþ. með 17 atkv,

4. gr. svo breytt samþ. með 19 atkv.

5. gr. samþ. með 19 atkv.

Fyrirsögnin samþykt án atkvæðagreiðslu.

Málinu vísað til 3. umræðu með 21 samhlj. atkv.

Þriðja umr., 26. apríl. (A. 618).

Stefán Stefánsson: Háttv. framsm. (P. J.) gat þess við 1. umræðu þessa máls, að hann óskaði, að sem flestir þingmenn léti skoðun sína í ljósi á ákvæðum þessa frumv. Bæði þessa vegna og svo af því, að eg hefi unnið að frumv. í landbúnaðarnefndinni, þá finst mér ástæða til þess að skýra frá minni skoðun með örfáum orðum.

Mál þetta álít eg, að hafi verið brýn nauðsyn að taka til íhugunar og meðferðar, því það munu allir játa, að eins og landbúnaðar-löggjöfin er nú og hefir verið um langa tíð, þá er ekki við slíkt unandi, enda er óánægjan mjög almenn, sem er eðlilegt, þar sem misrétti ábúðarlaganna snertir allflesta bændur þessa lands, að meira eða minna leyti. En hér er um svo stóran lagabálk að ræða, að okkur nefndarmönnum hefir ekki veitst tími til þess, að koma fram með breytingar á öðrum ákvæðum laganna en þeim, sem að okkar áliti eru allra bagalegust leiguliða-ábúðinni, og standa sjáanlega í vegi fyrir eðlilegum framförum í húsagerð, jarðabótum og efnalegu sjálfstæði leiguliða, og á eg einkum við kúgilda-kvöðina, sem á sumum jörðum er rétt óþolandi.

Frumv. þetta er því fram komið til

þess, að reyna til að laga misfellur þessar.

Skal eg fyrst nefna ákvæðið um, að sanngjarnt endurgjald komi fyrir hverja þá jarðabót, sem leiguliði vinnur á sinn kostnað. Skulu jarðabætur þessar metnar í dagsverkum, sem venja er til, og er þá endurgjaldið til leiguliða miðað við það, hve lengi hann hefir notið jarðabótarinnar. Þetta álít eg, að hljóti að leiða til þess, að leiguliðar fái meiri hvöt og áhuga til þess að bæta jarðirnar, þegar vissa er fyrir sanngjörnu endurgjaldi, þegar þeir fara frá jörðinni, í staðinn fyrir eins og nú á sér stað, að þetta gjald á að miðast við þá hækkun á afgjaldi jarðarinnar, er hæfileg þykir í tilliti til jarðabótanna; með þessari tilhögun er það venjulegast, að leiguliði fær ekkert endurgreitt af sínum jarðabótakostnaði. — Þá er ákvæðið um endurbót á jarðarhúsum og ný-byggingar, eða heimild leiguliða til að gera þær húsabætur á leigujörð sinni, sem að áliti úttektarmanna eru nauðsynlegar fyrir ábúð jarðarinnar, og réttur sá, sem honum er veittur til þess að krefjast af landsdrotni, að hann beri þrjá fjórðu hluta kostnaðar af öllu aðkeyptu efni. Þetta er mjög til bóta og eg hygg, að reynslan verði sú, að einmitt þetta ákvæði stuðli mjög að því að auka sjálfsábúð í landinu, því þegar landsdrottinn sér það, að leiguliði getur krafist, ef til vill all-mikillar fjárupphæðar til húsagerðar, þá fer það að verða vafamál fyrir hann, hvort nokkur hagur er að eigninni, sjái hann ekki fulla vissu fyrir því, að eftirgjaldið megi hækka, sem því nemur.

Þá er enn ein aðalbreyting, sem eg vildi minnast á, sem er sú, að leiguliðum skuli heimilt að innleysa kúgildi á leigujörð sinni gegn því, að leggja jörðinni til aðra eign jafn góða, annaðhvort í húsum eða jarðabótum. Nú er því svo varið um margar hinar smærri leigujarðir, að þær fleyta litlu meira af fénaði, en kúgildum þeim, sem þeim fylgja; þetta verður oft til þess, að viðtakendur jarða verða að farga af sínum eigin fénaði og bústofni, þegar þeir byrja ábúð á kúgilda-þungum jörðum, því ekki má þeim fénaði fækka, hvað sem jarðnæðinu líður að öðru leyti, eða hvernig sem lætur í ári. Þetta er eins og allir sjá ill-þolandi, en sérstaklega er það tilfinnanlegt fyrir hann sem fráfaranda jarðarinnar, því þá verður hann að skilja eftir á jörðinni mest allan fénaðinn, og ganga frá henni næstum »slyppur og snauður«. Þetta þarf að sjálfsögðu að breytast sem fyrst, en þá er aðal-erfiðleikinn á því, að um leið sé þó séð svo um, að veðhæfi eða veðgildi jarða rýrni ekki, því er verðgildi kúgildanna nemur, og árlegu eftirgjaldi. Við þessu höfum vér nefndarmenn viljað sjá með því, að gera leiguliðum þá skylt að leggja andvirði kúgildanna í jarða- eða húsabætur, sem svöruðu fullkomlega til þeirrar upphæðar — að mati úttektarmanna — sem kúgildunum næmi og árlegu eftirgjaldi þeirra. — Kjósi landsdrottinn heldur að taka kúgildi af jörðu til sín, en taka aðrar eignir — húsa- eða jarðabætur — á móti, er honum það heimilt, þegar hann vill. Þá fellur auðvitað kúgildaleigan niður, en í stað þess hækkar þá landsskuldin um þann mismun, sem metinn verður á kúgilda-leigunni og venjulegri peningarentu af verði kúgildanna. Um hækkun landskuldarinnar koma hlutaðeigendur sér saman um eða óvilhallir dómkvaddir menn meta hana.

Þessa breytingu hefi eg lagt sérstaka

áherzlu á í nefndinni, bæði af því, að eg lít svo á, að kúgildin séu all-oft verulegt niðurdrep fyrir leiguliðaábúðina, og auk þess gersamlega óeðlilegt, að slík skyldu-kvöð fylgi jörðum.

Annars var það eigi ætlun okkar nefndarmanna, að frumv. þetta yrði að lögum á þessu þingi, því það er okkur full-ljóst, að hér er um allathugaverðar breytingar að ræða, en jafnframt nauðsynlegt, að eitthvað sé aðgert í þá átt að rétta hlut leiguliða, og því höfum við leyft okkur að koma fram með ákveðnar tillögur í frumvarpsformi til þess að marka sem skýrast stefnu okkar, og með það fyrir augum, að hin einstöku atriði frumv. verði tekin til íhugunar fyrir næsta þing.

Eins og eg hefi þá stuttlega drepið á, þá tel eg þessar breytingar til verulegra bóta á okkar landbúnaðar-löggjöf, og vildi því óska, að frumvarpið fengi að ganga til háttv. efri deildar, svo séð yrði, hvernig sú deild lítur á málið.

ATKV.GR.:

Frumv. samþ. með 14 atkv. smhlj. og afgreitt til Ed.

Skipun prestakalla.

FRUMVARP til laga um breyting á 1. gr. laga nr. 45, 16. nóv. 1907 um skipun prestakalla; 1. umr., 6. marz (A. 81).

Flutningsmaður (Sigurður Sigurðsson): Eg vænti þess, að hin háttv. deild taki frumv. þessu mjúkum höndum. Það er komið hér fram samkvæmt almennum óskum safnaðanna í þeim prestaköllum, sem hér er um að ræða og stutt af hlutaðeigandi sóknarpresti og prófasti og biskupi landsins. Fyrirkomulag það, sem farið er fram á, er að því er snertir Kjalarnesþing, Mýra- og Snæfellsnessýslur alveg eins og það sem milliþinganefndin í kirkjumálum lagði til að leitt yrði í lög. En með Árnessýslu er dálítið öðru máli að gegna; þar voru breytingar, þær sem nefndin lagði til að gerðar yrðu á skipun prestakalla í neðanverðri sýslunni á móti vilja safnaðanna þar, og er það yfirsjón löggjafarvaldsins að samþ. þær breytingar. Gaulverjabæjarprestakall t. d. er svo stórt og mannmargt prestakall að erfitt er að þjóna því með Stokkseyri og Eyrarbakka. Prestakallið er mesta framtíðarhérað og fólki fjölgar þar og mun fjölga framvegis, einkum þegar hið mikla fyrirtæki Flóaáveitan kemst á, — sem eg vona að verði innan skams. Annars skal eg ekki fara út í einstök atriði málsins við þessa 1. umr. Eg finn ekki ástæðu til að svo stöddu að stinga upp á því að nefnd sé skipuð í málið. Mér finst mál þetta svo sjálfsagt og sanngjarnt, að eg vona, að það nái fram að ganga mótmælalaust hjá deildinni.

Pétur Jónsson: Það er dálítið athugavert við framkomu háttv. flutnm. 2. þm. Árn. (S. S.) í þessu máli. Hann lýsti því yfir fyrir nokkru í deildinni og lagði mikla áherzlu á orð sín, að hann skyldi altaf vera á móti allri fjölgun embætta í landinu, á móti öllum nýjum embættum. Nú vill hann bæta við 6 prestsembættum og með því auka mjög tilfinnanlega útgjaldabyrði landssjóðs. Til þess myndi fara nálægt 10 þús. kr. og það er þó als ekki svo lítið. Þeirri upphæð mætti verja til margs þarflegs og gagnlegs, er miðaði til að efla verklegar framfarir í landinu, sem háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) annars virðist vilja bera svo fyrir brjóstinu.

Að því er sjálft frumv. snertir, þá fer það fram á breytingar á skipulagi

því á prestaköllum og prestsembættatilhögun, sem alveg nýlega hefir verið sett; reynslan hefir enn ekki sýnt, hvernig það muni gefast. En aðalástæðan móti þessu frumv. er þó sú, að það kippir grundvellinum undan þeirri meginreglu, sem milliþinganefndin í kirkjumálum og síðasta alþingi hefir bygt á, að hækka laun prestanna án þess að útgjöld landssjóðs til kirkjunnar ykjust og það var gert með því að fækka prestaköllunum; kirkjan átti með öðrum orðum með þeim eignum og tekjustofnum, sem hún hefir haft til afnota og hinu vanalega tillagi úr landssjóði að geta borið sig sjálf. Það var skilyrði þess, að þingið yfirleitt fékst til að samþykkja launahækkunina. Menn vildu als ekki íþyngja landssjóði með henni. Menn sáu líka, að þegar prestarnir fengju hærri laun, þá gætu þeir betur gefið sig að sínu kennimannsstarfi, varið til þess lengri tíma og meiri kröftum, er þeir ekki þyrftu svo mjög annarlegum störfum að sinna, en þá mátti líka ætla þeim stærra verksvið, viðáttumeiri prestaköll.

Hér er að vísu einungis að ræða um að bæta við 6 prestaköllum, en með fullum rétti má segja, að þá beri jafnframt að fjölga prestaköllum annarsstaðar á landinu að miklum mun. Haldi maður hins vegar á launahækkuninni, þá vaxa útgjöld landssjóðs til kirkjunnar mjög mikið og grundvelli þeim, sem kirkjumálanefndin og þingið bygði launabótina á er þar með alveg raskað. Það eru tvö prestaköll, sem eftir frumv. á að setja inn aftur í Árnessýslu þvert ofan í tillögur milliþinganefndarinnar. Burtséð frá því að grundvellinum — eins og fyr er sagt — er alveg kipt undan máli þessu, er það ísjárvert mjög vegna þeirra afleiðinga, sem frumv. — ef það yrði samþykt — gæti haft í för með sér. Þá myndu menn víðsvegar um land rísa upp til handa og fóta og senda umkvartanir og áskoranir um að þessu og þessu prestakalli yrði skift í tvent, að ný prestaköll og prestsembætti yrðu stofnuð og hvar skyldi þingið láta staðar numið? Eg þekki víða til, þar sem mikið meiri þörf og ástæða væri til að skipta prestaköllum, en eg hygg vera á þeim stöðum, sem frumv. þetta fer fram á. Eg vona því að mál þetta verði felt þegar við 1. umr.

Flutningsmaður (Sigurður Sigurðsson): Eg er þakklátur h. þm. S.-Þing. (P. J.) að hann ann mér þess sannmælis, að eg vilji spara fé landsins sem mest, en hins vegar er eg ekki svo mikill sparnaðarmaður, að eg vilji stuðla að misrétti í landinu, eins og hér á sér stað. Úr þessu er reynt að bæta með frumv. því, sem hér er til umræðu.

Háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) taldi óheppilegt að breyta strax þeirri skipun, er gerð var á síðasta þingi, að því er prestaköllin snertir. En reynslan hefir þegar sýnt, að þetta skipulag er víða stórgallað og þarf því bráðrar breytingar við.

Kirkjumálanefndin og síðasta alþingi gekk of langt í því að sameina og fækka prestaköllunum. Landið er strjálbygt og samgöngur ógreiðar, einkum að vetrinum. Fyrir því varð og verður að fara varlega, þegar um sameining prestakalla er að ræða.

Frumvarpið hefir ekki, að neinum verulegum mun, ný, aukin útgjöld fyrir landssjóð, að því er Gaulverjabæjarprestakall snertir. Frá því sjónarmiði er því engin minsta ástæða til að vera á móti því, að þetta gamla prestakall sé gert á ný að sérstöku prestakalli. Að annarsstaðar séu engu minni ástæður til að fjölga prestaköllum, getur

verið rétt. En mér vitanlega liggja ekki fyrir neinar óskir þar að lútandi. Að minsta kosti hefi eg ekki orðið var við að komið hafi fram kröfur eða bænir um fjölgun presta eða prestakalla úr kjördæmi háttv. þm. S.-Þing. (P. J.), enda hafa þeir ekki haft orð á sér fyrir að vera kirkjumenn eða prestlega sinnaðir. Annars hygg eg að svo fari í þessum stóru og viðáttumiklu prestaköllum, að presturinn verði skoðaður að eins sem sjaldséður gestur, en þá er starf þeirra ekki orðið nema svipur hjá sjón. Auðvitað geta prestarnir komið við og við og prédikað fyrir lýðnum, en þess ber að gæta, að einhver sterkasti liðurinn í starfi prestsins er hans persónulega umgengni við sóknarfólkið og um leið þau áhrif, er hann með kristilegu og kennimannlegu framferði hefir á söfnuðinn, sem honum er trúað fyrir. En þessi áhrif getur presturinn ekki haft, þegar hann — eins og eftir þessum nýju lögum — verður að eins gestur, sem einungis sést skyndilega nokkrum sinnum á ári. Það er þá alveg eins gott að afnema alla presta og kirkjur. Hefði skilnaður ríkis og kirkju verið á dagskrá, skyldi eg hafa stutt það mál og greitt því atkvæði.

Jón Jónsson (S.-Múl.): Þótt eg sé mótfallinn frumv., stend eg ekki upp til að svara háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) Eg vil að eins benda á ummæli hans um að frumv. sé borið fram til að bæta úr misrétti því, sem á sér stað í landinu með skipun prestakallanna. Orðið misrétti er ekkert annað en slagorð, sem háttv. flutningsmaður notar til að reyna að fleyta frumv. — Ef þetta frumv. næði fram að ganga og fara ætti að útfæra þá hugsun í samræmi við frumv., að bæta úr því svo nefnda »misrétti«, er eg hræddur um, að útfærslan mundi leiða deildina út á hála og hættulega braut. Það eru engar ýkjur, að mjög mörg prestaköll eru miklu erfiðari en þau, sem frumv. þetta fer fram á að verði skipt. Vegurinn í þessum prestaköllum enda á milli er ekki lengri og erfiðari en víða annars staðar milli höfuðkirkju og annexíu. Ef nokkrar breytingar ættu að eiga sér stað, þá væri það önnur prestaköll annars staðar á landinu, sem ætti að skipta og breyta. En það er annars óhyggilegt að vilja breyta lögunum nú, sem eru svo ný, að engin reynsla hefir enn fengist fyrir, hvernig þau muni gefast. En helzta ástæðan á móti frumv. þessu er þó sú, að það gerbreytir þeirri meginreglu, sem kirkjumálanefndin, síðasta þing og stjórn gerðust sammála um að fylgja í þessu máli: að hækka laun prestanna og gera kjör þeirra betri og jafnari en áður, en fá þó hins vegar umbætur þessar fram þannig, að landssjóði yrði ekki íþyngt fyrir það. Þetta var hægt að eins með því að fækka prestaköllunum. Neðri deild fækkaði prestaköllunum dálítið meir en milliþinganefndin hafði stungið upp á, en hækkaði líka laun prestanna að sama skapi. Alt af lá það á bak við, að breytingin skyldi ekki hafa nein aukin útgjöld í för með sér fyrir landssjóð, en verði frumv. samþ., er alveg vikið frá þessari reglu. Það á eftir frumv. að bæta við 6 prestaköllum, og ef þetta fær framgang, þá munu brátt koma önnur 6 og aftur 6. Hér er um veruleg fjárútlát að ræða fyrir landssjóð — þessi 6 prestaköll og öll önnur, sem hér eftir verða stofnuð — og þau hljóta að verða mörg, ef misrétti á ekki að eiga sér stað, — lenda á landssjóði. Það er ekkert ofmikið að gera ráð fyrir, að þessi 6 prestaköll kosti landssjóð á ári 9000 kr. Það eru þá vextirnir af 200000 kr. Með öðrum orðum: Það er ekki minna en fimta part

úr heilli miljón, sem frumv. þetta kostar landssjóðinn. Hvar er nú sparnaðurinn allur, sem 2. þm. Arn. (S. S.) svo oft hefir verið að tala um? Þetta er ekkert smáræði. Málið er svo íhugunarvert, að það ætti að gera deildina varfærna.

Því hefir verið haldið fram, að fólkið sé óánægt með nýju prestalögin. Getur vel verið alveg rétt. Það bólar á mörgum stöðum á óánægju út af þeirri nýju tilhögun og það eflaust með eins miklum rétti og þar sem þetta frumv. vill gera breytingu á. En eg vil þá spyrja háttv. flutningsmann (S. S.): Á þá að stofna ný prestaköll víðsvegar um land, alstaðar þar sem menn eru óánægðir með lögin og vilja helzt hafa presta sína með gamla laginu? Eg er hræddur um, að landssjóður mundi ekki mega við öllum þeim útgjöldum. Eg hygg, að flutningsmönnum hafi ekki verið ljósar þessar afleiðingar frumvarpsins. En hvaða pólitík er nú þetta annars? Ber hún ekki talsverðan keim af hinni alkunnu breppapólitík? Frumv. þetta fer líka fram á að fjölga prestum, þar sem einna minst er þörfin, og vona eg því, að deildin felli málið nú þegar við 1. umræðu.

Það er öldungis víst, að ef þetta frumv. kemst lifandi gegnum deildina í dag, þá koma á næstu dögum viðaukatillögur fram. Eg vil geta þess í þessu sambandi, að úr mínu kjördæmi hefir komið fram beiðni um að breyta skipun eins prestakalls, svo að prestaköllin verði tvö, svo sem áður var. En okkur þingmönnum S.-Múl. hefir ekki komið til hugar að bera fram sérstakt frumv. um það, því við höfum talið óheppilegt að raska grundvelli hinna nýju prestakallalaga. En ef þetta frv. nær fram að ganga, teljum vér oss skylt að beitast fyrir hinu.

Niðurstaðan mun því verða sú, að á endanum komist á 10—12 ný prestaköll eftir þetta þing, og mun það þó ekki nema helmingnum af því, sem síðar kemst á, því þetta mun valda sama ágreiningi, sömu hreppapólitík sem áður.

Eg hefi ekki ástæðu til að fara nánara út í þetta mál nú. Eg hefi sagt háttv. deild, hvað eg hefi á móti frv., og ræð henni til að fella það nú þegar, ella mun það leiða til þess ruglings og óþæginda, sem enginn sér út yfir.

Sigurður Gunnarsson: Mér virðist þeir háttv. 2 þm., sem andmælt hafa þessu frumv., eingöngu hafa litið á það frá einni hlið, kostnaðarhliðinni Þetta frumv. mundi ekki hafa verið flutt, ef þess hefði ekki sýnst brýn þörf, og að brýn þörf sé breytinga, það get eg staðhæft, að því er kemur til prestakalls þess í Snæfellsnessprófastsdæmi, er hér ræðir um. Það er auðvitað, að það er bæði rétt og skylt að spara allan óþarfan kostnað, en þar sem um þörf er að ræða, er alt öðru máli að gegna.

Þessir 2 háttv. þm. hafa, sem sagt, litið á málið frá einni hlið. En það er til önnur hlið á þessu máli, það er sú hlið, sem snýr að söfnuðum landsins. Auðvitað veldur það prestunum mikils kostnaðarauka og margvíslegs óhagræðis að verða að gegna afarviðlendum prestaköllum og torsóttum yfirferðar. En eigi ber síður á hitt að líta, að söfnuðunum er með þessum hóflausu samsteypum gert nálega ókleyft að hafa prestanna not, og verða þó söfnuðirnir að gjalda jafnþung gjöld eftir sem áður. Eða hvað segja menn um það, að steypa saman tveim prestaköllum, sem leiðin um er um 20 kl.st. lestagangur af enda og á, eins og er frá Sleggjubeinsá, yzt í Staðastaðarprestakalli, að Svínavatni í

Hnappadal; á þessu svæði er bygðin milli fjalls og fjöru þrisett víða og enn meira syðst í prestakallinu. Auk þess eru þar víða ár á leiðinni, illar yfirferðar, einkum á vetrum. Ókunnugum skilst enn betur, hversu óhæfileg þessi samsteypa er, þegar þess er gætt, að gagnvart þessu prestakalli liggja, norðan megin fjallgarðsins, Breiðabólsstaðarprestakall, Helgafellsprestakall, Setbergsprestakall og nokkur hluti Ólafsvíkurprestakalls. Eg vona, að háttv. þingdeildarmenn sjái af þessu, hve óréttmæt þessi samsteypa er.

Eg sé ekki að nein rök hafi komið fram fyrir því, að með þessu frv. sé kipt burt grundvellinum undan lögunum frá 1907 um skipun prestakalla. Ekki get eg heldur fallist á, að þá hafi verið komist að svo hárréttri niðurstöðu, að henni megi ekki og ætti ekki að breyta. Þvert á móti álít eg, að kirkjumálalöggjöfinni hafi verið flaustrað af, og prestakallaskipunin ranglega einskorðuð eingöngu við það, að landssjóður þyrfti ekkert til að leggja, þó að eg á hinn bóginn neiti því ekki, að þá hafi að nokkru verið bætt úr kjörum prestanna, sérstaklega í hinum óerfiðari prestaköllum.

Því hefir verið haldið fram, að lögin séu svo ung, að þau séu varla komin til framkvæmda; eg sé enga nauðsyn til að bíða eftir því, að hin nýja prestakallaskipun komist í framkvæmd. Betra að kippa verstu misfellunum í lag áður en að því rekur.

Það er fleira á að líta í þessu máli en launabætur prestanna, þó að það sé raunar mín skoðun, að prestar í viðlendum prestaköllum leggi miklu meir í kostnað en launabótunum nemur,ef þeir reyna að gegna embættum sínum með alúð. En það, sem eg legg áherzlu á er það, að söfnuðirnir eiga heimtingu á að hafa prestanna full not, meðan annars nokkur prestur er til í landinu. Að öðrum kosti er miklu betra að skilja að ríki og kirkju. En ekki sýnist mér sæma að smámurka úr henni lífið með óheppilegum og rauglátum samsteypum.

Háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) talaði um kostnaðaraukann, sem leiða mundi af frumv. þessu, ef það næði fram að ganga, og reiknaði út, að hann mundi nema 9 þús. kr. og taldi það ársvexti af 200 þús. kr. Látum svo vera; það er ósköp hægt að koma með ægilegar tölur. Tökum til dæmis tvo embættismenn í Reykjavík, sem til samans hafa 9 þús. kr. laun. Eru það ekki líka vextir af 200 þús. kr.? En það er svo sem ekki verið að halda þessum útreikningi á lofti, þegar um hálaunaða embættismenn er að ræða.

Eg vona, að háttv. deild vísi málinu að minsta kosti til 2. umr. og setji ef til vill nefnd í það. En eg vona, að deildina hendi aldrei sú fásinna að fella frumv. Það má vel vera, að ástæður séu ekki jafnar um öll prestaköllin, er hér ræðir um, eg er þar ekki kunnugur. En hitt vona eg, að deildin verði svo sanngjörn að hugleiða málið sem bezt.

Björn Sigfússon: Frumv. þetta er án efa afleiðing af því, að síðasta þing vann að kirkjumálunum í flaustri. — Lögin voru ekki fyr kunn en skarpar óánægjuraddir heyrðust úr ýmsum áttum gegn lögunum. Og því fer fjarri, að þær raddir hafi sefast. Óánægjan hefir haldist og magnast, þar sem eg veit bezt um.

Eg get ekki látið málið fara svo úr 1. umr., að eg minnist ekki á stefnu laganna, sem svo mjög hefir verið lofuð af sumum háttv. þm.

Þegar milliþinganefndin var skipuð í kirkjumálum, hugsuðu flestir, að hún

mundi ekki eingöngu yfirvega launakjör prestanna, heldur og ástandið í landinu, kirkjulífið sjálft. Það var sannarlega ekki þýðingarminna og ekki síður íhugunarefni. Margar raddir höfðu heyrst um það, ekki sízt frá prestunum sjálfum, að það væri svo dauft, svo rotið, að bráðra umbóta væri vant í því efni. En því miður var kirkjumálanefndin, svo margir mætir menn sem í henni sátu, svo einhliða í till. sínum, að hún snerti ekki við nema annari hliðinni, leit að eins á ytra hag kirkjunnar og þá sérstaklega launakjör prestanna. Hitt virðist að nefndinni hafi ekki verið eins hugleikið að leita ráða til að glæða hið daufa og dofna trúarlíf. Það var að eins einn maður í nefndinni, núverandi 5. kgk. þm. (L. H. B.), sem vakti máls á till. í þessa átt, og fórst honum þar prestlegar miklu en prestunum í nefndinni, þótt prestur væri hann ekki. Hann leit að mínu áliti miklu réttar á málið; honum þótti ekki hlýða, meðan an hann sat í nefndinni, að sletta nýrri bót á gamalt fat, og taldi ekki meinsemdir kirkjulífsins verða læknaðar með tómum brauðasamsteypum; um það er eg honum fyllilega sammála. Til þess þyrfti miklu fremur fullkomið trúfrelsi, ekki að eins í orði, heldur líka á borði, og leysing kirkjunnar frá ríkinu. Því miður hélt hann þó ekki þessari hugsun fram, þegar á þingið kom, heldur fylgdi þar meiri hluta nefndarinnar að málum.

Þessi stefna milliþinganefndarinnar, að bæta að eins kjör prestanna með sameiningu prestakalla, var svo tekin af þinginu, sem kunnugt er. En söfnuðunum var enginn gaumur gefinn. Það gat ekki heitið, að í öllum umr. á þingi um þessi mál hafi það komið verulega fram, að þm. myndu eftir söfnuðunum; það voru að eins fáeinar undantekningar frá því, og minnist eg þá sérstaklega háttv. þm. Ísf. (S. St.), annars hugsaði allur fjöldinn um það eitt að bæta launakjör prestanna. En um trúarlífið létu þeir sér í léttu rúmi liggja, því að ekki skil eg, að þeim hafi dottið sú fásinna í hug, að svona lagaðar endurbætur á kjörum prestanna mundu verða til þess að bæta trúarlífið.

Eg veit það, að áður en milliþinganefndin tók til starfa, átti að bera það undir söfnuðina, hvort þeir aðhyltust sameiningar; en mjög var það í molum og sumstaðar var það als ekki gert. Þó að málinu væri hreyft á héraðsfundum, voru óvíða samþ. nema lítilsháttar breytingar á skipun prestakalla, en milliþinganefndin og þingið gekk miklu lengra. Á mörgum stöðum á landinu voru menn frá upphafi andvígir mikilli samsteypu prestakalla. Það hefir líka sýnt sig síðan lögin komu í gildi, hvort þau eru að vilja þjóðarinnar.

Eins og eg sagði í upphafi ræðu minnar, er þetta frumv. komið fram af óánægju við hin nýju lög; við það bætast svo áreiðanlega óskir fleiri safnaða um breytingar á skipun prestakalla, því að miklu víðar en í þessum héruðum er ástandið svo, að ekki er við unandi.

Háttv. þm. Snæf. (S. G.) benti á ýmislegt í þessa átt, einkum að því leyti, hversu lítið tillit væri til þess tekið, að alþýðan gæti notið prestanna. Eg er honum fyllilega samþykkur. Mín persónulega skoðun er sú, að samsteypa prestakalla sé ekki eingöngu ósanngjörn gagnvart þeim, sem nota eiga prestana, heldur sé hún líka skaðleg vegna trúarlífsins. Það er ósanngjarnt að heimta sama gjald af mönnum og minka þó prestsþjónustuna stórum og auka erfiðleikana að því að nota prestinn, eða jafnvel gera það litt

kleift, ef um miklar vegalengdir er að ræða. Ef um stórt svæði er að ræða, þá er samlífið milli prests og safnaða afarlítið, nema helzt kringum prestinn. Þeir, sem lengst eru frá honum í útkirkjusóknunum, sjá hann als ekki nema sem sjaldsénan ferðamann, þegar hann messar, þriðja, fjórða eða fimta hvern sunnudag. Allir ættu að geta séð, að það getur ekki orðið til þess að vekja hlýja og innilega samvinnu milli prests og safnaðar.

Menn munu nú ef til vill segja, að prestarnir hafi þó enn á hendi húsvitjanir. Það er satt að vísu. En þeir verða að halda hraðan á, þegar þeir ferðast um svo stór svæði, og húsvitjanirnar verða fremur að nafni en gagni, sem eðlilegt er, því prestarnir geta ekki varið nema litlum tíma til þeirra.

Mín skoðun er sú, að þessi stefna, að breyta kirkjulöggjöfinni eingöngu í því skyni að bæta laun presta, sé mjög óheppileg. Sú stefna verkar ekki í þá átt að vekja trúarlíf í landinu. — Eftir því sem söfnuðirnir hafa minna af prestunum að segja, að sama skapi vex deyfðin í trúarefnum. Það er enginn vafi á því, það munu fleiri kannast við en eg, að margir prestar hafa glætt trúarlíf safnaða sinna.

Eg vil ekki tefja tímann, þótt margt mætti segja um þessa hlið málsins. — Þó skal eg geta þess, að eg sakna þess mjög, að milliþinganefndin, svo vel skipuð sem hún var, skyldi ekki taka betur til íhugunar skilnað ríkis og kirkju, því að því rekur að það verði að gera. En þá var gott tækifæri til þess. Það er raunar ekki til neins að sakast um orðinn hlut. Næsta stigið verður það að taka þetta atriði til rækilegrar íhugunar.

Eins og eg sagði í upphafi ræðu minnar, þá er óánægjan með þessi lög á miklum rökum bygð og mjög eðlileg. Frumv., sem hér liggur fyrir og þær viðbætur, sem við það kunna að koma, er afleiðingin af þessari óheppilegu löggjöf. Nú tel eg þinginu skylt að vega kröfur safnaðanna og unna þeim réttar síns. Það er fylsta réttlætiskrafa, að söfnuðirnir hafi þeirra embættismanna full not, er þeir verða að greiða svo mikið.

Eg vil víkja að einu atriði enn. Á þessu sama þingi voru gefin út lög um mikla rýmkun kosningarréttar til prestskosninga. Eg er ekki að finna að því, síður en svo; eg tel það alveg rétt. En hvernig er nú þetta framkvæmt? Það er í mörgum tilfellum bara sýnd veiðin en ekki gefin. Menn eru gabbaðir. Mörgum söfnuði er algerlega meinað að neyta þessa réttar. Það stendur víða svo á, að söfnuðir eru prestslausir, og ekki einu sinni borið undir þá, hvaða prestsþjónustu þeir vilji hafa. Sumstaðar hefir jafnvel verið neytt upp á þá einhverri prestsþjónustu þvert á móti yfirlýstum vilja þeirra. Svona er nú farið með þennan dýrmæta kosningarrétt, sem göfuglyndir menn þóttust vera að veita veslings alþýðunni!

Ef setja má prest á móti vilja safnaðar í eitt eða tvö ár, má það alveg eins í 20 ár, og svifta þá kosningarréttinum allan þann tíma. Þetta verð eg að telja ranglátt, og það getur ekki leitt annað en ilt af sér.

Háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) og þm. S.-Þing. (P. J.) tóku fram að meiningin hefði verið með þessum lögum að gæta þess, að útgjöld landssjóðs ykjust ekki, heldur gætu vegið salt. — Þeir fullyrtu, að ef nokkur breyting væri gerð, yrði þar með grundvellinum kipt undan þessu skipulagi. Já — grundvöllur, sem þannig er lagður,

hann hlýtur að hrynja fyr eða síðar, og á að hrynja.

Þótt um dálitið aukin útgjöld væri ræða til þeirra presta, sem þjóðin vill hafa, finst mér engan veginn rétt að gera mikla grýlu af því. Menn verða að gæta þess vandlega, að trúaráhuga og trúarþörf er ómögulegt að meta til peninga.

Jón Ólafsson: Eg er einn í þeirra tölu, er feginn vildi sjá frumv. þetta falla undir eins hér í deildinni. Gangi þetta fram, mun vera von á fleirum slíkum. T. d. get eg bent á, að við þm. Sunnmýlinga höfum eitt eða tvö frumv. af sama tægi.

Háttv. þm. Snæf. (S. G.) talaði mjög um erfiðleika á prestakalli innan Stapa í Snæfellsnessýslu. Vel þekki eg það, að þar eru miklar vegalengdir. En háttv. þm. Snæf. (S. G.) þekkir víst ekki síður en eg, prestakall eitt í Suður-Múlasýslu, þar sem um öllu meiri örðugleika er að ræða. Eg veit að háttv. þm. (S. G.) hefir ferðast með mér um mest alt það prestakall, þótt langt sé að vísu síðan, og hlýtur að vita, að enginn fer það á dag, þurfi hann að fara frá yzta bæ á Berufjarðarströnd inn fyrir Berufjörð og svo út strönd til Djúpavogs, inn fyrir Hamarsfjörð, út að sunnan og inn fyrir Álftafjörð suður að Lónsheiði. Eg gæti nefnt annað dæmi, þar sem vegalengdin er það sem menn segja fylsta dagleið að sumri til. Á norðurenda þess prestakalls (Eydala-prestakalls) er bær (Hafnarnes við Fáskrúðsfjörð), sem hefir um 70 íbúa. Þaðan liggur leið út fyrir fjall um Gvöndarnes, og, ef ófært er á sjó, þá inn fyrir Stöðvarfjörð og út fyrir fjall um Hvalnesskriður og langan veg inn í Breiðdal að Eydölum. — Stöðfirðingar vilja því fá, að sveit sín haldist áfram sérstakt prestakall. Ómögulegt væri að neita þeim um það, svo framarlega sem nokkuð er hróflað við breytingum á skipulagi því, sem nú er.

Við fengum lög 1880 um skipun prestakalla; þar gekk alt út á að bæta kjör prestanna, eins og ávalt hefir verið, er um slík mál hefir verið að ræða. Þá er steypt saman »brauðum« og ekki verið að hugsa um ástæður og óskir safnaðanna. Langt í frá. En þegar slík lög eru nýgengin í gildi, vilja menn jafnharðan rifta þeim aftur. En þá biðja prestar um uppbætur úr landssjóði. Lögunum 1880 var næstu ár hringlað öllum upp aftur með um 20 nýjum lögum. Og nú á að byrja sama hringlið með nýju prestakallalögin. Það sem prestarnir leggja alla áherzlu á, er það, að launin hækki.

Það hefir verið minst á kirkjulífið, og hve dauft það sé. Ekki skal eg rengja það. En sé eitt öðru fremur, er stuðlar að því að drepa kirkjulífið, mun það einmitt vera það, að prestum er dembt á landssjóð og þannig slitin að miklu þau sameigins hagnaðarbönd, er tengja söfnuði og presta. En landssjóður ætti ekki að borga prestum einn einasta eyri. Það á að vera safnaðanna að annast um slíkt. Laun presta úr landssjóði eru spor til þess að binda enn fastar saman ríki og kirkju, sem einmitt ætti sundur að skilja. Eg vildi feginn sjá öll þau bönd höggvin, sem allra fyrst, sem tengja ríki og kirkju. Háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) flytur þetta frv., hann sem þó ekki als fyrir löngu lýsti yfir því, að hann mundi óhikað greiða atkv. sitt á móti, að stofnuð yrði nokkur ný embætti. En nú er það enginn annar en hann, sem berst fyrir af kappi stofnun nýrra prestakalla, og þau að

sjálfsögðu launuð úr landssjóði að meiru og minna leyti.

Stefán Stefánsson: Eg vil ekki auka á deiluna í þessu máli, að eins geta þess, að sá hluti þessa frumv., er snertir mitt kjördæmi, er framkominn eftir ósk þingmálafundar, er haldinn var að Möðruvöllum í Hörgárdal, fyrir þá þrjá hreppa kjördæmisins, er þetta snertir og er í fylsta samræmi við frv. það, er stjórnin lagði fyrir síðasta þing og milliþinganefndin í kirkjumálum hafði eindregið lagt til.

Á síðasta þingi lét eg þess getið, að þá breytingu á prestakallaskipuninni, er milliþinganefndin lagði til, væru viðkomandi söfnuðir í mínu kjördæmi als ekki óánægðir með, en hvað sem frekar yrði gert til brauðasamsteypu, mundi als ekki vel tekið. Þetta er nú komið fram, og hefi eg því leyft mér að flytja þessa breytingu, og vænti þess að hún komi mönnum hvorki á óvart, eða finnist hún að nokkru leyti óeðlileg eður ósanngjörn.

Skal eg að svo komnu máli ekki fjölyrða frekar um þennan lið frumv., en vona að þingið sjái, að hér er um eðlilega og réttmæta ósk safnaðanna að ræða.

Pétur Jónsson: Háttv. þm. Snæf. (S. G.) þótti skoðun mín nokkuð einstrengingsleg í þessu máli. En mér finst að slíkt mætti segja með meiri rétti um álit hans á málinu. Mér þótti nokkuð viðurhlutamikið, ef þetta litla frumv. gæti kipt til baka öllu því, er síðasta þing gerði í þessu máli, og leit eg þar á heildina. En þm. Snæf. (S. G.) komst ekki út fyrir sitt eigið hérað. Hann var það skamsýnni.

Háttv. 2. þm. Húnv. (B. S.) talaði mjög um að rétti safnaðanna væri misboðið með brauðasamsteypunni. — Honum þótti rangt úr því menn borguðu jafnt til prests og áður, að prestsþjónustan minkaði. Nú eiga þessir 105 prestar, sem gert er ráð fyrir með nýju lögunum, að hafa sömu laun samanlagt og 142 áður, prestsþjónustan verður þeim mun dýrari. Er þá ekki eðlilegt að menn verði að borga þeim mun hærra?

Þegar talað er um rétt safnaðanna, verður að skoða málið frá fleiri en einni hlið. Í raun réttri ættu söfnuðirnir að bera veg og vanda af prestum sínum. Þá fyrst er hægt að tala um réttindi og frelsi safnaðanna. Látum þá hafa stuðning til þess úr landssjóði og af kirkjueignum líkt og nú. En ef þeir sjálfir réðu sér prestsþjónustu og bæru af henni veg og vanda að öðru leyti, er eg viss um, að þeir mundu eigi kvarta um að sameina sig, svo og svo margir um einn og sama prest, af því það væri sparnaður,

Eg gekk að ýmsu leyti nauðugur með á síðasta þingi í þessu máli. Hefði miklu fremur kosið, að losað hefði verið um sambandið milli ríkis og kirkju meira en gert var. En eg sá ekki, að það gæti beðið lengur að bæta kjör sumra presta, og þá lá í bráð beinast við sú leiðin, sem kirkjumálanefndin valdi að fækka prestaköllunum og auka störf prestanna. Væri þessum grundvelli nú þegar kipt undan, teldi eg mig blektan.

Mér er það fullljóst, að gerðir síðasta þings eru gallaðar, eins og flest annað. Eigi að síður var þetta fyrirkomulag lagt fyrir síðasta þing, eftir ítarlegar athuganir milliþinganefndarinnar; hún sá ekki aðra leið færa að svo komnu máli og alþingi ekki heldur. Þykist nú þetta þing að litt yfirveguðu máli og óreyndu geta lagað gallana með því að kippa hornsteininum undan réttarbótum síðasta þings?

Sigurður Gunnarsson: Það hefir löngum þótt góður siður, að bera meiri háttar mál undir þjóðina. Eins

og kunnugt er, hefir það og verið gert, að því er til þessa máls kemur. Kirkjumálanefnd hafði það með höndum milli þinga. Fyrir þeirri nefnd lágu heilir bunkar af óskum og yfirlýsingum safnaða og héraðsfunda víðs vegar um land. Og nefnd þessi, sem virtist fara svo langt sem fært var í fækkun prestakalla, réð þó als ekki til þeirra samsteypa, er þingið 1907 bætti við. Það gerði þingið þvert ofan í tillögur kirkjumálanefndar, safnaða og héraðsfunda.

Eg veit ekki vel, hvar það átti heima, er háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) var að tala um það, að það mundi spilla trúarlífinu, að prestum væri dembt á landssjóð, enda mundi það ekki verða nema að mjög litlu leyti, þótt óhæfilegustu samsteypunum yrði kipt sundur aftur.

Annars virtist mér sá háttv. þingm., er eg nefndi, vera mest að ræða mál, er hér liggur als ekki fyrir, þ. e. skilnað ríkis og kirkju. Vér höfum nú einu sinni þjóðkirkju, er löggjafarvaldinu ber samkv. stjórnarskránni að styðja en fella ekki. Vilji hann og aðrir þingmenn hreyfa fríkirkjumálinu í nálægri framtíð, sem eg hefi ekkert á móti, þá er það laust við þetta mál. Söfnuðirnir, sem nú eru harðast leiknir, gætu verið orðnir langeygðir eftir réttmætum bótum, þegar slíkt stórmál sem fríkirkjumálið væri komið í kring.

Annars skal eg ekki orðlengja meira um þetta, en leyfi mér að stinga upp á 5 manna nefnd í málið.

Jón Ólafsson: Eg skal ekki fara langt út í einstök prestaköll. En eg er hræddur um, að vinur minn og frændi, háttv. þm. Snæf. (S. G.) sé farinn að gleyma leiðinni. Eg skal ábyrgjast það, að hann er aldrei svo vel ríðandi, að hann fari alt prestakallið, frá Berufjarðarströnd yzt og alt suður að Lónsheiði, á dag með kristilegri meðferð á hestum sínum, ef hann hefir ekki meira en 2 til reiðar. Á Snæfellsnesi hagar alt öðru vísi til; þar verða senn akbrautir og eru góðir vegir, en á þessari leið á Austfjörðum eru vegirnir víða svo slæmir, að þeir munu óvíða verri vera á þessu landi. Úr því að háttv. þm. (S. G.) vill fara að bera saman prestaköll, hvað þau sé erfið umferðar, þá skal eg minna hann á eitt lítið prestakall, er nefnist Kirkjubæjarsókn í Norður-Múlasýslu; það tekur yfir Eiðaþinghá, Hjaltastaðaþinghá, Hróarstungu og svo Jökulsárhlíð, og það eru ekki neinar smásprænur, eins og á Snæfellsnesi, sem sá prestur verður að fara yfir, heldur stórvötn eins og Lagarfljót og Jökulsá á Dal, eitt stærsta og annað versta stórvatn landsins.

Háttv. sami þm. (S. G.) talaði um það, að hann væri hlyntur skilnaði ríkis og kirkju, en hélt þó, að eins og nú stæði mundi það bæta kirkjulífið að launa prestana af landssjóði. Mér er það óskiljanlegt, að það mundi ekki bæta kirkjulífið, að söfnuðurnir launuðu prestum sínum sjálfir. Staða prestanna er alt öðru vísi en þeirra manna, sem reka laga og landsréttar — enda er það áreiðanlegt, að þar sem prestunum er ekki launað úr landssjóði, þar er trúarlífið fjörugast. Íslenzku söfnuðurnir vestan hafs launa sjálfir prestum sínum og eiga prestar þar við betri kjör að búa en prestar eiga yfirleitt hér á landi.

Þá var bent á það, að fyrir millþinganefndinni í kirkjumálum hefði legið yfirlit og tillögur safnaðanna og því hefði átt að fara eftir. Eg fyrir mitt leyti hefi alt af haldið því fram

og held því fram enn, að eg vil láta hvern hafa rétt á því, sem hann varðar sérstaklega, en þó verð eg að játa það, að eg er á móti því, að söfnuðirnir ráði að svo¶ komnu nokkru um stærð prestakalla. Og vegna hvers? Vegna þess, að á meðan þeir taka ekki nema örlitinn þátt í kostnaðinum við prestakallið, er engin sanngirni í því, að þeir ráði eingöngu málum sínum — það mælir engin sanngirni með því, að söfnuðirnir fái að ráða nokkru um prestaval né annað, er kirkjunni við kemur, fyr en þeir launa prestum sínum að öllu leyti.

Flutningsmaður (Sigurður Sigurðsson): Eg ætla mér ekki að svara öllum mótbárum, sem komið hafa fram á móti þessu frumv. Eg ætla að eins að minnast á þá meginreglu, er háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) hefir sagt, að vakað hafi fyrir síðasta alþingi, er það gekk inn á þessa braut, að fækka prestunum og bæta kjör þeirra. Þessi meginregla var í því fólgin, að sameina prestaköllin, fækka prestunum að miklum mun og auka svo laun þeirra, án þess þó að það hefði í för með sér aukin útgjöld fyrir landssjóð.

Eg skal nú sýna honum fram á það, að tilgangi þessarar meginreglu laganna um skipun prestakalla frá síðasta þingi, verður ekki náð um langt skeið. Um hitt skal eg ekki fjölyrða frekara en gert hefir verið, hve breytingin veldur miklu misrétti víða í söfnuðum og einstökum prestaköllum.

Þess er þá fyrst að gæta, að margir prestar ganga ekki undir nýju lögin, en láta skipa sig til að þjóna brauðum eftir gömlu lögunum. Eg þekki t. d. tvo presta í mínu kjördæmi, sem hvorttveggja eru tiltölulega ungir menn, prestana í Hraungerði og á Stokkseyri, sem báðir þjóna eftir gömlu lögunum og eru settir til að þjóna Gaulverjabæjar- og Villingaholtssóknum. Þetta fyrirkomulag kostar því jafnmikið eða meira en þó Gaulverjabær væri gerður að sérstöku prestakalli, eins og farið er fram á í frumv. Hér er því ekki um nein ný útgjöld að ræða fyrir landssjóð svo teljandi sé fram yfir það, sem nú á sér stað. Annað er það, sem er afleiðingin af því að fækka prestunum mikið, það er að prestaköllin verða svo viðáttumikil, og þegar prestarnir taka að eldast, verða þeir neyddir til þess að fá sér aðstoðarprest, ef þeir á annað borð láta sig nokkru skifta það að fullnægja kröfum safnaðarins. Niðurstaðan mundi þá verða sú hjá mörgum, að þeir neyddust til að sækja um launaviðbót. Auðvitað mætti neita um það, en eg verð að álíta, að sanngirni mundi oft þykja mæla með, að slíkri kröfu væri sint.

Ef bíða á eftir því, að jafnvægi komist á í þessu máli þannig, að breytingin á prestakallaskipuninni, sem gerð var á síðasta þingi, hafi engin aukin útgjöld í för með sér, þá megum við lengi bíða. Sennilegt að annað skipulag verði komið á kirkju og prestaköll hér á landi um það leyti.

Háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) vildi ekki láta hagga við undirbyggingu þeirri, sem lögð var á síðasta þingi í prestakallamálinu.

En hvernig er sú undirbygging? Henni var hrúgað upp lítið hugsaðri og í flaustri *(Pétur Jónsson*. Marklaus orð!), og þess vegna full ástæða og alveg réttmætt að hagga við henni aftur í ýmsum greinum og gera hana traustari.

Háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) bar mér það á brýn, að eg hefði lýst því yfir hér í deildinni, að eg mundi greiða atkvæði á móti öllum embættafjölgunum. Hafi eg á annað borð sagt

eitthvað í þá átt, þá hefi eg eflaust látið »óþörfum« fylgja með, og við það stend eg. Eg skal fúslega samlaga mig háttv. þm. til þess að flytja frumv. um afnám allra óþarfra embætta og bitlinga. En sparnaðurinn má ekki koma niður á einstökum söfnuðum í landinu, að því er prestsþjónustu snertir. Það er naumast holt fyrir þjóðina eða sanngjarnt. Hitt er annað mál — og því vil eg lofa háttv. þm. S.-Múl. (J. Ó.) — að greiða atkvæði móti öllum persónulegum bitlingum, sem teknir hafa verið upp í fjárlagafrumv. í þeim tilgangi að rétta bita eða sopa að mönnum, sem ekki hafa til þess unnið.

Eg skal sömuleiðis viðurkenna það, að aðskilnaður ríkis og kirkju er að mínu áliti það æskilegasta, sem auðið er að gera í þessu máli. En það mál liggur ekki fyrir nú og því fyllilega réttmæt krafa, sem frumv. fer fram á og hér er um að ræða.

Jón Jónsson S.-Múl.: Háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) vildi halda því fram, að meginregla laganna væri ekki komin í framkvæmd. Þetta var bæði mér og öðrum ljóst og þurfti því ekki að halda langa ræðu um það. Sami háttv. þm. sagði sömuleiðis, að hann vonaðist eftir að annað skipulag yrði komið á kirkjulöggjöf okkar, áður en lög þau, er nú gilda geta komist í framkvæmd. Mér finst vera dálitil mótsögn í þessu. Hvers vegna mega ekki þessar breytingar bíða eftir þeirri aðalbreyting, sem þm. gerir ráð fyrir? Ef þessi prestaþörf alþýðunnar er svo rík og mikil, eins og háttv. þm. virtist álíta, er þá ekki rétt að fólkið borgi þeim sjálft? Eins og nú stendur, borga söfnuðirnir að eins $^1/_3$ hluta af tekjum prestanna. Eg lít svo á, að það sé als ekki ofraun fyrir söfnuðinn að vitja prests. Eg skil ekki í öðru en að menn geti haft opin augun fyrir því, að á meðan prestarnir eru meira en helmingi fleiri en læknarnir, þá sé þó ólíkt erfiðara að ná í lækni, þrátt fyrir það þó oft og einatt sé um lífið að tefla, ef ekki er hægt að ná í lækni; en það verður ekki sagt um prestsverk yfir höfuð, að þau séu þannig vaxin, að þau geti ekki beðið lítinn tíma. Eg get heldur ekki gert ráð fyrir, að nokkur prestur hangi í embætti lengur en það, að hann geti í góðu veðri farið prestakallið á enda í hægðum sínum. — Eg veit, eins og eg hefi áður tekið fram — að eg lít öðru vísi á þetta mál en margir aðrir og kemur það af því, að eg er á gagnstæðri skoðun í því sem er grundvöllurinn í þessu máli.

Háttv. þm. brá okkur, sem vorum á síðasta þingi um það, að við hefðum stutt þjóðkirkjuna í staðinn fyrir fríkirkju. Eg skal viðurkenna, að það er nokkuð satt í þessu. Þó verð eg að segja það, að ef bent hefði verið á einhverja tiltækilega leið í þá átt, þá hefði eg stutt hana. En eg vil benda hinum háttv. þingm. á það, að það er dálítið undarlegt af honum að vera að bregða okkur um að við höfum stutt þjóðkirkjuna, — því hvað gerir hann? — ekki styður hann fríkirkjuna með þessu frumv. Því eru þeir háttv. flutnm. þessa frumv. enn þá að byrja á öfugum enda? Við eigum því ekkert ámæli skilið, þar sem háttv. flutnm. er sjálfur að styðja þjóðkirkjuna, enda þótt hann þykist vera fríkirkjumaður.

Hálfdan Guðjónsson: Það sem hefir lengt svo umræðurnar um þetta mál, er það, að menn eru í miklum vafa um, hvort nefnd verði skipuð eða ekki, til að athuga það.

Eg efast ekki um það, að þeim, sem minst hafa á málið, hafi gengið hið bezta til. Mér finst sjálfsagt að íhuga

málið, því eg er viss um það, að ef þetta þing tekur óliðlega í þetta mál, þá rís upp megn óánægja í landinu og vona því fastlega, að það takist ekki að vísa málinu frá við 1. umr.

Hvernig hefir líka farið með þetta mál á liðnum tímum? Eftir að lögin frá 1880 gengu í gildi, komu fram ýmsar kvartanir og kröfur í þá átt að breyta þyrfti lögunum. Þessar kröfur hafa síðan verið teknar til greina. (*Jón Jónsson* S.-Múl.: Því miður.) Það hafa verið sögð hér í dag mörg spádómsorð í þessu máli og eg ætla að bæta því við, að á komandi tímum muni kröfurnar um breytingar á lögum þessum verða háværari og háværari og það er einmitt næg sönnun fyrir því, að breytinganna þurfi — því menn eru ekki að biðja um það í þessum efnum, sem er hreinn og beinn óþarfi. H. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) vildi halda því fram, að söfnuðirnir ættu ekki rétt á fleiri prestum, vegna þess að þeir borguðu þeim ekki að öllu leyti. Þetta er als ekki rétt hjá háttv. þm. Hvað eigum við þá að segja um það, þegar óskir koma fram um að læknum sé fjölgað? Ætti þá að segja: Nei, þið fáið engan lækni fyr en þið borgið honum sjálfir að öllu. Hinar löngu umr. um þetta mál eru út af fyrir sig nægur vottur um það, að málið sé mikilsvert. Eg leyfi mér að stinga upp á því, að nefnd verði skipuð í málið.

ATKV.GR.:

Samþ. að skipa 5 manna nefnd í málið með 13 atkv. gegn 11 að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Jón Ólafsson,
Björn Jónsson,	Ben. Sveinsson,
Björn Kristjánsson,	Einar Jónsson,
Björn Sigfússon,	Hannes Hafstein,
Eggert Pálsson,	Jóh. Jóhannesson,
Hálfdan Guðjónss.,	Jón Jónsson N.-M.,
Jón Þorkelsson,	Jón Jónsson, S.-M.
Magnús Blöndahl,	Jón Magnússon,
Ólafur Briem,	Jón Sigurðsson,
Sig. Gunnarsson,	Pétur Jónsson.
Sig. Sigurðsson,	Þorleifur Jónsson.
Skúli Thoroddsen,	
Stefán Stefánsson.	

Í nefndina voru kosnir með hlutfallskosningu:

Sigurður Sigurðsson,
Pétur Jónsson,
Sig. Gunnarsson,
Björn Sigfússon,
Jón Jónsson S.-Múl.

Í nefndinni var Sig. Gunnarsson valinn formaður, en Björn Sigfússon skrifari. Nefndin kom í þinglok með álit á þgskj. 761, og komst málið ekki lengra.

Vélagæzla á gufuskipum.

FRUMVARP til laga um atvinnu við vélagæzlu á íslenzkum gufuskipum og gæzlu gufuvéla á landi (A. 209); 1. umr. 29. marz.

Björn Kristjánsson: Sökum þess að flutnm. (M. Bl.) er veikur, leyfi eg mér að segja fáein orð. Frumv. þetta gerir ákvæði um, hvaða kunnáttu þeir menn skuli hafa, er fara með vélar á gufuskipum.

Mönnum hlýtur að vera ljóst, hve mikil nauðsyn er á slíkum reglum. En þar sem það nú er vitanlegt, að engin þekking er hér í þinginu í slíkum efnum, býst eg ekki við, að þetta mál geti nú orðið samþ. og að ekki liggi annað fyrir en að fela stjórninni að undirbúa það mál til næsta þings.

Eg vil þó leyfa mér að stinga upp á því, að vísa málinu til verzlunar- og atvinnumálanefndarinnar.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til verzlunar- og at-

vinnumálanefndarinnar með 17 atkv. og jafnframt vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv.

Í málinu kom ekkert nefndarál. fram.

Almenn viðskiftalög.

FRUMVARP til almennra viðskiftalaga (A. 322); 1. umr., 27. marz.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Herra forseti! Þetta er langur lagabálkur, sem verzlunarmálanefndin leggur fyrir þingið, samtals 71 grein.

Frv. þetta er í raun og veru ekkert annað en þýðing á frumv., sem búið er að lögleiða annarsstaðar á Norðurlöndum. Það frumv. var árangur af starfi stórrar nefndar, sem skipuð var bæði lögfróðum og verzlunarfróðum mönnum úr Danmörku, Noregi og Svíþjóð, og sat sú nefnd lengi á rökstólum, áður en hún lagði frv. fram.

Nefndin hefir farið mjög samvizkusamlega í gegnum frumv. þetta, og komist að raun um, að það er mjög vel hugsað í alla staði. Hún leggur því áherzlu á, að frumv. sé samþykt óbreytt af þinginu.

Þörfin á lögum hjá oss í þessum efnum er mjög stór, og það er afarnauðsynlegt, að öll lög, sem snerta verzlun og viðskiftalíf séu samhljóða í sem flestum löndum, eins og t. d. check-lögin eru nú samhljóða fyrir fjölda þjóða.

Lög þessi fara ekki fram á að hagga samningafrelsi manna að einu eða neinu leyti. Tilgangur þeirra er að eins sá, að færa saman í eitt og skrá festa það, sem er orðin föst viðskiftavenja manna á meðal í viðskiftalífinu, svo að dómarar geti svo farið eftir ákvæðum laga þessara, þegar um mál er að ræða, þar sem ekki hefir verið sérstaklega samið um einhver atriði.

Eg vænti þess að ekki þurfi að fjölyrða meira um lög þessi, með því flestum sé ljóst, við hvað átt er, þegar eg hefi gert grein fyrir tilgangi þeirra. Eg vona þingið taki þessu nauðsynlega frumv. vel, og láti það fá góðan byr gegnum þingið.

Jón Magnússon: Þegar háttv. Ed. var að skora á stjórnina að endurskoða verzlunarlöggjöf vora, þá hefir hún víst ekki vitað um það, hvert hún ætti að snúa sér og að þetta mál var á ferðinni. Eg efast ekki um, að lagabálkur þessi, sem hér liggur fyrir, sé vel gerður, en þó get eg ekki annað en óskað þess, að frumv. verði ekki afgreitt á þessu þingi sem lög frá því. Eg álít að það sé of fljótt undið að málinu, og að menn hefðu gott af því að fá tækifæri til að athuga það dálítið. Þótt lagabálkur þessi sé góður þá álít eg samt að það sé mjög stórt spursmál um það, hvort ekki þarf að athuga hann betur, en nefndin hefir átt kost á.

Eg hefi ekkert á móti því, að málið sé látið ganga áfram á þessu þingi, samt með því skilyrði, að það verði ekki afgreitt sem lög frá því í þetta sinn. Málið mundi vekja eftirtekt á þann hátt og máske skýrast dálítið undir umræðunum, en að mínu áliti er það fleiri ára verk að athuga það svo vel sé.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Herra forseti! Eg get ekki annað en sagt það, að mig furðaði á ummælum háttv. þm. Vestm. (J. M.) um þetta mál. Þegar verið var að semja víxillögin hér um árið, þá þótti þess ekki þörf að láta þau bíða fleiri þinga, þar sem þau voru alveg samhljóða lögum allra Norðurlanda, er rækilega höfðu verið þar undirbúin. Þessi lög, sem hér liggja fyrir, eru nú árangur af starfi nefndar, sem skipuð var hinum

færustu mönnum, og sat mörg ár við starfið. Vér, sem í nefndinni erum, höfum mjög nákvæmlega athugað lögin grein fyrir grein, og komist að þeirri niðurstöðu, að gersamlegt óvit væri að hagga við efni þeirra, og að hvorki alþingi né stjórn hér væri fært um að bæta búning þeirra. Eg er þess handviss, að þótt þau yrðu tekin til tveggja ára meðferðar í stjórnarráði voru þá kæmu þau þaðan alveg óbreytt orði til orðs, eða þá breytt til spillis. Fásinnu teldi eg það að fara hér að lögleiða ákvæði, sem væru ósamhljóða þessum ákvæðum, er gilda fyrir þær þjóðir, er mest eiga viðskifti við oss. Skandinaviska nefndin hafði líka reynslu við að styðjast, því hún bygði sín lög á lögum annara verzlunarþjóða um þetta efni. Eg vona því, að háttv. þm. Vestm. (J. M.) taki það ekki illa upp fyrir mér, þótt eg verði að kalla það »skriffinsku« að þurfa endilega að láta málið ganga í gengum stjórnarskrifstofur. Það mundi hafa þá einu afleiðing, að málið drægist, til tjóns fyrir viðskifti vor, og eg er þess fullviss að þm. vill það ekki.

Jón Magnússon: Það getur vel verið, að þing og stjórn bætti lögin ekki, en eg verð samt að halda fast við það, að lögin séu svo mikilsverð, að þingið geti ekki áttað sig á þeim til verulegs gagns á 4 vikna tíma. Lög þessi eru heldur ekki berandi saman við víxillögin, því þau ná að eins yfir einn þátt viðskiftalífsins, og það er sannarlegra hægra að átta sig á því, heldur en þegar ræða er um almenn viðskiftalög, sem eiga að ná til allra viðskifta.

Eg álít sannarlega ekki að nefndinni hafi nokkurntíma dottið í hug, að þingið léti lög þessi fara frá sér í þetta sinn og hrapaði þannig að málinu.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Út af samanburði háttv. þm. Vestm. (J. M.) á víxillögum og þessum lögum, þá verð eg að álíta að háttv. þm., sem eins og allir vita hefir erfiðu og umfangsmiklu embætti að sinna — hafi aldrei gefist tími til að lesa þetta frv. Víxillögin eru sannarlega fult svo mikið vandaverk, sem þessi lög, því þau snertu, er þau voru lögleidd, svæði, er þá var alveg óþekt fyrir oss. Þau eru eins og þetta frumv., að eins þýðing á dönskum lagabálki, en sá er einn munurinn, að þau eru illa þýdd, en þessi vel. Ef háttv. þm. man, hvernig íslenzkar þýðingar gáfust frá stjórninni í Höfn, þá mun hann reka minni til þess, að kosta varð töluverðu fé til að snúa svo nefndri »íslenzku« stjórnarinnar á íslenzku! — því málið var oft þannig, að enginn gat skilið það. — Lög þessi ræða um viðskifti, sem eru þekt hér, og ef háttv. þm. hefði haft tíma til að lesa frumv. þá hefði hann fljótlega séð, að hér var ekki verið að ræða um neinar breytingar eða takmarkanir á viðskiftum manna, heldur að hér er að eins lögfest venja sú, sem tíðast hefir verið fylgt, eða þar sem fleiri en ein venja hefir tíðkast, þá hverri skuli fylgja í þeim atriðum, sem enginn sérstakur samningur hefir verið um gerður.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. með 19 samhlj. atkv.

Önnur umr., 29. marz. (A. 322).

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Herra forseti! Af því að engar breyt.-till. hafa komið fram við frumv. þetta, skal eg ekki fara fleiri orðum um það að sinni, en vona að því byrji vel hér í deildinni.

ATKV.GR.:

I. kafli (1.—4. gr.) sþ. með 11 samhlj. atkv.

II. kafli (5.—8. gr.) sþ. með 11 samhlj. atkv.

III. kafli (9.—11. gr.) samþ. með 11 samhlj. atkv.

IV. kafli (12.—13. gr.) samþ. með 11 samhlj. atkv.

V. kafli (14.—16. gr.) samþ. með 11 samhlj, atkv.

VI.—XVII. (17.—71. gr.) samþ. með 11 samhlj. atkv.

Fyrirsögn frumv. skoðuð samþ. án atkv.gr.

Frumv. í heild sinni samþ. með 12 samhlj. atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 12 samhlj. atkv.

Þriðja umr., 13. apríl, (A. 322).

ATKV.GR.:

Frumv. samþ. með 17 samhlj. atkv. og afgreitt til Ed.

Útsölustaðir kaupmanna.

FRUMVARP til laga um útsölustaði kaupmanna (A. 88); 1. umr., 5. marz.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): Frumv. þetta er stutt og lítið, og legg eg til, að því sé vísað til sömu nefndar og málinu næst á undan,

Það sem frumv. þetta fer fram á er að nema úr gildi ákvæði opins bréfs frá 7. apríl 1841, þar sem kaupmönnum er bannað að hafa útsölu í fleiri en einum stað í sama kauptúni. Þó er að eins ætlast til, að ákvæðin séu feld úr gildi í Reykjavík og þeim kaupstöðum, sem hafa 2000 íbúa eða yfir það.

Reynslan hefir sýnt, að bann þetta hefir reynst hégómi; það var lagt á áður en verzlunin varð að öllu frjáls hér á landi, til þess að varna því, að í smákauptúnum, þar sem verzlunarlóð var af skornum skamti, gæti ein verzlun lagt undir sig alla lóðina og heft svo samkepni í verzlun. En nú eru lög komin, er greiða aðgang að verzlunarlóðum, enda enginn hörgull á þeim í Reykjavík og stærri kaupstöðum. Nú er og farið í kringum lög þessi á marga vegu, bæði með því að verzla í deildum og verzla í fleiri stöðum í sama kaupstað, en nota »leppa«. Það er því engin ástæða til þess að halda við slíkum ákvæðum, sem eru óeðlileg, óþörf og margoft brotin.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til verzlunarmálanefndarinnar með 22 samhlj. atkv.

Um frumv. þetta kom ekkert nefndarálit.

Skilnaður ríkis og kirkju.

TILLAGA til þingsályktunar um aðskilnað ríkis og kirkju (A. 152). Ein umr., 26. marz.

Flutningsmaður (Jón Jónsson, 1. þm. N.-Múl.): Eg hefi grun um, að mál þetta muni verða mörgum þm. þyrnir í auga. Mér þykir það leitt, því að ýmsir höfðu orð á því við mig út um land, að nú væri þingið svo vel skipað, frjálslynt, að þetta mál fengi nú góðar undirtektir. En hvað sem þessu líður, leyfi eg mér að bera þetta stórmál hér fram. Þetta er að vísu umfangsmikið vandamál, en úr því má gera grýlu, ekki er það svo örðugt viðfangs. Mál þetta hefir verið til umr. á þingmálafundum og er eitt af áhugamálum þjóðarinnar, og þykir

mér leitt, að máli þessu hefir enn eigi verið hrundið neitt áleiðis. Í stað þess að losa um böndin hafa þau verið hert og útgjöldin aukin, og eina sambandið milli prests og safnaðarins, viðskiftasambandið, rofið.

Því næst kemur annað stórvægilegt atriði, jafnréttisatriðið. Eins og kunnugt er verða þeir, sem ekki eru í þjóðkirkjunni, og tilheyra ekki öðru trúarfélagi með viðurkendum presti, að bera sömu útgjöld og safnaðarlimirnir, og er slikt mjög óréttlátt. Virðist hingað til í hinum svo nefndu endurbótum mjög gengið fram hjá mergi málsins. Það er engin bót, nema fyrir klerkana, að setja þá á landssjóðinn og fá öðrum innheimtuna hjá söfnuðum í hendur. En ástand kirkjunnar, eins og það er nú, er þó aðalástæðan fyrir skilnaði ríkis og kirkju.

Eg hygg, að öllum sé það ljóst, að oft kemur það fyrir, að ekki er messað, og þá sjaldan messað er, koma að eins fáar hræður. Afleiðingin er sú, að kirkjan verður með þessu gagnslaus stofnun. Prestarnir verða auðvitað súrir út af þessu, bæði ef til vill við sjálfa sig, ef þeir geta að einhverju leyti kent sér um þetta, og hinsvegar við söfnuðina. Trúaráhuginn dofnar og prestarnir verða nokkurskonar steingervingar.

Af mótbárum þeim, sem fram hafa komið gegn þessari nýbreytni, eru þær helzt, er nú skal greina:

1. Menn halda því fram, að þjóðin viti ekki, hvað hún sé að gera með þessu, það verði út í bláinn hjá henni. En það virðist mér hart, að bera slikt fram, því að þá mætti segja hið sama um öll önnur mál, er þjóðin lætur uppi álit sitt um. Og vér, sem nú höfum verið kosnir vegna eins máls — sambandsmálsins — viljum ekki kannast við það, að þjóðin hafi þar ekki vitað, hvað hún var að gera.
2. Í sambandi við þetta segja menn að kostnaðurinn, er af þessu leiði, verði ókleifur. Þá má svara því á líka leið og hinu: þjóðin mun einnig hafa athugað þetta. Og ekki er þessi ósk þjóðarinnar af tómri vantrú sprottin. Skilnaðinn aðhyllast að sjálfsögðu frjálslyndir kirkjuvinir.
3. Þá segja menn, að þetta leiði til þess að fram komi villutrúarmenn, er afvegaleiði fólkið. Má vera að svo kunni að verða, en hví skyldi það ekki vera eðlilegt og leyfilegt? Þegar jafnmikið frjálsræði er veitt mönnum og nú er, hví skyldu menn þá ekki mega hlusta á slika menn? Að vísu munu töluverð brögð að þessu í útlöndum, og má vera að það sé að ýmsu leyti skaðlegt, en eg lít svo á, að Íslendingar séu öðruvísi gerðir en flestir útlendingar. Þeir eru fastlyndir og dulir, athugulir og gætnir. Kreddur og seremoníur eru þeim mjög fjarri skapi.
4. Ennfremur segja menn, að þessi breyting leiði til þess, að menn verði hundheiðnir. En mér er nú spurn: Ætli þessi breyting verði til hins verra í þessu efni? Eg benti á það áðan, að kirkjan hefði lítil áhrif á kirkjulífið, eins og nú horfir við. Og þar sem því er haldið fram, að af breytingunni leiði það, að menn verði kirkjunni fráhverfir, hugsi lítið um kristindóm og verði heiðnir, þá þætti mér miklu trúlegra, að menn tækju einmitt að athuga kirkjumálin fyrir alvöru. Mér virðist hinsvegar sjálfsagt, að þeir menn, sem ekki aðhyllast kirkjuna eða

kenningar hennar, fái að sigla sinn sjó, að þeir þurfi ekki að inna af höndum gjöld fyrir aðra, þar sem það er ekki í þeirra þágu.

5. Loks er því haldið fram, að með þessu lagi vilji enginn vera prestur. Það er að vísu satt, að prestar verða háðari söfnuðunum, þegar um fríkirkju er að ræða, en eg sé ekki betur en að það sé einmitt til bóta, að prestar þurfi að koma sér vel við söfnuði sína, það hlýtur að efla gott samkomulag milli hvorutveggja — og það er aðalatriðið. Að prestar fái ekki jafnmikil laun með þessari tilhögun, fæ eg ekki skilið. Reynslan í öðrum löndum, þar sem er fríkirkja, er víst sú, að prestaskortur sé þar ekki tilfinnanlegur.

Þá er að athuga það, hvernig eigi að gera upp á milli ríkisins og kirkjunnar. Mér finst sjálfsagt, að lagður yrði niður prestaskólinn, því að söfnuðirnir annast þá sjálfir mentun presta sinna. Þá ættu og kirkjujarðir að verða eign landsins. Má að vísu segja, að kirkjum hafi verið gefnar jarðir í kristilegu augnamiði, en við það er margt að athuga, — og skal eg ekki fara út í það mál að svo stöddu. En kirkjur og kirkjusjóði ætti að afhenda söfuðunum.

Þá er sú spurning næst: Á ríkið að hafa nokkur afskifti af kirkjunni, þegar skilnaður er fenginn? Ein eru þau afskifti ríkisins, er gætu verið góð: Það ætti að gefa út á ríkisins kostnað trúmálarit, er almenningi sé sent ókeypis. Þar ætti að vera skýrt frá siðgæði og helztu trúarbrögðum heimsins, þar ætti að vera skoðanir merkustu guðfræðinga heimsins og annara stórmerkra vísindamanna, er um það rita, með öðrum orðum: almenn kristileg mentun. Þetta mundi hafa holl áhrif, að minsta kosti ekki verri en prédikanir prestanna,

Eg hefi séð það í þingtíðindunum frá fyrri þingum, að þm. hafa verið allmargir fríkirkjulega sinnaðir — og vér ættum í rauninni að vera það. En hvenær verður gerð alvara úr þessu? Nú er tíminn einmitt kominn. Og það er undarlegt, að prestar nú á tímum virðast alment horfnir frá þessari stefnu. Áður voru þeir þó allmargir mjög mikið með fríkirkju. Þeir sáu, að þetta getur ekki gengið svona. En af hverju hafa þeir nú fallið frá þessu? Má vera að orsökin sé sú, að nú hafa þeir betri launatrygging en áður. En ekki vil eg þó drótta neinu slíku að þeim, enda væri það harla óliklegt. Veit eg ekki hvernig þeir virðulegir prestar, er hér eru á þingi, líta á þetta mál, en eg hefi þó heyrt presta mæla á þá leið.

Með þessari tillögu, er hér liggur nú fyrir, er leitast við að koma málinu á hreyfing; þess er farið á leit, að stjórnin undirbúi það til næsta þings. Mér þykir ofdýrt að láta leggja það fyrir milliþinganefnd, enda fæ eg ekki séð, að málið sé svo flókið, að stjórninni ætti að vera ofvaxið að undirbúa það fyrir næsta þing.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Eg skal ekki verða langorður um þetta mál, þótt eg sé því mjög hlyntur. Það er þegar komin fjörug hreyfing á málið, og gætu orðið langar umr. um það, ef ætti að fara að ræða það ítarlega í kvöld.

Vil eg leyfa mér að stinga upp á, að kosin verði 5 manna nefnd til að íhuga þetta mál; gæti hún svo komið fram með rök frá báðum hliðum. Þá er deildin betur undir það búin að

ræða málið, þegar það kemur frá nefndinni aftur.

ATKV.GR.:

5 manna nefnd samþ með 17 samhlj. atkv. og umræðunni frestað.

Kosnir voru svo hlutfallskosningu:

Jón Jónsson, (1. þm. N.-Múl.).
Jón Ólafsson,
Sigurður Sigurðsson,
Hálfdan Guðjónsson,
Jóh. Jóhannesson.

Í nefndinni var Jóhannes Jóhannesson valinn formaður en Jón Ólafsson skrifari og framsögumaður.

Framhald einnar umr., 5. maí. (A. 152, n. 706).

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Nefndin hefir öll orðið sammála um niðurlagsatriði þessa máls, og ræður hinni háttv. deild, til að samþykkja þessa þingsályktunartill.

Vér vildum gefa dálitlar bendingar um það, hvernig skilnaðinum væri hentast og réttlátast að haga.

Nefndin byggir álit sitt mest á því, að fram hafa komið hér á landi á þingmálafundum og víðar, margar raddir um það, að menn óskuðu aðskilnaðar ríkis og kirkju, en í gagnstæða átt hafa engar raddir látið til sín heyra.

Nefndin leyfir sér að halda því fram, að þetta þjóðkirkju-fyrirkomulag sé ranglátt — ranglátt jafnt gegn kirkjunni sem ríkinu.

Sé nokkur hlutur viðkvæmur í frelsisbaráttu einstaklinganna er það sá, að hafa ekki að eins leyfi til að trúa því, sem samvizkan segir hverjum, að réttast sé, heldur og til þess, að ekkert annarlegt vald hafi neitt yfir trú manna og guðs-dýrkun að segja.

Það er ekki rétt, að hver sá, sem nú er utanþjóðkirkjumaður þurfi að vera þjóðkirkjunni óvinveittur, þótt hann meti annað betra. Vitanlega er þeim, er fyrir utan standa annað kærara, sem líka er ofur-eðlilegt. En öll trúarbrögð hafa eitthvað sameiginlegt, og það er einmitt hið sameiginlega, sem er mikilsverðast, og því unna allir góðir menn í öllum trúarbrögðum. — Eg held að allir hljóti að sjá, að jafnvel sjálfri lútersku kirkjunni er misboðið með þessu þjóðkirkjufyrirkomulagi. Öll hennar mál heyra nú undir ríkið, og ef til vill stundum undir dóm og atkvæði þeirra manna, sem als ekki heyra henni til í hjarta sínu og eru henni því ekki mjög hlyntir.

Allir játa, að þeir menn, er mestan hafa sýnt trúmálaáhuga með þjóð vorri, séu sumir prestar vestan hafs. Og þeir eru allir sammála um það, að deyfðin í trúarlífi manna hér heima stafi að meiru eða minna leyti af þjóðkirkju-fyrirkomulaginu. Og hér hafa líka margar raddir heyrst í líka átt.

Eg man ekki betur, en að einmitt núverandi biskup landsins hafi látið þá skoðun í ljósi, að hann væri hlyntur skilnaði ríkis og kirkju. Það sem í svipinn helzt mætti færa fram á móti þessu, væri það, að þeirri núverandi kirkju yrði örðugra fyrir. En eg held, að reyndin mundi verða sú, að hún mundi eiga fyrir höndum langt um glaðari daga.

Þar sem ríki og kirkja er aðskilin, þar verða meðlimir hvers kirkjufélags að leggja nokkuð á sig til viðhalds og eflingar kirkju sinni og trú; en það sem menn leggja fúsir og viljugir eitthvað í sölurnar fyrir, það verður mönnum jafnan kærast.

Ágreiningurinn við aðra glæðir áhugann og persónulega viljug fjárframlög gera mönnum málið kært.

Þegar menn halda uppi félagsskap, sem að dómi samvizku sinnar, er

réttur og góður og hollur, þá gengur alt vel. Viljinn dregur þá meira en hálft hlass. — En í þjóðkirkjunni gerir enginn neitt viljugur, alt er lögboðið. Þar dofnar áhuginn bæði hjá söfnuðum og prestum.

Eg vildi mega benda á skýrslu blaðsins »Verði ljós« 1897 í nóvemberblaðinu. Af henni má sjá, að í 18 prestaköllum urðu það ár 40 messuföll í hverju, en messudagar eru als á árinu ekki fleiri en 60, og í einni kirkju var ekki messað nema 6 sinnum á árinu.

Og þetta hefir átt sér stað ekki í afskektum útkjálka-prestaköllum, heldur í stórum og góðum prestaköllum, sumum helztu köllum landsins.

Sama er að segja um altarisgöngurnar. Í 12 prestaköllum voru þetta sama ár als engir til altaris, og í 5 þetta frá 2—5 manns. Og tiltölulega ekki fleiri hér í höfuðstaðnum, þar sem þó eru tveir dómkirkjuprestar, ekki eins margir eins og fermingarbörnin.

Nefndin leyfir sér því að skora á stjórnina, að undirbúa mál þetta sem rækilegast, og leggja frumv. um aðskilnað fyrir alþingi, ekki endilega fyrir næsta þing, því verið getur, að málið heimti meiri undirbúningstíma, og svo þarf líka á næsta þingi, að gera þá stjórnarskrárbreyting, er heimili þetta.

Einn háttv. nefndarmaður (H. G.) hefir undirskrifað nefndarálitið með fyrirvara, ekki af því, að hann sé ekki samþykkur í öllum aðal-atriðum, heldur vegna einhvers smávægis atriðis í röksemdaleiðslunni.

Hálfdan Guðjónsson: Eg geri ráð fyrir, að all-margir hafi álitið, að hér væri í nokkuð mikið ráðist, er þessi tillaga kom fram hér í deildinni, borin fram af einum þingmanni án þess, að um nokkurn sérstakan undirbúning væri að ræða að þessu sinni. Af því að hér var um svo mikilvægt mál að ræða, þá þótti deildinni þó ástæða til að fela það sérstakri nefnd til íhugunar og umsagnar.

Eg hefi einn nefndarmanna skrifað undir þetta nefndarálit með fyrirvara, og þykir mér því hlýða, að eg geri grein fyrir afstöðu minni gagnvart þessu stór-merka máli.

Orðalagi till. eins og hún kom fyrst fram höfum vér allir orðið sammála um að breyta. Þótti hún of freklega orðuð.

Breytingartill. nefndarinnar við tillöguna eru mjög verulegar, þótt ekki séu þær fyrirferðarmiklar, þar sem bætt er inn orðunum »undirbúa og«, en felt burtu orðið »næsta«. Með þessu er bent á nauðsynlegan og sjálfsagðan undirbúning þessa máls, og að þá fyrst er honum er lokið beri að leggja fyrir þingið frumv. um málið, ef þjóðin hefir sýnt, að hún er málinu fylgjandi.

Eg skal taka það fram, sem almenna athugasemd, að mér finst tæplega rétt, að einungis önnur þingdeildin taki ákvörðun um annað eins stórmál og þetta. Slíka þingsályktunartillögu ætti að athuga og ræða í báðum deildum þingsins. Í slíkum stórmálum má að engu hrapa.

Því næst vil eg geta þess, að eg er samþykkur því, sem eg tel meginatriði málsins. Sú hugsjón vakir fyrir mér, sem fegurst og fullkomnust, að hér mætti vera frjáls kirkja í frjálsu landi. — En mér er ekki grunlaust um, að orðið frikirkja sé mörgum manninum helzt um of óljós hugmynd og þokukend.

Það er og eðlilegt að nokkru, því að þau lönd og þær þjóðir, sem oss eru næst og kunnust t. d. Norðurlönd

og England hafa miklu meira af þjóðkirkjum að segja eða ríkiskirkjum en fríkirkjum. Það mun nálega eingöngu vera frá Ameríku eða löndum vorum þar, sem oss hafa komið ofurlítil kynni af fríkirkju-hugmyndinni.

Þótt þessi þingsályktun geri ekki annað að verkum, en að skýra fyrir mönnum þessa fríkirkjuhugmynd dálitið nánar, ætti hún þó skilið að verða samþykt. Því að fyrst og fremst þyrfti almenningi að vera sem allra ljósast, hvað það er, sem verið er að óska eftir.

Þá vil eg minnast á nokkur einstök atriði í nefndarálitinu.

Hvað það snertir að vitna til vilja þjóðarinnar í þessu efni, get eg ekki gert eins mikið úr því og vikið er að í nefndarálitinu. Málið hefir ekki verið mönnum svo ljóst sem skyldi, eins og eg tók fram áður og líka víða á þingmálafundum samþ. með örfáum atkvæðum.

Það sem helzt mætti byggja á er það, að ekki hafa komið fram mótatkvæði. Þjóðkirkjan hefir gefist vel hjá mörgum þjóðum, en þegar deyfðin hefir komið í ljós og hún hefir komið mjög í ljós hjá oss, þá er eðlilegt að menn fari að líta í kringum sig, líta eftir vænlegum ráðum til umbóta, og þetta er þá ein leiðin, sem menn fá augastað á. Í þessu sambandi skal eg láta þess getið, að eg er því samþykkur að öllu leyti, að þeir, sem fylgja þjóðkirkjunni sem dauðir limir, eru henni til tjóns og geti aðskilnaður ríkis og kirkju hjálpað kirkjunni til að losast við þá, tel eg það mjög heillavænlegt. En hins vegar tel eg líklegt, að við þá megi losna, þótt ríki og kirkja séu ekki skilin að til fulls.

Þá skal eg vikja nokkrum orðum að fjármálahlið þessa máls. Læt eg þess fyrst getið, að þar tel eg þó að fremur sé að ræða um auka-atriði, en als ekki kjarna málsins frá mínu sjónarmiði. En samþykkur er eg þó eigi röksemdafærslu meiri hlutans um eignarráðin yfir kirkjueignunum. Lít eg svo á, að þær eignir hafi í öndverðu verið gefnar kristilegri kirkju í þessu landi. Og kaþólska kirkjan hefir verið og er kristileg kirkja. Beint framhald hennar — dóttir hennar — er lúterska kirkjan, sem kom með siðabótinni. — Hana eina tel eg því réttan erfingja að kirkjueignunum, en hvorki ríkið né aðrar óskyldar eða fjarskyldar kirkjudeildir, sem kynnu að myndast hér t. d. Mormónakirkju eða Múhamedstrúarkirkju.

Að því er stólsjarðirnar snertir vil eg enn fremur geta þess, að þær voru ekki gefnar eingöngu til að launa biskupana, heldur líka til að standa straum af uppfræðslu kennimanna kirkjunnar, eins og henni verður fyrir komið á öllum tímum. Það er því ekkert á móti því, að nokkru af þessu fé verði varið til styrktar kenslustofnunum handa kennilýð kirkjufélaganna, þótt aðskilnaður ríkis og kirkju komist í framkvæmd. En eg skal ekki fara lengra út í það að þessu sinni.

Að lokum vil eg geta þess í sambandi við kirkjueigna-umráðin, að til eru þeir menn, sem tala um aðskilnað ríkis og kirkju, og um fríkirkju og fylgja því máli af ekki veglegri hvötum en það, að aðalatriðið í þeirra huga er að hremma eignir kirkjunnar til umráða og afnota, svo að trúarlífið og kirkjufélagsskipun landsins hafi engan stuðning af þeim. Eg vona, að þessir menn séu sem fæstir og tel því óþarft að eiga orðastað við þá.

Enn vil eg drepa á það, að eg teldi heppilegt að veita meira frelsi og meiri rétt en nú er til sjálfstæðrar starfsemi í kirkjumálum, án þess slitið sé sam-

bandi ríkis og kirkju. Það teldi eg hinn bezta undirbúning og góðan skóla fyrir fríkirkjufyrirkomulagið síðar.

Eg skal annars geta þess, að eg hefði talið mér það skylt og ljúft, að eg hefði samið sérstakt nefndarálit, en tíminn var svo stuttur, að mér var það með öllu ómögulegt. Nefndarálit meiri hlutans kom mér svo seint fyrir augu, að eg hafði ekki nema nokkrum klukkutímum úr að spila. Í nefndarálitinu segir, að leita skuli álits þjóðarinnar um þetta mál, áður en því sé ráðið til lykta af stjórn og þingi. Eg hefði helzt viljað fara lengra. Eg tel það æskilegast, að málinu sé skotið undir atkvæði þjóðarinnar, að almenn atkvæðagreiðsla fari fram um þetta mál, áður stjórnin leggi það fyrir þingið í frumv. formi, líkt og að sínu leyti átti sér stað með aðflutningsbannslögin.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): — Herra forseti! Eg er þakklátur háttv. 1. þm. Húnv. (H. G.) fyrir undirtektir hans undir þetta mál; í aðalefninu og niðurlagsatriðinu erum við samdóma; það er að eins í smáatriðum, er okkur greinir á og eg vona, að takast megi að eyða þeim ágreiningi og ná samkomulagi. Eg skal játa það fyllilega, að nefndarálit meiri hlutans kom svo seint, að það var ekki tími til að semja sérstakt nefndarálit eftir það, en nefndin hefir gert sér alt far um að reyna að verða sammála og líta á samræmilegar skoðanir allra nefndarmanna, enda er það sem ágreinir ekki svo stórt í sjálfu sér.

Þessi tilhögun, aðskilnaður ríkis og kirkju, fríkirkjufyrirkomulagið, þekkjum við bezt frá löndum vorum vestan hafs, einkum í Bandaríkjunum, og það þori eg að fullyrða, að enginn maður þar mundi óska þess, að fríkirkjufyrirkomulagið væri látið falla og ríkiskirkja tekin upp aftur.

Háttv. 1. þm. Húnv. (H. G.) talaði um þá menn, sem héngju eins og dauðir limir á þjóðkirkjunni, væru átumein í því kirkjufélagi, sem þeir lifðu í. Þetta er alveg satt, en hann bætti því við, að slíkir menn gætu líka fundist í fríkirkjunni, en þetta á sér varla — eða að minsta kosti síður — stað, af því að ríkiskirkjunni er þannig hagað, að þar sitja þeir þangað til þeir segja sig úr henni, en til þess vantar þá alla framkvæmd. Þeir hanga þar fyrir »inertiunnar« kraft, ef eg mætti svo segja. Um það, hvernig réttast eigi að skilja, til hvers kirknafé í öndverðu hafi verið gefið, get eg ekki verið öldungis samdóma háttv. þm, nefnilega að það sé gefið sérstaklega kristilegri kirkju. Í flestum gjafabréfum er kveðið svo að orði, að það sé »gefið guði«. Hvað þýða nú þessi orð? Eftir okkar skoðun, að eignirnar séu gefnar til eflingar þeirri æztu trúarhugsjón, sem ríkjandi er í þeim og þeim söfnuði. — 1. þm. Húnv. (H. G.) tók það réttilega fram, að sú fjárhagslega hlið væri aukaatriði og eg er honum alveg samdóma, en hitt vildi eg minnast á, að allir eða flestir andstæðingar aðskilnaðar ríkis og kirkju, leggja ekki meiri áherzlu á annað en fjárhagserfiðleikana. Sami þm. sagði líka réttilega, að stólgóssin hefðu ekki eingöngu verið til að launa biskupana, heldur líka til fræðslu kennilýðsins, en það leiðir af sjálfu fríkirkju-fyrirkomulaginu, að ríkið, þar sem það hefir hætt að styrkja nokkur sérstök trúarbragðafélög öðrum fremur, má ekki halda uppi skóla fyrir nein sérstök kirkjufélög. Nefndin hefir að eins lagt til, að almenn kensla fari fram í vísindalegri guðfræði, sem ekki heyrir til neins sérstaks trúarfélags. — Það hefir nefndin lagt til, að kent verði við háskóla Íslands, sem nú er í vændum. Þá talaði sami háttv. þm. um,

að æskilegt væri, að mál þetta yrði betur undirbúið og almenn atkvæðagreiðsla látin fara fram. Tillaga vor er líka svo alment orðuð, að stjórnin hefir heimild til að beita þeirri aðferð, ef henni sýnist. Til þess að stjórnin hefði tíma til að láta þjóðina greiða atkvæði um málið, höfum við felt úr tillögunni: »næsta« (ɔ: alþingi), svo stjórnin þarf ekki að leggja málið fyrir næsta þing. Henni er með því gefið langt um lengra svigrúm. Þar sem 1. þm. Húnv. (H. G.) hefir stungið upp á, að almenn atkvæðagreiðsla fari fram um málið, en við aðrir nefndarmenn lagt til að málið verði borið undir atkvæði á héraðs- og safnaðarfundum, þá er munurinn ekki ýkja mikill. Eg játa að sú leið, er hann fer fram á, er fult eins eðlileg og öllu frjálslegri. Þá verður málið líka borið undir utanþjóðkirkjumenn. Við höfum með tillögu okkar látið þjóðkirkjumenn fá sjálfdæmi um málið. En þetta þarf engum ágreiningi að valda. Það gleður mig, að einmitt þessi nefndarmaður, svo mikilsvirtur kennimaður þjóðkirkjunnar, getur orðið mér samdóma um, svo að við verðum samtaka um að greiða tillögunni atkvæði.

Ráðherrann (B. J.): Eg skal lýsa því yfir, að eg er mjög svo samdóma og samhuga þeim háttv. þm., sem um þetta mál hafa talað hér í dag. Mál þetta er eitt af stórmálum þjóðarinnar og eg lít svo á, að mál þetta fái beztan undirbúning með því, að skipuð sé milliþinganefnd til að íhuga það rækilega, og það er svo sem auðvitað mál, að til þess starfa getur gengið lengri en 2 ára tími. Hins vegar hefi eg ávalt verið þeirrar skoðunar, þegar eg hefi hugsað um þetta mál, að æskilegast væri, að með almennri atkvæðagreiðslu væri leitað atkvæða um málið, því að þótt komið hafi fram meira og minna ákveðnar skoðanir um þetta mál á meira eða minna vel sóttum þingmálafundum, þá tel eg það ekki nægilegt í þessu efni. Þjóðin er ekki búin að mynda sér fasta og nákvæma skoðun, að minsta kosti ekki enn, hvernig málið eigi að verða framkvæmt í einstökum atriðum, þó að hugsjónin sjálf kunni að vera orðin nokkuð almenn hér á landi.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Herra forseti! Eg er þakklátur hv. ráðh. (B. J.) fyrir ummæli hans um og undirtektir undir þetta mál. Nefndin er á sama máli, að æskilegast sé, að málið fái sem beztan undirbúning og er ekkert á móti skipun milliþinganefndarinnar. Nefndinni er ekkert kappsmál, nema síður sé, að málinu sé flaustrað af, heldur hitt, að málinu sé hreyft og komið á góðan rekspöl. Við vonum aanars, að þessi okkar tillaga verði til þess að vekja á ný umræður og áhuga á þessu mikilsvarðandi máli í landinu.

ATKV.GR.:

Þingsályktunartill. (A. 706) um að »neðri deild alþingis skori á landsstjórnina að undirbúa og leggja fyrir alþingi frumvarp til laga um aðskilnað ríkis og kirkju«, samþykt með 20:4 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Björn Kristjánsson,
Jón Ólafsson,	Björn Þorláksson,
Bened. Sveinsson,	Hannes Hafstein,
Björn Sigfússon,	Ólafur Briem.
Eggert Pálsson,	
Einar Jónsson,	
Hálfdan Guðjónss.,	
Jóh. Jóhannesson,	
Jón Jónsson, N.-M.,	
Jón Jónsson, S.-M.,	
Jón Sigurðsson,	
Magnús Blöndahl,	

Já:
Pétur Jónsson,
Sig. Sigurðsson,
Skúli Thoroddsen,
Stefán Stefánsson,
Þorleifur Jónsson.

3 þm. (Björn Jónsson, Sig. Gunnarsson og Jón Þorkelsson) greiddu ekki atkv. og töldust því með meiri hlutanum.

Þingsályktunartillaga (A. 706) afgreidd til ráðherra sem *þingsályktun frá neðri deild alþingis.*

Háskólamálefni.

TILLAGA til þingsályktunar um háskólamálefni (A. 597).

Ein umr., 4. maí.

Flutningsmaður (Jón Þorkelsson): Eg hefi í rauninni fátt um þessa till. að segja. Það kom fram á dögunum í umræðunum um stofnun háskóla, hvert væri tilefni hennar. Í þau lög vantar sem sé ákvæði um, að hann einn hafi rétt til að útskrifa embættismenn handa oss. Embættaskólarnir hér hafa haft og hafa enn jafnan rétt til þess á við Khafnarháskóla, en framar ekki. Við það hafa stúdentarnir dregist út úr landinu; sumir aldrei komið aftur og sumum farnast misjafnlega.

Þótt ekki standi það í tillögunni, þá vakir það einnig fyrir mér, að stjórnin eigi að reyna að ná hingað sjóðum þeim, sem ætlaðir eru sérstaklega íslenzkum stúdentum við Kaupmannahafnarháskóla, þar sem það ekki er beint ofan í »statútur«. Þeir eru að vísu ekki margir. Þó má t. d. benda á svo kallað »Schulasons Legat«. Það gáfu börn Þorláks biskups Skúlasonar 1658 til styrktar íslenzkum stúdentum, einkum frá Hólaskóla. Sá sjóður var varðveittur hér á landi fram á daga Steins biskups. En er Harboe kom hér, lét hann flytja sjóðinn til Kaupmannahafnar, og þar hefir hann síðan verið. Þessu þyrfti að kippa í lag. Sömu leiðis þyrfti háskóli vor, þegar fram líða stundir og hann eflist að fá einkaleyfi til þess að gefa út íslenzk almanök hér, sem Khafnarháskóli hefir nú.

2. liður tillögunnar fer fram á það, að endurtekin sé málaleitun þingsins frá 1905 um það, að fá nokkurn part af námsstyrk þeim, sem Íslendingar njóta við Khafnarháskóla, til háskóla vors, er bæði yrði þá notaður hér, og svo eins til þess að styrkja stúdenta á erlenda háskóla. Í margar aldir hafa Íslendingar orðið að sækja alla mentun sína til Khafnar, og þótt menningu vorri hafi ekki orðið beint tjón að því, hafa þó námsmenn vorir þannig farið mjög á mis við áhrif annarar þjóðmenningar en danskrar.

Árangurinn af málaleitun stjórnarinnar við yfirstjórn háskólans samkvæmt þingsályktuninni 1905 varð enginn; alt mun hafa lent í vafningum. Sjálfsagt er þó nú, er vér höfum fengið sérstakan háskóla, eða eigum hann í vændum, að hefja þessa málaleitun á nýjan leik.

Mér virðist ekki þörf að taka meira fram út af tillögunni, efni hennar finst mér svo sjálfsagt, að eg tel víst, að hún fái góðan byr.

Eg álít eigi nauðsyn á frekari undantekningum, en gerðar eru í tillögunni.

Þessar sömu undantekningar eru einmitt þær venjulegu. Til kennaraembætta við háskólana eru oft menn teknir án tillits til þess hvar þeir hafa stundað nám. Á þann hátt bæta há-

skólarnir hver annan upp. Hitt er venjulega talið sjálfsagt, að engir aðrir séu skipaðir í »praktisk« embætti en þeir, sem tekið hafa fullnaðarpróf við námsstofnanir landsins sjálfs. Og í framtíðinni á Kaupmannahafnarháskóli ekki að vera háskóli handa oss, heldá það að verða Reykjavíkurháskóli. Þetta vil eg biðja menn að gera sér ljóst.

Jón Ólafsson: Eg hefi ekkert á móti því að háskólinn hafi sömu einkarétt-indi og vandi er til um háskóla annarsstaðar. En eg skil svo, að ef alþingi samþykkir þessa þingsál.till., að þá hafi stjórnin eigi rétt til að gera neinar undantekningar. Mér virðist ósanngjarnt, að mönnum, sem lærðu erlendis, væri synjað hér embætta, þótt þeir hefðu notið miklu fullkomnari fræðslu en háskóli vor gæti látið í té. Eg skal taka til dæmis þá, sem stunda myndu læknisfræði við aðra háskóla, sem vitanlega veita miklu fullkomnari fræðslu í þeirri grein. Hefði háskóli vor verið kominn upp fyrir nokkrum árum, þá ættum vér ekki einn einasta af vorum beztu læknum, vorum góðu Guðmundum, og væri það illa farið.

Flutningsmaður (Jón Þorkelsson): Eg álít, að það sé als ekki nauðsynlegt að gera frekari undantekningar, en tillagan fer fram á. En ef svo væri, að þess þætti þurfa, þá hefir landsstjórnin öldungis óbundnar hendur um það. Hér er einungs skorað á hana að gera það, sem í tillögunni stendur, en henni hvergi bannað að gera hvað annað, sem hún álítur nauðsynlegt. Eg er samdóma háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) um það, að læknastétt landsins hafi gott af að fullkomnast erlendis. En eg álít læknaefnin eigi þá fyrst að fara til fullkomnunar í önnur lönd, þegar þeir hafa lokið hér fullnaðarprófi. Þeir eru víst ekki of þroskaðir til þeirra ferða fyrri.

Jón Ólafsson: Eg ætla að eins að gera örstutta athugasemd. Með tillögunni er verið að binda hendur stjórnarinnar og takmarka, hvað hún megi gera. Eg verð því að greiða atkv. á móti henni.

ATKV.GR.:

Fyrri liður (A. 597) feldur með 14 : 8 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Jón Ólafsson,
Ben. Sveinsson,	Björn Kristjánsson,
Eggert Pálsson,	Björn Sigfússon,
Jón Jónsson S.-M.,	Björn Þorláksson,
Jón Þorkelsson,	Einar Jónsson,
Sig. Gunnarsson,	Hálfdan Guðjónss.,
Sig. Sigurðsson,	Jóh. Jóhanness.,
Þorleifur Jónsson.	Jón Magnússon,
	Jón Sigurðsson,
	Magnús Blöndahl.
	Ólafur Briem,
	Pétur Jónsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Stefán Stefánsson.

Síðari liður (A. 597) sþ. með 13 : 2 atkv. og afgreitt til ráðherrans sem *þingsályktun frá neðri deild alþingis.*

Mentaskólamálefni.

TILLAGA til þingsályktunar um hinn almenna mentaskóla; (A. 530).

Ein umr., 24. apríl.

Flutningsmaður (Bjarni Jónsson): Eitt af því, sem kenslumálanefndin hefir rætt, er fyrirkomulagið á hinum almenna mentaskóla. Meiri hluti hennar hefir orðið á það sáttur að bera fram þá tillögu, sem hér liggur fyrir í dag. Mun eg nú með nokkurum orðum gera grein fyrir því, hvers vegna till. er komin fram og hvað vakti fyrir nefndinni með henni.

Nefndin kannast við, að það sé hlutverk slíkra skóla að þroska nemendurna til líkama og sálar. Hitt telur hún aukaatriði, hvort þekkingin er gagnleg til lífsuppeldis eður ekki. En ef um er að velja 2 greinir, sem báðar eru jafnvel lagaðar til að þroska anda nemendanna, en önnur kemur að betri notum í lífinu, þá situr sú í fyrirrúmi. Því að það er miklu meira um vert að andinn þroskist en stundarhagnaður; það er bæði drýgra og ber nemendunum meiri ávexti en hitt. Verður því auðsýnilega að velja námsgreinir í slíkum undirbúningsskólum, sem eiga að gera menn hæfa til að halda áfram á háskólum, eftir þessu, velja þær svo, að þær séu vel fallnar til þess að þroska sálargáfur nemendanna. Margar greinir eru til þess hentar að þroska gáfnafarið, skynsemina, en þó einkum þær, sem næst standa hugsanfræði, t. d. stærðfræði, og þá þær greinir, er kenna mönnum að athuga hlutina kring um sig. Þessa næringu þarf andinn að fá. En jafnframt á að þroska kendirnar, því að ella skrælnar andinn og kemst inn á hættulegar brautir. Loks er það hlutverk skólanna að varna því, að námstritið veiki vilja manna, og er það gert með fimleikum og því um líku.

Að þessu marki eiga skólarnir að vinna. Er nú fyrirkomulag skóla þessa, sem illu heilli er kallaður almennur mentaskóli á illa þýddri dönsku, svo lagað sem nú hefir verið bent til? Þegar athugað er, hvað hann gerir, verður að svara þeirri spurningu neitandi. Skal eg nú við leita að rekja það. Vera má, að óþarft þyki af mér að telja það í þessari samkomu, þar sem mörgum hér er þetta eins vel kunnugt og mér. En góð vísa er ekki of oft kveðin. Enn má og vera, að verði málið gleggra en áður.

Það er skoðun beztu manna, að höfuðatriði við hvern skóla sé það, að við hann sé kend ein aðalnámsgrein til þess að þroska anda nemenda. Við þennan skóla er engin slík grein kend. Áður skipuðu fornmálin þetta sæti, voru höfuðgreinin. Eigi verður því neitað, að mjög juku þau þroska manna með þeim hætti, sem þau voru kend. Þá var skólinn góður og vel kent, þá tíð sem eg þekti til, og engu lakari en samskonar skólar í öðrum löndum, þótt oft væri hann lastaður, svo sem títt er um landsmenn vora, að þeir lasta það, sem hérlent er, en lofa útlent. Þó voru þessar greinir heldur illa fallnar til þess að vera þungamiðja eða auka ándarþroska manna. Mun eg ekki orðlengja um það, því að það er erfitt mál. Vísa eg um það til umræðna á alþingi 1893. Jón Jakobsson, sem þá var alþingismaður, sýndi þá fram á þetta með góðum rökum. Er eg sammála rökum þeim, sem hann flutti þá, og vil ekki tefja tímann með því að telja þau upp né önnur, er viðar hafa komið fram, því að menn geta lesið þau. Eg vona, að allir séu mér samþykkir í því, að einhver þurfi höfuðgreinin að vera. Ef litast er um, hver grein sé bezt til þess fallin, sé eg ekki aðra betri en stærðfræði. Það vita allir, að sú grein er samhangandi kerfi, er temur menn að draga ályktanir af áður þektum hlutum; það eru afleiðslurök eða deductiones. En af því að þetta eitt nægir ekki til að þroska andann, verður líka að kenna aðrar greinir til þess að mönnum lærist að gera eða draga almennar setningar af einstökum atriðum, svo sem náttúrulögmálin, en þau eru rökstuddar getgátur (hypotheses), sem byggja má á, þótt ekki séu fullsannaðar. Þessi aðleiðslurök (inductiones) verður að láta nemendur temja sér. Til þess er

náttúrufræði yfir höfuð bezt fallin, einkum þó með oss eðlisfræði, ekki af því að sú grein sé auðgari en aðrar greinir náttúrufræðinnar, heldur af því að menn geta í þeirri grein gert margar tilraunir í húsum inni á vetrartímum. Ef slíkur háttur væri hafður á kenslunni, væri breytt til batnaðar.

Nú fer því fjarri, að skólinn hafi verið lagaður á þessa lund. Reglugerðin er hið aumasta kák; svo virðist sem nemendum sé að eins ætlað að fá bragð eða nasasjón af greinunum. Eg skal með leyfi forseta lesa upp kafla því til sönnunar: Með því að athuga dýr og jurtir skulu nemendur hafa lært að athuga skaplega og vel og kunna að lýsa því, sem þeir sjá og greina aðalatriði frá aukaatriðum. Skulu þeir á þann hátt hafa kynst allra helztu tegundum jurta og dýra, sköpulagi þeirra og líffæragerð og hversu þetta er sniðið eftir lifnaðarháttum og dvalarstað og geta dregið einfaldar ályktanir er þar að lúta. Sömuleiðis skal þeim hafa verið kent að athuga skyldleika jurta og dýra. Þeir skulu og vita nokkuð um gagn það, er mennirnir hafa af ýmsum jurtum og dýrum.

Þetta er svo laust, að ekki verður unt að sjá, hvort kenna skuli eina stund á viku eða 20 og sé þó tæmt til hlítar.

Eða þá þessi kafli um eðlisfræði og efnafræði:

Nemendur skulu, einkum af einföldum tilraunum, þekkja algengustu fyrirburði í náttúrunni og lög þau, sem þeir hlýða.

Þetta er sama sem að segja mönnum að skoða »þær fjórar höfuðskepnur«, svo lítið er sagt um, hvað heimtað sé. Líkt er um reikning og þó ekki miður kynlegt, t. d. að heimta af nemendum að vita, hverjar tölur eru deililegar með 2, 4 o. s. frv., sem hverju barni er skylt að kunna undir fermingu. Öll er reglugerðin svo lausalopaleg, sem eg hefi nú fært dæmi til. Höfuðatriðunum er slept, en aukaatriðin talin upp. Sama er að segja um hina reglugerðina, lærdómsdeildarinnar, sem um reglugerð neðra hluta skólans. Hún er eins óljós. Alt er þar á tíningi og enginn veit hvað vantar, fyr en lesið hefir reglugerðina alla.

Eg hefi farið til hins hæfasta stærðfræðings hér og reynds kennara, Ólafs Danielssonar, og spurt hann, hversu margar stundir þyrfti á viku til þess, að stærðfræði og eðlisfræði væru höfuðgrein. Hann hefir látið það uppi, að til þess nægðu 40 stundir á viku eða rúmlega það. Þetta kemur heim við mína reynslu bæði við nám hjá Birni Jenssyni og kenslu í hans stað, er hann var veikur. Til þess að vinna upp þennan tíma, þá mætti fella burtu kenslu í frönsku, latínu og guðfræði o. fl. Með leyfi forseta skal eg lesa upp skýrslu Ólafs. Hún hljóðar svo:

»Með því að hafa stærðfræði og eðlisfræði í 42 tíma á viku í skólanum ætti leikandi að mega fara yfir það, sem hér segir: Stærðfræði. Almennan reikning mætti iðka svo mikið, að nemendur fengju fullkominn fimleik í, að reikna þau dæmi, sem fyrir koma í daglegu lífi. Enn fremur mætti fara yfir reikning með ótilteknum stærðum yfir höfuð. Skyldi það vera samlagning, frádráttur, margföldun og deiling. Og enn fremur pótensa- og rótarreikningur með heilum tölum og brotnum, positivum og negativum, rationölum og irrationölum, reellum og complexum. Um líkingar af 1. og 2. stigi. Um logariþma og notkun þeirra við almennan reikning, einkum rentu- og annúitetsreikning og einfaldar exponentiellar líkingar. Um

heilar tölur og primtölur og ýmsar reglur, sem um þær gilda sérstaklega (svo sem Fermats og Wilsons'reglur). Um determinanta og notkun þeirra til þess að leysa n likingar af 1. stigi með r n óþektum stærðum. Um takmarkagildi breytilegra stærða. Ítarlega analysis á hugtökunum »óendanlega stór« og »óendanlega lítill«. Raðir, sérstaklega differens- og kvotientraðir. Summation á konvergent kvotientröðum. Permutationir og kombinationir. Um (a + b) n þegar n er positiv og heil tala (Binomialformula).

Fullkomið ágrip af Evkliðs geometri, er eigi nái skemra, en þær bækur, sem brúkaðar hafa verið við skólann.

Lítið ágrip af analytiskri geometri (um beinar línur og keiluskurðarlínur).

Höfuðatriði trigonometríunnar (þríhyrningamælingar og trigonometriskar funktionir af summum og differensum horna).

Lítið ágrip af stereometri (Um legu lina og flata; regulær polyaeder; Eulers reglu um polyaeder (með samhengistölunni o) kongruens og symmetri.

Rúmmál einföldustu líkama«.

Þetta er skýrsla Ólafs um stærðfræðikenslu. *(Jón Ólafsson:* Ekki er málið vandað á henni). Það er satt, að málið er ekki gott, og er það bending í þá átt, að full þörf sé á því, að kenslubækur sé samdar á íslenzku. En af því að nú hefir verið samþykt till. um, að semja kenslubækur á íslenzku, hefi eg ekki viljað taka fram fyrir hendurnar á vitrum og málhögum mönnum með því að þýða stærðfræðiheitin í skýrslunni.

Þá kemur eðlisfræði. Þar segir Ólafur að kenna eigi:

»Ágrip, er eigi fari skemra, en þær bækur, sem við skólann hafa verið notaðar. Því ætti að fylgja fjöldi dæma. Enn fremur ætti að lesa ítarlega einhvern valinn kafla, t. d. mekanik eða ljósfræði (síður rafmagns- eða hitafræði, því þeir kaflar krefja ítarlegri og nákvæmari tilrauna). Mætti þá nota kenslubók Juliusar Petersens í mekaniskri eðlisfræði eða kenslubók Ellingers í ljósfræði með nokkrum styttingum.

Stjörnufræði, er eigi fari skemra en sú bók, er nú er notuð við skólann«.

Eftir minni hyggju mætti algerlega taka frönskuna burt. Kenslunni í henni er þannig varið, að fæstir njóta þar af verulegs gagns, sem og heldur er ekki að vænta, þar sem hún er ekki kend nema í tveim efstu bekkjum skólans.

Eg vil leiða athygli manna að því, að tungumálanám er ekki æfing nema fyrir næmi og minni, en það er hvergi nærri fullnægjandi. Yfir höfuð að tala mun það nægja hverjum manni að kunna vel enska og þýzka tungu.

Þá er latínan líka alveg ónauðsynleg, og þótt til hennar sé varið 23 stundum á viku, í þrem efstu bekkjunum, er það augljóst, að nemendur verða þar litlu nær.

Þá sé eg hér í þessari skýrslu, að einni stund á viku er varið til kenslu í fornaldarfræði; eg minnist ekki að hafa heyrt þá fræðigrein fyr nefnda á nafn, og mætti vist ætla henni rúm í hinni almennu mannkynssögu.

Loks mætti nefna til kristindómsfræðsluna, hún á að sjálfsögðu að leggjast niður í slíkum skólum. Fátt sem er eins fallið til að uppræta trúarkend ungra manna og ættu því trúaðir menn, að vera því fylgjandi, að nema þessa fræðigrein burt. — Væri þeirri kenslu algerlega hætt, sparaðist þó nokkur tími, sem verja mætti til líkamsæfinga, söngs og annara fagurra og nytsamra iþrótta.

Annars er fátt gremjulegra en það, þegar keuslan miðar helzt að því einu, að berja með valdi orð kennarans inn í nemendurna, og þeir eru við það vandir að »jurare in verba magistri.«

Það er sú hættulegasta aðferð, sem hægt er að beita við litt þroskaða unglinga. Það er sú aðferð, sem gerir nemendurna ósjálfstæða í hugsjónum, og veldur því, að þeim nægir ef til vill ekki hálf æfi til þess að skafa af sér þessi þungu syndagjöld uppeldisins. — Öll kenslan á að miða að því að gera unglingana andlega sjálfstæða, kenna þeim að hugsa rétt og vilja vel, fegra og göfga hugsjónir þeirra með lifandi fræðslu í sögu lands og þjóðar, móðurmálinu, skáldskap, þekkingu á málverkum, sönglist og öðrum fögrum greinum.

Þá vildi eg leyfa mér að fara nokkrum orðum um aldurstakmark nemenda við skólann; það hefir orðið nokkuð óvinsælt, sem eðlilegt er. — Þar er þetta hlægilega ákvæði, að menn megi ekki koma í skóla eldri en 15 ára. Svona lagað ákvæði virðist mér mesta endileysa.

Eg skil það, að menn megi ekki koma í skóla yngri en 12 ára, það er nokkuð vit í því. Eg hefi heyrt menn bera fyrir sig þá ómerkilegu ástæðu, að fullorðnir menn gætu ekki unað á skólabekk innan um tóma stráka. — Þeir um það. Enn halda sumir því fram, að eldri piltar stæðu að jafnaði fyrir óspektum. Þetta er ekki satt. Eg þekki þess mörg dæmi, að einmitt þeir hafa gengist fyrir samtökum um að halda á friði.

Eg þarf ekki að fjölyrða meira um þetta atriði, hygg öllum skiljist, að þetta aldurstakmark er með öllu óhafandi.

Þá er enn eitt ákvæði, sem eg vildi ekki láta óumtalað, og það er, að ef piltar einhverra orsaka vegna þurfa að vera utan skóla, mega þeir ekki ganga undir hvaða árspróf sem er. Þetta er stór-skaðlegt og hefir í för með sér margs konar leiðindi.

Þá höfum vér leyft oss að koma fram með áskorun þess efnis, að samræmi yrði komið á milli þessara tveggja skóla, Akureyrarskólans og gagnfræðadeildar hins almenna mentaskóla. Vona menn sjái, að það sé í alla staði sanngjarnt og sjálfsagt.

Skal eg svo ekki fara hér um fleiri orðum að sinni.

Jón Magnússon: Eg er einn í mentamálanefndinni, en hefi ekki getað tekið þátt í því að bera fram þessa þingsályktun. Mér þykir það ekki ólíklegt, að eitthvað megi að reglugerð mentaskólans finna, og einkum, að deildar geti verið skoðanir um það, hvernig eigi að haga ýmsum atriðum í henni. Það er svo oftast nær, að skoðanir manna falla ekki alt af saman. En þegar vel er aðgætt, þá hygg eg að gallarnir á reglugerð skólans stafi flestir frá því eða eigi rót sína að rekja til þess, að eigi hefir þótt fært að fara fram á það enn, kostnaðarins vegna, að skifta skólanum í deildir, eins og gert er í sams konar skólum í nágrannalöndunum, t. a. m. tungumáladeild, stærðfræðisdeild o. s. frv. Væri það kleyft kostnaðarins vegna að skifta mentaskólanum þannig, þá mundu falla burtu margir af agnúum þeim, er menn þykjast finna á kenslunni í skólanum.

Eg get annars ekki skilið í því, að hv. deild sé undir það búin að kveða upp nokkurt álit um reglugerð skólans eða gera ákveðnar breytingar á henni eða heimta gerðar. Slíkt mál verður að athugast og undirbúast að minsta kosti í næði af stjórninni. Hafi einhver þingmaður einhverjar óskir

fram að bera um breytingar á skólareglugerðinni, þá er rétta leiðin að snúa sèr til stjórnarráðsins beina leið. Hitt finst mér alveg fráleitt að fara umhugsunarlaust hér á þinginu að samþykkja áskorun til stjórnarinnar um ákveðnar breytingar.

Það er að vísu svo, að skóli þessi og kenslan í honum á að vera svo löguð, að hún þroski skilning og greind nemendanna yfirleitt, og skal eg ekki neita því, að til þess er stærðfræði hentug að hafa fyrir aðalkenslugrein, en hér er ekki einungis á þetta að líta, mentaskólinn verður að hafa það fyrir augum að kenna beint það, er að praktiskum notum má koma í lífinu; þarf ekki að eyða mörgum orðum til að sýna fram á þetta, að minsta kosti ætti það að vera öllum ljóst, að svo er um gagnfræðadeildina, sem beint á að búa þá menn, er ekki halda áfram námi til sérmentunar, þannig út til framtíðarstarfanna, að þeir þurfi eigi frekari skólamentunar. En það er víst, að til þess þarf ekki mikið af hinni hærri stærðfræði.

Annars skal eg ekki ræða hér um hinar einstöku kenslugreinir; það verður ávalt nokkurt álitamál, hvernig skifta skuli tímanum milli hinna einstöku kenslugreina, og hver skuli helzt höfð að höfuðkenslugrein, einkum í slíkum skóla, er eigi er ráð á að skifta í deildir, eins og eg befi áður á bent.

Hitt verð eg að leggja meiri áherzlu á, að ekki sé verið að hringla til með aldurstakmarkið fyrir inntöku í skólann, þvert á móti áliti flestallra skólafróðra manna. Verði tillaga þessi samþykt og taki stjórnin hana til greina, þannig að hún striki út aldursskilyrðin, eða að minsta kosti aldurstakmarkið að ofan, þá álít eg það mjög illa farið — beint hættulegt fyrir skólann. Að þessu leyti getur ekki verið mjög mikill munur á oss og öðrum þjóðum, og þegar vér lítum á reynslu þeirra, þá sjáum vér, að hjá þeim er þess stranglega gætt, að nemendur í slíkum skólum séu á sama aldri. Þannig er í Danmörku, Noregi og Svíþjóð aldurstakmarkið fyrir upptöku í 1. bekk miðskólans (þ. 1. bekk gagnfræðadeildarinnar hjá oss) 11—12 ára aldur, og upptöku í gymnasiið (lærdómsdeildina hjá oss) 15—16 ára aldur. Þó má gera undantekning frá aldurstakmarkinu, ef unglingurinn er seinþroska; en þessi undantekning er bundin því skilyrði, að unglingurinn sé ekki eldri en í hæsta lagi 2 árum, heldur en nemendurnir eru að jafnaði í þeim bekk, er nýsveinninn á að setjast í. Aldursskilyrðin eru þeim mun strangari í þýzkum og frönskum skólum, að þar mega nemendur aldrei vera nema ½—1 ári eldri en aldursákvæði skólareglugerðanna tiltaka.

Þessi aldurstakmörk fyrir inntöku í skólana eru bygð á þeirri reynslu, að ef nemendurnir séu á misjöfnu aldursskeiði, sé:

1. Erfitt, ef ekki ókleyft, að haga kenslunni svo, að hún komi nemendunum að jafnmiklum notum;
2. Að andlegur þroski og þol unglinga á þessum aldri (frá 12—18 ára) sé svo mismunandi, að það geti verið ábyrgðarhluti, að heimta t. d. sömu skil af 13 vetra dreng sem 17—18 vetra, en skólinn (eða kennarinn) verði að gera sömu kröfur til allra nemenda við prófin.
3. Og hvað aga snertir, þá verði skólinn (kennarinn) að láta sömu reglu ganga yfir alla nemendur í hinum sama bekk, en á hinn bóginn margreynt, að 15—18 ára unglingar geta með engu móti felt sig við þann aga, sem 12—13 ára ung-

lingar gera sér að góðu, og leiða því oft hina yngri á glapstigu, og skapa þrjózku og óhlýðnisanda í bekknum.

Fleira mætti til tína, er gerir það æskilegt, að nemendur í sama bekk slíks skóla séu á hinu sama reki.

Hitt ákvæðið í þessari till., um að utanskólasveinar megi ganga undir árspróf í hverjum bekk sem er — og þá ganga inn í hvern bekk sem er — er ekki eins skaðlegt, og þó verð eg að telja það óheppilegt. Það er óheppilegt, að nemendur geti hlaupið úr skólanum eitt árið, máske bara af dutlungum, og komið svo aftur í skólann árið eftir og það er óheppilegt. Þetta getur og hæglega orðið til þess, að stundum verði í hinni sömu aldursdeild í skólanum að eins fáir nemendur, máske 4—5, eins og stundum hefir komið fyrir, og svo ef til vill árið eftir svo margir, að bekknum verði að skifta. Loks er miklu hægra fyrir kennarann að haga vel kenslunni fyrir átramhaldandi nám, ef hann veit að hann á að hafa lærisveininn frá byrjun til enda.

Um hlutfallið milli Akureyrarskólans og gagnfræðadeildar mentaskólans, skal þess getið, að mismunurinn þar er af praktiskum ástæðum, sem h. þingdm. munu skilja, ef þeir að eins athuga það. Námstíminn styttri á Akureyrarskólanum, en nemendur eldri.

Umræður eru orðnar svo langar í dag, og vil eg því ekki orðlengja um þetta meira að sinni.

Flutningsmaður (Bjarni Jónsson): Eg skal fara að dæmi síðasta ræðumanns, og ekki halda langa ræðu. Eg verð enn að halda því fram, að aðalatriðið við alla kenslu sé það, að veita manninum sem mestan andlegan þroska, en ekki hitt, að hann læri eitthvað það, sem getur komið honum að gagni, og get eg ekki verið hinum háttv. þm. samdóma. Að þetta sé gömul skoðun, haggar ekki við sannleiksgildi hennar, því þótt engin skoðun sé góð fyrir það eitt, að hún er gömul, þá er hins vegar engin skoðun verri þótt gömul sé, ef hún stendur óhrakin, og svo er um þessa; að minsta kosti er mér ekki kunnugt um annað, en að hún standi óhrakin enn þann dag í dag, og ef svo er, þá hlýtur það að vera einhver uppgötvun, sem mér er ókunnugt um, en það þykir mér ótrúlegt, að slík nýmæli mundu fara fram hjá mér. Nei, skólans hlutverk er að þroska manninn, en ekki að veita honum einhvern ákveðinn skamt af þekkingu. Það getur meir en rétt verið, að reglugerðin sé sniðin eftir norskum, sænskum og dönskum reglugerðum, en eg vil ekki gleypa við því, þótt frá frændum sé komið, og vil ekki af þeim orsökum leggja fyrir óðal það sem betra er.

En það væri heppilegri aðferð, að reglugerðina semdu menn, sem hafa kent og geta kent, en ekki þeir, sem aldrei hafa kent og enga hæfileika hafa til þess að kenna.

Mér er sama, hvort gallarnir á skólareglugerðinni eru norskir eða danskir, en hinu vil eg halda fram, að þeir lærðu menn, sem að henni hafa unnið, hefðu sannarlega átt að leggjast dýpra, en að setja sig niður við að þýða einhverja útlenda reglugerð. Um aldurstakmark skal eg ekki þrátta, en vil að eins benda á það, að margir af okkar ágætismönnum hefðu aldrei orðið stúdentar, ef það hefði verið áður, enda ekki aldurinn einn, sem skapar sálarþroska mannsins.

Þá var sagt, að erfitt mundi verða að halda aga, ef menn á mismunandi

aldri væru í hverjum bekk. En það er þvert á móti, að það er miklu hægra að halda aga, og sannarlegur klaufi er sá kennari, sem ekki getur notað eldri piltana til þess að hjálpa sér að kenna — og til þess að halda aga. Það er annars undarlegt, að heyra svo mikið talað um aga. Hvað er agi? Líklega högg, barsmíð, að kennarinn verði að ganga með vöndinn í hendinni, eða svifta menn námsstyrk, eða brottrekstur úr skóla. Það er agi, eftir hugmyndum þeirra, sem hér hafa ráðið í skólamálum, en þegar maður fær nemandann til að hlýða sér með því að umgangast hann þannig, að hann veit ekki af því að hann er að hlýða — það telja þeir ekki aga. En hver leyfir sér að halda fram annari aðferð, er heppilegri sé? Og halda menn nú, að fullorðnir menn spilli fyrir aga í skólanum? Eg var við þennan skóla, þegar þar var agasamast, og eg get sannað, að eldri pittar, að nokkru fyrir mína tilstilli en að nokkru af eigin hvötum, hafa barist þar á móti agaleysi, og að það var ekkert annað en ofstjórn, sem olli þeirri óstjórn.

Í síðustu ræðu minni gleymdi eg að geta þess, að eftir þessari reglugerð eru kröfurnar við 3. bekkjar prófið svo litlar, að nemendur geta komist upp í lærdómsdeild með enga þekkingu.

Hér við bætist, að þótt það hafi ef til vill verið nokkuð strangt og hart tekið á þeim mönnum sem fengu 1, þá er það alt of lítið að láta það vera ÷ 8. Það getur orðið til þess að skifta verði 4. bekk, en ekki hitt, að menn muni sitja heima annað árið, en þyrpast í skólann næsta ár, eins og þm. Vestm. (J. M.) sagði. Aldur á ekki að koma hér til greina, eigi heldur hvort maðurinn hefir verið í skóla eða utan hans. Að eins að hann fullnægi þeim reglum sem settar eru um prófin, þá á hann að hafa fullan rétt til að vera í skólanum.

Frekar þarf eg ekki að svara ræðumanni, enda hefir hann engin rök fært fyrir sínu máli, sem eg ekki hefi hrakið.

Jón Magnússon: Háttv. þm. Dal. (B. J.) talaði um aga, eins og hann þektist hvergi nema hér. Veit hinn háttv. þm. ekki, að þann dag í dag er jafnvel viðhöfð barsmíð í enskum skólum, og að Englendingar hafa ekki reynst lakari öðrum þjóðum fyrir það, held eg að allir viðurkenni. Á Þýzkalandi er einnig mjög strangur skólaagi, og eg hygg alstaðar í löndunum kringum oss, strangari skólaagi en hér.

Þá mintist háttv. þm. á það, og gerði lítið úr því, að reglugerðin væri sniðin eftir útlendri fyrirmynd, því að hér ætti alt annað við. Eg hygg nú að sjálfsagt sé fyrir hverja þá þjóð, sem skamt er á veg komin í menningu, hvort er verklegri eða andlegri, að byggja á reynslu þeirra þjóða, er lengra eru á veg komnar.

Að síðustu skal eg láta þess getið, að skólareglugerð sú, er nú gildir fyrir mentaskólann, hefir fengið mjög góðan undirbúning, áður en hún var staðfest; hún var í fyrstu samin af manni, er hafði með styrk frá alþingi, rannsakað og athugað sérstaklega skólamál hér og annarsstaðar, eg á við mag. Guðmund Finnbogason; síðan var hún athuguð af kennurum skólans, og loks nokkuð í stjórnarráðinu.

Nú skal eg ekkert hafa á móti því, að skólareglugerðin sé endurskoðuð, en eg álít rangt af háttv. deild að hrapa að því að heimta ákveðnar gagngerðar breytingar, og einkum tel eg rangt að önnur deild alþingis taki sér þetta vald að hinni deildinni (Ed.) fornspurðri.

Flutningsmaður (Bjarni Jónsson): Eg sagði aldrei, að ekki mætti taka eftir öðrum þjóðum, ef það á við hér, og vér getum haft gagn af því. Mér datt heldur ekki í hug að lasta þá menn, sem unnið hafa að reglugerð skólans, hefi ekki heldur haft nein hörð orð um þá, en eg tel mér heimilt að hafa hörð orð um skoðanir og tel engan þurfa að þykkjast við.

Hálfdan Guðjónsson: Eg skal ekki tefja fundinn lengi, en þar sem eg var í meiri hluta í kenslumálanefndinni, skal eg geta þess, að eg var því samþykkur, að reglugerðin yrði endurskoðuð. En ekki get eg fyrir því fallist á allan rökstuðning háttv. framsm. Eg álít að á þurfi að komast meira samræmi milli gagnfræðaskólans á Akureyri og almenna mentaskólans. Eg er ekki á því að fella aldurstakmarkið alveg í burtu, en vil takmarka það að einhverju leyti. Nauðsynlega breyting til bóta tel eg það, að utanskólanemendum sé leyft að ganga undir árspróf með lærisveinum skólans í hverjum bekk skólans sem vera skal. Þó skal þess getið, að eg mun greiða atkv. með till., eins og hún liggur fyrir.

ATKV.GR.:

Tillagan (A. 530) samþ. með 18 shlj. atkv. og afgreidd til ráðherra *sem þingsályktun frá neðri deild alþingis.*

Útgáfa skólabóka.

TILLAGA til þingsályktunar um skipun nefndar til þess að annast um útgáfu hentugra skólabóka (A. 333).

Fyrri umr., 17. apríl.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Mér lízt vel á þessa tillögu, og eg ætla að hún verði til góðs. Samkvæmt þeim umræðum, er farið hafa fram í efri deild um málið, get eg hugsað mér að ef til vill væri hægt að breyta eitthvað til bóta því fyrirkomulagi, sem hér er gert ráð fyrir, svo að það yrði heppilegra en það er. Og sting eg því upp á 3 manna nefnd í málið.

ATKV.GR.:

Vísað til síðari umr. með þorra atkv.

Vísað til kenslumálanefndar með 13 atkv.

Síðari umr., 6. maí (A. 333, n. 729).

Framsögumaður (Bjarni Jónsson): Eg skal láta mér nægja að vísa til þess sem sagt var við fyrri umr. málsins, og þess sem í nefndarálitinu stendur. Skal að eins leyfa mér að lesa upp rökstudda dagskrá, er hljóðar svo:

»Deildin treystir því, að stjórnin kosti kapps um, að hið bráðasta verði samdar og gefnar út hentugar kenslubækur á vandaðri íslenzku handa öllum undirbúningsskólum í landinu, þar sem þær vantar, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá«.

Óska eg eftir að þessi rökstudda dagskrá verði borin upp í stað tillögunnar.

ATKV.GR.:

Rökstudd dagskrá (A. 756) samþ. með 18 atkv. samhlj.

Húsmæðraskóli.

TILLAGA til þingsályktunar um húsmæðraskóla (A. 617).

Ein umr., 4. maí.

Framsögumaður (Pétur Jónsson): Eg get skírskotað til nefndarálitsins að nokkru leyti um þetta mál. Nefndin áleit málið mikilsvert og nauðsynlegt, þótt hún hafi ekki treyst sér til að koma fram með frumv. um húsmæðraskóla. Hún áleit eitt meginatriði þessa

máls, að sérskólar fyrir konur séu ekki nauðsynlegir, nema þeir snúist sérstaklega að sérmentun kvenna, líkt og t. d. búnaðarskólarnir að sérmentun bændaefna. Og enn fremur: að það af sérmentun kvenna á að sitja í fyrirrúmi, sem nauðsynlegast er í daglegu lífi öllum þorra kvenna. Þannig lagaða sérskóla, sem legðu áherzlu á að veita konum nauðsynlega sérmentun, er meira vert að styrkja en aðra skóla. Vottur um að þetta sé rétt, er framþróun húsmæðrafræðslunnar í Noregi og Danmörku hin síðari ár. Og þessi frumatriði leggur nefndin einkum áherzlu á.

Það verður að leggja áherzlu á, að svo sé til hagað, að sem flestar fátækar konur geti aflað sér þessarar mentunar, því þær þurfa þess með engu síður en þær ríkari.

Vitaskuld er, að önnur sérfræðsla, sem lýtur að finni störfum kvenna, svo sem vefnaður, hannyrðir o. fl. eykur fegurðartilfinninguna, smekk og handlægni og getur því verið góð og nauðsynleg. En hún er frekar fyrir hinar efnaðri konur. Mikill þorri alþýðukvenna á ekki kost á að ná í aðra fræðslu en þá allra óhjákvæmilegustu, og getur eigi gengið á þá skóla, sem ná lengra eða taka meira fyrir. — Þess vegna er ekki eins áríðandi fyrir löggjafarvaldið að styðja þá.

Annað höfuð-atriðið er, að hér er um jafnréttiskröfu kvenna að ræða.

Í þessu máli er fólgin krafan um það, að húsmóðurstaðan sé metin fullkomlega eins mikils og bóndastaðan, eða hver önnur mikilsverð staða í lífinu, og þurfi að sínu leyti eigi síður fræðslu við. Húsmóðurstaðan er nú viðurkend í orði en hún er eigi viðurkend á borði, fyr en þessari stöðu er veittur eins góður undirbúningur að sínu leyti og öðrum. Þetta er því krafa, sem ekki ætti að sitja í halla fyrir öðrum jafnréttiskröfum kvenna, heldur fremst þeirra allra.

Hæstv. ráðherra (B. J.) talaði hér áður í deildinni vel um jafnréttiskröfur kvenna og vildi ekki að það mál drægist neitt í hömlu. Eg vona því að hér muni fást fylgi ráðherrans og hann muni taka málinu vel.

Vér höfum ekki í nefndarálitinu farið mikið út í það, hvernig málinu ætti að haga í framkvæmdinni. En vér höfum drepið nokkuð á það, hvernig því er háttað hjá Dönum og Norðmönnum. Eg skal taka fram nokkrar bendingar, til að sýna hvað fyrir oss vakir um það, hvernig framkvæmd málsins gæti verið heppilegust, án þess þó að gera oss að nokkrum spámönnum eða sérstökum ráðunautum í þessu efni.

Eftir reynslunni í Noregi mætti telja hér vel skipað, ef settir væru fyrst á stofn 2 húsmæðraskólar í sveit, líkt og frumv. það gerði ráð fyrir, sem lagt var fyrir þingið 1907.

Skólar þessir hefðu 6—7 mánaða námsskeið væru þeir kostaðir af landssjóði líkt og bændaskólarnir. Svo væru færanlegir skólar út um landið, eins og í Noregi. Þeir stæðu 2—3 mánuði í stað á nokkrum stöðum í héraðinu og færði kenslukonan sig á milli þeirra. Þetta fyrirkomulag gæti orðið hentugt hér. Kostnaðinn mætti leggja fram þannig: Sveitarfélagið legði til skólahús og helztu áhöld. Mætti hafa skólana þar sem góð og mikil húsakynni eru og sérstaklega þar sem til eru góð fundarhús. — Landið legði til kenslu-na en nemendur gætu lagt sér sjálfir til fæði og haft félagsmötuneyti, eins og hér hefir verið títt við suma skóla,

því það yrði kleyfara fyrir fátækar námskomur.

Í þriðja lagi ætti svo að vera, að umferðakenslunni væri haldið áfram, því eins og tekið er fram í nefndarálitinu þá væri ekki þrátt fyrir föstu skólana og færanlegu skólana, búið að sjá öllum þeim fjölda af húsmæðraefnum fyrir fræðslu, og gætu þær, sem ekki kæmust á þessa skóla, eða ekki hefðu efni á því, notið farkenslunnar. Umferðakenslan hefir reynst mjög vel og orðið til mikillar vakningar. Eins og tekið er fram í nefndarálitinu hefir þessi umferðakensla magnast mjög í Danmörku og gefist þar vel. Konurnar hafa furðu mikið gagn af henni, þótt kensluskeiðin séu afar stutt.

Ef föstu skólarnir kæmust upp, þá gætu þær af námskonunum, sem færastar væru, fengið að vera þar næsta námstíma til að fullkomna sig þar betur, og gætu þær þá jafnframt létt undir með kenslukonunum með því að taka þátt í kenslunni. Með þessu móti lærðu þær einnig að segja öðrum til.

Þá er þessu næst að sjá fyrir nægum kenslukröftum. Í Noregi hefir skortur á kenslukonum staðið húsmæðrafræðslunni mest fyrir þrifum. Það yrði dýrt og óheppilegt að senda allar kenslukonur út úr landinu til slíks náms. Þess vegna þyrfti að hafa undirbúningsskóla fyrir kenslukonur. Mér hefir dottið í hug, að kvennaskólinn hér gæti tekist á hendur þessa fræðslu. Í Noregi hefir ekki verið nema einn skóli fyrir kenslukonur til þessa, og hann privatskóli. Nú næstliðið ár hefir verið komið upp kenslukonuskóla í Kristjaníu, og er honum komið á fót af ríkinu. Eg verð að leggja áherzlu á, að mikið ríður á að sjá fyrir nægum kenslukröftum í landinu.

Mér þykir rétt að drepa á hugmyndir okkar um það, hvað kenna ætti í húsmæðraskólunum. Því styttra, sem kensluskeiðið er því minna er hægt að sinna bóklegri fræðslu, og á umferðaskólunum verður henni ekki við komið að neinum mun.

Síðan að kvenfólkið fór að nota unglingaskóla, og aðra almenna skóla landsins, þá fær það eða getur fengið sömu almennu mentun og karlmenn. Á hinum föstu húsmæðraskólum ætti því að hafa inntökupróf, þar sem krafist væri að minsta kosti góðrar barnafræðslu eða þess sem numið er í framhaldsbekkjum barnaskóla. Bóklega kenslan á húsmæðraskólunum væri því strax hneigð að sérfræðslu skólans, t. d. reikningskenslan miðuð við verkahring konunnar o. s. frv. — Móðurmálið ætti að leggja mikla áherzlu á, því væri það ekki, gæti svo farið, að það spiltist við notkun útlendra bóka og útlendra orða við verklegu kensluna. Þar er alvarleg hætta. Upplestur á kveldum á góðum íslenzkum bókum ætti að stuðla að því, og í stuttu máli gera skólann að heimili í góðum gömlum stil, þar sem fólkið sæti að handvinnu en einn læsi upp. Áhrifin þurfa að vera eins og af fyrirmyndarheimili.

Aðalþungamiðja verklegu kenslunnar verður í matreiðslu, nýmjólkurmeðferð og þess kyns búverkum. Þar þarf að fá góða upplýsingar um, hvað er hollast, og hvað er sparlegast í meðferð matvælanna eftir staðháttum. Hreinlæti, þrifnað og reglusemi er sjálfsagt að leggja áherzlu á, bæði óbeinlínis í verknaðinum sjálfum og beinlínis sem nám, svo sem þvott, ræsting o. s. frv. Þar þarf að ná því takmarki, að þrifnaðurinn verði æfing og list, sem ekki tefji mjög, heldur greiði fyrir verknaðinum. Handvinnu

ætti auðvitað að kenna, því þó að segja megi, að flest íslenzkt kvenfólk kunni að prjóna og halda á nál, þá er það þó misjafnlega af hendi leyst, og kenslan ætti að miða að því að kenna nemendunum smekk og gott handbragð og fallegt. Einnig þyrftu þær að kunna að sauma og bæta plögg og nærföt og barnaföt, svo að þær geti saumað utan á sjálfar sig. Í þessu þarf markmiðið einnig að vera þrifnaður og nýtni. Einnig ætti að kenna þar þvott og það sem því viðkemur, svo sem meðferð á líni og þesshättar. Yfir höfuð ætti að kenna þar, það sem húsmæður helzt hafa gagn af að læra, og hagkvæmlega stjórn og kunnáttu í öllum hlutum og hagsýni. Eg er sannfærður um, að komist þessi hugmynd í framkvæmd, þá fjölgar þeim heimilum stórum, og einkum hinum fátæku heimilum, þar sem við vegfarandi blasir þrifnaður og snyrtileg framkoma, og eg þori að segja: þar af leiðandi velmegun. Og þetta á að vera markmiðið. —

Eg vil taka það fram, að nefndin er á einu máli um, að húsmæðraskólarnir eigi að vera í sveit. Það er stór meiri hluti húsmæðranna sveitakonur, og þær verða að læra sín störf á sveitaheimili. Á hinn bóginn hafa kaupstaðarkonur engan baga af því, þótt þær fari upp í sveit um tíma; þar geta þær lært það flest sem þeirra húsmóðurstaða krefst af þeim, og svo er auðvelt fyrir þær að bæta við á þeim privatskólum, sem til eru t. d. hér í Reykjavík.

Eg skal svo ekki fjölyrða meira um þetta mál að sinni. — En vona að þetta mál fái framgang sem allra fyrst, og hefi eg raunar talsverða ástæðu til að halda að ekki verði þess langt að bíða, þar sem, eins og kunnugt er, að hæstv. ráðherra (B. J.) er kvenfrelsismálinu hlyntur, og býst eg því við, að hann taki þessu máli tveim höndum.

Björn Sigfússon: Það er orðið svo mikið af þessum þingsályktunartill., að það er að mínu áliti ekki sanngjarnt að ætlast til, að stjórnin geti sint öllu, sem fram á er farið í þeim, fyrir næsta þing, og sumt tel eg vafasamt að sé einu sinni þarft.

Niðurlag þessarar þingsályktunartill. er ekki svo ljóst orðað, að sjáist með vissu hvað vakir fyrir háttv. flutnm. (P. J.) um framkvæmd málsins, hvort hann ætlast til, að stjórnin leggi frv. til laga um stofnun húsmæðraskóla fyrir næsta þing, eða hagi því á annan hátt; þetta vildi eg leyfa mér að biðja háttv. flutnm. að upplýsa mig um.

Framsögumaður (Pétur Jónsson): Mér ætti að vera ljúft að upplýsa þetta, sem háttv. þm. (B. S.) spurði um, þótt eg hins vegar byggist ekki við að þurfa að gera það hér í deildinni, því málið er ekki nýtt. Það hefir verið hér fyrir þinginu áður. Sjálfsagt ætlast eg til að stjórnin leggi málið fyrir í frumv. formi; skil ekki hvernig hún gæti það á annan hátt. Auðvitað býr stjórnin málið undir, eins vel og hægt er, og á þann hátt sem henni finst bezt við eiga, og leggur nákvæmar skýringar fyrir þingið ásamt tillögum sínum. Þingið getur svo sniðið þær til í hendi sinni eftir svo góðan undirbúning.

Sigurður Sigurðsson: Það er naumast unt að lengja mikið umræðurnar úr þessu. En mér finst þetta mál svo mikilsvert, að ástæða sé til að veita því athygli. Eg get ekki annað en látið undrun mína í ljósi yfir því, að kvenfrelsisfrömuðirnir hérna í deildinni ekki skuli láta til sín heyra um þessa tillögu, sem hér er til umræðu. Mér virðist, að þeir ættu að leggja eitthvað

gott til þessa máls, svo framt að þeim er kvenfrelsismálið áhugamál og meira en varafleipur.

Nú á tímum er mikið talað um að útvega konum pólítisk réttindi, kosningarrétt og kjörgengi til alþingis eða jafnrétti við karlmenn. Hér skal nú eigi farið út í það, hve réttmætar þær kröfur eru í sjálfu sér, eða kvenþjóðinni nauðsynlegt að fá þeim framgengt. En hitt vil eg segja, að grundvöllurinn undir þeim kröfum hlýtur að vera sá, að kvenfólkið fái þann undirbúning eða mentun, sem þarf til þess að geta tekist á hendur þessi auknu réttindi, og samfara þeim hin venjulegu karlmannastörf. Hingað til hefir það verið talið aðalhlutverk konunnar að annast um heimilin og ala upp börnin, ef þær ekki hafa verið óbyrjur. En til þess að geta leyst þessi störf vel af hendi þarf kunnáttu eins og til hverra annara starfa í þjóðfélaginu. — Í gamla daga gerðu menn ekki hærri kröfur til mentunar konunum til sveita en það að þá voru bændadætur sendar á góð heimili, t. d. til prestsins eða hreppstjórans, til þess að læra þar heimilisstörf og matreiðslu. Og með allri virðingu fyrir þeim skólum, sem kvenfólk nú á tímum gengur á, þá er mér nær að halda, að þessi skóli hafi ekki verið síðri eða miklu mun lakari, jafnvel þvert á móti. En nú er þannig löguð skólamentun ekki lengur talin viðunandi. Nú er það orðið »móðins« að senda alla í skóla, konur og karla; en um hitt er sjaldnar spurt, hvernig þessir skólar eru eða hvað fólkið lærir í þeim eða hvort það lærir nokkuð eða ekki neitt. Hvað þessum skólum viðvíkur, húsmæðraskólunum, þá er eg á móti þeirri hugmynd, að stofna að eins 2 skóla fyrir alt landið. Þar á móti er eg hlyntur því að koma á fót fjórðungaskólum fyrir konur með stuttum námsskeiðum, og helzt þá, að þessir skólar væru í sambandi við búnaðarskólana. Væri gott að hafa þetta fyrir augum, þegar farið verður að framkvæma byggingarnar, sem í ráði er að reisa á búnaðarskólunum á Hvanneyri og Hólum. Það hefir komið til orða að stofna svona lagaða hússtjórnar- eða matreiðsluskóladeild við Eiðaskólann, hvað sem úr því verður. En hvað sem annars um þetta er að segja, þá munu allir á eitt sáttir um það, að nauðsynlegt sé að auka þekkingu kvenþjóðarinnar, einkum á húsmóðurstörfum og matreiðslu.

Í þessu sambandi er vert að minnast á það, sem dæmi upp á hversu illa kvenfólkið yfir höfuð er að sér í matreiðslu og fleiru þess háttar, að jafnvel stór nýmæli, eins og t. d. Hindhedesteorien, fer alveg fyrir ofan garð og neðan hjá því. Eg ætla ekki að fara að lýsa þessari mataræðishugmynd hér, því eg býst við að flestir háttv. þm. kannist við hana. Að eins skal eg benda á það, að samkvæmt kenningu Hindhede borðum við ofmikið af fæðuefnum úr dýraríkinu. Fæðan verður með því móti of auðug af eggjahvituefnum. Í þess stað ætlast hann til, að meira sé neytt af fæðuefnum úr plönturíkinu. Telur hann það miklu hollara og margfalt ódýrara, en líkamanum til jafnmikillar gagnsemi eða jafnvel meira, ef á alt er litið.

Þessari hugmynd hefir helzt til lítill gaumur verið gefinn hér á landi, þrátt fyrir það þótt blöð og tímarit hafi minst á hana.

Björn Sigfússon: Háttv. þm. S.-Þ, (P. J.) svaraði fyrirspurn minni þannig að hann ætlaðist til að frumv. yrði lagt fyrir næsta þing um þetta efni. Eg bjóst líka við að það væri meiningin.

Eg skal ekki fara langt út í það

mál, hvort það sé almennur þjóðarvilji, að stofnaðir sé 2 dýrir húsmæðraskólar með 7 mánaða námstíma. Eg held að of snemt sé að fullyrða það; slíkt hefir als ekki verið borið undir þingmálafundi eða þjóðina á nokkurn hátt. Mér vitanlega hafa engar óskir komið fram um þetta, nema ef til vill í Þingeyjarsýslu og lítilsháttar í Eyjafirði. Stjórn Eiðaskólans hefir líka sótt um styrk til að stofna húsmæðradeild fyrir þann skóla, en sýslunefndir Múlasýslnanna hafa als ekki óskað þess. Það er því að eins á þessum tveimur blettum á landinu, sem málinu hefir verið hreyft, og er því ekki rétt að vitna hér í neinn þjóðarvilja. Mér virðist því þessi áskorun til stjórnarinnar helzt til hvatvísleg.

Hitt er mér fullkunnugt, að hin stuttu námsskeið fyrir húsmæðraefni, sem búnaðarfélag Íslands hefir stutt og hvatt til, hafa þótt bera töluverðan árangur og orðið vinsæl.

Að vísu er það eigi eins yfirgripsmikil fræðsla, sem einstaklingurinn fær með því móti, eins og með langri skólavist, en hún verður miklu almennari. Hugsum oss, að 2 skólar séu reistir, annar á Suðurlandi og hinn á Norðurlandi. Mundu þær ekki verða tiltölulega fáar konurnar og húsmæðraefnin, sem hefðu tíma og fé til að nota þá vetrarlangt. Það yrðu þær þó að gera, einkum þær sem úr fjarlægð sækja. Í þessu máli sem öðrum er um að gera að finna þá praktiskustu leið, sem farin verður. Eg hygg að málið myndi fremur græða en tapa á því að bíða og svo ætti að bera það undir þingmálafundi. Hér er margs að gæta. T. d. væri hugsanlegt, að breyta eitthvað til með kvennaskóla þá sem nú eru, svo kostur væri að veita þar slíka fræðslu, hafa svo stuttu námsskeiðin að auki og sem víðast. Hitt getur verið gott, að stjórnin taki málið til íhugunar og ransókna, og væri æskilegt, ef hún gæti útvegað gleggri skýrslur. En það er nokkuð annað en að hún leggi frumv. fyrir þingið.

Mér skildist á háttv. 2. þm. Árn. (S. S.), að hann vildi eigi hafa skólana tvo. (*Pétur Jónsson:* Hann vildi hafa þá fjóra.) Á síðasta þingi var farið fram á að stofna tvo slíka skóla, það er líka hugsun flutnm. og við það hefi eg haldið mig.

Eg sé ekki, að þessi tillaga eigi neitt sérstaklaga skylt við kvenfrelsismálið, svo að þeir geti verið því máli jafnt unnandi, sem ekki fella sig við tillöguna, eins og hún er. Ef till. væri skift við atkvæðagreiðsluna, myndi eg geta greitt atkv. með fyrra helmingi hennar.

Sigurður Gunnarsson: Eg játa það, að undirbúningsmentun kvenna undir lífið er afarþýðingarmikið mál, og á nefndin þakkir skildar fyrir áhuga sinn á málinu; hefir hún gert sér alt far um að upplýsa það sem bezt.

Eg get eigi tekið til mín ummæli 2. þm. Árn. (S. S.) um, að eg vilji skóinn ofan af þessu máli. Það, sem vakað hefir fyrir mér, er að landsstj. aðgæti, hvort bændaskólarnir ekki geti jafnframt verið húsmæðraskólar. Líka virðist mjög svo eðlilegt, að aðgætt væri, hvort eigi mætti breyta þeim kvennaskólum, sem nú eru og koma þar að kenslu í húsmæðrastörfum. En auðvitað yrði þá landið að taka þá betur upp á armana. Það væri og ekkert á móti því, að umferðakensla væri styrkt í héruðum þeim, sem erfiðast ættu með að nota þessa skóla, og gæti hún fullvel þrifist samhliða skólunum. Eg vildi einungis benda á þessi atriði, áður en atkv.gr. fer fram.

Annars er eg að nokkru leyti á sömu skoðun og 2. þm. Húnv. (B. S.) og

þykir nokkuð snemt, meðan málið er svo lítið rannsakað, að fara að stofna slíka skóla.

Framsögumaður (Pétur Jónsson): Eg er þakklátur þeim háttv. þingd.m., sem gefið hafa bendingar í máli þessu, sérstaklega háttv. þm. Snæf. (S. G.) og háttv. 2. þm. Árn. (S. S.). Hér er eigi farið fram á annað, en að stjórnin leiti upplýsinga um málið, og leggi ákveðnar till. fyrir þingið. Það ræður síðan hvað það gerir við það. Eg vil geta þess, að eg hefi talað við hæstv. ráðherra um tillögu þessa, og hafði hann ekkert við hana að athuga. — Þar sem háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) talaði um, að það væri viðsjárvert að hafa skólana tvo, þá sé eg eigi annan mun á okkur, en að hann vill hafa skólana fjóra þegar í stað. En svo djarfur er eg ekki.

Háttv. 2. þm. Húnv. (B. S.) hafði meðal annars það að athuga við þessa 2 föstu skóla, sem eg mintist á, að óvíst væri, að þeir fengi nóga aðsókn. En eftir aðsókninni að kvennaskólunum að dæma, þá hygg eg víst megi búast við nægilegri aðsókn að skólum, sem meir eru sniðnir eftir þörfum almennings, og mikið ódýrara er að sækja. Eg skil ekki í þeirri afarvarúð, sem háttv. sami þingmaður hefir gagnvart svona áskorun á stjórnina. Það er ekki rétt, að þetta mál sé lítið undirbúið. Það er betur undirbúið, en nokkurt frumvarp af þingmannahálfu á þessu þingi, og þó er ekki ráðist í meira, en að skora á stjórnina, að undirbúa það enn meira.

Mér fanst framan af þessu þingi, að hin háttv. deild vera til með að skora á stjórnina um alt mögulegt, jafnvel að moka skít fyrir ekki neitt. Það er því merkileg varúð, að vilja nú ekki skora á hana um þetta mál, sem er vandlega hugsað og undirbúið, og næsta þing hefir svo fult sjálfdæmi um, hvað við er gert.

Magnús Blöndahl: Eg er þakklátur landbúnaðarnefndinni fyrir það, hve vel og rækilega hún hefir íhugað þetta mál, þótt eg ekki geti verið fullkomlega ánægður með niðurstöðuna.

Eg hygg að tilganginum hefði alveg eins vel mátt ná með því, að koma núverandi kvennaskólum í það horf, að þeir gætu tekist þetta á hendur, og þar sem er jafn-góður stofn að byggja á og þeir eru, mun það affarasælla, enda hægra, að styðja en reisa.

Það er og einatt verið að breyta kvennaskólunum í meira og meira praktiskt horf, og þingið hefir veitt talsvert fé til þessara skóla, þótt eg fyrir mitt leyti játi, að það er alt of lítið. Ef nýir skólar kæmu, sem styrkja þyrfti, er mjög svo hætt við, að styrkurinn til þeirra skóla, sem nú eru, yrði enn meira takmarkaður. — Tel eg farkenslu mjög svo heppilega, og álít, að hún geti komið að mjög miklum notum, og vil eg biðja þingið að styðja hana. Álít eg og affarasælla að styðja þá skóla, sem til eru, og gera þá sem bezt úr garði, en að stofna nýja skóla. Að minsta kosti vil eg fyrst láta ransaka, hvort þeir skólar, sem eru, eigi geti fullnægt þeim kröfum, sem gerðar eru til húsmæðraskóla, ef styrkurinn og kenslan eru aukin.

Eg tek eigi til mín orð háttv. 2. þm. Árn. (S. S.), til þeirra manna, sem gangi með kvennfrelsið á vörunum, en vilji ekkert gera fyrir málefnið. Eg man svo langt, að þegar verið var að tala um það, að veittur væri styrkur til kvennaskólans í Reykjavík, svo að hann kæmist í viðunanlegt horf, þá vann hann á móti því, svo sem hann gat.

Eg get eigi greitt þessari þingsályktunartillögu atkvæði mitt, vegna þess, að eg er hræddur um, að þetta mundi skemma okkar góðu kvennaskóla, sem vér nú eigum. Aftur á móti mundi eg vera með því að setja húsmæðraskólana í samband við bændaskólana, ef það álitist heppilegra.

Jón Ólafsson: Vitaskuld er eg hlyntur húsmæðrafræðslu, en eg sé ekki þörf á því að fara að stofna húsmæðraskóla á landsins kostnað, og virðist mér hagkvæmara, að skólar þessir væru að eins styrktir af landsfé. Þetta svarar eigi heldur til þeirrar fyrirmyndar, sem farið er eftir.

Vil eg leyfa mér að lesa upp rökstudda dagskrá í þeirri von, að háttv. þingmenn vilji aðhyllast hana. Því að það er skoðun vor, sem komum með þessa dagskrá, að ef þingsályktunartill. verður samþykt, þá sé hún áskorun til landsstjórnarinnar um það, að koma með frumv. í þessa átt, því eigi er unt að ætlast til þess, að hún komi með þingsályktunartill. á sjálfa sig.

Hin rökstudda dagskrá hljóðar svo:

»Í því trausti, að alþingi verði fúst á, að styðja á hæfilegan hátt húsmæðrafræðslu, sem upp kynni að koma, ef henni er hagkvæmlega fyrir komið, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá«.

Framsögumaður (Pétur Jónsson): Eg vildi helzt biðja háttv. vin minn 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) að taka þessa rökstuddu dagskrá sína aftur, sem að vísu var vingjarnleg í orði. En þegar maður talar þar um traust á þinginu í þessu máli, þá er spursmál um vináttuna. Það hafa verið á fjárlagafrv. 2 upphæðir til húsmæðrafræðslu. — Önnur var alveg feld í efri deild, en hin minkuð svo, að hún er lítils virði. Ef nú á ekki að vogast til að samþykkja þessa meinlausu þingsályktunartill., þá get eg eigi talað um traust til þingsins í þessu máli. En þetta hefir stungið á kýlinu. Sumir háttv. þingm., sem láta sér svo afar-ant um kvennaskólana núverandi, halda, að húsmæðra-skólarnir drepi þá. — Ef þeir geta eigi staðist þá samkepni, þá eiga þeir auðvitað eigi mikinn rétt á sér.

En eg get jafnframt gefið þær upplýsingar, að fyrir mér og nefndinni hefir vakað sú hugsun, að þegar húsmæðraskólar væru komnir á góðan rekspöl, þá gæti Reykjavíkurskólinn orðið nokkurs konar yfirskóli, og léð til hans kenslukonur og aðrar þær konur, er hærri mentunar vilja njóta, en kostur er á í húsmæðra-skólunum. Þetta mál mundi því einmitt verða til þess að beina Reykjavíkurskólanum á nytsemdar-braut.

Viðvíkjandi þeirri hættu, sem af þessu kynni að stafa fyrir Blönduósskólann, þá sýnist vera hægur nærri að breyta þeim skóla í húsmæðraskóla. Vitanlega væri hann ekki vel settur þar, ef ekki væru nema tveir húsmæðraskólar á landinu; en all-vel væri hann settur, ef slíkur skóli væri í hverjum fjórðungi landsins.

En hvað sem þessu líður, þá er þess að gæta, að þetta er að eins þingsályktunartillaga, og stjórnin og þingið næsta getur vel gengið svo frá málinu, að af því hljótist ekkert glapræði.

ATKV.GR.:

Rökstudd dagskrá (A. 711) frá Jóni Ólafssyni og 4 öðrum þingmönnum (Birni Sigfússyni, Sigurði Gunnarssyni, Magnúsi Blöndahl og Jóni Þorkelssyni) var feld með 14 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Jón Ólafsson,	Bjarni Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Benedikt Sveinss.,
Björn Sigfússon,	Eggert Pálsson,
Björn Þorláksson,	Hannes Hafstein,
Jón Þorkelsson,	Hálfdan Guðjónss.,
Magnús Blöndahl,	Jóh. Jóhannesson,
Sig. Gunnarsson,	Jón Jónsson N.-M.,
Skúli Thoroddsen.	Jón Jónsson S.-M.,
	Jón Sigurðsson,
	Ólafur Briem,
	Pétur Jónsson,
	Sig. Sigurðsson,
	Stefán Stefánsson,
	Þorleifur Jónsson.

3 þm. voru fjarverandi.

Tillagan sjálf (A. 617) samþykt með 15 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Jón Ólafsson,
Ben. Sveinsson,	Björn Kristjánsson,
Eggert Pálsson,	Björn Sigfússon,
Hannes Hafstein,	Björn Þorláksson,
Hálfdan Guðjónss.,	Jón Þorkelsson,
Jóh. Jóhannesson,	Magnús Blöndahl,
Jón Jónss., N.-M.,	Skúli Thoroddsen.
Jón Jónss., S.-M.,	
Jón Sigurðsson,	
Ólafur Briem,	
Pétur Jónsson,	
Sig. Gunnarsson,	
Sig. Sigurðsson,	
Stefán Stefánsson,	
Þorleifur Jónsson.	

3 þm. voru fjarverandi.

Tilllagan afgreidd til ráðherra, sem *þingsályktun frá neðri deild alþingis.*

Verzlunarlöggjöf.

TILLAGA til þingsályktunar um verzlunarlöggjöf, (A. 197).

Ein umr. 17. marz.

Jón Ólafsson: Þessi tillaga er komin frá Ed., og virðist svo, sem hin háttv. deild hafi ekki fylgst mikið með í því sem gert hefir verið hér í deildinni.

Eg leyfi mér að stinga upp á, að málinu sé vísað til nefndarinnar, sem skipuð var til að íhuga verzlunarlöggjöf landsins.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til nefndarinnar í verzlunarlöggjöf með 18 samhlj. atkv. og umræðunni frestað.

Framhald einnar umr., 27. apríl., (A. 197, n. 591).

Björn Kristjánsson: Úr því að framsm. er ekki viðstaddur, þá skal eg leyfa mér að gefa nokkrar skýringar á málinu. Nefndin hefir íhugað það og felst á stefnu þess með nokkrum breytingartill.; hún hefir lagt til að fella burt orðið »hérlendra«, með því að nefndin vildi láta þetta ákvæði ná til allra kaupmanna yfir höfuð.

Í öðru lagi hefir nefndin bætt við því ákvæði, að tillagan nái einnig til þess að athuga stofnun og startsemi hlutafélaga. Það er kunnugt, að slík félög eru nú rekin ýmislega, og ekkert eftirlit með, hvort stofnun þeirra er lögum samkvæm eða starfsemi þeirra rekin á lögmætan hátt.

Eg vona, að háttv. deild fallist á breyt.till. og háttv. Ed. líka, þegar þangað kemur.

ATKV.GR.:

1. breyt.till. n. (591) samþ. með 15 samhlj. atkv.

2. breyt.till. n. (591) samþ. með 14 samhlj. atkv.

3. breyt.till. n. (591) talin samþ. án atkv.gr.

4. breyt.till. n, (591) talin samþ. án atkv.gr.

Tillagan þannig breytt samþ. með 17 samhlj. atkv. og endursend Ed.

Vátrygging gegn slysum o. fl.

TILLAGA til þingsályktunar um vátrygging gegn slysum fyrir verkamenn og um almenn sjúkrasjóðslög, (A. 40).

Ein umr., 25. febr.

Flutningsmaður (Magnús Blöndahl): Þingsályktunartillaga þessi, sem eg ásamt fleirum er flutningsmaður að, fer fram á að skora á stjórnina, að undirbúa og leggja fyrir næsta alþingi frv. til laga um vátrygging gegn slysum fyrir verkamenn og frumv. til laga um almenn sjúkrasjóðslög. Vér höfum ekki enn þá nein lög hér á landi um þetta efni, en brýn nauðsyn er þó á, að brátt sé hafist handa og bætt úr þeirri vöntun. Eg vona líka, að allir muni verða mér sammála í því að það sé sárt að sjá marga verkamenn, sem unnið hafa baki brotnu, vel og dyggilega, fara skyndilega á vonarvöl, ef eitthvert óhapp ber að höndum, og því meir sem vélar og margbrotnari iðnaður fer að tíðkast hér, því fremur má búast við, að slík óhöpp og slysfarir fari vaxandi. Eg skal eigi fjölyrða um þetta mál, því að það mælir sjálft með sér. Vona að háttv. deild taki því vel.

ATKV.GR.:

Tillagan (A. 40) samþ. með 14 samhlj. atkv. og afgreitt til ráðherra sem *þingsályktun frá neðri deild alþingis.*

Manntal.

TILLAGA til þingsályktunar um manntal (A. 409).

Ein umr., 17. apríl.

Flutningsmaður (Jón Þorkelsson): Mér hefir þótt nauðsyn á að koma fram með þessa tillögu, sem fer fram á það, að manntöl hér á landi verði eftirleiðis gerð að ráðstöfun landsstjórnarinnar hér. Það er nú flutt hingað heim frá Kaupmannahöfn alt annað, sem að hagfræði vorri lýtur, og sýnist það þá ekki vera annað en þarfleysa ein að vera að láta Dani kasta tölu á sjálfa okkur, ekki fleiri en við erum. Það virðist svo sem við ættum að geta komist yfir það sjálfir, úr því við önnumst að öðru leyti alla hagfræði vora.

Kostnað getur þetta að vísu haft nokkurn í för með sér, en eg vonast til þess að menn horfi ekki í það, þegar þess er gætt, að hér er verið að draga til sín einn þátt sjálfstæðis vors, þótt ekki sé hann gildur.

Jón Magnússon: Eg hygg fyrir mitt leyti, að þessi tillaga sé góð, en menn verða að gæta þess, að til þess að koma þessu í framkvæmd er óumflýjanlegt að taka þetta inn á fjárlögin. Þarf á þessu fjárhagstímabili að veita til þess 4000 kr. að minsta kosti, og 3000 kr. næsta fjárhagstímabil. Pappír og prentun eyðublaða mundi kosta 2000 kr. eða meira. Við síðasta manntal varð sá kostnaður 1700 kr., en hann hlýtur að verða að mun meiri nú. Til að vinna að skýrslum þarf 4 menn, og mætti ráða til þess verks menn, er ekki væru mjög kaupdýrir, en sem þó gætu leyst starfann eða sýslanina viðunanlega af hendi. Mætti gera ráð fyrir að borga þyrfti hverjum þeirra með 4—5

klukkustunda vinnu á dag, ca. 50 kr. um mánuðinn. Það gerði þá 2400 kr. árin 1910 og 1911. Eg geri ráð fyrir, að 3. skrifstofan í stjórnarráðinu hafi umsjón yfir verkinu og annist nauðsynlegan undirbúning þess. Þyrfti hún þá 2000—2500 kr. á þessu fjárhagstímabili. 1912 mundi það kosta als minst 7000 kr. Eg segi þetta ekki til að fæla menn frá þessu, heldur er eg að eins að benda á að veita þurfi fé til þessa fyrirtækis.

Flutningsmaður (Jón Þorkelsson): Hinn háttv. þm. Vestm. (J. M.) gaf ýmsar rækilegar upplýsingar um kostnað þann, er hann ætlaði að verða mundi við það að taka manntal og ganga frá því hér á landi. Hann má bezt vita sjálfur, hinn háttv. þm. (J. M.), hvort hann hefir ekki borið fullmikið mál í kostnaðinn. En þótt nú kostnaðurinn yrði svo mikill, sem hann segir, vil eg biðja menn að setja það ekki fyrir sig, því að eg ætla að kostnaðurinn verði aldrei svo mikill, að það borgi sig ekki á marga vegu, þegar als er gætt að fá manntalið tekið hér og frá því gengið hér. Danir hafa hingað til unnið hagfræðina úr því eftir sínu höfði, en engan veginn á þá leið, sem vér mundum hafa gert og gera. Eitt fyrir sig er það, að vér höfum nú ekki hér í landi fengið neitt yfirlit yfir mannanöfn í landinu í 50—60 ár, sem kemur án efa af því, að Danir hafa ekki auga fyrir því, að það sé svo sem neins virði fyrir okkur.

En það, sem hér vantar sárlegast eru árlegar alsherjar skýrslur um hag landsins á alla vegu með þeim útskýringum og hugleiðingum, sem nauðsynlegar eru. Þyrftu slíkar skýrslur ekki einungis að vera gefnar út á íslenzku, heldur væri nauðsyn á að ágrip af þeim kæmi út bæði á einhverju af norðurlandamálunum og svo á einhverju af höfuðmálunum, þýzku, ensku eða frakknesku. Á þessu þarf ekki að búast við að bót verði ráðin fyrri en hagfræði vor öll er í vorum eigin höndum, og að henni tekið að hlynna meir en gert hefir verið. Kæmist hér og á regluleg hagfræðaskrifstofa með nægum starfsafla, mætti ætla að í gegnum hana fengist smámsaman á auðveldan hátt mörg þekking á viðskiftum og viðskiftahagræði við önnur lönd, sem nú er og hefir lengi verið tilfinnanlegur skortur á hér. Eg fæ því ekki skilið, að það sé neitt, sem með rökum geti mælt móti tillögu þessari, og hlýt eg að ætlast til að hún verði samþykt.

ATKV.GR.:

Tillagan (A. 409) samþ. með 13 atkv gegn 10, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei*:
Bjarni Jónsson,	Björn Sigfússon,
Jón Ólafsson,	Eggert Pálsson,
Bened. Sveinsson,	Einar Jónsson,
Björn Jónsson,	Hannes Hafstein,
Björn Kristjánsson,	Hálfd. Guðjónsson,
Jón Jónss. N.-M.,	Jóh. Jóhannesson,
Jón Þorkelsson,	Jón Sigurðsson,
Magnús Blöndahl,	Ólafur Briem,
Sigurður Gunnarss.	Sigurður Sigurðss.,
Skúli Thoroddsen,	Stefán Stefánsson.
Þorleifur Jónsson.	

Tveir þm. greiddu ekki atkvæði og teljast til meiri hlutans.

Tillagan afgreidd til ráðherra sem *þingsályktun frá neðri deild alþingis.*

Guðbrands-biblía.

TILLAGA til þingsályktunar um Guðbrands-biblíu (A. 375).

Ein umr., 5. apríl.

Flutningsmaður (Jón Þorkelsson): Það var árið 1579, að konungur gaf

út lagaboð um það, að allar kirkjur skyldu eignast biblíur, sem þá var verið að gefa út, en þær voru dýrar í þá daga, kostuðu 10 rd., sem var mikið fé á þeirri tíð, og kirkjum því biblíukaupin erfið. Þess vegna var það, að biskupinn á Hólum gaf ýmsum fátækari kirkjum biblíuna. Hálskirkja í Fnjóskadal var ein af þeim kirkjum, sem Guðbrandur biskup gaf biblíu, og var það skrifað framan á hana með sjálfs hans hendi að þessa biblíu gæfi hann kirkju hins heilaga Péturs postula á Hálsi, og mælti hann svo um, að hún skyldi æfinlega kirkjunni fylgja. Biblían var að öllu hin sæmilegasta og bundin af list og prýði. Þessi menjagripur hafði um langan aldur legið á altari kirkjunnar á Hálsi og bundin við það með járnfesti, og þar var biblía þessi kyrr enn, þar til eftir síðast liðin aldamót, og sómdi sér vel í sinu spennuslegna, hvíta skinnbandi. Get eg um þetta borið af eigin sjón; var það að mig minnir 1901, að eg sá biblíuna, og er það hið langfallegasta eintak, sem eg hefi nokkru sinni séð af þeirri bók, enda hafði þá verandi biskup landsins (Hallgrímur Sveinsson) lagt svo fyrir, að þessum menjagrip skyldi ekki farga frá kirkjunni. Stjórnarnefnd Landsbókasafnsins gerði nokkru síðar ráðstafanir til þess að fá bókina í bókasafn landsins — það á raunar nokkur eintök, en ekkert eins fallegt.

Nefndin hafði því 1903 samþykt að kaupa bókina og hét biskup að láta prestinn um það vita. En sama sumar hafði presturinn, sem þá var á Hálsi, — eg hirði ekki um að nefna hann; álít hann ekki syndugri en marga aðra í Galíleu, eftir því sem hér hefir farið um kirknafé, — farið með biblíuna niður á Akureyri, á veitingahús þar, og lét hana liggja þar til sölu fyrir útlendum ferðamönnum, og þar keypti þessi enska kona, Mrs. Bannon, hana fyrir £ 18. Henni var raunar sagt síðar, að ekki hefði verið heimilt að selja þennan grip, af því að það væri óafhendanleg eign heilagrar kirkju, og hefi eg spurt, að þá hafi alveg dottið ofan yfir hana, er hún heyrði, að svona væri farið með helga dóma kirkjunnar hér á landi. Presturinn fékk að vísu áminningu, en hver hærri víti hann varð að þola — veit eg ógerla.

Eg hefi fengið að vita, hvar kona þessi væri niður komin, og það með, að hún mundi verða fús að láta bókina af hendi, ef þess yrði óskað, og að hún aldrei mundi hafa keypt þessa bók, hefði hún fyrir fram vitað, hvernig á henni stóð.

Nú er langt liðið nokkuð síðan þetta gerðist. Ekki sýnist þó vera úrhættis um þetta efni enn, og má enn rétta það, er aflaga hefir farið í þessu efni. Bæði er það, að gripurinn er góður og sárt af honum að sjá, en þó er sárari svívirðingin, að svo skuli geta farið um kirkjugripi vora. Þann ræktarleysis- og háðungarblett verðum vér að þvo af oss og sýna það, að vér þolum ekki lengur, að dýrgripir heilagrar kirkju skuli liggja til sölu á veitingahúsum og vér á þann hátt missa þeirra. Eg veit að mörgum muni minnisstætt, að fyrir 50 árum var hurðin forna frá Valþjófsstað flutt héðan af landi burt, þrátt fyrir það, að biskup landsins þá, (Helgi Thordersen) hafði stranglega bannað prestinum að farga þessum dýrindisgrip frá kirkjunni. Nú er sá dýrgripurinn á dönsku safni, og þangað kominn löglaust og heimildarlaust. Og háðungin batnar ekki við það, að á seinustu árum Péturs biskups varð mönnum það ljóst og hreyfðu því, að hurð þessi væri í heimildarleysi kom-

in í forngripasafnið danska, en ætti hér að vera. Hvað gerðu þeir góðu dönsku safnaherrar þá? Þeir sendu okkur kopíu af hurðinni, og þá ósvífni lét landsstjórn vor þá, stiftsyfirvöld og safnamenn vorir sér lynda!

Hér getur nú ekki verið um kopíu að ræða, enda ætti það ekki að vera ofætlun fyrir hina nýju stjórn að gera gangskör að því að ná í þessa stórmerkilegu bók.

Umboðsmaður ráðherra (Klemens Jónsson): Eg skal votta með háttv. flutnm. (J. Þ.) að þetta eintak af Guðbrands-biblíu var hið prýðilegasta að ytra útliti. Eg sá það oft á Akureyri, er það lá þar frammi til sýnis sem hver annar söluvarningur, hverjum, er kom inn á veitingahúsið. Það er enginn vafi á, að þessi biblía hefir verið seld í algerðu heimildarleysi. Það geta því allir verið sammála um, að tilgangur flutningsmanns (J. Þ.) með þessa þingsályktunartillögu sé góður; hitt er annað mál, hvort hægt sé að ná bókinni aftur, eða hvort ekki sé á því svo miklir erfiðleikar, að það sé ógerandi. Háttv. flutnm. (J. Þ.) kom ekki með neitt ráð, eða benti á neitt úrræði í þessu máli, en ef hann telur það svo auðvelt, sem ætla má of orðum hans, þá hefði hann átt að benda stjórninni á einhverja auðvelda leið. Ef til vill hefir hann trúað stjórninni bezt til að finna heppilega leið í þessu máli (*Jón Þorkelsson:* Já!) og skal eg þá leyfa mér að skýra frá þeim ráðum eða leiðum, sem eg tel að fara megi í máli þessu.

Fyrsta leiðin er sú, að stjórnin hér snúi sér til dönsku utanríkisstjórnarinnar, og hún svo aftur til sendiherra Dana í Lundúnum, sem með diplómatiskri málaleitun mundi reyna að fá erindi þessu framgengt. Þessa leið má auðvitað fara, þótt hún hins vegar sé næsta umsvifasöm. En fari nú svo, að hlutaðeigandi kona vilji ekki skila bifliunni, henni annað hvort skipast hugur, er hún sá, hvílíkur dýrgripur biflían væri, eða þá bókin sé komin í annara hendur og þeir vilji ekki af henni láta — hvað þá? Þá er sú leið ekki að neinu gagni.

Önnur hugsanleg leið væri það að senda mann til Lundúna gagngert til að hafa uppi á bókinni. Það væri nú reyndar nokkuð kostnaðarsamt, og ef honum færi á sömu leið, að viðkomandi vildi ekki láta bókina af hendi, þá værum vér engu nær að svo búnu. Gangi þetta alt ekki sjálfviljuglega, eru því engin önnur úrræði en höfða mál.

Er það þá, vil eg leyfa mér að spyrja háttv. flutnm., meining hans að höfða eigi mál út af þessu? Það verður líka örðug leið, því eg skal leyfa mér að geta þess, að í fyrsta lagi er öll málssókn og málflutningur í Englandi afardýr, svo að það mundi hafa mikinn kostnað í för með sér, því að byrja yrði á því að leggja fram svo og svo stóra upphæð, sem tryggingarfé handa stefnda, ef málið tapaðist, en svo er í öðru lagi þess að gæta — og það er aðalmergurinn í þessu máli — að það er mjög tvísýnt, að mál þetta ynnist fyrir enskum dómstólum, Eftir íslenzkum og dönskum lögum mundi krafa sú ná fram að ganga, en eftir þýzkum og frönskum lögum er eignarrétturinn mjög takmarkaður með tilliti til seinni góðtrúa kaupenda; þannig missir eigandi rétt sinn til afturkröfu, ef lausnarfé er selt við opinbert uppboð eða á markaði, og kaupandi er í góðri trú; hversu það er eftir enskum lögum, er mér ekki algerlega kunnugt, en það er þó fyrirfram ekki ólíklegt, að þau í þessu líkist fremur þýzkri og franskri löggjöf en norrænni, en ef svo er, þá er

málið tapað, því að það er eftir enskum lögum en ekki íslenzkum, að málið yrði dæmt, og þar sem það verður upplýst, að bókin hefir legið til sölu vikum saman á opinberum veitingastað, þá er ekki ólíklegt, að hin góðkunna heiðurskona, sem keypti biblíuna, eða erfingjar hennar, eða síðari kaupendur geri það gildandi, að svofeld sala líkist sölu á uppboði eða markaði, og dómstólarnir fallist á þá skoðun. Vilji konan aftur á móti skila bókinni góðfúslega, þá þarf eigi svona hátíðlega þingsályktun, nóg að leiða athygli stjórnarinnar að því.

Þegar málið þannig er rakið út í yztu æsar, er það fyrirsjáanlegt, að árangurinn muni ekki verða fjarska mikill. Þó að tillaga þessi verði samþykt, þá er þó líklegast, að hún nái ekki tilgangi sínum. Eg vil því leyfa mér að spyrja háttv. flutnm. (J. Þ.) hvort hann ekki er fús til — eftir að hafa fengið þessar upplýsingar — að taka tillöguna aftur.

Jón Ólafsson: Út af ummælum h. umboðsmanns ráðherra (Kl. J.) um »vindikations«reglur í enskum lögum, skal eg leyfa mér að geta þess, að samkvæmt enskri löggjöf er »vindikations«rétturinn takmarkalaus. Réttur hlutaðeigandi mundi því geta sótt að lögum þann sem hefði biblíuna með höndum, þótt hann hefði keypt hana í góðri trú.

Flutningsmaður (Jón Þorkelsson): Háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) gaf góðar upplýsingar um ákvæði þau, er gildi á Englandi um endurkröfurétt (reclamation) jafnframt því sem hann þykist vita, að óþarfi sé hér að fara í mál, þó ekki sé óhugsandi að það gæti unnist. Alt af er að vísu hægt að hefja málaþrætur, en betra er þó um leið að sjá sér veg til að komast út úr þeim. En eg ætlast ekki til þess, að hér þurfi að koma til neinna málsókna. Annað mál er það, að eg vorkenni stjórninni ekki, þó að hún verði að hafa dálítið fyrir þessu máli, því að bæði er málefni þetta svo vaxið, að vansalaust er ekki að láta það kyrt, og svo er bókin sjálf þess virði, að nokkuð sé haft fyrir að fá hana aftur. Skilvísir menn hafa sagt mér, að þessi kona muni alls ekki hafa ætlað sér að selja bókina, enda hafi hún vitað, hvernig hún var að henni komin, og að hún muni fús að láta nefnda bók af hendi aftur. Hana hafi jafnvel stanzað á ræktarleysinu, sem lýsti sér í því að gera slika hluti að verzlunarvöru. En vegir til þess að fá bók þessa aftur, virðast geta verið margir, meðal annars láta biskup landsins gera ráðstafanir til að ná bókinni. Líka mætti blátt áfram gera mann eftir henni.

Mig minnir að Gunnlaugur Pétursson eða einhver annar skýr og skilmerkilegur maður hafi sagt mér, að hann vissi, hvar kona þessi ætti nú heima. Annars er ekki mjög líklegt, að hún hafi flutt sig búferlum síðan 1903. Það er ekki mjög líklegt, að kona, sem hefir efni á að gefa 324 kr. fyrir eina bók, búi á flækingi. — Ekki ósennilegt, að hún búi í sínu eigin húsi í Lundúnaborg. En þótt svo væri að hún hefði flutt sig, þá er til bók, sem Englendingar kalla Directory — ef eg kann að nefna það —, en það er »vegvísir« eða »bæjarskrá«, og mætti líklega finna konu þessa eftir þeirri leiðbeining.

Önnur eins bók og Guðbrandsbiblía er sómi og höfuðprýði bókmenta vorra. Og þetta eintak hennar er gersemi, sem þjóðbókasafn vort verður að ná að geyma. Eg get þess vegna ómögulega — svo eftirlátur sem eg annars vildi af persónulegum ástæðum vera við

hinn hæstvirta umboðsmann ráðherrans (Kl. J.) — að verða við þeim tilmælum að taka tillögu þessa aftur, — Enda veit eg, ef eg gerði það, að hún mundi jafnharðan verða tekin upp af öðrum þingmönnum. Eg get heldur ekki séð, að nein óþægindi geti af till. stafað fyrir landsstjórnina. Þó að ekkert væri annað en sómatilfinningin, þá ætti hún að vera ein ærin til þess að knýja menn til þess að láta þetta mál ekki afskiftalaust. Það er engin þarfleysa að reka af sér það háðungarorð, að kirkjur landsins, musteri guðs meðal lýðsins, sé »óstraffað« gerðar að sölubúð og ræningjabæli, og að gersemar kirkjunnar hér sé hafðar á boðstólum angurlaust á skytningum og í drykkjukrám landsins fyrir hvern ferðalang, sem kaupa vill. Kirknaránið hefir nú um mörg ár geisað svo óskaplega yfir þetta land, að það virðist mál komið að gera því ofurlítinn farartálma eftirleiðis, og kenna mönnum, að það verði ekki látið alveg afskiftalaust framvegis.

Jón Magnússon: Fulltrúa ráðherrans (Kl. J.) þótti ógerlegt að greiða atkvæði með þessari tillögu, og eg segi að fyrir mína persónu ætla eg fúslega að greiða atkv. gegn henni, því mér finst að með samþykt hennar sé verið að gabba bæði þing og þjóð, og á þann hátt er mönnum bægt frá að snúa sér beint til stjórnarráðsins, sem þó eðlilegast er. Eg veit ekki, hvað flutnm. (J. Þ.) hefir verið að hugsa, er hann fór að koma fram með þessa tillögu. Hún er svo innihaldsrýr, að mig stórfurðar á því, að hann skyldi láta slíkt koma inn á alþingi. Það virðist vera kominn tími til að setja eftirlitsmenn, er væri falið á hendur að hafa gætur á, að alskonar meiningaleysu sé ekki hrúgað inn á þingið, að eins til að tefja tímann.

Flutningsmaður (Jón Þorkelsson): Ef ætti að fara að setja menn til að hafa eftirlit með því, er prenta á hér á þinginu, þá veitti ekki síður af að gæta að því, að þingmönnum héldist ekki uppi að tala hér á þingi svo af engu efni og engum röksemdum, sem hinn háttv. þm. Vestm. (J. M.) nú gerði. Honum þótti meðal annars málið svo smávaxið, að það hefði ekki verið þess vert, að það kæmi fram hér á þingi. En hvers virði er þjóðarsóminn og þjóðarheiðurinn? Hvenær verður hann of dýru verði keyptur? Eg spyr svo, af því að eg lít á þetta mál frá þeirri hlið, og þá sýnist mér málið stórvaxið, og h. þm. ekki vera upp úr því vaxinn að eiga við það á þingi hér.

Þingmanninum þótti það vera að ganga fram hjá stjórnarráðinu að koma með þetta mál nú inn á þing. Þessi orð þingmannsins komu mér mjög á óvart einmitt frá honum. Hann hefir sjálfur um mörg ár verið einn af æztu vörðum hinnar íslenzku kirkju, og einn af yfirvörðum allra þjóðmenja landsins, og í samfleytt sex ár hefir honum verið kunnugt um þetta mál, og þó hefir hvorki hann né stjórnarráðið hrært legg né lið til þess að fá á því neina leiðréttingu. Það situr því ekki sem bezt á þessum háttv. þingmanni að tala um, að óþarfa afskiftasemi komi hér fram. Hér er ástæða til að láta ekki afskiftalaust. Hitt var og miður heppilegt, sem þm. sagði, að eg hefði sem landsskjalavörður átt að láta mál þetta til mín taka. En eg skal fræða hann á því, að sem landsskjalavörð varðar mig þetta mál einkis — skjalasafnið er hvorki bókasafn né fornmenjasafn —, en sem þingmann varðar mig það mikils, og eg álít skyldu mína að skifta mér af því hér.

ATKV.GR.:

Tillagan (A. 375) samþ. með 11 : 2

atkv. og afgreidd til ráðherra sem *þingsályktun frá neðri deild alþingis.*

Dánarbú Jóns Sigurðssonar.

TILLAGA til þingsályktunar um bréf eða skjöl úr dánarbúi Jóns Sigurðssonar og Ingibjargar Einarsdóttur (A. 135).

Ein umr., 15. marz.

Flutningsmaður (Jón Þorkelsson): Eins og mönnum mun kunnugt, var á þingi 1875 veitt fé til þess að kaupa handrita- og bókasafn Jóns Sigurðssonar. Voru fengnir tveir hinir spökustu menn, þeir Vilhjálmur Finsen og Konráð Gíslason, til þess að meta safnið og fóru svo fram kaupin.

Þau hjón, Jón og kona hans, önduðust bæði seint á árinu 1879 og arfurinn eftir þau féll í Kaupmannahöfn.

Þó hafði Ingibjörg Einarsdóttir áður hún létist arfleitt Ísland að miklum hluta eigna sinna, en ekki gert það að einkaerfingja sínum. Þar áttu því og útarfar hlut í, og var búið framselt skiftaréttinum í Kaupmannahöfn.

Mér hefir verið svo sagt af áreiðanlegum manni — Tryggva bankastjóra Gunnarssyni — að hann hefði til þess vitað, að skiftarétturinn í Khöfn lét fara inn í híbýli Jóns Sigurðssonar og sópa úr öllum skúffum, því er þar fanst; hafi þaðan verið brott tekin ýms plögg, bréf og reikningar, er nam svo miklu, að það var flutt í 2—3 pokum.

Tryggvi Gunnarsson var um þessar mundir forseti Þjóðvinafélagsins og tók við því starfi af Jóni Sigurðssyni. Nú vantaði ýms plögg, er félaginu tilheyrðu og varð Tryggvi því að fara til skiftaréttarins og spyrjast þar fyrir.

Tókst honum með eftirgangsmunum að fá reikningsbók félagsins; annars var engum plöggum skilað.

Segi eg þetta ekki í því skyni, að mér komi til hugar að væna skiftaréttinn um nokkra óráðvendni í þessu efni, — því fer svo fjarri; þetta var ekki nema eðlilegt og mjög skiljanlegt af hálfu réttarins. En inn í þessi plögg gat hafa slæðst margt eigi að síður, sem var dánarbúinu eiginlega óviðkomandi til skifta.

Veit eg líka, að margir muni þeir hér í þingsalnum, er við þess konar hafa fengist og mun þeim þetta alt ljóst.

Sjálfur kannast eg fullvel við það, að það kemur afaroft fyrir, að í plöggum, sem til skiftaréttanna koma, er margt það, sem ekkert snertir dánarbúið, svo sem sendibréf og sitthvað fleira.

Ef enn fyndist eitthvað af því tagi í Khöfn, er stafar frá dánarbúi Jóns Sigurðssonar, þá ætti það helzt að vera, eftir því, sem nú hefir verið talið, í skjalasafni skiftaréttarins þar.

En nú munu menn spyrja, hvort landið geti gert tilkall til sendibréfa og því um líks, þó að það hafi keypt handrita- og bókasafn Jóns Sigurðssonar. Um það skal eg láta ótalað. En hitt er vist, að bréf Jóns Sigurðssonar (til hans) eru ekki nándanærri öll komin fram; hér er nú í safni hans að eins örlítið brot til af þeim. Má enginn ætla, að þau hafi ekki miklu fleiri verið, enda eru þau hin fáu, sem til eru hér, því nær eingöngu frá síðara hluta ævi hans. Hitt er og vart ætlanda um jafnhirðusaman mann og Jón Sigurðsson var, að bréfin hafi glatast hjá honum.

Að vísu veit eg ógerla, hvort erfingjar Jóns hafa tekið nokkuð af þeim til sín eða eigi. Þó mun eitthvað smávegis hafa lent hjá einum frænda hans, sem nú er látinn, af því, sem safninu til-

heyrði, en það er að eins lítilvægt, enda að vísu að nokkru til skila komið.

Auk þessa hafa það sagt mér góðir menn og gagnkunnugir, að þeir vissu ýmsa þá hluti í eigu Jóns Sigurðssonar, er aldrei hafa komið fram. Svo hefir Sigurður L. Jónasson, er létst í fyrra í Kaupmannahöfn, gamall aldavinur Jóns Sigurðssonar, sagt mér, að Jón hefði geymt í skrifborði sínu safn af (rauðkrítar)myndum eftir Sæmund Hólm af nafngreindum íslenzkum mönnum, en ekkert hefir komið fram af þeim í safninu.

Sigurður var skilríkur maður og réttorður, og þessu vel kunnugur.

Árið 1905 var þessu efni hreyft af hálfu landsbókasafnsins og var Tryggva Gunnarssyni þá skrifað til og hann beðinn að gera grein fyrir afskiftum skiftaréttarins af dánarbúinu, að því, er honum væri kunnugt. En Tryggvi var þá sem jafnan önnum kafinn og kom svar hans ekki að því sinni; síðan hefir það gleymst og dregist og er ókomið enn.

Áður en tillaga þessi fór í prentsmiðjuna, sýndi eg Tryggva Gunnarssyni hana, til þess að ekki yrði sagt, að eg léti hann ganga duldan þessa máls, enda segi eg nú það eitt í þessu máli, er hann kveðst munu kannast vel við.

Það er engan veginn — eins og öllum heilvita mönnum gefur að skilja — ætlun mín að þyfga skiftaréttinn eða væna hann um neina vísvitandi óráðvendni. Það hefir einungis orðið fyrir rás viðburðanna, ef þar hafa orðið innligsa plögg, er heyra til dánarbúi Jóns Sigurðssonar.

Hitt er það sem fyrir mér vakir að nauðsyn beri til, að landstjórnin grenslist eftir því, hvar þau bréf, plögg eða skjöl hafa lent, er menn nú sakna þaðan, og eins, hvort nokkuð af þeim hafi lent hjá erfingjum Jóns hér, og þá helzt hér í Rvík. Hefir einn þeirra sagt, að til væru enn óuppslegnir kassar nokkrir úr dánarbúinu, og vissi hann ógerla hvað í þeim væri.

Allir munum vér sammála um það, að geyma beri minjar þess manns, en glata þeim eigi. Öllum oss mun sárt um þær. Væri því ekki nema vel til fallið, að hið opinbera léti sér ant um að halda því öllu saman, að því leyti sem það er ekkl á óhultum stað. Að því miðar tillaga sú, sem hér liggur fyrir.

ATKV.GR.:

Till. (A. 135) sþ. með 19 shlj. atkv. og afgreidd til ráðherra sem *þingsályktun frá neðri deild alþingis.*

Sjómenska á þilskipum.

TILLAGA til þingsályktunar um sjómensku á íslenzkum þilskipum (A. 698).

Ein umr., 5. maí.

Flutningsmaður (Pétur Jónsson): Nefndin, sem kosin var til að athuga fiskiveiðamálin, er svo skipuð, að í henni situr enginn sérfróður maður í þeim efnum, ekki einu sinni neinn, sem um sjávarútveg hafi sýslað að verulegum mun. Eigi að síður höfum við tekið ýms atriði málsins til íhugunar og leyft okkur að leggja fyrir deildina till. þá til þingsályktunar, sem hér liggur fyrir. Ástæðan fyrir þessu er sú, að við hafa komið fram kvartanir um, að fiskiveiðalöggjöf vorri væri mjög ábótavant og sú skoðun er víst almenn, að sem fyrst þurfi að ráða bót á slíkum vandkvæðum, ekki sízt að því er snertir sambandið milli háseta og útvegsmanna. Farmannalögin frá 22. marz 1890 eru ekkert annað en brot úr dönskum lögum og þýdd á

íslenzku. Lög þessi, farmannalögin, áttu líka í upphafi að eins að ná til siglinga út af fyrir sig en ekki til fiskiveiða. Þar á móti hefir þó heimfærsla til þessara laga oft átt sér stað í fiskiveiðamálum. En slíkt getur oft verið óheppilegt og einkar ósanngjarnt sérstaklega gagnvart útgerðarmönnum. Það er því full ástæða til, að löggjafarvaldið komi á heppilegri ákvæðum um þetta efni og yrði það báðum málsaðilum, útgerðarmönnum og sjómönnum til mikilla hagsmuna. Nefndin hefir hugsað, að heppilegast væri, að mál þetta væri undirbúið af stjórninni, einkum þar sem hún í stjórnarráðinu hefir færum mönnum á að skipa og kunnugum þessu máli. Þeir geta líka borið málið undir félög útgerðarmanna og háseta hér í grend og látið hvorn málsaðilann um sig gera athugasemdir um tillögur stjórnarinnar. Mætti þá ætla, að hagsmunir beggja málsaðila verði þá hæfilega teknir til greina. Eg vona, að menn hiki ekki við að greiða tillögu þessari atkvæði sín. Það eru eins og bent hefir verið á, engir erfiðleikar fyrir stjórnina að taka málið fyrir.

ATKV.GR.:

Till. (A. 698) sþ. með 18 shlj. atkv. og afgreitt til ráðherra sem *þingsályktun frá neðri deild alþingis.*

Bátakví við Hrísey.

TILLAGA til þingsályktunar um skoðunargerð á bátakvíarstæði við Hrísey (A. 569).

Ein umr., 30. apríl.

ATKV.GR.:

Till. (A. 569) sþ. og afgreitt til ráðh. sem *þingsályktun frá neðri deild alþingis.*

Lending í Bolungarvík.

TILLAGA til þingsályktunar um umbætur á lendingunni í Bolungarvíkur verzlunarstað (A. 460).

Ein umr., 20. apríl.

Flutningsmaður (Skúli Thoroddsen): Viðvíkjandi þessari þingsályktunartill., skal eg geta þess, að eg get verið stuttorður. Hún er komin fram samkvæmt ályktun þingmálafundar N.-Ísafjarðarsýslu.

Það mun óhætt að fullyrða, að Bolungarvík muni vera stærsta verstöð landsins. Þangað sækja ekki einungis menn úr Norður- og Vestur-Ísafjarðarsýslum til sjóróðra, heldur og úr Barðastrandar-, Dala-, Húnavatns- og jafnvel Skagafjarðarsýslu; en það er til stór baga fyrir verstöðina, hve vond lendingin er, því svo hagar til, þar sem lenda verður, að fjaran er mjög stórgrýtt, og brimasamt í Víkinni, einkum á haustum og framan af vetri. Það liggur því í augum uppi, hvaða hagur það væri fyrir héraðið og landið í heild sinni, sakir hins mikla sjávarútvegs, sem rekinn er í Bolungarvík, ef hægt væri að bæta lendinguna.

Á seinasta þingi voru samþykt lög þess efnis, að mönnum væri heimilt að gera samþyktir, þar sem ákveðið væri að greiða skyldi í lendingarsjóð ákveðið gjald af hverjum hlut frá sjó, til að bæta lendingar, og þessa heimild hafa Bolvíkingar hagnýtt sér, og gert öllum, er þaðan sækja sjó að skyldu að borga í lendingarsjóð 1 kr. af hverjum hlut, og nemur þessi upphæð yfir vetrar- og vorvertíð líklega um 1000 kr.

Það er nú ósk héraðsbúa, að verkfræðingur verði látinn skoða lendinguna, og gefa upplýsingar um, á hvern

hátt líklegast væri að bæta hana, og gera áætlun um kostnaðinn; og þessi nauðsyn er orðin enn brýnni, sakir hins mikla fjölda mótorbáta, sem nú gengur úr Víkinni, þar sem mjög örðugt er að setja þá á land, sakir þyngslanna.

Verkfræðingur hefir að vísu einu sinni verið látinn skoða og gera áætlun um, hvar og hvernig gera mætti brimbrjót í Víkinni, og mun sú upphæð, sem til þess þyrfti, að hans áætlun, yfir 200 þús. kr., en þetta er svo há upphæð, jafnvel þótt sjálfsagt væri, að landssjóður legði til talsverðan hluta af kostnaðinum, að héraðsbúum er það algerlega ókleyft að koma verkinu í framkvæmd; en nú hefir mönnum hugkvæmst að gera mætti umbætur á lendingunni á kostnaðarminni hátt, og um það þyrfti verkfræðingurinn að segja álit sitt.

Eg vona af þessum ástæðum, að háttv. þingdeild taki tillögunni vel, og samþykki hana.

Björn Sigfússon: Eg vil leyfa mér að skjóta því til háttv. flutningsm. þessarar till. (Sk. Th.), hvort honum sýnist ekki rétt, að hún sé afgreidd hér í deild eins og aðrar samskonar till., sem afgreiddar voru hér fyrir skömmu.

Þá var haft á móti því að koma fram með óskir í þingsályktunarformi um skoðanir verkfræðinga á ýmsum mannvirkjum. Það var þá talið óþarft og óviðeigandi aðferð, vegna þess, að landsstjórnin gerði það hvort sem væri, og það lægi næst því að vera móðgun við verkfræðingana. Tillögurnar voru því afgreiddar með rökstuddri dagskrá. Eg vil t. d. benda á eina af þessum till., sem stóð mjög líkt á með, og þetta mál. Hún var um það, að verkfræðingurinn skoðaði höfnina á Sauðárkrók.

Mér virðist meira samræmi í því, að þessi tillaga sé afgreidd á sama hátt.

Flutningsmaður (Skúli Thoroddsen): Eg get ekki séð neina þörf á því, að samþykt sé rökstudd dagskrá um þetta mál. Ef háttv. þingdeild samþykkir rökstudda dagskrá, þá er tilgangurinn að vísu samur, sem ef þingsályktunin er samþykt, að skora á stjórnina, að láta framkvæma verkið, en mér virðist samþyktar þingsályktunartillögur þó vera enn áhrifameiri, og hvað þau mál snertir, sem hinn háttv. 2. þm. Húnv. (B. S.) mintist á, þá stóð nokkuð sérstaklega á, að því er sum þeirra snerti, þar sem sumt af því, sem skoða átti, hafði þegar verið skoðað.

Þar sem Bolvíkingum er áhugamál, að skoðunin fari sem fyrst fram, þá vil eg, að stjórnin líti svo á, ef þingsál. er samþykt, sem það sé sérstök ósk frá þinginu í þá átt, að skoðunin sé framkvæmd sem bráðlegast, enda margt, sem mælir með því, að verk þetta sé framkvæmt, sem fyrst, því hér á í hlut stærsta veiðistöð landsins, og umbót á lendingu þessari hefir þýðingu eigi að eins fyrir hlutaðeigandi hérað, heldur og fyrir landið í heild sinni, eins og eg drap lauslega á í fyrri ræðu minni.

ATKV.GR.:

Till. (A. 460) samþykt með 12 : 4 atkv., og afgreidd til ráðherra sem *þingsályktun frá neðri deild alþingis.*

Bréfhirðing á Dynjanda.

TILLAGA til þingsályktunar um bréfhirðing að Dynjanda og aukapóst til Furufjarðar (A. 142).

Einumr., 15. marz.

Flutningsmaður (Skúli Thoroddsen): Það eru ekki nema örfá orð, sem eg

ætla að segja um þetta mál; tillagan segir alt sjálf, sem segja þarf. — Eg hefi leyft mér að bera hana fram eftir ósk manna í Grunnnavíkurhreppi, sem óska, að bréfhirðing verði sett að Dynjanda, með því að bygðin er mest þar í grendinni. Þess hefir og jafnframt verið óskað, að aukapóstur verði látinn ganga frá Dynjanda til Furufjarðar, og hefir sú ósk áður komið fram á sýslunefndarfundum, enda verður ekki annað sagt, en að þetta sé í alla staði réttmætt, því að hér er um afar-brýna þörf að ræða.

Eins og mörgum mun kunnugt, þá eru Austur-Hornstrandirnar mjög afskektar, og engar póstferðir þangað. Bréf eða blöð koma því að jafnaði örsjaldan til þeirra, að eins þegar svo vill til, að einhver aukaferð fellur.

Vona eg, að háttv. þingdeild samþykki tillöguna, svo og að landstjórnin taki henni vel, svo að framkvæmd geti orðið á þessu hið bráðasta.

Ráðherrann (H. H.): Eg get látið þessa tillögu liggja á milli hluta, það kemur ekki til minna kasta að framkvæma hana. En eg get þó eigi bundist þess, að taka fram, að mér finst óþarfi að gera þingsályktun um önnur eins smáatriði eins og þetta, meðan alls ekkert liggur fyrir, er sýni, að landsstjórnin hafi á móti þessu eða ætli sér annað. Það getur vel verið, að póststjórnin ætli sér einmitt að gera þessar ráðstafanir, og virðist þá réttast fyrir háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.), að grenslast eftir því fyrst, og koma svo fram með málaleitunina við stjórnarráðið, ef þarf. Ef það hefir engan árangur, þá er fyrst ástæða til þess að fara til þingsins; en með því að ekki verður til þess ætlast, að þingm. séu svo kunnugir staðháttum, að þeir geti þegar vitað, hverjar ástæður eru til þess, að slíkar tillögur nái fram að ganga, þá ætti að setja nefnd í málið. Eg vil því spyrja hinn háttv. þingm. N.-Ísf. (Sk. Th.), hvort honum lítist ekki heldur að fara þennan veg, sem eg benti á.

Mig minnir annars, að bréfhirðing hafi verið á Dynjanda í Grunnavíkurhreppi og aukapóstur gengið að Furufirði, eins og hér er farið fram á. — Hafi því verið breytt, þá hafa eflaust legið til þess ástæður, sem vert væri að vita um, áður en ályktun er gerð.

Flutningsmaður (Skúli Thoroddsen): Eg skal lýsa því yfir, að eg finn enga tilhneigingu hjá mér til þess að taka aftur þessa tillögu. Og ummæli hæstv. ráðherra sýna, að það er sannarlega óheppilegt, að ráðherrar sitji lengi í sessi, ef þeir fá svo einstrengingslegar skoðanir, sem ummæli hans bentu til. Eg mótmæli því, að þingið megi ekki taka ályktun um þetta mál; það er beint skylda þingsins að bera fram vilja þjóðarinnar, þótt um verksvið umboðsvaldsins ræði, er þurfa þykir, ekki sízt er um störf póststjórnarinnar ræðir.

Annars man eg ekki betur, en að eg hafi einhverntíma nefnt svipað mál við póstmeistara, og hann vísað mér til þingsins, enda ofur-einfalt fyrir hvern þingmann að greiða atkvæði í þessu máli, eftir að hafa gert sér ljóst, hvaða vegalengdir hér er um að ræða, og verða við óskum hlutaðeigandi héraðsbúa. Það er siðferðisleg skylda þingsins að synja ekki tillögunni, því að menn, sem búa á jafn afskektum stöðum, sem Hornstrandir eru, eiga ekki síður en aðrir rétt á að fá að vita, hvað gerist í landinu og í umheiminum.

Eg vona því, að deildin samþykki tillöguna og sýni með því, að aðfinsla

hæstv. ráðherra sé hrein og bein skrif-finska.

Ráðherrann (H. H.): Eg tek því með mestu sálarrósemi, að háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) ásakar mig um að fylgja föstum reglum; eg vona, að hann sjái sjálfur, að slíkt hið sama ætti hann að gera.

En að samþykkja lítthugsaðar till. um einstök atriði í verksviði stjórnar-innar, getur leitt til þess, að stjórnin neyðist til þess að ganga fram hjá þeim og ef til vill ganga þvert á móti þeim. Stjórnin verður að fara eftir föstum meginreglum um bréfhirðingar og aukapósta, og fara eftir viðskifta-þörfinni, bréfafjölda og fólksfjölda, og því sem haganlegast er fyrir heildina, en ekki eftir því, hvort þingmenn eru meira eða minna sniðugir og duglegir til þess að drífa í gegn einhverja kjör-dæmis-tillögu, ef til vill með litlum at-kvæðamun, með flokksfylgi og jafnvel hrossakaupum stundum; eg á als ekki við það, að slíku sé hér til að dreifa, og eg hefi ekkert á móti bréfhirðing á Dynjanda og aukapósti til Furufjarðar. Það er að eins þingsályktunarleiðin í þessum efnum, sem mér finst óvið-feldin og óviðeigandi og jafnvel við-búið, að slík brúkun á þingsályktun-um raski því hlutfalli, sem á að vera milli verksviðs löggjafarvalds og fram-kvæmdarvalds, og dragi úr virðingu þeirri, sem stjórnin ætti að bera fyrir ályktunum alþingis, ef þær eru rétt notaðar.

Ef till. verður ekki tekin aftur, virð-ist mér eiga að setja nefnd í málið til að athuga það, en fella till. að öðrum kosti.

Flutningsmaður (Skúli Thoroddsen): Mér þótti harla einkennileg ræða hæstv. ráðh. (H. H.) í þessu máli. Hann er hér að reyna, að brjóta niður gamla og gilda meginreglu, sem þingið hefir jafnan fylgt í líkum málum að undan-förnu, og vill takmarka verksvið þess. Slíkri aðferð vona eg, að þingdeildin mótmæli kröftuglega.

Það er annars næsta undarlegt, að hæstv. ráðh. (H. H.), sem nú er svo myndugur í tóninum, og hefir talið stjórn sína þingbundna stjórn, skyldi svíkja loforð sín, að því er snerti þings-ályktun frá síðasta þingi, um breyt-ingu á reglugerð skólans. Eg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta mál að sinni, en vænti þess fastlega, að þingið láti ekki fráfarandi ráðherra setja sér neinar nýjar reglur.

Ráðherrann (H. H.): Eg er forviða á því að háttv. þm. (Sk. Th.) skuli leyfa sér að bera hér á borð svo ó-svífin ósannindi, að eg hafi svikið lof-orð mín um þingsályktun viðvíkjandi skólareglugerðinni, og mér þykir kyn-legt að háttv. forseti skuli ekki finna ástæðu til að hringja bjöllunni, þegar svona orðbragð er haft. Bæði h. virðu-legi þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) og aðrir, munu minnast þess, að eg lofaði ein-mitt engu um efni þeirrar þingsálykt-unar, öðru en því, að leita álits skóla-manna, er vit hefðu á þessu, og gera það sem forsvaranlegt álitist að þeirra dómi, og eg hefi fyllilega haldið alt það, sem með nokkrum rétti er hægt að segja, að eg hafi dregist á í þessu efni. Eg tók skýrt fram, að eg gæti als ekki gert í því annað en það. sem álíta yrði hentugt í kenslufræðislegu tilliti, og var á móti röksemdum til-lögumanns, eins og þingtíðindin sýna. Aðdróttun þingmannsins er gersamlega ósönn og ástæðulaus. Annars er mér lítt skiljanlegt, hvernig þessi hiti hefir getað komist í þingmanninn út úr ekki merkilegra máli en þessi þings-ályktunartillaga hans er.

Jón Þorkelsson: Eg skal ekkert hafa á móti þessari þingsályktunartil-

lögu og eg sé ekkert á móti atferli því um þetta mál, er flutnm. hefir haft. Það hefir fyrrum verið alvani hér í þinginu að koma upp póstafgreiðslum og póstgöngum með þingsályktunaráskorunum til landsstjórnarinnar Eg minnist þess meðal annars, að eg fékk samþykta á þinginu 1893 þingsályktunartillögu um póstferðir kringum Snæfellsjökul. En í þessu sambandi vil eg benda á, að inn í tillögu þá, sem hér liggur fyrir, hefir slæðst málvilla: »að Dynjanda«, á að vera, »að Dynjandi«, því að orðið er kvenkyns.

Flutningsmaður (Skúli Thoroddsen): Eg er þakklátur háttv. 1. þm. Rvík. (J. Þ.) fyrir undirtektir hans í þessu máli, nema hvað hinar málfræðislegu athugasemdir hans snertir, því að till. er orðuð, eins og alment tíðkast þar í bygðarlaginu.

Hæstv. ráðherra (H. H.) var óþarft að bera mér á brýn hita í þessu máli, því að sjálfur hefir hann tekið þessari meinlausu þingsályktunartillögu með mestu ákefð, enda má honum vera það kunnugt, að eg er því óvanur að dylja hann skoðana minna, að því er til ýmsra starfa hans kemur, sem eigi verður komist hjá að geta að einhverju leyti.

ATKV.GR.:

Till. um nefnd feld með 12:10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Jón Ólafsson,	Bjarni Jónsson,
Björn Þorláksson,	Bened. Sveinsson,
Eggert Pálsson,	Björn Kristjánsson,
Einar Jónsson,	Björn Sigfússon,
Hannes Hafstein,	Hálfdan Guðjónss.,
Jóh. Jóhannesson,	Jón Jónsson, N.-M.,
Jón Jónsson, S.-M.,	Jón Sigurðsson,
Jón Magnússon,	Jón Þorkelsson,
Pétur Jónsson,	Magnús Blöndahl,
Stefán Stefánsson.	Sig. Gunnarsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Þorleifur Jónsson.

Þá var till. (A. 142) borin undir atkv., samþ. með 12:4 atkv. og afgreidd til ráðherra sem *þingsályktun frá neðri deild alþingis.*

Verzlunar- og atvinnumál.

TILLAGA til þingsályktunar um nefnd til þess að rannsaka verzlunar og atvinnulöggjöf (A. 21).

Ein umr., 22. febr.

Flutningsmaður (Magnús Blöndahl): Eg get verið stuttorður um þetta mál að þessu sinni. Allir munu vera samdóma um það, að nauðsynlegt sé að skipa nefnd til að íhuga verzlunar- og atvinnulöggjöf þessa lands og að sú grein löggjafarinnar þurfi umbóta við, heldur fyr en seinna. Eg læt mér því nægja að drepa á örfá atriði þessu til stuðnings.

Hér á landi er leiðin til þess að gerast kaupmaður um of auðveld. Hver, sem lögaldur hefir og óflekkaður er að mannorði, getur fengið borgarabréf og leyfi til að reka verzlun. Afleiðingarnar af þessu eru þær, að fjöldi manna tekur að reka verzlun, sem enga eða litla þekkingu hefir til þess, og að því rekur svo fyr eða síðar, að þeir verða gjaldþrota og hætta kaupskap.

Í öðrum löndum, t. d. í Noregi, eru skilyrðin miklu strangari en hér; þar er þess krafist, að kaupmenn hafi próf í verzlunarfræði, og ekki nóg með það, heldur hafi stundað þá atvinnugrein um ákveðinn tíma, helzt sem yfirboðarar, áður þeir fái leyfi til kaupskapar.

Af öðrum atriðum, sem bæta þyrfti úr, má nefna löggildingu verzlunar-

verzlunarbóka, sem viða tíðkast í öðrum löndum, að því er mér er kunnugt. Í annan stað virðist og kominn tími til að draga skarpa línu milli stórkaupaverzlunar og smákaupaverzlunar. Að vísu kveður ekki mikið að stórkaupaverzlun hér á landi enn sem komið er, en sjálfsagt rekur að því innan skamms tíma. Enn er það, að engin ákvæði eru til um sambandið milli nemenda hjá kaupmönnum og kaupmanna, hvorki um það, hve lengi nemendur skuli vera í læri, né hverjar sé skyldur húsbænda gagnvart nemendum og nemenda gagnvart húsbændum.

Úr þessum atriðum og fleiri því líkum þyrfti að bæta hið bráðasta.

Sama er að segja um ýmsar iðnaðargreinar; þar er fylsta ástæða til að fá skýr lagaákvæði um, hvað útheimtist til að geta orðið byggingameistari o. fl. Nú getur hver og einn, sem sveinsbréf hefir, þegar að afloknu prófi tekið sveina og gerst meistari, sem kallað er. Þetta er mjög athugavert. Það segir sig sjálft, að menn, sem nýlega hafa lokið prófi í sinni iðngrein eru ekki færir um að leysa af höndum stórvirki, án þess að hlutaðeigendur skaðist af því; það er ekki á færi ungra og óþroskaðra manna. Hentugra væri, að þeir gætu ekki tekist slíkt á hendur fyr en þeir hefðu unnið sem sveinar um ákveðinn tíma. Þá er og í mörgum greinum iðnaðar enginn lærdómur heimtaður, ekki einu sinni að viðkomendur hafi haft tilsögn eða tekið þátt í vinnunni lengri eða skemmri tíma.

Eg skal ekki fara fleiri orðum um tillöguna. Legg eg til, að 5 manna nefnd verði sett í málið.

ATKV.GR.:

Samþ. með öllum greiddum atkv. að setja nefnd í málið.

Kosningu hlutu með hlutfallskosningu:

Björn Kristjánsson,
Jón Ólafsson,
Magnús Blöndahl,
Ólafur Briem,
Jón Jónsson S.-Múl.

Í nefndinni var Björn Kristjánsson kosinn formaður, en Magnús Blöndahl skrifari. Alsherjarálit nefndarinnar, prentað á þskj. 758, ásamt frumv. um nauðungarsamninga miili skuldunauta og skuldheimtumanna (framsögumaður Jón Ólafsson). Það mál kom ekki til umræðu í deildinni.

Samgöngumál.

TILLAGA til þingsályktunar um nefnd til þess að íhuga samgöngumál (A. 22, 37).

Ein umr., 22. febr.

Flutningsmaður (Benedikt Sveinsson): Upphaflega var til þess ætlast, að skipuð yrði 5 manna nefnd til þess að fjalla um þetta mál, en við nánari íhugun þótti flutningsmönnum betur henta, að nefndin yrði skipuð 7 mönnum, vegna þess að málið er mjög umfangsmikið.

Þau mál, sem nefndinni er ætlað að fjalla um, eru samgöngumál á sjó og landi, sem ætlað er fé til í 13. grein fjárlaganna, B og C lið. Svo þótti sem starfsvið nefndarinnar mundi verða ærið, þótt póstmálum, símamálum og vitamálum væri ekki á hana hlaðið.

Samgöngur á landi eru komnar í fast og ákveðið skipulag; hefir verið byrjað á flutningabrautum og akvegum i ýmsum stöðum og verður ekki við það hætt, eða út af breytt, því sem þegar er hafið. Nefndin þarf því lítt eða ekki að fjalla um þessa grein samgöngumálanna.

Aðalstarfsvið nefndarinnar mun því einkum beinast að samgöngum á sjó; bæði eru þau mál margbrotnari miklu en samgöngur á landi, og einkum er nú sérstök ástæða til að athuga það mál vandlega, er stjórnin æskir heimildar til að semja um eimskipaferðir til 8 ára, í stað þess að hingað til hafa samningar oftast náð til tveggja ára að eins. Það er því fremur ástæða til að vanda samningana, sem þeir eiga lengur að standa, eins og allir munu sjá og kannast við.

Félag það, »hið sameinaða danska eimskipafélag« er hingað til hefir haldið uppi samgöngum hér innan lands og landa í milli, hefir ekki notið vinsælda landsmanna. Hefir því, með ærnum rökum, verið fundið margt til foráttu, en einkum það, að það hefir jafnan litið eingöngu á hag sinn og Danmerkur en ekki hag Íslands. Íslendingar hafa mátt nauðugir-viljugir sæta því, að hafa samband við Kaupmannahöfn einvörðungu, að heita má, og þar með verið bægt frá viðskiftum við verzlunarborgir í öðrum löndum, sem þeim væri miklu hagkvæmara að eiga kaupskap við. Þetta hefir heft verzlun og auðsæld landsins mjög tilfinnanlega.

Nú er nauðsyn á að leitast fyrir um það, hvort ekki megi fá beinar samgöngur við England; þaðan kaupum vér margar helztu nauðsynja-vörur landsins, og þar er eini markaðurinn fyrir smjör héðan, sem hægt er að nota. Til þess að sá markaður komi að fullum notum þarf tíðar ferðir milli landanna um sumartímann, og læt eg að þessu sinni nægja að vísa til tilmæla þeirra, sem komið hafa fram á þingmálafundum og frá landbúnaðarfélaginu um það mál. Enn hafa og ýmsir hreyft því, að æskilegt væri að koma á beinum samgöngum við Hamborg, því að hingað til lands flytst nú ógrynni af þýzkum vörum frá Kaupmannahöfn, sem lagst hefir óþarfakostnaður á. Landinu verður aldrei annað en beint óhagræði að þeim krókaleiðum, að fá þær vörur frá Danmörku, sem þangað eru fluttar frá öðrum löndum, og hingað mætti flytja miðilslaust beinni leið. — Þess má enn geta, að nýlega hefir komið bending um það frá fróðum manni og kunnugum, að ágætur markaður gæti fengist fyrir íslenzka síld í Hollandi og jafnvel einnig fyrir saltfisk héðan, en ilt verður að nota þann markað svo sem samgöngum er nú háttað; til þess þyrfti beinar ferðir. Loks sýnist ekki úr vegi að koma á beinum ferðum til Spánar, þar sem þangað er flutt aðalvara þessa lands. Nú er fiskur oft fluttur fyrst til Danmerkur og síðan til Spánar, og er það dýrkeyptur óþarfa-krókur.

Að því er kemur til strandferðanna, þá dylst engum, að þær hafa verið óhagkvæmastar í þeim héruðum landsins, sem verstar hafa samgöngurnar á landi. Vil eg nefna þar til Norður-Þingeyjarsýslu og Austur-Skaftafellssýslu. Strandbátarnir eru einu skipin, sem ætluð eru héruðum þessum og koma þar þó ekki nema endrum og sinnum, svo að sýslur þessar eru nær því samgöngu-lausar, móts við aðra hluta landsins. Reyndar sé eg, að stjórnin ætlast til, að bætt verði úr þessu að nokkuru, með því að veita fé til strandferða milli Hornafjarðar og Langaness, og í annan stað milli Eyjafjarðar og Öxarfjarðar. En þá verður svæðið milli Öxarfjarðar og Langaness algerlega afskilt, því að Austfjarðabáturinn fer ekki lengra en að Langanesi að austan. Þetta fyrir-

komulag er óþolandi með öllu, og er sjálfsögð krafa, að réttur sé hlutur þeirra hafna, sem á eru þessu svæði, það því fremur, sem þar koma ekki millilandaskip, og strandbátar svo að illa nægir, eins og fyr var sagt.

Þetta skal eg láta nægja um þessa hlið málsins.

Eg vil því næst nefna þá hlið samgöngumálanna, sem viðvíkur útgerðinni sjálfri; hingað til hefir ekki neitt verið rannsakað, hvað slík útgerð mundi kosta, né hvað hún gefur í aðra hönd, en eg tel brýna nauðsyn á, að leitað sé sem fylstra upplýsinga um þau atriði. Hér þarf að íhuga, hvort ekki er vinnandi verk, að landið eignist sjálft skip, sem haldi uppi samgöngum landa milli og með ströndum fram. Ef landsmenn ættu skipin sjálfir, að miklu eða öllu leyti, þá gæti þeir ráðið yfir ferðunum og hagað þeim að öllu eftir því sem bezt þætti henta. Eg þarf ekki að fjölyrða um, hversu slíkt fyrirkomulag hlyti að efla framfarir landsmanna í ýmsum mikilvægustu atvinnugreinum, svo sem verzlun og siglingum. Slíkt er augljóst. Það hefir flogið fyrir eyru mín, að Thorefélagið muni vilja gefa landinu kost á að gerast hluthafi í félaginu, og sé von á tilboði um það frá félaginu innan skams, en að svo stöddu get eg engan dóm lagt á, hvernig þeirri málaleitan skuli tekið. —

Fer eg svo ekki lengra í þetta mál að sinni, en vil leyfa mér að mæla með, að 7 manna nefnd sé skipuð í málið.

Pétur Jónsson: Eg vil leyfa mér að spyrja hinn hæstv. ráðherra (H. H.), hvort stjórnin hafi nokkurt nýtt tilboð frá því Sameinaða — eða þá öðru félagi um gufuskipaferðir milli landa og strandferðir. Ennfremur væri æskilegt að fá að vita, hvort líkindi væru til, að það Sameinaða eða nokkurt annað gufuskipafélag muni senda hingað menn til að semja við þingið. Ef slíkir menn kæmu mundu þeir snúa sér til fjárlaganefndarinnar, sem þá aðallega á að fjalla um fjárupphæð til samgangna. Nú er reynsla fyrir því, að það er örðugt að semja við slíka menn, nema nefndarmenn standi sem einn maður; en það hefir reynst örðugt, þegar 2 nefndir hafa átt þar að mæta fyrir þingsins hönd, Það er því athugavert að setja samgöngumálanefnd við hliðina á fjárlaganefndinni. Það getur lent í bága og tvídrægni. En verði enginn til að semja við þingið þá er minni ástæða til að hafa á móti sérstakri nefnd.

Ráðherrann (H. H.): Eg hefi þegar áður getið um, að nýtt tilboð liggur fyrir þinginu frá því Sameinaða og er þar ekki gert ráð fyrir bygging nýrra skipa. Eins og peningamarkaðurinn hefir staðið að undanförnu hefir félagið ekki séð sér fært gegn því tillagi, sem í boði er, að ráðast í þann mikla kostnað. Aftur á móti vill félagið breyta þannig til um ferðirnar og skipin, að í staðinn fyrir eitt af þeim skipum, sem nú fara á milli landanna, gangi skip með frystirúmi t. d. Botnia eða eitthvert annað af þeim skipum félagsins, sem ganga milli Esbjærg og Englands, að minsta kosti einhvern hluta ársins. Að svo miklu leyti sem mér er kunnugt er ekki í ráði, að félagið sendi neinn mann til að semja við þingið, að minsta kosti var það óráðið, þegar eg fór frá Höfn í janúarmánuði, en að því er snertir breytingu á smáatriðum í tilboðinu og áætluninni er hægt að símrita til forstjóra félagsins. Mér þykir eðlilegast, að mál þetta verði falið fjárlaganefndinni en ekki skipuð sérstök nefnd í málið.

Björn Sigfússon: Í sambandi við

þetta mál vil eg leyfa mér að beina þeirri spurningu til hins hæstv. ráðherra (H. H.), hvort 40 þúsund króna tillagið, sem veitt er úr ríkissjóði til póstsambandsins milli Íslands og Danmerkur, sé bundið við sérstakt félag, eða hvort Íslands ráðherra hafi full umráð yfir því. Menn hafa verið mjög í óvissu um þetta, og því þýðingarmikið að fá að vita það fyrir víst.

Ráðherrann (H. H.): Ráðherra Íslands hefir engin umráð yfir því fé, sem ríkisþingið veitir úr ríkissjóði nema eftir samþykki og samkomulagi við danska innanríkisráðgjafann, sem hefir póstmál Dana með höndum, því féð er veitt meðal póstgjalda; enda teljum vér Íslendingar fé þetta als ekki veitt Íslandi sem styrk, heldur skoðum vér það aðallega veitt til að efla samgöngur Dana við Ísland, og styrkja danskar siglingar, eins og sjá má á svari íslenzku sambandslaganefndarmanna upp á yfirlit yfir skuldaviðskifti landanna, sem lagt var fram af Dana hálfu í nefndinni.

Jón Þorkelsson: Eg hygg það sé mjög heppilegt að skipa sérstaka nefnd í þetta mál, því að eg fæ ekki betur séð en að fjármálanefndin hafi nóg að starfa, þótt hún dragi ekki þetta mál undir sig. Það hvílir nóg á henni samt.

Pétur Jónsson: Eg var ekki að fara þess á leit, að fjárlaganefndin fengi sem flest mál að fjalla um, því að hún hefir ærið að starfa. En samgöngumálin eru mál, sem hún kemst ekki hjá að fjalla um, því þau velta á fjárframlögum í fjárlögunum, og það er stærsti útgjaldaliðurinn á fjárlögunum. Fjárlaganefndin verður því að gera aðaltillögurnar um samgöngumálin.

ATKV.GR.:

Samþykt var með 15 atkv. gegn 8, að viðhöfðu nafnakalli, að skipa sérstaka nefnd í málið, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Jón Ólafsson,
Benedikt Sveinss.,	Eggert Pálsson,
Björn Jónsson,	Einar Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Hannes Hafstein,
Björn Sigfússon,	Jón Jónsson S.-M.
Hálfdan Guðjónss.,	Jón Magnússon,
Jóh. Jóhannesson,	Pétur Jónsson.
Jón Jónss., N.-M.,	Stefán Stefánsson.
Jón Sigurðsson,	
Jón Þorkelsson,	
Magnús Blöndahl,	
Ólafur Briem,	
Sig. Gunnarsson,	
Sig. Sigurðsson,	
Þorleifur Jónsson.	

Breyt.till. á þgskj. 37 samþ. með öllum þorra atkvæða og í nefndina kosnir með hlutfallskosningu:

Björn Kristjánsson,
Einar Jónsson,
Þorleifur Jónsson,
Benedikt Sveinsson,
Jóhannes Jóhannesson,
Björn Sigfússon,
Ólafur Briem.

Í nefndinni var Björn Sigfússon kosinn formaður, en Benedikt Sveinsson skrifari.

Frá nefndinni kom ekkert allsherjarálit.

Kenslumál.

TILLAGA til þingsályktunar um nefnd til þess að íhuga kenslumál, (A. 23, 38).

Ein umr., 22. febr.

Flutningsmaðnr (Björn Jónsson): Eg hefi ekkert um till. að segja að

þessu sinni. og breyt.till, á þingskj. 38 má vel aðhyllast.

ATKV.GR.:

Samþ. með öllum greiddum atkv. að setja nefnd í málið.

Breyt.till. á þgskj. 38 samþ. með öllum greiddum atkv.

Kosningu hlutu í nefndina með hlutfallskosningu:

Björn Jónsson,
Jón Magnússon,
Bjarni Jónsson,
Hálfdan Guðjónsson,
Eggert Pálsson,
Jón Jónss. N.-M., og
Stefán Stefánsson

með hlutkesti milli hans og Sigurðar Gunnarssonar.

Í nefndinni var Björn Jónsson kosinn formaður, en Jón Magnússon skrifari. Áður en formaður (B. J.) sigldi til Hafnar 21. marz, ásamt hinum forsetum þingsins, á konungsfund, valdi meiri hlutinn Björn Þorláksson í nefndina í stað hans.

Frá nefndinni kom ekkert alsherjarálit.

Fiskiveiðamál.

TILLAGA til þingsályktunar um nefnd til að íhuga fiskiveiðamál (A. 24).

Ein umr., 22. febr.

Flutningsmaður (Jón Þorkelsson): Það þarf ekki að fjölyrða um þetta mál. Það er víst öllum kunnugt í hvert horf fiskiveiðar okkar nú eru komnar. Áður fyr gengu, eins og mönnum er kunnugt, róðrarbátar úr hverri vör og vogi, en nú er varla nokkur slík fleyta lengur til og þær, sem til eru, fúna nú í hrófum. Að þetta er komið svo, stafar að líkindum nokkuð af því, að róðrarbátarnir hafa ekki nægilega fullnægt kröfum þeim, er gera varð til þeirra. Menn gátu á þeim ekki sótt til fiskjar nógu langt á vastir út. Um eða skömmu fyrir 1870 tóku menn að gefa gætur að því, að þilskip mundu hentugri til fiskiveiða, og að þau mundu geta komið atvinnuvegi þessum fram stórum fetum til framfara. Hugmynd þessi ruddi sér fljótt til rúms og menn keyptu fjölda skipa, og um tíma þótti nálega enginn maður með mönnum, ef hann hélt ekki úti þilskipi til fiskiveiða. Á hinn bóginn vantaði þó nægilega samvinnu og samkomulag, bæði á milli útgerðarmannanna sjálfra og á milli útgerðarmanna og háseta, og um litinn eða engan félagsskap að tala þeirra á milli.

Afleiðingarnar af öllu þessu hafa eins og menn vita orðið þær, að sjávarútvegurinn er nú svo að segja kominn í kaldakol, og það lítið sem eftir er, er komið á hendur einstakra útlendra auðmanna eða félaga. Því að eins og margir vita hafa nú eigi allfáir menn orðið að láta skip sín af hendi við þá, er hafa lánað þeim vörur til þess að geta annast um útgerð skipanna, og hjá sumum hverjum hafa skipin ekki hrokkið fyrir útgerðarskuldinni.

Fiskiveiðarnar eru — það vita allir — eitt af lífsskilyrðunum fyrir landið í heild sinni, og þá ekki síst fyrir þennan bæ. Það má með fullum rétti segja, að hagur hans standi og falli með fiskiveiðunum. Eins og nú er ástatt eru það nú á þessu ári einungis örfáir menn, er séð hafa sér fært að halda úti þilskipum til fiskiveiða. — Málefni þessu er því komið í alvarlegt og ískyggilegt horf. Þingið þarf að vinda bráðan bug hér að, og reyna á einhvern hátt að sjá ráð til þess, að þessi mikli atvinnuvegur mætti ná viðrétting þeirri, sem verða má.

Eg hef það frá gætnum og reyndum

mönnum í þessari grein, að hyggilegt mundi vera, að menn rækju atvinnuveg þennan í félagsskap, er næði yfir alt landið, því þá yrði allra hagur hvers einstaks hagur. Gamla sleifarafélagið getur ekki lengur gengið, Hásetarnir hafa pressað sem hæst kaup út úr útgerðarmönnunum, þangað til alt sprakk. En um sameiginlega hagsmuni beggja í einu og sameiningu sýnist minna hafa verið hugsað. Mál þetta er í fæstum orðum sagt lífsnauðsyn als landsins í heild sinni, enda þótt að við, sem eigum heima við sjávarsíðuna finnum mest til þess. Eg vil því alvarlega ráða til þess, að þingið skipi 5 manna nefnd, til þess að finna einhver bjargráð við þessum mikilsverða atvinnuvegi.

Jón Ólafsson: Eg er samþykkur, að nefnd sé sett í málið, en þykir hinsvegar að röksemdir þm. Rvík (J. Þ. og M. Bl.) séu harla undarlegar fyrir tillögum þeirra í dag. 2. þm. Rvík. (M. Bl.) vildi girða með lögum fyrir, að kaupmenn gætu farið á höfuðið, en 1. þm. (J. Þ.) vill finna með lögum ráð við því, að útgerðarmenn setji sig á höfuðið með því að greiða of hátt kaup. Þetta kann hvorttveggja að vera þjóðráð. En af því að fleira kann að hugkvæmast þeim hugvitsmönnum samkynja þessu, þá vildi eg skjóta því til þeirra, hvort þeir geti ekki sparað alþingi nefndir og fjölda frumvarpa að óþörfu, með því að unga út einu alsherjarfrumvarpi, er stranglega bjóði öllum landsmönnum að vera hagsýnir og skynsamir. Það mundi lækna öll þessi mein í einu!!

Magnús Blöndal: Eg tel það ekki ómaksins vert að eltast við allar vitleysurnar og mótsagnirnar, er komið hafa fram hjá 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.), en skal að eins geta þess, að eg átti nýlega tal við hann um verzlunar- og atvinnulöggjöfina og var hann mér þá fyllilega samdóma um, að brýna nauðsyn bæri til að laga hana og endurbæta sem fyrst að dæmi nágrannaþjóðanna.

En nú stendur hann upp og finnur þessari viðleitni alt til foráttu.

Eg veit það vel, að háttv. þm. hefir aldrei sannfæringarfastur verið; — en jafnmikinn vindhanaskap og mótsagnir við sjálfan sig hafði eg þó tæpast búist við, að hann sýndi hér í þingsalnum.

Jón Ólafsson: Eg kannast við það, að eg lét í ljósi, að verzlunarlöggjöfinni væri mjög áfátt, en hins vegar get eg ekki fallist á röksemdir hinna háttv. þm., þegar til einstakra atriða kemur, t. d. um embættispróf til atvinnureksturs. Eg vil gefa mönnum kost á fræðslu, en ekki þvinga þá, né banna fullveðja mönnum að reka atvinnu.

Flutningsmaður (Jón Þorkelsson): Eg get ekki skilið í því, hvers vegna 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) getur verið að hagga sér úr sæti til þess með leikaradýrshætti og loddaraskap að tala af engu viti. Hann hæðist að því, að farið skuli vera fram á að heimta próf. Sjálfur kennir hann þó hér á verzlunarskólanum, þar sem einmitt er heimtað próf og gerðar eru allstrangar kröfur til þeirra, er ætla að gefa sig við verzlun.

Mér er spurn: Hafa menn nokkurstaðar á bygðu bóli heyrt nokkurt kerlingarhró tala fávíslegar en hinn háttv. þingmaður gerði nú? Ætlar þingmaðurinn virkilega með löggjafarstarfi sínu að fara að setja drotni skamt um skynsemd manna og gáfnafar?

Hitt veit eg, ef að þau lög væru gefin út, að enginn mætti vera heimskur,

þá mundi hinn háttv. þm. S.-Múl. (J. Ó.) eigi allsjaldan reynast brotlegur.

ATKV.GR.:

Samþ. að skipa 5 manna nefnd með öllum greiddum atkv.

Kosningu hlutu með hlutfallskosningu:

Jón Þorkelsson,
Stefán Stefánsson,
Benedikt Sveinsson,
Jón Sigurðsson,
Pétur Jónsson.

Í nefndinni var Pétur Jónsson kosinn formaður en Benedikt Sveinsson skrifari.

Undir þinglok kom alsherjarálit frá nefndinni á þskj. 745.

Peningavandræði.

TILLAGA til þingsályktunar um skipun nefndar til að íhuga peningavandræðin í landinu (A. 26).

Einumr., 23. febr.

Flutningsmaður (Magnús Blöndahl): Eg get verið stuttorður um þetta mál nú, því að allir munu vera sammála um það, að eitthvað þarf að gera til þess að bæta úr þeim almennu peningavandræðum landsmanna. Um hitt geta verið skiftar skoðanir, hverja leiðina á að fara, hvernig með öðrum orðum eigi að ráða fram úr því vandamáli.

Eg vil því að eins stinga upp á, að hin háttv. deild skipi 5 manna nefnd, til að íhuga málið.

ATKV.GR.:

Nefnd samþykt með öllum þorra atkvæða, og kosnir í hana með hlutfallskosningu:

Magnús Blöndahl
Jón Magnússon
Bjarni Jónsson
Þorleifur Jónsson
Jón Jónsson S.-M.

Í nefndinni var Bjarni Jónsson valinn formaður, en Magnús Blöndahl skrifari.

Nefndarálit á þingskj. 727.

Milliþinganefnd í bankamálum.

TILLAGA til þingsályktunar um milliþinganefnd í bankamálum (A. 728).

Einumr., 7. maí.

Framsögumaður (Magnús Blöndahl): Peningamálanefndin hefir lokið störfum sínum og gefið háttv. deild skýrslu um starf sitt, sem prentað er í nefndarálitinu.

Í nefndarálitinu er það tekið fram, hver frumvörp hafa komið frá nefndinni, og vænti eg, að þau komist flest greiðlega gegnum þingið.

Eins og kunnugt er, þá er eitt af frumv. þessum nú fyrir háttv. Ed., en ekki er hægt að spá neinu um það, hvernig um það fer. En ef það skyldi verða ofan á, að það ekki yrði samþykt, þá er það vitanlegt, að milliþinganefndarskipun sú, er vér höfum lagt til, að skipuð yrði, hefir minni þýðingu en annars, en hvað sem því líður, þá leyfir nefndin sér að halda þeirri tillögu sinni fast fram.

Eg skal svo ekki fjölyrða frekara um þetta mál, en vonast til þess, að deildin taki tillögu þessari vel.

Bjarni Jónsson: Eg skal að eins skýra háttv. deild frá því, að nefndarmenn eru ásáttir um, að halda fram þessari tillögu, þótt frumvarp það, sem nú er til umræðu í Ed. verði felt (að kaupa hlutabréf af Íslandsbanka).

ATKV.GR.:

Tillagan feld með 15 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Jón Ólafsson,
Ben. Sveinsson,	Björn Kristjánsson,
Jón Jónsson S.-M.,	Björn Þorláksson,
Jón Magnússon,	Eggert Pálsson,
Magnús Blöndahl,	Einar Jónsson,
Sig. Gunnarsson,	Hálfdan Guðjónss.,
Þorleifur Jónsson.	Jón Jónss. N.-M.,
	Jón Sigurðsson,
	Ólafur Briem,
	Sig. Sigurðsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Stefán Stefánsson.

3 þm. greiddu ekki atkv., og teljast með meiri hlutanum.

Landbúnaðarmál.

TILLAGA til þingsályktunar um skipun nefndar til að íhuga landbúnaðarmál (A. 27).

Einumr., 24. febr.

Flutningsmaður (Sigurður Sigurðsson): Okkur flutningsmönnum þessarar tillögu kom saman um það, að vel ætti við að skipa nefnd til þess að ræða landbúnaðarmál okkar ekki síður en önnur mál. Einn mikilsverður þingmaður gat þess reyndar við mig, að nú væri minni ástæða til þess að skipa slíka nefnd, en verið hefði áður, með fram vegna þess, að landbúnaðarfélagið og búnaðarþingið mætti skoða, sem stóra standandi nefnd. En verksvið þess er mjög takmarkað, með því að það hefir aðallega til meðferðar ráðstöfun á ákveðnu fé til ákveðinna fyrirtækja, sem því er ætlað að styrkja.

Landbúnaðurinn er annar aðalatvinnuvegur landsins, og svo má að orði kveða, að hann sé hyrningarsteinn undir tilveru þjóðarinnar.

Eg vil leyfa mér að benda á nokkur mál til athugunar fyrir þessa nefnd. Stjórn búnaðarfélagsins fór þess á leit við stjórnarráðið með bréfi dags. 7. sept. f. á., að það áætlaði einhverja fjárupphæð á fjárlagafrumvarpi því, er liggur fyrir þinginu til að lána sveitarfélögum til stofnunar kornforðabúra til skepnufóðurs, og tók stjórnin því vel. Þetta mál er ekkert nýmæli á þinginu, og var mjög rætt um eitt skeið. En nú hafa ýmsir litið svo á það, að þörfin væri minni, vegna simans og aukinna samgangna. En það er þó ekki einhlítt, og vil eg því leyfa mér að benda á, að oft vill það til, að hafnir eru lokaðar af hafís, langan tíma ársins, og þar er enn þá brýn þörf á stofnun slíkra forðabúra. Jafnvel þó um íslausar hafnir sé að ræða, þá hagar sumstaðar svo til, t.d. í Skaftafellssýslunum og víðar, að litil tök eru á því að ná að sér fóðurbirgðum um langan veg að vetrinum, ef fóðurskort ber að höndum. — Það vakir fyrir mér, sem þýðingarmikið atriði, að löggjafarvaldið taki þetta mál að sér, og gefi heimildarlög um lánveitingar til forðabúranna, og jafnframt reglur um endurnýjun kornsins, eftirlit með búunum og fleira, til þess að slíkar stofnanir biðu ekki halla og komi að tilætluðum notum.

Annað atriði, sem eg vil leyfa mér að benda á, er um girðingar. Þær eru stöðugt, að færast í vöxt, og heilar sveitir hafa gert samgirðingar, t. d. Glæsibæjarhreppur og Fljótshlíðarhreppur. Samgirðingar þurfa mikið eftirlit og viðhald, eins og allar girðingar yfir höfuð. Löggjafarvaldið ætti að gefa heimildarlög fyrir sýslunefndir til þess að gera samþyktir um eftirlit á girðingum þessum.

Í Noregi eru til lög um þetta efni, sem innihalda ákvarðanir um takmörkun á notkun gaddavírs, viðhalds girðinga o. fl.

Í þessu sambandi vil eg einnig minna á það, hvernig girðingar eru lagðar með fram vegum. Ákvæði um það eru þó til í vegalögunum frá 1907, en þau þyrftu að skýrast. Sama er að segja um umbúnað á hliðum o. s. frv. Þetta eru að eins lauslegar bendingar til nefndarinnar.

Þá vil eg minna á ábúðarlögin frá 12. jan. 1884. Þau lög eru mjög úrelt að ýmsu leyti og þyrftu að breytast. — Þegar milliþinganefndin í landbúnaðarmálinu var skipuð, þá vakti það fyrir mönnum, að þessari nefnd væri einkum ætlað að taka ábúðarlögin til endurskoðunar.

Nefndin sá sér það ekki fært, en lagði þar á móti áherzlu á sjálfsábúð í landinu. Má í því efni minna á lögin um sölu þjóðjarða frá 1905, og lögin um forkaupsrétt leiguliða frá sama ári, er höfðu þann tilgang, að auka sjálfsábúðina.

Virtist svo, sem nefndin með þessu ætlaðist til, að flestar eða allar jarðir kæmust smátt og smátt í sjálfsábúð, og að lögin frá 12. janúar 1884 yrðu með því óþörf og féllu úr gildi.

Í sömu átt fara lögin frá síðasta þingi um sölu kirkjujarða. En er nú með þessum lögum fengin nokkur veruleg trygging fyrir sjálfsábúðinni?

Því hefir verið haldið fram, að sjálfsábúð mundi verða hið tryggasta meðal til búnaðarframfara, en eg efast um það.

Fyrst má geta þess, að fjöldi manna ræðst í jarðakaup, sem ekki hafa ráð á því, og margur deyr, áður hann er orðinn reglulegur eigandi jarðarinnar. Menn leggja á sig þungar byrðar með þessu og það um skör fram og gera sig lítt færa til að bæta jörðina eða sýna henni sóma, sem ætti þó að vera aðalatriðið í þessu máli.

Nokkru öðru máli er að gegna með þá, sem hafa efni á því að kaupa jörðina, en þó ber þess að gæta, að engin trygging er fyrir því, að hún haldist í ættinni og afkomendur hans njóti hennar; þvert á móti vill það oft til að engir ættingjar hans vilja ekki eða geta ekki haldið henni og lendir hún þá oft í eign óviðkomandi manna eftir hans dag. Yfir landið gengur nú stór gróðabrallsalda, sem stefnir að því að ná í sveitajarðir. Þetta getur haft þær afleiðingar, að jarðirnar lendi í eign einstakra manna, jafnvel kaupstaðarbúa og útlendinga. Má í því efni benda á Bræðratungukaupin og álitlegra er það ekki með þá jörð en það, að útlit er fyrir, að hún muni standa í eyði næsta ár. Reykvíkingar leita eftir að ná í jarðir og að hafa makaskifti á þeim og húsum í Reykjavík. Húsin eru vanalega mjög hátt metin og þegar mönnum á pappírnum er boðið mjög hátt verð í jarðir, þá freistast margur til að selja þær.

Af þessu, sem eg hefi tekið hér fram, óttast eg að lögin um sölu þjóðjarða og kirkjujarða geti leitt til þess, að jarðirnar lendi ekki í eign bænda, heldur útlendinga og kaupstaðarbúa.

Eg held að milliþinganefndin hefði gert rétt í því, ef hún hefði samið lög um erfðafestu, og með því trygt ekkju og börnum ábúð og sama leigumála, á meðan þau vildu búa á jörðinni. Eg skal ekki fara langt út í það mál, en eg vil að eins lýsa því yfir, að eg álít, að þessi leið hefði orðið happasælli fyrir alla. Menn hafa haft á móti þjóðjarðaeign, og sagt að þær jarðir væri verst setnar, en það sannar ekkert. Hér held eg fram erfðafestuábúð og verður þá alt annað upp á teningnum. En á það má benda, að landsetar á þjóðjörðum hafa átt að jafn-

aði við betri leigukjör að búa en annars hefir átt sér stað.

Að endingu vil eg minna á þetta, að nefndin ætti að taka til rækilegrar athugunar ábúðarlögin frá 12. jan. 1884. En eg býst við, að ekki þýði að þessu sinni að koma fram með till. um að nema úr gildi þessi lög, er heimila sölu þjóðjarða.

Jón Jónsson (N.-Múl.): Eg er einn af flutnm. þessarar tillögu og vildi því með fám orðum leiða rök að því, að þörf er á nefnd í þetta mál.

Háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) hefir reyndar að nokkru leyti tekið af mér ómakið. Eg vildi þó minnast nánara á ábúðarlögin. Stefnan á undanfarandi þingum hefir verið sú að hlynna að sjálfsábúðinni í landinu, en þetta gerist ekki á stuttum tíma. Leiguliðar á jörðum einstakra manna, eru, eftir því sem næst hefir verið komist, mikill hluti af bændum landsins. Lögin eru að ýmsu leyti úrelt og óheppileg. Þess vegna þarf að breyta þeim á þá leið, að gætt sé réttar allra hlutaðeigenda. Leiguliðarnir fá hvöt til þess að sitja vel jarðirnar, ef í lögunum eru skýr og einföld ákvæði um rétt þeirra gagnvart landsdrotnum. En það er afaráríðandi, að allir leggist á eitt að bæta og rækta jarðirnar.

Eg skal benda á ákvæði laganna um hús á jörðum. Þar stendur, að jörðu skuli fylgja nauðsynleg hús, þau er henni hafa áður fylgt. Enn fremur að skylt sé að halda uppi húsum þeim öllum, er þá voru, er ábúandi kom til jarðar og jörðu fylgja. Þetta eru slæm ákvæði, hindra að húsaskipun sé breytt til bóta og að jarðarhúsum sé fjölgað. Annaðhvort þarf að ákveða, hver hús skuli fylgja jörðu, svo hún sé viðunanlega húsuð, eða þá tryggja leiguliðum endurgjald fyrir þau hús, er þeir hafa bygt og nauðsynleg eru.

Þá eru ákvæði ábúðarlaganna um jarðabætur leiguliða dauður bókstafur. En það er ekki lítilsvert að hvetja leiguliða með því að ákveða þeim endurgjald að einhverju leyti fyrir unnar jarðabætur.

Enn má benda á úttekt jarða. Um það vanta ákveðnar reglur, svo sem um það, hvort taka skuli tillit til timburflutnings, veggjahleðslu o. fl.

Sinn er siður í ýmsum héruðum landsins með þetta.

Mér finst það hreint og beint hneysa fyrir þjóðina að búa undir þessum lögum, án þess að breyta þeim. Vil eg því mæla með að nefnd sé sett í málið.

Pétur Jónsson: Það mætti æði lengi telja upp, hvað legið gæti fyrir slíkri nefnd og hér er um að ræða, en eg get ekki gengið fram hjá einn atriði, sem nefndin ætti að athuga.

Það er mál, sem gekk í gegnum Nd. á síðasta þingi, en var ekki útkljáð í Ed. Það er um stofnun húsmæðraskóla. Þetta mál heyrir til búnaðarmálanna.

Það var, eins og eg hefi tekið fram, ekki útkljáð á þinginu, og ætti því nú að verða tekið til meðferðar.

ATKV.GR.:

Nefndarskipun sþ. í e. hlj. og í nefndina kosnir með hlutfallskosningu:

Hálfdan Guðjónsson,
Pétur Jónsson,
Sigurður Sigurðsson,
Jón Jónsson N.-M.,
Stefán Stefánsson.

Í nefndinni var Hálfdan Guðjónsson valinn formaður, og Sigurður Sigurðsson skrifari. Ekkert allsherjarnefnd-

arálit kom frá nefndinni. Á þgskj. 617 langt álit um húsmæðraskóla.

Skattamál.

TILLAGA til þingsályktunar um að fela nefnd að íhuga tillögur um skattamál Íslands (A. 28).

Ein umr., 24. febr.

Flutningsmaður (Ólafur Briem): Áður en milliþinganefndin í skattamálum tók til starfa kom eg að máli við merkan mann, sem setið hefir á þingi áður, og kvaðst hann vilja leggja nefndinni 2 heilræði, annað það, að hafa sem lengstan undirbúningstíma og hitt það, að gera sem fæstar breytingar frá því, sem nú er. Nefndin fór samt ekki eftir þessu. Hún hraðaði málinu meira en tiðkast hefir um aðrar milliþinganefndir. Og í annan stað eru ýmsar af tillögum hennar djúptækar, svo að ekki er nema eðlilegt, að þær þurfi nákvæmrar athugunar, áður en þeim er ráðið til lykta. Málið hefir lítið verið rætt á þingmálafundum og lítið um það ritað í blöðunum. Þeir þingmálafundir, sem málið hafa tekið til meðferðar, hafa óskað þess, að því yrði ekki til lykta ráðið á þessu þingi, enda hefir og nefndin sjálf lagt til, að því yrði frestað til þingsins 1911. Raunar mætti taka aðalstefnu í málinu á þessu þingi og gæti það orðið því til fyrirgreiðslu síðar, enda var það tilætlunin, að á þessu þingi yrði skipuð sérstök nefnd í málið.

En með því að nefnd sú, sem kosin hefir verið til að íhuga frumvarp til laga um bráðabirgðahækkun á aðflutningsgjaldi, er svo fjölmenn og var kosin með sérstöku tilliti til skattamála landsins, þá er það tillaga mín, að þeirri nefnd verði falið á hendur að taka jafnframt til íhugunar tillögur milliþinganefndarinnar um skattamál Íslands.

ATKV.GR.:

Tillaga á þskj. 28 samþ. með öllum greiddum atkv.

Afnám eftirlauna.

TILLAGA til þingsályktunar um afnám eftirlauna (A. 52).

Ein umr., 1. marz.

Flutningsmaður (Jón Þorkelsson): Eg þarf ekki að mæla með þessari tillögu, því að hún mælir með sér sjálf, og kemur fram eftir óskum þingmálafundar hér í Reykjavík og þingmálafunda víðar um land. Á þingmálafundi hér heyrðist líka hreyft, að hækka bæri launin jafnframt því, sem eftirlaunin væri afnumin, en það var þó felt á tundinum í einu hljóði. Alt fyrir það tel eg þó, að það geti verið álitamál, hvort sum laun beri ekki að hækka að nokkru og jafna launin í heild sinni, og viðleitnin ætti að ganga í þá átt að gera meiri jöfnuð á launum embættismanna. Annars vona eg að hin háttv. deild taki tillögu þessari vel.

Ráðherrann (H. H.): Í 4. grein stjórnarskrárinnar stendur, að »eftirlaun embættismanna skuli ákveðin samkvæmt eftirlaunalögunum«. Flutningsmönnum þessa frumv. hefir gleymst það, að til þess að eftirlaun verði afnumin, þarf stjórnarskrárbreyting. Þeir hefðu þá átt að láta frumv. sitt koma þar, sem breyting á stjórnarskránni. Það er því réttast, að máli þessu sé vísað frá, eða það sé tekið út af dagskrá til þess að leiðrétta formgallana; að minsta kosti er fráleitt að skipa sérstaka nefnd í þetta mál; heldur væri þá að vísa því til nefndar

þeirrar, sem fjallar um breytingar á stjórnarskránni.

Flutningsmaður (Jón Þorkelsson): Eg hefi ekkert á móti, að málinu sé vísað til þeirrar nefndar, og vorkenni ekki stjórninni að gera ráðstafanir til þeirrar stjórnarskrárbreytingar á sínum tíma, er með kann að þykja þurfa vegna þessa máls.

ATKV.GR.:

Samþykt með 17 atkvæðum að vísa málinu til nefndarinnar í stjórnarskrármálinu (sambandslaganefndarinnar).

Jarðabótamat.

TILLAGA til þingsályktunar um mat jarðabóta á Vesturlandi (A. 459).

Ein umr., 20. apríl.

Flutningsmaður (Skúli Thoroddsen): Eins og háttv. þingdeild mun kunnugt þá hagar svo til í sýslum þeim, er liggja norðan Gilsfjarðar, að landið er víða mjög hrjóstrugt, borið saman við það, sem gerist í öðrum landshlutum, t. d. á Suðurlandi, nema þá á stöku jörðum. Í nefndum héruðum er því mun kostnaðarsamara og erfiðara að gera jarðabætur en alment gerist í flestum, ef eigi öllum öðrum héruðum landsins. Á Vestfjörðum eru túnin eigi óvíða utan í og neðst í meira eða minna bröttum fjallshlíðum, þýfð, brött og mjög grýtt. Þess vegna er erfitt að bæta þau, einkum þegar tekið er tillit til þess, hve jarðvegurinn er harður og grýttur, og allar jarðabætur verða því mjög seinunnar og kostnaðarsamar. Það er því auðsjáanlega mikill munur á að vinna þessa jörð eða brattalausa valllendismóa, sem má plægja og vinna með öðrum verkfærum.

Enn ber þess að gæta, að tíminn, sem hægt er að vinna að jarðabótum á Vestfjörðum, er mikið styttri en á Suðurlandi. Fyrir vestan verður vanalega ekki byrjað á jarðabótum fyr en í öndverðum júní og ekki alment unnið lengur en til septemberloka, og stundum eigi svo lengi, þar sem á Suðurlandi má á hinn bóginn alloft byrja í apríl og vinna til nóvemberloka.

Af þessum ördugleikum, sem eg hefi bent á, að eru almennari á Vestfjörðum en í nokkurum öðrum landshluta, leiðir það, að þeir, sem vilja ná í styrk þann, er landssjóður veitir búnaðarfélögum, eiga örðugra aðstöðu og fá hlutfallslega mikið minni styrk, miðað við þá vinnu, sem þeir þurfa að leggja fram, en búnaðarfél. í öðrum hlutum landsins.

Í sambandi við hið fyrgreinda má benda á það, að Ræktunarsjóðurinn er því nær lokaður, að því er bændur á Vestfjörðum snertir, þar sem þeir vegna staðháttanna eigi geta kept við bændur í öðrum héruðum, að því er til jarðabóta kemur, með því að dagsverkatalan hlýtur að verða miklum mun minni, þótt jöfnu sé til kostað.

Af þessum ástæðum, sem eg hefi nefnt, er það sprottið, að menn í mínu kjördæmi hafa óskað þess, að sett væru þau ákvæði, að af jarðabótum verði minna lagt í dagsverk á Vestfjörðum, en í öðrum héruðum landsins. Nú eru í þessu tilliti látnar gilda sömu reglur yfir land alt, án þess nokkurt tillit sé tekið til staðhátta. — Eg vona, að hinir háttv. þm. sjái, að hér er um sanngirniskröfu að ræða, og eg veit, að það er ósk þingsins, og það er líka skylda þess að sjá um, að sumir landsbúar séu eigi að því er til jarðabóta kemur, mun ver settir en aðrir, eins og nú á sér stað.

Af því nauðsynlegt er að athuga þetta mál og skeð getur, að heppilegt væri, að sýslunefndir hefðu t. d. einhver afskifti af því, hversu sanngjarnt sé, að lagt sé í dagsverk í hverju einstöku héraði, eftir staðháttum o. fl., þá vil eg leyfa mér að leggja það til, að umræðunum um málið sé frestað í bráð og því vísað til landbúnaðarnefndarinnar

ATKV.GR.:

Samþykt með öllum þorra atkv. að vísa málinu til landbúnaðarnefndarinnar.

Áætlanir og mælingar verkfræðings.

TILLAGA til þingsályktunar um áætlanir og mælingar verkfræðings (A. 100).

Ein umr., 8. marz.

Flutningsmaður (Björn Sigfússon): Hér er ekki um stórmál að ræða, en þess vænti eg, að háttv. deild samþykki þessa tillögu. Við þingmenn Húnvetninga höfum leyft okkur að bera þetta hér fram, eftir áskorunum frá þingmálafundum í Húnavatnssýslu.

Það sem í tillögunni felst er það, að frekari rannsóknir verði gerðar á vitabyggingum og brúarstæðum o. s. frv. Að vísu hefir verið ransakað brúarstæði á Miðfjarðará, en síðan það var gert, hefir komið til tals annað brúarstæði, er myndi heppilegra; það er nær sjó en hitt. Þetta þarf að ransaka sem allra fyrst. Að því er snertir uppmælinguna á Hvamstanga og Lambhúsvík, þá eru þær einnig mjög nauðsynlegar. Að vísu hefir verkfræðingur sá, er umsjón hefir með vitabyggingum, skýrt frá því, að skipstjórar, sem séu í förum hér við land, segi vita á Skaganum nauðsynlegan. En sé ekki ákveðið, hvar á Skaganum hann skuli reistur, þá er brýn þörf á að ransaka það. Það getur skift miklu um kostnaðinn, hvar vitinn verður, hvort hann verður nærri bygð eða fjarri. Og það er kunnugt, að á þessu svæði er mjög strjálbygt.

Um vita eða vitastæði í Grímsey hefir að vísu enn eigi tekist að fá nægar upplýsingar hjá kunnugum skipstjórum, en áskoranir frá þingmálafundum í þá átt, munu þó á rökum bygðar. Og víst er um það, að á vestanverðum Húnaflóa er innsiglingin nokkuð tæp og þröng. Úr því gæti viti mikið bætt. Þetta er því íhugunarefni, og ransókn nauðsynleg á því svæði.

Vona eg að háttv. þingdeild taki þessari málaleitan vel, og samþykki tillöguna.

Jón Magnússon: Eg get vel trúað því, að þörf sé á að gera það, sem hér er farið fram á, en — ef sérstaka ráðstöfun þarf hér að gera frá þingsins hálfu, — þá vil eg skjóta því til háttv. flutningsmanna, hvort ekki liggji beinast við, að þessu máli sé vísað til fjárlaganefndar, áður en því verður ráðið til lykta. Ef sérstaks kostnaðar þarf hér við hinar eftiræsktu ransóknir, þá þarf að veita fé í þessu skyni í fjárlögunum, og væri þá rétt, að fjárlaganefndin athugaði það.

Með þessari athugasemd vildi eg als eigi spilla því, að framkvæmt verði það, er um er beðið.

Flutningsmaður (Björn Sigfússon): Út af orðum háttv. þm. Vestm. (J. M.) skal eg geta þess, að þótt tillagan verði samþykt, þá þarf ekki vegna hennar sérstaka fjárveitingu, nema að því er síðasta liðinn snertir. Þar er farið fram á, að tvær hafnir séu mældar upp og gæti fjárlaganefndtn athugað, hvort til þess þyrfti sérstakt fé.

Til vitarannsókna þarf þess ekki, því að verkfræðingurinn, sem umsjón hefir með þeim, athugar það á ferðum sínum, og hann hefir ákveðin laun.

Um ransókn á brúarstæðum er hið sama að segja. Þær ransóknir annast verkfræðingur landsins, og þarf ekki að verja sérstöku fé til þess heldur.

Jón Magnússon: Það er alveg rétt hjá háttv. flutnm. (B. S.), að ekki þurfi sérstaka fjárveiting til ransóknar á brúm og vitum. En eitt (síðasta) atriðið heimtar eða krefst fjárveitingar — og það er nóg. Því verður ekki velt þannig við, hvernig sem orðalaginu er breytt, að það hljóti ekki að kosta eitthvað sérstaklega, ef rannsóknin á að verða vel ábyggileg.

Það sem eg vildi sagt hafa er því þetta, að ekki sé rétt af hinni háttv. deild að samþykkja tillöguna, nema ráðið sé að veita það fé, sem til þess þarf að framkvæma það, sem hún ræðir um.

Flutningsmaður (Björn Sigfússon): Því fer fjarri, að eg sé þeirri uppástungu háttv. þingm. Vestm. (J. M.) mótfallinn, að málinu sé vísað til fjárlaganefndar. Það mætti greiða atkvæði um tillöguna í tvennu lagi. — Skal þá sérstaklega borinn upp síðari liðurinn og honum vísað til fjárlaganefndar. Fyrri hlutann má samþykkja eins og hann er. Annars er það ef til vill réttast að fresta umræðunni, og mætti þá breyta tillögunni.

Samkvæmt úrskurði forseta (H. Þ.) var umræðunni frestað.

Framhald einnar umr., 11. marz. (A. 100, 150, 160, 171).

Ólafur Briem: Breytingartill. þær, sem eg er riðinn við á þingskjali 150, eru þrjár. Hin fyrsta í staflið b. viðvíkjandi brú á Héraðsvötn. Þó undarlegt megi virðast er enn þá engin brú komin á það stór-vatnsfall nema aðra kvíslina austan Hegraness. Þar hafa að vísu oftar en einu sinni verið skoðuð brúarstæði, en áætlanirnar hafa verið mismunandi, svo að ekki mun af veita að gera nýjar rannsóknir, ef málinu á að verða nokkuð ágengt.

Önnur viðaukatillaga mín í staflið d. er snertandi bryggjugerð og hafnarbót á Sauðárkrók; skal eg skýra það, að hugsunin er ekki sú að bæta skipaleguna sjálfa, það yrði alt of dýrt, heldur að eins lendinguna. Þar er eins og menn vita oft brimasamt, svo að torvelt er að komast að landi. Til dæmis þegar Ceres var seinast á ferðinni í vetur, var búið að fylla 4 uppskipunarbáta með vörum til flutnings í land, en þeir urðu allir að snúa við sökum brims við lendinguna og skila vörunum aftur í skipið. Þannig getur það oft og tíðum átt sér stað, að naumast sé unt að lenda eða koma vörum óskemdum á land, þótt vel sé hægt að athafna sig við skipshliðina, Til þess að bæta úr þessu hefir bæði verið stungið upp á því að lengja tangann,sem Gönguskarðsá hefir myndað norðanvert við skipaleguna, og í annan stað hefir verið stungið upp á því að búa til fasta bryggju, þar sem hentugast þætti til uppskipunar. Með því móti væri hugsanlegt að bæta mætti úr þessum annmörkum að miklu leyti.

Þá er hér breytingartill. í staflið e. um vegalagningu yfir Gönguskörð, sem oftar en einu sinni hefir komið til orða á sýslufundum, en áður en farið væri að leggja út í kostnað við það, er nauðsynlegt að athuga það nákvæmlega. Síðan póstleiðinni í Húnavatnssýslu var breytt fyrir nokkrum árum og póstvegurinn lagður um Blönduós,

hefir það komið til orða að leggja póstleiðina frá Blönduósi og til Sauðárkróks yfir Gönguskörð, en um kostnað við þá vegalagningu hefir engin áætlun verið gerð.

Með því að hér er um þýðingarmikil mál að ræða, vonast eg til að hin h. deild samþ. þessar viðaukatillögur. —

Ráðherrann (H. H.): Eg verð að segja það eitt, að mér þykja þessar þingsályktanir að ófyrirsynju fram komnar. Hinir háttv. flutningsmenn ættu fyrst að hafa kynt sér, hvort ekki væri búið að gera þetta, sem í tillögunum stendur, áður en þeir fara að skora á stjórnina að gera það. — Viðvíkjandi vitanum á Grímsey í Steingrímsfirði, skal eg geta þess, að viti á þeim stað yrði mjög dýr, bæði að byggingu og starfrækslu, en gerði á hinn bóginn lítið gagn, enda er þar lítil sktpaumferð, og ef byggja ætti vita vestanvert við Húnaflóa, þá væri vafalaust hægt að finna miklu nauðsynlegri vitastað heldur en Grímsey á Steingrímsfirði. Viðvíkjandi vitanum á Skagatá get eg upplýst um það, að vitaverkfræðingur er búinn að gera áætlun um hann, og í álitsskjali sínu til stjórnarinnar leggur hann til, að sá viti verði einn af þeim, sem allra fyrst verði bygður, svo það stendur ekki á öðru en að fá fé til byggingarinnar á fjárlögunum, og svo er hægt að byrja á verkinu. — Viðvíkjandi brúarstæðum og vegum, er það auðvitað skylda stjórnarinnar að hafa slíkt til, og mér sýnist það eins og vantraust á verkfræðingi landsins, sem hann á þó á engan hátt skilið, að halda það, að hann hafi ekki við hendina með mjög litlum fyrirvara allar mælingar viðvíkjandi brúm og vegum, sem fyrirhugað er að byggja, og eg get fullvissað hinn háttv. 1. þm. Skagf. (Ó. Br.) um það, að hann getur fengið allar þær mælingar, er hann óskar um vegi í Húnavatnssýslu og brúargerð á Héraðsvötn hjá verkfræðingi landsins. Þarf ekki annað en óska þess að fá að sjá þær.

Eg álít því, að það sé engin hætta að fella þessar tillögur, því það má fá öllu því sama framgengt án þeirra.

Björn Kristjánsson: Eg hefi leyft mér að koma fram með viðaukatillögu við tillöguna um að stjórnin láti rannsaka ýms brúarstæði og annað og að gera áætlun um það fyrir næsta þing. Fyrri tillaga mín er um, að athugað verði brúarstæði yfir Bleikdalsá á þjóðveginum upp Kjalarnes; hefir oft verið farið fram á, að sú brú yrði lögð. Svo er hinn liðurinn um símalagning frá Keflavík um Hafnir til Reykjaness. Það er almenn ósk sjómanna, að þessi sími sé lagður, með því að framan af vetrarvertíð halda fiskiskipin sig einkum í Hafnasjó og í kringum Reykjanes. Öll skip, sem fyrir Reykjanes fara, gætu sett sig í samband við símann með flöggum, einnig þau, sem fara til Vesturlands. Gætu þá Vestfirðingar vitað samdægurs, hvenær skip þeirra fara fyrir Reykjanes, ef þau fara að degi.

Og mjög oft kæmi það sér vel fyrir skip og farþega, sem leggja út frá Reykjavík, að vita, hvernig viðrar við Reykjanes, því oft er þar alt annað veður en inni í flóanum. Og ef menn vissu það í Reykjavík, hvernig þar viðrar, þá mundu menn oft geta hliðrað sér hjá að lenda þar í ófæru veðri. Eg vona, að viðaukatillögunni verði vel tekið. og að kostnaðurinn við þetta yrði ransakaður, sé það ekki þegar búið, sem eg hefi ekki getað fengið vitneskju um.

Ráðherrann (H. H.): Mér er óskiljanlegt, hvers vegna er komið með þessa þingsályktunartillögu. Til rann-

sókna símalínum er veitt fé á fjárlögunum, það þarf ekki annað en að senda beiðni til stjórnarráðsins um slíkar rannsóknir, og eru slíkar beiðnir þegar bornar undir álit landsímastjórans, og framkvæmdar, ef tiltök eru.

Yfirleitt eru allar þessar breyt.till. svo vaxnar, að engin ástæða var til að bera þær upp hér; nægilegt að snúa sér til stjórnarráðsins. Engin von, að hver einstakur þm. viti, hvað búið er að ransaka og hvað ekki, t. d. er þegar búið að ransaka brúarstæði á Miðfjarðará og fleira af því, sem nefnt hefir verið. Það er líkast því sem hinir háttv. þm. vilji gefa verkfræðingnum vantraustsyfirlýsingu.

Flutningsmaður (Björn Sigfússon): Hæstv. ráðherra (H. H.) gat þess, að ekki væri von, að hver einstakur þm. vissi, hvað ransakað hefir verið. — Það er að vísu satt, en svo er þess að gæta, að þó að eitthvað af þessu, sem hér er farið fram á að ransaka, hafi verið athugað áður, getur verið full ástæða að ransaka það betur, t. d. vitastæði og brúarstæði. Vel getur komið fyrir, að aðrir hentugri staðir finnist en þeir sem upphaflega voru hugsaðir. Grímsey eða vitastæði þar, mun ekki hafa verið rannsakað til hlítar; skipstjóra greinir mjög á, sumir telja þetta nauðsynlegt, aðrir ekki. Á Skaga hefir vitastæði verið ransakað, en staðurinn þykir illa valinn, sumir telja hentara að hafa vitann norðaustan á Skaganum, aftur vilja aðrir skipstjórar hafa hann vestan til og færa þeir allglögg rök fyrir sínu máli og þau hygg eg miklu réttari. En einmitt vitastæðið vestan á hefir ekki verið athugað enn. Þetta þarf að ransaka til hlítar og fram á það fer till.

Eg veit það vel, að brúarstæði á Miðfjarðará hefir verið ransakað fram hjá Krókstaðamelum, en ekki annarsstaðar. Síðan hefir ýmsum mönnum í því héraði hugkvæmst að brúarstæði gæti verið norðar, alveg út við sjó. — Sé svo, að þar mætti brúa ána, mundi það verða miklu hagfeldara, bæði fyrir þá er verzlun sækja á Hvammstanga og sömuleiðis fyrir langferðamenn. Full þörf er því að ransaka þetta nánara.

Þá ætla eg að leyfa mér að upplýsa það, að komið hafa fram margítrekaðar óskir frá sýslufundi Húnvetninga um það að fá skoðað svifferjustæði á Blöndu. Þetta hefir þó ekki enn í dag verið framkvæmt og sýnir það, að ekki er einhlítt, þótt slíkar óskir séu bornar fram fyrir stjórnina. Eg er þó ekki að ásaka hana fyrir þetta, hún hefir í mörgu að snúast og verkfræðingurinn ærið að starfa og vantar tíma. Væri þessu þó sint mætti slá fleiri flugur í einu höggi og vil eg leyfa mér að benda á, að um leið og verkfræðingurinn skoðaði brúarstæðið á Miðfjarðará, þá gæti hann lítið eftir ferjustaðnum á Blöndu, skoðað veginn yfir Gönguskörðin og höfnina á Sauðárkrók.

Ekki hefir mér dottið í hug að gefa verkfræðingnum vantraustsyfirlýsingu, fjarri fer því. Till. er að eins að skoða sem áminningar eða yfirlýsingar um það, hvers menn óska.

Eggert Pálsson: Eg á breyt.till. á þskj. 171, og mun ekki vera svo óheppinn eða réttara sagt heppinn, að þegar sé búið að framkvæma það, sem þar er farið fram á, sem sé að ransaka brúarstæði á Þverá. Orsökin til þess, að eg ber upp breyt.till. er sú, að borist hefir áskorun til þingsins frá kjósendum í Landeyjahreppum þess efnis, að það léti ransaka brúarstæði á þessari á. Mér þótti því rétt að láta þessa breyt.till. verða samfara hinum tillögunum, sem þegar eru framkomn-

ar, því að ekki hefir hún minna til síns máls en þær. En það skal eg taka fram, að frá minni hálfu er hún als engin vantraustsyfirlýsing til verkfræðingsins.

Flestir kunnugir munu vera því samþykkir, að Þverá er slíkt vatnsfall, sem ætti að brúa, ef unt væri. Hún er hið mesta manndrápsvatn; segja gamlir menn, að hún hafi gleypt yfir 20 mannslíf, sem sögur fari af og má meira að segja undarlegt virðast, að hún skuli þó ekki hafa valdið fleiri slysum en raun hefir á orðið jafn ægileg og ill sem hún er yfirferðar. Eg hefi ekki nefnt neinn sérstakan stað, þar sem ransókn skyldi helzt fram fara, því það er ekki nema á sérfróðra manna færi að dæma um það, hvar helzt mundi tiltækilegt að brúa á þessa. Það gæti vel farið svo, að það yrði að vera langt úr þjóðleið, enda er áin ekki alt af farin á þjóðleið sem stendur af langferðamönnum, heldur er hér og þar farið yfir hana, eftir því sem tiltækilegast þykir í þann og þann svipinn, svo sem á sér stað með öll aur- og jökulvötn. Eg gæti ímyndað mér, að það gæti ef til vill komið til mála að veita ánni burt úr farveg sínum og yfir í Markarfljót. Mér er sagt, að verkfræðingur hafi sagt hér um árið, er áin brautst fram um Valalæk, að á að giska mundi slíkt kosta um 40 þús. kr. Slíkt er auðvitað ekki, að skoða öðru vísi en sem lauslega ágizkun. En það er vel þess vert, að það verði ransakað betur. Því auk þess sem það mundi hafa ómetanlegan hagnað í för með sér fyrir sveitirnar, sem að Þverá liggja, með tilliti til þeirra skemda, sem hún veldur, þá gæti þetta ef til vill leitt til þess, að tiltölulega hægar yrði að brúa öll vötnin í einu lagi í Markarfljótsfarveginum. Og væri það auðvitað það ákjósanlegasta. En alt slíkt er eins og gefur að skilja að eins verkfróðs manns að dæma um.

Eg skal svo ekki fara frekari orðum um þetta, en vona, að þessari tillögu verði að minsta kosti gert jafnt undir höfði og hinum, sem fram hafa komið.

Signrður Sigurðsson: Eg tek undir með hæstv. ráðherra (H. H.) um það, að till. þær, sem hér eru til umræðu séu furðu einkennilegar og enda óþarfar. Það hefir sýnt sig, að búið er að skoða margt af því, sem farið er fram á, að sé skoðað og mælt, og hefði verið hægur nærri fyrir flytjendurna að fá sér upplýsingar um það, áður en þeir fóru á stað. Það er nærri því eins og þeim gangi fordild til. — Það er kunnugt, að landsstjórnin lætur sér ant um að ransaka vegastæði og símalínur, eftir því sem tími vinst til. Ef farið verður fram á frekari eða meiri ransóknir í þessu efni, heldur en þeir munu geta framkvæmt, sem nú eru í þjónustu landsins og þetta hafa með höndum, þá liggur næst að bæta fleiri mönnum við. En það hefir aukinn kostnað í för með sér, sem spara ætti að þessu sinni.

Það er undarlegt að koma með br.-till. eins og á þskj. 160, um ransókn brúarstæðis á Bleikdalsá, sem einnig er kölluð Ártúnsá, þegar verkfræðingurinn hefir þegar rannsakað það og gert teikningar af.

Viðvíkjandi tillögu á þskj. 171 frá 1. þm. Rangv. (E. P.), um ransókn brúarstæðis á Þverá, þá er það rétt, sem sá háttv. þm. sagði, að það hefir ekki verið ransakað. Hann sagði einnig, að það gæti líka komið til mála að veita ánni í Markarfljót. En það er alveg bygt í lausu lofti, að auðið muni vera með því fé, sem vér

höfum til umráða að framkvæma þetta verk. Og brúargerðin yrði ekki auðveldari með því móti, því að fljótið rennur á söndum, svo sem kunnugt er.

Eg kysi því helzt, að tillögur þessar yrðu teknar aftur.

Hálfdan Guðjónsson: Umræður um þessar tillögur sýnast fara að verða nokkuð einkennilegar. Eg get sagt hv. þd. það, að það sem fyrir okkur vakti flutningsmönnum, var hvorki fordild eins og háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) gat til, né heldur vildum við bekkjast til við verkfræðinginn, svo sem hæstv. ráðherra (H. H.) vildi vera láta. Þessar getsakir eru gersamlega ástæðulausar.

Háttv. 2. þm. Húnv. (B. S.) hefir þegar sagt, að þessi mál séu áhugamál héraðsbúa og þar sem lítið er gert að því að hlynna að þeim, sýnist sanngjarnt að óska þess, að kröfurnar séu ransakaðar. Að minsta kosti mælir öll sanngirni með því, að nefnd sé sett í málið til að athuga, hvort taka beri kröfurnar til greina eða ekki.

Björn Kristjánsson: Háttv. 2. þm. Árn. (S. S.) sagði, að búið væri að ransaka, hvað kostaði að brúa Bleikdalsá. Þetta getur vel verið, enginn veit um það. Skjölin því viðvíkjandi eða álitið er þá geymt hjá sjórninni eða verkfræðingum, enginn hefir séð það. Að minsta kosti hefir þessi brú ekki komist á fjárlögin. Það væri ekki úr vegi, að stjórnin léti liggja fyrir þinginu skrá yfir það, sem hún hefir látið verkfræðingana ransaka á hverju fjárhagstímabili, svo þingmenn ættu greiðan aðgang að því að geta vitað um það, hvað gert er og hvað er ógert. Það mundi fyrirbyggja, að þingmenn kæmu fram með óþarfa þingsályktunartillögur.

Eg skal taka það fram, að þessi tillaga mín er engin vantraustsyfirlýsing til stjórnar né verkfræðings. En eg álít beina leið og bezta til þess að minna stjórnina á óskir kjördæmanna, að þessi leið sé farin.

Jón Ólafsson: Eg vil leyfa mér, að beina þeirri spurningu til háttv. flutningsmanna þessara tillaga, hvort þeim sýnist ekki rétt að taka þær aftur. — Það er óviðkunnanlegt, að fella þær, en þýðingarlaust, að samþykkja þær, þegar flest af því, sem þær fara fram á, hefir þegar verið framkvæmt, og stjórnin hins vegar lýst yfir því, að hún sinni þannig löguðum óskum, þótt þær komi ekki fyrir hana, sem þingsályktun.

Hvað snertir svifferjuna á Blöndu, þá man eg ekki eftir því, að beiðni um það mál hafi komið fyrir stjórnina eða þingið í seinustu 5 ár, og mér finst það rangt, að fara að lýsa vantrausti sínu fyrir fram á nýju stjórninni með því að samþykkja þannig lagaða þingsályktunartill.

Hálfdan Guðjónsson: Það sem mér skildist háttv. 2. þingm. Húnv. (B. S.) segja, var það, að það var sýslufundurinn, en ekki alþingi, sem óskaði eftir, að ransakað yrði svifferjustæði á Blöndu.

Annars vil eg leyfa mér að gera það að minni tillögu, að þessum málum sé vísað til samgöngumálanefndarinnar.

ATKV.GR.:

Samþykt að vísa málunum til samgöngumálanefndarinnar með 15 samhljóða atkv.

Umræðunni frestað.

Framhald einnar umr., 15. apríl (A. 100, 150, 160, 171, 202, 357, n. 426).

Framsögumaður (Benedikt Sveinsson): Það er ekki of sagt, að þessar þingsályktunartillögur eru nokkuð margar; þær eru á 6 þingskjölum og auk þess sumar í mörgum liðum. — Þessum tillögum hefir öllum verið vísað til samgöngumálanefndarinnar. Hún hefir svo athugað þær og er öll á eitt mál sátt um það, að flutningsmenn þessara tillagna hafi að vísu mikið til síns máls, er þeir fara fram á það, að stjórnin hlutist til um, að ransökuð verði brúastæði, vegir, hafnir og lendingar.

Það er kunnugra, en frá þurfi að segja, að hér á landi eru margar og miklar torfærur — bæði á sjó og landi, og yrði því slík ransókn almenningi til hags.

Nefndin hefir nú borið þessar tillögur undir verkfræðing landsins, þann, er aðal-umsjónina hefir með vega- og samgöngumálum; hafa nefndarmenn þar gert grein fyrir hverju atriði. — En það hefir komið í ljós, að sumstaðar, þar sem ætlast er til þess, að ransókn fari fram, þar er henni þegar lokið, og þykir því ástæðulaust að skora á stjórnina að láta rannsaka þá staði aftur.

Í annan stað yrði ransókninni ekki lokið fyr, þótt skorað væri á stjórnina um þetta með sérstökum þingsályktanatillögum, þar sem um jafnmarga staði er að ræða, og verkfræðingarnir hafa ærinn starfa með höndum. Hitt er víst, að þeir láta sitja í fyrirrúmi að ransaka sem fyrst þá staði, er engin rannsókn hefir gerð verið á. — Þykir oss mega bera það traust til stjórnarinnar, að hún láti gera þetta, svo fljótt sem unt er.

Finst mér því nægja að bera hér upp rökstudda dagskrá, er eg vil lesa upp með leyfi hæstv. forseta:

»Í fullu trausti þess, að stjórnin láti sem fyrst að við verður komið framkvæma rannsóknir þær, sem um er beðið á þingskjölum 100, 150, 160, 171, 202 og 357, að því leyti, sem það er ekki þegar gert, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá«.

ATKV.GR.:

Rökstudd dagskrá (A. 736) samþykt með 15 samhlj. atkv.

Kjördæmaskifting.

TILLAGA til þingsályktunar um nefnd til þess að íhuga alsherjar kjördæmaskiftingu (A. 36).

Einumr., 23. febr.

Flutningsmaður (Jón Þorkelsson): Það mun ekki þurfa langt mál að tala fyrir þessari tillögu. Menn munu vera sammála um það, að nauðsyn beri til að athuga kjördæmaskiftingu hér á landi, sem fyrst. Á síðasta þingi lá fyrir frumv. frá stjórninni um breytingar á kjördæmaskipun. Það frumv, stefndi að því að stækka kjördæmin, en mætti mótspyrnu og var felt. — Eins og stendur er skipun kjördæma mjög óréttlát, t. d. má benda á, að í Reykjavík koma um 900 kjósendur á hvern þingmann, en í Austur-Skaftafellssýslu eru 136 kjósendur um einn þingmann.

Þetta þarf að lagfæra, og verður það hlutverk nefndar þeirrar, sem væntanlega verður skipuð, að gera tillögur til þessa.

ATKV.GR.:

Tillagan á þingskj. 36 samþykt með 16 atkv. gegn 8, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson,	Jón Ólafsson,
Bened. Sveinsson,	Hannes Hafstein,
Björn Jónsson,	Hálfdan Guðjónss.,
Björn Kristjánsson,	Jóh. Jóhannesson,

Já:	*Nei:*
Björn Sigfússon,	Jón Jónsson, S.-M.
Eggert Pálsson,	Ólafur Briem,
Einar Jónsson,	Pétur Jónsson,
Jón Jónsson, N.-M.,	Þorleifur Jónsson.
Jón Magnússon,	
Jón Sigurðsson,	
Jón Þorkelsson,	
Magnús Blöndahl,	
Sig. Gunnarsson,	
Sig. Sigurðsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Stefán Stefánsson.	

Kosningu hlutu í nefndina með hlutfallskosningu:

Sigurður Signrðsson,
Einar Jónsson,
Sigurður Gunnarsson,
Jón Jónsson N.-M.
Jón Ólafsson.

Í nefndinni var Sigurður Gunnarsson valinn formaður, en Jón Ólafsson skrifari.

Undir þinglok kom álit frá nefndinni (A. 757).

Skjöl í Árnasafni.

Fyrirspurn til ráðherra um árangur af þingsályktun þingsins 1907 um, að landinu verði skilað aftur skjölum og handritum úr safni Árna Magnússonar (A. 101).

Fyrirspurnin leyfð með 19 atkv. á fundi deildarinnar 6. marz.

Ráðherra tilkynti, að hann svaraði fyrirspurninni 13. marz.

Á fundi deildarinnar þann dag fóru fram umræður um málið.

Fyrirspyrjandi (Benedikt Sveinsson): Eg hefi leyft mér að koma fram með þessa fyrirspurn út af þingsál.till., sem borin var fram af háttv. 1. þm. Árn. (H. Þ.) á síðasta alþingi á þingskjali 575, og þá samþykt þar. — Í þessari þingsályktunartill. var skorað á stjórnina að hlutast til um og gera ráðstafanir til þess, að landinu væri skilað aftur skjölum og bókum úr skjalasöfnum biskupa, kirkna og annara opinberra stofnana hér á landi, sem lánaðar voru Arna Magnússyni, en aldrei skilað, og enn eru í safni hans í Kaupmannahöfn.

Í umræðum þeim, er urðu um fyrnefnda þingsályktunartillögu á síðasta þingi, gerði flutningsm. ráð fyrir því, að stjórnin skýrði frá árangrinum af starfi sínu á næsta alþingi, en hún hefir ekki gert það enn, og því hefi eg leyft mér að koma fram með þessa fyrirspurn, með því að málið er mjög mikilvægt og þess vegna nauðsynlegt, að því sé haldið vakandi.

Eg vildi nú leitast við að skýra málið dálítið, en get verið fáorður, vegna þess, að til er opinber skýrsla mjög ítarleg um þetta mál, eftir háttv. 1. þm. Rvík., Jón Þorkelsson landsskjalavörð, og eru þar taldar upp bækur þær og skjöl, sem héðan eru léðar og ekki hefir skilað verið aftur til þessa dags.

Eins og öllum er kunnugt, voru Íslendingar hin mesta mentaþjóð, og mjög mikið ritað hér á fyrri öldum. — Mörg merk og mikilsverð handrit geymdust í landinu fram eftir öldunum, en svo var meginþorra þeirra sópað burtu á 17. og 18. öld. Maður sá, er ótrauðast vann að þessu, var Árni Magnússon, hann stóð og ágætlega að vígi, því að hann ferðaðist um landið um mörg ár og gat þá auðvetdlega komist á snoðir um, hvar handritin var að finna og safnað öllu, sem fáanlegt var. Hann hafði veturvist í Skálholti nokkra vetur og tók

þá afskrift af flestum bréfum, sem við stólinn voru. Vann hann um leið að því að afskrifa skjöl biskupsstólsins á Hólum, en gat ekki lokið við það til hlítar, meðan hann dvaldist hér. — Hann fékk því skjölin léð til Kaupmannahafnar, en entist ekki aldur til að skila þeim, og eru þau í safni hans í Kaupmannahöfn, enn þann dag í dag.

Eg skal þá nefna það helzta, sem Árni flutti á þann hátt utan. Er þess fyrst að geta, að Jón biskup Vídalín seldi honum sumt af skjölum stólsins en lánaði sumt, t. d. lánaði hann Árna tvær fornar lögbækur stólsins á skinni, sem enn eru í safni hans. Einnig eru þar bréfabækur biskupanna, Brynjólfs og Gissurar, er Árni fékk hjá afkomendum þeirra, en auðvitað voru þær bækur eign biskupsstólsins. Skálholtsstóll varð þó betur úti en Hólastóll. Frá Hólum fékk Árni ekki að eins hinar fornu skjalabækur þeirra Jóns biskups Vilhjálmssonar, Ólafs Rögnvaldssonar o. fl., heldur um leið á sjötta hundrað skinnbréfa; Árni ætlaði að skila þessum bókum og skjölum aftur, því að á mörg bréfin hefir hann skrifað »sk.« = skilist og á laust blað stendur með hans hendi: »þetta læt eg fylgja bókinni til baka«.

Auk þess, sem nú hefir verið talið, fékk hann fulla bókakistu frá Bessastöðum með ýmsu merku í t. d. klaustrabréfum og jarðabókum.

Árni dó áður hann fengi skilað bókunum og var kallað, að hann hefði arfleitt háskólann í Höfn að safni sínu. Heimildir þær, sem háskólinn hefir fyrir safninu eru þó undarlega veigalitlar, því að frumritið af gjafabréfinu er ekki til, heldur að eins óstaðfest afrit, sem ekki er alskostar ótortryggilegt, því að þar er talað um hann sem dáinn og þó á hann að hafa samið það og undirskrifað sjálfur. Eftir að Árni var látinn liðu 30 ár, svo að ekkert var gert við safnið, en 1760 var því ráðað og samin skrá yfir það og því eignað alt sem fanst, þótt það væri sannarlegt gerræði.

Fyrir utan þennan beina og skýlausa rétt, sem landið hefir til þeirra bóka og bréfa í safninu, er héðan voru léð og eg hefi nú stuttlega vikið að, þá má bæta því við, að margt af þessu er þess eðlis, að Danir hafa ekkert með það að gera. Svo er t. d. um jarðabækurnar, en mjög óþægilegt að hafa þær ekki í söfnunum hér.

Enn fremur er það nauðsynjalaust og óviðurkvæmilegt, að frumritin séu geymd í safninu, þar sem Árni gerði mjög nákvæm afrit af þeim, sem safn hans á; það sýnir og meðal annars, að hann hefir ætlað að skila frumskjölunum.

Það hefir stundum verið sagt, að Ísland eigi Árna Magnússyni mikið að þakka; hann hafi safnað handritum vorum, sem annars mundu hafa glatast. En eg vil þá minna á það, að tveim árum fyrir dauða hans eyddist mikið af safni hans í bruna í Khöfn, svo að ekki mun annarsstaðar hafa farist meira af dýrmætum skjölum íslenzkum, og í annan stað, að forn bréf hafa geymst vel hér á landi. Reykholtsmáldagi er hið elzta skjal, sem nú þekkist frá fornöld vorri, og hefir það altaf geymst hér á landi, og þau bréf, sem til voru á dögum Árna í Skálholti eru til á biskupsskjalasafninu enn í dag. Það er því með öllu ósannað, að skjöl vor hafi geymst betur í Höfn en heima, og veitir slíkt háskólanum því engan siðferðislegan rétt til að halda þeim. Og þótt háskólinn hafi ekki skilað skjölunum til þessa, heldur haldið þeim í heimildarleysi um langan aldur, þá veitir það hon-

um engan eignarrétt á þeim, heldur þvert á móti. Hinn siðferðislegi og lagalegi réttur er því vor meginn í máli þessu.

Eg óska eftir að stjórnin geri grein fyrir því, hvað málum þessum er nú komið, og eg hefi leyft mér að benda á þessi atriði í málinu til að sýna, að það er ekkert hégómamál.

Ráðherrann (H. H.): Eg þykist vita, að háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) hafi frekar gert þessa fyrirspurn til þess að fá tækifæri til að halda þessa fróðlegu og vel sömdu ræðu, heldur en til þess að fá svar mitt, því það er hvorttveggja, að eg hefi sagt honum alt sem eg hefi að segja um þetta mál, enda var auðgefið að fara í stjórnarráðið og fá þar að vita um öll skjöl og skilríki, er að þessu máli lúta.

Eg held að mér sé óhætt að segja, að stjórnarráðið hefir gert það sem í þess valdi stóð til þess að fá þingsályktunartill. fullnægt. Þegar eg sigldi með lögin eftir þing 1907 fann eg kirkju- og kenslumálaráðherrann að máli, og skýrði fyrir honum ástæðurnar fyrir málaleituninni. Hann tók málinu vel og lofaði, að málið skyldi verða tekið til rækilegrar athugunar. Eftir samkomulagi okkar fól eg svo landsskjalaverðinum að búa til skrá yfir þær bækur og skjöl, sem sérstaklega er við átt, og inti hann það fljótt og röggsamlega af hendi. Skrá þessi er til prentuð og sendi eg kenslumálastjórninni ásamt skránni þýðing af hinu ítarlega bréfi landsskjalavarðar um málið, um leið og eg fór fram á að fá einnig íslenzk skjöl úr Ríkisskjalasafninu. Mér er kunnugt um, að þetta var sent stjórn Árna Magnússonarsafnsins og ríkisskjalaverðinum, en svar er enn ókomið frá þeim. Þegar eg dvaldi Höfn í fyrra vegna sambandslaganefndarinnar, skrifaði eg til kirkju- og kenslumálaráðherrans, minti á málið, og óskaði þá eftir, að því væri flýtt sem mest; fekk þá og góð orð en ekkert svar, því að forstjórar safnanna voru ekki búnir að láta uppi álit sitt og tillögur.

Þegar eg kom til Hafnar í vetur, skrifaði eg enn kenslumálaráðaneytinu og bað það að flýta svarinu, þar sem eg þyrfti að gera alþingi grein fyrir málinu, en eg hefi ekki fengið svar; þó hefi eg orðið var við, að erindi mitt hefir verið sent áfram til stjórnar Árna Magnússonar safnsins, og síðan hafa þeir setið ásamt ríkisskjalaverði á rökstólum. Ráðherrann sjálfur virtist vera málinu hlyntur og eg get vel ímyndað mér, að hinn nýi ráðherra geti fengið óskum alþingis að mestu framgengt, ef hann fer vel og lipurlega í málið.

Fyrirspyrjandi (Benedikt Sveinsson): Eg hefi ekki ástæðu til annars en þakka ráðherranum fyrir skýrsluna. En þar sem hann benti á, að aðra leið hefði mátt fara með fyrirspurnina, þá felst eg als ekki á það. Alþingi fól honum að inna þetta erindi af hendi og þá er sjálfsagt, að hann geri því grein fyrir því, hvað hann hefir aðhafst til að koma því fram. Hitt er óviðfeldið og öfugt, að einstakir þingmenn sé að rápa til stjórnarráðsins með fyrirspurnir um slíkt. Enda var ætlast til af þeim þingm., sem flutti þingsál.tillöguna upphaflega, að þinginu yrði gefin skýrsla um athafnir stjórnarinnar í málinu.

Það er einnig augljóst, að ekki veitir af því, að þingið haldi málinu vakandi og mun eg síðar á þinginu bera fram nýja þingsályktunartill. í samráði við aðra háttv. þingdm., ef það verður talið nauðsynlegt til þess að minna þá

stjórn, sem nú tekur við, á það sem óunnið er í þessu máli.

Nokkur aukamál.

I.

Fundatími í Nd.

[Í fundarlok 18. febr.].

Björn Jónsson: Eg vil leyfa mér að vekja máls á einu atriði utan dagskrár.

Allmargir meðal þingmanna, einkum þeirra, er hér eiga heima í bænum, hafa óskað eftir, að þingfundir yrðu framvegis síðari hluta dags, með því að margir þeirra hafa ýmsum öðrum störfum að gegna fyrri hluta dagsins, svo sem kenslu o. fl. Utanbæjar þingmönnum mun liggja þetta mál í léttu rúmi, og er því vænst að þeir verði því ekki mótfallnir. Flestum kemur líka betur að hafa allan fyrri helming dagsins í sinni hendi, annað hvort til undirbúnings eða annars þvílíks.

Eg ætlast ekki til, að þetta mál verði útkljáð nú þegar, heldur bíði næsta fundar.

Í Danmörku er að vísu sá siður, að fundir séu fyrri hluta dags, en hitt viðgengst í öðrum löndum, t. d. Englandi, að þeir séu síðdegis — og höfum vér þar fyrir oss elzta og frægasta þing heimsins (Parlamentið).

Forseti (H. Þ.): Þingmenn verða að eiga sjálfir fund með sér og koma sér saman um þetta mál á einkafundi.

Ákveðið var síðan á einkafundi, að fundir í deildinni skyldu venjulegast haldnir kl. 4 síðdegis, og var byrjað á því mánudaginn 1. marz. Síðar komu fram skrifleg tilmæli frá nokkrum þingd.mönnum að færa fundartímann til kl. 11 f. h. eða til kl. 12, en það erindi var felt 5. marz með 13 atkv. gegn 9, að viðhöfðu nafnakalli.

II.

Lenging þingtímans o. fl.

A fundi Nd. 13. apríl gat forseti (H. Þ.) þess, að þá væru liðnar þær 8 vikur, er lögheimilaðar væru til þingfunda, og mæltist til þess, að ráðherrann skýrði þingmönnum frá því, hve lengi búast mætti við, að þingtíminn yrði lengdur.

Ráðherrann (B. J.): Eg skal lýsa því yfir, að samkv. allrahæstum konungsúrskurði frá 1. þ. m. er heimilt að lengja þingtímann um 4 vikur, en eftir samráði við ýmsa háttv. þm. hefi eg afráðið, að tíminn skuli þó ekki að svo stöddu lengdur um meira en helming þess tíma, er heimilaður hefir verið, þ. e. 2 vikur. Það er með öðrum orðum til 24. þ. m. Og þess vænti eg fastlega, að þingstörfum verði hraðað sem mest má verða, að alt kapp verði á það lagt, að þeim verði lokið á þeim fresti.

En þó má gera ráð fyrir hinu, að það verði ónóg; þó vona eg, að ekki þurfi á lengri fresti að halda en til næstu mánaðamóta.

Þá vil eg leyfa mér að gera grein fyrir, hví eg er hér staddur nú, í ráðherrasætinu. Hans Hátign konunginum þóknaðist 31. f. m. allramildilegast að veita ráðherra Hannesi Hafstein lausn í náð frá embætti og með lögmæltum eftirlaunum, og því næst samstundis að skipa mig til að gegna þessu embætti frá 1. þ. m.

Báðir höfum við undirskrifað með konungi hver sitt skjal, fyrirrennari minn og eg, hann (H. H.) undir lausn sína, og eg undir skipun mína.

Eins og mönnum er kunnugt, hefir sú tilhögun ekki tíðkast áðnr; yfirráðgjafinn danski undirskrifaði skipunarbréf fyrirrennara míns. En þessari nýbreytni, sem mikið hefir orðið tilrætt um að æskileg væri, veit eg til að hefir framgengt orðið að ráði yfirráðráðgjafans danska, sem nú er (N. Neergaards), fyrir orð háttv. fyrirrennara míns í embættinu (H. H.) í vetur.

—-—

Síðar framlengdi ráðherra þingið til til loka aprílmánaðar og 30. apríl enn að nýju til 8. maí.

III.

Um skipun rannsóknarnefndar.

—-—

[Í fundarbyrjun 28. apríl].

Ráðherrann (B. J.): Mig langar til að segja fáein orð um málefni, sem ekki stendur á dagskránni.

Eg ætla að lýsa yfir því, að þessi stjórnarráðstöfun, sem gerð hefir verið til þess að ransaka hag landsbankans, stafar eingöngu af því, að eg taldi mér skylt, sem nýjum formanni bankastjórnarinnar, að láta yfirlíta hag og horfur bankans, og að það er gersamlega tilhæfulaust, að þetta sé framkomið í nokkrum saknæmlegum tilgangi.

Jón Jónsson S.-Múl.: Það er mér sannarlegt gleðiefni að heyra það af vörum hæstv. ráðherra (B. J.), að ekki búi neitt annað og meira undir þessari eftirtektarverðu stjórnarráðstöfun, og að hér sé eigi að ræða um neina tortryggni eða grunsemd frá hálfu stjórnarinnar. En eg hefði þó óskað, að hæstv. ráðherra hefði skýrt þetta enn betur.

Eg er því miður hræddur um, að jafnvel nú þegar sé búið að hljótast ilt af þessu. Um miðjan dag í gær mun hafa verið komin fregn um þetta til útlanda, og þar er traustið á oss og stofnunum vorum ekki svo glæsilegt nú, að það megi við nokkrum hnekki.

Eg vil leyfa mér að benda á, að orðalag skipunarbréfs þessarar rannsóknarnefndar gefur tilefni til, að þeim er lesa það, muni koma í hug, að verra búi undir. Nefndinni er þegar boðið að ransaka allan hag bankans, og svo eru fyrirmæli um einstök atriði rannsóknarinnar, og orðalaginu er svo háttað, að flestum mun t. d. detta í hug, að hér sé um meira en litla grunsemd að ræða, að því er snertir ónýting gömlu seðlanna. Það er líkast því, að hér væri verið að leggja grundvöll til sakamáls-rannsóknar; og loks á ransóknin að ná til umliðinna ára, líklega frá byrjun bankans.

Þetta er of djúpt tekið í árinni, og það er víst, að af þessu getur bankanum og landinu stafað tjón erlendis, hvað sem verður hér heima.

Annars vildi eg vita eftir hvaða heimildum hæstv. ráðherra (B. J.) mælir svo fyrir, að starfsmenn bankans sé skyldir að svara öllum spurningum, sem nefndin kann að leggja fyrir þá. Það vald hélt eg að þingið eitt gæti gefið slíkum nefndum.

Þar sem nefndin á að vinna verk sitt mjög nákvæmlega, hlýtur það að taka langan tíma og verða nokkuð dýrt. Eg vildi gjarna fræðast um það, hverjum sé ætlað að borga verkið.

Ráðherrann (B. J.): Eg þóttist gefa fullnægjandi skýringu á þessu áðan.

Það er vitanlegt, að eigi að fara fram fullnægjandi skoðun, þarf að yfirfara allan hag bankans. Annars verð eg að líta svo á, að ekki sé rétt að nota þetta sem æsingameðal gegn stjórninni. Hún gerir þetta alt upp á sína eigin ábyrgð.

Sé það hættulegt, að þessi fregn hafi borist út fyrir pollinn, mun það stafa

af miður hollum æsingum gegn stjórninni, og eg hygg, að eg geti frætt menn um það, að fulltryggjandi sé það, sem stjórnin hefir gert til þess að byggja fyrir misskilning erlendis — nfl. að senda opinbert símskeyti um þessa athöfn og hvað í henni felist.

Forseti (H. Þ.): Frekari umræður verða ekki um þetta mál.

IV.

Kosning yfirskoðunarmanns landsreikninganna fyrir árin 1908 og 1909

fór fram á fundi Nd. 7. maí og hlaut Hannes Þorsteinsson 1. þm. Árn. kosningu með 17 atkvæðum. 6 seðlar voru auðir.

V.

Fundalok í Nd.

Að lokinni dagskrá á 65. fundi Nd., laugardaginn 8. maí kl. 2 síðdegis, fór forseti deildarinnar, Hannes Þorsteinsson, nokkrum orðum um störf deildarinnar á þessu þingi, og þakkaði embættismönnum deildarinnar (varaforsetum og skrifurum), fyrverandi og núverandi ráðherra og öllum þingdeildarmönnum lipra og góða samvinnu. Elzti þm. deildarinnar á þingmannabekk, Sigurður Gunnarsson, þm. Snæf., færði forseta þökk af hálfu deildarinnar fyrir góða stjórn og samvinnu. Var því næst

fundi slitið.

Leiðréttingar.

695 d. [22] fullnaðargerðum l. *fundar*gerðum
718 d. [24] annars land, l. annars lands *konung*,
725 d. [14] einungis l. *einu sinni*
758 d. [10] spurningu frá minu sjónarmiði, l. spurningu, *get eg þó svarað henni* frá minu sjónarmiði.